Hæstaréttardómar 1955

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Meiriháttar gallar á bls. 118, 193, 379, 417, 607, 621, og 653 á prenteintaki.
Minniháttar gallar á bls. 108 og 189 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

EFNISSKRÁ

til bráðabirgða um Hæstaréttardóma 1955.

Bls.

Ábyrgð 651
Áfengislagabrot 1, 485
Afréttir 108
Árekstur skipa 397, 523
Barnsfaðernismál 350
Bifreiðamál:
1. Opinber mál 42, 406, 461, 485, 487, 580
2. Skaðabótamál 25, 561, 700
Bjarglaun 334, 397
Bókhaldslög 390
Byggingarmál 316
Byggingarsamvinnufélög 594
Dráttaraðstoð 643
Eftirlaunaréttur 176
Eignarréttur 12, 67, 431, 620
Endurgreiðslukrafa 138, 528, 633, 677, 708
Fasteignamál 67, 134, 202, 431, 443, 572
Fasteignasala 390
Fiskveiðabrot 188, 228, 232, 283, 304, 361, 509, 637
Fjársvik 22
Frávísun (sjá einnig kærumál):
1. Frá héraðsdómi 75, 599, 626
2. Frá Hæstarétti 389
Fyrning refsingar 101
Gjaldeyrisbrot 79
Grunnleigusamningur 691
Húsaleiga:
1. Opinber mál 101, 633
2. Einkamál 39, 138, 413, 677, 708
Iðja og iðnaður 197, 220, 236, 321, 605, 610
Innsetningarmál 537, 620
Kaupkrafa 3, 151, 337, 383, 386
Kaup og sala 134, 204, 224, 348, 457, 665
Kærumál:
1. Dómarar 554, 689, 698

Bls.
2. Dómssátt 521, 552
3. Frávísun 32, 215, 481
4. Frestun 64, 97, 99, 184, 550
5. Málskostnaður 241, 479, 648
6. Ómerking 554
7. Staðfesting vitnaskýrslu 11, 95, 239
8. Útgáfa ógildingarstefnu 308
Landamerkjamál 75
Lax- og silungsveiði 108, 419, 423
Líkamsáverkar 42, 88, 143, 159, 292, 376, 406
Lóðarleiga 691
Málskostnaður 591, 631
Manndráp 83, 292, 406, 461, 580
Meiðyrði 367, 540
Ómerking:
1. Einkamál 75, 575, 599, 626
2. Opinber mál 419, 423
Rangar skýrslur 244
Réttarfarssekt 97, 99
Sameign 572
Samvinnufélög 594, 658
Sératkvæði 19, 42, 244, 367, 413, 461, 561, 605, 610, 691
Siðferðismál 47, 53, 331
Sjóslys 83
Skaðabætur .. 25, 88, 367, 372, 376, 437, 523, 540, 586, 616, 700, 705
Skattar:
1. Til ríkissjóðs:
a. Tollgjöld 501
b. Söluskattur 501
2. Til sveitarfélags:
a. Hafnargjöld 556
b. Útsvar 16, 19, 496, 622, 658, 674
Skiptamál 325, 471, 512
Skjalafals 390
Skuldamál 151, 202, 340, 345, 427, 489, 517
Uppboðssala 572, 594
Úrskurðir 107, 195, 208, 571
Vatnsréttindi 431
Vátrygging 310
Verðlagsbrot 244
Verksamningar 202, 340, 345, 528, 626
Þjófnaður 143, 159

HÆSTARÉTTARDÓMAR

ÚTGEFANDI
HÆSTIRÉTTUR

XXVI. BINDI
1955

REYKJAVÍK
FÉLAGSPRENTSMIÐJAN H/F
MCMLV

Reglulegir dómarar Hæstaréttar 1955:

Þórður Eyjólfsson. Forseti dómsins frá 1. janúar til 31. ágúst.
Gizur Bergsteinsson. Forseti dómsins frá 1. september til 31. desember.
Árni Tryggvason.
Jón Ásbjörnsson.
Jónatan Hallvarðsson.

Registur.

I. Málaskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Ákæruvaldið gegn Nóa Skjaldberg Jónssyni. Ákæra um ólöglega vörzlu áfengis. Sýkna	10/1	1
2.	Erlingur h/f gegn Guðjóni Kr. Kristinssyni. Aflahlutur háseta. Kjarasamningur skýrður	12/1	3
3.	Magnús Thorlacius gegn ákæruvaldinu og Sigurði Sigurðssyni. Kærumál. Heitfesting vitnis	17/1	11
4.	Davíð Jóhannesson gegn Halldóri Jónssyni. Um eignarrétt að geymsluherbergi	19/1	12
5.	Njörður h/f gegn bæjarstjóra Siglufjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál	19/1	16
6.	Garðar Vigfússon gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál. Sératkvæði	19/1	19
7.	Ákæruvaldið gegn Páli Hallgrímssyni. Fjársvik	25/1	22
8.	Jón Rósberg Stefánsson gegn Gunnari Auðunni Stefánssyni. Skaðabótamál út af bílslysi	25/1	25
9.	Hjálmar Þorsteinsson gegn Loftleiðum h/f. Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi	26/1	32
10.	Jakob Guðmundsson gegn Lúðvíg Eggertssyni. Um gildi uppsagnar á húsaleigusamningi	28/1	39
11.	Ákæruvaldið gegn Katli Hlíðdal Jónassyni. Brot gegn 219. gr. hegningarlaga, bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur. Sératkvæði	29/1	42
12.	Ákæruvaldið gegn Guðnýju Jóhannesdóttur. Brot gegn 206. gr. hegningarlaga og lögum nr. 59/1936. Sýknað af ákæru um brot á lögum um gistihúsahald	31/1	47
13.	Ákæruvaldið gegn Arndísi Þórðardóttur. Brot gegn 206. gr. hegningarlaga og lögum nr. 59/1936. Sýknað af ákæru um brot á lögum um gistihúsahald	31/1	53
14.	Konráð Ó. Sævaldsson gegn Jóni Sigurðssyni. Kærumál. Krafa um frest. Um varnir í víxilmáli	31/1	64
15.	Ewald Berndsen gegn Pétri Þorsteinssyni. Útivistardómur	31/1	66

		Dómur	Bls.
16.	Árnason, Pálsson & Co. h/f gegn Guðjóni Jónssyni. Útivistardómur. Ómaksbætur	31/1	66
17.	Guðmundur H. Þórðarson gegn Skilanefnd Pöntunarfélagsins á Grímsstaðaholti. Útivistardómur. Ómaksbætur	31/1	67
18.	Jóna Guðmundsdóttir gegn Sveinbirni Enokssyni. Um gildi kvaðar á húslóð	½	67
19.	Akureyrarkaupstaður gegn Þorkeli Björnssyni, eiganda jarðarinnar Kífsár, og Vilhjálmi Jónassyni, eiganda jarðarinnar Hesjuvalla. Landamerkjamál. Ómerking	½	75
20.	Ákæruvaldið gegn Halldóri Kiljan Laxness. Brot gegn ákvæðum gjaldeyrislaga	½	79
21.	Ákæruvaldið gegn Elíasi Gunnlaugssyni. Sjóslys. Manndráp af gáleysi	16½	83
22.	Samband íslenzkra samvinnufélaga gegn Páli Guðbjartssyni og gagnsök. Skaðabætur vegna líkamsmeiðsla	16½	88
23.	Dánarbú Sophy Bjarnarson gegn Vilhjálmi Bjarnarson. Kærumál. Heitfesting vitnis	22½	95
24.	Sigurður A. Jónsson gegn Kristjáni Eiríkssyni. Kærumál. Málflutningsfrestur. Réttarfarssekt	22½	97
25.	Guðmundur H. Þórðarson gegn Þorbirni Hjálmssyni. Kærumál. Málflutningsfrestur. Réttarfarssekt	22½	99
26.	Ákæruvaldið gegn Margeiri Jóni Magnússyni. Ákæra um brot gegn húsaleigulögum. Sök fyrnd	22½	101
27.	Ákæruvaldið gegn Rúnari Sophusi Hansen. Úrskurður um öflun framhaldsgagna	23½	107
28.	Landbúnaðarráðherra f. h. ríkisins, hreppsnefnd Holtahrepps f. h. hreppsins og hreppsnefnd Rangárvallahrepps f. h. eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla gegn hreppsnefnd Landmannahrepps f. h. hreppsins. Um veiðirétt í vötnum á afrétti	25½	108
29.	Halldór Kristinn Halldórsson gegn Óskari Antoni Sveinssyni. Ágreiningur um efni kaupsamnings um fasteign	⅔	134
30.	Halldór Ólafsson gegn Guðmundi Jenssyni. Um greiðslur samkvæmt húsaleigusamningi	⅔	138
31.	Ákæruvaldið gegn Ármanni Kristjánssyni. Líkamsárás. Þjófnaður	⅔	143
32.	Helgi Benediktsson gegn Hjálmari Jónssyni og gagnsök. Launakrafa háseta á fiskiskipi	11⅓	151
33.	Ákæruvaldið gegn Jóni Sigurðssyni og Sveini Ein-		

		Dómur	Bls.
	arssyni. Líkamsárás. Þjófnaður	11/3	159
34.	Gunnar S. Hafdal gegn bæjarstjórn Akureyrar f. h. Eftirlaunasjóðs bæjarins. Eftirlaunaréttur bæjarstarfsmanns	11/3	176
35.	Málmiðjan h/f, Magnús Helgason og Ewald Berndsen gegn Ásmundi Guðmundssyni. Kærumál. Frestur til vitnaleiðslu	11/3	184
36.	Leifur E. A. Sigurðsson gegn bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Lögtaksgerð felld úr gildi	14/3	187
37.	Ákæruvaldið gegn Jean-Baptiste Germe. Fiskveiðabrot	16/3	188
38.	Stefán Friðriksson, eigandi Glæsibæjar, gegn Árna J. Hafstað, Sigurði Hafstað, Hauki Hafstað og Halldóri Hafstað, eigendum Víkur. Úrskurður um frávísunarkröfu	18/3	195
39.	Ákæruvaldið gegn Jens Pétri Thomsen Friðrikssyni. Brot gegn lögum um iðnað	18/3	197
40.	Hjörleifur Kristmannsson gegn Byggingafélaginu Stoð h/f. Krafa um eftirstöðvar launa fyrir húsasmíði ekki tekin til greina vegna galla á smíðinni	21/3	202
41.	Lilja Vikar gegn Trausta Ó. Lárussyni. Krafa um bætur vegna galla á seldum hlut	21/3	204
42.	Ákæruvaldið gegn Sigurði Jónassyni, Jóhanni Gunnari Stefánssyni, Hauki Hvannberg, Olíufélaginu h/f og Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi. Úrskurður um öflun framhaldsgagna	23/3	208
43.	Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og Tryggingastofnunar ríkisins gegn Guðmundi H. Þórðarsyni. Lögtaksgerð staðfest	29/3	209
44.	Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og Tryggingastofnunar ríkisins gegn Árnasyni, Pálssyni & Co. h/f. Lögtaksgerð staðfest	29/3	211
45.	Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og Tryggingastofnunar ríkisins gegn Haraldi Teitssyni. Lögtaksgerð staðfest	29/3	213
46.	Ísafoldarprentsmiðja h/f gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Kærumál. Kröfuliðum vísað frá héraðsdómi	29/3	215
47.	Guðmundur H. Þórðarson gegn tollstjóranum í Reykjavík. Útivistardómur. Ómaksbætur	30/3	219
48.	Guðmundur H. Þórðarson gegn tollstjóranum í Reykjavík. Útivistardómur. Ómaksbætur	30/3	219
49.	Árnason, Pálsson & Co. h/f gegn tollstjóranum í Reykjavík. Útivistardómur. Ómaksbætur	30/3	220
50.	Ákæruvaldið gegn Elíasi Hannessyni. Brot gegn		

		Dómur	Bls.
	lögum um iðnað	1/4	220
51.	Þóroddur E. Jónsson gegn Theodore Klein f. h. Ladislav Sas og gagnsök. Umsýslulaun	16/4	224
52.	Ákæruvaldið gegn Maurice Brackx. Fiskveiðabrot	27/4	228
53.	Ákæruvaldið gegn Kamiel Puystjens. Fiskveiðabrot	27/4	232
54.	Ákæruvaldið gegn Ingimundi Bjarnasyni. Ákæra um brot á iðnaðarlöggjöf	27/4	236
55.	Ákæruvaldið gegn Herði Ólafssyni. Kærumál. Þagnarskylda lögmanns	27/4	239
56.	Útibú Útvegsbanka Íslands í Vestmannaeyjum gegn þrotabúi Guðvarðs Vilmundarsonar. Kærumál. Málskostnaður í héraði	27/4	241
57.	Ákæruvaldið gegn Sigurði Jónassyni, Jóhanni Gunnari Stefánssyni, Hauki Hvannberg, Olíufélaginu h/f og Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi. Rangar skýrslur. Verðlagsbrot. Eignarupptaka. Sératkvæði	28/4	244
58.	Óskar Benjamínsson gegn Jónu Sigríði Steingrímsdóttur. Mál hafið. Ómaksbætur	29/4	280
59.	Ragnar Halldórsson gegn Kristni Guðmundssyni. Útivistardómur. Ómaksbætur	29/4	281
60.	Guðmundur H. Þórðarson gegn Guðmundi Gíslasyni f. h. Erlends Guðmundssonar. Útivistardómur	29/4	281
61.	Sveinsína Jóhanna Steinsdóttir gegn Hallgrími Péturssyni og Svanborgu Sigurðardóttur. Útivistardómur	29/4	282
62.	Guðmundur H. Þórðarson gegn Einari Gunnari Einarssyni. Útivistardómur	29/4	282
63.	Sveinn Halldórsson gegn Ingva E. Bernharðssyni. Útivistardómur	29/4	283
64.	Ákæruvaldið gegn Helga Kjartanssyni. Ákæra um fiskveiðabrot	3/5	283
65.	Ákæruvaldið gegn Rúnari Sophusi Hansen. Brot gegn 211. sbr. 20. gr. og 220. gr. hegningarlaga	3/5	292
66.	Ákæruvaldið gegn Frank Padley. Fiskveiðabrot	5/5	304
67.	Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn borgardómaranum í Reykjavík. Kærumál. Synjað um útgáfu stefnu í ógildingarmáli	5/5	308
68.	Magnús Vigfússon gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Um ábyrgð Reykjavíkurbæjar vegna vátryggingar húseigna í bænum	5/5	310
69.	Bæjarstjórinn í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs gegn Guðbjörgu Kristjánsdóttur og gagnsök. Fébótaábyrgð bæjarsjóðs vegna brota bæjaryfirvalda á ákvæðum byggingarsamþykktar og skipulagslaga	10/5	316
70.	Póst- og símamálastjórnin gegn Félagi útvarps-		

		Dómur	Bls.
	virkja í Reykjavík og gagnsök. Um rétt til útvarpsvirkjunar og starfsheitis	10/5	321
71.	Skapti Davíðsson gegn Þórdísi Dagbjörtu Davíðsdóttur og skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. dánarbús Davíðs Jóhannessonar. Ákvörðun um verðmæti fyrirframgreidds arfs	13/5	325
72.	Ákæruvaldið gegn Magnúsi Guðbjörnssyni. Brot gegn 203. gr. hegningarlaga	16/5	331
73.	Skipaútgerð ríkisins gegn Núpi h/f og gagnsök. Bjarglaun	16/5	334
74.	Bæjarútgerð Hafnarfjarðar gegn Jóhannesi Jónssyni. Heimtar eftirstöðvar hásetahlutar	18/5	337
75.	Stefán Björnsson og Jóhann Friðriksson gegn h/f Goða. Skuldamál. Húsasmíði	20/5	340
76.	Jón Guðjónsson gegn Skarphéðni Kristbergssyni. Skuldamál. Húsasmíði	20/5	345
77.	Kornelíus Jónsson gegn Sigurlaugu Sigurðardóttur. Riftun kaups vegna galla á seldum hlut	23/5	348
78.	X og Y gegn K og Y gegn Z. Barnsfaðernismál	23/5	350
79.	Ákæruvaldið gegn Edward William Norton. Fiskveiðabrot	24/5	361
80.	Kristján Jóhannsson gegn Eiríki Guðbjarti Ásgeirssyni og borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Ómerking ummæla. Sýknað af skaðabótakröfu. Sératkvæði	25/5	367
81.	Ísbjörninn h/f gegn Sæmundu Jónsdóttur Fjeldsted og gagnsök. Skaðabótamál vegna líkamsmeiðsla	27/5	372
82.	Ákæruvaldið gegn Sigurbjarna Guðnasyni. Líkamsárás. Skaðabætur	27/5	376
83.	H/f Stapafell gegn Magnúsi Pálssyni. Heimtar eftirstöðvar hásetahlutar	27/5	383
84.	H/f Stapafell gegn Þorvaldi Guðjónssyni. Heimtar eftirstöðvar skipstjórahlutar	27/5	386
85.	Kristján Nielsen gegn Sigríði Nielsen. Áfrýjanda synjað um frest. Máli vísað frá Hæstarétti	6/6	389
86.	Ákæruvaldið gegn Jóni Finnbogasyni. Skjalafals. Brot á lögum um bókhald og fasteignasölu	6/6	390
87.	Einar Þorgilsson & Co. h/f fyrir sína hönd og skipshafnar b/v Surprise, GK 4, og Samtrygging íslenzkra botnvörpunga gegn Beinteini Bjarnasyni, eiganda v/s Dóru, GK 49, og gagnsök. Bjarglaun. Árekstur skipa	7/6	397
88.	Ákæruvaldið gegn Jóni Val Samúelssyni. Manndráp af gáleysi. Líkamsáverkar. Brot gegn bifreiðalögum, umferðarlögum og lögreglusamþykkt Reykja-		

		Dómur	Bls.
	víkur	8/6	406
89.	Einar Eiríksson gegn Sigurði Jónssyni f. h. Inger Laxdals og gagnsök. Um leigurétt á húsnæði. Sératkvæði	10/6	413
90.	Ákæruvaldið gegn Jóhanni Símonarsyni og Sigurgeiri Jóhannssyni. Ákæra um brot á laxveiðilögum. Ómerking	10/6	419
91.	Ákæruvaldið gegn Gísla Gíslasyni. Ákæra um brot á laxveiðilögum. Ómerking	10/6	423
92.	Keilir h/f gegn Ársæli Jónassyni. Skuldamál. Um rétt til skuldajafnaðar	21/6	427
93.	Bæjarstjórn Akureyrar f. h. Akureyrarkaupstaðar gegn Þorkeli Björnssyni og gagnsök. Vatnsréttindi	21/6	431
94.	Guðrún Þorgrímsdóttir og Tómas Tómasson gegn skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. þrotabús Byggingarfélagsins Smiðs h/f og Kristjáni Erlendssyni og gagnsök. Dánarbætur	21/6	437
95.	Karl D. Pétursson og Gunnar A. Pétursson gegn Jónasi Gíslasyni og Ósvaldi Knudsen. Um leigu á fasteign og kauprétt leigutaka	22/6	443
96.	Karl D. Pétursson gegn Jónasi Gíslasyni. Lausafjárkaup	22/6	457
97.	Ákæruvaldið gegn Stefáni Eiríki Sigurðssyni og Kristjáni Nóa Kristjánssyni. Brot gegn bifreiðalögum. Sýknað af ákæru um manndráp af gáleysi. Sératkvæði	22/6	461
98.	Guðmundur H. Þórðarson gegn bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs. Útivistardómur	22/6	470
99.	Sigríður Einarsdóttir gegn Gísla Halldórssyni h/f og Gísla Halldórssyni og gagnsök. Búskipti hjóna. Krafa á hendur búinu	28/6	471
100.	Trésmiðjan h/f gegn Þorkeli Björgvinssyni. Kærumál. Málskostnaður í héraði	26/9	479
101.	Kristján Bjarnason gegn Guðmundi og Sigurði Eyjólfssonum og Arnþrúði Guðjónsdóttur f. h. dánarbús Eyjólfs Guðmundssonar. Kærumál. Frávísunarkrafa. Héraðsdómur ómerktur	26/9	481
102.	Ákæruvaldið gegn Ellert Haraldssyni. Brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum	28/9	485
103.	Ákæruvaldið gegn Herði Ólafssyni. Brot gegn bifreiðalögum. Svipting ökuleyfis	28/9	487
104.	Huginn h/f gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Krafa á hendur ríkissjóði um uppbætur á fiskverð samkvæmt lögum nr. 100/1948	28/9	489
105.	Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps f. h. hreppsins		

		Dómur	Bls.
	gegn Olíuverzlun Íslands h/f. Útsvarsmál	30/9	496
106.	Ársæll Jónasson f. h. Kjötbúðar Vesturbæjar gegn Jóh. Karlssyni & Co. Útivistardómur. Ómaksbætur	30/9	499
107.	Guðmundur H. Þórðarson gegn Sigurgeiri Helgasyni. Útivistardómur	30/9	500
108.	Guðmundur H. Þórðarson gegn Sigurði Þ. Skjaldberg h/f. Útivistardómur	30/9	500
109.	Guðmundur H. Þórðarson gegn Einari Gunnari Einarssyni. Útivistardómur. Ómaksbætur	30/9	501
110.	Johan Ellerup gegn bæjarfógetanum í Keflavík f. h. ríkissjóðs. Lögtaksmál. Innheimta tollgjalda og söluskatts	3/10	501
111.	Ákæruvaldið gegn Oscar Steyaert. Fiskveiðabrot ..	4/10	509
112.	Helgi Benediktsson gegn G. A. Sveinssyni f. h. A. E. Sörensen. Útivistardómur. Ómaksbætur	5/10	512
113.	Högni Gunnarsson gegn Sigrúnu Edwald. Krafa um búskipti	7/10	512
114.	Ísafoldarprentsmiðja h/f gegn Fjölsvinnsútgáfunni. Um greiðsluskyldu útgefanda ritverks samkvæmt útgáfusamningi	7/10	517
115.	Ákæruvaldið gegn Bergsteini Theodór Þórarinssyni. Kærumál. Dómssátt í opinberu máli felld úr gildi	11/10	521
116.	Vesturnes h/f gegn Faxaborg h/f og gagnsök. Skaðabótamál. Skip veldur spjöllum á öðru skipi	18/10	523
117.	Þórhallur Þorgeirsson gegn dánarbúi Magnúsar Kjartanssonar og Sveini Magnússyni. Endurgreiðsla ofgreidds viðgerðarkostnaðar á bifreið	18/10	528
118.	Ástríður Guðjónsdóttir og Margrét Helgadóttir gegn Ingólfi Gíslasyni. Synjað um innsetningargerð	19/10	537
119.	Ólafur Pétursson gegn Sigurði Guðmundssyni. Meiðyrðamál. Krafa um miskabætur	19/10	540
120.	V. Árnason & Co. h/f gegn Vigfúsi Friðjónssyni & Co. h/f. Kærumál. Krafa um frest í víxilmáli....	19/10	550
121.	Ákæruvaldið gegn Fróða Kristni Ellerup og Jóhönnu Kristínu Sigurjónsdóttur. Kærumál. Synjað um að fella dómssátt úr gildi	19/10	552
122.	Ásmundur Guðmundsson gegn Geirþrúði Bjarnadóttur, Benedikt Gíslasyni, Jóni Kjartanssyni, dánarbúi Guðmundar Sigurðssonar og Jóni Steingrímssyni sýslumanni. Kærumál. Ómerking úrskurðar héraðsdómara	21/10	554
123.	Skipaútgerð ríkisins gegn Hafnarsjóði Vestmannaeyja. Lögtaksmál. Innheimta hafnargjalda	25/10	556
124.	Sæmundur Þórðarson gegn Baldvin Einarssyni og gagnsök. Bætur vegna bifreiðaslyss. Sératkvæði....	25/10	561

		Dómur	Bls.
125.	Ragnar Blöndal h/f, Nærfataverksmiðjan Lilla h/f og Gunnar Hall gegn Högna Jónssyni og gagnsök. Úrskurður um frestveitingu	26/10	571
126.	Sigurmundur Runólfsson gegn dánarbúi Georgs Gíslasonar. Synjað um uppboð til sameignarslita á húseign	26/10	572
127.	Sigurður Bjarnason gegn Ragnari Gíslasyni og gagnsök. Héraðsdómur ómerktur vegna ólögmætrar málsmeðferðar	26/10	575
128.	Högni Gunnarsson gegn Sigrúnu Edwald. Mál hafið.	31/10	579
129.	Þorbergur Kjartansson gegn Lenu Pálsson. Útivistardómur	31/10	579
130.	Ákæruvaldið gegn Einari Árnasyni. Manndráp af gáleysi. Brot gegn ákvæðum bifreiðalaga, umferðarlaga og lögreglusamþykktar Reykjavíkur	1/11	580
131.	Samband íslenzkra samvinnufélaga gegn eigendum og vátryggjendum e/s Manfreds og Kaupfélagi Hellissands og eigendur og vátryggjendur e/s Manfreds gegn Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og Kaupfélagi Hellissands. Skaðabætur fyrir spjöll á skipi	2/11	586
132.	Ragnar Blöndal h/f, Nærfataverksmiðjan Lilla h/f og Gunnar Hall gegn Högna Jónssyni og gagnsök. Um málskostnað í héraði	2/11	591
133.	Þórður Guðmundsson gegn Byggingarsamvinnufélagi starfsmanna ríkisstofnana. Nauðungaruppboð. Kvaðir samkvæmt lögum um byggingarsamvinnufélög	4/11	594
134.	Hjálmar Þorgilsson gegn hreppsnefnd Hofshrepps f. h. hreppsins. Máli vísað frá héraðsdómi vegna vanreifunar	7/11	599
135.	Ákæruvaldið gegn Guðna Þórðarsyni. Ákæra um brot á ákvæðum iðnlöggjafar. Sératkvæði	9/11	605
136.	Ákæruvaldið gegn Hjálmari Bárðarsyni. Ákæra um brot á ákvæðum iðnlöggjafar. Sératkvæði	9/11	610
137.	Kol & Salt h/f gegn Valgeiri Jónssyni og Valgeir Jónsson gegn Kol & Salt h/f og Hafnarsjóði Reykjavíkur. Skaðabótamál	11/11	616
138.	Steingrímur Árnason gegn Ísi h/f. Innsetningarmál	14/11	620
139.	Jón J. Barðason gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál	14/11	622
140.	H/f Björgvin gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Mál hafið. Ómaksbætur	14/11	625
141.	Ásbjörn Guðmundsson gegn Einari Árnasyni og gagnsök. Máli vísað frá héraðsdómi vegna vanreifunar		

		Dómur	Bls.
	og ólögmætrar málsmeðferðar	15/11	626
142.	Ragnar Blöndal h/f gegn Guðmundi Kristjánssyni og gagnsök. Um málskostnað í héraði	21/11	631
143.	Ákæruvaldið gegn Ásgeiri Valdimar Ólafssyni. Brot gegn húsaleigulögum. Endurgreiðslukrafa	21/11	633
144.	Ákæruvaldið gegn John Robert Bore. Brot gegn fiskveiðalöggjöf	23/11	637
145.	Haukar h/f gegn Sæfinni h/f. Dráttaraðstoð	25/11	643
146.	Jörundur Jörundsson, Steingrímur Sigvaldason og Jón Sigurðsson gegn Keili h/f. Kærumál. Málskostnaður	25/11	648
147.	Axel Halldórsson, Bergsteinn Jónasson, Jón G. Scheving, Gísli Gíslason, Hallberg Halldórsson, Stefán Árnason, Ágúst Bjarnason, Eiríkur Jónsson, Lárus Ársælsson og Gunnar Sigurmundsson gegn Póst- og símamálastjórninni og gagnsök. Um gildi og eðli ábyrgðar	28/11	651
148.	Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs gegn Sambandi íslenzkra samvinnufélaga. Útsvarsmál	29/11	658
149.	Verzlunin G. J. Fossberg h/f gegn Miðstöðinni h/f og gagnsök. Lausafjárkaup. Krafa um riftun	2/12	665
150.	Olíufélagið h/f gegn bæjarstjóranum á Sauðárkróki f. h. bæjarsjóðs. Útsvarsmál	7/12	674
151.	Samkomuhús Vestmannaeyja h/f gegn Kristni Stefánssyni stórtemplar f. h. stúkunnar Báru nr. 2 í Vestmannaeyjum. Krafa um riftun leigusamnings. Endurgreiðslukrafa	8/12	677
152.	Ákæruvaldið gegn Guðmundi Ámundasyni Björnssyni.Kærumál. Krafa um að héraðsdómari víki sæti	8/12	689
153.	Ólafur Magnússon gegn Guðrúnu Ólafsson. Grunnleigusamningur. Sératkvæði	8/12	691
154.	Ásmundur Guðmundsson gegn Geirþrúði Bjarnadóttur, Benedikt Gíslasyni, Jóni Kjartanssyni, dánarbúi Guðmundar Sigurðssonar og Jóni Steingrímssyni sýslumanni. Kærumál. Krafa um að héraðsdómari víki sæti	14/12	698
155.	Fjármálaráðherra og vegagerð ríkisins f. h. ríkissjóðs gegn Stefaníu Jóhannesdóttur f. h. sína og dóttur sinnar Guðrúnar Hrannar Ólafsdóttur og gagnsök. Dánarbætur	14/12	700
156.	Elín Jónsdóttir gegn Skipaútgerð ríkisins. Dánarbætur	14/12	705
157.	Gunnar Steingrímsson gegn Herði Runólfssyni og gagnsök. Húsaleiga	19/12	708
158.	Vilhjálmur Ingólfsson gegn Sigurði Berndsen og til		

		Dómur	Bls.
	réttargæzlu borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, Herði Ólafssyni hdl., Byggingafélaginu Stoð h/f, Byggingarsamvinnufélagi starfsmanna Strætisvagna Reykjavíkur og borgarfógetanum í Reykjavík, Kristjáni Kristjánssyni. Útivistardómur	19/12	714
159.	Ásbjörn Magnússon gegn dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Útivistardómur ..	19/12	714
160.	Málmiðjan h/f gegn Ásmundi Guðmundssyni. Útivistardómur	19/12	715
161.	Sigurður A. Jónsson f. h. Vörumarkaðarins h/f gegn Erl. Blandon & Co. Útivistardómur	19/12	715
162.	Málmiðjan h/f, Magnús Helgason og Ewald Berndsen gegn Ásmundi Guðmundssyni. Útivistardómur	19/12	716

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XXXVI. árgangur. 1955.

Mánudaginn 10. janúar 1955.

Nr. 90/1954. **Ákæruvaldið** (Gunnar E. Benediktsson)
gegn
Nóa Skjaldberg Jónssyni (Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ákæra um ólöglega vörzlu áfengis.

Dómur Hæstaréttar.

Það athugast, að ákærði hefur þann 15. marz 1948 gengizt undir að greiða 1000 króna sekt fyrir áfengissölu. Þar sem svo langt er um liðið, þykir atvik þetta ekki fella grun á ákærða um sölu áfengis í það skipti, sem hér er um að tefla. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars E. Benediktssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 1000,00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. febrúar 1954.

Ár 1954, þriðjudaginn 9. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af fulltrúa sakadómara, Stefáni Guðjohnsen, uppkveðinn dómur í málinu nr. 674/1954: Ákæruvaldið gegn Nóa Skjaldberg Jónssyni, sem tekið var til dóms 28. janúar s.l.

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða, Nóa Skjaldberg Jónssyni bifreiðarstjóra, Laugavegi 49, hér í bæ, með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 4. janúar s.l., fyrir að hafa eigi getað fært nægilega sterkar líkur fyrir því, að hann hafi ekki ætlað til sölu eina óátekna ákavítisflösku, sem í bifreið hans fannst við Hlemmtorg í Reykjavík um klukkan 22.00, föstudaginn 27. nóvember s.l., en brot þetta telst varða við 2. mgr. 1. gr. sbr. 2. gr. laga nr. 47/1951 um breyting á áfengislögum nr. 33/1935.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar svo og að framangreind áfengisflaska verði gerð upptæk samkvæmt 2. gr. laga nr. 47/1951 i.f.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Reykjavík 7. janúar 1920. Hann hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1944 21/9 Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 17. gr. áfengislaga.
1947 19/9 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
1948 15/3 Sátt, 1000 kr. sekt fyrir brot á 15. sbr. 33. gr. áfengislaga.
1948 7/9 Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

Málavextir eru þessir:

Að kvöldi 27. nóvember s.l. gerðu lögreglumenn allvíðtæka leit áfengis í leigubifreiðum hér í bæ. Meðal annars leituðu þeir í bifreiðinni R 1919 og fundu í hólfi í mælaborði hennar eina flösku af ákavíti. Bifreiðin stóð þá fyrir utan afgreiðslu Hreyfils við Hlemmtorg. Ákærði í máli þessu reyndist vera við akstur bifreiðar þessarar þetta kvöld, og boðuðu lögreglumennirnir hann þegar til rannsóknarlögreglunnar og afhentu þar ákavítisflöskuna.

Ákærði viðurkenndi þegar að eiga umrædda áfengisflösku. Hann kvaðst hafa keypt hana í Áfengisverzlun ríkisins sama dag. Hann kvaðst hafa ætlað flösku þessa til eigin afnota, enda ætlað að fara að skemmta sér, skömmu eftir að leitin var gerð, og hætta leiguakstri það kvöld.

Ákærði neitaði eindregið að hafa ætlað flösku þessa til sölu. Ástæðuna fyrir því, að flöskuna geymdi hann í bifreiðinni, telur ákærði þá, að sér hafi ekki fundizt taka því að fara með hana heim fyrst, úr því að hann ætlaði að nota hana sama kvöld.

Fyrir dómi hefur ákærði skýrt nákvæmlega á sama hátt frá og heldur þar í öllu fast við frumskýrslu sína og staðfestir hana í öllum greinum. Ákærði krafðist þess fyrir dómi, að honum yrði afhent aftur flaskan, málið fellt niður og sér greidd ómakslaun fyrir að mæta og afla sér réttargæzlu fyrir dómi.

Skipaður verjandi ákærða hefur í skriflegri vörn (dskj. nr. 6) krafizt sýknu til handa ákærða.

Með tilliti til þess, að aðeins ein flaska fannst í bifreið ákærða, að ákærði kveðst hafa ætlað að nota áfengið til eigin afnota sama kvöld, að ákærði hefur ekki (sbr. sakavottorð) verið fundinn sekur um áfengissölu og enginn grunur, svo að vitað sé, liggur sérstaklega á, að ákærði selji áfengi, og að ákærði hefur staðfastlega neitað að ætla flösku þessa til sölu, þá lítur dómarinn svo á, að ákærði hafi, þrátt fyrir viðurkenningu þess að eiga flöskuna, fært nægilega sterkar líkur fram fyrir því að hafa ekki ætlað flöskuna til sölu, og þar með, að ekki sé fengin næg sönnun þess, að ákærði hafi, með því að geyma flöskuna í bifreið sinni, gerzt brotlegur við lög nr. 47/1951 um breytingu á áfengislögunum, þ. e. þau ákvæði, sem greinir í ákæruskjali. Samkvæmt framansögðu þykir bera að sýkna ákærða af ákæru ákæruvaldsins í máli þessu.

Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu ber að afhenda ákærða aftur margnefnda ákavítisflösku. Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hans, Sigurðar Baldurssonar hdl., kr. 500.00.

Dómarinn lítur svo á, að ekki beri að taka til greina kröfu ákærða um ómakslaun, enda verður að álíta kostnað við réttargæzlu innifalinn í tildæmdum málsvarnarlaunum.

Dómsorð:

Ákærði, Nói Skjaldberg Jónsson, skal sýkn vera af ákæru ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður allur, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns ákærða, Sigurðar Baldurssonar hdl., kr. 500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 12. janúar 1955.

Nr. 28/1954. **Erlingur h/f** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Guðjóni Kr. Kristinssyni (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafizt eftirstöðva af andvirði aflahlutar háseta. Kjarasamningur skýrður.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Þorsteinn Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. marz 1954, krefst þess, að hann verði algerlega sýknaður og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda að mati dómsins.

Í skiprúmssamningi stefnda er um kaup hans vitnað til gildandi samnings, og er óvefengt, að þar sé átt við kjarasamning milli Útvegsbændafélags Vestmannaeyja og Vélstjórafélags Vestmannaeyja, dags. 29. janúar 1951. Samkvæmt 1. gr. þess samnings skyldi stefndi fá tiltekinn hundraðshluta af afla bátsins. Í 2. gr. samnings þessa segir, að sé um sölu á nýjum fiski að ræða til ísunar eða frystingar, beri vélamanni sama verð og útgerðarmanni fyrir hinn selda fisk, lifur og hrogn. Telja verður, að fjárhæð sú, sem um er deild í máli þessu og stafaði af gjaldeyrisfríðindum bátaútvegsins, sé samkvæmt framangreindum samningum hluti stefnda af verði því, sem áfrýjandi fékk fyrir afla bátsins. Með skírskotun til þessa og að öðru leyti til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Erlingur h/f, greiði stefnda, Guðjóni Kr. Kristinssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 3. febrúar 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 26. f. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Guðjóni Kr. Kristinssyni vélstjóra, Urðaveg 17, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 25. marz 1953, birtri sama dag, á hendur stjórn Erlings h.f. í Vestmannaeyjum

fyrir hönd félagsins, þeim Sighvati Bjarnasyni, Ási í Vestmannaeyjum, Guðmundu Torfadóttur frú, sama stað, og Torfa L. Torfasyni, Brekastíg 31, Vestmannaeyjum, til greiðslu á eftirstöðvum aflahlutar af v/b Erlingi, Ve 325, frá árinu 1951, að fjárhæð kr. 1377,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins.

Stefndi lét mæta í málinu og gerði þær réttarkröfur, aðallega að málinu yrði vísað frá réttinum, en til vara krafðist hann þess, að hann yrði algerlega sýknaður og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati réttarins. Frávísunarkröfunni var hrundið með úrskurði 1. apríl s.l. og síðan með dómi Hæstaréttar 23. sama mánaðar.

Árið 1951 gegndi stefnandi vélstjórastörfum á v/b Erlingi II, Ve 325, eign hins stefnda félags. Var hann lögskráður samkvæmt kjarasamningi milli Útvegsbændafélags Vestmannaeyja og Vélstjórafélags Vestmannaeyja, dags. 29. janúar 1951. Samkvæmt þeim samningi bar stefnanda ákveðinn hundraðshlutur af afla, breytilegur eftir tölu skipverja og tegund veiðarfæra. Gert er ráð fyrir, að útgerðarmaður fái umráða- og ráðstöfunarrétt yfir hlut skipverja, enda hafði sá háttur tíðkazt, en tekið er fram, að við sölu aflans beri skipverja sama verð og útgerðarmanni, og verður vikið að því síðar.

Í upphafi umræddS árs, ársins 1951, var verð á fiski kr. 0.75 pr. kg af slægðum þorski með haus og tilsvarandi verð fyrir annan fisk. Útvegsmenn og sjómenn töldu verð þetta of lágt, og höfðu útvegsmenn á orði, að þeir mundu ekki hefja útgerð að óbreyttu fiskverði, þar eð fyrirsjáanlegt væri, að útgerðin yrði rekin með halla. Voru því horfur á um skeið, að bátaútvegurinn mundi stöðvast. Varð það til þess, að ríkisstjórnin tók mál þetta til meðferðar. Hafði bátaútvegurinn staðið höllum fæti í nokkur ár, og stórar fjárhæðir verið greiddar úr ríkissjóði hans vegna, bæði vegna ábyrgðar á fiskverði og einnig til niðurgreiðslu á útgerðarkostnaði. Að undangengnum viðtölum við forsvarsmenn útvegsmanna ákvað ríkisstjórnin að leggja inn á nýjar leiðir. Skrifaði hún Landssambandi íslenzkra útvegsmanna bréf hinn 24. janúar 1951 og kvaðst mundu veita bátaútvegsmönnum ákveðin gjaldeyrishlunnindi gegn því, að útvegsmenn sæju sér fært að hefja útgerðina tafarlaust. Tveim dögum síðar, eða hinn 26. janúar, samþykkti L.Í.Ú. á framhaldsaðalfundi, að fiskverðið skyldi hækka um 21 eyri, eða upp í kr. 0.96 pr. kg af slægðum þorski með haus og tilsvarandi verð fyrir annan fisk. Hinn 29. janúar 1951 gaf L.Í.Ú. út tilkynningu, sem birt var í Þjóðviljanum 31. janúar s. á. Er þar vitnað til bréfs ríkisstjórnarinnar og mælzt til þess við útgerðarmenn, að þeir hefji veiðar þá þegar og kaupi aflann af skipverjum við því verði, sem samþykkt var á framhaldsaðalfundi L.Í.Ú., og áður er tilgreint. Um líkt leyti hófu bátaútvegsmenn veiðar. Tæpum mánuði síðar, eða hinn 24.

febrúar 1951, gerði ríkisstjórnin skriflegt samkomulag við L.Í.Ú., byggt á þeim grundvelli, sem lagður var í bréfi ríkisstjórnarinnar frá 24. janúar. Var þar ákveðið, að fiskútflytjendur, hvort sem þeir væru umboðsmenn fiskframleiðenda eða hefðu fengið rétt sinn framseldan, skyldu fá til umráða helming þess gjaldeyris, er fengist fyrir útfluttar bátaafurðir, framleiddar á árinu 1951, að undanskildu þorskalýsi, síld og síldarafurðum. Gjaldeyrinn mátti nota til kaupa á ákveðnum vörutegundum, sem jafnframt voru undanþegnar verðlagsákvörðunum. Skyldi framkvæmdum hagað þannig, að við gjaldeyrisskil afhendir viðkomandi banki fiskútflytjanda skírteini um hinn frjálsa gjaldeyri, svonefnd A-skírteini. Handhafi A-skírteinis gefur síðan út ný skírteini, sem hafa inni að halda ráðstöfun á gjaldeyri samkvæmt A-skírteininu. Síðarnefndu skírteinin eru nefnd B-skírteini og veita rétt til innflutnings á ákveðnum vörum, og er bönkum skylt að selja handhöfum skírteinanna gjaldeyri í því skyni. Er samkomulag þetta var komið á, gaf fjárhagsráð út auglýsingu um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna, dags. 7. marz 1951, birta í Lögbirtingablaðinu daginn eftir, 8. marz 1951. Eins og fram er tekið í auglýsingunni, byggist hún á samkomulagi ríkisstjórnarinnar við L.Í.Ú., og er þar gerð grein fyrir innflutningsréttindunum og jafnframt taldar upp þær vörur, sem handhafar B-skírteinanna mega flytja inn hindrunarlaust. Eins og áður er fram tekið, var hér aðeins að ræða um innflutningsréttindi af framleiðslu ársins 1951, en við hver áramót síðan hefur ríkisstjórnin og L.Í.Ú. framlengt samkomulagið með nokkrum breytingum til næsta árs og fjárhagsráð jafnframt gefið út tilsvarandi auglýsingu, þannig að fyrirkomulagið hefur í aðalatriðum haldizt óbreytt til þessa tíma. Fyrsta árið skyldi fiskútflytjandi, eins og áður er getið, veita A-skírteinunum móttöku, en þessu var breytt á árinu 1952. Frá byrjun þess árs skyldi L.Í.Ú. veita A-skírteinunum móttöku, að undanskildum skírteinum vegna útflutnings á vegum S.Í.S., en þeim skírteinum skyldi S.Í.S. veita móttöku. Hefur svo haldizt síðan. Hefur L.Í.Ú. gefið út B-skírteinin og ráðstafað þeim eða selt með álagi til innflytjenda og staðið fiskframleiðendum skil á andvirði þeirra. B-skírteinin sjálf hafa ekki verið afhent bátaútvegsmönnum, nema því aðeins, að þeir greiddu þau með sama verði og aðrir.

Á vetrarvertíðinni 1951 var afli v/b Erlings II lagður upp hjá Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum. Tók Vinnslustöðin að sér að greiða aflann á hinu auglýsta verði og fékk jafnframt innflutningsréttindi bátsins framseld. Í vertíðarlok var hlutur stefnanda síðan gerður upp og greiddur með hinu ákveðna verði.

Á árinu 1952 ákvað Vinnslustöðin að færa félagsmönnum sínum til tekna 5% af viðskiptum þeirra á árinu 1951, að undanskildum niðurmetnum fiski. Samkvæmt greinargerð stjórnar Vinnslustöðvarinnar var þetta greiðsla fyrir andvirði innflutningsréttindanna í

viðbót við kr. 0.21 pr. kg, er þegar hafði verið greitt. Stefndi var félagsmaður Vinnslustöðvarinnar, og kom í hans hlut kr. 24.786,00. Taldi stefnandi sig eiga tilkall til vélstjórahluta úr þessari fjárhæð, sem næmi hinni umstefndu upphæð. Byggir hann kröfu sína á 2. gr., fyrri málsgrein, áðurgreinds kjarasamnings frá 29. jan. 1951, er hljóðar svo:

„Sé um sölu á nýjum fiski að ræða til ísunar eða frystingar, ber vélamanni sama verð og útgerðarmanni fyrir hinn selda fisk, lifur og hrogn. Sama verð gildir, ef fiskur er seldur til sérverkunar".

Telur stefnandi, að ekki geti orkað tvímælis, að viðbótargreiðsla Vinnslustöðvarinnar til stefnda sé einn hluti af því, sem stefnda „bar", fyrir hinn selda fisk, og skipti ekki máli, hvort litið sé á greiðsluna sem venjulegar uppbætur eða sem andvirði innflutningsréttinda. Í báðum tilfellum eigi hann samningsbundinn rétt til nefndrar fjárhæðar.

Stefndi telur hins vegar, að í umræddu samningsákvæði felist ekki annað en það, að vélstjórar eigi rétt til raunverulegs fiskverðs. eins og það er á hverjum tíma. Til fiskverðsins teljist ekki innflutningsréttindin, sem séu allt annars eðlis og tilheyri bátaútvegsmönnum einum, og sé það algerlega á þeirra valdi að ákveða, hve mikill hluti af andvirði þeirra skuli fara til hækkunar fiskverðsins og hverjum hluta skuli varið til niðurgreiðslu á útgerðarkostnaði. Réttindi þessi séu veitt bátaútvegsmönnum til styrktar og séu sambærileg við eftirgjöf ríkisins á aðstoðarlánum 1946—1949 og beinum fjárstuðningi ríkisins til niðurgreiðslu á útgerðarkostnaði 1949 og 1950. Eigi því stefnandi aðeins rétt til hins raunverulega fiskverðs, að viðbættri þeirri upphæð, sem L.Í.Ú. hefur ákveðið, að greitt skyldi vegna innflutningsréttindanna. Til rökstuðnings fyrir þessum skilningi hefur stefndi vitnað til bréfs ríkisstjórnarinnar og L.Í.Ú. og auglýsingar fjárhagsráðs. Telur hann, að allar þessar heimildir sýni það ljóslega, að innflutningsréttindin séu veitt í þágu útgerðarmanna einna. Í því sambandi hefur hann bent á, að auglýsingar fjárhagsráðs beri jafnan yfirskriftina: Auglýsing um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna, og í samkomulaginu segi svo í I. lið: „Eigendur bátanna fái umráðarétt yfir helmingi andvirðis útfluttra afurða bátanna", o. s. frv. Ýmis önnur ummæli hefur hann einnig bent á í þessu sambandi. Þá kveður stefndi, að ljóst sé af tilkynningu L.Í.Ú. um fiskverðið, að þegar í upphafi hafi bátaútvegsmenn litið svo á, að réttindin tilheyrðu þeim einum, því að öðrum kosti mundi ekki hafa verið ákveðin hækkun fiskverðsins, eins og gert var, meðan alger óvissa var um, hvers virði innflutningsréttindin kynnu að reynast. Ef útvegsmenn hefðu hins vegar litið svo á, að sjómenn ættu innflutningsréttindin til jafns við þá, mundu þeir ekki hafa hlutazt til um hækkun fiskverðsins á þessum tíma, því að sjálfsögðu mundu sjómenn hafa orðið að hlíta því að fá sinn hluta innflutningsréttindanna þá fyrst greiddan, er andvirði þeirra

væri komið í hendur útvegsmanna. Sjómönnum hafi einnig verið vel kunnugt um þenna skilning útvegsmanna, að hið auglýsta fiskverð væri endanlegt verð í skiptum þeirra við útgerðina, og engum andmælum hreyft og ráðið sig á bátana fyrirvaralaust, að því er þetta atriði snerti.

2. gr. kjarasamningsins frá 29. janúar 1951, sem hér að framan er tilfærð, var ekki deiluefni milli aðilja, áður en kjarasamningurinn var gerður. Ákvæði þetta var tekið óbreytt upp úr eldra samningi. Kom það fyrst inn í stéttarsamning vélstjóra og sjómanna við útvegsmenn hinn 5. febrúar 1947, og að því er segir í vitnaframburðum samningamanna vélstjórafélagsins, var það ekki sízt fyrir tilstilli útvegsmanna. Í fyrri kjarasamningum var ákveðið, að útgerðarmaður skyldi kaupa eða tryggja aflahlut skipverja með ákveðnu verði, og hafði ágreiningur um fiskverðið oftsinnis orðið tilefni að kjaradeilum. Önnur regla var þó um lifrar- og hrognahlut skipverja, skyldi hann vera eign skipverja, en útgerðarmanni þó skylt að annast sölu hans og verkun, ef skipverji krafðist þess. Ákvæði 2. greinar virðist því ekki hafa verið nýmæli, að því er lifrar- og hrognahlut snerti, heldur aðeins um annan aflahlut. Framkvæmdin hefur verið þannig, eftir að grein þessi tók gildi, að útgerðarmaður hefur algerlega annazt um sölu og ráðstöfun á aflahlut sjómanna ásamt sínum eigin aflahlut. Nýr fiskur til ísunar og frystingar var seldur strax á ákveðnu verði, sem ríkissjóður ábyrgist, og var verðið hærra en það, sem fékkst fyrir fiskinn á erlendum markaði. Kom því aldrei til, að útvegsmenn þyrftu að greiða meira en hið ákveðna fiskverð á hverjum tíma. Verð á lifur og hrognum var háð verðsveiflum, og sala dróst oft á langinn, og var þá sá háttur tekinn upp að greiða ákveðið lágmarksverð út á þessar fiskafurðir, en er varan seldist, voru uppbætur greiddar. Fengu sjómenn hlut sinn fyrst greiddan með lágmarksverðinu og síðan af uppbótunum, og leið oft langur tími á milli.

Lagt hefur verið fram í málinu endurrit af bréfi ríkisstjórnarinnar til L.Í.Ú. hinn 24. janúar 1951 og einnig endurrit af samkomulagi frá 24. febr. 1951 milli sömu aðilja. Enn fremur liggur fyrir endurrit af framhaldssamkomulagi um sama efni hinn 31. desember 1951 og 4. febrúar 1953 svo og auglýsingar fjárhagsráðs frá 7. marz 1951, 17. apríl 1951, 5. janúar 1952 og 10. febrúar 1953. Í samkomulagi ríkisstjórnarinnar við L.Í.Ú. frá 24. febrúar 1951 er ekki að finna nein ummæli, er varpa ljósi á það ágreiningsefni, sem hér liggur fyrir. Sama er að segja um síðari samkomulög og allar auglýsingar fjárhagsráðs. Þó er það svo, að allar auglýsingar fjárhagsráðs bera yfirskriftina: „Auglýsing um innflutningsréttindi *bátaútvegsmanna*", eins og þegar hefur verið tekið fram. En af þessum orðum einum er hæpið að draga ályktanir varðandi ágreiningsatriði þessa máls. Meðal annars er yfirskriftin eðlileg af þeirri ástæðu einni, að auglýsingarnar byggjast á samkomulagi hins opinbera við útvegsmenn.

Í bréfi ríkisstjórnarinnar frá 24. janúar 1951 er hins vegar að finna ýmis ummæli, sem hér kunna að skipta máli, og verða þau rakin hér á eftir. Í upphafi bréfsins segir svo orðrétt:

„Í því skyni og að því tilskildu, að takast megi að skapa það verðlag á afurðum bátaflotans, að eigendur hans sjái sér fært að hefja útgerðina tafarlaust, hefur ríkisstjórnin ákveðið að gera eftirfarandi ráðstafanir".

Síðar segir svo:

„Eigandi bátanna fái umráðarétt yfir helmingi andvirðis útfluttra afurða ...".

Og enn fremur:

„til þess er ætlazt, að öllum gjaldeyri bátaútvegsins sé skilað til bankanna, en útvegsmenn fái aftur greiðsluleyfi sín fyrir sínum hluta".

Síðar er talað um „gjaldeyri, sem útvegsmenn fái til umráða", og að lokum er tekið fram, að ríkisstjórnin muni hlutast til um „að létt verði undir með bátaútvegnum eftir öðrum leiðum", ef forsendur framangreindra úrræða kynnu að bregðast.

Ummælin í upphafi bréfsins sýna ljóslega, að tilgangur ríkisstjórnarinnar með hinum fyrirhuguðu ráðstöfunum er að skapa hærra verðlag á bátaafurðum. Hækkun á verðlagi bátaafurðanna leiðir að sjálfsögðu til betri afkomu útgerðarmanna, en um leið einnig til betri kjara sjómanna, sem við útveginn vinna og eru ráðnir upp á hlut, eins og tíðast er. Tilgangur hins opinbera virðist því hvorttveggja: að tryggja hag útgerðarinnar og einnig hag þeirra manna, sem við útveginn vinna. Önnur ummæli bréfsins virðist bera að skilja með hliðsjón af þessu. Af orðum bréfsins: „Eigendur fái umráðarétt yfir helming gjaldeyris" o. s. frv., sem stefndi vitnar sérstaklega til, má leiða, að útgerðarmenn skuli eða hafi rétt til að annast sölu og ráðstöfun gjaldeyrisins án íhlutunar sjómanna, en heldur ekki meira. Í því sambandi er rétt að hafa í huga, að samkvæmt þeim kjarasamningi, sem gilti um ráðningu stefnanda, virðist útgerðarmaður hafa fullan umráðarétt yfir hlut skipverja. Um sama leyti og ráðstafanir þessar, bátagjaldeyrisfyrirkomulagið, komust á, féllu niður opinberir styrkir til útvegsmanna. Hvergi er þó að því vikið í bréfi ríkisstjórnarinnar né í samkomulaginu frá 24. febr. 1951, að vissum hluta af andvirði gjaldeyrisréttindanna skuli varið til niðurgreiðslu á útgerðarkostnaði, og samkvæmt því, sem þegar er tekið fram, verður innflutningsréttindunum ekki jafnað til opinberra styrkja. Með tilvísun til ofanritaðs lítur rétturinn svo á, að sá skilningur útvegsmanna, að þeir eigi einir andvirði innflutningsréttindanna, eigi sér ekki stoð í hinum opinberu heimildum.

Eins og fyrr segir, kemur fram í tilkynningu L.Í.Ú. frá 29. janúar 1951, að L.Í.Ú. ætlast til, að útvegsmenn kaupi aflahlut sjómanna við því verði, sem þar er tilgreint. Stefndi telur, að slík kaup hafi farið fram, eða að minnsta kosti hafi stefnandi, eins og sjómenn

almennt, samþykkt hið auglýsta fiskverð sem endanlegt verð í skiptum sínum við útgerðina með því að ráða sig á bátinn athugasemdalaust. Þessu hvorutveggja er ákveðið andmælt af stefnanda. Kaup útgerðarmanns á aflahlut sjómanns er í algerri andstöðu við ákvæði 2. gr. kjarasamningsins, og var því óheimilt nema með samþykki viðkomandi stéttarfélags, en ljóst virðist, að samþykki þess kom ekki til. Ekki liggur fyrir, að viðkomandi stéttarfélag né stefnandi hafi samþykkt hið auglýsta fiskverð sem endanlegt verð, en afskiptaleysi verður ekki talið nægjanlegt, þar sem fordæmi var fyrir hendi um fyrirframgreiðslur upp í óseldan aflahlut, sbr. það sem áður segir um lifrar- og hrognahlut. Verður því ekki heldur unnt að fallast á, að stefnandi hafi með fyrirvaralausri ráðningu á bátinn firrt sig rétti til frekari greiðslna fyrir aflahlut sinn.

Greiðsla Vinnslustöðvarinnar til stefnda, kr. 24.786,00 sem stefnandi krefst hluta af í máli þessu, byggist á prósentutölu af viðskiptum og, að því er virðist, af andvirði alls afla v/b Erlings II og þar á meðal af hlut sjómanna. Stefnandi hefur vefengt, að greiðslu þessa beri að telja til andvirðis innflutningsréttinda, og hallast frekar að því, að hér sé aðeins um venjulegar uppbætur að ræða. Vinnslustöðin telur hins vegar greiðslu þessa vera hluta af andvirði innflutningsréttindanna, og virðist ekki sérstök ástæða til að draga það í efa, þótt upphæðin sé fengin út á þann hátt, sem fyrr segir. Verulegu máli skiptir það ekki, hvernig á þetta er litið, úrslit málsins yrðu hin sömu, þótt litið yrði á þessa greiðslu sem venjulegar uppbætur.

Niðurstaða málsins verður því sú, að ekki verður hjá því komizt að líta svo á, að stefnandi eigi rétt til hluta úr áðurgreindri greiðslu Vinnslustöðvarinnar til stefnda samkvæmt ákvæði 2. greinar fyrrgreinds kjarasamnings.

Stefnandi hefur upplýst, að upphæð stefnukröfunnar væri ekki alls kostar rétt, þar eð ekki væri tekið tillit til þess tíma, er báturinn var á togveiðum, en sá tími hafi verið skammur. Væri því upphæðin lítið eitt lægri en vera ætti, en hins vegar gerði hann ekki kröfu til þess, er á kynni að vanta. Stefndi hefur engar athugasemdir gert við kröfuupphæðina, og verður hún því tekin til greina og stefndi dæmdur til að greiða hana ásamt 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1953 til greiðsludags, eins og krafizt hefur verið.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnandanum kr. 400,00 í málskostnað.

Dómsorð:

Stefndu, Sighvatur Bjarnason, Guðmunda Torfadóttir og Torfi L. Torfason f. h. Erlings h/f, greiði stefnandanum, Guðjóni Kr. Kristinssyni, kr. 1377,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1953 til greiðsludags og kr. 400,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. janúar 1955.

Nr. 4/1955. **Magnús Thorlacius**
gegn
Ákæruvaldinu og Sigurði Sigurðssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Kærumál. Um heitfesting vitnis.

Dómur Hæstaréttar.

Stefán Guðjohnsen, fulltrúi sakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 4. janúar 1955, sem hingað barst 10. s.m., hefur Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður skotið til Hæstaréttar úrskurði, upp kveðnum í sakadómi Reykjavíkur 4. janúar 1955, en með úrskurði þessum ákvað dómari, að vitnið Sigurður Sigurðsson skuli samkvæmt 100. gr. laga nr. 27/1951 vinna fyrir fram eið að vætti, sem hann skal bera um árekstur bílanna R 3836 og R 1875, en Magnús Thorlacius er eigandi R 1875 og ók honum, er áreksturinn varð. Krefst Magnús Thorlacius þess, að úrskurðinum verði breytt.

Í hinum kærða úrskurði greinir hvorki réttarrannsókn þá, sem veitti tilefni til vættisburðar vitnisins Sigurðar Sigurðssonar, né atvik þau, sem Sigurði er ætlað að bera vætti um. Eigi er heldur getið mótmæla, sem leiddu til uppsögu úrskurðarins. Héraðsdómari hefur því eigi gætt fyrirmæla 164. gr. laga nr. 27/1951. Vegna þessara megingalla á formhlið málsins verður að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim í hérað, enda þótt úrskurðurinn sé að efni réttur, krafan um úrskurð tilefnislaus og kæran til Hæstaréttar vítaverð. Krafa um kærumálskostnað hefur eigi verið gerð, og verður hann því eigi dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 4. janúar 1955.

Dómarinn vísar til forsendna ókærðs úrskurðar hér að framan um það, að eiðvinning vitnis skuli fram fara fyrir fram, þar sem ekkert sé fram komið, er geri eiðvinningu vitnisins varhugaverða, og lítur svo á, að 101. gr. laga nr. 27/1951 sé því ekki heldur til fyrirstöðu.

Því úrskurðast:

Eiðfesting vitnisins Sigurðar Sigurðssonar skal fara fram samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 100. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála.

Miðvikudaginn 19. janúar 1955.

Nr. 163/1953. **Davíð Jóhannesson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Halldóri Jónssyni (Egill Sigurgeirsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Líndal prófessor.

Um eignarrétt að geymsluherbergi.

Dómur Hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Davíð Jóhannesson kaupmaður, hér í bæ, er orðinn eigandi 1. hæðar hússins nr. 34 við Víðimel ásamt húsrými því í kjallara, er hæðinni á að fylgja. Hefur Davíð því tekið við aðild málsins í stað Önnu Jónsdóttur, er hafði skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. október 1953, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Krefst áfrýjandi þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að fá áfrýjanda umráð geymslu þeirrar, sem hefur glugga móti austri og merkt er rauðum útlínum á héraðsdómsskjali 3, gegn því að stefndi fái í sinn hlut geymslu þá undir stiga, sem mörkuð er bláum útlínum á sama dómsskjali. Þá krefst

áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti samkvæmt mati dómsins.

Samkvæmt afsali 3. júní 1946 eignaðist stefndi kjallaraíbúð í húsinu nr. 34 við Víðimel svo og m. a. „geymslu í kjallara", án þess að nánar sé skýrt í afsalinu, við hvaða geymslu sé átt. Fyrir dómi hefur stefndi viðurkennt, að upphaflega hafi verið gert ráð fyrir því, að hann fengi geymslu þá undir stiga, sem merkt er bláum lit á framangreindu dómsskjali, en hins vegar hafi hann, að tilvísun seljanda, flutt muni sína í geymsluna, sem merkt er rauðum lit á dómsskjalinu, þar sem stigageymslan hafi þá verið full af munum annarra. Þrjú vitni hafa og borið, að stefndi hafi viðurkennt fyrir þeim, að nefnd geymsla undir stiga hafi fylgt með í kaupum hans á kjallaraíbúðinni árið 1946, en þar sem sú geymsla hafi ekki verið laus, þegar stefndi fluttist inn, hafi hann fengið afnot geymslunnar, sem merkt er rauðum lit á fyrrnefndu héraðsdómsskjali.

Samkvæmt þessu er í ljós leitt, að nefnd stigageymsla átti að fylgja kjallaraíbúðinni samkvæmt upphaflegum samningi aðilja. Og þar sem stefndi hefur ekki fært sönnur á, að hann hafi fengið geymslu þá, sem honum var fengin til afnota samkvæmt framanskráðu og er miklum mun stærri og verðmeiri en stigageymslan, til eignarumráða í stað stigageymslunnar, þykir áfrýjandi eiga rétt til geymslu þeirrar, er hann krefst í máli þessu, gegn því að stefndi fái stigageymsluna til umráða. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir fógeta að framkvæma gerð þá, sem krafizt er.

Þegar litið er til þess, hversu samningsákvæði í skiptum seljanda og kaupanda kjallaraíbúðarinnar voru óljós og seint var gerður reki að því að útkljá viðskipti þeirra, þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber

fógeta að fá áfrýjanda, Davíð Jóhannessyni, umráð geymslu þeirrar að Víðimel 34, sem hefur glugga móti austri og merkt er rauðum útlínum á héraðsdómsskjali 3, gegn því að stefndi, Halldór Jónsson, fái í sinn hlut geymslu þá undir stiga í sama húsi, sem merkt er bláum útlínum á sama dómsskjali.

Hvor aðilja ber kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 11. júní 1953.

Gerðarbeiðandi, Anna Jónsdóttir, Víðimel 34, hefur krafizt þess, að gerðarþoli, Halldór Jónsson, verði með fógetagerð sviptur umráðum geymsluherbergis, sem hann hefur undanfarið haft til afnota í kjallara hússins nr. 34 við Víðimel. Þá hefur gerðarbeiðandi krafizt þess, að gerðarþola verði gert að greiða sér málskostnað.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu útburðargerðar og krafizt málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Málið var lagt undir úrskurð fógeta að loknum munnlegum flutningi hinn 1. þ. mán. Uppkvaðning úrskurðar hefur dregizt vegna annríkis fógeta.

Hinn 3. júní 1946 selur þáverandi eigandi hússins nr. 34 við Víðimel, Guðjón Þórðarson, gerðarþola, Halldóri Jónssyni, kjallaraíbúð í húsi þessu. Í afsalinu, sem lagt er fram sem rskj. nr. 5, segir, að gerðarþola sé afsalað „... kjallaraíbúð (tvö herbergi og eldhús) í húsinu nr. 34 við Víðimel, hér í bæ, með öllu múr- og naglföstu, tilheyrandi leigulóðarréttindum að tiltölu, geymslu í kjallara og aðgangi að þvottahúsi og öllu öðru, er íbúð þessari fylgir og fylgja ber . . .".

Guðjón Þórðarson er nú látinn. Ekkja hans, Anna Jónsdóttir, gerðarbeiðandi máls þessa, ritar fógetarétti Reykjavíkur hinn 29. apríl s.l. og skýrir svo frá, að þar sem á afsalinu á rskj. 5 sé rætt um „geymslu í kjallara", sé átt við geymslukompu undir stiga í ytri forstofu kjallarans. Er geymsla þessi sýnd með bláum útlínum á uppdrætti af húsinu, sem lagður hefur verið fram í málinu sem rskj. nr. 3. Nú hafi staðið svo á, þá er gerðarþoli flutti inn í kjallaraíbúðina, að geymslukompa þessi hafi ekki verið tiltæk, en í staðinn hafi gerðarþoli til bráðabirgða fengið afnot annarrar geymslukompu, sem er inn af innri forstofu kjallarans, og er hún merkt með rauðum lit á rskj. 3. Hafi gerðarþoli síðan haft afnot þessarar geymslukompu. Nú skýrir gerðarbeiðandi svo frá, að að réttu lagi tilheyri geymslukompa þessi 1. hæð hússins, sem nýlega hafi verið seld, og sé sér því brýn nauðsyn að fá kompuna rýmda, en gerðarþoli hafi ekki viljað verða við því, þótt honum að

sjálfsögðu sé ljóst, til hvorrar kompunnar réttur hans stóð í upphafi.

Gerðarþoli skýrir svo frá, að í upphafi hafi verið gert ráð fyrir því, að hann fengi afsalað geymslunni undir stiga í ytri forstofu, en með því að sú geymsla hafi þá verið í notkun af öðrum, telur hann, að sér hafi verið fengin geymslan inn af innri forstofu til eignar til efnda á ákvæðum kaupsamnings, og við hana sé átt í afsalinu. Hafi og aldrei verið á það minnzt, fyrri en nú, að hann sleppti umráðum geymslukompunnar, enda kveðst hann nú neita að láta hana af hendi.

Í máli þessu hefur verið lögð fram greinargerð Bjarna Forbergs í fógetamáli, sem hann á sínum tíma átti í við Guðjón Þórðarson, en Bjarni var þá leigutaki Guðjóns á 1. hæð hússins nr. 34 við Víðimel. Segir Bjarni þar, að þá er Guðjón keypti húseign þessa á árinu 1945, hafi hann að beiðni Guðjóns látið honum eftir geymsluna inn af innri forstofu kjallarans, en fengið í staðinn aðra geymslu undir stiga í kjallaranum. Bjarni Forberg hefur mætt hér í réttinum og skýrir svo frá til viðbótar því, sem að framan greinir, að gerðarþoli, Halldór Jónsson, hafi farið fram á það við sig að fá umráð geymslunnar undir stiganum, og kveðst Bjarni hafa viljað ganga inn á það gegn því að fá til afnota geymslu þá, sem hér er um deilt í máli þessu. Af því hafi þó ekki orðið.

Gerðarþoli kveðst aldrei hafa átt tal við Bjarna Forberg allan þann tíma, sem þeir bjuggu báðir í húsinu.

Þormóður Ögmundsson lögfræðingur hefur mætt sem vitni í máli þessu. Hann kveðst hafa ritað afsalið á rskj. 5, að þeim viðstöddum Guðjóni Þórðarsyni og gerðarþola. Þeir Guðjón og gerðarþoli hafi þá verið sammála um það, að gerðarþola skyldi afsalað geymslu í kjallara, en þeim hafi hvorugum verið ljóst, hvaða geymsla það skyldi vera. Þormóður kveðst ekki síðan hafa komið við sögu máls þessa.

Í greinargerð Guðjóns Þórðarsonar í áður áminnztu fógetamáli hans við Bjarna Forberg segir, að Bjarni hafi látið Guðjón hafa afnot geymslu inn af innri forstofu kjallara gegn því að fá geymslu undir stiga í ytri forstofu. Nú hafi Guðjón selt kjallaraíbúðina og þar með geymslu þá, sem Bjarni var fluttur í. Bjarni hafi síðan neitað að rýma þá geymslu og kosti það Guðjón að láta hinn nýja eiganda kjallaraíbúðarinnar hafa eitt af íbúðarherbergjum sínum fyrir geymslu, en Guðjón mun um tíma hafa verið með ráðagerðir um að laga geymslu þá, sem nú er um deilt, til íbúðar.

Á rskj. 5 er gerðarþola afsalað geymslu í kjallara. Hann hefur nú allt frá miðju árinu 1946 haft umráð geymslukompu þeirrar, sem um er deilt í máli þessu. Hann hefur og haldið því fram, að til þess tíma, að mál þetta var höfðað, hafi aldrei verið farið fram á það við sig að rýma geymslukompuna, og verður ekki talið sannað, að svo hafi verið gert. Eftir því sem fram er komið í málinu, þykir

gerðarbeiðandi ekki hafa fært fram svo ríkar sönnur fyrir rétti sínum til hinnar umdeildu geymslu, að rétt þyki að svipta gerðarþola umráðum hennar með beinni fógetagerð.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna útburðargerð skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 19. janúar 1955.

Nr. 85/1953. **Njörður h/f** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Bæjarstjóra Siglufjarðarkaupstaðar f.h. bæjarsjóðs (Einar B. Guðmundsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. júní 1953. Hann krefst þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Hlutafélagið Njörður, áfrýjandi máls þessa, er skrásett á Akureyri. Þar er og stjórnarstöð þess og fyrirsvar. Félagið hefur á undanförnum árum, þar á meðal árin 1950 og 1951, rekið atvinnu bæði á Akureyri og Siglufirði, og hefur því verið gert að greiða útsvar í báðum kaupstöðunum.

Í máli þessu er krafizt lögtaks til heimtu útsvara og kirkjugarðsgjalda, sem áfrýjanda var gert að greiða í bæjarsjóð Siglufjarðar árin 1951 og 1952. Með lögum nr. 59/1947 var breyting gerð á 8. gr. laga um útsvör nr. 66/1945 og svo kveðið á, að reki félag atvinnu í fleiri sveitarfélögum en einu, þá megi á hverjum stað leggja á eignir félagsins þar og tekjur af þeim atvinnurekstri. Samkvæmt lagaboði þessu var álagning nefndra útsvara heimil, enda hefur því eigi verið hreyft, að lagt hafi verið á aðra gjaldstofna en þar greinir. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Njörður h/f, greiði stefnda, bæjarstjóra Siglufjarðarkaupstaðar f. h. bæjarsjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Eyjafjarðarsýslu 28. apríl 1953.

Gerðarþola, hlutafélaginu Nirði, sem er skrásett á Akureyri, var gert að greiða útsvör til Siglufjarðarbæjar árin 1951 og 1952, kr. 8520.00 hvort ár, og kr. 85.20 hvort ár í kirkjugarðsgjald, en þegar dráttur varð á, að gjöld þessi væru greidd, krafðist bæjargjaldkerinn lögtaks fyrir þeim ásamt dráttarvöxtum og málskostnaði eftir mati réttarins.

Gerðarþoli hefur látið mótmæla því, að gerðin fari fram, og mótmælt málskostnaðarkröfu gerðarbeiðanda og krafizt málskostnaðar sér til handa. Var málið sótt og varið munnlega og síðan lagt í úrskurð 24. þ. m.

Gerðarbeiðandi byggir kröfu sína fyrst og fremst á 8. gr. útsvarslaganna, 1. mgr., sbr. lög nr. 59 24. maí 1947. Telur hann, að eigi verði vefengt, að atvinnurekstur gerðarþola, sem hér hafi verið skattlagður, sé rekinn á Siglufirði, enda muni þetta félag beinlínis stofnað fyrst og fremst til að reka síldarsöltun á Siglufirði, félagið eigi þar verðmætar fasteignir og hafi þar fastan starfsmann árið um kring á mánaðarkaupi, sem annist alla fyrirgreiðslu á staðnum fyrir gerðarþola árið um kring. Samkvæmt því telur gerðar-

beiðandi sig hafa sannað, að fyrirtæki gerðarþola fullnægi ákvæði a-liðs 2. mgr. 8. gr. útsvarslaganna nr. 66/1945 um heimilisfasta atvinnustofnun. En jafnvel þótt ekki yrði litið svo á, að þetta væri heimilisföst atvinnustofnun á Siglufirði, þá væri gerðarþoli ótvírætt úrsvarsskyldur á Siglufirði samkvæmt lögum nr. 59/1947, enda sé bæjarsjóði Akureyrar óheimilt að leggja á gerðarþola, að því er varðar eignir og tekjur á Siglufirði samkvæmt þeim lögum. Loks hefur gerðarbeiðandi stutt kröfu sína á því, að gerðarþoli hafi greitt útsvar á Siglufirði bæði árin 1949 og 1950.

Gerðarþoli byggir kröfur sínar á því, að það sé skrásett félag á Akureyri og hafi jafnan greitt þar öll opinber gjöld samkvæmt 1. mgr. 8. gr. útsvarslaganna. Hann telur aðalatvinnurekstur sinn verkun síldar, en hann standi samkvæmt eðli sínu ekki lengur en 3—4 mánuði. Jafnframt telur hann sig hafa atvinnurekstur víðar, svo sem fiskkaup, og einnig hafi hann jafnan haft undirbúning að síldarsöltun á Akureyri, þótt eigi hafi orðið af söltun þar þessi ár vegna aflaleysis. Þá hefur hann talið, að ekki gæti það skorið úr um þetta, þótt hann ætti töluverðar fasteignir á Siglufirði, og vísar þar um til hæstaréttardóms milli aðilja frá 1942. Samkvæmt því telur hann, að skilyrði a-liðs 2. mgr. 8. gr. útsvarslaganna um fasta atvinnustofnun sé eigi fullnægt. Í því sambandi hefur hann einnig mótmælt því, að það breyti nokkru í þessu sambandi, þótt þeir hafi umboðsmann á Siglufirði allt árið, enda telji þeir laun hans ekki full árslaun, enda sé honum heimilt að taka að sér önnur störf þann tíma, sem ekki sé starfað í söltunarstöðinni. Gerðarþoli telur og, að lög nr. 59/1947 breyti ekki framangreindu ákvæði a-liðs greinarinnar í neinu, og geti þau því ekki haggað niðurstöðu hans um þetta efni. Um greiðslu útsvaranna á Siglufirði hefur gerðarþoli haldið því fram, að umboðsmaður þeirra á Siglufirði hafi greitt útsvarið fyrra árið án vitundar forráðamanna félagsins, en síðara árið hafi það verið greitt með fyrirvara, sbr. dskj. nr. 9.

Samkvæmt gögnum málsins er gerðarþoli hlutafélag og skrásett á Akureyri, en á síldarstöð, húseignir og bryggjur í Siglufjarðarkaupstað og hefur rekið þar síldarverkun um margra ára bil og virðist þetta hafa verið aðalrekstur félagsins. Við flutning málsins var upplýst, að allir stjórnendur félagsins og framkvæmdastjóri eru búsettir á Akureyri. Á Siglufirði hefur félagið einn mann í þjónustu sinni allt árið með 1800 króna grunnlaun á mánuði, og voru laun hans 1952 kr. 32.130.00, auk þess fólks, sem þar vinnur yfir aðalstarfstímann. Starf hans utan aðalsíldartímans er að hafa eftirlit með eignum félagsins á staðnum og annast aðra fyrirgreiðslu vegna félagsins. Ekki hefur verið sýnt fram á það með rökum, að þetta væri ekki aðalstarf mannsins allt árið. Þegar allt þetta er virt, telur rétturinn, að gerðarbeiðandi hafi leitt nægileg rök að því, að rekstur gerðarþola í Siglufjarðarkaupstað á þeim tíma, er skiptir máli, hafi verið slíkur, að teljast megi heimilisföst atvinnustofnun, sbr. a-lið

2. mgr. 8. gr. útsvarslaganna, og hafi gerðarbeiðanda því verið útsvarsálagningin heimil. Þar sem ekki hafa verið færð nein rök fyrir því, að farið hafi verið út fyrir mörk þau, er sett eru í lögum nr. 59/1947 við ákvörðun útsvaranna, og grundvöllurinn fyrir útsvarsálagningunni ekki í öðru tilliti vefengdur, ber að leyfa framgang gerðarinnar fyrir allri upphæðinni ásamt dráttarvöxtum og kostnaði við gerð þessa og uppboð, ef til kemur. Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 1000 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Gerð þessi á að ná fram að ganga.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 1000.00 í málskostnað.

Miðvikudaginn 19. janúar 1955.

Nr. 66/1954. **Garðar Vigfússon** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f.h. bæjarsjóðs (Tómas Jónsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Útsvarsmál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógeta, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. maí 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Krefst hann þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt rökum þeim, er greinir í úrskurði fógeta, ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Hvor aðilja ber kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Ólafs Jóhannessonar prófessors.

Áfrýjandi hefur jafnan átt lögheimili hjá foreldrum sínum að Húsatóftum í Skeiðahreppi, enda þótt hann hafi á ýmsum tímum árs leitað sér atvinnu utan heimilissveitar. Í öndverðum októbermánuði 1952 réðst hann aðstoðarkennari við skólann að Jaðri og starfaði þar til maíloka 1953. Ráðningartíminn var fyrir fram ákveðinn. Er áfrýjandi var skráður á manntal í Reykjavík haustið 1952, var þess jafnframt getið, að lögheimili hans væri að Húsatóftum. Þegar áfrýjandi fór frá Reykjavík vorið 1953, hvarf hann heim að Húsatóftum, og er eigi upplýst, að hann hafi stundað atvinnu í Reykjavík síðan. Áfrýjandi taldi fram til skatts í Skeiðahreppi og hefur greitt þar útsvar og önnur opinber gjöld, álögð árið 1953. Þegar litið er til framangreindra atvika, verður áfrýjandi ekki talinn útsvarsskyldur í Reykjavík gjaldárið 1953. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framkvæmd lögtaksins.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 1500.00.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að dómsorð ætti að hljóða svo:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Garðari Vigfússyni, kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 13. janúar 1954.

Gerðarþola, Garðari Vigfússyni, Jaðri við Elliðavatn, var gert að greiða útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir árið 1953 kr. 3000.00.

Þar eð hann hefur eigi greitt útsvar þetta, hefur borgarstjóri f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að það verði innheimt með lögtaki.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, þar eð hann telur, að hann hafi eigi verið útsvarsskyldur hér umrætt tímabil og að útsvarið hafi því ranglega verið á hann lagt hér.

Kveðst gerðarþoli eiga heima að Húsatóftum í Skeiðahreppi í Árnessýslu, þar sem foreldrar hans búa. Kveðst hann hafa komið hingað til bæjarins í öndverðum októbermánuði 1952 og hafa þá ráðizt sem aðstoðarkennari við skólann á Jaðri og starfað þar til maíloka 1953. Hann kveðst hafa verið skráður á manntal hér haustið 1952 með lögheimili að Húsatóftum, og þar kveðst hann hafa talið fram til skatts tekjur sínar á árinu 1952, enda hafi honum verið gert að greiða þar í hreppi fullt útsvar fyrir árið 1953, er hann hafi að fullu greitt.

Gerðarbeiðandi hefur haldið fast við kröfu sína um lögtak, og hafa aðiljar lagt atriðið undir úrskurð réttarins.

Samkvæmt framanskráðu er það upplýst í máli þessu, að gerðarþoli flytzt hingað til bæjarins frá Húsatóftum í Skeiðahreppi í Árnessýslu í öndverðum októbermánuði 1952 og að hann dvelst hér í atvinnuleit óslitið til maíloka 1953. Rétturinn lítur svo á, að er gerðarþoli fluttist hingað, hafi heimilisfesti hans í Skeiðahreppi rofnað, en hann öðlazt raunverulega heimilisfesti hér í bæ. Hann var réttilega skráður hér á manntal haustið 1952 og hann átti hér raunverulegt heimilisfang, er umrætt útsvar var hér á hann lagt, enda var hann hér þá í atvinnu. Hann var því útsvarsskyldur hér samkvæmt ákvæðum útsvarslaganna nr. 66/1945, sbr. 8. gr., og útsvarið því réttilega á hann lagt hér. Breytir engu í því efni, að gerðarþoli taldi á sínum tíma lögheimili sitt utan Reykjavíkur, enda er það raunverulegur dvalar- og atvinnustaður manna, er að jafnaði ræður því, hvar þeir eru útsvarsskyldir, en eigi það, hvar þeir kunna að telja lögheimili sitt hverju sinni (sbr. hæstaréttardóm 12. okt. 1945 í málinu nr. 120/1944 og hæstaréttardóm 30. maí 1947 í málinu nr. 59/1946).

Samkvæmt þessu þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Þriðjudaginn 25. janúar 1955.

Nr. 152/1954. **Ákæruvaldið** (Gunnar E. Benediktsson)
gegn
Páli Hallgrímssyni (Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærða var hinn 12. janúar 1954 dæmd refsing með dómi sakadóms Reykjavíkur fyrir brot gegn 244. gr. laga nr. 19/1940. Brot ákærða, sem lýst er í I. kafla hins áfrýjaða dóms, var framið hinn 5. janúar 1954. Ber samkvæmt þessu að dæma ákærða refsingu fyrir það brot samkvæmt 248. gr. sbr. 78. gr. laga nr. 19/1940. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Páll Hallgrímsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars E. Benediktssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 15. júní 1954.

Ár 1954, þriðjudaginn 15. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2628/1954: Ákæruvaldið gegn Páli Hallgrímssyni, er tekið var til dóms 11. þ. m.

Með ákæruskjali, dags. 31. f. m., er Páll Hallgrímsson verkamaður, nú refsifangi, ákærður fyrir að hafa framið þessi lagabrot:

I. Að hafa þriðjudaginn 5. janúar s.l. tekið á leigu bifreið og látið bifreiðarstjórann, Sigurð Anton Jónsson, aka sér um bæinn, unz ökugjaldið nam kr. 60.00, og eiga ekki fé til greiðslu þess.

II. Að hafa miðvikudaginn 10. marz s.l. fengið afgreiðslustúlku í Ferðaskrifstofunni til að afhenda honum farangur, sem Hilmar Indriðason frá Raufarhöfn átti þar geymdan, með því að segja henni, að hann ætti að taka farangurinn, en slá síðan eign sinni á hann.

Brot þessi eru talin varða við 248. gr. laga nr. 19/1940, og ákærist Páll til að sæta refsingu samkvæmt því ákvæði, sviptingu réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. sömu laga og til greiðslu bóta og málskostnaðar.

Ákærði, sem fæddur er 22. janúar 1932 á Sauðárkróki, hefur áður sætt þesum kærum og refsingum:

1947 1/11 Uppvís að þjófnaði. Sendur á upptökuheimili til rannsóknar. Dr. Símon Jóh. Ágústsson gaf skýrslu.

1949 20/11 Uppvís að þjófnaði. Málssókn felld niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins 13. desember 1949.

1951 26/1 Rvík. Dómur aukaréttar: 4 mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna. Skaðabætur í sama máli kr. 888.00.

1951 28/2 Rvík. Dómur: 4 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.

1952 12/1 Rvík. Dómur: 10 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 110. og 244. gr. hegningarlaganna.

1953 6/3 Rvík. Dómur: 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaganna.

1954 12/1 Rvík. Dómur: 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaganna.

Málavextir eru þessir samkvæmt eigin játningu ákærða og öðrum gögnum:

I.

Hinn 5. janúar s.l. kom ákærði á bifreiðastöðina Bifröst og tók bifreið á leigu. Ók bifreiðarstjórinn Sigurður Anton Jónsson með ákærðan, unz ökugjaldið nam 60 kr. Ákærði átti ekki fé til að greiða ökugjaldið, en ekki minntist ákærði á féleysi sitt við bifreiðarstjórann, áður en þeir hófu ferðina. Ákærði hefur þannig gerzt brotlegur við 248. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Þriðjudaginn 9. marz s.l. kom ákærði hingað til Reykjavíkur frá Vestmannaeyjum, þar sem hann hafði verið á bát. Samferða honum var Hilmar Indriðason frá Raufarhöfn. Er þeir komu hingað, fengu þeir dót sitt geymt í Ferðaskrifstofu ríkisins og fengu kvittun hvor um sig.

Daginn eftir fór ákærði til Ferðaskrifstofunnar og fékk þar afhent dót sitt gegn afhendingu kvittunarinnar. Þá sá hann þar dót Hilmars, en það var ein stór ferðataska, strigapoki og sjópoki. Ákærði sagði stúlkunni, sem afgreiddi hann, að hann ætti að taka dót þetta, og lét hann líta svo út sem hann hefði haft kvittunina fyrir því, en væri búinn að týna henni. Varð það úr, að stúlkan afhenti honum dót Hilmars. Saga ákærða um, að hann ætti að taka dót fyrir Hilmar, var tilbúningur einn. Sló ákærði eign sinni á dótið og hafði það með sér um borð í bát, er hann réðst á. Þegar hann var handtekinn og upp komst um brot hans, var allmikið af fatnaði og sængurfötum í vörzlum hans, er Hilmar átti, og var því skilað, en nokkuð var ákærði búinn að selja, og virðist það hafa verið 3 skyrtur og buxur.

Með verknaði þeim, er nú hefur verið lýst, hefur ákærði gerzt brotlegur gegn 248. gr. laga nr. 19/1940. Bótakrafa kom ekki fram.

III.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuði.

Svipta ber hann kjörgengi og kosningarrétti til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Þá ber að dæma hann til að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal 400 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans, Áka Jakobssonar hdl. Enn fremur ber að taka til greina kröfu Sigurðar Antons Jónssonar um, að ákærði greiði honum kr. 60.00, en þá kröfu hefur ákærði samþykkt.

Dómsorð:

Ákærði, Páll Hallgrímsson, sæti fangelsi í 6 mánuði. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Sigurði Antoni Jónssyni kr. 60.00.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal 400 kr. í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Áka Jakobssonar héraðsdómslögmanns.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 25. janúar 1955.

Nr. 40/1954. **Jón Rósberg Stefánsson** (Ragnar Jónsson)
gegn
Gunnari Auðunni Stefánssyni
(Vilhjálmur Jónsson)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Lindal prófessor.

Skaðabótamál út af bílslysi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1954. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 18.165,18 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. desember 1953 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 17. maí 1954. Krefst hann *aðallega* sýknu af kröfum aðaláfrýjanda, að hvor aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu í héraði og aðaláfrýjanda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst gagnáfrýjandi staðfestingar héraðsdóms að öðru leyti en því, að málskostnaður í héraði verði lækkaður og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Hvor aðilja ber kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 9. marz 1954.

Mál þetta, sem fyrst var dómtekið 26. f. m., en síðar upptekið af dómaranum og endanlega tekið til dóms 3. þ. m., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu samkvæmt samkomulagi aðilja með stefnu útgefinni 12. desember s.l. af stefnanda, Jóni Rósberg Stefánssyni bifreiðarstjóra, Gránufélagsgötu 17 hér í bæ, gegn stefnanda, Gunnari Auðunni Stefánssyni bifreiðarstjóra, Reyðarfirði. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 18.165,18 auk 6% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Alls var bótakrafa stefnanda kr. 25.165,18, en af því höfðu kr. 7000,00 verið greiddar, áður en málið var höfðað.

Stefndi hefur mótmælt kröfunni sem of hárri og krafizt þess, að dómarinn skipti tjóninu og færði niður bæturnar til stefnanda, miðað við sök hvors aðilja um sig í því, og að málskostnaður verði felldur niður eða dæmdur aðeins að hluta.

Með greinargerð í málinu áskildi stefndi sér rétt til að koma fram bótakröfu sinni vegna skemmda á U 64 með skuldajöfnuði eða gagnkröfu til sjálfstæðs dóms, og hefur hann með dskj. nr. 17 komið fram með gagnkröfu til skuldajafnaðar, að upphæð kr. 5.543,37, og er þess krafizt, að krafa þessi verði tekin til greina til skuldajafnaðar við kröfu stefnanda í því hlutfalli, sem sökinni af árekstrinum verður skipt milli aðilja. Stefnandi hefur mótmælt þessari kröfu með sömu rökum og hann hefur stutt kröfu sína í þessu máli.

Atvik málsins eru í höfuðdráttum sem hér greinir. Mánudaginn 31. ágúst s.l. var stefnandi á ferð í bifreið sinni A 566 austur í Þingeyjarsýslu. Þegar hún var komin skammt austur fyrir Fosshól, var vörubifreiðinni U 64 ekið á móti henni, og varð af allmikill árekstur milli bifreiðanna og skemmdust þær báðar, en A 566 þó mikið meira. Hvorug bifreiðin valt þó, og engin meiðsli urðu á mönnum, svo að teljandi væri. Bifreiðinni U 64 stýrði stefndi, eigandi hennar. Bifreiðaeftirlitinu á Akureyri var gert aðvart í síma um kl. 18:00 sama dag, og brá bifreiðaeftirlitsmaður Snæbjörn Þorleifsson þegar við og fór á slysstaðinn og var kominn þangað um kl. 19:45, og voru þá báðar bifreiðarnar enn óhreyfðar eftir árekstrinn, að því er sagt var. Bifreiðaeftirlitsmaðurinn gerði athuganir á slysstað og bráðabirgðauppdrátt, og var hann upphaflega lagður fram í rannsókn málsins í sakadómi og síðar í þessu máli. Stefnandi var einn í sinni bifreið, sem er af Kaiser-gerð 1952 og var tekin í notkun sem nýr vagn 26. júní s.l. Ekki var neitt hægt að keyra þá bifreið eftir árekstrinn, svo að stjórntæki hennar urðu ekki prófuð. Bifreiðin U 64, sem er Ford-vörubifreið, smíðaár 1947, hafði við skoðun 13. júní s.l. verið í lagi, en við prófun á hemlum hennar eftir slysið reyndust fóthemlar ekki öruggir, þannig að það þurfti að tvístíga á þá, svo að þeir tækju vel í, og handhemill var svo til óvirkur. Stefnandi var einn í sinni bifreið, en einn maður var með stefnda,

og sat hann við hlið hans. Á palli þeirrar bifreiðar var herpinót, og er talið, að hún hafi valdið nokkru hafermi á bifreiðinni. Árekstrinn bar þannig að, að höggin hafa lent framantil á bifreiðunum, og ljóst er af framlögðum ljósmyndum, að höggið á U 64 hefur komið hægra megin á framvara, hægri aurhlíf, og hægra megin á vatnskassahlíf, og beyglaðist það allt meira og minna. Skemmdir á A 566 urðu miklar, m. a. á báðum frambrettum, vélarhlíf, kæligrind, framvara og einnig á undirvagni.

Svo hagar til á slysstaðnum, að því er ætla má af gögnum málsins, að vegurinn er þarna í halla, að því er bifreiðaeftirlitsmaðurinn Snæbjörn Þorleifsson hefur áætlað 1:15—20, en nokkur slakki er nokkru neðar en þar sem árekstrinn varð. Á brekkubrúninni er útleggjari fyrir bifreiðar til að mætast á, og er talið samkvæmt framlögðum uppdrætti, að árekstrinn hafi orðið um 25 m neðan við hann. Breidd vegarins á slysstað er aðeins 3,6 m, en nokkru ofar í brekkunni um 4 m, og er talið, að frá því að nefndum afleggjara sleppir, sé eigi hægt fyrir bifreiðar að mætast, fyrr en komið er niður undir Fosshól, eða um 200 m neðar. Breidd bifreiðanna reyndist sú, að U 64 var 2,2 m, og A 566 1,91 m. Austan við vegarkantinn við árekstrarstaðinn er lágur bakki eða gamall uppgröftur, og telur fyrrnefndur bifreiðaeftirlitsmaður hann grasi gróinn og sem næst þverhníptan við veginn, en aðeins um 1 fet á hæð, en bifreiðaeftirlitsmaðurinn Svafar Jóhannsson, sem fór á slysstaðinn til athugunar viku eftir slysið, telur hann ávalan, að því er hann bezt myndi. Því næst tekur við skurður, sem er mjög grunnur efst í brekkunni, en dýpkar eftir því sem neðar kemur, og telur fyrrnefndi bifreiðaeftirlitsmaðurinn hann um 1 m djúpan við slysstað. Hefur hann borið, að ekki væri hægt að aka austur af veginum við slysstaðinn, en Svafar Jóhannsson hefur hins vegar borið, að hann teldi, að hægt hefði verið að aka austur af veginum, án þess að það ylli hættu á veltu. Hinum megin vegarins er talið ógreiðfærara eða jafnvel ófært til að aka þar út af.

Samkvæmt uppdrættinum eru hemlaför A 566 ofurlítið til hægri á veginum, og eru um 17 m á lengd, en við árekstrinn kastaðist bifreiðin 3—4 m til baka og á ská til hliðar, svo að hægra afturhjól fór út í vesturkant. Samkvæmt uppdrættinum stendur U 64 ofurlítið skökk á veginum, að aftan 1,36 m og að framan 0,95 m frá vinstri kanti, og hemlaförin eru um 1 m frá þeim kanti. Síðar bar bifreiðaeftirlitsmaður Snæbjörn Þorleifsson, að mælingin við framhjólið myndi eiga við hægra hjólið, en eigi það vinstra, og hafi vinstra hjólið verið alveg úti í kanti, og bifreiðin hafi því verið mikið meira á ská á veginum en sýnt sé á uppdrættinum. Einnig hefur síðast nefndur bifreiðaeftirlitsmaður sagt í skýrslu sinni, að veður hafi verið bjart og vegurinn þurr, en nokkuð laus á slysstaðnum. Eins og áður er að vikið, fór bifreiðaeftirlitsmaður Svafar Jóhannsson á slysstaðinn til athugunar viku eftir slysið, þ. e. 7. sept.

s.l., og hefur skýrsla hans verið lögð fram í málinu og einnig hefur hann mætt sem vitni í því. Segir þar m. a., að lengd útleggjarans á hæðinni sé 19 m og mjókki inn til vegarins á 2 m (alls 21 m). Þá var jeppabifreið lagt á veginn þar, sem lægðin er í hann, og síðan var vörubifreið ekið áleiðis að slysstaðnum ofan frá og athuguð útsýn eftir veginum, og kom þá í ljós, að 1 m ofan við útskotið sást í jeppabifreiðina, en af miðju útskotinu sást allur vegurinn. Þá sagði vitni þetta, að þegar það kom á slysstaðinn, hafi það séð glerbrot á veginum og hjólför, sem það áleit vera eftir U 64, og hafi það verið utan við afturhjólförin (austan megin). Upplýst er, að engin hættumerki voru á hæðinni ofan við slysstaðinn, þegar slys þetta bar að, en hafi verið sett þar á eftir, og að vegurinn þar fyrir ofan sé nokkru breiðari, svo að þar sé jafnvel hægt að mætast utan útleggjara, ef varlega sé farið.

Opinber rannsókn fór fram út af slysi þessu fyrir sakadómi bæði á Akureyri og Reyðarfirði. Undir þeirri rannsókn, sem lögð hefur verið fram í málinu, skýrði stefnandi þannig frá atvikum að árekstrinum. Hann var staddur neðst í brekkunni, rétt austan við Fosshól, þegar hann sá vörubifreiðina koma á móti sér, og var hann þá á 50—60 km hraða. Hann kvaðst þá þegar hafa snarhemlað, og hafi hemlunin tekizt vel, en bifreið hans hafi þó ekki verið alveg stöðvuð, þegar árekturinn varð. Telur hann, að bifreið hans hafi runnið svo langt, sem raun varð á, þótt upp í móti væri, vegna þess að hún var tóm. Hann telur sig hafa ekið í hjólförunum sem næst miðjum vegi, en hefur þó eigi vefengt setningu hemlafaranna né sjálfrar bifreiðarinnar á uppdrættinum. Hann kvaðst hafa lagt kapp á að stöðva bifreiðina og sagði, að tilgangslaust hefði verið að reyna að víkja bifreiðinni út á kant vegna þess, að engin leið hafi verið að mætast þarna og ekki hægt að keyra út af þar megin og staðhæfði, að hann hafi ekkert annað getað gert til að reyna að forða árekstrinum en hann gerði. Þá bar hann, að honum hafi virzt hraði U 64 vera geysimikill, en treysti sér þó ekki til að nefna neina kílómetratölu. Jafnframt sagði hann, að U 64 hefði ekki verið hemlað strax og ökumaðurinn hefði átt að sjá A 566, en ekki kvaðst hann fullyrða, að hægt hefði verið að forða árekstri, þótt svo hefði verið gert, en mikið hefði mátt draga úr honum. Ökumaður A 566, stefnandi þessa máls, hefur jafnan haldið því fram, að U 64 hafi ekki verið stöðvuð, þegar árekturinn varð.

Stefnandi skýrði svo frá, að þegar hann hafi komið á brekkubrúnina rétt austan við Fosshól og var kominn fram hjá afleggjaranum, hafi hann séð fólksbifreið koma á móti sér, og virtist honum hún vera á allmikilli ferð, en treysti sér ekki til að áætla hraðann nánar og gat ekki um borið, hversu langt hafi þá verið milli bifreiðanna. Hann kvað sér strax hafa orðið ljóst, að ekki væri hægt að mætast þarna, og hafi hann því strax sveigt yfir í vinstri vegar helming og „klosshemlað". Áður en hann hemlaði, telur hann sig

hafa verið á 40—50 km hraða og á 3ja ganghraðastigi og á háa drifinu. Hann kvaðst hafa verið búinn að verða þess áskynja á leiðinni, að fóthemlarnir verkuðu ekki vel í fyrsta skipti, sem stigið var á þá, og sagðist hann því hafa verið búinn að dæla einu sinni og haft fótinn á fótstiginu, þegar hann kom á hæðina, og sagði, að hemlarnir hafi þá verkað eðlilega. Hann sagði, að bifreiðin hefði runnið á hemlunum nokkurn spöl niður brekkuna, og hafi þá afturhluti hennar leitað inn á veginn m. a. vegna farmsins, en framhjólið hafi skafið uppmoksturinn. Þá hefur hann haldið því fram, að bifreið hans hafi verið stöðvuð, þegar áreksturinn varð, og hafi hún stöðvazt þannig, að vinstra framhjólið hafi staðið uppi á uppmokstrinum, en hægra hjólið rétt við hann, og hafi bifreiðin því stöðvazt mjög þvert á veginum. Hann áleit, að erfitt hefði verið fyrir sig að aka út af veginum vegna uppmokstrarins og skurðarins. Ekki gat stefndi um borið, á hversu mikilli ferð A 566 hefði verið, þegar áreksturinn bar að. Loks hefur stefndi borið það, að eftir áreksturinn hafi glerbrot úr A 566 legið við framvara U 64, og sýni það, að sú síðarnefnda hafi ekki verið á mikilli ferð.

Auk sjálfra aðilja þessa máls var aðeins einn sjónarvottur að árekstrinum, Einþór Jóhannsson, bifreiðarstjóri frá Reyðarfirði, sem mætti sem vitni í hinu opinbera máli, og staðfesti hann framburð sinn með eiði. Vitnið bar, að U 64 hefði verið stöðvuð, áður en áreksturinn bar að, og benti á það því til stuðnings, að glerbrot, sem hafi verið að einhverju leyti úr A 566, hafi legið beint niður undan framvara U 64. Vitnið sá A 566 aðeins stutta stund, áður en áreksturinn varð, og gat ekki gert neina grein fyrir hraða hennar. Vitnið telur, að ekki hefði verið hættulaust fyrir stefnda að aka þarna út af veginum.

Umboðsmaður stefnanda hefur haldið því fram í máli þessu, að stefnandi eigi alla sök á árekstrinum og beri honum því að bæta að fullu það tjón, sem umbjóðandi hans hefur orðið fyrir, og byggir hann það einkum á eftirfarandi rökum. Stefndi hafi farið fram hjá útleggjara skömmu fyrir áreksturinn, þegar hann hlaut að vera farinn að sjá til ferða umbjóðanda hans, og telur, að hann hafi farið allt að 47 m frá því, að hann hefði átt að sjá til umbjóðanda hans, þar til áreksturinn varð, enda hefði hann átt að sjá fyrr til A 566, þar sem hann hefði verið að fara niður brekkuna og bifreið hans verið hærri. Hemlar hjá stefnda hafi verið í ólagi, og hefði það eigi komið að gagni, þótt hann hefði dælt nokkru áður inn á þá. Þá hafi hraði U 64 verið of mikill og að U 64 hafi eigi verið stöðvaður, þegar áreksturinn varð, og hefur m. a. byggt það á því, hversu A 566 kastaðist langt aftur á bak, og hefur mótmælt framburðum þeirra, er í U 64 voru, um þetta atriði. Jafnframt hefur hann stuðzt við álit bifreiðaeftirlitsmannanna, er að framan eru nefndir, um þetta atriði, en þeir hafa byggt það álit sitt, að U 64 hafi getað verið stöðvuð, á því, hversu U 64 skemmdist að framan, sbr. ljósmyndirnar á dskj.

nr. 3—5, þ. e. hversu höggið virðist hafa komið að þeirra áliti framan á hana, en svo hefði eigi orðið, ef hún hefði verið komin út í kantinn vinstra megin og svo skökk á veginum, sem hún var eftir árekstrinn, enda hefði A 566 eigi lent á henni fyrr en aftarlega á frambretti eða við hurð. Einnig hefur hann haldið því fram, að U 64 hefði ekki orðið stöðvuð á 4 m, miðað við aðstæður og þann hraða, er stefndi hefði upp gefið. Þá telur hann, að stefndi hefði getað ekið út af til að forða árekstri, án þess að stofna neinu í hættu, og loks hefur hann haldið því fram, að samkvæmt 2. tölul. 8. gr. reglugerðar nr. 72/1937, að U 64 hefði átt að vægja fyrir A 566. Hins vegar hefur hann haldið því fram, að umbjóðandi hans hafi ekkert af sér brotið. Þannig telur hann, að ósannað sé, að hraði hans hafi verið of mikill miðað við, hversu vegurinn hefði verið auður á löngu svæði framundan, þegar hann sá U 64, og að stefnandi hafi ekki getað reiknað með svo miklu gáleysi hjá stefnda, sem raun hafi á orðið.

Umboðsmaður stefnda hefur, eins og áður greinir, krafizt skiptingar á tjóninu, þar sem stefnandi sé meðsekur um skaðann og eigi jafnvel meginsök á honum, og hefur hann einkum byggt það á þessum rökum. Akstur stefnanda hafi verið of hraður og óvarkár, miðað við aðstæður, og telur, að hraðinn hafi verið meiri en 50—60 km á klst., og hafi hann gerzt brotlegur við 4. gr. umferðarlaganna og 26., 27. og 28. gr. bifreiðalaganna, og hefur hann einnig byggt það á því, hversu lengi bifreiðin var að stöðvast og hversu langt hún rennur aftur á bak við árekstur inn. Hann hefur viðurkennt þá yfirsjón umbjóðanda síns að hafa eigi fyrr séð til ferða A 566 en raun varð á, en telur, að hann hafi þá þegar gert raunhæfar ráðstafanir til að reyna að forða slysi. Því til afsökunar, að umbjóðandi hans fór fram hjá útleggjaranum, hefur hann einkum fært það, að engin hættumerki voru við hann og vegurinn þar austurundan hafi verið breiðari en á slysstaðnum. Hann telur umbjóðanda sinn enga aðstöðu hafa haft til að keyra út af veginum vegna staðhátta og þess, að hann var með háfermi á palli og farþega í stýrishúsi. Hann telur, að víst sé, að U 64 hafi verið stöðvuð, þegar árekstur inn varð, þar sem óaðfinnanlegt vitni hafi borið það með stefnda, og einnig bendi glerbrotin, sem voru við framvarann, til þess sama. Hann hefur mótmælt framburði bifreiðaeftirlitsmannanna um þetta og telur, að ljósmyndirnar sýni, að höggið hafi komið töluvert mikið skáhallt á U 64. Sérstaklega hefur hann mótmælt framburði Svafars Jóhannssonar um þetta efni vegna þess, að þegar hann hafi komið á staðinn viku síðar, hafi verksummerki eigi verið svo glögg, að hægt væri að byggja álit um stöðu U 64 á þeim. Þá telur hann, að 2. tölul. 8. gr. reglugerðar nr. 72/1937 eigi hér ekki við, en hefur hins vegar bent á ákvæði 4. mgr. 28. gr. bifreiðalaga til stuðnings umbjóðanda síns. Aðstöðu til að sjá til hinnar bifreiðarinnar telur hann hafa verið hina sömu hjá báðum bifreiðarstjórunum.

Það er upplýst og viðurkennt, að stefndi ók fram hjá útleggjara, sem er um 25 m frá slysstað, þótt hann hefði þá átt að sjá til ferða A 556, og var enn frekari ástæða til þess, þar sem halli var framundan og hemlar bifreiðarinnar eigi í góðu lagi. Einnig sýnir það mikið eftirtektarleysi hjá stefnda að veita A 566 eigi fyrr athygli en raun ber vitni, sbr. hemlaför eftir bifreið hans. Þótt eigi verði talið sannað, að hraði U 64 hafi verið meiri en 40—50 km á klst., verður það að teljast gálauslega ekið, eins og á stóð. Eins og að framan er vikið, greinir aðilja á um, hvort U 64 hafi verið stöðvuð eða eigi, þegar áreksturinn bar að. Með tilvísun til þeirra gagna, er að framan eru rakin, telur rétturinn eigi nægileg rök fram komin fyrir því, að bifreiðin hafi verið stöðvuð, til að hægt sé að byggja á því. Hins vegar telur rétturinn, að eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, verði ekki talið, að stefnandi hafi haft aðstöðu eða ráðrúm til að aka út af í tæka tíð. Þær staðreyndir, að A 566 stöðvast ekki með því að renna um 17 m á hemluðum hjólum upp í móti töluverðri brekku og kastast síðan 3—4 m aftur á bak við áreksturinn, bendir ótvírætt til þess, að hraðinn hafi verið æðimikill, en þótt svo verði álitið, að ósannað sé, að hraðinn hafi verið meiri en 60 km., en það er jafnt hámarkshraða sbr. 2. mgr. 26. gr. bifreiðalaganna, þá verður að telja það of hratt og gálauslegt miðað við það, að „blind" brekka var framundan, og enn fremur hefði hann á slíkum stað átt að halda sér vel til vinstri á veginum, enda verður að telja, að ef svo hefði verið, hefði verið meiri möguleikar á að forða eða draga úr tjóninu, þrátt fyrir það, hversu vegurinn er mjór. Með tilliti til þess, sem nú var sagt og yfirleitt til gagna þeirra, er að framan eru rakin, telur rétturinn, að skipta beri sökinni af tjóninu, sem varð á báðum bifreiðunum, til helminga.

Þá ber að athuga upphæð tjónsins.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig:

Viðgerðarkostnaður á A 566	kr.	14.565,18
Verðmætisrýrnun á A 566	—	5.000,00
Tjón vegna afnotamissis A 566 í 20 daga	—	5.600,00
Samtals	kr.	25.165,18

Af þessari upphæð hefur vátryggingarfélag U 64 greitt kr. 7000,00, svo að stefnukrafan er kr. 18.165,18, eins og áður segir. Upphæð viðgerðarkostnaðarins hefur eigi verið mótmælt, enda var hér um svo til alveg nýja bifreið að ræða, og verður því sú upphæð lögð til grundvallar. Umboðsmaður stefnds hefur mótmælt liðnum vegna verðmætisrýrnunar og hefur einkum fært fram gegn þeim lið það, að eigi megi selja bifreiðina nema skattar þeir til ríkissjóðs af henni, er eftir voru gefnir með skilyrðum, verði greiddir. Rétturinn lítur svo á, að svo mikil skemmd á svo nýrri bifreið, eins og hér var um að ræða, hljóti að rýra hana í verði, þrátt fyrir viðgerð, og þegar

meðal annars er tekið tillit til þess, að selja má bifreiðina á frjálsum markaði, þegar greind gjöld hafa verið greidd, ber stefnanda að fá bætur vegna þessa úr hendi stefnda, og þar sem upphæðin er byggð á mati útnefndra matsmanna og matinu hefur eigi verið mótmælt, enda virðist upphæðinni í hóf stillt, verður hún lögð til grundvallar. Upphæð tjónsins vegna afnotamissis bifreiðarinnar A 566 hefur eigi verið mótmælt, og verður sú upphæð því til greina tekin.

Upphæð skuldajafnaðarkröfunnar hefur eigi verið mótmælt, og verður hún því til greina tekin með fullri upphæð. Dæma ber því stefnda til að greiða stefnanda helming af öllu tjóni hans kr. 12.582,59, að frádregnum kr. 7000,00, sem þegar er greitt, og helming þess tjóns, er varð á U 64, kr. 2.771,68, eða kr. 2.810,91 auk vaxta eins og krafizt er frá stefnudegi til greiðsludags. Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda kr. 1000,00 í málskostnað.

Dóminn kvað upp Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógeta á Akureyri.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Auðunn Stefánsson, greiði stefnanda, Jóni Rósberg Stefánssyni, kr. 2.810,91 auk 6% ársvaxta frá 12. des. 1953 til greiðsludags og kr. 1000, í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. janúar 1955.

Nr. 3/1955. **Hjálmar Þorsteinsson**
gegn
Loftleiðum h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. desember 1954, er hingað barst 7. þ. m. Krefst hann þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur krafizt staðfestingar hins kærða frávísunardóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Svo sem getið er í hinum kærða dómi, var málshöfðunarfrestur samkvæmt 1. málsgrein 37. gr. laga nr. 77/1921 liðinn, er aðalmálið var höfðað. En eins og kröfugerð sóknaraðilja í aðalmálinu og aðalfundarsamþykkt varnaraðilja frá 15. október 1953 er háttað, gildir nefndur málshöfðunarfrestur ekki um málssókn sóknaraðilja samkvæmt 2. málsgrein 37. gr. sbr. f-lið 2. málsgreinar 31. gr. laga nr. 77/1921, og getur hann því ekki staðið málssókninni í vegi.

Sóknaraðili átti, svo sem segir í hinum kærða dómi, að gefa aðiljum þeim, sem hlutabréf hafa fengið úr hendi varnaraðilja samkvæmt aðalfundarsamþykktinni frá 15. október 1953, kost á að gæta hagsmuna sinna í málinu. Ber því með skírskotun til raka hins kærða dóms um þetta atriði að staðfesta hann.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Hjálmar Þorsteinsson, greiði varnaraðilja, Loftleiðum h/f, kærumálskostnað, kr. 1000,00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 10. desember 1954.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar um framkomna frávísunarkröfu 11. f. m., hefur Hjálmar Þorsteinsson húsgagnameistari, Klapparstíg 26, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 11. júní s.l., gegn stjórn Loftleiða h/f, hér í bænum, fyrir hönd félagsins.

Málavextir eru þessir:

Hið stefnda hlutafélag, Loftleiðir h/f, var stofnað 3. apríl 1944. Hið upphaflega hlutafé félagsins var 161.000 krónur, og skyldu hlutabréfin hljóða á nafn. Hlutaféð var síðan aukið, og á hluthafafundi, sem haldinn var 29. nóvember 1944, var félagsstjórninni heimilað að auka hlutafé félagsins upp í 2 milljónir króna. Jafnframt var lögum félagsins breytt, og munu gildandi lög þess vera frá júlí-

mánuði 1946. Þar segir svo í 4. gr. m. a.: „Hlutafé félagsins er kr. 914.000.00. Skiptist hlutaféð í 1000 og 100 króna hluti. Félagsstjórninni er heimilt, að hlutaféð skuli aukið upp í allt að kr. 2.000.000.00."

Í 6. gr. er ákveðið, að minnst 55% af hlutabréfum félagsins skuli vera nafnskráð.

Þá segir svo í 5. gr.: „Hluthafar skulu jafnan hafa forkaupsrétt á aukningu á hlutum í hlutfalli við skrásetta hlutaeign sína, en að öðru leyti fer aukningin fram eftir þeim reglum, er félagsstjórn, í samráði við löglega boðaðan fund í félaginu, setur í hvert skipti."

Eftir þetta var enn safnað nýju hlutafé, unz seld höfðu verið hlutabréf að nafnverði samtals kr. 1.328.000.00, þar af nafnskráð hlutabréf fyrir kr. 942.400.00.

Á aðalfundi félagsins, sem haldinn var 15. október 1953, var meðal annars gerð svohljóðandi samþykkt: „Jafnframt samþykkir fundurinn að heimila stjórn félagsins, sem kosin verður á þessum fundi, að auka hlutafé félagsins upp í kr. 2.000.000.00." Og til viðbótar: „Ef til hlutafjárútboða kemur samkvæmt heimild þessari, skulu hluthafar félagsins ganga fyrir kaupum á hlutabréfum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína í félaginu."

Stjórn félagsins auglýsti síðan í 12. tölublaði 47. árgangs Lögbirtingablaðsins, sem út kom 17. febrúar s.l., hlutafjárútboð með svolátandi auglýsingu, dags. 1. s. m.:

„*Hlutafjárútboð.* Samkvæmt ákvörðun aðalfundar í Loftleiðum h/f, sem haldinn var 15. október 1953, verður hlutafé félagsins aukið í kr. 2.000.000.00 — tvær milljónir króna. — Hluthafar njóta forkaupsréttar í hlutfalli við hlutafjáreign sína í félaginu. Gefst hlut höfum hér með kostur á að skrifa sig fyrir aukningarhlutum, samkvæmt ofansögðu, enda sé það gert fyrir 1. marz n. k. og verði hlutabréfin greidd við afhendingu þeirra".

Stefnandi og nokkrir aðrir hluthafar töldu þessa auglýsingu félagsstjórnarinnar ekki fullnægjandi og aðferð hennar af þessu efni ekki lögmæta. Rituðu þeir því félagsstjórninni sameiginlegt bréf, dags. 25. febrúar s.l., þar sem þeir í 6 liðum setja fram aðfinnslur við gerðir félagsstjórnarinnar og sjónarmið sín.

Í fyrsta lagi mótmæltu þeir sem ólöglegri þeirri aðferð að auglýsa hlutafjáraukninguna aðeins í blaði, sem mjög fáir hluthafar lesi, og það svo seint, að þeir fáu, er lesi Lögbirtingablað, sjái ekki auglýsinguna fyrr en 10—11 dögum áður en fresti til að tilkynna þátttöku í aukningarhlutum sé lokið. Telja þeir skylt að auglýsa slíkt útboð með sama fyrirvara og aðalfund í öllum blöðum landsins, útvarpi og auk þess tilkynna það bréflega eigendum nafnskráðra hlutabréfa.

Þá sé upphæð fyrirhugaðrar hlutafjáraukningar ekki auglýst, og telja þeir það ólöglegt.

Í þriðja lagi mótmæla bréfritararnir því, að löglegt sé að bjóða

til sölu aukningarhluti fyrir nafnverð. Beri það til, að hlutabréf félagsins séu miklu meira virði, og sé með þessu rýrð óeðlilega hlutafjáreign fyrri hluthafa.

Í 4. lið telja bréfritararnir, að skylt sé að setja fyrirfram reglur um það, hversu fara skuli um aukningarhluti, sem hluthafar neyta ekki forkaupsréttar að við fyrsta útboð, og benda sérstaklega á ákvæði 5. gr. samþykktanna um, að „hluthafar skulu jafnan hafa forkaupsrétt á aukningarhlutum í hlutfalli við skrásetta hlutaeign sína". En samkvæmt þessu eigi aðeins eigendur að *skrásettum* hlutabréfum forkaupsrétt, og komi því eigendur handhafahlutabréfa ekki til greina í þessu sambandi.

Í 5. lið taka þeir fram, að haldi félagsstjórnin fast við að framkvæma hlutafjáraukninguna með þeim hætti, er hún hafi áformað, geymi þeir sér rétt til að fá allri þeirri framkvæmd hrundið og rift með dómi.

Loks óska bréfritararnir hver um sig að fá keypta aukningarhluti, eftir því sem kostur sé, en taka fram, að í þeirri ósk felist engin viðurkenning á hinum ólögmætu framkvæmdum félagsstjórnarinnar.

Eftir móttöku þessa bréfs ákvað stjórn Loftleiða h/f að framlengja útboðsfrest til 12. marz s.l. Gaf stjórnin út um þetta auglýsingu, sem birt var í dagblöðum bæjarins 5. marz s.l. Hljóðar auglýsingin svo:

„Hlutafjárútboð Loftleiða h/f. Á stjórnarfundi Loftleiða h/f, sem haldinn var 28. febrúar s.l., var samþykkt að framlengja útboðsfresti til 12. þ. m. Til þess dags geta hluthafar því skrifað sig fyrir aukningarhlutum í félaginu. Hlutabréfin verða afhent af gjaldkera félagsins í skrifstofu þess dagana 15.—20. marz. Að öðru leyti vísast til auglýsingar, sem birtist í Lögbirtingablaðinu 17. febr. s.l."

Jafnframt ritaði félagsstjórnin stefnanda og nokkrum öðrum hluthöfum bréf, dags. 5. marz s.l. svolátandi: „Með því að þér hafið óskað eftir að kaupa aukningarhluti í Loftleiðum h/f, förum við fram á, að þér látið okkur í té skriflegar upplýsingar um handhafabréfaeign yðar, með því að ella verður skráð hlutabréfaeign yðar lögð til grundvallar við úthlutun.

Í svari yðar þarf að geta númers hvers hlutabréfs og þeim verður að framvísa, er afhending aukningarhluta fer fram í skrifstofunni. Svar yðar óskast fyrir 12. þ. m."

Þessu bréfi svaraði stefnandi auk nokkurra annarra hluthafa með bréfi, dags. 11. marz s.l.

Í svarbréfi þessu er meðal annars fundið að því, að ósamræmi sé milli auglýsingar félagsstjórnarinnar frá 5. marz og bréfsins samdægurs varðandi skráningarfrest fyrir aukningarhlutum, svo sé og hin nýja tilkynning um framlengingu skráningarfrestsins birt með of stuttum fyrirvara vegna þeirra hluthafa, er búi utan Reykjavíkur.

Enn segir m. a. í svarbréfinu svo: „Að öðru leyti ítrekum vér hér með allt, sem vér höfum ritað yður í bréfi, dags. 25. f. m. Sérstaklega áréttast það, að gefnu tilefni í bréfi yðar frá 5. þ. m., að vér mótmælum því, að forgangsréttur hluthafa til aukningar nái til handhafabréfaeignar þeirra."

Umræddu bréfi svaraði félagsstjórnin með bréfi, dags. 15. marz s.l., þar sem hún tilkynnir m. a. stefnanda, að „hlutfallstala við úthlutun aukningarhluta" í félaginu sé 50.6% miðað við eldra hlutafé, og beri honum því, þar sem hlutafjáreign hans sé kr. 2000.00, að fá aukningarhluti að fjárhæð kr. 1000.00. Ítrekað er í bréfinu, að framvísa þurfi handhafabréfum við kaup á aukningarhlutum, frestur settur til kaupanna og stjórninni áskilinn réttur til aukningar hlutum til annarra að frestinum liðnum.

Hlutafjáreign stefnanda var rétt tilgreind í bréfi þessu, og voru öll hlutabréf hans nafnskráð.

Stefnandi og nokkrir aðrir hluthafar svöruðu bréfinu með bréfi dags. 19. marz s.l.

Vísuðu þeir fyrst og fremst til bréfa sinna frá 25. febrúar og 11. marz s.l. Þá mótmæla þeir því, að hver hluthafi eigi heimtingu á aukningarhlutum, sem svari 50,6% af hlutafjáreign sinni og halda því fram, að af ákvæðum 5. gr. félagssamþykktanna leiði, að þeir menn einir, sem eigi nafnskráð hlutabréf, eigi forkaupsrétt að allri hlutafjáraukningunni. Nafnskráð hlutabréf í félaginu séu samtals að nafnverði kr. 942.000.00, aukningarhlutirnir samtals að nafnverði kr. 672.000.00, þ. e. 71,3% af nafnverði hinna nafnskráðu hlutabréfa. Eigendur nafnskráðra hlutabréfa eigi því hver um sig rétt á að kaupa aukningarhluti sem svari 71,3% af nafnskráðri hlutafjáreign þeirra. Enn halda þeir því fram, að óski einhverjir eigendur nafnskráðra bréfa ekki að nota rétt sinn til kaupa á aukningarhlutum, beri að bjóða þau bréf öðrum eigendum nafnskráðra bréfa, meðan nokkur þeirra vilji neyta forkaupsréttar síns, og þá enn í hlutfalli við eign þeirra af nafnskráðum bréfum. Kröfðust þeir þess, að þeim yrðu fengin í hendur aukningarhlutabréf í samræmi við ofanritað. Loks mótmæla þeir enn sérstaklega, að félagsstjórnin láti eigendur handhafabréfa njóta sama réttar til kaupa á aukningarhlutum sem eigendur nafnskráðra bréfa.

Eftir þetta tók stefnandi við og leysti til sín hin boðnu hlutabréf, að nafnverði kr. 1000.00, með þeim fyrirvörum, sem hann hafði áður gert í framangreindum bréfum sínum til félagsstjórnarinnar.

Stefnandi telur, að ljóst sé af framansögðu, að hlutafjáraukning hafi verið framkvæmd með þeim hætti, að hún verði öll ólögleg. Bendir hann á í þessu sambandi, að hlutabréfin hafi fyrir 15. október 1953 og raunar enn, er hlutafjáraukningin fór fram, verið miklu meira virði en nafnverði nemi, verðmætið muni hafa verið með sem svaraði fimm til tíföldu nafnverði. Af þessari ástæðu hafi félags-

stjórninni verið skylt að láta fara fram mat dómkvaddra manna á hlutabréfum félagsins og auglýsa síðan hlutafjáraukann með gengi í samræmi við það. Hitt sé stórkostlegt lögbrot af hálfu félagsstjórnarinnar að selja hlutafjáraukann með nafnverði, enda sé hinum fyrri hluthöfum gert mjög órétt með því, þar sem með þessu séu hlutabréf þeirra gerð miklum mun verðminni. Þá sé það fram komið, að hluthöfum hafi verið gefinn kostur á að kaupa aukningarhluti, þótt þeir ættu aðeins handhafabréf, og ef hluthafar hafi átt bæði nafnbréf og handhafabréf, þá hafi þeim verið gefinn kostur á aukningarhlutum sem svaraði nafnverði beggja flokkanna. Bæði þessi atriði telur stefnandi fara í bága við ákvæði 2. málsgr. 31. gr. laga um hlutafélög nr. 77 frá 1921, sbr. 25. gr., sbr. 5.—9. tölulið 3. gr. og 1.—9. tölulið 7. gr.

Yrði svo litið á, að hlutafjáraukning hafi að einhverju leyti farið löglega fram, þá telur stefnandi þó algjörlega ólöglega þá aðferð að veita eigendum handhafabréfa hlutdeild í hlutafjáraukanum og vísar um það efni til ofannefndra ákvæða 5. gr. félagssamþykktanna.

Með skírskotun til þess, er komið hefur fram af hálfu stefnanda og rakið er hér að framan, hefur hann gert eftirfarandi dómkröfur:

Aðallega,

að hin framkvæmda hlutafjáraukning verði dæmd ógild að öllu leyti, *enda* verði stjórn Loftleiða h/f fyrir hönd Loftleiða h/f í Reykjavík dæmd til að kalla inn hlutafjáraukann, að viðlögðum dagsektum til stefnanda, eigi undir kr. 1000.00 fyrir hvern dag, sem líður frá lokum aðfararfrests í máli þessu, unz félagsstjórnin hefur höfðað mál í því skyni að innkalla hlutafjáraukann.

En til vara,

að ógild verði dæmd hin framkvæmda sala hlutabréfa til einstakra hluthafa umfram þau bréf, sem þeim hafi verið seld í hlutfalli við hlutaeign sína, þá er nafnskráð var fyrir 15. október 1953,

að stjórn Loftleiða h/f f. h. Loftleiða h/f verði, að viðlögðum dagsektum til stefnanda, sem nú er greint, dæmd til að kalla inn hlutabréf þau, er hún hefur selt einstökum hluthöfum umfram þau bréf, sem þeim hafa verið seld í hlutfalli við hlutaeign sína, nafnskráða fyrir 15. október 1953,

að stjórn Loftleiða h/f f. h. Loftleiða h/f verði, að viðlögðum dagsektum til stefnanda, sem nú var greint, dæmd til að afhenda stefnanda nafnskráð hlutabréf af umræddum hlutafjárauka, að nafnverði að minnsta kosti kr. 400.00, og að auki öll þau bréf, er aðrir eigendur nafnskráðra bréfa leysi ekki til sín eftir réttum hlutföllum.

Hversu sem málið fer, krefst stefnandi þess, að hin stefnda stjórn Loftleiða h/f verði dæmd fyrir hönd Loftleiða h/f til að greiða honum kostnað sakarinnar fyrir sjó- og verzlunardómi eftir mati dómsins.

Stefnda hefur í greinargerð krafizt þess *aðallega*, að málinu verði vísað frá dóminum, en *til vara*, að hún verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda, þ. e. aðal-, vara- og málskostnaðarkröfum hans. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins, hvort sem aðalkrafa hennar eða varakrafa verður tekin til greina.

Fimmtudaginn hinn 11. f. m. fór fram munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu stefndu. Við málflutninginn endurtók stefnda hana og krafðist málskostnaðar í þessum þætti málsins eftir mati dómsins. Stefnandi krafðist þess, að frávísunarkröfunni yrði hrundið og tekið yrði tillit til þessa þáttar málsins við ákvörðun málskostnaðar í væntanlegum efnisdómi.

Frávísunarkröfuna reisir stefndi á því, að í aðal- og varakröfum stefnanda sé þess krafizt ýmist, að hin framkvæmda hlutafjárauking verði dæmd að öllu eða nokkru leyti og hún (stefnda) verði að viðlögðum dagsektum dæmd til að innkalla allan hlutafjáraukann eða hluta hans. Telur stefnda, að eðli málsins samkvæmt beinist slík kröfugerð ekki gegn henni einni f. h. Loftleiða h/f, heldur einnig gegn þeim fjölmenna hópi hluthafa, er hlutabréfin keyptu. Beri því einnig að stefna kaupendunum samkvæmt 46. gr. laga nr. 85 frá 1936. Þá telur stefnda einnig, að birting stefnunnar sé ólögmæt, sbr. 2. málsgr. 95. gr. nefndra laga.

Mótmæli sín gegn frávísunarkröfunni reisir stefnandi á því, að samkvæmt ákvæðum 37. gr. hlutafélagalaganna sé stefnda vegna félagsins réttur fyrirsvarsmaður gegn öllum þeim kröfum, sem hann hafi haft uppi í málinu. En í þessari grein segir m. a. svo: „Nú telur hluthafi ályktun hluthafafundar ólögmæta, og er honum þá rétt að krefjast þess, að hún verði ónýtt fyrir dómi, en birt skal hann hafa dómstefnu fyrir stjórn félagsins innan 3 mánaða, eftir að ályktun var gerð."

Í öðru lagi telur stefnandi, að ekki komi til mála að frávísa síðari lið aðalkröfunnar eða 2. og 3. lið varakröfunnar, þar sem í þeim sé aðeins farið fram á, að hin stefnda félagsstjórn verði skylduð til ákveðinna athafna. En þar sem stefnandi grundvallar síðari lið aðalkröfunnar á því, að fyrri liðurinn verði tekinn til greina, og 2. og 3. lið varakröfunnar á því, að 1. liður hennar verði talinn hafa við rök að styðjast, þykja slík tengsli vera milli allra kröfuliða stefnanda, að þeir eigi að sæta sömu meðferð að því er frávísun varðar.

Það er ljóst, að fyrri liður aðalkröfunnar og 1. liður varakröfunnar varða mjög hagsmuni þeirra hluthafa, er hlutafjárauka hafa hlotið, þar sem í kröfum þessum felst, ef þær yrðu teknar til greina, skerðing og missir á réttindum, er þeir munu telja sig hafa eignazt. Virðist því eðlilegt og sjálfsagt, að stefnandi hefði gefið hluthöfum þessum kost á, með opinberri stefnu eða á annan tryggilegan hátt, að gæta hagsmuna sinna í málinu. Þetta hefur stefnandi ekki gert.

Þá má og á það líta í þessu sambandi, að ákvörðun um framkvæmd hlutafjáraukningar þeirrar, sem um ræðir í málinu, var gerð á aðalfundi Loftleiða h/f, sem haldinn var 15. október 1953. Stefna í máli þessu var birt 11. júní s.l., en þá var hinn tilskildi frestur 37. gr. hlutafélagalaganna til málshöfðunar liðinn.

Að þessu athuguðu þykir eiga að vísa málinu frá dómi. Eftir þessum úrslitum ber samkvæmt 1. málsgr. 180. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað. Þykir hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 5000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum dr. Þorsteini Þorsteinssyni og Ragnari Jónssyni hrl.

Vegna mikilla anna við borgardómaraembættið og veikinda eins dómarans hefur dómur eigi orðið kveðinn upp fyrr.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Hjálmar Þorsteinsson, greiði stefnda, stjórn Loftleiða h/f fyrir hönd félagsins, kr. 5000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. janúar 1955.

Nr. 61/1954. **Jakob Guðmundsson** (sjálfur)
gegn
Lúðvíg Eggertssyni (Theodór Líndal)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um gildi uppsagnar á húsaleigusamningi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. maí 1954. Krefst hann þess *aðallega*, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar. *Til vara* krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og uppsögn gagnáfrýjanda á leiguhúsnæði aðaláfrýjanda frá 11. febrúar 1953 verði metin ógild. Svo krefst aðaláfrýjandi og máls-

kostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 26. maí 1954, krefst sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar af honum fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi reisir ómerkingarkröfu sína á því, að málflutningur af hans hálfu í héraði hafi ekki verið nógu rækilegur, og hefði héraðsdómari átt að gera gangskör að því, að úr því yrði bætt. Þessari kröfu er þó ekki unnt að sinna þegar af þeirri ástæðu, að héraðsdómslögmaður flutti málið af hendi aðaláfrýjanda í héraði.

Að því er efni málsins varðar, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Jakob Guðmundsson, greiði gagnáfrýjanda, Lúðvíg Eggertssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. apríl 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., hefur Jakob Guðmundsson, Hverfisgötu 32 A, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 9. maí 1953, gegn Lúðvíg Eggertssyni kaupmanni, Hverfisgötu 32, hér í bæ, til að fá viðurkennt með dómi, að uppsögn stefnda á leiguhúsnæði því, sem stefnandi hefur að Hverfisgötu 32 A og kom fram í bréfi, dags. 11. febrúar 1953, sé ógild. Aðiljar voru sammála um að telja sáttatilraun fyrir sáttanefnd árangurslausa.

Stefndi hefur krafizt þess, að uppsögn hans á leiguhúsnæði stefnanda, sem birt var stefnanda með stefnuvottum hinn 12. febrúar 1953, verði metin gild. Þá krefst stefndi málskostnaðar að mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Á skiptafundi skiptaréttar Reykjavíkur, sem haldinn var hinn 23. apríl 1945 í dánarbúi Þuríðar Þórarinsdóttur, móður stefnanda, samþykktu erfingjar dánarbúsins, að stefnandi héldi áfram leigurétti

sínum að húsnæði sínu að Hverfisgötu 32 A endurgjaldslaust, þar til húsið yrði selt, en síðan héldi leiguréttur inn áfram sem hingað til gegn greiðslu leigu samkvæmt mati húsaleigunefndar á hverjum tíma. Erfinginn Guðmundur Guðmundsson læknir var að vísu ekki mættur á fundi þessum, en skiptaráðandi talaði við umboðsmann hans, Lárus Jóhannesson hrl., og lýsti hann yfir því, að hann væri samþykkur ákvörðun fundarins um leigurétt stefnanda, eftir að bókun um það hafði verið lesin fyrir honum í síma nn. Skiptagerð þessi er afhent til þinglýsingar 11. desember 1950, en sú athugasemd er þá færð á skjalið, að eignin hafi verið seld tvisvar sinnum, síðan skiptafundurinn var haldinn.

Hinn 30. apríl 1945 var haldið opinbert uppboð á eignunum nr. 32 og 32 A við Hverfisgötu, sem báðar voru eign nefnds dánarbús. Hæstbjóðandi varð Lárus Jóhannesson hrl. fyrir hönd fyrrnefnds Guðmundar Guðmundssonar læknis. Uppboðsafsal var síðan gefið út af borgarfógeta hinn 22. desember 1945. Í afsali þessu er leiguréttar stefnanda ekki getið. Afsal þetta var afhent til þinglýsingar 2. janúar 1945.

Með kaupsamningi, dags. 31. október 1945, selur fyrrnefndur Guðmundur stefnda báðar húseignirnar nr. 32 og 32 A við Hverfisgötu. Í samningnum er þess getið, að neðri hæð hússins nr. 32 skuli vera laus til afnota þegar í stað, að fráskildu herbergi því, sem Eggert Gilfer býr í. Leiguréttar stefnanda að húsnæðinu í húsinu nr. 32 A er ekki getið, og ekki er hans heldur getið í afsali stefnda fyrir eigninni, en það var afhent til þinglýsingar hinn 25. janúar 1946.

Hinn 11. febrúar 1953 sagði svo stefndi stefnanda upp leiguhúsnæði hans að Hverfisgötu 32 A.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi hafi keypt eignirnar með því skilyrði, að stefnandi mætti halda áfram leiguafnotum sínum af Hverfisgötu 32 A, eins og erfingjar dánarbúsins höfðu samþykkt á umræddum skiptafundi.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að í skjölum þeim, sem hann byggi eignarheimild sína á að fyrrnefndum eignum, sé þeirrar kvaðar, sem stefnandi nú telur hvíla á húseigninni Hverfisgötu 32 A, hvergi getið. Stefndi mótmælir því, að hann þurfi að sæta þessari kvöð, enda hafi skiptagerð þeirri, sem stefnandi byggir rétt sinn á, ekki verið þinglýst, fyrr en stefndi hafði átt húsið í nærri 5 ár.

Stefndi hefur skýrt frá því, að er hann keypti húsin nr. 32 og 32 A við Hverfisgötu, hafi honum ekki verið kunnugt um, að neinn af leigjendum þeirra hefði sérstök réttindi til leigu umfram það, sem venjulegt er, að undanteknum Eggert Gilfer. Hann kveður sér hins vegar hafa verið kunnugt um, að stefnandi var leigutaki hússins nr. 32 A. Stefndi kveðst hafa samið um kaupin á húsunum við umboðsmann eigandans, Guðmundar Guðmundssonar læknis, Lárus Jóhannesson hrl., og við samningsgerðina hafi stefnandi ekki borizt í tal. Stefndi kveður stefnanda aldrei hafa tjáð sér, að hann

hefði heimild til að hafa húsnæðið á leigu samkvæmt samningi við erfingja dánarbúsins. Hins vegar kveðst stefndi hafa heyrt ávæning af þessu frá öðru fólki. Hann man þó ekki, hvenær það var fyrst né frá hverjum, en kveður það hafa verið löngu eftir að kaupin fóru fram.

Álíta verður, að samþykki það til leiguafnota stefnanda að húsnæðinu að Hverfisgötu 32 A, sem erfingjar dánarbúsins veittu á skiptafundinum hinn 23. apríl 1945, sé þess eðlis, að nauðsynlegt hafi verið að þinglýsa því til þess að veita því gildi gagnvart grandlausum kaupanda eignarinnar. Þar eð skiptagerð sú, sem geymir fyrrnefnt samþykki, var ekki afhent til þinglýsingar fyrr en 11. desember 1950 og stefnandi hefur ekki leitt rök að því, að stefndi hafi vitað um fyrrnefnt samþykki, þá ber að sýkna stefnda af kröfu stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Lúðvig Eggertsson, skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Jakobs Guðmundssonar, en málskostnaður fellur niður.

Laugardaginn 29. janúar 1955.

Nr. 158/1954. **Ákæruvaldið** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Katli Hlíðdal Jónassyni (Magnús Thorlacius).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Sveinbjörn Jónsson hrl.

Bifreiðaslys. Brot gegn 219. gr. alm. hegningarlaga, bifreiðalögum og umferðarlögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Ketill Hlíðdal Jónasson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Í upphafi bókunar á vætti vitna í máli þessu segir, að vitni lýsi málsatvikum svo sem í lögregluskýrslum greinir. Slík tilvísun til lögregluskýrslna verður að teljast andstæð fyrirmælum og tilgangi 73. gr. laga nr. 27/1951. Með þessari athugasemd er ég samþykkur hæstaréttardóminum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. júní 1954.

Ár 1954, þriðjudaginn 22. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2669/1954: Ákæruvaldið gegn Katli Hlíðdal Jónassyni, sem dómtekið var 8. júní s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 11. maí s.l., gegn Katli Hlíðdal Jónassyni bifreiðaviðgerðarmanni, Laugateig 50, hér í bæ, fyrir að hafa um miðnætti sunnudaginn 31. janúar s.l. ekið bifreiðinni R 4297 eftir atvikum of hratt og ógætilega norður Löngulhlíð í Reykjavík með þeim afleiðingum, að á móts við Úthlíð urðu hjónin Sveinn Jónsson verzlunarmaður og Kristín Ingvarsdóttir, Smiðjustíg 10, fyrir bifreiðinni og slösuðust, beinbrotnuðu og hlutu fleiri áverka. Telst brot ákærða varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr., bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., umferðarlaga nr. 24/1941, svo og við 1. mgr. 28. gr. og 46. gr., sbr. 1. mgr. 96. gr., lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 4. júlí 1918 að Hlíð í Kirkjuhvammshreppi, og hefur sætt þessum kærum og refsingum, svo að kunnugt sé:

1937 Undir rannsókn út af meintum þjófnaði. Fellt niður vegna sannanaskorts.

1937 Kærður af Pétri Péturssyni fyrir meint sviksamlegt athæfi. Látið falla niður.

1938 19/4 Sátt, 30 kr. sekt fyrir að aka leigubifreið til mannflutninga án þess að hafa leyst meirapróf bílstjóra.

1946 15/11 Rvík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 164. gr. sbr. 167. gr. hegnl. sbr. 1. og 2. gr. sbr. 28. gr. laga nr. 20/1875.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 1. febrúar s.l., kl. 24.00, var tilkynnt á lögreglustöðina, að umferðarslys hefði orðið á Lönguhlíð hér í bæ á móts við gatnamót Úthlíðar, þá rétt áður. Tildrög slyssins reyndust hafa verið þau, að ákærði í máli þessu hafði ekið bifreiðinni R 4297 norður Lönguhlíð. Er hann nálgaðist gatnamót Úthlíðar, voru hjónin Sveinn Jónsson og Kristín Ingvarsdóttir, Smiðjustíg 10, hér í bæ, þar á ferð gangandi áleiðis norður Lönguhlíð vestan megin. Skipti engum togum, að bifreiðinni var ekið aftan á þau. Köstuðust þau bæði í loft upp og lentu til hliðar við bifreiðina vinstra megin. Samkvæmt uppdrætti af slysstaðnum stendur bifreiðin R 4297 á Lönguhlíð bein fyrir í götunni, rétt norðan við gatnamót Úthlíðar, vinstra megin við jaðar þess svæðis, sem venjulega er ekið. Aftur af hægra afturhjóli bifreiðarinnar er sýnt hemlafar, sem er rúmur meter á lengd. Um 4 metra frá bifreiðinni, til vinstri hliðar á móts við vélarhús hennar, er sýnt, hvar framangreindur Sveinn lá, að slysinu afstöðnu. Og um 4 metrum aftar í beina stefnu er sýnt, hvar kona hans var. Er slysið varð, var myrkur, slydda og færi blautt. Yfirborð vegarins, þar sem slysið varð, er malborið, fast og slétt. Raflýsing í götunni, þar sem slysið varð, er slæm. Við skoðun á bifreiðinni R 4297 kom í ljós, að er henni var ekið norður Lönguhlíð með 15 mílna hraða og hún stöðvuð með fóthemlum, þá rann hún áfram 3,5 m. Gatan er nokkuð hál vegna ísingar. Voru bæði hand- og fóthemlar bifreiðarinnar í fullkomnu lagi. Enn fremur stýrisútbúnaður, ljós, hljóðhorn og glerþurrkur. Bifreiðin er af gerðinni Chevrolet, smíðaár 1952, með vinstri hliðar stýri. Við slysið hafði vélarhlíf og vinstri afturhlíf dældazt og vinstri framhurð skemmzt lítillega.

Sveinn og kona hans voru flutt í sjúkrahús vegna meiðsla þeirra, er þau hlutu.

Ákærði, Ketill Hlíðdal Jónasson, hefur skýrt svo frá atvikum, að hann hafi komið akandi norður Lönguhlíð með um 25 km hraða, að hann ætlar, er umrætt slys varð. Var hreyfill bifreiðar hans tengdur í þriðja ganghraðastig. Kveðst ákærði nýlega hafa verið búinn að skipta bifreiðinni upp. Dimmviðri var og myrkur, og sá

ákærði skammt fram fyrir bifreiðina. Ákærði ók með lágum ljósum, en þeirra gætti lítið á blautri götunni. Er ákærði var að koma inn á gatnamót Lönguhlíðar og Úthlíðar, sá hann bifreið koma vestur Úthlíð. Ákærði kveðst hafa litið að þeirri bifreið andartak, vegna þess að ljós hennar lýstu á hlið bifreiðar hans. Er hann leit fram aftur, sá hann mann og konu, er voru á leið norður Lönguhlíð rétt fyrir framan bifreiðina. Skipti nú engum togum, að bifreiðin lenti aftan á þeim. Um leið og það varð, hemlaði ákærði, en bifreið hans rann áfram um 1 metra eftir það.

Við slysið kastaðist konan upp á vélarhúsþak bifreiðarinnar og síðan aftur af því til hliðar og í götuna. Maðurinn kastaðist frá bifreiðinni og til vinstri hliðar. Ákærði fór út úr bifreiðinni strax að slysinu afstöðnu. Lá þá konan vinstra megin við bifreiðina, aðeins aftan við hana miðja, um 2 metra frá henni. Lá hún þversum, og vissi höfuð hennar vestur, en fætur að bifreiðinni. Maðurinn lá um 3 metrum framar, jafnlangt frá bifreiðinni. Lá hann eins í götunni og konan. Konan lá á hliðinni, en velti sér síðan á bakið. Bæði voru þau með meðvitund. Ákærði kveðst hafa ekið vel á sínum vinstra vegarhelmingi, yzt á akbrautinni, að hann segir, er slysið varð. Varð hann ekkert var við fólkið, fyrr en í sömu andránni og bifreiðin lenti á því. Ákærði kveðst hafa verið vel fyrir kallaður að öllu leyti við aksturinn. Engin bifreið var sjáanleg í nánd, nema bifreiðin, sem var að koma vestur Úthlíð.

Vitnið Sveinn Jónsson, er fyrir slysinu varð, hefur skýrt frá því, að það og kona þess hafi gengið eftir vestari jaðri Lönguhlíðar í norðurátt samsíða, er umrætt slys varð. Kona vitnisins gekk utar á götunni. Vitnið vissi ekki af bifreiðinni R 4297, fyrr en það fékk þungt högg á bakið. Kastaðist það upp á vélarhúsþak bifreiðarinnar og stakkst svo niður af því í götuna. Vitnið var töluvert framar en kona þess að slysinu afstöðnu. Voru þau vinstra megin við bifreiðina, nokkuð frá henni. Lá vitnið á hliðinni, en kona þess sat. Vitnið kveðst hafa legið á móts við afturenda bifreiðarinnar, en kona þess hafi verið 3 metrum aftar en það.

Framburður vitnisins Kristínar Ingvarsdóttur er í öllum verulegum atriðum samhljóða framburði framangreinds vitnis. Vitnið kveður sig og mann sinn hafa gengið eins utarlega á götunni og hægt var, en maður vitnisins var innar. Vitnið vissi ekkert af bifreiðinni, fyrr en henni var ekið á þau. Vitnið veit ekki nákvæmlega, hvernig það kastaðist til, er slysið varð, en það tókst á loft. Að slysinu afstöðnu lá það í götunni vinstra megin aftur með bifreiðinni R 4297, nokkuð frá henni.

Vitnið Hjörtur Jónsson kveðst, rétt áður en umrætt slys varð, hafa komið akandi á bifreið sinni norður Lönguhlíð. Vitnið hafði stöðvað bifreiðina rétt sunnan við gatnamót Úthlíðar, eða framan við húsið nr. 7. Vitnið kveðst fyrst hafa orðið vart við slysið á þann hátt, að það heyrði hemlahljóð, er það var að koma út úr bifreið

sinni. Leit það í þá átt, sem þau komu. Sá það þá, að bifreiðin hafði numið staðar vinstra megin Lönguhlíðar. Er vitnið kom á vettvang, sá það, að maður og kona lágu í götunni vinstra megin við bifreiðina með stuttu millibili. Skyggni kveður vitnið hafa verið mjög slæmt, er slysið varð, og gatan er illa upplýst.

Vitnið Jóhannes Björnsson lögregluþjónn kom á slysstaðinn, rétt eftir að slysið var orðið. Hefur hann ekki getað upplýst frekar um tildrög þess en nú hefur verið rakið.

Samkvæmt vottorði Friðriks Einarssonar læknis, dagsettu 4. febrúar s.l., hlutu Sveinn Jónsson og Kristín Ingvarsdóttir þessi meiðsli:

„Þann 1/2 1954, kl. 0.45, var komið á Landsspítalann með sjúkling, sem sagður var heita Sveinn Jónsson, vera fæddur 3. 6. 1918, verksmiðjustarfsmaður, og eiga heima að Smiðjustíg 10, Reykjavík.

Svo var frá skýrt, að sj. hafi þá rétt áður verið á gangi á götu með konu sinni, er bíll hafi ekið aftan á þau.

Við komu kvartar sj. aðallega um eymsli í h. kálfa, framan á brjósti og í mjóbaki.

Við rannsókn fannst brot á þvertindum 1.—3. mjóbakshliða.

Sjúklingurinn liggur hér á deildinni. Hann hafði um skeið blóð í þvagi og verk og eymsli samsvarandi til vinstra nýra, sem bendir til þess, að nýrað hafi laskazt, en að svo stöddu er ekki hægt að skýra nánar frá ástandi hans eða horfum."

„Þann 1. 2. 1954, kl. 0.45, var komið á Landsspítalann með sjúkling, sem segist heita Kristín Ingvarsdóttir, vera fædd 22. 6. 1926, gift verksmiðjustarfsmanni og eiga heima að Smiðjustíg 10, Reykjavík.

Við komu skýrði sjúklingurinn svo frá, að hún hefði verið að ganga á götu með manni sínum, er bíll ók aftan á þau.

Við komuna kvartaði sjúklingurinn um mikinn verk í hægra fæti.

Við skoðun fannst opið brot á vinstri fótlegg um miðju, og var beinið allt í smámolum þar. Auk þess voru marblettir á hnénu og kálfanum.

Strax eftir komuna var gert að slysinu með skurðaðgerð, og liggur sjúklingurinn nú á Handlæknisdeildinni."

Það er nægilega sannað með játningu ákærða og öðru, sem fram er komið í máli þessu, að ákærði ók of hratt miðað við aðstæður í umrætt skipti og sýndi ekki nægilega varúð í akstri, með því að skyggni var slæmt og hann hafði ekki nægt útsýni yfir veginn framundan, en þetta leiddi til þess, að hann ók á þau Svein Jónsson og Kristínu konu hans. Telst ákærði því hafa með gáleysi orðið valdur að meiðslum þeim, er þau hlutu.

Með þessu atferli sínu hefur ákærði gerzt brotlegur gegn 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 1. mgr. 38. gr., bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., umferðarlaga nr. 24/1941, svo og

við 1. mgr. 28. gr. og 46. gr., sbr. 1. mgr. 96. gr., lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3000.00 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga þykir rétt að svipta ákærða ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 600.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ketill Hlíðdal Jónasson, greiði 3000.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði skal sviptur ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hrl., kl. 600.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 31. janúar 1955.

Nr. 172/1953. **Ákæruvaldið** (Theodór B. Líndal)
gegn
Guðnýju Jóhannesdóttur
(Egill Sigurgeirsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Einar B. Guðmundsson hrl.

Brot gegn 206. gr. alm. hegningarlaga og lögum nr. 59/1936. Sýknað af ákæru um brot á lögum um gistihúsahald.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms. Komu þá fyrir dóm vitnin D og E, sem unnu eið að því vætti sínu, að þær hefðu nokkrum sinnum sumarið 1952 fengið ásamt karlmönnum gegn gjaldi afnot herbergis hjá ákærðu og haft þar samfarir.

Leiga ákærðu á herbergi til þeirra nota, sem í málinu greinir, þykir eigi verða talið gistihúsahald í merkingu 2. gr. laga nr. 21/1926. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sýknu af ákæru um brot gegn því lagaboði. Atferli ákærðu varðar hins vegar við 1. mgr. 206. gr. laga nr. 19/1940 og 10. gr. sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 59/1936.

Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta héraðsdóminn.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærða, Guðný Jóhannesdóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Theodórs B. Líndals og Egils Sigurgeirssonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. marz 1953.

Ár 1953, föstudaginn 13. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 839/1953: Ákæruvaldið gegn Guðnýju Jóhannesdóttur, sem tekið var til dóms 3. f. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 19. desember f. á., er ákærða, Guðný Jóhannesdóttir, verkakona, Bústaðahverfi 2, hér í bæ, ákærð „fyrir að hafa gert sér lauslæti annarra að tekjulind og gerzt sek um brot á lögum um eftirlit með útlendingum og lögum um veitingasölu og gistihúsahald o. fl. samkvæmt 1. málsgr. 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, 10. gr. laga um eftirlit með útlendingum nr. 59 frá 1936 og 2. gr. laga um veitingasölu, gistihúsahald o. fl. nr. 21 frá 1926, *með því* á tímabilinu frá júlí til september 1952 að leigja út af íbúð sinni að Bústaðahverfi 2 annað herbergi íbúðarinnar til eins sólarhrings í senn til karlmanna, sem oftast fengu kvenfólk í heimsókn til sín í herbergið, en leiga fyrir herbergið yfir sólarhringinn er talin hafa verið 80 krónur, en með þessu er ákærða talin hafa gert sér lauslæti annarra að tekjulind,

fyrir að hafa látið hjá líða að halda skrá um gestakomu og fyrir að hafa rekið gististarfsemi þessa án leyfis.

Ákærist því framangreind Guðný Jóhannesdóttir til að sæta refsingu samkvæmt framangreindu hegningarákvæði, 2. mgr. 12. gr. laga 59/1936 og 1. mgr. 15. gr. laga nr. 21/1926, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærða er fædd 3. janúar 1909 í Vestmannaeyjum, og hefur, svo að kunnugt sé, hvorki sætt ákæru né refsingu.

Málavextir eru þessir:

Með bréfum, dags. 12. og 13. september f. á., kærði barnaverndarnefnd Reykjavíkur yfir því til lögreglustjórans og sakadómarans í Reykjavík, að ákærða leigði út herbergi fyrir hermenn og kvenfólk í fylgd þeirra, oft aðeins skamma stund í senn eða hluta úr sólarhring, og væri ástæða til að ætla, að ákærða gerði sér að atvinnu lauslæti stúlkna hér í bænum. Var nú að undangengnum úrskurði húsleit gerð í híbýlum ákærðu í Bústaðahverfi 2 um kl. 22, laugardagskvöld 14. september f. á. Reyndust þá vera þar í einu herbergi 3 amerískir hermenn og 3 konur, þær A, fædd 25. ágúst 1924, B, fædd 5. febrúar 1928 og C, fædd 5. nóvember 1901. Ekkert af fólki þessu var áberandi ölvað, og allt var það í öllum fötum nema einn af hermönnunum, sem lá snöggklæddur á legubekk.

Eftir því sem komið hefur fram í málinu, þekkti A einn af hermönnunum, og kom hann heim til hennar um kvöldið með öðrum hermanni. Rétt á eftir kom B einnig til A. Þau fóru síðan niður í bæ, og bættist þá einn hermaður í hópinn, og síðan fékk A C til að koma í hópinn. Þau héldu svo öll heim til ákærðu, og þekkti A hana. B hefur borið það, að A hafi haft orð á því, að þau gætu farið til ákærðu. A hefur borið það, að það hafi annaðhvort verið hún eða hermaðurinn, sem hún þekkti, sem orðaði það fyrst, að þau skyldu fara heim til ákærðu, en hann hafi áður skýrt A frá því, að hann hefði haft á leigu herbergi í því húsi. Einhver í hópnum var með ákavítisflösku. Var flaskan tekin upp og neytt af áfenginu. Konunum ber saman um, að ekkert hafi verið sungið eða dansað og enginn hermannanna hafi gerzt ástleitinn. Þau höfðu verið þarna í nokkurn tíma, þegar húsleitin var gerð, og hurfu þau á brott úr húsinu eftir hana um kl. 22.30.

Þorkell Kristjánsson, fulltrúi barnaverndarnefndar, vakti athygli nefndarinnar á því, að í Bústaðahverfi 2 væri íverustaður hermanna og stúlkna. Hefur hann borið það, að leigubifreiðarstjóri einn hafi skýrt honum frá því, að hann hefði ekið hermönnum og íslenzkum stúlkum þangað, auk þess sem hann (Þorkell) kveðst sjálfur hafa komizt að þessu.

Magnús Vilhelm Jóhannesson, yfirframfærslufulltrúi Reykjavíkurbæjar, hefur með höndum leigu á íbúðum í Bústaðahverfi fyrir

hönd bæjarins. Hefur Magnús Vilhelm borið það, að hann hafi heyrt það utan að sér, að hermenn hefðu á leigu herbergi í Bústaðahverfi 2 og kæmu ungar stúlkur þangað. Skýrði hann formanni barnaverndarnefndar frá þessu.

Tryggvi Friðlaugsson lögregluþjónn hefur átt heima í Bústaðahverfi 3 nokkur ár. Hann hefur borið það, að s.l. sumar hafi hann séð hermenn þar nokkrum sinnum inn á Bústaðahverfi 2 og í nokkur skipti með stúlkur. Þetta hefur verið síðari hluta dags. Hann hefur ekki getað borið um dvalartíma stúlknanna í húsinu eða hvort stúlkur hafi verið þar að næturlagi með hermönnum, og hann hefur ekki heldur getað borið um aldur stúlknanna. Einu sinni kveðst hann hafa séð hermannajeppa fyrir utan húsið um kl. 3 að nóttu. Hann hefur ekki heyrt hávaða eða ólæti úr húsinu.

Framburður ákærðu er þessi:

Undanfarin 7 ár hefur hún haft á leigu 2 herbergi og eldhús í Bústaðahverfi 2, sem er hús, sem setuliðið reisti á ófriðarárunum. Leigusali hefur verið húsaleigunefnd og nú seinast Reykjavíkurbær. Hún bjó þarna í mörg ár með manni að nafni Hávarður Karl Reimarsson, en hann fór að fullu úr íbúðinni fyrir tveimur árum síðan. Um tíma greiddi ákærða 150 kr. í húsaleigu á mánuði, lengst af enga, og nú hefur húsaleiga verið felld niður. Ákærða hefur eignazt fjögur börn með Hávarði Karli, og eru þau fædd 1940, 1944, 1946 og 1947. Öll börnin hafa verið hjá ákærðu, sem hefur orðið að sjá fyrir þeim. Hún hefur ekki getað unnið úti í bæ vegna barnanna, og hefur hún því reynt að vinna fyrir þeim og sér með heimavinnu. Hefur hún hnýtt net heima hjá sér, þó að það hafi verið erfitt sakir þess, að hendur hennar eru nokkuð krepptar. Hefur hún haft nokkrar tekjur af hnýtingu neta, en þær hafa þó ekki nægt fyrir framfærslu hennar og barnanna. Á hinn bóginn hefur ákærða ekki viljað þiggja neinn styrk af því opinbera.

Ákærða tók því það til bragðs að fylla upp í dyr milli herbergjanna í íbúð sinni, og í júlí s.l. fór hún að leigja út annað herbergið, en hætti því að fyrirlagi barnaverndarnefndar, nokkrum dögum áður en kært var út af málinu. Það var ekki ætlun ákærðu að leigja herbergið út „fast", eins og hún hefur komizt að orði, heldur hafði hún hugsað sér að hafa aðgang að því á daginn, þegar enginn væri í því. Hún þekkti konu eina, Arndísi Þórðardóttur, Ránargötu 50, sem leigði herbergi út frá hóteli. Ákærða hafði ekki síma og gat því ekki leigt herbergi sitt beint í sambandi við hótel. Samdist svo um með þeim Arndísi, að hún vísaði mönnum, sem hún gat ekki leigt herbergi, til ákærðu. Ákærða heldur þó, að þegar fram í sótti hafi menn fengið herbergi á leigu, sem höfðu heyrt hjá öðrum en Arndísi, að hún leigði út herbergi. Arndís Þórðardóttir hefur staðfest það, að ákærða hafi beðið hana að vísa til sín leigjendum, sem

hún yrði að vísa frá sér, og kveðst Arndís hafa litlu síðar vísað leigjendum tvisvar sinnum til hennar.

Í herbergi því, sem ákærða leigði út, voru tveir dívanar fyrir utan borð og stóla. Venjulega leigði hún herbergið út tveimur mönnum, sem saman voru. Var leigan 40 krónur fyrir manninn yfir nóttina, og var leigan venjulega greidd fyrirfram, en þó stundum morguninn eftir. Leigjendurnir voru mestmegnis hermenn, en einnig stundum Íslendingar. Ákærða hélt ekki neina skrá yfir leigjendurna og spurði þá ekki einu sinni um nöfn sín. Það var aðeins í eitt skipti, sem leigjandi var tvær nætur í röð í herberginu, en það kom fyrir, að sömu leigjendurnir komu og fengu leigt herbergi aftur og jafnvel nokkrum sinnum á nokkrum tíma, og voru það einkum hermenn. Herbergið var alltaf tekið á leigu um helgar, en aldrei á mánudögum og þriðjudögum, en aðra vikudaga var það upp og ofan. Flestir leigjendurnir komu nokkru eftir hádegi til að tryggja sér herbergið næstu nótt. Sagði ákærða þeim þá, að hún mundi loka húsinu kl. 23, og voru þeir þá jafnan komnir fyrir þann tíma og aldrei síðar en kl. 23.30. Það kom fyrir, að fólk barði að dyrum eftir miðnætti og bað um að fá herbergi á leigu, en ákærða vísaði slíku fólki á burt.

Þá kom oft fyrir á daginn, að leigjendur herbergisins komu með gesti og buðu þeim inn í herbergið. Ákærða hefur staðhæft, að þetta hafi aldrei komið fyrir að næturlagi eða eftir kl. 23.30 og að gestirnir hafi aldrei dvalizt fram eftir nóttu. Gestirnir voru oftast stúlkur, og voru þær yfirleitt fullorðnar, og heldur ákærða, að hin yngsta hafi verið 19 ára. Man ákærða sérstaklega vel eftir þessari stúlku, sem var lítið eitt undir áhrifum áfengis, og kvaðst hún eiga lítið barn og vera 19 ára. Oftast voru tvær stúlkur saman og stundum ein með tveimur leigjendum, og minnist ákærða þess ekki, að ein stúlka kæmi í heimsókn til eins leigjanda aðeins. Ákærða skipti sér ekki af þessum gestum leigjenda sinna eða hve lengi þeir dvöldust hjá þeim um daginn. Hún minnist þess, að tvisvar sinum höfðu leigjendur, sem voru hermenn og komu með stúlkur í herbergið, haft áfengi meðferðis, en annars varð hún ekki vör við víndrykkju leigjenda sinna eða hávaða frá þeim eða gestum þeirra.

Ákærða kveðst aldrei hafa vitað til þess eða haft pata af því, að leigjendur herbergisins hefðu samfarir við stúlkur, sem komu til þeirra, eða að lauslæti ætti sér stað. En hún hefur tekið fram, að hún hafi aldrei skipt sér neitt af leigjendunum eða gestum þeirra og ekki verið að aðgæta sérstaklega, hvað gerðist í herberginu. Hún kveðst aldrei hafa hugsað um það, hvort samfarir eða lauslæti ætti sér stað í herberginu, en aðeins verið sannfærð um, að það væri löglegt að leigja herbergið út á greindan hátt.

Dómarinn verður að líta svo á, að ekki sé næg sönnun fengin fyrir því, að lauslæti hafi átt sér stað í herbergi því, sem ákærða leigði

út af íbúð sinni í Bústaðahverfi 2. En 1) framangreindur háttur ákærðu á útleigu herbergisins aðeins til einnar nætur í senn, stundum til Íslendinga, en mestmegnis til hermanna, án þess að halda skrá yfir þá eða spyrja þá um nafn sitt, 2) upphæð leigu eftir herbergið og loks 3) tíð samdvöl stúlkna og leigjenda þar, sem ákærða skipti sér ekkert af, sýna ótvírætt hjá ákærðu ásetning í verki, sem miðar að því að gera sér lauslæti annarra að tekjulind í skilningi 206. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Samkvæmt þessu hefur ákærða gerzt brotleg gegn 206. gr., 1. mgr., sbr. 20. gr., 1. mgr., hegningarlaganna. Þá þykir hún einnig hafa brotið gegn 10. gr., sbr. 12. gr., 2. mgr., laga nr. 50 23. júní 1936 með því að halda eigi skrá um leigjendur hins umrædda herbergis. Á hinn bóginn verður ákærða ekki talin hafa gert sér gistihúsahald að atvinnu, og því hefur hún ekki brotið gegn 2. gr., sbr. 15. gr., 1. mgr., laga nr. 21 15. júní 1926. Þykir refsing ákærðu með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga, en rétt þykir eftir atvikum að ákveða, að refsingunni skuli fresta og hún falla niður eftir 2 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla hegningarlaganna verða haldin.

Atvik í máli þessu þykja ekki vera slík, að næg ástæða sé til þess að svipta ákærðu réttindum samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna.

Ákærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Egils Sigurgeirssonar hrl., kr. 600.00.

Nokkur dráttur hefur orðið á dómsuppsögu í málinu, sakir þess að rétt þótti að láta hana verða samtímis dómsuppsögu í öðru sviputðu máli svo og sakir lasleika dómarans.

Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærða, Guðný Jóhannesdóttir, sæti fangelsi í 45 daga, en fresta skal refsingunni og hún falla niður eftir 2 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 verða haldin.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hennar, Egils Sigurgeirssonar hrl., kr. 600.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 31. janúar 1955.

Nr. 173/1953. **Ákæruvaldið** (Theodór B. Líndal)
gegn
Arndísi Þórðardóttur (Sigurður E. Ólason).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Einar B. Guðmundsson hrl.

Brot gegn 206. gr. alm. hegningarlaga og lögum nr. 59/1936. Sýknað af ákæru um brot á lögum um gistihúsahald.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms. Voru þá heitfest vitnin C, B og E, en jafnframt breytti C framburði sínum á þann veg, að hún hefði eigi haft samfarir í húsi ákærðu.

Leiga ákærðu á vistarverum til þeirra nota, sem lýst er í héraðsdómi, þykir eigi verða talið gistihúsahald í merkingu 2. gr. laga nr. 21/1926. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sýknu af ákæru um brot gegn því lagaboði. Atferli ákærðu varðar hins vegar við 1. mgr. 206. gr. laga nr. 19/1940 og 10. gr. sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 59/1936, eins og í héraðsdómi greinir. Refsing ákærðu er af héraðsdómara hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði, en eftir öllum atvikum þykir rétt að kveða svo á, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún niður falla eftir 3 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Eigi þykja næg efni til þess að svipta ákærðu réttindum samkvæmt 68. gr. laga nr. 19/1940.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærða, Arndís Þórðardóttir, sæti fangelsi 3 mánuði. En fullnustu refsingarinnar skal fresta og niður

skal hún falla eftir 3 ár frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 verða haldin.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærða greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Theódórs B. Líndals og Sigurðar Ólasonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. september 1953.

Ár 1953, miðvikudaginn 2. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3258/1953: Ákæruvaldið gegn Arndísi Þórðardóttur, sem tekið var til dóms 27. f. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 19. desember f. á., er ákærða, Arndís Þórðardóttir, húsfrú, Ránargötu 50, hér í bæ, ákærð „fyrir að hafa gert sér lauslæti annarra að tekjulind og gerzt sek um brot á lögum um eftirlit með útlendingum og lögum um veitingasölu, gistihúsahald o. fl., samkvæmt 1. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, 10. gr. laga um eftirlit með útlendingum nr. 59 frá 1936 og 2. gr. laga um veitingasölu, gistihúsahald o. fl. nr. 21 frá 1926, *með því* á tímabilinu frá febrúar/marz til september 1952 að leigja eitt herbergi íbúðarinnar til einnar nætur í senn til karlmanna, sem oftast fengu heimsóknir kvenfólks, sem oft var þar um nætur, en leiga fyrir herbergið er talin hafa verið 60 krónur fyrir sólarhringinn, en með þessu er ákærða talin hafa gert sér lauslæti annarra að tekjulind, fyrir að hafa látið hjá líða að halda skrá um gestakomur og fyrir að hafa rekið gististarfsemi þessa án leyfis.

Ákærist því framangreind Arndís Þórðardóttir til að sæta refsingu samkvæmt framangreindu hegningarákvæði, 2. mgr. 12. gr. laga nr. 59/1936 og 1. mgr. 15. gr. laga nr. 21/1926, til sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Með framhaldsákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 31. júlí s.l., er ákærða ákærð „fyrir að hafa gerzt brotleg við allar lagagreinar, sem tilgreindar eru í framangreindu ákæruskjali í málinu, *með því* á tímabilinu frá nóvember 1952 til apríl 1953 að leigja út úr húsi sínu að Ránargötu 50 í Reykjavík herbergi til stutts tíma í senn til karlmanna, sem voru í fylgd með kvenfólki eða fengu heimsóknir kvenfólks, sem oft var þar um nætur, en greiðsla fyrir þetta er talin hafa verið 85—100 krónur fyrir manninn yfir sólarhringinn eða

part úr sólarhring, en með þessu er ákærða talin hafa gert sér lauslæti annarra að tekjulind, fyrir að hafa látið hjá líða að halda skrá um gestakomur og fyrir að hafa rekið gistihússtarfsemi án leyfis.

Framhaldsákærist því ákærða í máli þessu til að sæta refsingu samkvæmt refsifyrirmælum þeim, sem tilgreind eru í framangreindu ákæruskjali, til réttindasviptingar samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Ákærða er fædd 9. desember 1904 á Stokkseyri og hefur, svo að kunnugt sé, hvorki sætt ákæru né refsingu.

I.

Málavextir, sem ákært er út af í ákæruskjali, dags. 19. desember f. á., eru þessir:

Með bréfi, dags. 13. september f. á., kærði barnaverndarnefnd Reykjavíkur yfir því til sakadómarans í Reykjavík, að í húsinu nr. 50 við Ránargötu, hér í bæ, væru leigð út herbergi fyrir hermenn og kvenfólk í fylgd þeirra, oft aðeins skamma stund í senn, eða hluta úr sólarhring, og væri ástæða til að halda, að umráðamaður húsnæðisins gerði sér að atvinnu lauslæti stúlkna hér í bænum.

Þorkell Kristjánsson, fulltrúi barnaverndarnefndar, vakti athygli nefndarinnar á kæruatriðum þessum. Hefur hann borið það, að leigubifreiðarstjóri einn hafi skýrt honum frá því, að hann hafi ekið hermönnum og íslenzkum stúlkum að Ránargötu 50, þannig að þar væri íverustaður hermanna og stúlkna. Þá kveðst Þorkell hafa sjálfur komizt að því, að hermönnum og stúlkum hafi verið ekið í bifreið á þenna stað.

A, hér í bæ, 21 árs að aldri, hefur borið það 30. desember f. á., að hún hafi um nokkurt skeið þekkt flughermann einn í Keflavík, og hafi þau verið opinberlega heitbundin í 2 mánuði. Flughermaðurinn hafi oft komið hingað til bæjarins og þá gjarnan tekið herbergi á Ránargötu 50 til leigu. Hafi hann haft herbergið eina og eina nótt í einu, um einu sinni í viku, um helgi eða síðari hluta vikunnar. A kveðst oft hafa komið til hans í herbergið, ýmist um kvöldverðartíma eða þá síðar að kvöldi til, eftir að þau hafi verið að skemmta sér úti. Hafi það þá viljað koma fyrir, að hún hafi dvalið þar fram eftir nóttu, en hún hefur færzt undan að svara þeirri spurningu, hvort hún hafi haft þar samfarir við festarmann sinn. Hún kveður, að það hafi komið fyrir, að hermenn, kunningjar hans, hafi einnig verið í herberginu um leið og hún, en aldrei aðrar stúlkur. Áfengi hafi aldrei verið um hönd haft í herberginu og ekki söngur eða hávaði hafður í frammi.

Ólafur Ólafsson, verkamaður, Ránargötu 50, eiginmaður ákærðu, hefur borið það, að ákærða hafi s.l. sumar leigt út eitt herbergi á hæð þess húss, og hafi hún haft af því allan veg og vanda, en hann

hvergi nálægt því komið. Hann kveðst ekkert hafa vitað um leigukjörin og leigjendurna, en upp á síðkastið hafi margir þeirra verið hermenn. Hann hafi ekki blandað neitt geði við leigjendurna og hann hafi ekkert fylgzt með því, hvort þeir fengju heimsóknir karla eða kvenna. Þá hafi hann aldrei orðið var við hávaða eða ólæti í hinu leigða herbergi, þó að svefnherbergi hans væri á sömu hæð.

Framburður ákærðu er þessi:

Hún og eiginmaður hennar, Ólafur Ólafsson, hafa á annað ár átt húseignina Ránargötu 50, en sameiginlegt fjárfélag er með þeim hjónum. Þetta er lítið timburhús, ein hæð, ris og kjallari, og hafa þau hjónin búið á hæðinni. Miklar skuldir hafa hvílt á húsinu, og m. a. til að grynna á þeim og auka tekjur hjónanna, varð það úr, að leigt var út á hæðinni eitt herbergi, sem er með inngangi úr ytri forstofu. Leiga herbergisins hófst í febrúar- eða marzmánuði f. á. Ákærða sá um leigu herbergisins, og skipti Ólafur, maður hennar, sér ekkert af henni, en féllst á þessa ráðstöfun herbergisins. Hún vildi ekki leigja herbergið fast, eins og hún hefur komizt að orði, því að í rauninni var það stofan hennar. Hún leigði herbergið út fyrir milligöngu Hótel Víkur. Hún þekkti ekki forstöðumann hótelsins, heldur hringdi hún aðeins í skrifstofu þess og bað um, að hún yrði látin vita, ef hótelið gæti ekki tekið við gestum sakir þrengsla, og vísað til hennar. Var þessu lofað af hálfu skrifstofunnar. Ákærða hafði orð á því, að hún vildi helzt Íslendinga fyrir leigjendur, en sá, sem varð fyrir svörum í skrifstofunni, kvað það einkennilegt, því að flestir vildu frekar útlendinga. Ákærða kvaðst þá ekki hafa á móti því að leigja útlendingum herbergið.

Í herbergi því, sem ákærða leigði út, voru tveir dívanar, borð, stólar og útvarp. Oftast voru leigjendur herbergisins tveir menn, sem ekkert þekktust. Leigan var kr. 30 fyrir manninn fyrir sólarhringinn, og var kaffi innifalið. Leigan var yfirleitt greidd fyrirfram. Fyrst í stað voru leigjendurnir eingöngu Íslendingar, einkum menn, sem unnu á Keflavíkurflugvelli eða stunduðu sjómennsku eða höfðu búið á Vífilsstöðum. Síðan fóru útlendingar, og þá hermenn, að taka herbergið á leigu, en ákærða getur ekki sagt um, hvort þeir hafi „upp á síðkastið" verið oftar leigjendur en Íslendingar. Ákærða hélt ekki neina skrá yfir nöfn leigjendanna. Hermennirnir tóku herbergið á leigu, annaðhvort eina nótt eða tvær nætur og aldrei lengur í einu, en stundum aftur eftir nokkurn tíma, og jafnvel mörgum sinnum. Íslendingarnir höfðu herbergið lengur á leigu. Svo mátti heita, að herbergið væri alltaf leigt út um helgar, sjaldan á mánudögum og þriðjudögum og upp og ofan aðra daga vikunnar. Leigjendurnir komu allan tíma dagsins og einnig á kvöldin til að fá herbergi leigt, og þegar fram í sótti, pöntuðu hermenn herbergið í síma frá Keflavík. Þegar leiga á herberginu var óákveðin, fékk ákærða leigjandanum útidyralykil og sagði honum, að hann yrði að

vera kominn heim fyrir kl. 24.00. Leigjendur hlýddu þessu jafnan og voru komnir í herbergi sitt fyrir þenna tíma, a. m. k. hinir erlendu leigjendur. Ákærða varð aldrei þess vör, að leigjandi hefði aðeins afnot herbergisins í stutta stund eða fáeinar klukkustundir, en hyrfi svo. Hins vegar kom það fyrir, að hermenn, sem höfðu herbergið á leigu, fóru þaðan burt snemma að morgni milli kl. 6 og 7 til að ná í bifreiðarferð til Keflavíkur.

Hermenn þeir, sem tóku herbergið á leigu, komu með gesti til sín þangað. Ákærða sagði þeim þó, að óheimilt væri að fara með stúlkur yngri en 17 ára inn í herbergið, því að hún hafði heyrt orðróm um, að það væri óheimilt. Oftast voru gestir hermannanna stúlkur, en þó stundum íslenzkir karlmenn. Ákærða spurði stúlkurnar alltaf um aldur þeirra, og sögðust þær vera þetta á aldrinum frá 21 árs upp í 25 ára, og ákærðu vitanlega kom aldrei yngri stúlka til hermanna. Stúlkurnar voru oftast tvær saman og leigjendurnir þá gjarnan tveir, eða þá stúlkurnar þrjár eða ein. Þegar liðsforingjar (officerar) tóku herbergið á leigu, voru þeir jafnan einir í herberginu og gestir þeirra þá aðeins stúlka. Yfirleitt voru það sömu stúlkurnar, sem komu til sömu hermanna. Þær virtust jafnvel vera heitbundnar þeim, að minnsta kosti voru þær með stóra hringa á fingri. Ákærða minnist þess ekki, að stúlkur kæmu með sitt hverjum hermanni inn í herbergið, og ef það kom fyrir, að stúlka kæmi oftar en einu sinni, var það með sama leigjandanum. Stúlkurnar komu alltaf inn í herbergið fyrir miðnætti. Stundum sagði ákærða við þær, að þær yrðu að fara í burt ekki seinna en kl. 1.30 um nóttina. Þær hlýddu því stundum og stundum ekki, en þær voru jafnan farnar um morguninn.

Hermennirnir, sem tóku herbergið á leigu, höfðu oftast áfengisflösku meðferðis, en aldrei óátekna flösku. Stundum sá ákærða áfengi á stúlkunum, sem komu með þeim, einkum ef þær komu frá Hótel Borg. Heimsóknirnar til hermanna héldu þó ekki vöku fyrir ákærðu og eiginmanni hennar, þó að þau svæfu í næsta herbergi og vængjahurð aðeins á milli. Ákærða varð ekki vör við glaum, söng eða dans hjá hermönnunum. Það kom fyrir, að hún leit inn í herbergið, þegar hermenn voru með gesti, og varð hún aldrei vör við ósæmilega hegðun þar. Venjulega sátu hermennirnir á dívaninum, stundum snöggklæddir, eins og oft á sér stað um karlmenn, en stúlkurnar sátu í djúpu stólunum. Gjarnan dreyptu þau á vínblöndu eða coca-cola-drykk. Ákærða varð aldrei vör við, að stúlkurnar væru að einhverju leyti farnar að afklæðast. Hún hefur aldrei vitað til þess, að hermenn hefðu samfarir við stúlkur, sem komu til þeirra, og heldur aldrei haft beinan grun um það. Hún kveðst ekki hafa verið að skipta sér neitt af leigjendum sínum og gestum þeirra, þar sem aðiljar höfðu náð lögaldri, og aðgætt sérstaklega, hvað þeir höfðust að í herberginu. En ákærða bætir því við, að manni geti

dottið margt í hug í þessum efnum og að hermennirnir muni ekki hafa verið öðru vísi en annað fólk.

Það, sem sagt var um gesti til hermanna, á eins við um gesti íslenzkra leigjenda herbergisins. Þó sagði ákærða ekki við síðarnefnda leigjendur, að óheimilt væri að fara með stúlkur yngri en 17 ára inn í herbergið, þar sem hún taldi það óþarfa.

Karl Kristinsson, forstöðumaður Hótel Víkur, hefur borið það, að þegar hótelið hefur verið fullskipað af gestum, hafi ferðafólki verið vísað á nokkra staði úti í bæ, þar sem hægt mundi vera að fá herbergi, og hafi einn þessara staða verið á Ránargötu 50. Hótelið hafi ekkert gjald tekið fyrir þessa starfsemi, sem gerð hafi verið fyrir ferðafólkið, en ekki leigusala herbergjanna, og hafi hótelið ekkert skipt sér af leigukjörum og leigufyrirkomulagi herbergjanna.

Guðborg Siggeirsdóttir, skrifstofustúlka á Hótel Vík, hefur staðfest þenna framburð Karls Kristinssonar. Hún kveður, að leigusalar umræddra herbergja úti í bæ hafi annaðhvort komið í skrifstofu hótelsins eða hringt þangað í síma og beðið um, að ferðafólki væri vísað til þeirra. Hringt hafi verið frá skrifstofu hótelsins til leigusala, áður en ferðafólki var vísað til hans, og hann spurður að því, hvort herbergið væri laust eða til leigu, og jafnan hafi leigusali fengið að vita þá um leið, hvort gesturinn var hermaður. Sumir leigusalanna hafi síðar viljað fá hermenn sem leigjendur, en aðrir ekkert haft við það að athuga. Annars hafi það ekki verið oft, sem hermönnum hafi verið vísað til fólks úti í bæ, og það alls ekki verið gert, nema hótelið væri fullskipað.

II.

Málavextir, sem ákært er út af í framhaldsákæruskjali, dags. 31. júlí s.l., eru þessir:

Eftir að málið, sem höfðað var gegn ákærðu samkvæmt ákæruskjali, dags. 19. desember f. á., var tekið til dóms 13. febrúar s.l., en áður en dómur í því var uppkveðinn, barst lögreglunni til eyrna, að íslenzkar stúlkur og erlendir menn tíðkuðu enn komur sínar á Ránargötu 50. Var málið þá tekið til framhaldsrannsóknar, og verður nú rakið það, sem þar kom fram:

B, hér í bæ, fædd 17. nóvember 1935, hefur borið það, að á tímabilinu frá því í september til desember f. á. hafi hún komið að minnsta kosti í 10 skipti í herbergi á Ránargötu 50, og á tímabilinu frá s.l. áramótum til byrjunar marz s.l. í örfá skipti. Hún kveðst jafnan hafa komið þangað ásamt fleira fólki, bæði með einhverri kunningjastúlku sinni og tveimur eða fleiri hermönnum og oft hafi hún verið með einum og sama hermanni, sem hún þekkti. Hermennirnir hafi spurt stúlkurnar um það, hvert væri hægt að fara, og nefndu þær þá oft Ránargötu 50, þar sem þær vissu, að herbergi voru leigð út, eitt á hæðinni og annað í kjallara. Þegar þangað var

komið, var talað við ákærðu, og greiddu hermennirnir þegar herbergisleiguna, kr. 100,00. B kveður, að tvö og stundum fleiri pör hafi verið í herbergi. Þau hafi oftast komið í herbergið milli kl. 18 og 19. Stundum hafi þau dvalizt þar aðeins fram eftir kvöldi og hermennirnir þá farið um miðnætti til Keflavíkur, en stundum hafi þau dvalizt næturlangt í herberginu. Oftast hafi áfengi verið haft um hönd, og stundum hafi ákærða gefið þeim kaffi á kvöldin. B kveðst stundum hafa haft samfarir við hermann þann, sem hún var með, og alltaf, þegar hún dvaldist þar næturlangt. Það hafi ekki skipt máli, þótt annað par eða pör væru fyrir í herberginu. Stundum hafi hitt parið eða hin pörin haft einnig samfarir saman, en B kveðst annars ekki hafa sérstaklega gætt að því. Hún kveður, að ákærða hafi aldrei komið inn í herbergið, á meðan þau hafi haft samfarir eða eftir að þau hafi verið farin úr fötum, og hún minnist þess ekki, að ákærða segði við hana eða vinstúlkur hennar, að þær mættu ekki vera í herbergi hermannanna yfir nóttina. Í eitt skipti, líklega eftir s.l. áramót, hafi ákærða gefið henni kaffi í rúmið, eftir að hún hafi dvalizt næturlangt í herberginu og haft samfarir við hermann þar um nóttina. Kunningjastúlka hennar hafi þá einnig verið háttuð í herberginu, en hermennirnir tveir, sem höfðu verið þar, hafi verið farnir.

C, hér í bæ, fædd 27. júní 1935, hefur borið það, að frá september til desember f. á. hafi hún komið nokkrum sinnum á Ránargötu 50 og tvisvar sinnum eftir s.l. áramót. Hún kveðst jafnan hafa komið á stað þenna með kunningjastúlkum sínum og hermönnum, og hafi hún oftast verið með þeim sama. Hermennirnir hafi síðan tekið herbergi þarna á leigu og greitt leiguna þegar í stað, og heldur hún, að leigan hafi verið 100 krónur fyrir nóttina. Þær stúlkurnar hafi oftast komið á kvöldin á Ránargötu 50 og oft dvalizt þar fram eftir nóttu, og það hafi komið fyrir, að þær hafi dvalizt þar hjá hermönnunum alla nóttina. C kveðst hafa haft að minnsta kosti tvisvar sinnum samfarir við hermann sinn, sem hafi haft á leigu herbergi þarna, og hafi það gerzt, þegar hún dvaldizt hjá honum næturlangt. Hún hefur ekki getað borið um, hvort kunningjastúlkur hennar hafi þá einnig haft samfarir við sína hermenn. Í flest skiptin, sem stúlkurnar hafi komið í nefnt hús, hafi verið um venjulegt „party" að ræða, áfengi drukkið og skrafað saman. Ákærða, sem hafði leigt þarna út tvö herbergi, annað á hæðinni, en hitt í kjallara, hafi komið inn í herbergin að kvöldlagi, en aldrei að næturlagi.

D, hér í bæ, fædd 31. október 1933, hefur borið það, að hún hafi komið á Ránargötu 50 nokkuð oft á tímabilinu frá október til desember f. á. og tvisvar sinnum eftir áramótin, jafnan með vinstúlkum sínum. Hún kveðst hafa verið með ákveðnum amerískum hermanni, sem hafi oft haft á leigu herbergi næturlangt í nefndu húsi, ýmist einn eða með félögum sínum. Oftast hafi þær vinstúlkurnar og her-

mennirnir komið þangað saman, og hermennirnir þá fyrst tekið herbergið á leigu og greitt leigu þess, allt að 100 krónur yfir nóttina, fyrirfram. D kveður, að þær vinstúlkurnar hafi einatt dvalizt hjá hermönnunum í herberginu fram eftir nóttu og fram undir morgun. Hún kveðst aldrei hafa haft samfarir í herberginu og veit ekki heldur til þess, að vinstúlkur hennar hafi haft þar samfarir. Ákærða, sem hafi leigt út herbergið, hafi vitað, að þær vinstúlkurnar hafi verið í herberginu fram eftir nóttu, en hún hafi aldrei komið inn í herbergið að næturlagi.

E, hér í bæ, fædd 29. nóvember 1926, hefur borið það, að í nóvember og desember f. á. hafi hún verið með amerískum sjóliða, og hafi hann oft á þeim tíma tekið herbergi á hæðinni í húsinu Ránargötu 50 á leigu fyrir eina nótt í senn. Leigan hafi verið 100 krónur yfir nóttina. E kveðst oft hafa komið með sjóliðanum í herbergið og þá oft haft við hann samfarir þar. Hún hafi þó aldrei dvalizt þar næturlangt, en farið þaðan nokkru eftir miðnætti. Þá kveðst hún hafa nokkrum sinnum að kvöldlagi í desember og janúar s. l. komið með vinstúlkum sínum í kjallaraherbergið á Ránargötu 50, sem aðrir hermenn hafi haft á leigu. Í þau skipti hafi engin kynferðismök átt sér stað í herberginu, og hafi hún alltaf verið farin þaðan í burtu um kl. 1.30 um nóttina. E kveður, að fyrrnefndur sjóliði og hermenn hafi tekið herbergið á leigu, um leið og hún og vinstúlkur hennar komu með þeim þangað að kvöldlagi, og hafi þeir greitt leigu herbergisins yfir nóttina fyrirfram. Hún kveðst ekki geta sagt um, hvort ákærða, sem leigði út herbergin, hafi vitað, að stúlkur voru hjá hermönnum í herbergi fram eftir nóttu.

Þá hafa stúlkurnar F, fædd 1. ágúst 1934, G, fædd 12. janúar 1932, og H, fædd 20. september 1933, gefið rannsóknarlögreglunni skýrslu í málinu, en ekki hefur reynzt mögulegt að yfirheyra stúlkur þessar fyrir dómi, þar eð þær hafa síðan flutzt búferlum, og ekki er vitað, hvar þær dveljast nú.

F hefur skýrt frá því, að hún hafi oft fyrir s.l. áramót komið með stúlkum í herbergi niðri á Ránargötu 50 og í nokkur skipti hafi hún verið þar næturlangt, en þá verið með sama hermanninum. Þær hafi oftast verið sex saman stúlkurnar. Í herberginu hafi verið þrír dívanar. Í tvö skiptin kveðst hún hafa haft þarna samfarir við sinn hermann, en hún geti ekki sagt um, hvernig það hafi verið með hinar stúlkurnar, en þær hafi háttað hjá sínum. Þá kveðst hún hafa komið 5 sinnum eftir áramótin á Ránargötu 50 með vinstúlkum sínum. Í tvö skipti hafi hún verið þar næturlangt, og minnir hana í herbergi uppi. Í annað skiptið hafi hún og vinstúlka hennar verið með amerískum borgurum, en hermönnum í hitt skiptið. Í fyrra skiptið hafi annar borgarinn sofið hjá vinstúlku hennar (B), en hún þá einnig verið uppi.

H hefur skýrt frá því, að eftir s.l. áramót hafi hún komið um 6—7

sinnum á Ránargötu 50 og verið þá mest með sama hermanni, en þó verið stundum með öðrum. Hún kveðst í öll skiptin hafa haft samfarir við hermann sinn, og hafi þá tvö pör verið í herberginu, en í nokkur skipti hafi fleiri dvalizt þar um tíma. Hún kveðst aldrei hafa verið þarna næturlangt. Hermennirnir hafi greitt ákærðu, sem leigt hafi út herbergin, 100 krónur yfir sólarhringinn. Ákærða hafi stundum gefið henni og félögum hennar kaffi á kvöldin, ýmist í eldhúsinu eða í herbergjunum.

G hefur skýrt frá því, að eftir s.l. áramót hafi hún komið nokkrum sinnum á Ránargötu 50, og muni hún aðeins hafa verið þar einu sinni næturlangt, og hafi hún í það skipti fengið að sofa þar sakir ölvunar. Hún kveðst hafa verið með sama ameríska manninum eftir áramótin, en aldrei haft við hann samfarir á þessum stað.

Greindar sjö stúlkur eru allar kunningjastúlkur, og voru þær oft saman, tvær eða fleiri, hjá leigutökum ákærðu á Ránargötu 50.

Framburður ákærðu er þessi:

Hún kveðst hafa haldið áfram að leigja út herbergið á hæðinni á Ránargötu 50 fram undir s.l. páska, en leigjendur verið færri seinustu mánuðina en áður. Útleiga herbergisins og leigukjör voru alveg með sama hætti og áður, sbr. framburði ákærðu í I hér að framan.

Í nóvember f. á. losnaði stórt herbergi í kjallaranum á Ránargötu 50, sem dóttir ákærðu og ameríkur eiginmaður hennar höfðu áður búið í. Ákærða auglýsti þá herbergið til leigu í dagblöðum og gat um, að það væri til iðnaðar. Þrír menn komu, en enginn þeirra vildi taka herbergið á leigu.

Ákærða fór þá í nóvember eða desember s.l. að leigja kjallaraherbergið fyrir ferðamenn, jafnt Íslendinga sem hermenn. Í herberginu voru tveir dívanar, og var annar fyrir tvo. Stundum tók einn maður, en stundum tóku tveir hermenn herbergið á leigu. Leiguhæðin var 85 krónur fyrir manninn um nóttina, og var leigan greidd um leið og leigutakinn kom. Ef leigutakarnir voru tveir, greiddu þeir gjarnan 100 krónur fyrir nóttina, en fengu þá morgunkaffi. Oftast voru leigutakarnir eina eða tvær nætur í senn, en stundum þrjár og allt upp í sjö nætur. Íslendingarnir voru yfirleitt lengur en hermennirnir. Einkennisbúnir hermenn tóku herbergið á leigu oftast um helgar, en borgaralega klæddir „Ameríkanar" áttu til með að vera í herberginu upp undir eina viku. Hún leigði herbergið ekki út til skemmri tíma en einnar nætur.

Oft voru leigutakarnir með stúlku, þegar þeir komu, og gegndi það jafnt um hermenn sem Íslendinga. Stúlkurnar dvöldust þá gjarnan í herberginu hjá þeim fram eftir kvöldi. Ákærða sagði við stúlkurnar, að þær mættu ekki vera í herberginu um nóttina, og lofuðu þær að hlýða því, en ákærða getur ekki sagt um, hvort þær efndu það alltaf. Annars voru leiguhættir og leigukjör herbergisins alger-

lega með sama hætti og herbergisins á hæðinni, sbr. framburð ákærðu í I hér að framan. Hún hætti útleigu kjallaraherbergisins til stutts tíma í senn í apríl—maí s.l.

Ákærða kveðst ekki hafa vitað til þess, að stúlka dveldist hjá leigutaka yfir nóttina eða að leigutaki eða gestur hans hefðu nokkru sinni samfarir við stúlku í herberginu. Kveður hún, að það hafi bæði verið án vilja hennar og vitundar, ef fyrrgreindar stúlkur, sem borið hafa í málinu, eða aðrar stúlkur hafi verið í leiguherbergjunum á Ránargötu 50 næturlangt og haft þar samfarir.

Ákærða kveðst stundum hafa veitt leigjendum og gestum þeirra kaffi á kvöldin án endurgjalds, en aldrei að morgni dags.

Hún kveðst kannast við B, og kom hún nokkrum sinnum með hermönnum á Ránargötu 50 og var þá undir áhrifum áfengis og einu sinni varð að vísa henni á dyr. Ákærða hefur út af framburði B um, að ákærða hafi einu sinni að morgni dags gefið henni kaffi í rúmið á Ránargötu 50, gefið þessa skýringu: Kvöld eitt eða nótt eina komu þrjár stúlkur heim til ákærðu og báru sig illa, þar sem þær ættu hvergi húsaskjól og væru heimilislausar. Starfsmenn á Keflavíkurflugvelli, sem höfðu herbergi á leigu í húsi ákærðu, buðust þá til að rýma herbergi sitt, enda ætluðu þeir að fara úr því kl. 5 næsta morgun. Varð úr, að þeir fóru úr herberginu, og fengu stúlkurnar að vera í því um nóttina. Ákærða man ekki sérstaklega eftir því, að hún gæfi stúlkunum kaffi um morguninn, en telur það sennilegt. Hún heldur, að þetta atvik hljóti að vera hið sama og B getur um í framburði sínum, en man þó ekki eftir því, hvort B var ein af stúlkunum þremur.

III.

Samkvæmt því, sem nú var greint, er sannað, að ákærða leigði út eitt herbergi úr íbúðinni á fyrstu hæð í húsi sínu á Ránargötu 50 frá febrúar eða marz 1952 framundir páska 1953 og eitt herbergi í kjallara sama húss frá nóvember eða desember 1952 til apríl eða maí 1953. Ákærða leigði herbergin ýmist Íslendingum eða hermönnum til einnar nætur í senn, og höfðu leigutakarnir oft herbergi á leigu aðeins eina nótt. Ákærða hélt enga skrá yfir leigutakana. Í báðum herbergjunum voru tveir dívanar og var annar í kjallarherberginu fyrir tvo. Leiga herbergisins á hæðinni var 30 krónur yfir nóttina fyrir manninn, en oftast voru leigutakar þess tveir. Leiga kjallaraherbergisins var 85 krónur yfir nóttina, en gjarnan 100 krónur, væru leigutakarnir tveir.

Leigutakarnir voru oft með stúlkum, þegar þeir tóku herbergin á leigu, og dvöldust þær hjá þeim í herbergjum þeirra fram eftir kvöldi. Enn fremur er sannað með samhljóða framburðum margra stúlkna, að þær hafi verið í herbergjum þessum næturlangt og haft þar samfarir við leigutakana, sumar í fáein skipti, en aðrar oft.

Ákærða hefur neitað því að hafa vitað til þess, að stúlkur og leigutakar hefðu samfarir í herbergjunum, en viðurkennt „að manni geti dottið margt í hug í þessum efnum og að hermennirnir muni ekki vera öðru vísi en annað fólk." Eigi að síður skipti ákærða sér lítið af hegðun og dvöl stúlkna í herbergjunum og ekki neitt, ef hún hélt, að þær hefðu náð lögaldri. Samkvæmt framansögðu verður dómurinn að líta svo á, að ákærðu hafi hlotið að vera ljóst, að lauslæti átti sér stað í herbergjum þeim, sem hún leigði út á Ránargötu 50.

Samkvæmt því, sem nú var greint, og framburðum áðurtaldra stúlkna svo og framburði ákærðu sjálfrar að öðru leyti, þykir næg sönnun fengin fyrir því, að ákærða hafi gert sér lauslæti annarra að tekjulind og þannig gerzt brotleg gegn 206. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þá þykir hún einnig hafa brotið gegn 10. gr. sbr. 12. gr., 2. mgr., laga nr. 59 23. júní 1936 með því að halda ekki skrá um leigutaka herbergjanna. Á hinn bóginn verður ákærða ekki talin hafa gert sér gistihúshald að atvinnu, og því hefur hún ekki brotið gegn 2. gr. sbr. 15. gr., 1. mgr., laga nr. 21 15. júní 1926. Refsing ákærðu þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar E. Ólasonar hrl., kr. 800.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærða, Arndís Þórðardóttir, sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærða er frá birtingu dóms þessa svipt kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærða greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar E. Ólasonar hrl., kr. 800.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 31. janúar 1955.

Nr. 5/1955. **Konráð Ó. Sævaldsson**
gegn
Jóni Sigurðssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Krafa um frest. Um varnir í víxilmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. desember 1954, er hingað barst 12. þ. m. Gerir hann þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið þegar í stað til flutnings og dóms. Svo krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur haldið því fram í aðalmálinu, að hann hafi samþykkt og afhent víxil þann, sem í málinu greinir, til greiðslu á andvirði verðmætis, er hann hafi keypt af nafngreindum manni. Síðar hafi komið í ljós, að hann hafi verið blekktur um kaup þessi, og hafi sóknaraðili átt þátt í því, að honum var villt sýn um verðmæti það, er hann keypti. Vörn þessi kemst ekki að í víxilmáli, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum ber varnaraðilja að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðili, Jón Sigurðsson, greiði sóknaraðilja, Konráði Ó. Sævaldssyni, kærumálskostnað, kr. 500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 17. desember 1954.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 14. þ. m., hefur Konráð Ó. Sævaldsson, Austurstræti 14, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 22. f. m. gegn Jóni Sigurðssyni kaupmanni, Ás-

vallagötu 1, hér í bæ, til greiðslu skuldar að upphæð kr. 6.637.34 með 6% ársvöxtum frá 24. september s.l. til greiðsludags, stimpil- og afsagnarkostnaðar og ½% fjárhæðarinnar í þóknun auk málskostnaðar.

Skuld þessi er samkvæmt víxli, útgefnum af stefnanda 24. júní s.l., en samþykktum af stefnda til greiðslu í Iðnaðarbankanum hér í bæ 24. september s.l.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda í máli þessu og málskostnaðar að skaðlausu.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að stefnandi sé ekki löglegur eigandi hins umstefnda víxils, sem sé þannig til kominn, að stefndi hafi 24. júní s.l. gert samning við Sigurð Ellert Jónsson um kaup á svonefndri Vesturbæjarbúð, hér í bæ, og hafi stefnandi máls þessa annazt þá samningsgerð. Eina greiðslan við undirritun nefnds samnings hafi verið sú, að stefndi skyldi taka að sér að greiða persónulega skuld nefnds Sigurðar E. Jónssonar við stefnanda þessa máls, og hafi hann, þ. e. stefndi, þá samþykkt víxil þenna. Að kveldi sama dags kveðst stefndi hafa orðið þess áskynja, að seljandi hafði selt honum ýmislegt, sem hann ekki átti. Kveðst hann hafa lýst yfir því næsta dag, að hann teldi sig óbundinn af nefndum samningi, og jafnframt krafizt þess, að hinn umstefndi víxill yrði afhentur sér, en þeirri kröfu hafi stefnandi vísað á bug. Var mál þetta síðan kært til sakadómara, og er rannsókn í því ekki lokið. Telur stefndi, að samkvæmt framansögðu sé stefnandi mala fide og sé honum því óheimilt að beita víxilréttinum.

Mál þetta var þingfest 26. október s.l. Í því þinghaldi fékk lögmaður stefnda frest til 2. f. m. til ritunar greinargerðar. Í þinghaldi þann dag fékk lögmaður stefnda enn frest í sama skyni til 9. f. m., en þann dag lagði hann fram greinargerð í málinu. Fengu lögmenn aðilja síðan sameiginlegan frest til öflunar gagna til 16. f. m. Er málið kom fyrir þann dag, óskaði lögmaður stefnda eftir fresti til 11. janúar n. k., þar sem útilokað væri, að sakadómari hefði lokið rannsókn í málinu fyrr. Lögmaður stefnda mótmælti frekari fresti og studdi þau mótmæli þeim rökum, að varnir þær, sem stefndi hefði uppi í málinu, mættu ekki komast að í því. Var atriðið þá tekið til úrskurðar að kröfu lögmanns stefnda. Með úrskurði uppkveðnum 20. f. m. var málinu frestað til 14. þ. m. á þeirri forsendu, að ekki var talið útilokað, að rannsókn sú hjá sakadómara, sem að framan getur, gæti haft þýðingu varðandi úrslit þess. Í þinghaldi 14. þ. m. fór lögmaður stefnda fram á frest til 25. janúar n. k., þar sem sakadómari hefði ekki lokið rannsókn í málinu. Lögmaður stefnanda synjaði um frekari frest af sömu ástæðu og áður getur. Var þá atriðið tekið til úrskurðar ex officio.

Telja verður, að lyktir framangreindrar rannsóknar hjá sakadómara geti haft þýðingu fyrir úrslit málsins. Með tilliti til þess og

með vísun til 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt að taka frestbeiðni stefnda til greina.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Málinu er frestað til 25. janúar n.k.

Mánudaginn 31. janúar 1955.

Nr. 172/1954. **Ewald Berndsen**

gegn

Pétri Þorsteinssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ewald Berndsen, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 31. janúar 1955.

Nr. 194/1954. **Árnason, Pálsson & Co. h/f**

gegn

Guðjóni Jónssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árnason, Pálsson & Co. h/f, sem eigi sækir dómþing í málinu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Guðjóni Jónssyni, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 150.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. janúar 1955.

Nr. 195/1954. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Skilanefnd Pöntunarfélagsins á Grímsstaðaholti.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Skilanefnd Pöntunarfélagsins á Grímsstaðaholti, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 150.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 1. febrúar 1955.

Nr. 118/1953. **Jóna Guðmundsdóttir** (Ragnar Jónsson)
gegn
Sveinbirni Enokssyni (Guttormur Erlendsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um gildi kvaðar á húslóð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi hinn 15. ágúst 1953 og skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1953.

Gerir hún þessar dómkröfur:

1. Að dæmdur verði gildur gegnt stefnda réttur hennar til lóðarréttinda fasteignarinnar nr. 8 við Kirkjuveg (lóð nr. 465), Hafnarfirði, svo sem hún eignaðist hana með afsali 4. desember 1942, og án allra kvaða í þágu fasteignarinnar nr. 8 a við Kirkjuveg (lóð nr. 465 a).
2. Að hún verði sýknuð af kröfu stefnda um að flytja markagarð þann, sem í málinu greinir, og
3. Að henni verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, svo að hún sé skaðlaus.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur að niðurstöðu til og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

I. Þann 25. marz 1933 seldi Jónína heitin Þorkelsdóttir með kaupsamningi Enok Helgasyni hér um bil 280 fermetra af lóð sinni við Kirkjuveg 8 í Hafnarfirði (nr. 465). Kaupsamningi þessum var eigi þinglýst fyrr en 4. október 1949, en afsal á lóðarspildunni gaf Jónína Enok hinn 10. júní 1933, og var því þinglýst hinn 28. júlí s. á. Hinn 1. júlí 1933 fékk Enok erfðaleigusamning um nefnda lóðarspildu úr hendi bæjarstjórans í Hafnarfirði. Í kaupsamningi Enoks við Jónínu heitina 25. marz 1933 var honum veittur réttur til að byggja allt að 10 metra langt hús með Kirkjuvegi hornrétt, enda þótt neðra horn þess gengi lítið eitt að ofan inn á lóð seljanda, og eigi skyldi seljanda rétt að byggja nær neðra horni hússins en 10 álnir á sinni lóð. En ákvæði þetta var eigi tekið upp í afsalið 10. júní 1933. Jónína heitin Þorkelsdóttir afsalaði 4. desember 1942 fósturdóttur sinni, Jónu Guðmundsdóttur, áfrýjanda máls þessa, húseignina nr. 8 við Kirkjuveg. Var þessu afsali Jónínu til Jónu þinglýst athugasemdalaust 25. janúar 1943, eða áður en þinglýst var kaupsamningi Jónu og Enoks, þeim er áður gat. Enok afsalaði stefnda, Sveinbirni syni sínum, erfðaleigurétti sínum til lóðarinnar nr. 8 a (nr. 465 a) 18. júní 1948. Stefndi fékk byggingarleyfi bæjarstjórnar til að reisa íbúðarhús á lóðinni 28. september 1949, og samþykktu yfirvöld Hafnarfjarðar staðsetningu hússins. Byggði stefndi þannig, að hlið hússins, sú er veit að lóð áfrýjanda, er með fjórum gluggum, og fjarlægð þess frá lóðar-

mörkum er einungis hér um bil 25 cm. Telur stefndi, að hann hafi mátt gera þetta samkvæmt áminnstu ákvæði kaupsamningsins frá 1933. Nú skal samkvæmt 17. gr. byggingarsamþykktar Hafnarfjarðar nr. 114/1916 gera eldvarnarvegg út að nágrannalóð við hús, sem reist er nær lóðarmörkum en 3.15 metra, og sé hús á nágrannalóðinni nær lóðarmörkum en 3.15 metra og án eldvarnarveggjar, skal gera eldvarnarvegg við hið nýja hús, ef það er sett nær nágrannahúsinu en 6.30 metra, nema eigandi nágrannahússins hafi áður skuldbundið sig til að gera eldvarnarvegg, þegar þess er krafizt. Af þessu ákvæði leiðir, að áfrýjanda nýtist ekki nema að takmörkuðu leyti lóð hennar nr. 8 við Kirkjuveg, ef hús stefnda fær að standa framvegis svo nærri lóðarmörkum og með gluggum á þeirri hlið, sem veit að lóð áfrýjanda. Áfrýjandi kveðst hafa verið, er hún fékk afsal fyrir fasteigninni nr. 8 við Kirkjuveg hinn 4. desember 1942, alveg grandlaus um kvöð þá, sem Jónína heitin Þorkelsdóttir lagði á eignina með kaupsamningnum frá 25. marz 1933, enda hafi honum eigi verið þinglýst fyrr en 4. október 1949, löngu eftir að hún eignaðist fasteignina nr. 8 við Kirkjuveg. Eigi er í ljós leitt, að áfrýjandi hafi vitað um kvöð þá, sem Jónína heitin Þorkelsdóttir lagði á lóðina nr. 8 við Kirkjuveg, er áfrýjandi keypti þá eign. Nú hefur því verið barið við af hendi stefnda, að áfrýjandi sé erfingi Jónínu heitinnar og hafi tekið á sig ábyrgð á skuldbindingum Jónínu, þar sem dánarbú Jónínu hafi verið tekið til skipta samkvæmt 4. kapítula skiptalaga nr. 3/1878. En um þetta atriði liggja eigi fyrir glöggar skýrslur í málinu, og verður því eigi lagður á það dómur. En jafnvel þótt svo reyndist, er atvik hafa verið nægilega í ljós leidd, að áfrýjandi hafi sem erfingi eigi tekið á sig ábyrgð á kvöð þeirri, er getur í kaupsamningnum frá 25. marz 1933, þá þykir eigi rétt, eins og atvikum málsins er háttað, að taka kröfur áfrýjanda í málinu til greina, þar sem breyting sú, sem slík dómsniðurstaða myndi heimila á húsi stefnda, hefði í för með sér mjög mikil spjöll verðmætis.

II. Af hendi áfrýjanda hefur það verið játað í málinu, að markagarður sá, sem þar greinir, sé eigi á réttum mörkum, og því lýst, að hann skuli rifinn. Ber því að dæma áfrýjanda

til að rífa garð þenna innan 12 vikna frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 100 króna dagsektum til stefnda, Sveinbjarnar Enokssonar.

III. Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Krafa áfrýjanda, Jónu Guðmundsdóttur, um að dæmdur sé gildur gegnt stefnda, Sveinbirni Enokssyni, réttur hennar til lóðarréttinda fasteignarinnar nr. 8 við Kirkjuveg án allra kvaða í þágu fasteignarinnar nr. 8 a við Kirkjuveg er eigi til greina tekin.

Áfrýjandi skal innan 12 vikna frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 100 króna dagsektum til stefnda rífa markagarð þann, sem í málinu greinir.

Hvor aðilja ber sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 17. febrúar 1953.

Ár 1953, þriðjudaginn 17. febrúar, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar, sem haldið var í skrifstofu embættisins af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, og meðdómendum Þóroddi Hreinssyni byggingarmeistara og Kristni Guðjónssyni trésmíðameistara, uppkveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var mánudaginn 2. febrúar síðastliðinn.

Mál þetta hefur aðalstefnandi, frú Jóna Guðmundsdóttir, Kirkjuveg 8, hér, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 17. apríl 1951 á hendur Sveinbirni Enokssyni, Kirkjuveg 8 a, hér, og haft uppi þær réttarkröfur, að viðurkenndur verði með dómi réttur hennar til lóðarréttinda fasteignarinnar Kirkjuvegar 8 (lóð nr. 465), svo sem hún hafi eignazt hana með afsali, dags. 4. desember 1942, og án allra kvaða í þágu fasteignarinnar Kirkjuvegar 8 a (lóðar nr. 465 a), og að aðalstefndi, Sveinbjörn Enoksson, verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Enn fremur er Enok Helgasyni rafvirkja, Skúlaskeiði 42, hér, föður aðalstefnda, stefnt til réttargæzlu í málinu.

Í aðalsökinni hefur aðalstefndi aðallega krafizt frávísunar og til vara sýknu, og í báðum tilfellum sér tildæmdan málskostnað.

Frávísunarkrafan var sérstaklega lögð undir úrskurð réttarins og hrundið með úrskurði, uppkveðnum 16. maí 1951.

Verður því lagður efnisdómur á málið nú.

Þá hefur aðalstefndi, Sveinbjörn Enoksson, gagnstefnt Jónu Guðmundsdóttur með stefnu, útgefinni 17. apríl 1951, og gerir í gagnsökinni eftirfarandi kröfur:

1. Að verði kröfur aðalstefnanda í aðalsök teknar til greina, þá verði aðalstefnandi í gagnsök þessari sem erfingi Jónínu sál. Þorkelsdóttur dæmd til að greiða honum bætur að fjárhæð kr. 50.000.00 ásamt 6% p. a. vöxtum frá útgáfudegi gagnstefnu til greiðsludags fyrir tjón það, er honum yrði af því, að Jónína sál. „seldi" aðalstefnanda fasteignina nr. 8 við Kirkjuveg án þess að geta kvaðar þeirrar, er hún hafði áður lagt á þá eign í þágu lóðar gagnstefnanda.
2. Að aðalstefnandi verði að viðlögðum 200 króna dagsektum skylduð til að flytja girðingu sína, sem nú er inn á lóð gagnstefnanda, yfir á rétt mörk lóða þeirra, svo sem þau eru sýnd á uppdrætti á dskj. 14.
3. Að aðalstefnandi verði dæmt til að greiða gagnstefnanda kr. 10.000.00 með 6% p. a. vöxtum frá útgáfudegi gagnstefnu til greiðsludags sem bætur fyrir tjón, er hann hefði beðið við ýmsar ráðstafanir af hennar hálfu, meðan á byggingu húss hans hefur staðið.
4. Að aðalstefnandi verði dæmd til að greiða gagnstefnanda ríflegan málskostnað í gagnsökinni. Gagnstefnda, Jóna Guðmundsdóttir, hefur krafizt sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda.

Mál þetta fór eigi fyrir sáttanefnd, með því að umboðsmenn aðilja lýstu yfir, að sátta mundi eigi verða auðið og sáttaumleitanir þar því óþarfar, en fyrir þessum dómi var leitað sátta bæði í aðalsök og gagnsök, er bar eigi árangur.

Með tilvísun til 3. mgr. 200. gr. laga nr. 85/1936 kvaddi dómarinn tvo sérfróða og kunnuga menn til að dæma með sér í máli þessu.

Málavextir eru þeir, sem nú skal rakið.

Með kaupsamningi, dags. 25. marz 1933, selur Jónína Þorkelsdóttir, þáverandi eigandi fasteignarinnar nr. 8 við Kirkjuveg, hér, réttargæzlustefndum, Enoki Helgasyni rafvirkjameistara, byggingarlóð af fasteign sinni, að stærð ca. 280 ferm. Er þar jafnframt tekið fram, að kaupanda sé heimilt að byggja allt að 10 metra langt hús með Kirkjuvegi hornrétt, enda þótt neðra horn þess gangi lítið eitt að ofan inn á lóð seljanda, og ekki skuli seljanda heimilt að byggja nær neðra horni hússins en 10 álnir á sinni lóð.

Þessum kaupsamningi er ekki þinglýst fyrr en 4. október 1949. Hins vegar er afsal gefið út samkvæmt kaupsamningnum, dags. 10. júní 1933, og er því þinglýst 28. júlí sama ár. En þar er aðeins kvittað fyrir greiðslu á andvirði lóðarinnar og tekið fram, að kaupandinn hafi öðlazt fullan eignarrétt á þessari umræddu lóð, en ekkert getið fyrrgreindrar kvaðar, sem seljandi leggur á lóð sína.

Þann 1. júlí 1933 fær Enok Helgason erfðafestusamning undirrit-

aðan af bæjarstjóranum í Hafnarfirði fyrir umræddri lóð, sem þar er talin 282 fermetrar.

Með afsali, dags. 18. júní 1948, afsalar Enok Helgason syni sínum Sveinbirni, aðalstefnda í máli þessu, erfðafesturétti sínum að umræddri lóð nr. 8 a við Kirkjuveg, með vísun til fyrrnefnds kaupsamnings frá 25. maí 1933 og erfðafestusamnings bæjarstjórans, dags. 1. júlí 1933.

Með afsali, dagsettu 4. desember 1942, kaupir aðalstefnandi, Jóna Guðmundsdóttir, húseignina nr. 8 við Kirkjuveg ásamt lóðarréttindum af fóstru sinni, Jónínu Þorkelsdóttur. Telur Jóna sig hafa keypt eignina algerlega kvaðalausa, enda lá fyrir veðbókarvottorð, þar sem engra kvaða var getið, og jafnframt heldur hún fram, að sér hafi verið ókunnugt um kaupsamning Enoks frá 25. maí 1933 að efni til. Var afsali þessu til Jónu þinglýst athugasemdalaust 25. janúar 1943.

Þann 28. september 1949 fékk aðalstefndi, Sveinbjörn Enoksson, leyfi bæjarstjórnar til að reisa íbúðarhús á lóðinni, sem hann hafði keypt af föður sínum, og hóf síðan byggingarframkvæmdir þar, og er nú langt komið byggingu hússins. Að vísu hafði, löngu áður en hér var komið, verið unnið mikið í lóðinni, með því að þar þurfti að brjóta niður kletta fyrir grunni hússins. Sú hlið húss þessa, sem veit að lóð aðalstefnanda, er með fjórum gluggum, en fjarlægð frá lóðamörkum er ekki nema ca 25 cm. Norðurhlið hússins er hins vegar gluggalaus, enda er þar ráðgerð viðbygging. Teikning hússins og staðsetning hefur verið samþykkt af byggingayfirvöldum bæjarins.

Aðalstefnandi heldur því fram, að henni hafi verið með öllu ókunnugt um kvaðir þær, sem lagðar voru á lóð hennar, Kirkjuveg 8, í kaupsamningnum frá 1933. Hún hafi eignazt lóðina kvaðalaust með afsali Jónínu Þorkelsdóttur frá 1942, og þegar sú eignarheimild var þinglesin litlu síðar, hafi engar þinglýstar kvaðir verið á lóðinni. Ágreiningur í máli þessu snúist því aðeins um gildi yngri réttar samkvæmt eldri þinglýsingu.

Gegn þessu hefur aðalstefndi fært fram varnarástæður í þrem liðum þannig:

1. Að aðalstefnandi hafi vitað um kaupsamninginn frá 1933, þegar hún keypti Kirkjuveg 8, bæði verið kunnugt um efni samningsins og fyrrnefnda kvöð.

Dómurinn verður að telja, að ekki séu framkomnar í málinu nægar sannanir gegn neitun hennar fyrir því, að aðalstefnanda hafi verið kunnugt um efni kaupsamningsins eða umrædda kvöð, eins og aðalstefndi heldur fram.

2. Að aðalstefnanda hefði sem góðri konu og skynsamri átt að vera ljós tilvist kvaðarinnar, þar sem henni mátti ljóst vera, að lóðina nr. 8 a við Kirkjuveg átti að nota sem byggingarlóð og fóstra hennar hefði selt hana þannig, og vegna þess, hve

lóðin væri lítil, hefði ekki verið hægt að byggja á henni, nema húsið næði alveg, eða svo til, að mörkum lóðanna nr. 8 og 10 við Kirkjuveg. Og auk þess hefði aðalstefnanda átt að vera ljóst, að vegna útlits bæjarins mundi ekki fást að byggja þannig á lóðinni nr. 8 a, að eldvarnarveggur væri bæði á nr. 8 og nr. 10.

Dómurinn verður að telja, að þessi atriði, sem nú voru talin, séu ekki svo augljós og sjálfsögð, að aðalstefnanda bæri sem skynsamri og góðri konu að reikna með þeim, enda var teikning að byggingu þar samþykkt löngu síðar en hún keypti lóð sína.

3. Aðalstefnandi hefði sem erfingi Jónínu Þorkelsdóttur tekið að sér skyldur hennar og skuldbindingar í einu og öllu, þar sem opinber skipti á búinu hafa ekki farið fram, og þess vegna verði aðalstefnandi að þola fyrrnefnda kvöð á lóð sinni.

Dómurinn lítur svo á, að enda þótt aðalstefnandi svaraði til skulda og bæri ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum Jónínu sál. sem erfingi hennar, en úr því er ekki skorið enn, þá fælist ekki í því, að hún yrði að þola slíka kvöð á lóð sinni, sem hér er um að ræða, og með þeim hætti, sem hana hefur að borið.

Á hinn bóginn vill dómurinn benda á það, að húsbyggingu aðalstefnda, Sveinbjörns Enokssonar, er það langt komið, að gengið hefur verið frá gluggaskipun og innréttingu hússins, og þar sem fjórir gluggar hafa verið settir á þá hlið þess, sem er á lóðamörkum Kirkjuvegar 8 og 8 a, hefur þar með raunverulega lagzt sú kvöð á lóðina Kirkjuveg 8, að þar má ekki byggja nær lóðamörkum en byggingarsamþykkt tiltekur, eða 3.15 m, verði húsið með eldvarnarvegg á þeirri hlið, en annars helmingi fjær. Nú hefur verið þannig gengið frá byggingu húss Sveinbjarnar, að tæplega er framkvæmanlegt að taka af alla glugga á suðurhlið þess, og vafalaust ekki hugsanlegt, að byggingaryfirvöld bæjarins mundu samþykkja slíka breytingu, eins og málum er komið. Að minnsta kosti hefði slík breyting í för með sér svo stórfellda röskun á innréttingu og útliti hússins, að af því mundi leiða mikla eyðileggingu verðmæta. Á hinn bóginn virðist eigandi lóðarinnar Kirkjuvegar 8 ætti að geta notað hana til að byggja á sæmilegt íbúðarhús.

Að þessu athuguðu álítur dómurinn, að við það verði að sitja, sem orðið er, um kvöð þá, sem raunverulega hefur lagzt á lóð aðalstefnanda við byggingu húss aðalstefnda, en aðalstefnandi eigi hins vegar skaðabótakröfu á hendur aðalstefnanda, að því leyti sem þessar framkvæmdir kunna að hafa rýrt notagildi lóðarinnar Kirkjuvegar 8, en um það yrði að dæma í sérstöku máli.

Með skírskotun til þess, sem hér hefur verið fram tekið, verður dómkrafa aðalstefnanda um, að viðurkenndur verði réttur hennar til lóðarréttinda fasteignarinnar Kirkjuvegar 8 (lóð nr. 465), án allra kvaða í þágu fasteignarinnar Kirkjuvegar 8 a (lóð nr. 465 a), ekki tekin til greina.

Skal þá vikið að gagnsökinni og kröfum gagnstefnanda, og liðirnir teknir, eins og þeir hafa verið taldir upp hér að framan:

1. Þessi liður er með öllu órökstuddur og verður því ekki tekinn til greina.

2. Það er játað af hálfu gagnstefnda, að umræddur múrveggur sé ekki rétt staðsettur, og jafnframt viðurkennt, að uppdráttur á dskj. 14 sýni réttilega, hvar veggurinn eigi að vera á lóðamörkunum, merkt með rauðu striki.

Verður því að taka kröfu gagnstefnanda til greina í þessu efni, og ber að skylda gagnstefndu, Jónu Guðmundsdóttur, til að færa umræddan múrvegg í samræmi við það, sem sýnt er á fyrrgreindum uppdrætti, innan 8 vikna frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 100 króna dagsektum.

3. Í málinu er engin grein gerð fyrir tjóni, er gagnstefnandi kann að hafa beðið við ráðstafanir af hálfu gagnstefnda við byggingarframkvæmdir hans, og verður sá kröfuliður því ekki tekinn til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Krafa aðalstefnanda, Jónu Guðmundsdóttur, um að viðurkenndur yrði réttur hennar til lóðarréttinda fasteignarinnar Kirkjuvegar 8, eins og hún hafi eignazt hana, og án allra kvaða í þágu fasteignarinnar Kirkjuvegar 8 a, verður ekki tekin til greina.

Þá skal gagnstefnda, Jóna Guðmundsdóttir, innan 8 vikna frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 100 króna dagsektum færa múrvegg milli lóðanna Kirkjuvegar 8 og 8 a í samræmi við það, sem sýnt er um lóðamörk á uppdrætti á réttarskjali nr. 14 í máli þessu.

Að öðru leyti skal gagnstefnda vera sýkn af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. febrúar 1955.

Nr. 143/1953. **Akureyrarkaupstaður** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Þorkeli Björnssyni, eiganda jarðarinnar Kífsár, og Vilhjálmi Jónassyni, eiganda jarðarinnar Hesjuvalla (Einar Ásmundsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Mál um landamerki. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. september 1953. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju. Svo krefst hann og þess, að stefndu verði dæmt in solidum að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda eftir mati Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur höfðað mál þetta sem landamerkjamál og krafizt þess, að landamerki milli jarðanna Kífsár og Hesjuvalla verði ákveðin með öðrum hætti en eigendur jarðanna, hinir stefndu í máli þessu, höfðu ákveðið með landamerkjagerð hinn 18. ágúst 1952. Stefndu höfðu fullan rétt til að ákveða merki milli jarða sinna, og getur áfrýjandi ekki haggað merkjagerð þeirra, en geta má þess, að áfrýjandi hefur í máli þessu engin rök fært fram fyrir því, að stefndu hafi árið 1952 breytt merkjum jarðanna frá því, sem áður hafði verið, þar á meðal árið 1914, er áfrýjandi fékk rétt til vatnstöku í svonefndum Hesjuvallalindum.

Þar sem stefndu höfðu löglega ákveðið landamerki jarða sinna, sem þeir voru bærir til, svo sem að framan greinir, brast áfrýjanda alla aðild til að fá þeim breytt. Er kröfugerð hans því með þeim hætti, að ómerkja verður hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi, að undanskildum ákvæðum dómsins um þóknun samdómsmanna og málskostnað til stefndu.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 8000.00.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um þóknun til samdómsmanna og málskostnaðargreiðslu úr hendi áfrýjanda, Akureyrarkaupstaðar, til stefndu, Þorkels Björnssonar og Vilhjálms Jónassonar, eiga að vera óröskuð. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera ómerkur, og vísast sakarefninu frá héraðsdómi.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 8000,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Eyjafjarðarsýslu 20. júlí 1953.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 17. þ. m., var höfðað að tilhlutun dómsformanns samkvæmt 8. gr. landamerkjalaga nr. 41 28. nóvember 1919, og eru tildrög þess sem hér segir:

Með bréfi, dags. 6. október 1952, var tilkynnt af hendi bæjarstjórans á Akureyri vegna bæjarstjórnar Akureyrar, að ágreiningur, sem máli skipti fyrir Akureyrarkaupstað, væri risinn út af landamerkjum Hesjuvalla og Kifsár í Kræklingahlíð í Glæsibæjarhreppi. Með afsali, dags. 13. júní 1914, hafi eigandi Hesjuvalla látið af hendi til Akureyrarkaupstaðar réttindi til vatnstöku fyrir vatnsveitu kaupstaðarins í svonefndum Hesjuvallalindum og síðan hafi vatn verið virkjað þarna í þessu skyni. Þann 18. ágúst s.l. hafi eigendur Hesjuvalla og Kifsár undirritað sameiginlega landamerkjalýsingu milli þessara jarða og látið innrita til þinglýsingar, án þess að hreppstjóri eða forráðamenn Akureyrarkaupstaðar væru til kvaddir, en merkjalýsing þessi fari í bág við fyrri merkjaskrár og sé með henni gengið á rétt Akureyrarkaupstaðar um vatnsréttindi í Hesjuvallalandi, þannig að talsvert lindasvæði sé nú talið í Kifsárlandi, sem raunverulega sé í Hesjuvallalandi. Á lindasvæði þessu, sem þannig gangi undan Hesjuvöllum, hafi Vatnsveita Akureyrar þegar látið virkja talsvert vatn, og krefjist nú eigandi Kifsár fébóta fyrir. Í nefndu bréfi frá 6. október s.l. var þess að lokum óskað, að ágreiningur þessi yrði jafnaður samkvæmt landamerkjalögum eða úr honum skorið með dómi, ef með þyrfti.

Málsaðiljar voru kvaddir á dómþing út af máli þessu þann 14. sama mán. Var þar gerð sú krafa af hendi Akureyrarkaupstaðar,

að viðurkennt verði með dómi, að lækur, sem Vatnsveita Akureyrar lét á sínum tíma gera stíflu í, sem síðan var endurbyggð neðar í sama læk árið 1951, ráði merkjum milli jarðanna Hesjuvalla og Kífsár. Lækur þessi sé nefndur Merkjalækur eða Merkislækur og sé látinn ráða merkjum í landamerkjaskrám frá 1884 og 1922. Þá var og krafizt málskostnaðar úr hendi jarðeigenda eftir reikningi eða mati dómsins.

Eigendur Hesjuvalla og Kífsár gerðu þær kröfur af sinni hendi, að landamerki þau verði viðurkennd rétt, sem tilgreind eru í sameiginlegri yfirlýsingu þeirra frá 18. ágúst s.l. og fyrr getur. Auk þess krefjast þeir málskostnaðar sér til handa úr hendi Akureyrarkaupstaðar.

Sáttaumleitun bar ekki árangur, og var landamerkjadómur skipaður, sem síðan hefur farið með málið. Uppdráttur hefur verið gerður af svæði því, sem um er deilt í málinu, mörg vitni hafa verið leidd og dómendur hafa ásamt málsaðiljum gengið á merkin, svo sem lög gera ráð fyrir.

Um landamerki Hesjuvalla gagnvart Kífsá segir svo í landamerkjaskrá frá 1884: „Að utan (norðan) úr nefndum steini við Lónið og beint í krók á Merkjalæk, sem er utan við túnið á Hesjuvöllum, síðan ræður Merkjalækurinn upp í fjall.“ Um landamerki Kífsár gagnvart Hesjuvöllum segir svo í landamerkjaskrá frá 1922: „Að sunnan: Frá stórum steini, sem stendur á kollóttum mel vestan við Lónið, beint í krók á Merkjalæk, sem er utan við túnið á Hesjuvöllum. Síðan ræður Merkjalækurinn merkjum upp á Fjall.“ Um þessi landamerki segir svo í landamerkjalýsingu Hesjuvalla- og Kífsárbænda frá 18. ágúst s.l.: „Frá stórum steini, sem stendur á kollóttum mel vestan við Lónið, beint í krók á Merkjalæk, sem er utan við túnið á Hesjuvöllum. Síðan ræður Merkjalækurinn, þar til hann skiptist milli fossa í fjallinu sunnan við svokallað Breiðholt. Eftir það ræður syðri kvísl lækjarins í steypta þró á Skálabrún, þaðan í gil í skálinni og á fjallið, þar sem það byrjar að lækka norðan við Mannshrygg.“

Eins og getur í síðastgreindri merkjalýsingu, er um tvo læki að ræða uppi í fjallinu, sem renna saman, og ágreiningurinn í máli þessu ræðir um það, hvort nyrðri eða syðri kvísl lækjarins sé Merkjalækur, áður en lækir þessir renna saman. Upptök þeirra eru í uppsprettum í Hlíðarfjalli fyrir ofan svonefnda Skálabrún. Nyrðri lækurinn nær nú nokkru lengra upp heldur en sá syðri, og í honum er talsvert meira vatn og farvegur hans er víða dýpri. Er því haldið fram af hálfu Akureyrarkaupstaðar, að sá lækur ráði merkjum, og nái vatnsréttindi bæjarins til linda allt norður að þeim læk.

Vatnsveitustjóri bæjarins og annar starfsmaður vatnsveitunnar, sem komið hafa fyrir dóm, kveðast hafa álitið nyrðri lækinn ráða merkjum og hagað framkvæmdum eftir því.

Vilhjálmur Jónasson, bóndi að Hesjuvöllum, hefur búið þar síðan

um aldamót. Hann hefur komið fyrir dóm og staðhæfir hann, að syðri lækurinn sé merkjalækur. Kveðst hann hafa það eftir ábúanda þeim, sem þar bjó næstur á undan. Vatnsmagn í syðri læknum telur hann nú mjög þorrið, sökum þess að uppsprettum hans hafi verið veitt í Vatnsveitu Akureyrar, en áður hafi verið í honum fossandi vatn.

Vitnið Haraldur Þorvaldsson, verkamaður á Akureyri, bjó að Kifsá árin 1920—1926. Fráfarandi ábúandi Kifsár, sem nú er látinn, tjáði vitninu, að syðri lækjarkvíslin réði merkjum, og bar því saman við það, sem Vilhjálmur bóndi á Hesjuvöllum tjáði vitninu.

Vitnið Steindór Pétursson, Krossastöðum í Glæsibæjarhreppi, bjó að Kifsá 1926—1929. Hallgrímur hreppstjóri Hallgrímsson á Rifkelsstöðum, sem var umboðsmaður jarðeigandans, sýndi vitni þessu landamerki jarðarinnar og sagði, að syðri lækurinn réði merkjum. Vitni þetta minnti, að það hefði heyjað í tungunni milli lækjanna.

Vitnið Árni Jakob Stefánsson, trésmiður á Akureyri, dvaldi að Kifsá 1930—1938, fyrst hjá föður sínum, en tók sjálfur við ábúð jarðarinnar 1936. Hann kveður föður sinn hafa fengið byggingarbréf fyrir jörðinni 1930, og gaf Hallgrímur hreppstjóri Hallgrímsson það út. Byggingarbréfi þessu fylgdi landamerkjabréf, en bæði þessi bréf eru nú glötuð. Telur vitnið, að í landamerkjabréfi þessu hafi verið skráð, að Merkjalækurinn réði merkjum upp fyrir Fossabrún, sem er fyrir neðan Breiðholt. Síðan ráði syðri lækur í stefnu norðanvert við Mannshrygg. Vitni þetta og önnur vitni hafa borið, að Vilhjálmur bóndi að Hesjuvöllum hafi aldrei heyjað norðan við syðri lækinn, enda þótt hann heyjaði oft þarna í fjallinu og upp með læknum sunnanvert.

Þegar virt er vætti þessara vitna og aðiljaskýrsla Vilhjálms Jónassonar, sem búið hefur á Hesjuvöllum yfir 50 ár og hefur óhag af því, að syðri lækurinn ráði merkjum, svo sem hann þó staðhæfir, þykir merkjadóminum augljóst, að syðri kvísl oftnefnds lækjar ráði merkjum á þessu svæði. Brýtur það engan veginn í bág við eldri merkjalýsingar, enda telur dómurinn landamerkin óbrotnari og eðlilegri með þeim hætti, heldur en ef nyrðri lækurinn réði merkjunum. Ber því að staðfesta merkjagerðina frá 18. ágúst 1952 sem rétt merki milli Hesjuvalla og Kifsár.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma Akureyrarkaupstað til þess að greiða eigendum Hesjuvalla og Kifsár málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 1700.00 til hvors. Þá ber og að dæma Akureyrarkaupstað til þess að greiða meðdómendum merkjadómsins þóknun, sem hér segir: Valdimar Pálssyni kr. 700.00, Hólmgeiri Þorsteinssyni kr. 550.00 og Jónasi Snæbjörnssyni kr. 150.00.

Friðjón Skarphéðinsson sýslumaður ásamt meðdómendunum Valdimar Pálssyni og Hólmgeiri Þorsteinssyni hafa kveðið upp dóm þenna.

Dómsorð:

Landamerkjalýsingin frá 18. ágúst 1952 staðfestist sem rétt merkjagerð milli Hesjuvalla og Kífsár. Bæjarstjórinn á Akureyri f. h. bæjarstjórnar Akureyrar greiði þeim Þorkeli Björnssyni og Vilhjálmi Jónassyni málskostnað, kr. 1700.00 til hvors, og þóknun meðdómendanna þannig: Valdimar Pálssyni kr. 700.00, Hólmgeiri Þorsteinssyni kr. 550.00 og Jónasi Snæbjörnssyni kr. 150.00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. febrúar 1955.

Nr. 25/1953. **Ákæruvaldið** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Halldóri Kiljan Laxness (Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn ákvæðum gjaldeyrislaga.

Dómur Hæstaréttar.

Björn Sveinbjörnsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Refsing ákærða fyrir brot þau, sem í héraðsdómi greinir og þar eru færð til réttra refsiákvæða, þykir hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Halldór Kiljan Laxness, greiði 1500 krónu sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 1800,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 10. september 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., er af ákæruvaldsins hálfu samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 8. maí 1952, höfðað gegn Halldóri Kiljan Laxness rithöfundi, til heimilis Gljúfrasteini í Mosfellssveit, fyrir brot gegn 13. gr. laga nr. 70/1947 um fjárhagsráð o. fl. og 25. gr. reglugerðar um sama efni nr. 82/1947 til refsingar samkvæmt 22. gr. nefndra laga og 39. gr. nefndrar reglugerðar og málskostnaðargreiðslu.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Reykjavík 23. apríl 1902, og hefur, svo að vitað sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

Í Reykjavík.

1942 17/11 Dómur lögregluréttar. 1000 kr. sekt fyrir brot á 2. gr. laga nr. 127/1941.

1943 9/6 Dómur Hæstaréttar í framangreindu máli. Sýknaður.

1948 10/9 Sátt, 50 kr. sekt fyrir ökuhraða.

Málavextir eru þessir:

Hinn 11. nóvember 1948 ritaði yfirskattanefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu bréf til dómsmálaráðuneytisins, þar sem vakin var athygli þess á því, að ákærði, Halldór Kiljan Laxness, hefði ekki talið fram til skatts neinar tekjur vegna útgáfu ritverka sinna erlendis, en yfirskattanefndin taldi sig hafa ástæðu til að ætla, að hann hefði haft tekjur af útgáfu verka sinna í sumum löndum Evrópu. Þess var og getið í bréfinu, að rithöfundurinn hefði sjálfur upplýst, að hann hefði haft um 100 þúsund dollara tekjur af útgáfu bóka sinna í Bandaríkjunum, en hann hefði jafnframt látið þess getið, að verulegur hluti þeirrar upphæðar hefði gengið til greiðslu kostnaðar og skatta erlendis. Enn fremur var á það bent, að ákærði mundi ekki hafa skilað erlendum bönkum þeim erlenda gjaldeyri, sem hann hefði eignazt, en geymt hann í erlendum bönkum og notað hann ýmist til að mæta kostnaði við útgáfu verka sinna, til eigin þarfa erlendis eða ráðstafað honum með óþekktum hætti.

Með bréfi, dagsettu 1. marz 1949, fyrirskipaði dómsmálaráðuneytið, að þegar skyldi hefja rannsókn út af meintu broti ákærða á gjaldeyrislöggjöfinni, og hófst hún 9. sama mánaðar. Skýrði ákærði þá frá því, að hann hefði gert samning við fyrirtækið George

Allen & Unwin í London um útgáfu á bókunum Sölku Völku og Sjálfstæðu fólki, en afrit af þeim samningi hefur verið lagt fram í málinu. Ákærði sagði, að fyrirtæki þetta hefði allvíðtækan rétt til að semja við önnur erlend útgáfufyrirtæki í Evrópu og Ameríku um útgáfu bóka sinna, og hefði meðal annars selt útgáfufyrirtæki í Bandaríkjunum, að nafni Knopf, útgáfuréttinn að Sjálfstæðu fólki fyrir milligöngu útgáfumiðlunarfélags í sama landi, að nafni Curtis Brown Ltd. Ákærði neitaði því, að hann hefði nokkru sinni fengið 100 þúsund dollara fyrir útgáfu á verki eftir sig í Bandaríkjunum, en kveðst hafa heyrt, að Knopf hefði selt öðru fyrirtæki hluta upplagsins af Sjálfstæðu fólki fyrir þessa upphæð.

Ákærði skýrði frá því, að hann hefði ákveðnar prósentur af sölu bóka sinna í Bandaríkjunum eins og í öðrum löndum, og kvaðst hann geta ráðið því, hvort peningar þeir, sem hann þannig fengi fyrir útgáfu verka sinna á vegum George Allen & Unwin, væru lagðir inn á hans reikning í banka í landi því, sem salan færi fram í, eða yfirfærðir til Englands, svo framarlega sem gjaldeyrishömlur ekki bönnuðu.

Ákærði skýrði enn fremur frá því í réttarhaldi 2. apríl 1949, að lagðir hefðu verið inn á reikning sinn í Bank of the Manhattan Company í New York $29.000.00 á árunum frá 1946. Af þeirri upphæð taldi hann, að $19.000.00 hefðu farið í skatta. Af réttarskjali nr. 20, bréfi frá Curtis Brown Ltd., má sjá, að netto tekjur ákærða árið 1946 voru $7501.05 og árið 1947 $2460.18, eða alls $9961.23 bæði árin.

Af réttarskjali nr. 5 virðist mega sjá, að innstæða ákærða í Bank of the Manhattan Company hafi verið $3540.62 hinn 31. desember 1948. Mismuninum kveðst ákærði hafa varið þannig, að árið 1947 fékk hann innflutningsleyfi án gjaldeyris til kaupa á bifreið, er kostaði $1370, og $1100 kveðst hann hafa eytt til ferðalaga í útlöndum haustið 1948. Afganginum, $3950.61, kveður hann hafa verið varið til þess að greiða fyrir þýðingar á bókum sínum og til að greiða ýmsum umboðsmönnum í Bandaríkjunum og víðar. Ekki verður séð með neinni vissu, hvenær greiðslur þessar hafa farið fram. Af réttarskjali 5 má og sjá, að 18. janúar 1949 eru teknir út $266.00 úr reikningi ákærða í nefndum banka, og þykir mega ætla samkvæmt frásögn ákærða, að þeim hafi verið varið á sama hátt og fyrrnefndum $3950.61. Innstæða ákærða í Bank of the Manhattan Company 18. jan. 1949 er samkvæmt sama skjali $3274.62, og er ekkert upplýst um, að innstæðan hafi verið skert síðan.

Af bréfi George Allen & Unwin, dags. 19. ágúst 1949, fylgiskjal með réttarskjali nr. 22, sést, að tekjur ákærða af útgáfu bóka hans á spönsku, ítölsku og finnsku árin 1947 og 1948 hafa numið £88-10-4. Verður ekki séð, að upphæð þessari hafi verið ráðstafað enn. Hefur ekki tekizt að afla nákvæmari upplýsinga um þessi atriði.

Í ákæruskjali er ákærði ákærður fyrir að hafa ráðstafað án

heimildar gjaldeyrisyfirvalda og fyrir að nafa ekki afhent til íslenzkra banka 9961.23 bandaríska dollara, að frádregnum $1370.00, er hann varði til kaupa á amerískri fólksbifreið, eða $8591.23. Áður er vikið að því, að ákærði muni hafa ráðstafað $3950.61 af upphæð þessari vegna útgáfustarfsemi sinnar erlendis, en þar sem ekki er sannað, að upphæð þessari hafi verið eytt á tveim síðustu árunum, áður en rannsókn hófst í máli þessu, verður að telja, að saknæmi ráðstöfunarréttarins á þessum hluta sé fyrnt samkvæmt 81. sbr. 82. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940 og ber að sýkna ákærða af ákærunni, hvað þessa ráðstöfun snertir. Hins vegar verður rétturinn að líta svo á, að með ráðstöfun sinni á $1100.00 til ferðalaga í útlöndum haustið 1948 og ráðstöfun sinni á $266, sem teknir voru út úr bankanum 18. janúar 1949, hafi ákærði gerzt brotlegur við 13. gr. laga nr. 70/1947 og 25. gr. reglugerðar nr. 82/1947. Ber þá á það að líta, að ákærði gerði gjaldeyriseftirlitsskrifstofu bankanna enga grein fyrir greiðslum þessum. Eins og áður er sagt, er ekki upplýst, að ákærði hafi ráðstafað áðurnefndum £88-10-4, eða innstæðu sinni í Bank of the Manhattan Company, $3274.62, en ekki verður heldur séð, að hann hafi skilað íslenzkum bönkum gjaldeyri þessum. Hefur hann með þessu gerzt brotlegur við 13. gr. l. f. laga nr. 70/1947 og 25. gr. reglugerðar nr. 82/1947.

Refsing ákærða samkvæmt 22. gr. nefndra laga og 39. gr. nefndrar reglugerðar þykir hæfilega ákveðin 10.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Ólafssonar hrl., kr. 700.00.

Rannsókn máls þessa hefur dregizt allmikið. Stafar það bæði af því, að ákærði hefur verið langdvölum erlendis, svo og vegna þess, að upplýsinga þurfti að leita víðsvegar að, en svör bárust seint og í sumum tilfellum engin. Hinn 3. ágúst 1951 heimilaði dómsmálaráðuneytið að afgreiða málið með réttarsætt. Vegna dvalar ákærða erlendis var ekki mögulegt að hafa samband við hann fyrr en í marz, er hann var kominn aftur heim, en þá neitaði hann að játast undir sektargreiðslu nema svo lága, að ekki þótti fært að afgreiða málið þannig. Var þá málið sent dómsmálaráðuneytinu að nýju til fyrirsagnar. Loks hefur uppkvaðning dóms dregizt vegna mikilla embættisanna.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Halldór Kiljan Laxness, greiði 10.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Ólafssonr hrl., 700.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. febrúar 1955.

Nr. 18/1954. **Ákæruvaldið** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Elíasi Gunnlaugssyni (Theodór B. Líndal).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Einar B. Guðmundsson hrl.

Sjóslys. Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði þykir ekki hafa gerzt sekur við 2. mgr. 31. gr. siglingalaga nr. 56/1914, en að öðru leyti eru brot hans rétt heimfærð til refsiákvæða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 2 mánuði, skilorðsbundið, svo sem í héraðsdómi segir. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og greiðslu sakarkostnaðar í héraði.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Elías Gunnlaugsson, sæti varðhaldi 2 mánuði, skilorðsbundið, svo sem í héraðsdómi segir. Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Theodórs B. Líndals, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur Siglingadóms 22. desember 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Elíasi Gunnlaugssyni skipstjóra, Heiðavegi 42, Vestmannaeyjum. Er hann með ákæruskjali dómsmálaráðherra, útgefnu 20. marz þ. á., og framhaldsákæruskjölum, útgefnum 24. f. m. og í dag, ákærður fyrir brot á lögum nr. 56/1914, 31. gr., 2. mgr., og 37. gr., sbr. 260. og 261. gr., sbr. 268. gr. laga nr. 19/1940, tilskipun nr. 43/1922, 14. gr., lögum nr. 68/1947, 67. gr., 2. mgr., og lögum nr. 19/1940, 215. gr.

Samkvæmt ákæruskjalinu er ákærði talinn hafa brotið nefnd ákvæði með því „að snúa v/b Veigu, Ve 291, í nánd við „Dranginn" við Vestmannaeyjar síðari hluta dags 12. apríl 1952 í því skyni að sigla til Vestmannaeyja, þótt ekki væri búið að gera forsvaranlega sjóklárt með tilliti til vindhraða, sjólags og þunga bátsins, þar sem ekki var búið að leggja segl yfir lúguna og skálka, og láta skipverja vera að vinnu á þilfari, meðan bátnum var snúið, er þykir vera aðalorsök þess, að 2 skipverjar drukknuðu, þeir Gestur Jóhannesson vélstjóri og Páll Þórormsson háseti. Þá vantaði og 3 björgunarbelti í bátinn."

Þær kröfur eru gerðar í ákæruskjali, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 264. gr. siglingalaga, sbr. 6. gr. laga nr. 40/1930, og 69. gr. laga nr. 68/1947, eða til sviptingar réttinda til að öðlast skipstjóra- og stýrimannsréttindi samkvæmt 68. gr., 1. mgr., alm. hegningarlaga nr. 19/1940 og 85. gr. sjómannalaga nr. 41/1930, svo og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir sakhæfisaldur, talinn fæddur 26. febrúar 1922 í Vestmannaeyjum. Hann hefur ekki áður sætt ákæru eða refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Laugardagsmorguninn 12. apríl f. á. fór v/b Veiga, Ve 291, í fiskiróður frá Vestmannaeyjum. Á bátnum voru þá 8 menn, en níundi skipverjinn varð eftir í landi vegna sjúkleika. Ákærði var skipstjóri á bátnum. Er látið var úr höfn, var mikill sjór og vindur VNV 4, en veðrið fór batnandi, og um hádegið var orðið lygnt. Ákærði hugðist vitja netja sinna, sem voru í nánd við svonefndan Drang. Voru tvær trossur vestur af Drangnum, en aðrar tvær suðvestur af honum í allt að tveggja sjómílna fjarlægð. V/b Veiga kom að fyrstu netjunum um kl. 11.45. Lét ákærði fyrst leggja eina netjatrossu, sem hann hafði meðferðis, en síðan var farið að draga hin netin. Var sjór þá minni en áður, en þó töluverð alda. Þegar verið var að ljúka við að draga síðari netjatrossuna vestan við Dranginn, flæktist netið í skrúfu v/b Veigu. Var þá skollið á suðvestan él, og versnaði brátt í sjó. Ákærði fékk v/b Frigg, Ve 316, sem var á svipuðum slóðum og v/b Veiga, til að aðstoða sig, meðan netið var losað úr skrúfunni. Var dráttartaug fest milli bátanna,

og hélt v/b Frigg v/b Veigu upp í vindinn, meðan skrúfan var losuð. Skipverjum á v/b Veigu tókst að losa það mikið um skrúfuna, að hún gat unnið. Gerði ákærði v/b Frigg aðvart um það, og var þá dráttartauginni sleppt. Hélt v/b Frigg síðan heimleiðis, en ákærði beiddist þess, að talstöð hennar yrði höfð opin og fylgst yrði með v/b Veigu, ef hún þyrfti hjálpar. Kvaðst ákærði ætla að leggja aftur seinni netjatrossuna, sigla síðan heimleiðis.

Þegar v/b Frigg sigldi brott, var veður orðið vont og mikill sjór, að sögn ákærða sjálfs. Var þetta um kl. 17.00. Ákærði var á báðum áttum um það, hvort hann ætti að leggja síðari netjatrosuna aftur eða sigla strax til hafnar. Báturinn var með mikinn afla, um 1300 fiska eða meira. Var orðið hátt í lestum og báturinn allþungur. Varð það úr, að ákærði ákvað að sigla strax heimleiðis, en leggja netin á leiðinni til að létta bátinn. Þegar ákærði sneri bátnum til hafnar, var búið að loka lestaropum, en hvorki höfðu segl verið breidd yfir lestarhlerana né „skálkað". Ákærði var í stýrishúsi ásamt tveimur hásetum, vélstjórinn var í vélarrúmi, þrír hásetar voru á miðþilfari og einn, Páll heitinn Þórormsson, í stjórnborðsganginum. Meðan ákærði var að snúa bátnum, reið brotsjór yfir hann stjórnborðsmegin. Var báturinn þá á hægri ferð. Við ólagið lagðist báturinn á bakborðshlið. Báturinn rétti sig ekki nema að nokkru leyti, og var bakborðshlið hans og skutur í kafi, og náði sjór upp að lestaropum bakborðsmegin. Kom í ljós, að Pál heitinn Þórormsson hafði tekið útbyrðis, og sást hann ekki framar. Einnig skolaði Davíð Helgasyni háseta útbyrðis, en hann hafði verið á þilfari. Hann náði þó taki á „bómunni" og tókst að komast um borð aftur. Dyr og gluggar á stjórnklefa sprungu upp, og fylltist þar allt af sjó, og flæddi hann niður í vélarrúm. Þegar sjórinn rann út aftur, fór ákærði og aðrir skipverjar í stýrishúsi svo og vélstjórinn fram á þilfarið. Við ólagið hafði öldustokkur stjórnborðsmegin brotnað, en var þó fastur á báðum endum og lá inn á þilfarið. Aftasti lestarhlerinn hafði flotið út á sjó, en hinir voru kyrrir. Var reynt að byrgja lestaropið með segli, en von bráðar var sýnt, að það væri tilgangslaust. Var þá kominn mikill sjór í lestina. Ákærði fór niður í hásetaklefa til að biðja um hjálp um talstöðina. Náði sjórinn í hásetaklefanum þá í miðjan legg. Náði ákærði strax sambandi við v/b Frigg og bað um skjóta aðstoð, því að bátur hans væri að því kominn að sökkva. Fór ákærði síðan á þilfar aftur, og tók hann með sér fjögur björgunarbelti úr hásetaklefanum.

Björgunarbátur v/b Veigu var gúmmíbátur, og var hann geymdur á þaki stýrishússins. Náðu skipverjar honum niður. Ekki tókst að blása bátinn út með þrýstilofti úr flösku, sem honum fylgdi, vegna þess að loki á bátnum hafði verið opinn. Var lokanum þá lokað og báturinn blásinn út með handdælu. Lét ákærði skipverja síðan taka sér stöðu við björgunarbátinn og halda sér í bönd hans. Vélstjórinn, Gestur heitinn Jóhannesson, og tveir skipverjar aðrir voru í björg-

unarbeltum. Meðan þessu fór fram, gekk lítill sjór yfir bátinn, en hann seig meir og meir í sjó. Var það tilætlun ákærða, að skipverjar yrðu eins lengi um borð í v/b Veigu og öruggt gæti talizt. Að lítilli stundu liðinni gekk Gestur heitinn Jóhannesson fram á, til að gæta að, hvort hann sæi til ferða v/b Friggjar. Í þeim svifum gekk brotsjór yfir v/b Veigu, og skolaði hann Gesti heitnum útbyrðis bakborðsmegin. Um sama leyti yfirgáfu hinir skipverjarnir v/b Veigu og fóru út af bátnum stjórnborðsmegin. Héldu þeir sér í böndin í gúmmíbátnum, og er þeir voru lausir við v/b Veigu, fóru þeir hver af öðrum upp í gúmmíbátinn. Bar hann þá alla, en hásetarnir Davíð Helgason og Margeir Þórormsson hafa skýrt svo frá, að Margeir hafi þá verið hálfur í sjó. Kveður Margeir því hafa verið eins varið með Davíð. Þegar ákærði og skipverjar hans yfirgáfu v/b Veigu, var liðinn um það bil stundarfjórðungur, frá því að báturinn varð fyrir áfallinu.

Ekki náðist Gestur heitinn Jóhannesson um borð í gúmmíbátinn, en félagar hans sáu hann fljóta í sjónum þangað til um það leyti, sem v/b Frigg kom á vettvang, svo sem síðar segir. Einnig kveðst Margeir Þórormsson hafa heyrt hann kalla. Engar árar voru í gúmmíbátnum. Bar hann fyrir sjó og vindi í austurátt og fjarlægðist Gest heitinn. Er skipverjar höfðu verið um það bil stundarfjórðung í gúmmíbátnum, kom v/b Frigg að þeim og tók þá tafarlaust um borð. Gekk það greiðlega. Var þá strax farið að leita að Gesti heitnum, en hann var þá horfinn, og bar leitin engan árangur.

Skipbrotsmennirnir, sem bjargað var, hresstust brátt, og varð engum meint af.

Ákærði hefur, sem fyrr segir, skýrt svo frá, að hann hafi komið með 4 björgunarbelti upp úr hásetaklefanum, en fleiri hafi verið niðri í bátnum. Kveður hann jafnmörg björgunarbelti munu hafa verið í v/b Veigu eins og þegar báturinn var skoðaður í síðasta skipti fyrir slysið. Samkvæmt vottorði skipaskoðunarstjóra fór síðasta skoðun á útbúnaði v/b Veigu fram 20. til 23. janúar 1952. Voru bjargbelti þá 5 og skipverjar jafnmargir.

Samkvæmt skrá um íslenzk skip var v/b Veiga 24 rúmlestir brúttó að stærð.

Ákærði hefur réttindi til stýrimennsku í innanlandssiglingum á fiskiskipum, eigi stærri en 75 rúmlestir brúttó.

Þegar ákærði beygði v/b Veigu, var veður vont og mikill sjór, enda þótt brotsjóir hefðu ekki áður gengið yfir bátinn. Báturinn var og orðinn allmikið hlaðinn. Með tilliti til þessa bar ákærða að ganga örugglega frá útbúnaði lestarops, með því að breiða yfir það segl og „skálka", áður en hann beygði bátnum. Þar eð lestarop var ekki tryggilega lukt, opnaðist það við brotsjóinn, og sjór flæddi niður í lestina. Verður að ætla, að þetta hafi valdið því, að v/b Veiga rétti sig lítið og sökk með svo skjótum hætti, sem raun bar vitni. Til þeirra aðstæðna, sem sköpuðust við hina gálausu skip-

stjórn ákærða, er að framan greinir, má og að nokkru leyti rekja það, að Gest heitinn Jóhannesson tók útbyrðis og hann drukknaði.

Með tilliti til þess, að v/b Veiga var lítið skip, allmikið hlaðin, veður vont og sjór mikill, þá þykir ákærði ekki hafa sýnt nægilega varkárni, með því að gefa ekki skipverjum, sem á þilfari voru, fyrirmæli um að leita vars, áður en v/b Veigu var beygt. Til þessarar óvarkárni ákærða má rekja það, að Páll heitinn Þórormsson drukknaði.

Með framangreindri óvarkárni og vegna afleiðinga þeirra, sem af henni hlutust, hefur ákærði brotið 2. mgr. 31. gr. og 261. gr. siglingalaga nr. 56/1914 og 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Telja verður sannað með framburði ákærða sjálfs og vottorði skipaskoðunarstjóra, að einungis 5 björgunarbelti hafi verið um borð í v/b Veigu í umrætt skipti, enda þótt skipverjar væru þá 8 að tölu. Hefur ákærði með því brotið gegn 3. tl. 5. mgr. 14. greinar tilskipunar nr. 43/1922, sbr. nú 3. tl. IX. kafla 143. gr. tilskipunar nr. 11 frá 20. janúar 1953.

Enda þótt háskalegt væri að beygja v/b Veigu, áður en lestarop höfðu verið tryggilega lukt, þá verður ekki talið, að af því leiði, að báturinn hafi verið óhaffær í merkingu siglingalaga og laga nr. 68/1947 um eftirlit með skipum. Ber því að sýkna ákærða af ákæru um brot á 37. gr. siglingalaga nr. 56/1914 og 2. mgr. 67. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 68/1947.

Við flutning málsins hreyfði sækjandi því, að ákærði hefði sýnt refsiverða vangæzlu með því að gæta þess eigi nægilega vel að halda skipverjum í hóp á flakinu, með því að láta þá yfirgefa v/b Veigu of seint og með því að láta ekki v/b Frigg leita Gests heitins, áður en mönnunum í gúmmíbátnum var bjargað. Loks hefði björgunarbátur v/b Veigu verið of lítill. Ákæran tekur til einskis þessara atriða, og koma þau því eigi til álita í máli þessu.

Refsing ákærða þykir eftir 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, 2. mgr. 260. gr. og 261. gr. laga nr. 56/1914, sbr. 268. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 37/1922, sbr. nú 1. mgr. 67. gr. laga nr. 68/1947, hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga, en refsingunni skal frestað og hún falla niður að 2 árum liðnum frá uppsögu dómsins, ef skilorð VI. kafla hegningarlaganna verður haldið.

Þá ber og með vísun til 85. gr. sjómannalaga að svipta ákærða réttindum til stýrimennsku í 6 mánuði frá birtingu dómsins. Með skírskotun til 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ber að svipta ákærða rétti til að öðlast skipstjóraréttindi í jafnlangan tíma.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna launa skipaðs sækjanda og verjanda, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Theodórs B. Líndals, kr. 900.00 til hvors.

Dóm þenna kváðu upp Einar Arnalds, formaður dómsins, og samdómendurnir Hafsteinn Bergþórsson skipstjóri, Jónas Jónasson skipstjóri, Jón Ó. Jónsson sjómaður og Jón Ármannsson sjómaður.

Dómsorð:

Ákærði, Elías Gunnlaugsson, sæti 20 daga varðhaldi, en fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður að liðnum 2 árum frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður haldið.

Ákærði er sviptur réttindum til stýrimennsku og rétti til að öðlast skipstjóraréttindi í 6 mánuði frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Theodórs B. Líndals, kr. 900.00 til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. febrúar 1955.

Nr. 69/1954. **Samband íslenzkra samvinnufélaga**
(Vilhjálmur Jónsson)
gegn
Páli Guðbjartssyni (Áki Jakobsson hdl.).
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Kristján Kristjánsson borgarfógeti.

Skaðabætur vegna líkamsmeiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. maí 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Gerir hann *aðallega* þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti að mati dómsins. *Til vara* krefst hann lækkunar hinnar dæmdu fjárhæðar og að hvor aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með

stefnu 19. júní 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Er *aðalkrafa* hans sú, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 230.252.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 21. júní 1952 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar. *Til vara* krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Hér fyrir dómi hefur verið lagt fram vottorð frá Bergþór Smára tryggingalækni, sem rannsakaði gagnáfrýjanda hinn 10. þ. m. Kveður hann ástand fótanna og öklaliðanna óbreytt frá því, sem lýst var í vottorði Páls Sigurðssonar yfirlæknis, dags. 3. desember 1951, að öðru leyti en því, að beyging og rétting í öklaliðum sé nokkru meiri. Telur hann gagnáfrýjanda ófæran til allrar erfiðisvinnu og vonlaust um frekari bata. Varanlega örorku gagnáfrýjanda metur hann 75%.

Aðaláfrýjandi hlutaðist ekki til um, að rannsókn færi fram út af slysi því, er í málinu greinir, en í skýrslu verkstjóra aðaláfrýjanda til Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 7. júlí 1950, segir, að slysið hafi gerzt með þeim hætti, að lengja hafi slegizt í gagnáfrýjanda og fellt hann ofan af bíl. Gagnáfrýjandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að „þegar lengjan hafi sigið niður á pallinn" (þ. e. pall bifreiðarinnar) „hafi hún snert hann, og við það hafi hann hrapað út af pallinum". Verður að leggja skýrslur þessar til grundvallar í málinu.

Með skírskotun til þess, sem nú hefur verið rakið, og að öðru leyti til forsendna hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Samband íslenzkra samvinnufélaga, greiði gagnáfrýjanda, Páli Guðbjartssyni, kr. 5000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. nóvember 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., hefur Páll Guðbjartsson, Hverfisgötu 66, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, með stefnu útgefinni 23. júní 1952 gegn Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, hér í bænum.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt til að greiða skaðabætur vegna slyss, að fjárhæð kr. 230.252.00 með 6% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 21. júní 1952, til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefnda hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. *Til vara* hefur stefnda krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að þann 6. júlí 1950 var stefnandi að vinna í þjónustu stefnda við uppskipun á timbri. Stóð hann á bifreiðarpalli ásamt öðrum manni og tók á móti timbri. Féll hann út af pallinum og hlaut mikil meiðsli á fótum.

Stefnandi skýrir svo frá atvikum, að þann 6. júlí 1950 hafi verið unnið að uppskipun á timbri úr v/s Hvassafelli, eign stefnda, en skip þetta hafi legið við bryggjuna fyrir framan kolakranann hér við höfnina. Kveðst stefnandi hafa unnið við þetta í þjónustu stefnda. Vinnu hafi verið þannig háttað, að timbrið hafi verið tekið upp úr skipinu með vindum þess og látið á bifreiðar, sem stóðu á bryggjunni, en því muni hafa verið ekið burt úr bænum. Starf hans hafi verið í því fólgið að standa á bifreiðarpalli ásamt öðrum manni og taka á móti timbrinu. Um kl. 19.45 hafi hann staðið á palli bifreiðar við vinnu sína. Hliðarborð hafi verið á pallinum, og hafi verið komið timbur á pallinn, lítið eitt hærra en hliðarborðin, en það hafi ekki náð fram fyrir pallinn. Lágsjávað hafi verið, og borðstokkur skipsins hafi verið lægri en bryggjubrúnin. Bifreiðinni hafi verið lagt þannig, að hún sneri hlið að skipinu. Er síðasta lyftubyrðin, sem átti að fara á bifreiðina, hafi komið, hafi hann staðið á hægri brún vörupallsins, þeirri sem frá skipinu sneri, en samstarfsmaður hans hafi staðið andspænis honum á hinni brúninni. Byrðin hafi verið látin síga hægt og gætilega niður á bifreiðina, eins og vant hafi verið. Allt í einu hafi hún snert mættan, og við það hafi hann hrökklazt út af pallinum og niður á bryggjuna, en það hafi verið um mannhæðarhátt fall. Hann hafi komið niður standandi, en hælbein beggja fóta hafi brotnað.

Samstarfsmaður stefnanda á bifreiðarpallinum hefur skýrt mjög á sömu lund frá atvikum. Segir hann, að þeir hafi báðir staðið fram við bifreiðarhúsið, er síðasta lyftubyrðin kom. Hún hafi verið látin síga mjög hægt, þar til hún var komin í hæfilega hæð frá pallinum, svo þeir gætu hagrætt henni. Stefnandi hafi þá gengið aftur með byrðinni á hægri brún vörupallsins, eða eftir timbrinu, sem

þar var komið. Allt í einu hafi hann hrasað og fallið út af pallinum, en maður þessi kveðst þó ekki hafa séð atvik að því, enda þá staddur beint á móti honum hinum megin á pallinum. Fall stefnanda muni hafa verið um tveir metrar. Maður þessi hefur talið, að lyftubyrði þessi hafi verið látin síga mjög hægt og gætilega og hún hafi ekkert slegizt til, eins og stundum vilji vera. Þá hefur maður þessi getið þess, að ekki sé óalgengt við þessa vinnu, að menn þeir, er upp á bifreiðarpallinum séu, hrökklist út af honum, og kveðst hann sjálfur hafa orðið fyrir því.

Svonefndur „lúgumaður", sem stjórnaði því, hvernig byrðin var látin síga niður, hefur skýrt svo frá, að búið hafi verið að ferma bifreiðina þannig, að farmurinn hafi verið nokkurn veginn jafnhár hliðarborðum bifreiðarpallsins. Byrðin hafi verið látin síga mjög hægt og gætilega, og hafi þeir stefnandi og samstarfsmaður hans verið um það bil að hafa hönd á henni, er slysið varð. Stefnandi hafi staðið utarlega á brúninni hægra megin og virzt ætla að fara að laga byrðina eitthvað, svo að hún kæmi rétt niður, er hann hafi allt í einu fallið aftur fyrir sig út af bifreiðinni. Ekki kveðst maður þessi hafa séð nánar, hvernig þetta atvikaðist, hvort byrðin kom við hann eða ekki, en halda þó, að byrðin hafi verið alveg stöðvuð.

Maður, er starfaði um borð í skipinu í umrætt sinn, hefur skýrt á sömu lund frá atvikum.

Þann 16. september 1952 fékk stefnandi dómkvadda tvo menn til að athuga umbúnað og öryggisráðstafanir við uppskipun þessa. Í matsgerð sinni, sem dagsett er 17. janúar 1953, segja hinir dómkvöddu menn, að ljóst sé af atvikum öllum, að slysið hafi ekki orðið fyrir mistök eða ógætni samstarfsmanna stefnanda eða þeirra, er við vindur skipsins unnu. Umbúnað allan við uppskipunina töldu þeir hafa verið eftir því, sem venja er til hér í bæ. Hins vegar töldu þeir, að það myndi hafa bætt öryggi að nokkru, ef pallar hefðu verið hafðir við hliðar bifreiðarinnar. Segir svo um það í álitsgerðinni: „Ekki er það venja hér að hafa slíkan útbúnað, en hann mundi sennilega bæta öryggi nokkuð, en þó eru ýmis vandkvæði á því máli að okkar dómi. Bifreiðarnar aka ekki alveg samhliða hafnargarði, er þær aka á þann stað, sem hleðsla þeirra á að fara fram, heldur beygja þær upp að skipshliðinni. Ef slíkir pallar væru notaðir, þyrfti því að bera þá eða aka þeim í burtu og að aftur í hvert skipti, sem bifreið kæmi að skipshlið, en það getur verið mjög ört, ef það mikið er í hverri lengju, að ekki eru látnar nema fáar, e. t. v. aðeins tvær, á hverja bifreið. Þetta yrði vafalaust mjög tafsöm aðferð, en auk þess er hætt við, að pallar þessir myndu fljótt laskast við ákeyrslur og auk þess því aðeins veita öryggi gegn slysum, að þeirra sé gætt vel og þeir bornir þétt að vörupalli bifreiðanna í hvert skipti. Enn fremur getur lengja auðvitað slegizt í mann, þótt hann standi á slíkum palli við hlið vörubifreiðarinnar. Þessi aðferð

var notuð áður fyrr við uppskipun timburs hjá Eimskipafélagi Íslands h.f., en því er nú löngu hætt."

Annar hinna dómkvöddu manna, sem er verkstjóri hjá Eimskipafélagi Íslands h.f., segir, að þar hafi verið hætt að nota palla þessa á árinu 1942. Þar sé yfirleitt siður að láta bifreiðarnar snúa afturenda að skipshliðinni, enda hafi „lúgumaðurinn" þá betri yfirsýn yfir, hvar byrðin komi á bifreiðarpallinn. Þar sem Hvassafellið hafi legið, sé hins vegar lítið athafnasvæði, og muni það vera orsök þess, að bifreiðarnar voru látnar snúa hliðinni að skipinu.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að orsök slyss þessa hafi verið óforsvaranlegur umbúnaður við vinnuna. Á því beri stefnda ábyrgð og sé fébótaskylt fyrir það tjón, sem af hafi hlotizt. Hefur stefnandi haldið því fram, að við fermingu bifreiðanna hafi verið nauðsynlegt að hafa palla við hliðar bifreiðanna, þar sem menn þeir, er tóku á móti timbrinu, hefðu getað staðið. Hefur stefnandi í því sambandi bent á, að þar sem bifreiðar þær, er óku timbrinu í umrætt sinn, hafi átt að aka burt úr bænum, hafi þær verið hafðar háfermdari en venja sé, þegar timbrinu sé ekið í geymslur innan bæjar. Þetta hafi sérstaklega aukið nauðsyn þess, að umræddir pallar væru notaðir. Þá hefur stefnandi talið, að ógætilegt hafi verið að láta bifreiðarnar snúa hlið að skipshliðinni. Það hafi haft það í för með sér, að „lúgumaðurinn" hafi haft verri yfirsjón yfir, hvar byrðin kom á bifreiðarpallinn, og sá maður, er stóð á ytri brún bifreiðarpallsins, hafi verið í meiri hættu en ella, vegna þess að hætt sé við, að byrðin sveiflist út frá skipinu. Þá hefur stefnandi að lokum bent á, að hann hafi verið 62 ára að aldri, þegar slysið varð, og því nokkuð farinn að stirðna í hreyfingum. Eins og starfi þessu hafi verið háttað, hafi verið nauðsynlegt, að sá, er það vann, væri mjög líkamslipur og viðbragðsfljótur. Hafi því verið nokkuð glannalegt að setja hann í þenna starfa.

Sýknukröfu sína byggir stefnda á því, að við uppskipun þessa hafi verið hafður allur sá öryggisumbúnaður, sem venja sé að hafa við þess konar vinnu hér, og vinnuaðstæður hafi allar verið vanalegar. Engin bilun hafi orðið á tækjum, og ekki hafi verið bent á nein mistök hjá öðrum starfsmönnum stefnda. Frekara sé ekki hægt að krefjast af stefnda. Slys þetta hljóti að hafa orðið fyrir óhappatilviljun og ógætni stefnanda sjálfs, og beri því stefnda ekki fébótaábyrgð á tjóni því, sem af hafi hlotizt. Hefur stefnda í þessu sambandi bent á, að stefnandi sé vanur uppskipunarvinnu hér við höfnina. Að því er varðar öryggispalla þá, sem stefnandi hefur rætt um, þá hefur stefnda talið notkun þeirra næstum óframkvæmanlega, enda ekki tíðkazt hér á seinni árum. Hefur í því sambandi verið vísað til álits hinna dómkvöddu manna, sem að framan hefur verið rakið. Varakröfu sína byggir stefnda meðal annars á því, að verði talið, að stefnda beri fébótaábyrgð á slysi þessu, þá beri að skipta

ábyrgð á því, þar sem það sé auðsýnilega að nokkru að kenna ógætni stefnanda sjálfs.

Hér að framan hefur verið lýst atvikum að slysi þessu. Þegar litið er til aðstæðna við vinnuna í umrætt sinn og alls gætt, þá virðist ljóst, að betur hefði verið séð fyrir öryggi verkamanna þeirra, sem á bifreiðarpöllunum unnu, ef öryggispallar hefðu verið settir við hliðar bifreiðarinnar, enda hefur eitt vitnið talið, að eigi sé óalgengt, að menn hrökklist út af bifreiðapöllunum við vinnu þessa. Með vísan til þessa verður eigi talið, að gætt hafi verið þess öryggis í umbúnaði, sem krefjast verður, og ber stefnda því fébótaábyrgð á því tjóni, sem af hlauzt, enda getur það ekki leyst stefnda undan ábyrgð í þessu sambandi, þótt hafður hafi verið sá umbúnaður, sem venjulegur er hér við slíka vinnu.

Þess ber að gæta á hinn bóginn, að stefnandi, sem kveðst vera vanur vinnu sem þessari, virðist hvorki hafa kvartað yfir öryggisskortinum, er hann hóf starf þarna, né bent á, að hann mundi vera fullroskinn til að taka að sér þetta starf. Til þess ber að taka tillit við ákvörðun bótafjárhæðar.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Örorkubætur	kr.	155.902.00
2. Þjáningabætur	—	74.000.00
3. Læknisvottorð o. fl.	—	350.00
	kr.	230.252.00

Um 1. Við slysið hlaut stefnandi þau meiðsl, að hælbein beggja fóta brotnuðu. Var hann þegar fluttur á sjúkrahús og fætur lagðir í gibsumbúðir. Eftir það var stefnandi fluttur heim til sín, og lá hann í gibsumbúðum um tveggja mánaða skeið. Gekk hann síðan til nuddlæknis, en bati sóttist mjög seint. Þann 3. desember 1951 skoðaði Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir stefnanda og mat örorku hans. Segir svo í vottorði hans, sem dagsett er 7. desember 1951:

„Þegar slasaði stendur, eru báðir fætur áberandi flattir út til hliðar (valgusstaða). Hann kveðst eiga mjög erfitt með gang vegna stirðleika og þrauta um öklaliðina. Koma sárir verkir í þá, einkum eftir að hann hefur staðið eða gengið. Slasaði notar innlegg í skóna, og við það hafa þrautirnar minnkað nokkuð. Allmiklar hreyfingahindranir eru í báðum öklaliðum. Hliðarhreyfingar svo til engar. Beygingar og réttingar í þeim, sem svara mundu 15°, miðað við að fæturnir myndi 90° horn við beina línu fótlimanna. Á röntgenmyndum, sem teknar voru 29. nóvember s.l., sést, að slasaði hefur fengið mikil brýstingsbrot á báðum hælbeinum og þau hafa þjappazt verulega saman. Ástand slasaða mundi betra, ef báðir öklaliðir væru stífir, því að þá mundi hann vera laus við þrautir að mestu eða öllu leyti. Sérfræðingar telja þó ekki ráðlega aðgerð í þá átt að gera þá stífa.

Slasaði verður að teljast ófær til allrar erfiðisvinnu vegna ástands fótanna, og engin von um, að það ástand breytist til batnaðar. Hins vegar ætti hann að geta unnið dútlvinnu í sæti.

Varanleg örorka vegna slyss þess, sem þessi maður varð fyrir 6. júlí 1950, telst hæfilega metin 75%."

Svo virðist sem stefnandi hafi engum bata náð síðan þetta varð. Hann kveðst hafa reynt ýmis störf, en ekki getað stundað þau.

Stefnandi hefur fengið sérfróðan mann í tryggingamálum til að reikna út tjón stefnanda af slysi þessu, miðað við framangreinda örorku og tekjur hans á árunum 1947, 1948 og 1949. Hinn sérfróði maður telur, að heildarkauptap, þannig reiknað, muni nema kr. 173.226.00, en telur hins vegar, að með hliðsjón af aldri stefnanda og horfum í atvinnumálum væri rétt að lækka tölu þessa um 10% eða 20%, og samkvæmt því næmi nútímaheildarverðmæti tapsins kr. 138.580.00, eða kr. 155.902.00, eftir því við hvora töluna væri miðað. Stefnandi hefur hins vegar lagt síðari töluna til grundvallar.

Stefnda hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum.

Eins og áður getur, var stefnandi 62 ára, þegar slys þetta varð. Hann var kvæntur. Ekki er annað fram komið en hann hafi verið heilsuhraustur fyrir slysið. Samkvæmt skattaframtölum stefnanda námu atvinnutekjur hans árið 1946 kr. 22.628.00, árið 1947 kr. 24.227.00, árið 1948 kr. 24.563.00, árið 1949 kr. 26.307.00, árið 1950 kr. 11.534.00, árið 1951 kr. 2524.00 og árið 1952 kr. 8.347.00.

Stefnandi hefur fengið greidda dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins og nýtur þaðan örorkulífeyris, en hann var slysatryggður af stefnda, er slys þetta varð. Tryggingasérfræðingur sá, sem fyrr getur, hefur reiknað út nútímaheildarverðmæti þessara bóta, og telur hann það nema kr. 19.901.00.

Þegar allt þetta er virt svo og annað það, sem hér skiptir máli, þykja heildarbætur til stefnanda samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 75.000.00, enda hefur þá verið tekið tillit til framangreindra greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins og fyrrgreind framkoma stefnanda höfð í huga.

Um 2. Stefnandi hefur bent á, að hann hafi liðið hinar mestu þjáningar af meiðslum þessum og þær hafi eigi batnað síðan, þar sem meiðslin þjái hann í hvert sinn, sem hann þarf að hreyfa sig og stíga í fæturna.

Stefnda hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum.

Hér að framan hefur verið lýst meiðslum stefnanda og afleiðingum þeirra. Þegar það hefur verið virt svo og annað það, sem hér skiptir máli, þykja hæfilegar bætur til stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 18.000.00.

Um 3. Þessi kröfuliður hefur engum sérstökum andmælum sætt, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Með vísan til þessa teljast hæfilegar heildarbætur til stefnanda kr. 93.350.00, sem stefnda ber að greiða með vöxtum, svo sem krafizt

er. Þá þykir rétt, að stefnda greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 8500.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefnda, Samband íslenzkra samvinnufélaga, greiði stefnanda, Páli Guðbjartssyni, kr. 93.350.00 með 6% ársvöxtum frá 21. júní 1952 til greiðsludags og kr. 8500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 22. febrúar 1955.

Nr. 30/1955. **Dánarbú Sophy Bjarnarson**
gegn
Vilhjálmi Bjarnarson.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Heitfesting.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. janúar 1955, er barst dóminum 7. þ. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og vitninu Brynjúlfi Magnússyni heimilað að staðfesta vætti sitt með eiði. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja að mati Hæstaréttar. Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar að mati dómsins.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 400.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, dánarbú Sophy Bjarnarson, greiði varn-

araðilja, Vilhjálmi Bjarnarson, kærumálskostnað, kr. 400.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 11. janúar 1955.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 17. f. m., hefur Vilhjálmur Bjarnarson verkstjóri, Lykkesholm Allé 30, Kaupmannahöfn, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 9. júní 1952, gegn dánarbúi Sophy Bjarnarson svo og hverjum þeim, er kynnu að telja til réttar samkvæmt síðargreindri arfleiðsluskrá.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur, að nefndri arfleiðsluskrá verði hrundið og stefndu in solidum gert að greiða málskostnað.

Af hálfu stefnda, dánarbús Sophy Bjarnarson, hefur verið krafizt sýknu og málskostnaðar.

Þing hefur einnig verið sótt fyrst um sinn til réttargæzlu af hálfu dánarbús Jens Christian Jensen, en hann er talinn bróðir Sophy Bjarnarson.

Málavextir eru þeir, að Sophy Bjarnarson, Vesturgötu 17 A, hér í bæ, andaðist 23. maí 1950, en tveim dögum áður hafði hún gert arfleiðsluskrá þá, sem mál þetta er af risið. Hún undirritaði arfleiðsluskrána ekki sjálf, heldur handsalaði hún nafn sitt konu, er hjúkraði henni.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að Sophy Bjarnarson hafi verið mjög veik og miður sín, er þetta gerðist, og hafi hún alls ekki getað gert sér grein fyrir því, hvað verið var að gera. Telur hann, að hún hafi hvorki gert arfleiðsluskrána af fúsum og frjálsum vilja né með fullu ráði.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að Sophy Bjarnarson hafi verið með fullu ráði, er arfleiðsluskrá var gerð, og að hún hafi verið sér þess meðvitandi, hvað hún var að gera.

Meðal ákvæða arfleiðsluskrárinnar er það, að dánarbúinu skuli skipt af skiptaforstjórum, og eru þeir þessir: Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður, Brynjúlfur Magnússon, Flókagötu 14, Jónas Thoroddsen, Drápuhlíð 11, og Hilmar Garðars, Vesturgötu 19, allir hér í bænum, og hefur þeim öllum verið stefnt í máli þessu sem fyrirsvarsmönnum dánarbúsins. Stefndi Brynjúlfur var og notarialvottur, þegar arfleiðsluskráin var gerð. Hann kom fyrir dóm í máli þessu hinn 29. apríl s.l. og svaraði ýmsum spurningum um aðdraganda þess, að arfleiðsluskráin var gerð, o. fl. Eigi var þess þá krafizt, að hann staðfesti skýrslu sína, en 17. f. m. kom hann fyrir dóm á ný, og var þess þá krafizt af hálfu stefnda, að hann staðfesti skýrsluna og því jafnframt haldið fram, að stefndi Brynjúlfur væri ekki svo riðinn við mál þetta fjárhagslega eða öðruvísi, að meina ætti honum staðfestingu.

Lögmaður stefnanda mótmælti því eindregið, að stefnda Brynjúlfi yrði heimiluð staðfesting skýrslunnar, þar eð hann væri aðili máls-

ins og hefði auk þess hagsmuna að gæta samkvæmt ákvæðum arfleiðsluskrárinnar.

Var atriðið síðan tekið til úrskurðar að kröfu lögmanns stefnda.

Arfleiðsluskrá Sophy Bjarnarson geymir ákvæði um það, að hluti húseignanna skuli renna í sjóð, en úr þeim sjóði skuli árlega úthlutað ¾ af tekjum hans til afkomenda tengdaforeldra arfláta, þeirra Stefáns sýslumanns Bjarnarsonar og Karen Emilie Bjarnarson. Fénu skyldi verja til uppeldis og menntunar afkomendanna, svo og til styrktar þeim og mökum þeirra, er sjúkdóm bæri að höndum, enda væri þeim þörf þess.

Stefndi Brynjúlfur er dóttursonur nefndra tengdaforeldra arfláta. Þegar virt er sú staðreynd svo og önnur þau atriði, er greinir hér að framan um afstöðu hans til máls þessa, þykir rétt, með vísan til ákvæða 127. gr. laga nr. 85 frá 1936, að synja stefnda Brynjúlfi um heimild til að staðfesta fyrir dómi skýrslur sínar í málinu.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, hefur kveðið upp úrskurðinn. Dráttur á uppsögu hans stafar af veikindaforföllum dómara frá því í lok fyrra mánaðar þar til í gær.

Því úrskurðast:

Stefnda, Brynjúlfi Magnússyni, er ekki heimilt að staðfesta fyrir dómi skýrslur sínar og vætti í máli þessu.

Þriðjudaginn 22. febrúar 1955.

Nr. 32/1955. **Sigurður A. Jónsson**

gegn

Kristjáni Eiríkssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Málflutningsfrestur. Réttarfarssekt.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. janúar 1955, sem barst Hæstarétti 10. febrúar s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 15. janúar 1955 í máli varnaraðilja gegn honum, en með úrskurði þessum var sóknaraðilja synjað um frekari frest í málinu en hann hafði þegar fengið.

Hæstarétti hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð frá sóknaraðilja, en ætla verður, að hann hafi kært úrskurðinn í því skyni að fá framhaldsfrest þann, sem héraðsdómari synjaði honum um.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Varnaraðili hefur eigi sent Hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu, og verður kærumálskostnaður því eigi dæmdur.

Auðsýnt er, að kæra í máli þessu er gerð í því einu skyni að tefja málið og draga á langinn. Er kæran því misnotkun á kæruheimild laga nr. 85/1936. Verður því samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 188. gr. laga nr. 85/1936 og lögum nr. 14/1948 að dæma sóknaraðilja, Sigurð A. Jónsson, til að greiða 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald þrjá daga í stað sektar, ef hún greiðist eigi á fjórum vikum frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Sigurður A. Jónsson, greiði 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald þrjá daga í stað sektar, ef hún greiðist eigi á fjórum vikum frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 15. janúar 1955.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 11. þ. m., hefur Kristján Eiríksson hdl., hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 11. desember 1954, gegn Sigurði A. Jónssyni, Hörpugötu 1, hér í bænum, til greiðslu tveggja víxla, hvors að fjárhæð kr. 3000.00, útgefinna 2. júní 1954 af stefnanda og samþykktra af stefnda til greiðslu í Búnaðarbankanum, hér í bæ, 28. október 1954 og 28. nóvember 1954.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða fjárhæð víxlanna, samtals kr. 6000.00, með 7% ársvöxtum frá gjalddögum þeirra til greiðsludags, ½% víxilfjárhæðanna í þóknun, kr. 14.40 í stimpilkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Mál þetta var þingfest 11. desember s.l., og fékk stefndi þá frest til 11. þ. m. til að rita greinargerð. Á bæjarþinginu þann dag óskaði

hann enn eftir viku fresti til að rita greinargerð. Stefnandi neitaði öllum frekari fresti í þessu skyni. Var atriðið þá tekið til úrskurðar.

Þar sem fallast má á, að stefndi hafi þegar fengið nægan frest til þess að tjá sig um kröfur stefnanda, verður að synja honum um frekari frest til að rita greinargerð.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Þriðjudaginn 22. febrúar 1955.

Nr. 33/1955. **Guðmundur H. Þórðarson**

gegn

Þorbirni Hjálmssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Málflutningsfrestur. Réttarfarssekt.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 18. f. m. hefur sóknaraðili kært úrskurð, upp kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 15. s. m. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja og Kjötbúð Vesturbæjar, en með úrskurði þessum var stefndu í héraði synjað um frest í málinu.

Hæstarétti hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð í máli þessu, en ætla verður, að sóknaraðili kæri úrskurðinn í því skyni að fá framhaldsfrest þann, sem héraðsdómari synjaði um.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur, þar sem hans hefur ekki verið krafizt.

Ljóst er, að kæra þessi er gerð í því einu skyni að tefja bæjarþingsmálið að óþörfu, og er hún því misnotkun á kæruheimild laga nr. 85/1936. Samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 188. gr. sömu laga og lögum nr. 14/1948 verður sóknaraðilja, Guðmundi H. Þórðarsyni, því dæmt að greiða 500 króna sekt

til ríkissjóðs, og komi varðhald þrjá daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki á fjórum vikum frá birtingu dóms þessa.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Guðmundur H. Þórðarson, greiði 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald þrjá daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki á fjórum vikum frá birtingu dóms þessa.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 15. janúar 1955.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 11. þ. m., hefur Þorbjörn Hjálmsson, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 4. og 10. desember 1954 gegn Ársæli Jónssyni f. h. Kjötbúðar Vesturbæjar, Hafnarfirði, og Guðmundi H. Þórðarsyni, Lækjargötu 10 B, Reykjavík, til greiðslu víxils að fjárhæð kr. 12.598.70, útgefins 12. ágúst 1954 af stefnda Guðmundi, og samþykkts af stefnda Ársæli f. h. Kjötbúðar Vesturbæjar, til greiðslu í Útvegsbankanum, hér í bæ, 12. nóvember 1954, en víxill þessi var afsagður sökum greiðslufalls í Keflavík þann 15. nóvember 1954.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 12.598.70, með 7% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags, ½% víxilfjárhæðarinnar í kostnað, 100.00 í afsagnarkostnað, kr. 31.20 í stimpilkostnað og málskostnað að mati dómarans.

Mál þetta var þingfest 14. desember 1954, og fengu stefndu þá frest til að rita greinargerð til 11. þ. m. Á bæjarþingi þann 11. þ. m. óskuðu þeir enn eftir viku fresti til að rita greinargerð. Var þeim fresti mótmælt af hendi stefnanda, og var atriðið síðan tekið til úrskurðar.

Þar sem hér er um víxilmál að ræða, verður að fallast á það með stefnanda, að stefndu hafi þegar haft nægan frest til að rita greinargerð. Verður því að neita um frekari frest í því skyni.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Þriðjudaginn 22. febrúar 1955.

Nr. 113/1954. **Ákæruvaldið** (Einar Ásmundsson)
gegn
Margeiri Jóni Magnússyni
(Sigurgeir Sigurjónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ákæra um brot gegn húsaleigulögum. Sök fyrnd.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hafði veitt viðtöku húsaleigugreiðslum þeim, sem hann er sakaður um að hafa tekið með ólöglegum hætti, ekki síðar en í maímánuði 1950. Réttarrannsókn út af þessum verknaði ákærða hófst hinn 29. október 1952. Var sök þá fyrnd samkvæmd lögjöfnun frá 1. tölulið 81. gr. laga nr. 19/1940. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins.

Samkvæmt þessu ber að greiða allan kostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda í héraði, kr. 600.00, og laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Margeir Jón Magnússon, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Ólafs Björnssonar héraðsdómslögmanns, kr. 600.00, og laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Sigurgeirs Sigurjónssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. apríl 1954.

Ár 1954, laugardaginn 10. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1484/1954: Ákæruvaldið gegn Margeiri Jóni Magnússyni, sem tekið var til dóms 23. f. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 13. ágúst f. á., er opin-

bert mál höfðað gegn Margeiri Jóni Magnússyni verkamanni, Stýrimannastíg 9, hér í bæ, „fyrir að hafa gerzt sekur um brot á lögum um húsaleigu samkvæmt 13. gr. laga nr. 39 frá 1943 *með því* að hafa á tímabilinu 15. apríl 1949 til 15. maí 1950 leigt 1 herbergi með eldhúsaðgangi í kjallara hússins Skipasund 62 fyrir hærra verð en hann hafði heimild til.

Ákærist því nefndur Margeir Jón Magnússon til að sæta refsingu samkvæmt 17. gr. laga nr. 39 frá 1943, til endurgreiðslu oftekinnar húsaleigu samkvæmt 13. gr. sömu laga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 29. september 1925 á Ísafirði, og hefur, svo að vitað sé, ekki sætt öðrum kærum og refsingum en þeirri, að 22. ágúst 1949 fékk hann 150 króna sekt fyrir vanrækslu á skoðun bifhjóls og akstur þess án skrásetningarmerkis.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og því, sem á annan hátt er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Árið 1948 hóf ákærði byggingu hússins nr. 62 við Skipasund, hér í bæ, og lauk að mestu við það á árinu 1950. Húsið er 65 m^2, ein hæð og kjallari. Á hæðinni eru 3 herbergi og bað, en í kjallara 2 herbergi og eldhús.

Þegar kjallarinn var um það bil að verða fullbúinn veturinn 1948—1949, skýrði ákærði Sigurði Einari Eysteinssyni verkamanni, Karfavogi 13, hér í bæ, en þeir höfðu verið vinnufélagar, frá því, að hann hefði hug á að leigja eitt herbergi með aðgangi að eldhúsi í kjallara hússins. Kveðst ákærði hafa sagt Sigurði Einari, að hann vildi fá fyrir hið leigða 800 kr. á ári í leigu, sem greidd væri fyrirfram, en Sigurður Einar man ekki, hvað ákærði sagði um leiguna.

Sigurður Einar hafði hug á því að kaupa hæð á Hraunteigi 12, hér í bæ, sem Þuríður Jónsdóttir, Bergstaðastræti 10 A, hér í bæ, átti, en Ása Ásmundsdóttir tengdadóttir hennar bjó þá í ásamt tveimur börnum sínum. Þuríður sagði Sigurði Einari, að ekki gæti orðið af kaupunum, þar sem hana vantaði húsnæði handa Ásu. Nokkru seinna skýrði Sigurður Einar Þuríði frá því, að ákærði vildi leigja kjallaraherbergi í Skipasundi 62 ásamt aðgangi að eldhúsi. Kveður Þuríður, að hann hafi sagt henni, að leigan eftir húsnæðið ætti að vera 350 kr. á mánuði og greiðast 1 ár fyrirfram. Sigurður Einar hefur ekki rengt þenna framburð, en kveðst ekki muna nánar eftir málsatvikum, þar á meðal hvað há húsaleigan átti að vera.

Nokkru síðar fóru þau Þuríður og Sigurður Einar heim til ákærða í Skipasundi 62 og hittu hann þar og Sesselju Haraldsdóttur, sambýliskonu hans.

Þuríður hefur borið það, að ákærði hafi þá strax viljað taka saman samning um leigu húsnæðisins og að þau skrifuðu undir hann. Ákærði hafi farið fram í eldhús, og hafi þá Sigurður Einar hnippt

í hana og sagt, að hún skyldi ekki skrifa strax undir samninginn, en athuga málið betur. Hún hafi svo sagt við ákærða, að hún vildi ekki strax undirrita samning. Hún kveðst ekki muna eftir því, hvort minnst var á leiguhæð í þetta skipti, en gengur út frá því, að svo hafi verið. Á heimleiðinni hafi Sigurður Einar býsnazt yfir því, hve leigan væri há.

Sigurður Einar minnist þess ekki, að hann segði við Þuríði, að hún skyldi ekki skrifa strax undir leigusamning, heldur athuga málið nánar, og minnist þess heldur ekki, að hann býsnaðist yfir því við Þuríði á heimleið, hve leigan væri há. Þetta megi þó rétt vera, en hann sé frekar gleyminn.

Sesselja man eftir komu Þuríðar í Skipasund 62, en ekkert nánar frá þeirri heimsókn eða erindi hennar.

Ákærði hefur borið það, að Þuríður hafi komið tvisvar heim til hans. Í fyrra skiptið hafi hún skoðað leiguhúsnæðið í kjallaranum, en í seinna skiptið hafi hún verið ákveðin í að taka það á leigu, og hafi hún beðið hann um að leigja það ekki öðrum. Hann man ekki, hvort minnzt var á leiguhæð, en gengur út frá því, að svo hafi verið, þegar Þuríður kom í seinna skiptið og máske hafi það einnig verið í fyrra skiptið.

Kvöld eitt nokkru síðar kom ákærði heim til Þuríðar á Bergstaðastræti 10 A til að ganga frá leigu húsnæðisins. Að ósk Þuríðar fóru þau upp á loft til Gests Guðmundssonar, sem þar bjó, en Gestur hafði verið ráðunautur Þuríðar um ýmis fjármál hennar. Var gerður skriflegur leigusamningur milli Þuríðar og ákærða um húsnæðið og tekið fram í honum, að hinu leigða fylgdi einnig aðgangur að þvottahúsi. Leigutími var 1 ár, frá 15. apríl 1949 til 15. apríl 1950. Tekið var fram í samningnum, sem dagsettur er 26. marz 1949, að húsaleigan sé greidd fyrir leigutímabilið, en hæð leigunnar er ekki tilgreind.

Þuríður Jónsdóttir hefur borið það, að ákærði hafi krafizt sömu leigu og fyrr, 350 kr. á mánuði, og að ársleigan, kr. 4200.00, væri greidd fyrir fram. Hún hafi aðeins haft kr. 2300.00 handbærar þetta kvöld, og því hafi hún beðið Gest um að lána henni þær 1900 kr., sem á vantaði. Gestur hafi gert það og ritað tékka fyrir þessari fjárhæð. Ákærði hafi svo tekið bæði við tékkanum og 2300 krónunum. Gestur hafi haft orð á því, að hæð leigunnar yrði greind í samningnum, en ákærði hafi ekki viljað það. Þá hafi Gestur viljað fá kvittun ákærða fyrir leigugreiðslunni, en ákærði hafi ekki viljað gera það vegna skatta. Síðan kveðst Þuríður hafa farið út í bæ. Einum eða tveimur dögum síðar hafi hún endurgreitt Gesti 1900 krónurnar í herbergi hans, og hafi hún þá séð — að vísu lauslega — kvittun ákærða fyrir húsaleigugreiðslunni í skrifborðsskúffu, sem Gestur opnaði. Minnir hana, að Gestur hafi sagt henni í þetta skipti, að ákærði hefði látið hann fá kvittun fyrir leigugreiðslunni.

Gestur Guðmundsson hefur borið það, að leigan eftir umrætt hús-

næði hafi verið 350 kr. á mánuði og átt að greiðast 1 ár fyrir fram. Þuríður hafi aðeins haft 2300 krónur handbærar um kvöldið. Þá hafi hann að beiðni hennar lánað henni það, sem á vantaði, 1900 krónur í tékka, sem hann hafi ritað í því skyni. Þá hafi hann útbúið kvittun fyrir greiðslu leigunnar, en ákærði hafi neitað að skrifa undir hana af því að það væri tekið fram í samningnum. Gestur kveðst hafa sagt, að leiguupphæðin væri þar ekki greind, og hafi hann myndað sig til að taka 2300 krónurnar og tékkann aftur. Ákærði hafi þá skrifað undir kvittunina með sýnilegu ógeði, staðið upp, stungið peningaseðlunum og tékkanum í vasa sinn og farið burt. Hann hafi svo afhent kvittunina nokkrum mánuðum síðar á skrifstofu málflutningsmanns Þuríðar.

Kvittun þessi hefur verið lögð fram í málinu, dskj. nr. 6, er hljóðar svo:

„Rvík, hinn 26/3 1949.

Í dag hefur Þuríður Jónsdóttir greitt húsaleigu f. 1 herbergi og eldhúsaðgang í húsinu Skipasund 62. Leigan er frá 15/4 '49 —15/4 '50 — fjögur þúsund og tvö hundruð — sem hér með viðurkennist. Kr. 4.200,—

Margeir J. Magnússon".

Benedikt Friðriksson verkamaður, Hraunteig 24, hér í bæ, sem ritaði ásamt Gesti Guðmundssyni sem vitundarvottur að undirskrift ákærða og Þuríðar undir húsaleigusamninginn, hefur ekkert getað borið um, hver hæð húsaleigunnar var eða hvort ákærði gaf kvittun fyrir greiðslu húsaleigu.

Þuríður lét húsaleigunefnd meta leigu eftir hið leigða húsnæði, og samkvæmt matsgerð, dags. 14. október 1949, taldi nefndin hæfilega grunnleigu eftir húsnæðið vera kr. 70.00 á mánuði, eða kr. 1298.85 fyrir ársleigutímabilið.

Þuríður höfðaði síðan mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn ákærða til endurgreiðslu oftekinnar húsaleigu.

Ákærði mætti í bæjarþingi Reykjavíkur 20. febrúar 1950 og staðhæfði þá, að ársleigan fyrir húsnæðið hefði aðeins verið 800 krónur, og hefði Þuríður greitt þá leigu fyrir fram, þegar gengið var frá leigusamningnum hjá Gesti Guðmundssyni. Hefði leigan verið greidd með tékka, sem Gestur gaf út af því tilefni. Á dómþingi þessu var ákærða tjáð, að samkvæmt upplýsingum frá Landsbanka Íslands væri þar ávísun með útgáfudagsetningu 27. febrúar 1949, útgefin af Gesti Guðmundssyni til handa honum og kvittuð með nafni hans, að fjárhæð kr. 1900.00. Kvaðst ákærði þá ekki geta skilið í þessu og neitaði sem fyrr að hafa tekið við meira en 800 krónum í húsaleigu. Neitaði hann því eindregið að hafa undirritað kvittunina á dskj. nr. 6, sem lagt var fram í málinu.

Þegar ákærði var yfirheyrður í sakadómi Reykjavíkur um málið, breytti hann framburði sínum frá því í bæjarþinginu á þann veg,

að ársleiga húsnæðisins hefði verið kr. 1900.00 og greidd með tékka, sem Gestur gaf út. Hélt ákærði fast við það, að hann hefði ekki fengið hærri húsaleigu og að hann hefði ekki undirritað kvittunina á dskj. nr. 6 eða aðra kvittun. Nafn hans á kvittuninni hefði því verið falsað.

Fyrrgreind tengdadóttir Þuríðar, Ása Guðmundsdóttir, flutti síðan í húsnæðið í Skipasundi 62, en fór þaðan um haustið, því að hún vildi ekki vera þar með börn sín yfir veturinn.

Þuríður Jónsdóttir kveðst hafa fengið leyfi til að framleigja húsnæðið, og til að auðvelda framleigu hafi hún fengið leigutímabilið framlengt um 1 mánuð til 14. maí 1950. Kveðst Þuríður hafa greitt Sesselju Haraldsdóttur 350 krónur í leigu fyrir þenna mánuð, en fékk ekki kvittun fyrir greiðslunni. Fjárhæðin hafi verið í umslagi, sem skrifað hafi verið á 350 krónur, og hafi Ása Ásmundsdóttir verið viðstödd, þegar greiðslan fór fram í leiguhúsnæðinu. Ása Ásmundsdóttir hefur staðfest þenna framburð Þuríðar að öllu leyti.

Sesselja Haraldsdóttir minnist þess ekki, að Þuríður eða Ása hafi nokkurn tíma afhent henni peningafjárhæð, og hún minnist þess ekki að hafa nokkru sinni tekið við leigu fyrir umrætt húsnæði.

Ákærði kveðst ekki hafa tekið við peningum frá Sesselju Haraldsdóttur, sem hafi átt að vera húsaleigugreiðsla Þuríðar Jónsdóttur.

Móðir ákærða, Kristín Guðrún Björnsdóttir, frú, Hofteigi 52, hér í bæ, hefur borið það, að þegar kjallari hússins að Skipasundi 62 var tilbúinn til íbúðar, hafi ákærði boðið henni að taka á leigu eitt kjallaraherbergi ásamt aðgangi að eldhúsi. Húsaleigan hafi átt að vera 300 krónur á mánuði og hiti og ljós innifalið. Kristín Guðrún kveðst hafa hafnað þessu boði, af því að henni líkaði vel það húsnæði, sem hún þegar hafði, en leiga þess var 250 krónur á mánuði án ljóss og hita. Áætlaði hún, að þau leigukjör væru svipuð og ekki lakari en þau, sem ákærði bauð henni. Stuttu síðar hafi leigjandi komið í leiguhúsnæði ákærða. Kristín Guðrún kveðst ekki hafa vitað, hver húsaleigan var, en hún bjóst við því, að hún væri 300 krónur á mánuði, því að ákærði sagði henni, að hann ætlaði að leigja húsnæðið fyrir þá fjárhæð á mánuði. Sesselja Haraldsdóttir hafi verið viðstödd samtöl þessi.

Sesselja Haraldsdóttir kveður, að ákærði og Kristín Guðrún hafi einu sinni rætzt við um, að hin síðarnefnda kæmi í kjallaraherbergið. Kristín Guðrún hafi ekki haft áhuga á þessu húsnæði. Minnir Sesselju, að talað hafi verið um, að Kristín Guðrún myndi geta fengið húsnæðið eitthvað ódýrara en það húsnæði, sem hún var í, en leigu þess kvað hún vera 300 krónur á mánuði.

Ákærði kveðst ekki minnast þess, að hann byði Kristínu Guðrúnu móður sinni umrætt húsnæði, en hann vill ekki rengja framburð hennar og telur líklegt, að það geti vel verið rétt, sem hún hefur sagt um það mál.

Lárus Axel Helgason, yfirmaður tæknideildar rannsóknarlögreglunnar, hefur rannsakað kvittunina á dskj. nr. 6 og rithönd ákærða. Álítur Lárus Axel, að ákærði hafi skrifað nafn sitt undir kvittunina.

Þá hafa þeir Helgi Hjörvar skrifstofustjóri útvarpsráðs og Guðmundur Guðjónsson kennari verið dómkvaddir til að gefa álit um, hvort ákærði hafi undirritað umrædda kvittun. Niðurstaða þeirra er þessi:

„Við teljum vera mjög sterka líkingu með sérkennum í nafnritun M. J. M. (þ. e. kærða) yfirleitt og nafninu undir umræddri kvittun. Við teljum, að nafnritanirnar Margeir J. Magnússon undir leigusamninginn annars vegar og umdeilda kvittun hins vegar séu svo nauðalíkar (að frátekinni stafvillunni), að nær ógerningur sé að álykta, að önnur undirskriftin sé fölsuð, ef hin er ekta".

Eins og að framan er rakið, hefur ákærði breytt framburði sínum um upphæð leigunnar eftir umrætt húsnæði á Skipasundi 62 úr 800 króna ársleigu í bæjarþingi í 1900 króna ársleigu í sakadómi. Þá verður og að telja sannað með framburði vitnisins Kristínar Guðrúnar Björnsdóttur, móður ákærða, sem hann hefur ekki rengt, svo og með framburðum annarra vitna, að ákærði hafði í hyggju að leigja húsnæðið á 300—350 kr. á mánuði. Þykir því þegar af þessum ástæðum verða að leggja samhljóða framburði þeirra Þuríðar Jónsdóttur og Gests Guðmundssonar um hæð húsaleigunnar til grundvallar í málinu. Samkvæmt þessu er næg sönnun fengin fyrir því, þó að ákærði hafi ekki viljað við það kannast, að Þuríður Jónsdóttir hafi átt að greiða kr. 4200.00 í ársleigu fyrir umrætt húsnæði, og skyldi fjárhæðin greiðast fyrir fram. Einnig er sannað með framburðum þeirra Þuríðar Jónsdóttur og Gests Guðmundssonar, að þessi fjárhæð var greidd við undirskrift húsaleigusamningsins.

Þá verður einnig að telja, að með áliti hinna dómkvöddu manna, þeirra Helga Hjörvars og Guðmundar Guðjónssonar, og með áliti Lárusar Axels Helgasonar svo og með framburði Gests Guðmundssonar, sé næg sönnun fengin fyrir því, þó að ákærði hafi ekki viljað við það kannast, að ákærði hafi ritað nafn sitt undir kvittunina á dskj. nr. 6 fyrir greiðslu húsaleigunnar.

Loks er sannað með samhljóða framburðum þeirra Þuríðar Jónsdóttur og Ásu Ásmundsdóttur, að hin fyrrnefnda greiddi kr. 350.00 í húsaleigu fyrir tímabilið 15. apríl 1949 til 15. maí 1950.

Samkvæmt þessu er sannað, að ákærði hefur fengið kr. 4550.00 í leigu eftir húsnæðið fyrir allt leigutímabilið frá 15. apríl 1949 til 15. maí 1950, en það er kr. 3139.15 umfram löglega leiguhæð. Hefur ákærði með þessu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 17. gr. laga nr. 39 7. apríl 1943 um húsaleigu.

Ákærði hefur ekki í ákæruskjali verið ákærður fyrir brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19 12. febrúar 1940, og kemur því ekki til álita brot hans gegn ákvæðum þeirra laga, en ákærði sat

í gæzluvarðhaldi frá 29. október til 13. nóvember út af meintu sliku broti.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 2500 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist með varðhaldi í 18 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þuríður Jónsdóttir hefur afturkallað kröfu sína í málinu um endurgreiðslu oftekinnar húsaleigu, þar eð hún hefur höfðað mál gegn ákærða fyrir bæjarþingi Reykjavíkur til slíkrar endurgreiðslu.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í málinu, Ólafs Björnssonar hdl., kr. 600.00.

Dómsorð:

Ákærði, Margeir Jón Magnússon, greiði 2500 króna sekt til ríkissjóðs, sem afplánist með varðhaldi í 18 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í málinu, Ólafs Björnssonar hdl., kr. 600.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. febrúar 1955.

Nr. 56/1954. **Ákæruvaldið** (Ingólfur Jónsson hdl.)
gegn
Rúnari Sophusi Hansen. (Sveinbjörn Jónsson).

Öflun framhaldsgagna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Með úrskurði í sakadómi 15. október 1953 kvað héraðsdómari svo á, að rannsókn skyldi framkvæmd á andlegri heilsu og þroska ákærða. Rannsókn þessi var falin dr. Helga Tómassyni yfirlækni, og hefur skýrsla hans um ákærða frá 12. nóvember 1953 verið lögð fram í málinu, svo sem í héraðsdómi greinir. Auk eigin athugana á ákærða hefur yfirlæknirinn látið gera heilarit ákærða, eins og í skýrslu yfirlæknisins getur.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, þykir með skírskotun til 2. gr. laga nr. 14/1942 rétt, að leitað sé álits Lækna-

ráðs á greindri skýrslu dr. Helga Tómassonar um ákærða, þar á meðal að því er varðar heilarit það, sem dr. Helgi lét framkvæma. Er rétt, að Læknaráð láti uppi álit sitt á andlegum þroska og heilsu ákærða almennt, en sérstaklega á andlegu ástandi hans hinn 10. október 1953, er hann framdi athafnir þær, sem ákæra í máli þessu tekur til.

Ályktarorð:

Læknaráð láti í té álitsgerð um framangreint efni.

Föstudaginn 25. febrúar 1955.

Nr. 103/1953. **Landbúnaðarráðherra f. h. ríkisins** (Jóhannes Elíasson hdl.),
Hreppsnefnd Holtahrepps f. h. hreppsins (Kristinn Gunnarsson hdl.)
og
Hreppsnefnd Rangárvallahrepps f. h. eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla (Ragnar Ólafsson)
gegn
Hreppsnefnd Landmannahrepps f. h. hreppsins (Magnús Thorlacius).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um veiðirétt í vötnum á afrétti.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi landbúnaðarráðherra f. h. ríkissjóðs hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 27. ágúst 1953, og krafizt þess, að kröfum stefnda í málinu verði hrundið og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi hreppsnefnd Holtahrepps f. h. hreppsins hefur áfrýjað málinu með stefnu, dags. 23. júlí 1953, og fengið

gjafsókn í því. Krefst hann þess, að kröfum stefnda í málinu verði hrundið og að honum verði dæmdur málskostnaður úr höndum stefnda fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Áfrýjandi hreppsnefnd Rangárvallahrepps vegna eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla hefur áfrýjað málinu með stefnu, dags. 19. ágúst 1953, og fengið gjafsókn í því. Eru kröfur hans þær, að kröfum stefnda í málinu verði hrundið og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar, svo sem málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi, hreppsnefnd Landmannahrepps f. h. hreppsins, sem fengið hefur gjafvörn fyrir Hæstarétti, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda in solidum fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Í máli þessu er deilt um rétt til veiði í vötnum og vatnsföllum á Landmannaafrétti. Mörk afréttarins, sem lýst er í héraðsdómi, voru ákveðin með sáttagerð 7. ágúst 1951, og hefur því verið lýst af hendi allra aðilja hér fyrir dómi, að þeir muni hlíta sáttagerð þessari. Landsvæði það, sem nefnt er Holtamannaafréttur, liggur utan marka Landmannaafréttar, eins og þau voru ákveðin með nefndri merkjagerð.

Það er ágreiningslaust með aðiljum, að svo lengi, sem um er vitað, hafi íbúar Holtahrepps neytt upprekstrarréttar á Landmannaafrétt ásamt íbúum Landmannahrepps. Sama er að segja um ábúendur jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi, en jörðin Hólar er talin nýbýli úr Næfurholti. Hins vegar greinir aðilja á um það, hvernig réttindum þeirra til notkunar afréttarins sé háttað.

Í skjölum, sem rituð eru á öndverðri 19. öld og teljast vera endurrit af dómi, er gengið hafi að Skarði á Landi 25. júní 1476, er afrétturinn Þjórsártungur „frá Túná (Tungnaá) og til Sprengisands og vestur í Þjórsá og allt austur í fjallgarð, svo langt sem vötn renna til og frá héraða á milli“ dæmdur „þeirra eign og afrétt, sem haft og haldið hafa í Holtum og á Landi“. Er þetta samkvæmt „dóminum“ einungis á því reist, að svarið hafi verið af tveimur mönnum,

„að þessi afréttur, Þjórsártungur, hafi verið hafður og haldinn til lambareksturs og eldra fjár af þessum tveimur hreppum, Landi og Holtum, svo lengi sem þeir mundu til. Og eigi vissu þeir annað sannara en það væri þeirra eign". Þar sem gögn þessi styðjast hvorki við frumbréf né staðfest endurrit dóms, þykja þau ekki verða lögð til grundvallar í máli þessu um rétt til afréttarins.

Koma þá til álita önnur gögn málsins.

Hreppstjórar í Landmanna- og Holtamannahreppum létu þinglýsa á manntalsþingum í Rangárvallasýslu árið 1805 lögfestu fyrir sameiginlegum afrétti hreppanna, sem þá er nefndur Holta- og Landmannaafréttur.

Árið 1829 létu hreppstjórar í sömu hreppum sameiginlega þinglýsa banni við óheimilli notkun „á því okkar sveitum tilheyrandi afréttar plátsi, Þjórsártungum". Er þar bannað „hverjum sem einum óviðkomandi manni að hagnýta sér upp á nokkurn sem helzt máta þetta okkar afréttar pláts, Þjórsártungur, eða hvar annars staðar, sem okkar sveitaafréttur yfir nær, alla yrkingu og brúkun".

Í sóknarlýsingu Holtaþinga frá 3. júlí 1840 segir: „Afréttarlönd, sem téðum sóknum tilheyra, kallast Landmanna- og Holtamannaafréttir, sem báðar sveitirnar Holtasveit og Landsveit hafa upprekstur á eftir velþóknan, báðir þessir afréttir liggja inn af og austur af Landsveit".

Þá segir í sóknarlýsingu Stóruvalla frá 14. janúar 1841: „Afréttarlönd tilheyra sveitinni, kallast Landmannaafréttur, í félagsskap við Holtasveit".

Á árunum 1857—1858 var þinglesin á manntalsþingum í Rangárvallasýslu lögfesta af hálfu Landmannahrepps og Holtamannahrepps, dags. 27. desember 1856, þar sem nafngreindir menn lögfesta „í nafni og umboði allra búenda í Holtasveit og Landsveit undir báðar þessar sveitir afrétt þann, er fyrrum nefndist Þjórsártungur, en nú á dögum er nefnt Holtamannaafréttur og Þóristungur, með þessum takmörkum: Frá Tungnaá að sunnan og til Sprengisands að norðan og vestur í Þjórsá og allt austur í fjallgarð, svo langt sem vötn renna til og frá héraða á millum". Er notkun afréttarins bönnuð „öllum öðrum en þeim, sem í Holtum og

á Landi búa og þeim á Rangárvöllum, sem að fornum samningi hafa haft með oss upprekstur á afrétt okkar".

Hinn 1. ágúst 1858 kærðu hreppstjórar Landmannahrepps og Holtahrepps sameiginlega þrjá nafngreinda menn, búsetta í Hvolhreppi, fyrir heimildarlausa veiði í „afréttarlöndum Holta- og Landsveitar". Í greinargerð hreppstjóranna út af kæru þessari til lögregluréttar Rangárvallasýslu, dags. 18. ágúst 1858, segir: „Það hefur frá ómunatíð og allt fram á þenna dag eigi þótt neinum vafa bundið, að Holta- og Landsveitir hafa átt út af fyrir sig og einar haft til fullra umráða, afnota og brúkunar afrétt þann, er hér ræðir um, að fráteknu, að 4 bæir í Rangárvallahrepp hafa að fornu og nýju átt þar fjáruppreksturr".

Árið 1892 var hinum forna Holtamannahreppi skipt í tvö hreppsfélög, Holtahrepp og Ásahrepp. Á sameiginlegum fundi hreppsnefnda Landmannahrepps, Holtahrepps og Ásahrepps hinn 29. nóvember sama ár var tekið fyrir afréttarmál vegna skiptingar Holtamannahrepps og samþykkt af hreppsnefndum Ása- og Holtahreppa, að Holtahreppur eigi framvegis upprekstur á Landmannaafrétt, en Ásahreppur á Holtamannaafrétt. Verður ekki séð, að hreppsnefnd Landmannahrepps hafi haft neitt við þessa ákvörðun að athuga. Á fundi sýslunefndar Rangárvallasýslu 12.—14. apríl 1893 var samkvæmt fyrirmælum í landshöfðingjabréfi frá 11. júlí 1892 tekin endanleg ákvörðun um afréttarmál vegna skiptingar hins forna Holtamannahrepps. Fyrir sýslunefndinni lá fundargerð sú frá 29. nóvember 1892, sem að framan er greind. Í fundargerð sýslunefndar er bókuð eftirfarandi ákvörðun: „Samkvæmt því ákvað sýslunefndin: Holtahreppur skal eiga upprekstur á Landmannaafrétti".

Á almennum hreppsfundi að Skarði á Landi hinn 13. júní 1905 samþykkti fundurinn að koma upp í sameiningu við Holtamenn tveimur sæluhúsum á Landmannaafrétti. Samkvæmt fundargerð hreppsnefndar Landmannahrepps frá 26. maí 1906 hafði þetta komizt til framkvæmdar þannig, að Landmenn höfðu komið upp sæluhúsi í Áfangagili, en Holtamenn í „Laugunum".

Í forsendum héraðsdóms, sem gekk í Rangárvallasýslu

hinn 24. marz 1914, kemur fram það álit dómsformannsins, Björgvins Vigfússonar sýslumanns, er verið hafði oddviti sýslunefndar Rangárvallasýslu frá því árið 1908, svo og fjögurra samdómsmanna hans, að Landmannahreppur og Holtamannahreppur hafi átt í félagi bæði Landmannaafrétt og Holtamannaafrétt.

Af gögnum þeim, sem hér hafa verið rakin og ekki hefur verið hnekkt af stefnda, hreppsnefnd Landmannahrepps, verður eigi annað ráðið en að íbúar í Landmannahreppi, Holtamannahreppi hinum forna og síðar Holtahreppi svo og fjórum býlum í Rangárvallahreppi hafi verið í upprekstrarfélagi og átt sameiginlegan upprekstur á Landmannaafrétt. Í máli þessu er ágreiningslaust, að jörðin Næfurholt sé ein þeirra fjögurra jarða í Rangárvallahreppi, sem að framan getur, og að nýbýlið Hólar hafi sams konar rétt til afréttarnotkunar sem Næfurholt.

Frá því fyrir síðastliðin aldamót hafa sveitarstjórnarmenn Landmannahrepps haldið því fram, að fyrirsvarsmenn Holtahrepps hafi viðurkennt í orði og framkvæmd, að Landmannaafréttur sé eign Landmannahrepps, en að Holtahreppur hafi ekki annan rétt til afréttarins en þann, sem Landmannahreppur leyfir á hverjum tíma. Þessa málsástæðu sína hefur stefndi einkum stutt þeim gögnum, sem rakin eru í V. kafla, 6.—14. tölulið, hins áfrýjaða dóms og hér verður vikið að.

Í ódagsettu og óundirrituðu skjali, sem ætlað er, að sé endurrit bréfs, er oddviti Landmannahrepps, Eyjólfur Guðmundsson í Hvammi, hafi ritað sýslunefnd Rangárvallasýslu einhvern tíma fyrir 1892, kemur fyrst fram sú skoðun, svo að séð verði, að Holtamannaafréttur og Landmannaafréttur hafi aldrei verið „óaðskiljanleg sameign“ hreppanna, heldur hafi þeir léð hvor öðrum afnot afrétta sinna. Í bréfi þessu, sem óvíst er, að sent hafi verið sýslunefndinni, er ekki vitnað til neinna gagna eða heimilda til stuðnings framangreindri skoðun, sem aðeins er einhliða álit bréfritarans. Verður ekki talið, að skjal þetta hafi nokkurt sönnunargildi um rétt hreppanna til afréttanna.

Lagt hefur verið fram í málinu skjal, sem talið er útdráttur úr gerðabók hreppsnefndar Holtamannahrepps. Segir þar,

að hinn 26. nóvember 1879 hafi hreppsnefndirnar „í Holta- og Landmannahreppi“ átt fund með sér að Árbæ í Holtum og gert þar með sér samkomulag um tilhögun upprekstrar á Landmannaafrétt og Holtamannaafrétt. Ekki ber bókunin með sér, að Landmannahreppur sé talinn eiga betra rétt til Landmannaafréttar en Holtamannahreppur. „Fundargerð“ þessi er óundirrituð, og hefur henni verið mótmælt sem rangri. Getur hún því ekki haft neitt gildi í máli þessu.

Hinn 22. október 1886 er gerð landamerkjaskrá fyrir Landmannaafrétt, undirrituð sameiginlega af hreppsnefndarmönnum úr Landmannahreppi, Holtamannahreppi og Rangárvallahreppi. Var skrá þessi þinglesin 17. maí 1890. Um tilefni merkjagerðarinnar veita gögn málsins enga fræðslu, og verður ekki af henni ráðið, að Holtamannahreppur hafi með henni viðurkennt betra rétt Landmannahrepps til afréttarins.

Í bréfi hreppsnefndar Landmannahrepps til hreppsnefndar Holtamannahrepps, dags. 12. maí 1892, er skírskotað til samnings milli hreppanna um upprekstur og skorað á hreppsnefnd Holtamannahrepps að gera nýjan samning við Landmannahrepp um upprekstur á Landmannaafrétt. Um samning þenna, ef til hefur verið, er ekki vitað með vissu, en af skýrslu Eyjólfs Guðmundssonar, oddvita Landmannahrepps, dags. 6. júlí 1913, virðist mega ráða, að hér sé aðeins átt við hina óundirrituðu fundargerð frá 26. nóvember 1879, sem áður var getið og aðeins varðar tilhögun upprekstrar. Reglur um upprekstur frá 18. apríl 1887, sem nefndur oddviti getur um í sömu skýrslu, hafa ekki komið fram í málinu.

Þó að Landmenn hafi meira stundað veiði í vötnum á Landmannaafrétti en Holtamenn og stundum selt utansveitarmönnum þar veiðileyfi, þá ber það út af fyrir sig ekki vott um, að Holtamenn hafi ekki talið sig eiga neinn rétt til veiðifara þangað.

Eins og lýst er í héraðsdómi, hélt hreppsnefnd Landmannahrepps því fram á ýmsum tímum á árunum 1911—1914, bæði í bréfum til hreppsnefndar Holtahrepps og fundargerðum, sem hreppsnefnd Holtahrepps fékk vitneskju um, að réttur Holtamanna til upprekstrar á Landmannaafrétt væri

byggður á uppsegjanlegum samningi við Landmannahrepp. En eins og rakið hefur verið hér að framan, verður ekki séð, að slíkur samningur hafi nokkurn tíma verið gerður.

Gögn þau, sem nú hefur verið getið, verða samkvæmt framansögðu ekki skýrð svo, að Holtahreppur hafi afsalað sér neinum rétti til Landmannaafréttar. En þess er einnig að geta, að samkvæmt sveitarstjórnarlögum þeim, sem gilt hafa á hverjum tíma frá því á árinu 1872, hefði Holtahreppi verið óheimilt að láta af hendi rétt sinn til afréttar án ákvörðunar æðri stjórnvalda, en ekkert bendir til þess, að slík ákvörðun hafi verið tekin.

Samkvæmt því, sem að framan segir, verður að telja, að íbúar Holtahrepps og ábúendur Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi eigi sameiginlega með íbúum Landmannahrepps upprekstrarrétt á Landmannaafrétt.

Kemur þá næst til athugunar, hvernig rétti til veiði á Landmannaafrétti muni vera háttað.

Ekki hafa verið leiddar sönnur að því, að hreppsfélögin sjálf hafi öðlazt eignarrétt að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með öðrum hætti. Réttur til afréttarins virðist í öndverðu hafa orðið til á þann veg, að íbúar á landsvæði framangreindra hreppa og býla hafi tekið afréttarlandið til sumarbeitar fyrir búpening og, ef til vill, annarrar takmarkaðrar notkunar. Um afréttarnotkun og fjallskil voru snemma settar opinberar reglur, sem sveitarstjórnum var falið að annast framkvæmd á. Eins og notkun afréttarlandsins hefur verið háttað, hafa hreppsfélögin, annað eða bæði, ekki unnið eignarhefð á því.

Þar sem framangreindir afréttaraðiljar hafa samkvæmt framansögðu ekki beinan eignarrétt á Landmannaafrétti, koma hér til álita ákvæði 5. gr. laga nr. 112/1941 um rétt til veiði í vötnum á afréttum. Í 1. tölulið þeirrar greinar segir, að noti héruð afrétt með löglegri heimild, sé héraðsmönnum þar öllum veiði jafnheimil. Þar sem íbúar Landmannahrepps, Holtahrepps og býlanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi nota Landmannaafrétt með löglegri heimild, hafa þeir samkvæmt greindu ákvæði sameiginlega veiðirétt í vötnum á afrétti þessum. Orðið afrétt í 2. tölulið 5. gr. verð-

ur að skýra svo þröngt, að það taki ekki til afrétta, sem notaðir eru með löglegri heimild, svo sem í 1. tölulið segir. Ekki verður séð, að skilyrði hafi verið fyrir hendi til þess, að stefndi hafi helgað sér einkarétt á veiðinni fyrir hefð.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, verður krafa stefnda um einkarétt til veiðinnar ekki tekin til greina.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað í héraði. Rétt þykir, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti. Ríkissjóður greiði laun talsmanns Holtahrepps, kr. 11.000.00, laun talsmanns Rangárvallahrepps, kr. 7000.00, og laun talsmanns stefnda, kr. 14.000.00.

Dómsorð:

Krafa stefnda, hreppsnefndar Landmannahrepps f. h. hreppsins, um einkarétt til veiði í vötnum og vatnsföllum á Landmannaafrétti verður ekki tekin til greina.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð. Hver aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Ríkissjóður greiði laun talsmanns áfrýjanda hreppsnefndar Holtahrepps f. h. hreppsins, Kristins Gunnarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 11.000.00, laun talsmanns áfrýjanda hreppsnefndar Rangárvallahrepps vegna jarðanna Næfurholts og Hóla, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7000.00, og laun talsmanns stefnda, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 14.000.00.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 15. júní 1953.

I. Mál þetta var dómtekið hinn 30. maí 1953, að afloknum munnlegum flutningi. Áður hafði munnlegur flutningur farið fram hinn 8. apríl s.l., en með úrskurði, uppkveðnum 11. sama mánaðar, var það endurupptekið til frekari gagnaöflunar. Málið var höfðað fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu með opinberri stefnu, útgefinni 2. júlí 1951, og framhaldsstefnu, útgefinni 8. ágúst 1951.

Upphaflegar stefnukröfur stefnanda voru þær, að viðurkenndur verði einkaréttur hans til veiði í Fiskivötnum (Veiðivötnum) suð-

vestan Vatnajökuls og að honum verði tildæmdur málskostnaður, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Með framhaldsstefnu eykur stefnandi kröfur sínar þannig, að hann krefst einkaréttar til veiði í Fiskivötnum (Veiðivötnum), svo og öllum öðrum vötnum og vatnsföllum á Landmannaafrétti.

Við þingfestingu málsins hinn 15. september 1951 risu upp til andmæla stefnukröfum stefnanda: landbúnaðarráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, hreppsnefnd Holtahrepps í Rangárvallasýslu fyrir hönd hreppsins og hreppsnefnd Rangárvallahrepps í Rangárvallasýslu fyrir hönd hreppsins vegna eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi. Kröfum í framhaldsstefnu mótmæltu sömu aðiljar við síðari þingfestingu hinn 13. október 1951. Kröfðust varnaraðiljar þess, að kröfum stefnanda í stefnu og framhaldsstefnu yrði með öllu hrundið og þeim, hverjum um sig, tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

II. Forsaga máls þessa er sú, að dómi aukadómþings Rangárvallasýslu í málinu: Guðmundur Árnason, Múla í Landmannahreppi, f. h. búenda í Landmannahreppi gegn krefjendum veiðiréttar, uppkveðnum 11. desember 1948, var áfrýjað til Hæstaréttar og málið rekið þar sem málið nr. 57/1949. Var kveðinn upp hæstaréttardómur í málinu hinn 15. maí 1950 með þeim úrslitum, að hinn áfrýjaði dómur var ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Var síðan á árinu 1951 stofnað til tveggja mála, annars um takmörk Landmannaafréttar, þingfest 2. ágúst 1951, sem lauk með dómssátt 7. sama mánaðar (dskj. 10), og máls þess, sem hér er fyrir dómi.

Áreið í því máli fór fram hinn 14. ágúst 1952. Bentu umboðsmenn stefnanda þá aðspurðir á, að Landmenn hefðu stundað veiði í eftirtöldum vötnum á Landmannaafrétti: Stóra-Fossvatni, Litla-Fossvatni, Tjaldvatni, Skálavatni, Litla-Skálavatni, Arnarpolli, Snjóölduvatni, Ampapolli, Nýjavatni, Litla-Breiðavatni, Breiðavatni, Kvíslarvatni, Eskivatni og Langavatni, og auk þess Kirkjufellsvatni og Kýlingavatni sunnan Tungnaár, en þau teljast ekki til Fiskivatna (Veiðivatna). Þau af vötnum þessum, sem ekki voru nafngreind á herforingjaráðsuppdrætti, voru síðan merkt inn á uppdráttinn, dskj. 24, af Ágústi Böðvarssyni landmælingamanni, sem tók þátt í áreiðinni, og merkingar hans samþykktar af öllum málsaðiljum. Þá hefur verið lögð fram í málinu (dskj. 26) loftmynd af Fiskivatnasvæðinu, þar sem merkt eru með nöfnum öll hin tilgreindu vötn norðan Tungnaár. Einnig hefur verið lagt fram (dskj. 27) landabréf með teiknuðum mörkum Landmannaafréttar samkvæmt sáttagerðinni frá 7. ágúst 1951, áritað af öllum aðiljum þess máls.

Stefnandi hefur fengið gjafsókn í málinu, og varnaraðiljarnir Holtahreppur og Rangárvallahreppur hafa fengið gjafvarnir.

Með málið hefur verið farið samkvæmt 3. kafla laga um landamerki o. fl. nr. 41 frá 28. nóvember 1919.

III. 1. Stefnukröfur sínar byggir stefnandi á, að hann eigi fullan og óskoraðan eignarrétt að Landmannaafrétti, eins og hann var ákvarðaður með sáttagerð 7. ágúst 1951. Samkvæmt þeirri sáttagerð eru mörk Landmannaafréttar sem hér segir: Úr Ófærugili í Tröllkonuhlaup í Þjórsá, eftir Þjórsá í Tungnaá, eftir Tungnaá í Blautukvísl, eftir Blautukvísl í Blautukvíslarbotna, þaðan í Þóristind og þaðan sjónhendingu í Þveröldu og úr Þveröldu í Svartakamb, þar sem hann er hæstur, þaðan þvert í Tungnaá, síðan eftir Tungnaá í Kirkjufellsós og eftir honum í Kirkjufellsvatn, þaðan eftir Hábarmi í há-Torfajökul, frá Torfajökli í upptök syðri kvíslar Markarfljóts, þaðan í Krakatind og þaðan í Ófærugil.

Þessum beina eignarrétti telur hann ekki haggað fyrir þá sök, að einstökum jörðum eða heilum hreppi hafi verið látinn í té upprekstrarréttur. Sá réttur sé óbeinn eignarréttur, takmarkaður við sinn tilgang, en hinum beina eignarrétti fylgi aftur á móti þau réttindi, sem eigi séu undanskilin eða af hendi látin. Af þessu telur hann leiða, að hreppurinn eigi alla veiði í öllum vötnum og vatnsföllum á Landmannaafrétti.

Auk þess telur hann óvefengjanlegt, að hann eigi veiðirétt í Fiskivötnum (Veiðivötnum), þar sem hann (hreppsbúar) hafi stundað veiði í þeim í margfaldan hefðartíma, án þess að aðrir hafi í orði eða verki ásælzt þá veiði, fyrr en á síðustu árum, er deilur og málaferli fóru að rísa um veiði þessa.

2. Landbúnaðarráðherra byggir dómkröfur sínar á því, að Landmannahreppur eða íbúar hans eigi ekki beinan eignarrétt að Landmannaafrétti, heldur hafi íbúar hreppsins aðeins takmarkaðan rétt til hans, þ. e. rétt til að beita sauðfé sínu þar. Eiganda Landmannaafréttar telur hann vera alla þegna íslenzka ríkisins, og beri því sér sem handhafa umboðsvaldsins að gæta hagsmuna þeirra. Geti hann og löggjafarvaldið ein sagt fyrir um, eftir hvaða reglum eigendurnir fái neytt síns eignarréttar, og hafi veiðirétti í ám og vötnum afréttarins aldrei verið afsalað til einstakra manna eða hreppa. Þá mótmælir hann því, að stefnandi hafi unnið hefð á veiðirétti í Fiskivötnum, þar sem hreppurinn sjálfur hafi aldrei stundað veiðina og geti ekki öðlazt þann rétt, þótt einhverjir hreppsbúar eða hópar af hreppsbúum hefðu stundað veiði í vötnunum, en auk þess sé ósannað og ósannanlegt, að nokkrir einstaklingar eða slíkir hópar hreppsbúa hafi stundað veiði í ákveðnum vötnum, þannig að þeir hafi hefðað veiðirétt. Við munnlegan flutning málsins tók umboðsmaður landbúnaðarráðherra einnig fram, að skilyrði hefðar væri auk þess ekki fyrir hendi, þar sem veiði Landmanna, ef um veiði hefði verið að ræða, hefði ekki getað útilokað aðra frá að veiða þar einnig.

3. Hreppsnefnd Holtahrepps byggir kröfur sínar á því, að réttur Holtahrepps til Landmannaafréttar sé hinn sami og Landmannahrepps. Telur hún, að fram til ársins 1892 hafi Holtahreppur og Ása-

hreppur, sem þá voru eitt hreppsfélag, Holtamannahreppur, og Landmannahreppur átt sameiginlegan upprekstrarrétt á Landmannaafrétt og Holtamannaafrétt. Hafi hrepparnir átt óskiptan rétt til beggja afréttanna frá fornu fari. Afréttirnir hafi a. m. k. verið sameiginlegir til 1879, en þá hafi skipti fyrst komið til greina. Holtamannahreppi hafi síðan verið skipt í tvö hreppsfélög, Holtahrepp og Ásahrepp, og um það leyti eða skömmu síðar hafi afréttunum verið skipt. Kveður hann afréttunum hafa verið skipt þannig 1892, að Ásahreppur eigi upprekstur á Holtamannaafrétt, en Holtahreppur á Landmannaafrétt með Landmönnum. Réttur Holtahrepps til Landmannaafréttar sé því hinn sami og Landmannahrepps og eigi því Holtahreppur sama rétt til veiði í ám og vötnum á afréttinum og Landmannahreppur. Þá mótmælir hann, að Landmannahreppur sjálfur geti öðlazt neinn hefðarrétt á veiði í Fiskivötnum, þótt einstakir íbúar hreppsins eða hópar þeirra hafi veitt þar. Hreppurinn sem slíkur hafi aldrei látið stunda eða stundað veiði í vötnunum, og enda þótt einstakir búendur í Landmannahreppi muni hafa stundað veiði í vötnunum meira en búendur í Holtahreppi, en það sé vegna legu vatnanna nær Landmannahreppi, þá hafi hreppurinn engan rétt við það öðlazt. Einstaklingar eða hópar þeirra hafi ekki heldur hefðað sér neinn einkarétt til veiði í vötnunum.

4. Hreppsnefnd Rangárvallahrepps rökstyður kröfur sínar með því, að bændur í Næfurholti í Rangárvallahreppi og á jörðum, sem byggðar eru út frá því (Hólar), hafi frá ómunatíð, væntanlega eins lengi og Landmannaafréttur hafi verið smalaður, verið í afréttarfélagi við bændur í Landmannahreppi og notið sama réttar og Landmenn, enda hafi Næfurholtsbóndi verið í veiðifélagi með Landmönnum, þ. e. stundað veiði í vötnum á Landmannaafrétti á sama hátt og þeir bændur Landmannahrepps, sem þar hafi stundað veiði. Eigendur og ábúendur Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi eigi því allan sama rétt að tiltölu og eigendur og ábúendur jarða í Landmannahreppi. Samkvæmt bréfi eigenda og ábúenda Næfurholts og Hóla, dags. 10. september 1951, til hreppsnefndar Rangárvallahrepps (dskj. 21), hefur Rangárvallahreppur gengið í mál þetta vegna téðra jarða.

IV. Eins og dómkröfum stefnanda er háttað, þykir nauðsyn bera til að taka afstöðu til, hvort landssvæði það, sem hin umdeildu vötn og vatnsföll eru á, Landmannaafréttur, sé háð einstaklingseignarrétti eða sé almanna eign, almenningur. Ekki verður talið, að nein lagafyrirmæli skeri úr um það, hvort afréttir almennt eða þessi afréttur sérstaklega sé eign sveitarfélaga eða séu almannaeign. Leitazt hefur verið við að upplýsa í máli þessu um venjur, sem gilda og gilt hafa um veiði í ám og vötnum á afréttum og almenningum annars staðar á landinu og um eignarrétt að öðrum afréttum. Hefur stefnandi aflað vottorða, endurrita úr veðmálabókum og leitt vitni um eignarrétt að afréttarlöndum og veiði í vötnum á þeim í Borgar-

fjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsnessýslu, Húnavatnssýslu, Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu. Öll þau gögn, sem um þessi atriði hafa fengizt, leiða í ljós, að á þessum stöðum öllum hafa afréttarlönd verið hluti af löndum einstakra jarða (eða kirkna), og hefur nú sumum afréttarlanda þessara verið afsalað til hreppsfélaga og upprekstrarfélaga, en sums staðar tilheyra afréttarlöndin enn jörðum þeim, er þau tilheyrðu. Á öllum þessum stöðum er veiðiréttur í vötnum á afréttinum talinn tilheyra landareigninni nema þar, sem hann hefur verið sérstaklega undanskilinn við afsöl á afréttarlöndunum.

Í máli þessu hafa ekki komið fram nein gögn um, að málsaðiljar né aðrir hafi öðlazt eignarrétt að Landmannaafrétti með kaupi eða hliðstæðum löggerningum. Þykir því nauðsynlegt að rekja þau atriði úr gögnum málsins og þekktum sögulegum staðreyndum, sem vísbendingu geta gefið um, hvort Landmannaafréttur sé einstaklingsrétti háður eða ekki.

1. Frá fornu fari skiptist landssvæðið milli Þjórsár og Ytri-Rangár í tvo hreppa. Nefnist hinn efri Landmannahreppur og hinn neðri Holtamannahreppur. Talið er víst, að skiptingu landsins í hreppa hafi verið lokið á söguöld, fyrir 1100 og líklega nokkru fyrr. Líklegt þykir, að hrepparnir milli Þjórsár og Ytri-Rangár séu með elztu hreppum landsins. Talið er, að afréttir Holtamanna og Landmanna hafi frá fornu legið svo sem enn er. Sá hluti afréttarlandsins, sem nær er byggðum, hefur verið kenndur við Landmenn og svo nokkur hluti þess, sem lengra liggur, en afréttur sá, sem kenndur er við Holtamenn, liggur allur fyrir norðan Tungnaá. Skipting þessi mætti þykja benda til sterkari aðstöðu Landmanna frá fornu til að helga sér lönd þessi, með hverju móti sem það hefur gerzt. Þau skipti hafa orðið snemma, á þeim tíma, er meira jafnræði var með byggðum þessum að mannfjölda og þar með kvikfjárahöfn en síðar varð. Að vísu er rétt að ætla, að allmiklar breytingar hafi orðið á löndum þessum, er tímar liðu, í eyðingu gróðurlanda, sem erfitt er nú að gera sér grein fyrir. Ekki er ósennilegt, að versta torfæran á þessum slóðum, Tungnaá, sem lengi hefur gert örðugt fyrir um notkun afréttarins norðan hennar, hafi verið allmiklu minna vatnsfall fyrrum, svo að Holtamenn hafi ekki verið eins afskiptir og nú mætti virðast, er þeir fengu í sinn hlut löndin upp með Þjórsá, norðan Tungnaár. Eina heimildin um afréttarlönd þessi, sem forn mætti kallast, er dómur frá 25. júní 1476 um Þjórsártungur (dskj. 17). Það nafn þekkist ekki nú, en samkvæmt skýrgreiningu þess í dóminum sjálfum er hér átt við allt landssvæðið frá Tungnaá til Sprengisands og frá Þjórsá austur í fjallgarð, svo langt sem vötn renna til og frá héraði. Dómur þessi er ekki varðveittur nema í afritum frá 19. öld. Enn fremur er til gerð af honum frá líkum tíma (Fornbr.safn VI, nr. 78, B), sem enginn ágreiningur er um, að sé fölsuð. Spurningin er þá, hvort gerð þeirri, sem liggur frammi í þessu máli á dskj. 17, megi treysta.

Við gerð dómsins yfirleitt virðist ekkert sérstaklega athugavert, þegar líka er til þess litið, að hér er um unga afskrift að ræða, sem að líkindum er ekki gerð eftir frumriti. Þegar um grunsöm fornbréf er að ræða, þá er næst sjálfu formi bréfsins og máli aðgæzluvert, hvort menn þeir, sem við skjalið koma og þar eru tilnefndir, geti í raun réttri hafa við það komið vegna tímans eða annarra atvika, sem unnt er að hafa réttar reiður á. Um þetta er það að segja, að menn vita full deili á þeim Þorsteini Pálssyni, Erlendi Erlendssyni, Oddi lögmanni Ásmundssyni og Örnólfi syni hans. Björn Jónsson og Þorsteinn Þórðarson koma við bréf af þessum slóðum 20. nóvember 1465 (Fornbr.safn V, nr. 40). Er það ugglaust frumbréf. Sigurður Eiríksson og Sigurður Hafliðason koma ekki við bréf önnur, fremur en brátt verður að vikið. Til er dómur um landamerki jarðarinnar Merkihvols, dags. 25. júní 1475 (Fornbr.safn V, nr. 706). Sá dómur er ekki til nema í mjög ungu afriti frá líkum tímum og afrit bréfanna um Þjórsártungur, en um þenna dóm er það að segja, að hann er að formi og máli mjög athugaverður og sennilega falsbréf. Hér bregður svo undarlega við, að dómsmenn eru taldir fjórir hinir sömu og í dóminum um Þjórsártungur, en fimmta nafninu snúið við: Hafliði Sigurðsson fyrir Sigurður Hafliðason. Sjötta nafnið úr Þjórsártungnadóminum, Örnólfur Oddsson, kemur ekki við Merkihvolsbréfið. Hér virðist samband á milli. En þar sem Merkihvolsbréfið er berlega athugavert og sennilega falsað, er ástæða til að ætla, að það sé, að því er dómsmennina snertir, skrifað með hliðsjón af Þjórsártungnabréfinu, þótt hugsanlegt sé líka, að það eigi sér aðra hliðstæða fyrirmynd, sem nú sé með öllu glötuð. Þessi staðreynd rýrir samt út af fyrir sig ekki gildi dómsins um Þjórsártungur fremur en hin falsaða mynd þessa sama dóms. Vitanlegt er, að þeir menn, sem gerðu falsbréf, og slík bréf eru allmörg til, reyndu oftast að greina mannanöfn, sem komið gætu heim við þann stað og þann tíma, er efni bréfsins varðaði, svo að þau yrðu síður vefengd. Sú staðreynd, að dómurinn um Þjórsártungur hafi verið notaður við falsbréfagerð, mætti fremur teljast til styrktar því, að hann hafi verið talinn í sjálfu sér öruggt skjal á þeim tíma. En þótt dómurinn um Þjórsártungur verði ekki vefengdur vegna forms síns eða hins, að dómsmenn séu þar berlega rangt tilfærðir, mætti vera, að efni dómsins reyndist grunsamlegt eða þætti bera vott um, að þar væri með ólíkindum hnekkt rétti eða hagsmunum einhvers aðilja öðrum til framdráttar, sem af þeim sökum þættu grunsamir um að hafa falsað eða aflagað dómsskjalið. Skal það nú athugað. Tilefni dómsins er kæra Landmanna, er beiðast dóms á því, að þeir eigi Þjórsártungur með þeim ummerkjum, sem fyrr eru greind. Samkvæmt framburði tveggja nafngreindra manna dæma dómsmenn landið eign og afrétt þeirra, sem haft hafa og haldið í Holtum og á Landi, og enga menn aðra mega nýta sér landið eða gæði þess án leyfis Holtamanna og Landmanna. Undantekning er þó gerð

um menn úr Hreppum samkvæmt sérstökum samningi. Hér er í rauninni ekkert athugavert. Væri dómurinn í þeirri mynd, sem hann er á dskj. 17, falsaður, myndi það, sem fyrr segir, koma fram í því, að einhverjum aðilja væri eignað meira en rétt væri á kostnað annars aðilja. Ekki verður séð, að svo sé gert hér. Landmenn hafa gert kröfu um dóm á því, hvort landssvæðið væri „eign eður almenningur eður afréttur þeirra manna, er í Landmannahreppi búa". Í því gæti talizt útilokun annarra, þar á meðal Holtamanna, á þessum sama rétti. En dómurinn dæmir landið „þeirra eign og afrétt, sem haft og haldið hafa í Holtum og á Landi ... að réttri tiltölu". Ósennilegt er, að Landmenn hafi, þegar hér var komið sögu, né um langan tíma áður, og ef til vill aldrei, átt allt afréttarlandið. Þarf og ekki að skilja kröfu þeirra fyrir dóminum á annan veg en svo, að þeir hafi viljað fá staðfestan rétt sinn til landsins að sínum hlut, eins og dómurinn líka gerir. Hér er því á hvorugan hallað. Eftir er þá að athuga, hvort hér gæti verið ranglega smeygt inn þeirri grein, sem fjallar um gagnkvæman rétt Hreppamanna á aðra hlið og Holtamanna og Landmanna á hina, um notkun á landinu beggja megin Þjórsár til rótartekju, fuglaveiði og grasa, samkvæmt þar um gerðum gömlum samningi, sem nú þekkist ekki. Væri svo, er vant að sjá, hverjum slíkt ætti að vera til hagnaðar. Annars kemur þessi gagnkvæmi og gamli notkunarréttur sveitanna beggja megin Þjórsár fram, leifar hans, í yngri heimildum, og er því ekki ástæða til að ætla, að hér sé um fölsun að ræða. Þess má geta hér, að upp með Þjórsá að vestan, í Þjórsárdal, var, og er ef til vill enn, kölluð Holtamannaá. Þetta örnefni kemur fyrir í Fornbréfasafni í skjölum frá öndverðri 14. öld, en að vísu er það ekki frumskjal. Örnefni þetta kynni að benda til umferðar Holtamanna vegna þessa gamla afnotasamnings við Hreppamenn, að öðrum kosti má kalla nafnið undarlegt, því ella er hér engin alfaraleið fyrir menn austan Þjórsár. Þó mætti hér vera einnig fólgin bending um notkun manna austan Þjórsár á Þjórsárdalsskógum, sem að vísu átti sér stað á 16. öld og líklega bæði fyrr og síðar.

Að öllu þessu athuguðu virðist engin ástæða til þess að vefengja dóminn um Þjórsártungur í þeirri mynd, sem hann er á dskj. 17. Hér er um að ræða lögmannsdóm, að öllu skjallegan og í fullu gildi. Meðal annars má því telja hann sönnun þess, að um þetta leyti og fyrr er hætt að líta á afrétt þenna sem almenning, hafi það nokkru sinni verið gert. Af honum má draga þá ályktun, að á 15. öld og fyrr hafi Holtamanna- og Landmannahreppar átt og nýtt landið, sem í dóminum er kallað Þjórsártungur. Hins vegar verður ekki af dóminum séð, hversu landinu hafi verið skipt. Þó verður að telja líklegt, þar sem um tvö sveitarfélög var að ræða, að snemma hafi hvor hreppur haft afmarkaðan hluta landsins til smölunar, þannig að í raun og veru hafi landamerki skapazt, enda benda heitin Holta-

mannaafréttur og Landmannaafréttur til þess, að svæði þessi væru aðgreind í vitund manna.

2. Um eignarhald eða notkun á afréttarlöndum þeim, sem kallaðar voru Þjórsártungur, liggja ekki fyrir nein gögn frá uppkvaðningu framangreinds dóms og út átjándu öldina, nema að fram kemur í nokkrum skjölum málsins, að Skaftártungumenn hafi stundað veiðar og ef til vill haft fleiri not af afréttarlöndunum á ofanverðri 18. öld ásamt mönnum úr Rangárþingi, en öllum notum Skaftártungumanna hafi lokið á níunda tug aldarinnar. Engar upplýsingar liggja fyrir um, hvort not Skaftártungumanna hafi byggzt á samningum eða öðrum grundvelli. Þykir ekki af þeim takmörkuðu og tímabundnu notum, sem Skaftártungumenn eru taldir hafa haft af afréttarlöndunum fyrir meira en 170 árum, verða dregin nein ályktun um það, hversu þá hafi verið háttað eignar- eða umráðarétti að þeim.

3. Um afstöðu Landmannahrepps og Holtamannahrepps (síðar Holta- og Ásahreppa) til afrétta þeirra, sem við hreppa þessa eru kenndir, á nítjándu og tuttugustu öldinni, eru ýmis gögn í máli þessu. Skulu nú rakin hin helztu:

a. Árið 1829 er á manntalsþingi í Fíflholti 22. maí lesið upp bann frá hreppstjórum Holtamannahrepps og Landmannahrepps við, að rifið sé hrís eða kol brennd í Þjórsártungum, sem tilheyri sveitum þessum (dskj. 152).

b. Í sóknarlýsingu Holtaþings í Rangárvallasýslu, sem rituð er af séra Sigurði Sigurðssyni í Guttormshaga hinn 3. júlí 1840, eru afréttarlönd þau, sem kölluð eru Holtamanna- og Landmannaafréttir, talin tilheyra téðum sveitum (dskj. 90).

c. Í sóknarlýsingu Stóruvalla, sem rituð er af séra Jóni Torfasyni 14. janúar 1841, er Landssveit talin eiga Landmannaafrétt í félagsskap við Holtasveit. Einnig er sveitin talin eiga annan afrétt, Holtamannaafrétt, sömuleiðis í félagsskap við Holtasveit. Samkvæmt lýsingu sr. Jóns í sóknarlýsingunni er greinilegt, að átt er við sama landssvæði og nú kallast Holtamanna- og Landmannaafréttir (dskj. 125).

d. Með lögfestu yfir Þjórsártungur, dags. 27. desember 1856, lögfestu 3 nafngreindir menn í umboði allra búenda í Holtamannahreppi og Landmannahreppi undir þessar sveitir afrétt þann, er fyrrum nefndist Þjórsártungur, en þá er talið nefnt Holtamannaafréttur og Þóristungur. Er það síðan skilgreint nánar sem allt svæðið fyrir norðan Tungnaá til Sprengisands, frá Þjórsá austur í fjallgarð. Jafnframt banna þeir öllum óviðkomandi silungsveiði og önnur gæði á afrétti þessum. Veiðivötn þau, sem silungur er veiddur í, eru talin innan takmarka afréttar þessa. Í lögfestunni er vitnað í dóm um afréttinn frá 1476, og virðist rétturinn til afréttarins að minnsta kosti meðal annars byggður á þessum dómi (dskj. 51).

e. Í ágúst 1858 kæra hreppstjórar Landmannahrepps og Holta-

mannahrepps þrjá utansveitarmenn fyrir heimildarlausa veiði fisks og fugla í afréttarlöndum Holta- og Landsveita. Telja hreppstjórarnir sveitir þessar eiga afréttina, og sé því sveitarmönnum einum heimil veiði og önnur gæði af afréttinum.

Með dómi lögregluréttar Rangárvallasýslu, uppkveðnum 21. september 1858, eru hinir kærðu sýknaðir af kærunni vegna þess, að ekki er talið sannað, að þeir hafi veitt í landi Landmanna og Holtamanna, en með yfirréttardómi, uppkveðnum 5. desember 1859, er héraðsdómur ómerktur og málinu heimvísað til nýrrar og löglegrar meðferðar í héraði vegna rangrar meðferðar og ófullnægjandi upplýsinga, aðallega um, hvort Fiskivötn séu utan eða innan afréttarins (dskj. 128).

f. Árið 1886 eru ákveðin mörk fyrir Landmannaafrétt, samþykkt af hreppsnefndum Holtamannahrepps og Rangárvallahrepps, og landamerkjaskrá þessari þinglýst árið 1890 athugasemdalaust.

g. Árið 1892 er Holtamannahreppi skipt í tvö hreppsfélög. Er um það leyti ákveðið, að sá hluti hins forna Holtamannahrepps, sem Holtahreppur nefnist, skyldi reka fé á Landmannaafrétt.

h. Hinn 24. marz 1914 er í aukarétti Rangárvallasýslu kveðinn upp frávísunardómur í máli milli Holtahrepps og Ásahrepps um eignarrétt að Holtamannaafrétti, en í máli þessu stefndi hreppsnefnd Holtahrepps Ásahreppi til viðurkenningar á eignarrétti Holtahrepps að Holtamannaafrétti með Ásahreppi. Í forsendum dómsins (dskj. 127) kemur m. a. fram, að Holtamannahreppur og Landmannahreppur hafi áður (fyrir skiptingu Holtamannahrepps) átt afrétti þá, sem við sveitirnar eru kenndir, í félagi.

i. Á árunum 1914—1919 selja hreppsnefndirnar í Landmannahreppi, Ásahreppi og Holtahreppi vatnsréttindi og fleiri réttindi á Holtamanna- og Landmannaafréttum fyrir miklar fjárhæðir á þeirrar tíðar mælikvarða. Öllum skjölum varðandi sölur þessar er þinglýst athugasemdalaust, og engar upplýsingar eru fyrir hendi um, að neinir hafi gert athugasemdir við sölur þessar, sem bæði var þinglýst og vitanlega öllum héraðsbúum a. m. k. og líklega öllum landsmönnum kunnar.

k. Á árinu 1935 gerðu hreppsnefndir Landmannahrepps og Rangárvallahrepps með sér samning um skiptingu arðs af hrafntinnutöku á mörkum Landmanna- og Rangárvallaafrétta. Hreppsnefnd Holtahrepps vildi fá hluta af arði þessum sem sameigandi að Landmannaafrétti, en ekki eru upplýsingar um, að aðrir hafi hreyft mótmælum gegn samningi Landmanna og Rangvellinga.

l. Auk framangreindra gagna eru í málinu ýmis gögn um afstöðu Landmanna sérstaklega til Landmannaafréttar eftir gerð landamerkjaskrárinnar frá 1886 og skiptingu Holtamannahrepps, en þau gögn verða rakin sérstaklega hér á eftir í sambandi við athugun á sérstökum rétti Landmannahrepps til Landmannaafréttar umfram Holtahrepp og Næfurholtsbændur.

4. Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, þykir ekki varhugavert að slá því föstu, að landssvæði það, sem nú telst vera Landmannaafréttur samkvæmt sáttagerð 7. ágúst 1951, sé fyrir töku í upphafi, aldalöng not og ýmis konar hagnýtingu, meðferð og beitingu réttar sem eigandi, háð eignarrétti Landmannahrepps.

Kemur þá til álita, hvort hann sé einkaeigandi.

V. Einkaréttarkrafa stefnanda í máli þessu er byggð á því aðallega, að hann eigi beinan eignarrétt að Landmannaafrétti. Áður hefur því verið slegið föstu, að Landmannaafréttur sé einstaklingsrétti undirorpinn og að Landmannahreppur sé þar eigandi, en svara verður þeirri spurningu, hvort Landmannahreppur sé þar einn eigandi, eða hvort varnaraðiljar máls þessa, Holtahreppur og/eða eigendur og ábúendur jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi, eigi slíkan rétt, beinan eða óbeinan eignarrétt, til afréttarins, að ósamrýmanlegt sé einkaveiðiréttarkröfu stefnanda. Verða nú rakin helztu atriði, er upplýsingar þykja veita um þetta:

1. Nöfn afréttanna þykja benda til þess, að einhvern tíma að minnsta kosti hafi hvor hreppur um sig átt sinn sérstaka afrétt.

2. Dómurinn frá 1476 um Þjórsártungur slær því föstu, að Þjórsártungur eigi Holtamenn og Landmenn, en ekki verður talið, að dómurinn skeri úr því, hvort landssvæði þetta sé skipt eða óskipt sameign hreppanna.

3. Sóknarlýsingar á dskj. 90 og 125 benda til þess, að þegar þær voru gerðar um 1840, hafi álit manna í báðum hreppum verið það, að hrepparnir ættu báða afréttina sameiginlega og óskipt.

4. Af banninu frá 1829 og kærunni frá 1858 má ráða, að þá hafi íbúar Holta- og Landmannahreppa álitið, að þeir væru eigendur afrétta þeirra, sem við sveitirnar eru kenndir, en ekki verður af þeim skjölum ráðið, hvort þeir hafi talið afréttina skipta eða óskipta sameign hreppanna.

5. Með lögfestunni frá 1856 (á dskj. 151) banna hreppstjórar Holtamanna- og Landmannahreppa öllum not afréttar þeirra, öðrum en sjálfum þeim „og þeim á Rangárvöllum, sem að fornum samningi hafa haft með oss upprekstur á afrétt okkar". Af skjali þessu er ekki ljóst, hvort þeir álíti afréttinn skipta eða óskipta sameign hreppanna, þótt heldur verði talið, að þeir líti á hann sem óskipta sameign. Af skjalinu þykir og mega ráða, að bændur þeir á Rangárvöllum, sem afréttinn hafa notað til upprekstrar, hafi fengið þann rétt með samningi við eigendur afréttarins.

6. Gögn þau, sem hér eru talin, og önnur gögn málsins, þykja ekki skera úr um, hvort Landmanna- og Holtamannaafréttir hafi verið taldir skipt eða óskipt sameign Holtamanna og Landmanna fram til þess tíma, er landamerkjaskrá var gerð fyrir Landmannaafrétt árið 1886. Telja verður þó, að sum skjölin veiti frekar lík-

ur til, að um óskipta afrétti hafi verið að ræða, á tímabili að minnsta kosti.

Í skjali, sem lagt hefur verið fram í máli þessu (dskj. 133) og virðist vera afrit af bréfi Eyjólfs Guðmundssonar, oddvita Landmannahrepps, til sýslunefndar Rangárvallasýslu, og ekki hefur verið vefengt, að sé ritað af honum, en skjal þetta er úr bréfasafni hans, kemur fram sú skoðun, að Holtamannaafréttur og Landmannaafréttur hafi aldrei verið sameign sveitanna, heldur hafi hvor sveit átt sinn afrétt. Holtamenn hafi leyft Landmönnum stóðbeit á Þóristungum á Holtamannaafrétti, og Landmenn leyft bændum í Holtamannahreppi fjárbeit á Landmannaafrétti. Af þessu hafi Landmenn þurft að nota báta þá, sem Holtamenn fluttu fé sitt á yfir Tungnaá, er þeir smöluðu hrossum á Þóristungum, en aftur á móti gert þeim Holtamönnum, er á Landmannaafrétt ráku, fjallskil á hann. Skjal þetta er sjáanlega ritað eftir 1882 og örugglega fyrir 1892, en líklega fyrir 1886. Fundargerð sameiginlegs fundar hreppsnefnda Holtamannahrepps og Landmannahrepps, 26. nóv. 1879, sem að vísu er óundirskrifuð og því vafasamt, hvort bókaðar ályktanir hafi verið samþykktar, ber með sér, að Þóristungur hafa verið yrktar sameiginlega af báðum hreppum. Jafnframt er bókuð ákvörðun um, að hluti af Holtamannahreppi skuli reka á Landmannaafrétt, en eins og áður getur, er óvíst, að þessi bókun hafi verið samþykkt, þar sem fundargerðin er óundirskrifuð. Telja verður þó, að fundargerð þessi og bréf Eyjólfs oddvita á dskj. 133 bendi til, að um nytjaskipti hafi verið að ræða á hrossabeit á Þóristungum og fjárbeit á Landmannaafrétti. Gæti þessi skoðun um nytjaskipti, ef rétt væri, gefið skýringu á því, að menn í báðum hreppum hafi um miðbik nítjándu aldar talið afréttina sameign, enda þótt aðeins væri um umsamin nytjaskipti á afréttum að ræða. Grundvöll fyrir þessum nytjaskiptum telur Eyjólfur niðurfallinn eftir 1881, er Landmenn hafi hætt að reka stóð í Þóristungur.

7. Árið 1886 eru landamerki Landmannaafréttar, eins og áður er frá greint, ákveðin með landamerkjaskrá. Þau landamerki eru í aðalatriðum hin sömu og samkvæmt sættinni frá 7. ágúst 1951, að öðru en því, að annar merkipunktur, sem austurlína afréttarins var miðuð við 1886, var glataður, og var í sáttagerðinni ákveðin ný austurtakmarkalína. Þau mörk snertu ekki afrétti neinna annarra hreppa. Landamerkjaskránni frá 1886 var þinglýst 1890 athugasemdalaust, og höfðu þá hreppsnefndir Holtamannahrepps og Rangárvallahrepps samþykkt hana. Ekki er ljóst, hvort hreppsnefndir Holtamannahrepps og Rangárvallahrepps undirrita landamerkjaskrána sem eigendur afrétta þeirra, sem næstir liggja, eða sem sameigendur að Landmannaafrétti. Telja verður þó líklegra, að eigendur og ábúendur Næfurholts hefðu sjálfir undirritað landamerkjaskrána, ef hún hefði verið undirrituð af öðrum en Landmönnum, vegna réttar þeirra til Landmannaafréttar, eða a. m. k. verður að

telja, að hreppsnefnd Rangárvallahrepps hefði getið þess við undirskrift, að undirskrifað væri vegna jarðarinnar Næfurholts, ef svo hefði verið. Það þykir og styrkja þá skoðun, að hreppsnefndir Holtamannahrepps og Rangárvallahrepps hafi undirritað landamerkjaskrána sem eigendur nágrannalanda, en ekki sem sameigendur, að í landamerkjaskrá þessari eru aðeins ákveðin takmörk Landmannaafréttar, en ekki alls afréttarlands Holtamanna og Landmanna, sem stundum áður var talin óskipt sameign hreppanna, enda hefur landamerkjaskrá fyrir Holtamannaafrétt ekki verið lögð fram í máli þessu, og er ekki kunnugt um, að hún sé til.

Verður ekki heldur séð, hver gæti hafa verið tilgangur Holtamanna og Landmanna að ákveða nákvæmlega takmörk Landmannaafréttar, einnig gagnvart Holtamannaafrétti, ef báðir afréttir ættu að vera óskipt sameign hreppanna.

Landamerkjaskráin frá 1886 er gerð alveg um sama leyti og hreppsnefnd Landmannahrepps virðist halda því fram við sýslunefnd (dskj. 133), að Holtamanna- og Landmannaafréttir hafi aldrei verið óskipt sameign hreppanna. Verður að telja mjög sennilegt, að Landmenn hafi einmitt viljað fá þá skoðun staðfesta með landamerkjaskránni og Holtamenn á það fallizt.

Verður því að telja mestar líkur til þess, að með landamerkjaskránni frá 1886 hafi Landmenn raunverulega annaðhvort verið að fá viðurkennt, að þeir ættu sinn ákveðna hluta af afréttarlandi sveitanna, eða að um skiptingu sameignar hafi verið að ræða.

Auk þess, er að framan greinir, er afstaða hreppanna til Landmannaafréttar eftir 1886 slík, að hún þykir styrkja þessa skoðun, svo sem nú mun rakið.

8. Í maí 1892 ritar hreppsnefnd Landmannahrepps hreppsnefnd Holtamannahrepps (afrit á dskj. 134) vegna fyrirhugaðrar skiptingar Holtamannahrepps. Skýrir hreppsnefnd Landmannahrepps frá því, að hún vilji ekki eiga viðskipti, hvað afréttarland snertir, við 2 hreppa eða hluta úr tveimur hreppum, og telur, að þessi neitun komi ekki í bága við *samning* þeirra við núverandi (þáverandi) Holtamannahrepp. Er skorað á hreppsnefnd Holtamannahrepps að gera nýjan samning um upprekstur á Landmannaafrétt, ef hún vilji framvegis eiga nokkur skipti við Landmannahrepp. Á sameiginlegum fundi hreppsnefnda Landmanna-, Holta- og Ásahreppa, í nóvember 1892, en þá hafði Holtamannahreppi verið skipt í Holtahrepp og Ásahrepp, er svo ákveðið, að Holtahreppsmenn skuli eiga upprekstur á Landmannaafrétt, en Ásahreppsmenn á Holtamannaafrétt.

9. Samkvæmt skýrslum og vottorðum verður að telja upplýst, að Landmenn hafi stundað veiðar í Fiskivötnum á Landmannaafrétti síðan alllöngu fyrir síðustu aldamót og líklega miklu lengur. Einnig verður að telja upplýst, að veiði hafi verið stunduð í Fiskivötnum frá 2 bæjum í Holtum a. m. k. um ca 10 ára skeið fyrir síðustu alda-

mót, síðast árið 1891. Ekki eru upplýsingar um, hvort Holtamenn hafi þá talið sig eiga veiðirétt í Fiskivötnum eða hvort þeir 2 bændur úr Holtamannahreppi, sem þangað fóru eða sendu til veiða, hafi farið í skjóli Landmanna. Hafi Holtamenn talið sig eiga veiðirétt í vötnunum vegna sameiginlegs eignarréttar að afréttinum, verður sú staðreynd, að þeir hættu veiðiferðum strax eftir þinglýsingu landamerkjaskrárinnar, talin benda til þess, að eftir þann tíma hafi þeir ekki talið sig eiga rétt til Landmannaafréttar annan en upprekstrarrétt. Þessa skoðun styrkir það, að upplýst er, að Holtamenn hafa smalað veiðivatnasvæðið síðan með Landmönnum, en ekki veitt í þeim ferðum, þótt Landmenn hafi gert það oftast nær. Upplýst er þó, að veiðifengur úr Veiðivötnum hefur þótt mjög gott búsílag.

10. Á síðari árum hefur hreppsnefnd Landmannahrepps selt nokkrum utansveitarmönnum veiðileyfi í Fiskivötnum og fært tekjur af þessu í reikninga hreppsins, sem samþykktir hafa verið athugasemdalaust að þessu leyti í sýslunefnd, þar á meðal af sýslunefndarmönnum Holtahrepps og Rangárvallahrepps. Engin gögn hafa komið fram um, að þeir hreppar hafi gert neina kröfu um hluta af tekjum þeim, sem Landmannahreppur hefur haft af sölu veiðileyfa.

11. Í sameiginlegri fundargerð hreppsnefnda Holta-, Ása- og Landmannahreppa frá 8. maí 1911, sem undirrituð er af fundarstjóra, sem var úr Holtahreppi, og fundarritara, sem var úr Ásahreppi (dskj. 145), er m. a. bókað: „Lýsti oddviti Landmannahrepps því að gefnu tilefni, að hann teldi Landmannaafrétt eign Landmannahrepps og lagði fram skjöl sem sönnunargögn, er að svo vöxnu máli eigi varð móti mælt". Þá kemur fram, að oddviti Holtahrepps hafi lýst yfir því, að hreppsnefnd Holtahrepps væri orðin svo óánægð með samkomulag hreppanna þriggja frá 1892 um afréttarmálið, að hún gæti ekki við unað.

Á fundi búenda í Landmannahreppi 30. júní 1913 var samþykkt að banna Holtamönnum upprekstur á Landmannaafrétt, þar sem hann væri orðinn svo spilltur af eldgosum, að tæplega nægði fyrir fé eigenda afréttarins, Landmanna. Með bréfi, dags. 30. júní 1913, tilkynnti hreppsnefnd Landmannahrepps hreppsnefndinni í Holtahreppi bann þetta, en kveðst gera þá tilslökun að leyfa níu ákveðnum bæjum úr Holtum upprekstur á afréttinn. Er í bréfinu tekið fram, að bannið sé af óumflýjanlegri nauðsyn. Á fundi hreppsnefndar Landmannahrepps 6. nóv. s. á. var samþykkt að ítreka bann þetta. Með bréfi, dags. 18. nóv. 1913, tilkynnir hreppsnefnd Landmannahrepps hreppsnefndinni í Holtahreppi ítrekun bannsins. Er kvartað yfir því, að hreppsnefnd Holtahrepps hafi vanrækt að gera sveitarmönnum bannið kunnugt, þar sem nokkrir Holtamenn hafi rekið á afréttinn þrátt fyrir bannið. Kemur fram í bréfinu, að hreppsnefndaroddviti Holtahrepps hafi sagt upprekstrarsamningi frá 1892 upp á sameiginlegum fundi hreppsnefnda Ása-, Holta- og Landmannahreppa 8. maí 1911, enda hafi hreppsnefnd Holtahrepps

hagað sér eftir því með því að greiða ekki kostnað við dýraleit á afréttinum síðan 1911. Er síðan skorað á hreppsnefnd Holtahrepps að skýra tafarlaust frá því, hvort hún hafi nokkuð við bannið að athuga, og sé svo, þá hvað. Enn fremur, hvort hún vilji reyna nýja samninga eða sáttatilraun varðandi afréttarmálið (dskj. 138).

Með bréfi, dags. 31. nóvember 1913, til oddvita Landmannahrepps afsakar oddviti Holtahrepps, að hann skuli ekki hafa greitt refaveiðagjald Holtahrepps og sendir það með bréfinu (dskj. 139), og með bréfi, dags. 12. janúar 1914, til hreppsnefndarinnar í Landmannahreppi (dskj. 140) svarar oddviti Holtahrepps í umboði hreppsnefndarinnar bréfum hreppsnefndar Landmannahrepps frá 30. júní og 18. nóvember 1913. Í bréfi þessu kemur fram, að ekki beri að skoða þögn hreppsnefndar Holtahrepps við banninu frá 30. júní 1913 sem samþykki Holtahrepps á því, heldur hafi hreppsnefndin „hvorki getað né gjört" að taka slíkt bann til greina, eins og það lá fyrir, og vildi helzt láta það liggja á milli hluta, aðallega sökum þess, hve seint það kom, hversu einhliða það var og vegna hlutsemi Landhreppsnefndar að tiltaka, hverjir úr Holtahreppi skyldu nota afréttinn og hverjir ekki. Þá er því mótmælt, að oddviti Holtahrepps hafi á fundi 8. maí 1911 sagt upp upprekstrarsamningnum frá 1892, heldur hafi honum þá farizt þannig orð, að næst geði sínu og líklega réttast væri að segja upp samningnum frá 1892, en hafi samt kveðizt ekki gera það. Jafnframt er tekið fram, að öll gjöld Holtahrepps fyrir refaveiðar séu greidd, en játað, að dráttur hafi stundum orðið á því. Síðan segir í bréfinu: „Af öllu þessu framanrituðu sér ekki hreppsnefnd Holtahrepps, að hún hafi í nokkru tilliti rofið eða brotið samninginn frá '92, og leyfir því framvegis sem að undanförnu hreppsbúum að nota upprekstrarrétt hreppsins (samkvæmt samningum) á svonefndum Landmannaafrétti, en ekki vill hún ofþyngja afréttinn, er geti valdið báðum þessum oftnefndu hreppum tjóni . . .". Bréfi þessu svarar oddviti Landmannahrepps með bréfi, dags. 20. janúar 1914, og heldur hann þar fram því sama og í fyrri bréfum (dskj. 141). Í fundargerð sameiginlegs fundar hreppsnefnda Holta- og Landmannahreppa 18. maí 1914, sem undirrituð er af báðum hreppsnefndum (dskj. 124), kemur fram, að hreppsnefndirnar hafa á þeim fundi deilt um, hvort hreppsnefnd Holtahrepps hafi á fundi 8. maí 1911 sagt upp upprekstrarsamningnum frá 1892. Hafi hreppsnefnd Holtahrepps haldið því fram, að samningi þessum hafi ekki verið sagt upp og að hann gilti, þar til Holtamenn fengju viðurkenndan eignar- og upprekstrarrétt sinn að Holtamannaafrétti. Kom hreppsnefndunum saman um, að Landmannaafréttur þyldi ekki vegna skemmda fulla fjártölu, og nauðsyn bæri til, að Holtamenn héldu tafarlaust áfram máli sínu gegn Ásahreppi um eignar- og upprekstrarrétt að Holtamannaafrétti, en því máli hafði þá nýlega verið vísað frá dómi vegna gallaðs málatilbúnaðar, og var sú niðurstaða síðar staðfest af Landsyfirrétti.

Af því, sem nú hefur verið rakið, verður að telja ljóst, að upprekstrarréttur Holtamanna á Landmannaafrétt byggist a. m. k. síðan 1892 á samningi milli þeirra og Landmanna. Veita framangreind viðskipti Holtamanna og Landmanna eindregnar líkur til þess, að Holtamenn hafi ekki talið sig eiga beinan eignarrétt að Landmannaafrétti 1892 eða síðan, því að þá hefðu þeir ekki þurft að gera samning við Landmenn um upprekstur á Landmannaafrétt né heldur halda áframhaldandi gildi þess samnings til streitu, er Landmenn héldu því fram, að þeir hefðu sagt honum upp.

12. Eins og áður er getið, seldu Ásahreppur, Landmannahreppur og Holtahreppur Einari Benediktssyni og hlutafélaginu Titan vatnsaflsréttindi og fleiri réttindi á Holtamannaafrétti og Landmannaafrétti á árunum 1914—1919.

a) Samkvæmt samningum þeim, sem Ásahreppur gerði við Einar Benediktsson og h.f. Titan um sölu á vatnsréttindum á Holtamannaafrétti og lagðir hafa verið fram í máli þessu, selur Ásahreppur aðiljum þessum vatnsréttindi sín á Holtamannaafrétti fyrir kr. 16.000.00. Samkvæmt samningum þeim, er Landmannahreppur gerði við sömu aðilja, seldi hann vatnsréttindi á Landmannaafrétti fyrir kr. 30.800.00 samtals, að því er virðist, en í þessum upphæðum voru þó innifaldar einhverjar greiðslur fyrir vatnsréttindi í landi hreppsins utan afréttar, sem ekki er sundurgreint, en sjáanlegt er þó, að það er aðeins mjög óverulegur hluti af öllum þeim vatnsréttindum, sem Landmannahreppur seldi. Samkvæmt samningum Holtahrepps við sömu aðilja selur hann í einu lagi öll þau réttindi, sem Holtahreppur á eða hefur heimild til á Holtamanna- og Landmannaafréttum fyrir kr. 2000.00. Einar Benediktsson og h.f. Titan kaupa sem sé öll vatnsafls- og vatnsnotkunarréttindi til orkuframleiðslu á Holtamanna- og Landmannaafréttum fyrir, að því er virðist, kr. 48.800.00. Þar af er hlutur Holtahrepps kr. 2000.00, og telst hann þó í samningunum selja rétt sinn á báðum afréttunum. Ekki verður mismunur þessi talinn geta stafað af því, að hlutdeild Holtahrepps í Landmannaafrétti hefði átt að vera minni en Landmanna, ef þeir hefðu átt óskiptan beinan eignarrétt að Landmannaafrétti. Fólksfjöldi og býlafjöldi var miklu meiri í Holtahreppi en Landmannahreppi, er sölur þessar fóru fram, og hafði svo verið lengi. Þykir þetta eindregið benda til þess, að Holtamenn hafi ekki talið sig eiga jafnríkan rétt til Landmannaafréttar og Landmenn, og að minnsta kosti er ljóst, að Holtamenn virða rétt sinn til vatnsafls á Landmannaafrétti mjög lítils, svo lítils, að fráleitt má telja, að þeir hafi talið sig eiga beinan eignarrétt að afréttinum til jafns við Landmenn og því síður að tiltölu.

b) Öllum samningum framangreindra 3 hreppa við Einar Benediktsson og h.f. Titan hefur verið þinglýst athugasemdalaust. Engum mótmælum hefur verið hreyft af neinum aðiljum, og

engar kröfur hafa komið fram á hendur Landmannahreppi til greiðslu á hlutdeild annarra í verði því, sem kom fyrir réttindi þau, sem hreppurinn seldi. Kemur þó fram í hinum þinglýstu skjölum, að Landmannahreppur afsalar öllum vatnsaflsréttindum á Landmannaafrétti, sem Landmannahreppur eigi samkvæmt landamerkjaskrá, þar með talin Veiðivötn, sem í afsalinu eru talin eign Landmannahrepps. Hefði bæði Holtahreppi og eigendum Næfurholts eða Rangárvallahreppi verið í lófa lagið að láta þinglýsa mótmælum gegn sölum þessum og eins höfða mál til riftingar gerningum þessum eða til greiðslu síns hluta af andvirði hins selda, ef þeir hefðu talið sér einhvern rétt til hinna seldu réttinda.

Framangreindir samningar hreppanna þriggja um sölur vatnsaflsréttinda þykja benda mjög eindregið til, að Landmenn hafi talið sig eina eiga beinan eignarrétt að Landmannafrétti, og að varnaraðiljar máls þessa, Holtahreppur og Rangárvallahreppur eða eigendur Næfurholts, hafi með þögn og aðgerðaleysi fallizt á það, og þykir framangreind sala Holtahrepps í desember 1916 á vatnsaflsréttindum og ýmsum öðrum réttindum fyrir löndum hreppsins eða afréttum ekki draga úr þeim líkum.

13. Telja verður upplýst, að nokkrir Holtamenn hafi veitt eða reynt að veiða í Kirkjufellsvatni, Kýlingavatni og Frostastaðavatni 1939, 1940 og 1941, en vötn þessi eru öll sunnan Tungnaár og teljast ekki til Fiskivatna, og í Snjóölduvatni 1946. Ekki verður talið upplýst, að Landmenn hafi staðið þá að verki eða vitað jafnóðum um veiðiferðirnar 1939—1941, en hins vegar mótmæltu þeir veiðinni í Snjóölduvatni 1946, og upp úr því hófust málaferli um veiðirétt í vötnunum. Verður því ekki talið, að Landmenn hafi með afskiptaleysi samþykkt greinda veiði Holtamanna. Veiði Holtamanna 1949—1952 verður ekki talin skipta máli, þar sem hún á sér stað, meðan á rekstri mála þessara stendur.

14. Um kröfu Holtamanna til hluta af arði af hrafntinnutöku á mörkum Landmannaafréttar og Rangárvallafréttar árið 1935 eru ekki önnur gögn í þessu máli en að á dskj. 124 kemur fram, af fundargerðum hreppsnefndar Landmannahrepps, að hreppsnefnd Holtahrepps hefur gert kröfu til arðs af þessu, en hreppsnefnd Landmannahrepps gerir samþykkt um málið, þar sem því er haldið fram, að ágreiningur hafi ekki verið um það, að Landmannaafréttur sé óskert eign Landmanna með grasi, grjóti og öðrum verðmætum innan þeirra landamerkja, sem þinglesin hafi verið 1890 án nokkurra mótmæla eða athugasemda og er vitnað í fundargerð sameiginlegs hreppsnefndafundar, þar sem Holtamenn hafi beint og óbeint viðurkennt þetta. Oddvita Landmannahrepps var falið að koma samþykkt þessari til vitundar hreppsnefndar Holtahrepps. Ekki eru frekari gögn um deilur þessar milli hreppanna, og eru því ekki upplýsingar um, hvort hreppsnefnd Holtahrepps hafi fallizt á rök Landmanna

eða að málið hafi fallið niður af öðrum ástæðum, t. d. af því, að hrafntinnutekjan hafi hætt, en samkvæmt framburði Jóns Þorsteinssonar í Holtsmúla, sem var í hreppsnefnd Landmannahrepps þá, féll hrafntinnutekjan fljótlega niður, og ágóða telur hann lítinn sem engan hafa orðið, þar sem tekjur hafi gengið upp í kostnað. Deilan um hrafntinnuna verður því ekki talin veita neinar upplýsingar til eða frá um eignarrétt að Landmannaafrétti.

15. Af gögnum þeim, sem rakin hafa verið hér að framan um afstöðu Landmannahrepps og Holtahrepps til Landmannaafréttar, verður að telja upplýst, að hvað sem líði skiptingu eignarréttar hreppanna að afréttarlöndum þeirra fram til gerðar landamerkjaskrárinnar fyrir Landmannaafrétt, sem þinglýst var 1890, þá hafi með henni annað hvort verið staðfest fyrra ástand um skiptan eignarrétt að afréttarlöndum Holtahrepps og Landmannahrepps eða að um skiptingu sameignar hafi verið að ræða, ef afréttarlönd hreppanna hafi verið óskipt áður, og að Holtahreppur hafi síðan ekki átt annan rétt til Landmannaafréttar en upprekstrarrétt samkvæmt samningi. Þótt landamerkjaskráin sjálf út af fyrir sig yrði ekki talin veita óyggjandi sönnun þess, þá þykja þau gögn, sem fram hafa komið um afstöðu hreppanna til afréttarins síðan og að framan hafa verið rakin, taka af þann vafa, sem annars kynni að hafa verið um þetta atriði.

16. Það er ágreiningslaust í málinu, að eigendur og ábúendur jarðarinnar Næfurholts (og síðan nýbýlisins Hóla) í Rangárvallahreppi hafi upprekstrarrétt á Landmannaafrétt. Samkvæmt bréfi sýslumanns Rangárvallasýslu, dags. 1. júní 1945, til ábúandans á Hólum, kemur fram, að jörðin Næfurholt hafi um aldir verið í fjallskilafélagi með Landmönnum. Guðmundur Árnason, þáverandi hreppstjóri Landmannahrepps, telur við yfirheyrslu í bæjarþingi Reykjavíkur 15. júní 1949 (dskj. 22), að Næfurholt hafi verið í fjallskilafélagi með Landmönnum síðan um 1700. Við sömu yfirheyrslu segir hann, að bóndanum í Næfurholti hafi verið látið haldast uppi að vera í veiðifélagi þeirra Landmanna.

Upplýst er, að veiði hefur eitthvað verið stunduð frá Næfurholti og Hólum eftir árið 1936. Engar upplýsingar eru um veiðar á Landmannaafrétti fyrr frá Næfurholti, en Næfurholtsbændur eru, eins og fyrr segir, taldir hafa beitt fé sínu á Landmannaafrétt a. m. k. um 250 ára skeið. Því er haldið fram í máli þessu, að veiðar þeirra Næfurholtsbænda eftir 1936 séu stundaðar samkvæmt sérstöku leyfi frá oddvita Landmannahrepps. Talsmaður Rangárvallahrepps hefur við munnlegan flutning málsins, hinn 8. apríl s.l., viðurkennt, að leyfis hafi verið leitað, en hefur eftir Haraldi bónda í Hólum, sem þá var í Næfurholti, að oddviti Landmannahrepps hafi þá talið Næfurholtsmenn eiga sama rétt til veiði og Landmenn. Veiðileyfisbeiðni Næfurholtsmanna eftir 250 ára notkun afréttarins til fjárbeitar þykir benda til, að þeir hafi ekki talið sig eiga annan rétt til

afréttarlandsins en beitarrétt, eða a. m. k. ekki veiðirétt, og ekki er sönnuð staðhæfing talsmanns Rangárvallahrepps eftir Haraldi bónda í Hólum um, að oddviti Landmannahrepps, sem nú er látinn, hafi lýst yfir því, að Næfurholtsmenn ættu sama rétt til veiði og Landmenn. Ekki verður því talið, að veiðar Næfurholtsmanna eftir 1936, sem framkvæmdar eru, eftir að leyfis hafði verið leitað hjá Landmönnum, einar út af fyrir sig sanni neinn frekari rétt þeirra til Landmannaafréttar en þann, sem óumdeildur er, upprekstrar- og beitarréttinn. Ekki eru neinar upplýsingar fyrirliggjandi um önnur not Næfurholtsmanna af Landmannaafrétti eða hlutdeild með Landmönnum í tekjum af honum en fjárbeit og veiðar þær eftir 1936, sem að framan greinir.

Þykir því bresta sannanir fyrir, að eigendur og ábúendur Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi eigi annan rétt til Landmannaafréttar en þann, sem óumdeildur er, sem sé beitarrétt.

Við munnlegan málflutning hélt talsmaður Rangárvallahrepps því fram, að jafnvel þótt ekki yrði talið sannað, að eigendur og ábúendur Næfurholts og Hóla ættu sama rétt til Landmannaafréttar og Landmenn, þá uppfylltu þeir þó undir öllum kringumstæðum það skilyrði 1. töluliðs 5. gr. laga nr. 112 frá 1941 um lax- og silungsveiði að „nota með löglegri heimild", og eigi þeir því samkvæmt því ákvæði veiðirétt í vötnum á Landmannaafrétti, þar sem óumdeilt væri, að þeir hefðu með löglegri heimild notað afréttinn um langan aldur til fjárbeitar. Á þessa skoðun verður ekki fallizt. Skilja verður greinina í heild með hliðsjón af almennum reglum eignarréttarins, enda þykir orðalag hennar ekki veita tilefni til misskilnings að þessu leyti. Veiðiréttur í ám og vötnum á afréttum og almenningum, sem hérað á (beinan eignarrétt að), er öllum héraðsmönnum jafnheimill. Í þessu telst aðeins felast ráðstöfun löggjafans á vissum hluta eignarréttar sveita- eða sýslufélaga að afréttum og almenningum til handa öllum íbúum þess samfélags. Sé hins vegar ekki sannaður beinn eignarréttur aðilja að afrétti eða almenningi, getur lögleg afnotaheimild nægt til að héraðsmenn eigi veiðirétt, ef ekki er sannaður beinn eignarréttur neins annars aðilja að landareigninni. Gengur hér auðvitað hinn beini eignarréttur fyrir takmörkuðum eignarrétti. Eini afnotarétturinn, sem talinn verður takmarka hinn beina eignarrétt landeiganda, hvað veiðirétt snertir, er, ef annar aðili hefði með samningi eða á annan hátt öðlazt veiðiítak. Fyrir því, að svo sé hér, eru ekki sannanir, eins og áður er greint.

VI. Stefnandi málsins er hreppsnefnd Landmannahrepps fyrir hönd hreppsins. Ekki hefur verið vefengt, að hún sé réttur aðili málsins, að því leyti sem stefnukröfur eru rökstuddar með beinum eignarrétti að Landmannaafrétti, enda verður að telja stjórn sveitarfélags lögháefan aðilja til að gæta réttinda, sem öllum íbúum sveitarfélagsins eru veitt sameiginlega að lögum.

Með vísun til þess, sem að framan er rakið, verður að telja, að

stefnandi, Landmannahreppur, hafi fært að því nægar sönnur, að Landmannaafréttur sé háður eignarrétti hreppsins, en sé ekki almenningur. Sömuleiðis þykja næg gögn fyrir hendi um það, að með landamerkjaskránni frá 1886 hafi annað hvort farið fram bein eignaskipting á afréttinum milli Landmanna og Holtamanna, eða að með henni hafi verið staðfest skipting, sem áður hafi verið á komin. Skiptir hér ekki máli, hvort heldur var. Og þar sem hvorki er að áliti dómsins sannað, að Holtahreppur né jarðirnar Næfurholt og Hólar í Rangárvallahreppi hafi frá þeim tíma átt að öðlazt annan eða víðtækari rétt til nefnds afréttar en beitar- og upprekstrarrétt, og með skírskotun til 1. töluliðs 5. greinar laga nr. 112 frá 1941 um lax- og silungsveiði, ber að taka til greina þá dómkröfu stefnanda, að hann einn eigi rétt til veiði í öllum vötnum og vatnsföllum á Landmannafrétti, innan þeirra marka, sem ákveðin eru með framangreindri sátt 7. ágúst 1951.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, en málflutningslaun talsmanns stefnanda, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 8000.00, talsmanna Holtahrepps, Sveinbjörns Jónssonar hrl., og Kristins Gunnarssonar hdl., kr. 2500.00 til hvors, og talsmanns Rangárvallahrepps, Ragnars Ólafssonar hrl., kr. 4000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómurinn er kveðinn upp af Sigurgeiri Jónssyni, dómara samkvæmt sérstakri umboðsskrá, ásamt meðdómendunum dr. Þorkeli Jóhannessyni prófessor og Hákoni Guðmundssyni hæstaréttarritara.

Vegna þess, hve mál þetta er umfangsmikið og dómendur gegna allir öðrum störfum, vannst ekki tími til að kveða upp dóminn innan lögákveðins frests.

Dómsorð:

Einkaréttur stefnanda, Landmannahrepps, til veiði í öllum vötnum og vatnsföllum á Landmannaafrétti innan þeirra takmarka, sem ákveðin voru með dómssátt 7. ágúst 1951, viðurkennist.

Málskostnaður fellur niður, en málflutningslaun talsmanns stefnanda, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 8000.00, talsmanna Holtahrepps, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns og Kristins Gunnarssonar héraðsdómslögmanns, kr. 2500.00 til hvors, og talsmanns Rangárvallahrepps, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 4. marz 1955.

Nr. 5/1954. **Halldór Kristinn Halldórsson** (Sjálfur)
gegn
Óskari Anton Sveinssyni (Áki Jakobsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ágreiningur um efni kaupsamnings um fasteign.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. febrúar 1954, krefst þess, að honum verði dæmd sýkna og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Sumarið 1949 seldi stefndi áfrýjanda hálfa húseignina nr. 12 við Drápuhlíð í Reykjavík. Húseign þessi var þá í smíðum, komin undir þak, og pappi lagður á þakið. Skriflegur samningur um kaupin var eigi gerður, en áfrýjandi fékk framseld réttindi til að reisa hús á lóðinni, þar sem húsið stendur. Stefndi seldi áfrýjanda einnig miðstöðvarketil, sem kominn var í húsið, en hafði eigi verið tengdur, og svo þakskífu, er stefndi hafði pantað, og tókst stefndi á hendur að setja skífuna á þakið. Aðiljar segja, að kaupverð hússins hafi verið kr. 140.000.00.

Í máli þessu krefur stefndi áfrýjanda um andvirði miðstöðvarketilsins og þakskífunnar og svo um þóknun fyrir lögn á þakskífunni. Áfrýjandi fullyrðir, að greiðslur fyrir muni þessa og verk hafi verið innifaldar í hinu umsamda húsverði, enda um þetta samið í sambandi við húskaupin, en þessu neitar stefndi. Ljóst er, að náin tengsl hafa verið milli samninga um sölu hússins annars vegar og samninga um sölu miðstöðvarketilsins, þakskífunnar og lagningar hennar hins vegar. Stefndi hefur eigi leitt sönnur að því, að sérstaklega hafi verið samið um andvirði á hlutum þessum og vinnu við þakskífuna. Hann gerði eigi áskilnað um greiðslu fyrir þessi

verðmæti, er hann átti í málaferlum við áfrýjanda vegna eftirstöðva á kaupverði hússins, og loks lét hann, að því er séð verður, líða yfir tvö ár, frá því að kaup aðilja gerðust og þangað til hann tók að krefja áfrýjanda um greiðslu þá, er hann sækir í máli þessu. Að svo vöxnu máli verður eigi talið, að efni séu til að taka kröfu stefnda í málinu til greina, og ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum hans, en eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Halldór Kristinn Halldórsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Óskars Antons Sveinssonar, í máli þessu.

Hvor aðilja ber sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. nóvember 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hefur Óskar Sveinsson húsateiknari, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan, með stefnu útgefinni 19. febrúar 1952 gegn Halldóri Halldórssyni arkitekt, Drápuhlíð 12, hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 11.236.06 með 6% ársvöxtum frá birtingardegi sáttakæru 15. febrúar 1952 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Í hinum munnlega flutningi breytti stefnandi kröfum sínum og krafðist þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða kr. 7835.05 með 6% ársvöxtum frá 15. febrúar 1952 til greiðsludags og að málskostnaður félli niður.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda. *Til vara* hefur hann krafizt þess, að úrslit máls þessa verði látin velta á eiði hans. *Til þrautavara* hefur hann krafizt lækkunar á kröfum stefnanda. Í öllum tilvikum hefur stefndi krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að um sumarið 1949 keypti stefndi af stefnanda hálfa húseignina nr. 12 við Drápuhlíð, en hús þetta var þá fokhelt. Talið er, að umsamið kaupverð hafi verið kr. 140.000.00. Enginn skriflegur kaupsamningur var gerður.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að er hann seldi stefnda húshlutann, hafi þak hússins aðeins verið lagt með pappa. Hann hafi hins

vegar verið búinn að panta þakskífu á húsið. Hafi svo umsamizt með þeim aðiljunum, að hann seldi stefnda þakskífuna og sæi um, að hún yrði lögð á þakið. Þetta hafi hann gert, og hafi þakskífan verið lögð á þakið í desembermánuði 1949. Verð þakskífunnar á húsið og kostnaður við að leggja hana á hafi numið alls kr. 11.870.11, og beri stefnda að greiða helming þess fjár, eða kr. 5935.05.

Þá kveðst stefnandi hafa selt stefnda miðstöðvarketil fyrir kolakyndingu. Verð ketils þessa hafi átt að vera kr. 1900.00. Fé þetta hafi stefndi ekki fengizt til að greiða, og sé hann því um það krafinn í máli þessu.

Stefndi hefur hins vegar skýrt svo frá, að við húskaupin hafi verið svo um samið, að stefnandi legði til þakskífuna og lögn hennar, og hafi þetta átt að fylgja með í kaupunum án sérstakrar greiðslu. Sama máli hafi gilt um miðstöðvarketilinn.

Til stuðnings máli sínu hefur stefndi bent á það, að hann hafi síðar selt umræddan miðstöðvarketil og við það tækifæri tekið fram, að ketillinn hafi fylgt með í kaupunum. Að því er varðar þakskífuna og lögn hennar, þá hefur stefndi bent á, að hann hafi ekki fyrr verið krafinn um greiðslu fyrir hana. Hafi þó þeim, er verkið vann, gengið erfiðlega að fá greiðslu fyrir verk sitt. Enn hefur stefndi bent á, að í málaferlum milli þeirra aðiljanna um húsakaupin sjálf hafi stefndi ekki haft uppi kröfur af þessu efni.

Með vísan til þessa hefur stefndi talið, að þyki ekki fært að taka aðalkröfu hans til greina, þá hafi hann þó fært það mikil rök fyrir staðhæfingum sínum, að veita beri honum heimild til að staðfesta með aðildareiði staðhæfingar sínar um, að umrædd verðmæti hafi fylgt með í kaupunum og ekki hafi átt að greiða sérstaklega fyrir þau.

Eins og áður greinir, var ekki gerður skriflegur kaupsamningur um húshlutann og ekkert skriflegt um þau verðmæti, sem mál þetta fjallar um. Báðir aðiljar hafa komið fyrir dóm og haldið fast við þær staðhæfingar sínar, sem að framan hafa verið raktar.

Maður sá, sem lagði þakskífuna á húsið, kveðst hafa gert það í ákvæðisvinnu fyrir milligöngu byggingarfélags eins hér í bænum. Að verki loknu hafi hann krafið félagið um greiðslu, en það vísað til stefnanda. Stefnandi hafi hins vegar ekki getað greitt. Eftir nokkurn tíma hafi málið leystst þannig, að maður sá, sem á húsið á móti stefnda, hafi greitt reikninginn að fullu. Stefndi hafi hins vegar ekkert haft með þetta að gera.

Stefndi seldi manni einum nokkurn hluta af sínum húshluta. Hefur maður sá skýrt svo frá fyrir dómi, að við þá sölu hafi stefndi sagt, að þakskífan og lögn hennar fylgdi með í kaupunum. Þá hafi og stefndi getið þess, að miðstöðvarketillinn hefði fylgt með í kaupum hans við stefnanda.

Stefndi seldi síðan umræddan miðstöðvarketil. Maður sá, sem seldi ketilinn fyrir stefnda, hefur borið fyrir dómi, að stefndi hafi tjáð

honum, að ketill þessi hefði fylgt með, er hann keypti húsið og verð hans væri innifalið í kaupverði þess.

Þegar virt eru gögn þau, sem að framan eru rakin, verður ekki talið, að stefndi hafi fært sönnur á þá staðhæfingu sína, að fyrrgreind verðmæti hafi fylgt með í kaupunum og ekki átt að greiða sérstaklega fyrir þau, að unnt sé að taka aðalkröfu hans til greina.

Eftir atvikum þykja heldur ekki efni til að taka til greina kröfu stefnda um, að úrslit máls þessa verði látin velta á eiði hans.

Með vísan til þessa verður að dæma stefnda til að greiða stefnanda fyrir fyrrgreind verðmæti.

Að því er varðar kröfu stefnanda, risna af þakskífunni og lögn hennar, þá hefur fjárhæð hennar engum andmælum sætt, og verður hún því tekin til greina að öllu leyti.

Stefndi hefur mótmælt verði miðstöðvarketilsins sem of háu.

Ekki er sannað, að aðiljar hafi verið búnir að ákveða verð það, sem stefndi skyldi greiða fyrir ketilinn. Hins vegar er fram komið, að stefndi seldi ketilinn síðar, og ekki er vitað, hvað af honum varð. Þá hefur stefndi ekki skýrt frá því, hvert verð hann fékk fyrir ketilinn. Með hliðsjón af þessu og þar sem ekki er leitt í ljós, að verð það, sem stefnandi telur, sé óhæfilega hátt, þá þykir verða að leggja það til grundvallar í máli þessu.

Málalok verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða kr. 7835.05 með vöxtum, svo sem krafizt er.

Eins og áður getur, hefur stefnandi ekki krafizt málskostnaðar, og fellur hann því niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Halldór Halldórsson, greiði stefnanda, Óskari Sveinssyni, kr. 7835.05 með 6% ársvöxtum frá 15. febrúar 1952 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. marz 1955.

Nr. 37/1954. **Halldór Ólafsson** (Gunnar Jónsson hdl.)
gegn
Guðmundi Jenssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um greiðslur samkvæmt húsaleigusamningi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. marz 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Krefst hann þess, að honum verði aðeins dæmt að greiða stefnda kr. 3259.80 án vaxta og stefndi verði aðallega dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins, en til vara, að hvor aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

1. Stefndi skýrir svo frá málsatvikum, að í aprílmánuði 1945 hafi samizt svo með honum og áfrýjanda, að hann tæki á leigu hjá áfrýjanda húsnæði, sem þá var ekki fullbúið, á 1. hæð hússins nr. 20 við Rauðarárstíg. Kveðst stefndi sjálfur hafa átt að sjá um innanbúnaðinn, og hafi hann alltaf gert ráð fyrir, að áfrýjandi greiddi andvirðið, bæði efni og vinnu, sérstaklega, enda ekki um annað samið. Leigan fyrir nefnt húsnæði hafi verið ákveðin kr. 300.00 á mánuði fyrir apríl og maí 1945, en því næst kr. 600.00 á mánuði til 1. janúar 1948. Þá lækkaði leigan í kr. 540.00 á mánuði, og greiddi stefndi þá leigu til 1. júní 1951, en hann fluttist úr íbúðinni 16. maí s. á. Allar framangreindar leigugreiðslur innti stefndi af hendi athugasemdalaust. Þegar stefndi var farinn úr íbúðinni, lét hann húsaleigunefnd meta leigu eftir íbúðina, og taldi nefndin hæfilega grunnleigu fyrir hana kr. 550.00 á mánuði á tímabilinu 1945—1951. Leiga eftir íbúðina samkvæmt þessu mati húsaleigunefndar nemur, að viðbættri

húsaleiguvísitölu, alls kr. 60.230.50 um tímabilið frá 1. apríl 1945 til 1. júní 1951.

Stefndi telur sig nú, þrátt fyrir áðurgreinda samninga og greiðslur af hans hendi, ekki eiga að greiða áfrýjanda nefnda matsleigu frá fyrri tíma en 16. febrúar 1946, en þá hafði hann lokið innanbúnaði íbúðarinnar og fluttist í hana. Áfrýjandi telur sig hins vegar eiga kröfu til leigu frá 1. apríl 1945, er stefndi fékk umráð húsnæðisins samkvæmt samningi aðilja og greiddi athugasemdalaust leigu fyrir það, eins og áður greinir. Hefur áfrýjandi ómótmælt haldið því fram, að hann hafi, áður en samningar aðilja tókust, leigt nefnt húsnæði til annars en íbúðar fyrir kr. 600.00 á mánuði, eins og það var þá úr garði gert. Telur hann sig ekki þurfa að sæta því, að stefndi sleppi við greiðslu leigu fyrir húsnæðið, þar til hann hafði lokið innanbúnaðinum, en því verki, sem í mesta lagi hafi þurft að taka 3 mánuði, hafi stefndi ekki lokið fyrr en um miðjan febrúar 1946.

Eins og atvikum er háttað samkvæmt framansögðu, þykir áfrýjandi ekki eiga að þola frekari frádrátt um leigugreiðslur en sem svarar 3 mánaða leigu, þ. e. fyrir mánuðina apríl—júní 1945. Leigan fyrir húsnæðið frá 1. júlí 1945 til 1. júní 1951 nemur kr. 57.986.50 samkvæmt mati húsaleigunefndar, og hefur stefndi greitt kr. 40.980.00 upp í þá leigu. Þá hefur og áfrýjandi krafið stefnda um greiðslu fyrir heitt vatn í nefndri íbúð, kr. 60.00 á mánuði í 64 mánuði, eða alls kr. 3840.00. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að krafa þessi sé ósanngjörn, og verður hún því tekin til greina.

Stefndi skuldar því kr. 17.006.50 + kr. 3840.00, eða alls kr. 20.846.50 vegna afnota íbúðarinnar.

2. Stefndi tók einnig á leigu hjá áfrýjanda þakherbergi í framangreindu húsi áfrýjanda frá 1. júní 1945 og hélt því herbergi til nóvemberloka 1951. Fyrir herbergi þetta greiddi stefndi í leigu alls kr. 11.775.50, en samkvæmt mati húsaleigunefndar, sem stefndi lét framkvæma, eftir að hann fluttist úr herberginu, mátti leigan nema alls kr. 4636.20 nefnt tímabil. Hefur stefndi samkvæmt því ofgreitt áfrýjanda kr. 7141.30. Hins vegar á stefndi ógreitt fyrir rafmagnsnot í herbergi þessu, og telur áfrýjandi hæfilegt gjald vera kr.

20.00 á mánuði í 74 mánuði, eða alls kr. 1480.00. Stefndi hefur ekki sannað, að krafa þessi sé ósanngjörn, og verður hún því tekin til greina. Samkvæmt þessu á stefndi rétt til endurgreiðslu á kr. 5661.30 úr hendi áfrýjanda.

3. Stefndi lét dómkvadda virðingarmenn meta innanbúnað þann, er hann lét gera í íbúð þeirri, er getur í 1. tölulið að framan, og töldu þeir verð hans hæfilega ákveðið kr. 22.779.00. Hefur áfrýjandi fallizt á að greiða stefnda andvirði innanbúnaðarins samkvæmt mati þessu, og verður honum því dæmt að greiða fjárhæð þessa.

Málalok verða því þau, að áfrýjanda verður dæmt að greiða stefnda kr. 5661.30 + kr. 22.779.00 samkvæmt 2. og 3. tölulið, að frádregnum kr. 20.846.50 samkvæmt 1. tölulið, eða kr. 7593.80 ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Halldór Ólafsson, greiði stefnda, Guðmundi Jenssyni, kr. 7593.80 ásamt 6% ársvöxtum frá 31. október 1951 til greiðsludags. Hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. júní 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur Guðmundur Jensson rafvirki, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 2. desember 1952, gegn Halldóri Ólafssyni rafvirkja, Rauðarárstíg 20, hér í bænum, til endurgreiðslu á oftekinni húsaleigu að fjárhæð kr. 29.189.00 með 6% ársvöxtum frá 31. október 1951 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Í hinum munnlega flutningi málsins breytti stefnandi kröfum sínum á þá leið, að hann krafðist þess, að stefndi yrði dæmdur til að greiða kr. 13.729.55 með 6% ársvöxtum frá 1. desember 1951 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 3.259.80 án vaxta. Að því er málskostnað varðar, hefur hann aðallega krafizt þess, að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað, en til vara, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, að í aprílmánuði 1945 hafi samizt svo með þeim aðiljum, að hann tæki á leigu íbúð í húsi stefnda að Rauðarárstíg 20, hér í bænum. Íbúð þessi hafi verið algerlega óinnréttuð, og hafi orðið að samkomulagi, að stefnandi þiljaði hana á sinn kostnað. Leigu skyldi hann greiða frá 1. apríl 1945, og var leigan ákveðin kr. 300.00 á mánuði fyrstu tvo mánuðina, en síðan kr. 5600.00 á mánuði. Síðan kveðst stefnandi hafa hafizt handa um innréttinguna og 15. eða 16. febrúar 1946 hafi hann getað flutt í íbúðina. Þá hafi hann fengið leigt eitt herbergi í rishæð hússins, og hafi hann greitt leigu fyrir það frá 1. júní 1945, kr. 175.00 á mánuði. Hann hafi innréttað herbergi þetta, en það verk hafi verið greitt með húsaleigu fyrstu mánuðina. Húsaleigan hafi síðan haldizt óbreytt, en hún hafi verið lækkuð um 10% þann 1. janúar 1948. Hann hafi flutt úr íbúðinni 16. maí 1951, en þó ekki skilað íbúðinni fyrr en í júlímánuði s. á. Herbergið í rishæðinni kveðst stefnandi hafa rýmt 1. desember 1951. Stefnandi telur, að hann hafi greitt samtals kr. 40.980.00 leigu fyrir íbúðina og kr. 11.777.50 í leigu fyrir herbergið í rishæðinni. Þann 22. maí 1951 fékk stefnandi dómkvadda tvo sérfróða menn til að meta til fjár verðmæti innréttingar þeirrar í íbúðinni, er hann hafði látið gera. Hinir dómkvöddu matsmenn töldu, að miðað við verðlag á árunum 1945 og 1946 næmi verðmæti þessa alls kr. 22.779.00. Með vísan til þessa telur stefnandi, að hann hafi greitt stefnda alls kr. 75.536.50 í húsaleigu fyrir húsnæði það, er hann hafði á leigu að Rauðarárstíg 20.

Þann 19. júlí 1951 mat húsaleigunefnd hæfilega leigu fyrir íbúðina. Taldi nefndin, að leigan væri hæfileg kr. 550.00 á mánuði, að viðbættri uppbót samkvæmt húsaleiguvísitölu. Stefnandi telur, að honum hafi ekki borið að greiða húsaleigu frá fyrri tíma en hann tók íbúðina til afnota þann 15. febrúar 1946 og til 31. júlí 1951, er hann rýmdi hana. Nemi heildarleigan fyrir þetta tímabil kr. 55.222.75.

Þann 21. marz 1952 mat húsaleigunefnd hæfilega leigu fyrir herbergi það, sem stefnandi hafði á leigu í rishæð hússins. Taldi nefndin, að hæfileg leiga á tímabilinu frá 1. janúar 1946 til 1. júní 1950 væri kr. 40.00 á mánuði að viðbættri uppbót samkvæmt húsaleiguvísitölu. Á tímabilinu frá 1. júní 1950 til 31. desember 1951 væri leigan hæfilega ákveðin kr. 65.00 á mánuði. Stefnandi kveðst hafa haft umrætt herbergi til afnota frá 1. júní 1945 til 1. des. 1951, og beri samkvæmt þessu að greiða í leigu fyrir það alls kr. 4636.20.

Þá hefur stefnandi viðurkennt að hafa notað heitt vatn í íbúðinni, sem hann hafi fengið frá stefnda. Telur hann hæfilegt að reikna gjald fyrir afnot þessi kr. 30.00 á mánuði í 64 mánuði, eða alls kr. 1920.00.

Að lokum kveðst stefnandi hafa haft ljós í nefndu herbergi í rishæðinni, en rafmagn það, sem þar hafi verið notað, hafi verið greitt

af stefnda. Telur stefnandi, að af þessum sökum beri honum að greiða stefnda kr. 28.00.

Samkvæmt þessu telur stefnandi, að honum hafi borið að greiða stefnda alls kr. 61.806.95. Nú hafi hann samkvæmt framangreindu greitt honum kr. 75.536.50 og eigi því heimtingu á að fá mismuninn, kr. 13.729.55, endurgreiddan.

Stefndi hefur viðurkennt, að greiðslur þær, er stefnandi hafi innt af hendi, þar með talin nefnd innrétting, hafi numið alls kr. 75.536.50.

Stefndi telur hins vegar, að stefnanda hafi borið að greiða leigu fyrir íbúðina frá 1. apríl 1945 að telja. Svo hafi verið um samið með þeim aðiljum í upphafi, en stefnandi hafi alveg ráðið því sjálfur, hve langan tíma innrétting íbúðarinnar tók. Stefnanda beri því að greiða leigu fyrir allan þann tíma og til 31. júlí 1951. Telur stefndi, að sé reiknað með leigufjárhæð þeirri, er húsaleigunefnd ákvað, þá nemi heildarleiga stefnanda fyrir allt leigutímabilið kr. 62.230.50.

Að því er þakherbergið varðar, þá hefur stefndi fallizt á, að heildarleiga fyrir það hafi átt að nema kr. 4636.20.

Stefndi kveður stefnanda hafa haft heitt vatn í leiðslum í baðherbergi og eldhúsi og notað það, en ekkert gjald greitt fyrir þau not. Telur stefndi, að hæfilegt gjald fyrir þau not séu kr. 60.00 á mánuði í 64 mánuði, eða alls kr. 3840.00.

Þá telur stefndi, að stefnandi hafi notað rafmagn í herberginu á rishæðinni bæði til ljósa og hitunar. Fyrir það hafi hann ekkert greitt. Telur stefnandi hæfilegt gjald fyrir þetta nema kr. 20.00 á mánuði í 74 mánuði, eða alls kr. 1480.00.

Samkvæmt þessu telur stefndi, að stefnandi hafi alls átt að greiða kr. 72.276.70, en hafi hins vegar greitt kr. 75.536.50 og eigi því rétt á að fá endurgreiddar kr. 3259.80.

Það er viðurkennt í máli þessu, að íbúð sú, er stefnandi tók á leigu hjá stefnda um vorið 1945, var þá algerlega óíbúðarhæf. Verður því að teljast óeðlilegt, að stefndi eigi rétt á leigugreiðslu fyrir hana, meðan á innréttingu stóð. Með vísan til þess og þegar litið er til samnings þeirra aðiljanna um íbúðina, þá þykir stefndi ekki eiga rétt á leigugreiðslu fyrir íbúðina fyrr en innréttingunni var lokið. Stefndi hefur ekki andmælt því, að stefnandi hafi eigi flutt inn í íbúðina fyrr en um miðjan febrúarmánuð 1946. Eftir atvikum verður eigi talið, að innréttingin hafi tekið óeðlilega langan tíma, eins og á stóð, og verður því stefnanda gert að greiða leigu frá fyrra tímamarki.

Samkvæmt þessu bar stefnanda að greiða kr. 55.222.75 í leigu fyrir íbúðina allan leigutímann.

Að því er varðar not stefnanda á heitu vatni, þá verður að telja eftir atvikum öllum, að hæfilegt sé að reikna gjald fyrir þau not kr. 40.00 á mánuði, eða kr. 2560.00 fyrir allan leigutímann(64 mánuði).

Það er viðurkennt, að stefnandi hefur notað rafmagn til ljósa í herberginu á rishæðinni og beri að greiða gjald fyrir það. Í málinu er fram komið, að stefnandi hafði þar einnig einhvers konar iðju, sem rafmagn þarf til, og að einnig sé ógreitt fyrir þau not. Eftir atvikum öllum þykir hæfilegt að reikna gjald fyrir þessi not kr. 10.00 á mánuði, eða kr. 740.00 fyrir allan leigutímann (74 mán.)

Samkvæmt þessu bar stefnanda að greiða stefnda alls kr. 63.158.95 (55.222.75+4636.20+2560.00+740.00). Hins vegar hefur hann samkvæmt framangreindu greitt kr. 75.536.50 og á því rétt á að fá endurgreiddar kr. 12.377.55 með vöxtum, svo sem krafizt er, en upphafstími vaxtanna hefur ekki sætt andmælum.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2200.00 með hliðsjón af matskostnaði.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Halldór Ólafsson, greiði stefnanda, Guðmundi Jenssyni, kr. 12.377.55 með 6% ársvöxtum frá 31. október 1951 til greiðsludags og kr. 2200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. marz 1955.

Nr. 2/1954. **Ákæruvaldið** (Kristján Guðlaugsson)
gegn
Ármanni Kristjánssyni (Jón Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Líkamsárás. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00 til hvors.

Á meðferð máls þessa í héraði hefur orðið mikill dráttur, er eigi hefur verið réttlættur. Þá athugast, að héraðsdómari

virðist eigi hafa prófað ákærða og vitni nægilega sjálfstætt, heldur hafið dómpróf með upplestri lögregluskýrslna, en slík meðferð máls brýtur í bág við 73., 75. og 77. gr. laga nr. 27/1951. Loks hefur héraðsdómari andstætt ákvæðum 100. gr. sömu laga látið heitfestingu vitna undir höfuð leggjast.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Ármann Kristjánsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Kristjáns Guðlaugssonar og Jóns Ólafssonar, kr. 1800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. október 1953.

Ár 1953, miðvikudaginn 7. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3882/1953: Ákæruvaldið gegn Ármanni Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 29. ágúst s.l., en framhaldsrannsókn fór fram í málinu 5. þ. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags 4. júní f. á., er opinbert mál höfðað gegn ákærða Ármanni Kristjánssyni sjómanni, Hvammstanga, fyrir rán og líkamsárás samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940, 218. gr. og 252. gr., en til vara fyrir líkamsárás og þjófnað samkvæmt 218. gr. og 244. gr. sömu laga.

Er ákærði ákærður fyrir: *Að* ráðast á Guðbjarna Ólafsson, f. 26. marz 1897, aðfaranótt mánudags 22. maí 1950 inni í málningarverksmiðjunni Hörpu eða við verksmiðjuhúsið, en Guðbjarni var þar þá næturvörður, slá Guðbjarna í rot með einu eða fleiri höggum og, er Guðbjarni lá meðvitundarlaus eða meðvitundarlítill eftir árásina, að fara þá í vasa hans og taka þaðan veski, er í voru kr. 1200.00 í peningum, og slá eign sinni á. Af líkamsárás ákærða hlaut Guðbjarni verulegt heilsutjón.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, til sviptingar réttinda samkvæmt 68. gr., 3. mgr. hegningarlaganna og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 1. janúar 1927 á Litla Vatnsskarði í Engihlíðarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu, og hefur hann á árunum 1945 til 1952 verið samtals sektaður 17 sinnum fyrir ölvun á almannafæri, en ekki, svo að kunnugt sé, sætt öðrum refsingum.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og því, sem á annan hátt er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Sunnudagskvöldið 22. maí 1950 drukku þeir ákærði og æskufélagi hans, Baldur Jónsson úrsmiður, Hverfisgötu 94, áfengi saman á verkstæði hins síðarnefnda á Spítalastíg, hér í bæ, og varð ákærði ölvaður. Líklega eftir kl. 2 um nóttina, að því er ákærði heldur, fóru þeir af verkstæðinu og gengu austur í bæ og skildu nálægt Austurbæjarbíói. Baldur vissi, að ákærði var peningalaus, og gaf honum karlmannsarmbandsúr að skilnaði og tók fram, að ákærði mætti selja úrið, ef hann vildi, og halda andvirðinu. Ákærði gekk síðan norður Snorrabraut (áður Hringbraut) og ætlaði að fara heim til sín inn í Laugarnescamp. Hafði hann hugsað sér að fara í leigubifreið þangað og láta bifreiðarstjórann fá úrið að veði fyrir ökugjaldinu. Við gatnamót Snorrabrautar og Laugavegs sá hann fótgangandi mann, Guðbjarna Ólafsson, Sindra við Nesveg, hér í bæ. Guðbjarni var þá næturvörður í málningarverksmiðjunni Hörpu á gatnamótum Snorrabrautar og Skúlagötu, hér í bæ. Gamall kunningi hans, Þórður Eiríksson netjagerðarmaður, Vesturvallagötu 3, hér í bæ, hafði heimsótt hann kvöldið áður í verksmiðjuna. Heldur Þórður, að hann hafi komið þangað nokkru fyrir kl. 21, en Guðbjarni kveður, að það muni hafa verið milli kl. 21 og 22. Hvorugur þeirra hafði neytt áfengis. Guðbjarni tók fram heilflösku, sem var um það bil hálf af sterkri áfengisblöndu, og bauð Þórði að dreypa á henni. Þáði Þórður það, en fannst blandan sterk, og minnir hann, að þeir hafi þá þynnt hana með vatni. Þórður drakk nokkuð af áfenginu, og kveðst hann máske hafa fundið til vægra áfengisáhrifa. Guðbjarni kvaðst ekki mega dreypa að ráði á áfenginu vegna starfs síns, en dreypti þó á því, en svo lítið, að honum og Þórði kemur saman um, að hann hafi ekki getað fundið til áfengisáhrifa. Þórður fór frá Guðbjarna stuttu fyrir miðnætti. Milli kl. 4 og 5 um nóttina kveðst Guðbjarni hafa farið út úr verksmiðjunni til að fá sér ferskt loft. Lokaði hann verksmiðjunni á eftir sér, en smekklás var fyrir útidyrum hennar. Hann fór fyrst niður á Skúlagötu, en síðan upp á Snorrabraut og Laugaveg og hitti þá ákærða.

Ákærða langaði í vindling, en átti hann ekki. Ávarpaði hann Guðbjarna, sem honum virtist vera undir áhrifum áfengis, og spurði, hvort hann gæti gefið ungum sjómanni sígarettu. Guðbjarni svaraði, að hann ætti ekki neina sígarettu, en kvaðst hins vegar eiga í nefið. Leitaði hann því næst að neftóbaki sínu, en fann ekki, og hafði hann gleymt því niðri í verksmiðjunni. Sagði Guðbjarni ákærða frá þessu. Varð úr, að þeir gengu saman að verksmiðjunni, og ætlaði Guðbjarni að gefa ákærða neftóbak. Fóru þeir inn í verksmiðjuna, og kveðst Guðbjarni hafa læst útidyrunum á eftir þeim og stungið lyklunum í vasann. Þeir fóru upp á loft í húsinu inn í kaffistofu skrifstofufólks verksmiðjunnar. Guðbjarni fann strax neftóbakið og gaf ákærða í nefið.

Guðbjarni hefur borið það, að hann hafi gefið ákærða að drekka áfengi úr fyrrgreindri flösku, sem hann hafði áður gefið Þórði áfengi úr, og hafi flaskan verið um það bil hálf. Ákærði hafi drukkið nokkuð úr flöskunni, en alls ekki tæmt hana. Guðbjarni man ekki sérstaklega eftir því, hvort hann neytti einnig af áfenginu með ákærða, en máske hafi hann rekið tunguna í það.

Ákærði kveðst hafa verið með hálfa flösku af brennivíni, en man ekki, hvort Guðbjarni tók fram nokkurt áfengi. Þeir hafi báðir tæmt úr flösku ákærða. Hafi þeir talað um að fá aðra flösku. Hafi Guðbjarni í því sambandi tekið veski sitt úr bakvasa sínum og opnað það, og hafi ákærði þá séð 500 króna seðil í því. Ekkert hafi þó orðið úr áfengiskaupum þeirra. Guðbjarni hefur hins vegar neitað því, að þeir hafi talað um að fá aðra flösku og að hann hafi tekið veski sitt úr bakvasa sínum og opnað það. Hitt geti verið, að ákærði hafi séð veskið í bakvasa hans, þar sem hann hafi farið úr jakka sínum.

Ákærði kveðst hafa minnzt á það við Guðbjarna, að hann væri með úr, sem hann vildi selja á 400 krónur, en hann hafi ekki sýnt honum úrið og hann (Guðbjarni) ekki viljað kaupa það. Guðbjarni kannast ekki við þenna framburð ákærða um úrið. Hins vegar ber þeim saman um, að þeir hafi spjallað saman um ýmsa hluti almenns efnis.

Guðbjarni mun nú hafa haft orð á því við ákærða, að þeir skyldu koma út og fá sér ferskt loft. Féllst ákærði á það, og fóru þeir niður stigann í húsinu. Guðbjarni gizkar á, að þeir hafi þá verið búnir að dvelja í húsinu um 15—20 mínútur, en ákærði heldur, að þeir hafi verið búnir að dvelja í því um eða á aðra klukkustund. Guðbjarni opnaði útidyrnar og sá um leið, að ákærði var með eitthvað í hendinni. Spurði Guðbjarni hann að því, hvað það væri. Ákærði sagðist þá vera með armbandsúr og sýndi Guðbjarna það án þess að sleppa því úr lófa sínum. Kvaðst ákærði hafa fengið úrið hjá úrsmið, sem hann hefði verið með um nóttina.

Ákærði ber, að Guðbjarni hafi einnig sagt við hann, að úrið væri illa fengið, og hafi Guðbjarni reynt að taka það úr lófa hans, en ákærði reynt að koma í veg fyrir það. Komið hafi til stimpinga. Guðbjarni hafi náð úrinu frá ákærða, og þegar ákærði hafi ætlað að ná því aftur, hafi Guðbjarni kastað því í gólfið. Ákærði kveðst þá hafa slegið Guðbjarna eitt högg, en getur ekki sagt um, hvar höggið kom, en máske hafi það komið í höfuð hans. Hann hafi ekkert hugsað út í það fyrir fram, hvort hann ætlaði að greiða honum höfuðhögg eða högg á annan hluta líkamans. Guðbjarni hafi fallið á steingólfið við höggið. Ákærði kveður nú, að sér hafi dottið í hug, þegar Guðbjarni lá hreyfingarlaus á gólfinu, að slá eign sinni á peningaveski hans. Hafi hann farið með aðra hönd sína niður í bakvasa á buxum Guðbjarna, tekið peningaveskið úr vasanum og stungið í vasa sinn. Hann hafi síðan haldið út um ólæstar útidyr

hússins og á brott þaðan. Hann hafi verið þess fullviss, þegar hann yfirgaf Guðbjarna, að hann væri lifandi, því að hann hafi rumskað, þegar veskið var tekið úr vasa hans, en ákærði kveðst þó ekki hafa sérstaklega athugað andardrátt hans eða tekið á slagæð hans. Ákærði opnaði peningaveskið, þegar hann var kominn nokkurn spöl frá verksmiðjunni, og reyndust vera 1200 krónur í því. Eyddi ákærði peningunum, en fleygði veskinu.

Guðbjarni ber það hins vegar, að hann hafi spurt ákærða að því, hvort hann ætlaði ekki að skila úrinu, en ákærði hafi þá sagzt ætla að „stampa" því fyrir brennivíni. Þá neitar Guðbjarni því að hafa sagt við ákærða, að úrið væri illa fengið, og að hann hafi reynt að taka það úr lófa ákærða. Þeir hafi báðir farið út fyrir húsdyrnar, en Guðbjarni kveðst ekki muna, hvað gerðist eftir það. Næst hafi hann munað eftir sér, er hann var í bifreið og fór úr henni heima hjá sér, og var hann þá með Bjarna Kemp Konráðssyni, starfsmanni í Hörpu. Kveðst Guðbjarni hafa lagzt í rúm heima hjá sér og sofið um daginn, en þegar hann vaknaði, saknaði hann peningaveskis síns, sem hann hafði geymt í hægri bakvasa sínum, en í höfðu verið 1200 krónur og kvittun.

Bjarni Kemp Konráðsson, Vífilsgötu 21, hér í bæ, hefur borið það, að hann hafi komið til vinnu sinnar í Hörpu um kl. 7 umræddan morgun. Verksmiðjuhúsið hafi þá verið opið, en lyklakippa, sem reyndust vera lyklar að húsinu, hafi legið skammt frá útidyrum þess. Þá hafi spýja verið í gangi hússins og á stéttinni fyrir utan það. Bjarni Kemp kveðst hafa farið inn í deild sína til að athuga, hvort þar væri ekki allt í lagi, en þegar hann kom þaðan út eftir tvær til þrjár mínútur, hafi hann séð, hvar Guðbjarni Ólafsson stóð í ganginum við útidyrnar og Böðvar Árnason, einnig starfsmaður í Hörpu, hjá honum. Guðbjarni hafi verið jakkalaus og á sokkaleistunum, og herbergið, sem jakkinn og skórnir voru í, hafi verið læst, svo að hann komst þar ekki inn. Hann hafi verið með glóðarauga og tekið um höfuð sitt, hálfstunið og kvartað um verk í höfðinu. Bjarni Kemp kveðst hafa haldið af þessu, svo og spýjunni, að Guðbjarni væri undir áhrifum áfengis, en hann athugaði ekki sérstaklega, hvort áfengislykt var úr vitum hans. Bjarni Kemp náði síðan í bifreið og ók Guðbjarna heim til sín.

Böðvar Árnason, Barónsstíg 51, hér í bæ, hefur borið það, að hann hafi komið til vinnu sinnar í Hörpu umræddan morgun stuttu á eftir Bjarna Kemp. Guðbjarni Ólafsson hafi þá verið í stiga hússins og verið búinn að læsa skrifstofuherberginu, svo að hann komst þar ekki inn. Hann hafi verið með glóðarauga, jakkalaus og fatnaður hans ataður út í spýju og óhreinindum. Böðvar kveðst hafa ætlað að reyna að fara inn um glugga í skrifstofuna, en í því hafi Bjarni Kemp komið og sagzt vera búinn að finna lyklana. Guðbjarni hafi nú legið í skrifstofunni og kveinkað sér, og þegar hann var spurður að því, af hverju hann væri svona veikur, hafi hann

svarað því, að hann hefði fundið ölflösku frammi á „lager" og drukkið úr henni. Böðvar kveðst ekki geta sagt um, hvort Guðbjarni hafði neytt áfengis í þetta skipti.

Jóhann Þorsteinsson, efnafræðingur í Hörpu, Skúlagötu 42, hér í bæ, hefur skýrt frá því, að umræddan morgun hafi hann séð „gin"-flösku á borði í kaffistofu skrifstofufólks verksmiðjunnar, og hafi verið lögg í flöskunni. Kveðst hann hafa geymt flöskuna í nokkurn tíma, og hafi þá komið mygluskán á hana, sem sýndi, að innihald hennar var blandað vatni.

Í málinu kemur fram, að Guðbjarni hætti vinnu á þriðja degi eftir umræddan atburð um nóttina, en hafði uppsölu þann tíma. Síðan lá hann rúmfastur heima um mánaðartíma og aftur í sjúkrahúsi frá 28. nóvember 1950 til 10. desember 1950.

Dr. med. Snorri Hallgrímsson hefur gefið vottorð, dags. 19. september 1950, um meiðsli Guðbjarna. Kveðst hann fyrst hafa séð Guðbjarna þrem vikum eftir að hann fékk meiðslin, og hafi hann þá ekki verið með nokkurn sýnilegan áverka, en um status p. commotio s. contusio cerebri hafi verið að ræða. Guðbjarni hafi haft spondylitis deformus, áður en hann hlaut þessi meiðsli. Hann sé enn þá óvinnufær sökum verkja í baki og sökum svima. Síðan segir í vottorði læknisins orðrétt: „Sj. gömlu bakóþægindi versnuðu mikið við meiðslin, og að nokkru leyti vegna þeirra og að nokkru leyti vegna höfuðverkjarins varð hann að liggja í rúminu rúman mánuð. Síðan hefur hann gengið með gibsbak."

Hinn 8. maí 1951 gerði dr. med. Helgi Tómasson yfirlæknir electroencephalogram Guðbjarna, og segir í því á þessa leið:

„Postcentralt er óreglulegur alfa-rythmi 8—13 c. per sek. 20—40 microvolt. Hann blockerast illa af visuellum stimuli. Temporalt eru einnig mjög óreglulegar bylgjur, sem erfitt er að telja. Frontalt ber talsvert 20—30 per sek. með lítilli amplitudu.

Sjúklingurinn mókir og sefur töluvert af upptökutímanum.

Engir paroxysmal eða focal rythmar koma í ljós, engin veruleg asymmetri, ekki heldur á meðan sj. sefur.

Sj. hyperventilerar sæmilega, en það gerir enga verulega breytingu.

Niðurstaða: Þetta getur tæplega talist normalt electroencephalogram, vegna þess hve óreglulegur alfa-rythminn er. Ekki er nein specifik etiologi fyrir þessari óreglu, sem hægt er að átta sig á eftir þessu encephalogrammi".

Yfirlæknirinn taldi, að sennilega væri um vefræna truflun í heila Guðbjarna að ræða, og hafði hann því undir stöðugu eftirliti allt árið 1951.

Í vottorði yfirlæknisins, dags. 21. apríl 1952, um Guðbjarna segir meðal annars á þessa leið:

„Maðurinn kemur mér fyrir sjónir almennt eitthvað sljóvgaður,

áhugalaus við vinnu, vantandi sjálfsögðustu fyrirhyggju um framtíðina og úrræðalaus.

Hvernig tilfinningalíf hans kunni að vera breytt að öðru leyti, get ég ekki dæmt um. Upplýsingar þær, sem ég hef um byrjun geðbrigða mannsins, eru í samræmi við það, er talið er, að geti hlotizt af rothöggi með tilheyrandi heilahristing eða mari.

Frá mínum dyrum séð virðist maðurinn hafa fengið organiskar geðbreytingar, misst konuna og húsið ofan af sér, allt sem afleiðing af rotinu".

Tryggingaryfirlæknir Tryggingastofnunar ríkisins hefur metið örorku Guðbjarna vegna afleiðinga áverka hans til 11. september 1953 þannig: Frá 30. maí 1950 til 30. júní 1950 100% og frá 1. júlí 1950 til 11. september 1953 85%.

Tryggingaryfirlæknir hefur ekki að svo stöddu treyst sér til að meta varanlega örorku Guðbjarna vegna áverkans.

Grímur Magnússon, geðveikralæknir, hefur að undangengnum dómsúrskurði rannsakað geðheilbrigði og sakhæfni ákærða. Í skýrslu læknisins, dags. 7. apríl 1952, segir meðal annars á þessa leið um ákærða:

„Diagnosis: Inferioritas mentis (vangæfni).

Vegna þessarar ásköpuðu vangæfni er dómgreind og siðgæðisvitund Ármanns mjög ábótavant. Hann lætur því auðveldlega leiðast af ástríðum og hugdettum án þess að gera sér glögga grein fyrir afleiðingum. Drykkjuskapur hans gerir allar þessar veilur að sjálfsögðu mjög áberandi, svo að hann brýtur stöðugt reglur um almennt velsæmi, þegar hann er ölvaður, án þess að fá minnstu sektartilfinningu vegna framferðis síns. Hann hefur þó sæmilegan skilning og tilfinningu varðandi sekt sína út af árás þeirri og þjófnaði, sem hann er nú kærður fyrir. Ráðleysi Ármanns og vitsmunaskortur gefa litlar vonir um breytingu á lifnaðarháttum hans. Má telja, að hann sé varla fær um að sjá um sig sjálfur, og væri æskilegt, að hann nyti leiðsögu fjárráðamanns.

Ég álít Ármann andlega vanþroskaðan án þess að um geðveiki sé að ræða. Vanþroski hans er þó ekki svo mikill, að hann geti talizt óábyrgur gerða sinna né dómgreindarlaus. Hann telst því sakhæfur".

Þá hefur prof. dr. Símon Jóh. Ágústsson athugað ákærða, og segir í skýrslu hans, dags. 29. marz 1952, meðal annars á þessa leið:

„Í viðtölum mínum við Ármann lagði ég fyrir hann ýmsar greindarþrautir, og sýndu úrlausnir hans ótvírætt, að hann er mjög gáfnasljór. Að vísu gat ég ekki komið því við að greindarprófa hann nákvæmlega, en mér þykir þó líklegt, að hann muni hafa 8—9 ára greindaraldur, eða greindarvísitöluna 60—70. (Greindarvísitala meðalgreinds manns er talin 100)".

Eins og að framan greinir, sýndi ákærði Guðbjarna úr, sem hann var með í lófa sínum. Ákærði hefur staðhæft það, að Guðbjarni hafi tekið úrið úr lófanum og kastað því í gólfið og hafi hann þá slegið

Guðbjarna, svo að hann féll. Þá fyrst, þegar Guðbjarni lá hreyfingarlaus á gólfinu, hafi ákærða dottið í hug að slá eign sinni á peningaveski hans. Guðbjarni hefur hins vegar borið það, að hann hafi spurt ákærða að því, hvort hann ætlaði ekki að skila úrinu, en ákærði þá sagzt ætla að „stampa" því fyrir brennivíni. Hins vegar hefur hann neitað því að hafa tekið eða reynt að taka úrið frá ákærða. Síðan kveðst Guðbjarni ekki muna, hvað gerðist. Samkvæmt því, sem nú var greint, og því, sem upplýst er um, hvað þeim ákærða og Guðbjarna hafði áður um nóttina farið á milli, svo og samkvæmt reglunni in dubio pro reo þykir verða að leggja frásögn ákærða um málsatvik til grundvallar, þannig að sýkna ber hann af ákæru um rán. En ákærði hefur gerzt sekur um vísvitandi líkamsárás, sem er þannig háttuð að varðar við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þá hefur ákærði með töku peningaveskisins brotið 244. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af 77. gr., 1. mgr., hegningarlaganna hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár.

Ákærði sat í gæzluvarðhaldi frá 19. febrúar 1952 til 30. apríl sama ár. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber þessi varðhaldsvist ákærða að koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa.

Guðbjarni Ólafsson hefur krafizt þess, að ákærði greiði honum í skaðabætur kr. 81.765.00 með 6% ársvöxtum frá 23. maí 1950 til greiðsludags ásamt innheimtulaunum samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Er skaðabótakrafan sundurliðuð þannig:

100% örorka frá 24. maí 1950 til 30. júní 1950 og 85% örorka frá 1. júlí 1950 til 31. ágúst 1953, kr. 80.565.00.

Teknir peningar, kr. 1200.00.

Kristján Guðmundur Guðmundsson tryggingarfræðingur hefur á grundvelli vinnutekna Guðbjarna, byggðum á skattaframtölum hans fyrir árin 1946—1950 annars vegar og á fyrrgreindu örorkumati tryggingaryfirlæknisins hins vegar, reiknað út, að vinnutjón Guðbjarna frá 24. maí 1950 til 31. ágúst 1953 nemi samtals kl. 80.565.00.

Ákærði hefur ekki samþykkt bótakröfu þessa, en þar sem útreikningum þeim, sem hún er byggð á, hefur ekki verið hnekkt að neinu leyti, þykir verða að leggja þá til grundvallar í málinu. Samkvæmt þessu verður bótakrafa Guðbjarna tekin að fullu til greina, en ákærða verður ekki gert að greiða innheimtulaun samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin þóknun Kristjáns Guðlaugssonar hrl., skipaðs sækjanda í málinu, og þóknun Þorvalds Garðars Kristjánssonar hdl., skipaðs verjanda ákærða í málinu, kr. 1000.00 til hvors.

Dráttur á máli þessu stafar af því, að ákærði hefur dvalizt lang-

dvölum erlendis. Þannig náðist ekki í hann fyrr en 17. febrúar 1952 til yfirheyrslu í fyrsta skipti um málið.

Dómsorð:

Ákærði, Ármann Kristjánsson, sæti fangelsi í 3 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 19. febrúar 1952 til 30. apríl 1952 komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Guðbjarna Ólafssyni kr. 81.765.00 með 6% ársvöxtum frá 23. maí 1950 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talda þóknun Kristjáns Guðlaugssonar hrl., skipaðs sækjanda í málinu, og þóknun Þorvalds Garðars Kristjánssonar hdl., skipaðs verjanda ákærða í málinu, kr. 1000.00 til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. marz 1955.

Nr. 142/1954. **Helgi Benediktsson** (Sigurður E. Ólason)
gegn
Hjálmari Jónssyni (Gunnar Þorsteinsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Lúðvík N. Lúðvíksson og Þorsteinn Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 24. ágúst 1954. Krefst hann *aðallega* algerrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. *Til vara* krefst hann þess, að honum verði einungis dæmt að greiða kr. 18.475.58, að vextir verði ekki dæmdir frá fyrri

tíma en 2. maí 1950 og að hvorum aðilja verði gert að bera sinn kostnað af málinu.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 8. september 1954. Krefst hann staðfestingar á héraðsdómi að öðru leyti en því, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði. Svo krefst hann og málskostnaðar af aðaláfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Í máli þessu er það viðurkennt af hálfu aðaláfrýjanda, að gagnáfrýjandi hafi unnið hjá honum árið 1947 og fram eftir ári 1948, án þess að honum væru greidd laun nema að nokkrum hluta. Á árinu 1948 fékk gagnáfrýjandi viðskiptareikning frá aðaláfrýjanda, er sýndi inneign gagnáfrýjanda hinn 1. janúar 1948 kr. 18.475.58. Hins vegar hefur gagnáfrýjandi ekki fengið viðskiptareikning frá aðaláfrýjanda fyrir árið 1948.

Er gagnáfrýjandi hafði látið af störfum hjá aðaláfrýjanda í septembermánuði 1948, höfðaði hann mál á hendur aðaláfrýjanda til greiðslu á kr. 2879.30. Í greinargerð gagnáfrýjanda, sem leggja skyldi fram í því máli, kemur fram, að hann hefur talið sig eiga rétt til meiri launa árið 1947 en aðaláfrýjandi hafði talið honum til tekna á greindum viðskiptareikningi. Telur gagnáfrýjandi þar fram fjárhæðir í fimm liðum, sem ekki eru á viðskiptareikningnum, og gerir jafnframt grein fyrir, með hverjum hætti hann hafi til þeirra unnið á árinu 1947. Þá eru einnig samkvæmt greinargerðinni innifaldir í nefndri stefnukröfu, kr. 2879.30, tveir kröfuliðir, sem lúta að vinnu gagnáfrýjanda hjá aðaláfrýjanda árið 1948, þ. e. laun fyrir 7 daga í janúar og 8 daga í febrúar—marz það ár, en launaliði þessa kveður gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda ekki hafa viljað viðurkenna. Í máli því, sem nú skal dæma, hefur gagnáfrýjandi lýst því, að hann hafi ekki talið þess þörf í september1948 að stefna aðaláfrýjanda til greiðslu á meginhluta vinnulaunanna frá 1947 og 1948, sem aðaláfrýjandi hafi þá viðurkennt, og því aðeins krafizt greiðslu á þeim hluta, sem ágreiningur hafi verið um.

Hinn 30. september 1948, er þingfesta skyldi framangreint mál, greiddi aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda kr. 3000.00. Ritaði aðaláfrýjandi svohljóðandi kvittun á stefnuna: „Framanritað

stefnukrafa er mér að fullu greidd með kr. 3000.00 þrjú þúsund krónum og er þar með öllum kröfum mínum fullnægt.“ Ritaði gagnáfrýjandi því næst nafn sitt undir kvittunina, og auk þess ritaði löglærður umboðsmaður hans samþykki sitt á stefnuskjalið.

Gagnáfrýjandi krefur nú í máli þessu aðaláfrýjanda um eftirstöðvar vinnulaunanna frá 1947 og 1948, sem hann taldi áður engan ágreining vera um. Aðaláfrýjandi kannast við, að hann hafi ekki greitt gagnáfrýjanda að neinu leyti inneign þá, kr. 18.475.58, sem hann er talinn eiga hinn 1. janúar 1948 á fyrrgreindum viðskiptareikningi frá aðaláfrýjanda. Þá er einnig viðurkennt af hálfu aðaláfrýjanda, að gagnáfrýjandi hafi ekki fengið greidd að fullu laun sín frá árinu 1948. Hefur aðaláfrýjandi ekki hnekkt því, að eftirstöðvar launa frá nefndum árum, sem gagnáfrýjandi hafi unnið fyrir, en ekki fengið greidd, nemi samtals þeirri fjárhæð, sem dæmd var í héraði. Aðaláfrýjandi hefur í máli þessu stutt sýknukröfu sína þeim rökum einum, að gagnáfrýjandi hafi með málshöfðuninni árið 1948 og kvittun sinni fyrir fyrrgreindum kr. 3000.00 hinn 30. september sama ár gefið upp allar eftirstöðvar af launum sínum, og eigi hann nú ekki lengur rétt til meiri greiðslna.

Það er ágreiningslaust í málinu, að aðaláfrýjandi hafi hinn 30. september 1948, áður en hann greiddi gagnáfrýjanda umræddar kr. 3000,00, séð og kynnt sér fyrrnefnda greinargerð gagnáfrýjanda um hina umdeildu kröfuliði, samtals að fjárhæð kr. 2879.30, sem þá var stefnt til greiðslu á. Af greinargerð þessari og stefnukröfunni hefur honum verið ljóst, að stefnan tók aðeins til lítils hluta af inneign gagnáfrýjanda hjá honum. Ekkert er komið fram til stuðnings því, að gagnáfrýjandi hafi ætlað eða haft í huga að gefa aðaláfrýjanda upp mestan hluta af eftirstöðvum vinnulauna sinna, og það þann hlutann, sem viðurkenndur var, gegn því að fá greidda hina smávægilegu kröfuliði, sem ágreiningur var um, og þetta hefur aðaláfrýjanda vitanlega verið ljóst. Gagnáfrýjandi verður því ekki talinn hafa glatað neinum rétti til heimtu eftirstöðva vinnulauna sinna, þó að honum yrði það á að undirrita kvittun, sem aðaláfrýjandi hafði stílað

með víðtækara orðalagi en við átti eftir ástæðum, þar sem aðeins var um að tefla greiðslu á nokkrum hluta kröfunnar. Ber því að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu nefndra launaeftirstöðva ásamt vöxtum, eins og þar segir.

Eftir málavöxtum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 5000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Helgi Benediktsson, greiði gagnáfrýjanda, Hjálmari Jónssyni, kr. 24.028.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1949 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Vestmannaeyja 2. júlí 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 29. f. m., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja af Hjálmari Jónssyni, Vesturveg 34, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 27. apríl 1950, birtri 2. maí 1950, á hendur Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, til greiðslu á vangoldnu kaupi frá þeim tíma, er stefnandi var stýrimaður á skipi stefnda, v/b Helga, Ve 333.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 25.028.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1948 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Svo krafðist stefnandi, að viðurkenndur yrði með dómi réttarins sjóveðréttur í v/b Helga, Ve 333, fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum, en við þingfestingu málsins féll hann frá þessari kröfu, vegna þess að skipið hafði þá farizt óvátryggt.

Stefndi mætti í málinu og gerði þær réttarkröfur, að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér yrði tildæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati réttarins.

Dómur gekk í máli þessu í héraði hinn 20. október 1951. En í Hæstarétti hinn 5. marz s.l. var héraðsdómurinn ómerktur svo og málsmeðferð frá 25. maí 1950 og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju, vegna þess að sönnur voru ekki að því leiddar, að héraðsdómur hefði leitað um sættir í málinu. Málið var tekið fyrir að nýju í héraði hinn 29. apríl s.l. og lagt í dóm að flutningi loknum hinn 29. f. m., eins og fyrr segir.

Málsatvik eru eftirfarandi:

Um áramótin 1942—1943 réðst stefnandi á skip stefnda, v/b Helga,

Ve 333. Var hann síðan á skipinu, að því er virðist óslitið, til haustsins 1948. Fór hann þá af skipinu og hvarf úr þjónustu stefnda. Kveðst hann þá hafa átt inni stórar fjárhæðir hjá stefnda í vangoldnu kaupi. Hefur hann lagt fram reikning frá stefnda yfir viðskipti þeirra á árinu 1947, og sýnir reikningurinn inneign stefnanda í ársbyrjun kr. 6263.65, en kr. 18.475.58 í árslok.

Í framhaldi af þessum reikningi hefur stefnandi lagt fram reikning, er hann hefur sjálfur samið, yfir viðskipti sín við stefnda á árinu 1948, og er hann á þessa leið:

1948, 1. jan.	Inneign		18.475.58
	Aflahlut úr 4142 málum á ca kr. 31.00 pr. mál		4 494.00
	Kaup í 47 daga, kr. 360.00 pr. mánuð		564.00
	Kaup í siglingu í ca 3 mán., kr. 2700.00 pr. mán.		8.100.00
	Prósentur af aflasölum í Englandi, 0.31% af ca kr. 450.000.00		1.395.00
	Úttekið frá 1/1—31/5 ca	8.000.00	
		Kr. 8.000.00	33.028.58
	Inneign		25.028.58

Niðurstaða reikningsins, kr. 25.028.58, að frádregnum kr. 0.58, er stefnukrafa málsins.

Stefnandi kveðst ekki hafa fengið í hendur reikning frá stefnda yfir viðskipti þeirra á árinu 1948, og tók hann það strax fram í upphafi málsins, að reikningur sinn væri bráðabirgðareikningur, og krafðist þess jafnframt, að hann yrði lagður til grundvallar, eins og hann væri, ef stefndi legði ekki fram viðskiptareikning sinn. Þrátt fyrir þetta hefur stefndi engan viðskiptareikning lagt fram. Við aðiljayfirheyrslu í málinu taldi stefnandi, að tekjuliðir reiknings síns væru réttir eða mundu láta nærri, en við hinn munnlega flutning hélt umboðsmaður hans því fram, að þeir mundu vera of lágir, bæði að því er snerti síldarverð og sölu í Englandi, án þess þó að hann sýndi fram á, hverjar væru hinar réttu tölur. Úttektarlið reikningsins kvað stefnandi eingöngu lúta að peningaúttektum sínum á árinu, og kvaðst hann halda, að engin vöruúttekt væri þar innifalin og mundi hún því vera vantalin í reikningnum. Hins vegar hefði vöruúttekt sín hjá stefnda á árinu 1948 numið litlum fjárhæðum, að hans áliti varla undir 500.00 kr., en varla yfir 2000.00 kr.

Áður en mál þetta hófst, en eftir að stefnandi hætti störfum hjá stefnda, höfðaði hann mál gegn stefnda út af vangoldnum kaupkröfum og, að því er hann sjálfur segir, fyrir litlum hluta inneignar sinnar. Segir hann, að sér hafi jafnan gengið treglega að fá greiðslur hjá stefnda, og viðskiptareikning hafi hann aðeins fengið

árlega og ekki fyrr en nokkuð var komið fram á næsta ár. Er komið var fram á árið 1948, kveðst hann hafa fengið viðskiptareikning sinn fyrir árið 1947, og sýndi hann þá innstæðu, sem áður er tilgreind. Stefndi taldi, er hann hafði athugað reikninginn, að innstæða sín væri of lítil, þar eð kaup sitt á árinu væri vanreiknað að ýmsu leyti. Jafnframt komst stefnandi að því, að stefndi vanreiknaði kaup hans á árinu 1948. Atvikaðist það þannig, að annar vélstjóri bátsins hafði fengið viðskiptareikning mánaðarlega á árinu 1948, og taldi hann, að stefndi drægi ranglega af kaupi hans. Átti hann tal um þetta við stefnanda og fyrsta vélstjóra, og voru þeir á sömu skoðun, er þeir höfðu athugað reikningana. Bjuggust þeir þá við, að stefndi mundi á sama hátt draga af kaupi þeirra. Fóru þeir svo báðir á fund stefnda og kom þá í ljós, að þetta var rétt. Taldi stefndi, að þeim bæri minna kaup en þeir sjálfir álitu, að þeir ættu tilkall til. Um það bil viku eftir að stefnandi hætti störfum hjá stefnda, kveðst hann hafa farið til hans og beðið um uppgjör. Bað þá stefndi stefnanda að koma seinna, og lét stefnandi það gott heita. Kom stefnandi síðan tvisvar í sama skyni á skrifstofu hans og hitti hann í síðara skiptið. Sagði þá stefndi, að frekar illa stæði á fyrir sér með peninga, enda hafði síldveiði brugðizt um sumarið, og spurði, hvort honum lægi mjög á að fá greiðslu. Svaraði stefnandi því neitandi, og sagði þá stefndi honum að koma síðar til þess að fá uppgert. Fór stefnandi burt við svo búið. Upp úr þessu fór stefnandi til Jóns Eiríkssonar héraðsdómslögmanns og beiddi hann aðstoðar. Ákváðu þeir að höfða mál gegn stefnda og, að því er þeir telja, eingöngu út af þeim hluta af kaupkröfum stefnanda, er stefndi vildi ekki viðurkenna. Ritaði Jón Eiríksson síðan stefnu, og er hún á þessa leið:

„Mér hefur tjáð Hjálmar Jónsson, Vesturveg 34, hér í bæ, að hann þurfi að höfða mál fyrir sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja á hendur Helga Benediktssyni útgerðarm., hér í bæ, til greiðslu á vangoldnum stýrimannslaunum, kauptryggingu á síldveiðum, strandsiglingaþóknun og fæðishlunnindum á árunum 1947 og '48, allt til samans kr. 2879.50, ásamt 5% ársvöxtum frá deginum í dag að telja og til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Fyrir því stefnist hér með, með sólarhrings stefnufresti, nefndum Helga Benediktssyni fyrir sjó- og verzlunardóm Vestmannaeyja, sem haldinn verður að Tindastóli, fimmtudaginn 30. september n. k., kl. 4½ e. h.", o. s. frv.

Stefna þessi var gefin út 28. september 1948, og er hún hafði verið birt stefnda, boðaði hann stefnanda og Jón Eiríksson á sinn fund. Komu þeir báðir til hans 30. september, og varð þá að samkomulagi, að stefndi fengi fullnaðarkvittun fyrir stefnukröfunni ásamt kostnaði með greiðslu á kr. 3000.00. Greiddi stefndi síðan upphæðina, og kvittuðu þeir báðir, stefnandi og Jón Eiríksson, á eftirrit af stefnunni, og er kvittun þeirra á þessa leið:

„Framanrituð stefnukrafa er mér að fullu greidd með kr. 3000.00 þrjú þúsund krónum og er þar með öllum kröfum mínum fullnægt.

Ve., 30. 9. 1948.

Hjálmar Jónsson

Samþykkur:

Jón Eiríksson".

Að þessu loknu mætti Jón Eiríksson í sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja á tilskildum tíma og lét þar þingfesta málið og síðan hefja það. Auk stefnu lagði hann fram greinargerð, en reikning hins vegar ekki. Í greinargerðinni er stefnukrafan sundurliðuð og jafnframt gerð grein fyrir hinum einstöku liðum. Tekið er fram, að stefndi hafi ekki viljað viðurkenna né greiða þessa kröfuliði, og einnig er stefnanda geymdur réttur til sjálfstæðrar málshöfðunar, ef ágreiningur kynni að rísa út af frekari viðskiptum aðiljanna, eftir því sem viðskiptareikningur kynni að gefa tilefni til.

Hinn 14. janúar 1949 kveðst stefnandi síðan hafa komið á skrifstofu stefnda og átt tal við hann. Ætlaði stefnandi þá að fara að semja skattskýrslu sína og þurfti að fá uppgefna inneign sína hjá stefnda um áramótin. Kveðst hann hafa spurt stefnda, hver hún væri, hvað laun sín hjá honum hefðu numið miklu á árinu og hvenær hann gæti vænzt þess að fá uppgert. Hafi þá stefndur svarað því til, að viðskipti þeirra hefðu verið gerð upp að fullu hinn 30. september s.l., og síðan hefði stefnandi tekið eitthvað smávegis út í verzlunum sínum og skuldaði sér því eitthvað lítils háttar. Kvaðst stefnandi þegar hafa andmælt þessu og tekið fram, að greiðsla stefnda hinn 30. september 1948 og kvittunin, sem hann fékk fyrir greiðslunni, hafi aðeins lotið að þeim kröfum, sem ágreiningur var um og stefnt var út af, en ekki þeim, sem ágreiningslausar voru. Þessu hafi stefndur mótmælt og sagt, að hann byggist við, að kvittunin héldi.

Eftir þetta höfðaði stefnandi mál gegn stefnda til greiðslu inneignar sinnar, en það mál var hafið og höfðað að nýju með þessu máli, og gerir stefnandi þær réttarkröfur, sem fyrr greinir.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að viðskipti sín við stefnanda hafi verið gerð upp að fullu hinn 30. september 1948. Skýrir hann svo frá, að í september það ár hafi stefnandi komið til sín og hafi þá orðið að samkomulagi, að viðskipti þeirra yrðu gerð upp á ákveðnum tíma, en áður en til þess kæmi, hafi hann fengið stefnu frá honum fyrir inneign sinni. Kveðst stefndi þá hafa hringt til Jóns Eiríkssonar, þar sem hann þóttist vita, að hann stæði bak við málssóknina. Varð það til þess, að upp úr hádeginu þann 30. september hafi stefnandi og Jón Eiríksson komið á skrifstofu sína og hafi þá skipti þeirra verið gerð upp, eins og þeir óskuðu, og þeir gefið honum kvittun á stefnuna, eins og áður er greint. Eftir þetta hafi stefnandi ekkert unnið hjá honum, en hins vegar hafi stefnandi

fengið lánaða smámuni úr verzlunum hans og skuldi honum því eitthvað smávegis.

Jón Eiríksson hdl. hefur gefið vitnaskýrslu í málinu og staðfest hana með eiði. Sagði hann meðal annars, að hann hefði samið stefnuna fyrir stefnanda, sem gefin var út 28. september 1948 og áður er getið um, og hafi verið tilætlunin, að stefnan lyti aðeins að þeim kröfuliðum, sem ágreiningur var um milli aðilja. Hafi þetta einnig komið til orða, er stefndi greiddi stefnukröfuna hinn 30. september 1948, og hafi þá stefndi lýst yfir því, að innstæða stefnanda samkvæmt bókum sínum stæði óbreytt þrátt fyrir greiðslu stefnukröfunnar. Stefndi hefur hins vegar algerlega neitað, að nokkuð væri hæft í þessu.

Þá hefur stefnandi lagt fram vottorð frá Jóni Eiríkssyni hdl. sem skattstjóra í Vestmannaeyjum. Segir þar, að samkvæmt framtali stefnda fyrir árið 1949 sé stefnandi meðal skuldheimtumanna hans með inneign hinn 31. desember 1948, að fjárhæð kr. 20.712.45.

Stefndi hefur ekki sérstaklega mótmælt þessu vottorði, en hins vegar hefur hann lagt fram eftirrit af bréfi til sín frá Óskari Sigurðssyni, löggiltum endurskoðanda, dags. 15. febrúar 1951. Segir í bréfi þessu, að á skrá um skuldunauta og skuldheimtumenn, sem fylgdu uppgjöri stefnda fyrir árið 1949, séu heimilisföng viðkomandi manna ekki tilgreind, en skrár þessar kvaðst endurskoðandinn hafa látið rita upp eftir listum frá stefnda, sem höfðu engar upplýsingar að geyma umfram nöfn og upphæð. Á listum þessum sé maður, að nafni Hjálmar Jónsson, talinn með inneign að fjárhæð kr. 20.712.45, en annar Hjálmar Jónsson með skuld að upphæð kr. 7889.51. En þar eð heimilisföng séu ekki tilgreind frekar en við önnur nöfn á listunum, sé ekki unnt fyrir sig samkvæmt þessum listum að segja til um, við hvaða mann sé átt.

Stefndi hefur ekki gefið upp, við hvaða menn væri átt, sem báru nafn stefnanda á umræddum skrám, er fylgdu framtali hans fyrir árið 1949. Hann hefur ekki neitað því, að annar þeirra væri stefnandi. Kunnugt er, að einn alnafni stefnanda er hér í bænum, en ekki þykir sennilegt, að hann hafi átt stórar fjárhæðir inni hjá stefnda. Og með því að stefndi hefur þrátt fyrir gefin tilefni látið hjá líða að leggja fram viðskiptareikning stefnanda fyrir árið 1948, verður að ganga út frá, að samkvæmt bókhaldi stefnda sé stefnandi skrifaður fyrir inneign að fjárhæð kr. 20.712.45 í árslok 1948, eins og segir í vottorði skattstjórans. Af þessu leiðir, að kaupkrafa stefnanda hefur ekki fallið niður fyrir greiðslu, og kemur þá til athugunar, hvort hún kunni að vera niður fallin af öðrum ástæðum.

Rétt er að vísu, að orðalag stefnunnar, sem stefnandi lét gefa út í september 1948 og áður er tilfærð, bendir til, að stefnt sé út af heildarkröfum stefnanda, og af orðalagi kvittunarinnar, sem stefnandi og málflutningsmaður hans undirrituðu á stefnueftirritið, mætti ætla, að um fullnaðarskil hefði verið að ræða. En þar eð ekki kemur

fleira til, og innstæða stefnanda nam verulegum fjárhæðum, virðist ekki unnt að líta svo á, að stefnandi hafi með þessu gefið stefnda ástæðu til að ætla, að hann gæfi honum eftir innstæðu sína. Verður því ekki talið, að krafan sé niður fallin fyrir eftirgjöf, og leiðir það til þess, að telja verður hana enn í gildi, þar eð öðrum sýknuástæðum virðist ekki til að dreifa.

Stefndi hefur ekki gert athugasemdir við einstaka liði á reikningi stefnanda og ekki lagt fram viðskiptareikning hans fyrir árið 1948, eins og þegar hefur verið tekið fram. Verður reikningur stefnanda því tekinn til greina, eins og hann er, að því undanskildu, að rétt þykir að lækka hann vegna vöruúttektar á árinu 1948, sem stefnandi taldi, að mundi vera vanfærð á reikningnum, eins og fyrr segir. Virðist eftir atvikum hæfilegt að áætla, að hún hafi numið kr. 1000.00, enda hefur stefndi ekki hirt um að upplýsa, hve miklu hún næmi. Verður því niðurstaða málsins, að stefndi verður dæmdur til að greiða kr. 24.028.00 ásamt 6% ársvöxtum, sem reiknast frá 1. janúar 1949 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnandanum, Hjálmari Jónssyni, kr. 24.028.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1949 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. marz 1955.

Nr. 55/1954. **Ákæruvaldið** (Vagn E. Jónsson hdl.)

gegn

Jóni Sigurðssyni (Sveinbjörn Jónsson)

og

Sveini Einarssyni (Einar B. Guðmundsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Líkamsárás. Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir að máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar, hafa ný próf farið fram í því. Vitnin Tómas Albertsson, Einar Jóhann

Einarsson, Guðrún Lára Guðmundsdóttir, Árni Þór Jónsson, Jón Kristinn Halldórsson, Róbert Freeland Gestsson, Kristólína Þorleifsdóttir, Sverrir Ragnar Bjarnason og Bjarni Bjarnason læknir hafa staðfest framburð sinn með eiði, en það hafði verið látið undir höfuð leggjast í héraði. Þá hefur vitnið Sigurður Örn Einarsson verið samprófað við ákærða Svein Einarsson. Hefur vitnið haldið fast við framburð sinn í höfuðdráttum, en kveðst þó ekki beinlínis geta sagt um, hvort maður sá, er síðar reyndist ákærði Sveinn, hafi barið Tómas Albertsson, en sér hafi virzt hann veitast að honum. Staðfesti vitni þetta einnig framburð sinn með eiði. Loks hafa vitnin Sigríður Erla Guðmundsdóttir og Ingveldur Einarsdóttir verið samprófuð, og töldu þær báðar sig hafa reynt að skýra samvizkusamlega frá atvikum, en muna nú atvik óljósar en þá. Unnu þær báðar eið að framburði sínum.

Þá hafa hér fyrir dómi verið lögð fram ný vottorð um heilsufar Árna Björnssonar. Verður greint frá þeim síðar.

I. Þáttur ákærða Jóns Sigurðssonar.

A. Árás á Tómas Albertsson.

Með vætti vitna, sem rakin eru í héraðsdómi, og að nokkru leyti með játningu ákærða sjálfs er sannað, að hann veittist tilefnislaust með hnefahöggum að Tómasi Albertssyni prentara, sem var maður hálfsextugur og gat lítið viðnám veitt, enda miður sín af áfengisnautn. Greiddi ákærði Jón Tómasi nokkur andlitshögg, unz hann hneig niður. Meðan hann lá fallinn á götunni, laust ákærði hann enn höfuðhögg eitt eða fleiri, og hefur vitni lýst aðförum ákærða sem mjög fólskulegum. Þá er og leitt í ljós með vætti vitna, að er Tómas reyndi að kalla á hjálp, vafði ákærði Jón frakka hans um höfuð honum, til að kæfa köll hans. Loks er sannað með játningu ákærða Jóns og samhljóða skýrslu ákærða Sveins, að Jón samþykkti uppástungu hins síðarnefnda um að „ræna“ Tómas. Verður nánar að því vikið, þegar rætt verður um þátt ákærða Sveins í afbroti þessu.

Áverkum þeim, sem Tómas Albertsson hlaut af árás ákærða Jóns Sigurðssonar, er lýst í héraðsdómi. Var Tómas vikutíma

frá störfum sökum meiðsla þessara. Þykir árásin varða við 217. gr. alm. hegningarlaga, nr. 19/1940, og hefur ákærði Jón því með henni gerzt brotlegur við þá lagagrein. Með samþykki sínu á uppástungu Sveins Einarssonar um fjártöku af Tómasi hefur hann gerzt sekur um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, svo sem í héraðsdómi greinir.

B. Meiðsli á Árna Björnssyni.

Þá kemur til athugunar, hvort sannað telst, að ákærði Jón Sigurðsson sé valdur að hinum stórkostlegu meiðslum, sem Árni Björnsson tónskáld hlaut í umrætt skipti. Telja verður ljóst af vottorði Bjarna læknis Bjarnasonar, sem greint er frá í héraðsdómi, svo og þegar litið er til innri áverka og hinna miklu blæðinga, sem Árni hlaut, að hann hefur orðið fyrir miklum höggum í andlit, sem sennilega hafa verið greidd honum með krepptum hnefa, enda styðst það við álit Læknaráðs. Að einhverju leyti kunna áverkar hans að stafa af hörðu falli, sem leitt hafi af árásinni. Eftir því sem leitt er í ljós um feril Árna umrædda nótt, getur engum öðrum verið til að dreifa um árásina en ákærðu í máli þessu. Þegar nú litið er til aðfara ákærða Jóns gagnvart Tómasi Albertssyni í sömu andrá og Árna var veittur áverki svo mikill, að hann féll meðvitundarlaus til jarðar, stillilegrar framkomu ákærða Sveins að vætti vitna, þess framburðar hans, að ákærði Jón hafi undið sér að Árna og hafi sér virzt hann slá hann, enda hafi hann kastazt út af gangstéttinni, og loks þegar virt er sú játning ákærða Jóns, „að vera megi, að hann hafi slegið Árna", og að hann geti „vel trúað því, að hann hafi lagt eitthvað til hans", þykir ekki varhugavert að telja nægjanlega í ljós leitt, að það hafi verið ákærði Jón, en ekki ákærði Sveinn, sem greiddi Árna Björnssyni högg þau, er hinir miklu áverkar hans stafa beint eða óbeinlínis af. Árás þessi á Árna, sem ekki gat borið hönd fyrir höfuð sér og var því varnarlaus með öllu, var gerð án nokkurra saka af hans hálfu.

Áverkum Árna Björnssonar og afleiðingum þeirra til vors 1953 er lýst í héraðsdómi. Um heilsufar hans síðan er þetta leitt í ljós:

Samkvæmt vottorði Gríms læknis Magnússonar, dags. 18.

nóvember 1954, hafði heilsufar Árna þá tekið þessum breytingum, frá því að sami læknir gaf vottorð það, dags. 31. janúar 1953, sem rakið er í héraðsdómi:

„Árni á nú auðveldara með allar hreyfingar, getur gengið staflaust og ratar talsvert um bæinn, svo að hann getur farið út án umsjár. Hann man nokkru betur nöfn og atburði en áður og áttar sig á tímatalinu. Hann kann hvorki að lesa né skrifa, en þekkir alla stafi og getur stautað einföldustu orð. Skilningur hans og hugsun nær ekki út fyrir það allra einfaldasta, og framkoma hans líkist mest framkomu 2—3 ára barns.

Af þessu er ljóst, að framför hefur verið mjög lítil, einkum á andlega sviðinu, og er Árni því nálega jafn ósjálfbjarga og áður. Engar líkur eru til þess, að Árni nái bata, sem neinu nemur, fram yfir þetta, en talsverðar líkur á, að alvarleg eftirköst eigi eftir að koma fram, t. d. flogaveiki."

Hinn 4. þ. m. vottar sami læknir, að heilsufar Árna megi heita „alveg óbreytt", frá því að hann skrifaði síðasta vottorð, „hvorki miðað í átt til bata og ekki heldur versnað".

Sama dag vottar Úlfar Þórðarson augnlæknir á þessa leið um sjón Árna:

„Undirritaður hefur undanfarin ár fylgzt með sjón Árna Björnssonar pianóleikara, Mjóuhlíð 10, og get vottað, að sjón hans er í öllum aðalatriðum sú sama og ég vottaði þ. 7/5 1953, sem sé sjón á vinstra auga, (sem er hið skaddaða), einungis ljósskynjun fyrir framan augað, sem er, að augað skynjar ljós fyrir framan augað í ca 20 sm fjarlægð, en ekki handhreyfingar í sömu fjarlægð."

Samkvæmt þessu hefur Árni Björnsson hlotið blindu á vinstra auga af framangreindri árás, svo að það er honum algerlega ónýtt, enn fremur andlega lömun, sem m. a. veldur því, að hann getur hvorki lesið né skrifað og má teljast ósjálfbjarga eins og barn. Eru engar líkur taldar á því, að þetta breytist til batnaðar.

Áverkar þeir, sem nú hefur verið lýst, eru slíkir sem um ræðir í 218. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða Jóns fyrir líkamsárásir hans á þá Tómas og Árna, eins og á stóð og nú hefur verið lýst, svo og fyrir þátttöku

hans í fjárstuldi af Tómasi Albertssyni hæfilega ákveðin fangelsi 4 ár.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um skaðabótagreiðslu ákærða Jóns til Tómasar Albertssonar.

II. Þáttur ákærða Sveins Einarssonar.

Svo sem greint er frá í héraðsdómi, voru þeir ákærðu Jón og Sveinn saman umrædda nótt. Ekki er í ljós leitt gegn neitun ákærða Sveins, að hann hafi veitt ákærða Jóni lið í viðureign hans við Tómas Albertsson að öðru leyti en því, að eftir að Tómas var hniginn niður undan höggum Jóns og var orðinn meðvitundarlaus eða meðvitundarlítill, hjálpuðust ákærðu að við að draga hann að bifreið, sem stóð í námunda á götunni. Ekki er vitað, í hvaða skyni það var gert. Litlu síðar stakk ákærði Sveinn upp á því við ákærða Jón, hvort þeir ættu ekki „að ræna hann" (þ. e. Tómas), eða eitthvað á þá leið. Er ákærði Jón hafði samþykkt það, fór ákærði Sveinn í vasa Tómasar og tók þaðan veski hans og úr því þá peninga, sem í því voru, kr. 220.00. Að því búnu stakk hann veskinu aftur í vasa Tómasar.

Með fjártöku þessari hefur ákærði Sveinn gerzt sekur um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar hans ber að líta til þess, að Tómas var hniginn til jarðar og að minnsta kosti meðvitundarlítill eftir árásir ákærða Jóns. Verður og eftir öllum atvikum ekki lagður trúnaður á þá frásögn ákærða Sveins, að hann hafi ætlað sér að skila Tómasi peningum hans aftur. Þykir refsing ákærða Sveins hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla eftir 5 ár frá uppsögu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 haldin.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldsvistar ákærðu og um sviptingu réttinda.

Ákærðu greiði hvor um sig laun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, kr. 2500.00 til hvors. Allan annan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í héraði, kr. 1200.00 til hvors, og laun skipaðs sækjanda í

Hæstarétti, kr. 3000.00, greiði ákærði Jón Sigurðsson að ⅔ hlutum, en ákærðu báðir in solidum að ⅓ hluta.

Dómsorð:

Ákærði Jón Sigurðsson sæti fangelsi 4 ár.

Ákærði Sveinn Einarsson sæti fangelsi 6 mánuði, en fullnustu refsingar hans skal frestað og niður skal hún falla að liðnum 5 árum frá uppsögu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla laga nr. 19/1940 haldin.

Ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæzluvarðhaldsvistar ákærðu, um sviptingu réttinda þeirra og um skaðabætur staðfestast.

Ákærði Jón Sigurðsson greiði málsvarnarlaun verjanda síns í Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2500.00.

Ákærði Sveinn Einarsson greiði málsvarnarlaun verjanda síns í Hæstarétti, Einars Baldvins Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2500.00.

Allan annan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í héraði, Sigurgeirs Jónssonar héraðsdómslögmanns og Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00 til hvors, og málssóknarlaun sækjanda í Hæstarétti, Vagns Jónssonar héraðsdómslögmanns, kr. 3000.00, greiði ákærði Jón Sigurðsson að ⅔ hlutum, en ákærðu báðir in solidum að ⅓ hluta.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. marz 1954.

Ár 1954, föstudaginn 12. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 703—704/1954: Ákæruvaldið gegn Jóni Sigurðssyni og Sveini Einarssyni, en mál þetta var tekið til dóms 25. f. m.

Með ákæruskjali, útgefnu af dómsmálaráðherra hinn 17. desember

f. á., eru Jón Sigurðsson, Miðstræti 10, og Sveinn Einarsson rennismiðanemi, sama stað, ákærðir fyrir að hafa gerzt sekir um: „1) Að því er Jón varðar, rán og líkamsárás samkvæmt 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og 218. gr. sömu laga, en til vara hlutdeild í gripdeild eða þjófnaði samkvæmt 245. gr. almennra hegningarlaga eða 244. gr. sömu laga, sbr. 22. gr. sömu laga, og líkamsárás samkvæmt 218. gr. sömu laga og 2), að því er Svein varðar, rán samkvæmt 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, en til vara gripdeild eða þjófnað samkvæmt 245. gr. eða 244. gr. sömu laga, *með því* 1), að því er Jón varðar, að ráðast aðfaranótt 14. júní 1952 á Tómas Albertsson og Árna Björnsson á Bjargarstíg í Reykjavík og berja þá báða þannig, að Tómas féll í rot, en Árni hlaut mjög stórvægileg meiðsli, og samþykkja síðan, að meðákærður Sveinn tæki peninga, kr. 220.00, sem Tómas hafði í fórum sínum, er hann lá í roti á götunni, og 2), að því er Svein varðar, að taka peninga, kr. 220.00, af Tómasi Albertssyni, þar sem hann lá í götunni, eftir að meðákærður Jón hafði barið hann í framangreint skipti".

Krafizt er, að ákærðu verði látnir sæta refsingu, sviptir réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og dæmdir til greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna, Jón fæddur 21. nóvember 1928 á Raufarhöfn, og Sveinn 15. júní 1929, einnig á Raufarhöfn. Sveinn hefur ekki sætt refsingu fyrr, en Jón var 11. maí 1950 dæmdur í aukarétti Reykjavíkur í 2 mánaða fangelsi skilorðsbundið fyrir þjófnað.

Málavextir eru sem hér segir:

Kl. 4.55 aðfaranótt laugardagsins 14. júní 1952 var símleiðis beðið um lögregluaðstoð að Bjargarstíg vegna ölvaðra manna, er þar væru á götunni. Lögregluþjónarnir Þórður Benediktsson og Finnbogi Sigurðsson fóru á staðinn. Þar voru fyrir á götunni þrír ölvaðir menn, ákærðu í máli þessu og Tómas Albertsson prentari, Tómasarhaga við Laugarásveg, 55 ára að aldri. Þar lá og maður á götunni meðvitundarlaus. Var þetta Árni Björnsson tónskáld, Mjóuhlíð 10, hér í bæ. Hann hafði nokkurn áverka á höfði. Töldu lögregluþjónarnir, að meðvitundarleysi hans stafaði af ofurölvun. Var honum lyft inn í bifreið lögreglunnar og ekið síðan til lögreglustöðvarinnar. Þar var Árni borinn inn, og er ekki ljóst, hvort hann var borinn inn á börum eða á annan hátt. Á lögreglustöðinni hélt Tómas því fram, að ákærðu hefðu tekið af honum peninga, en því neituðu ákærðu. Leitað var á Tómasi, og fannst á honum veski hans peningalaust. Tómas taldi, að það mundi hafa verið Jón, sem hafði svipt hann peningunum. Var leitað á Jóni, og fundust á honum hátt á 5. hundrað krónur í umslagi. Þrír hundraðkrónuseðlar voru samanbrotnir, og kvaðst Jón geyma þá peninga fyrir kunningja sinn. Upphæð afgangsins var að vætti Magnúsar Sigurðssonar lögregluvarðstjóra nær sú sama, er

rituð var á umslagið, er var launagreiðsluumslag. Var Jóni leyft að fara með peninga þessa. Á Sveini var ekki leitað, og var honum sleppt við svo búið. Árni var fluttur heim til sín í lögreglubifreið, og var hann borinn á börum út í bifreiðina og úr henni inn til sín. Lögregluvarðstjórinn heldur því fram, að hringt hafi verið á læknavarðstofuna eftir lækni, en hann hafi ekki verið viðstaddur. Samkvæmt vætti lögreglumanna virðast lítil ölvunarmerki hafa verið á Sveini, en nokkur á Jóni.

Næsta dag eftir hádegi hóf rannsóknarlögreglan rannsókn í máli þessu, en þá var komið í ljós, að Árni mundi alvarlega slasaður, enda enn meðvitundarlaus, og Tómas var rúmliggjandi. Var þá þegar náð í ákærðu báða og þeir, að yfirheyrslu lokinni, settir í hald, og daginn eftir voru þeir úrskurðaðir í gæzluvarðhald.

Verður nú rakið það, sem fram hefur komið um atburði þá, er áttu sér stað á Bjargarstíg umrædda nótt. Eru um þá til frásagnar ákærðu báðir og Tómas Albertsson, enn fremur vitni nokkur, er þó sáu ekki upphaf þess, er þarna gerðist. Um Árna er það að segja, að af honum verður ekki tekin skýrsla, sbr. það, er síðar verður rakið um meiðsli hans.

Að kvöldi hins 13. júní var í húsi Tónlistarfélagsins Þrúðvangi við Laufásveg haldin gleði nokkur fyrir þýzka tónlistarmenn, er verið höfðu í heimsókn hér, en ætluðu utan næsta morgun. Þarna voru þeir staddir Tómas Albertsson og Árni Björnsson. Þarna var ölteiti, og kveðst Tómas hafa komizt undir áfengisáhrif, og er minni hans um atburði næturinnar næsta slitrótt. Kvöld þetta höfðu ákærðu setið að drykkju um borð í Lagarfossi. Fóru þeir þaðan einhvern tíma alllöngu eftir miðnætti og skildu við samferðafólk sitt, að því er virtist, utan við Miðstræti 10. Ákærðu skýra báðir svo frá, að skömmu síðar hafi þeir af hendingu lent í samsætinu í Þrúðvangi. Hafi þeir gengið framhjá húsinu og hitt þar fyrir utan Jón Magnús Pétursson pianóleikara, er verið hafi þar mjög drukkinn og boðið þeim að líta inn. Ekki geta ákærðu gefið skýringu á því, hvað þeir voru að vilja niður á Laufásveg. Jón Magnús kveðst ekki minnast þess, að hann byði neinum þarna inn, en tekur fram, að hann hafi verið drukkinn og muni lítt, hvað gerðist. Ákærði Sveinn kveðst í hófinu hafa gefið sig á tal við Árna Björnsson, er hann hafi kannazt lítið eitt við, og hafi þeir Jón og hann fylgzt síðan burt með Árna. eftir að þeir félagar hafi verið beðnir að hafa sig burt. Jón segir einnig, að þeir hafi fylgzt með Árna burt. Björn Ólafsson fiðluleikari, er sá um samsætið, kveðst minnast þess, að hann hafi beðið einhverja óviðkomandi menn að fara burt, nokkru áður en hófinu var slitið, en það var kl. að ganga 5. Tómas sagði í fyrstu, að hann hefði farið úr Þrúðvangi í fylgd með Árna, en kvaðst ekki síðar geta um það sagt, enda fær sú frásögn hans ekki staðizt, sbr. það, er síðar getur.

Ákærðu segja nú, að þeir hafi gengið ásamt Árna frá Þrúðvangi,

og hafi það atvikazt svo, að leið þeirra hafi legið heim til ákærðu í Miðstræti 10. Þar inni hafi þeir setið nokkra stund. Hafði Árni meðferðis fiðlu eins Þjóðverjanna, svo og tvö brauðföt eða diska. Ákærðu segja, að meðan þeir stóðu við heima, hafi þeir eitthvað verið að fikta við fiðluna. Framburður ákærðu um komuna í Miðstræti styrkist af vætti Guðrúnar Jónsdóttur saumakonu, er býr í Miðstræti 10, 2. hæð, beint yfir herbergi ákærðu, en hún segist hafa vaknað einhvern tíma umrædda nótt við hávært mannamál og hlátur í herbergi ákærðu. Virtist henni einhverjir eða einhver mundi vera í fylgd með ákærðu, og hún kveðst hafa heyrt einhver óvenjuleg hljóð, er hún telur, að hafi stafað frá hljóðfæri.

Ákærðu héldu nú burt með Árna. Höfðu þeir áður, að sögn Sveins, boðið honum gistingu, því að þeir töldu hann ofurölva, en hann þekktist eigi það boð. Þeir héldu út á Skálholtsstíg og upp þá götu og áfram Bjargarstíginn. Þeir hittu á þessari leið einhvers staðar Tómas Albertsson. Gerast nú þeir atburðir, sem eru þungamiðja málsins, og er ýmislegt óljóst um þá. Verður að rekja hér einstaka framburði.

Tómas Albertsson skýrði, sem fyrr segir, fyrst svo frá, að hann hafi verið á ferð með Árna, er ákærðu hefðu orðið á vegi þeirra. Hefðu þeir farið að glettast við þá félaga, og kveðst Tómas muna, að annar hafi tekið af honum hattinn. Síðan hafi hann verið sleginn af einhverjum, og muni hann síðan ekki eftir sér um stund, en er hann hafi raknað við aftur, hafi hann séð Árna liggja á götunni meðvitundarlausan, og einhver hafi verið að stumra yfir honum. Síðan hafi komið lögreglubifreið, og hann, Árni og tveir aðrir menn verið fluttir á lögreglustöðina. Þar hafi hann komizt að raun um, að 220 kr. voru horfnar úr veski hans. Ekki gat Tómas gert sér fulla grein fyrir, hvort þeir, sem fluttir voru með honum á lögreglustöðina, voru hinir sömu sem ráðizt höfðu á hann og Árna. Er framburður Tómasar nokkuð óljós og ber með sér, að hann man óglöggt atburði næturinnar.

Ákærði Jón ber mjög við minnisleysi. Hann skýrði í upphafi svo frá, að er þeir þrír gengu frá Miðstræti 10, hafi Sveinn leitt Árna og, að því er hann minni, haldið á fiðlunni. Þegar Tómas hafi slegizt í hópinn, kveðst Jón hafa farið að glettast við hann, meðal annars slegið af honum hattinn. Út úr þessu hafi komið til illinda meðal þeirra, og kveðst Jón hafa barið hann eitthvað, en Tómas muni hafa tekið eitthvað á móti. Taldi hann sig þó ekki muna til, að Tómas félli til jarðar. Jón kvaðst hafa séð það til Árna og Sveins, að Sveinn hafi sleppt taki, er hann hafði á Árna, og hafi Árni þá fallið í götuna, en Sveinn síðan farið að stumra yfir honum, en beðið síðan einhvern vegfaranda að hringja til lögreglunnar. Öllu neitaði Jón um peningatöku af Tómasi Albertssyni.

Ákærði Sveinn skýrði í upphafi frá á svipaðan hátt, kvað þá félaga hafa leitt Árna, en er Tómas hafi hitt þá, hafi komið til einhverra

ryskinga meðal þeirra. Kveðst Sveinn síðan hafa ætlað að skakka leikinn og sleppt Árna, en Árni hafi þá fallið á götuna. Fullyrti Sveinn þá, að hvorugur þeirra ákærðu hefði blakað hið minnsta við Árna. Kveðst Sveinn síðan hafa farið að stumra yfir Árna. Sveinn kveðst hafa beðið mann, er komið hafi þarna að, að hringja til lögreglu, og beðið, unz lögregluþjónar komu.

Fyrir sakadómi 19. júní breytti Sveinn framburði sínum. Hann skýrði nú svo frá, að til viðureignar hafi komið milli Jóns og Tómasar, og telur hann Jón muni hafa átt upptök að þeim, þótt ekki hafi hann fylgzt vel með þeim í fyrstu. Hann minnist þess, að Jón kallaði: „Sláðu þá, Sveinn". Hafi þeir Tómas og Jón þá verið rétt hjá þeim Árna. Sveinn kveðst nú hafa sleppt Árna, og þá hafi Jón ruðzt á milli þeirra, patandi með hendurnar út í loftið. Í þeim svifum hafi Árni fallið til jarðar. Ekki kveðst Sveinn þó beinlínis hafa séð Jón slá Árna. Hefur og Sveinn ekki heldur síðar viðurkennt beinlínis, að hann hafi séð Jón slá Árna, en hræddur kveðst hann þó um, að svo hafi verið. Í síðari yfirheyrslum lýsir Sveinn því, að hann telji, að Árni hljóti að hafa orðið fyrir höggi eða hrindingu, miðað við það, hve langt hann kastaðist út á götuna. Og sé ekki öðrum til að dreifa en Jóni til að hafa veitzt þannig að Árna. Sjálfur hefur Sveinn haldið fast við það ætíð, að hann hafi hvorugan þeirra Árna eða Tómasar slegið né beitt ofbeldi á annan hátt.

Hinn 19. júní játaði Sveinn einnig peningatöku þeirra félaga af Tómasi. Nánar skýrði hann svo frá, að er Árni var fallinn, hafi Jón snúið sér að Tómasi og slegið hann niður, en dröslað honum síðan að bifreið, er staðið hafi nær. Er Tómas hafi raknað við og tekið að reisa sig upp, hafi Jón slegið hann aftur, og hafi Tómas dasazt við, en þó ekki virzt falla í rot með öllu. Þá segir Sveinn, að sér hafi dottið í hug að ná af honum peningum, og sagt sem svo: „Eigum við ekki að ræna hann?" eða eitthvað á þá leið, og hafi Jón játað því. Kveðst Sveinn hafa að því búnu farið í vasa Tómasar, tekið veski hans og úr því peninga þá, er í því voru, og stungið á sig, en veskinu aftur í vasa Tómasar. Hafi hann svo tekið að stumra yfir Árna og reyna að hlúa að honum. Sveinn segir, að hugmyndin um peningatökuna hafi fyrst orðið til, er Jón var búinn að sló Tómas niður. Skilur hann ekki, hvað komið hafi yfir sig, enda hafi sig ekki skort fé.

Eftir að Sveinn hafði breytt framburði sínum, og er gengið var á Jón, hvarf hann og að nokkru frá fyrra framburði. Kvaðst hann nú muna, að hann hefði slegið Tómas niður. Hann játaði og, að Sveinn hefði stungið upp á að taka peninga af Tómasi, og kvaðst hafa samþykkt það. Hefði Sveinn síðan tekið upp veski Tómasar, en ekki kvaðst Jón hafa séð, hvað Sveinn tók úr því.

Ekki viðurkenndi Jón nokkru sinni, að hann hefði slegið Árna né hrundið, en hefur þó ekki fortekið, að svo kunni að hafa verið, en minnið sé óljóst.

Sjónarvottar eru nokkrir að atburði þessum, þó er það svo, að enginn þeirra hefur séð til, er Árni féll á götuna. Verða nú rakin vætti þeirra.

Árni Þór Jónsson póstafgreiðslumaður, 32 ára að aldri, var á leið norður Óðinsgötu og varð litið vestur Bjargarstíg, er hann fór yfir gatnamótin. Sá hann þá fjóra menn á götunni. Einn lá á götunni. Skammt frá var einn mannanna að berja annan, og sló hann manninn niður, og er sá reyndi að rísa upp, sló maðurinn hann aftur. Fjórði maðurinn var þar nær, en hafðist ekki að. Árni Þór staldraði lítið eitt við, en skundaði síðan til lögreglustöðvarinnar og skýrði frá því, hvers hann hefði orðið vísari. Fór hann síðan til vinnu sinnar og kveðst hafa komið þangað nákvæmlega kl. 5 (samkvæmt stimpilklukku).

Vitnið Einar Jóhann Einarsson, 53 ára að aldri, gekk vestur Bjargarstíg nálægt kl. 5. Sá hann, hvar maður lá á norðurhelmingi götunnar og annar var að stumra yfir honum og þurrka framan úr honum. Sunnan megin á götunni voru tveir menn, báðir ölvaðir. Var annar eitthvað meiddur í andliti og blóð á frakka hans. Menn þessir voru að stæla um, hvor hefði byrjað. Einar Jóhann hélt för sinni áfram án þess að skipta sér af mönnum þessum.

Vitnið Sverrir Ragnar Bjarnason bréfberi, Bjargarstíg 6, 25 ára að aldri, vaknaði umræddа nótt á að gizka milli kl. 4.30 og 5 við einhver köll á götunni fyrir utan, og heyrðist honum kallað nafnið Jón. Sverrir Ragnar leit út um glugga og sá, að maður lá, að því er virtist alveg meðvitundarlaus, þvers um á nyrðri helming akbrautarinnar. Annar maður hafði legið sunnan til á götunni og verið að kalla eitthvað. Tveir menn hafi staðið þarna nærri, og hafi annar síðan gengið að þeim, sem var að æpa, og virzt vera að þagga niður í honum, og loks hafi hann dregið manninn upp að húsinu og reynt að vefja frakka mannsins um höfuð honum. Síðan hafi hann fært sig frá manninum. Sá, sem lá, hafi þá risið upp, og hafi hann verið meiddur í andliti að sjá, og hafi hann rétt á eftir gengið vestur eftir götunni ásamt þeim, sem verið hafði að þagga niður í honum. Sá, sem eftir varð, hafi tekið að stumra yfir þeim, er meðvitundarlaus var, og þurrkað framan úr honum með vasaklút. Þeir tveir, er gengið höfðu frá, hafi síðan komið aftur, og lögregla síðan komið á vettvang.

Vitnið Kristólína Þorleifsdóttir, 53 ára að aldri, er býr á efri hæð hússins nr. 7 við Bjargarstíg, kveðst hafa vaknað við hávaða af götunni og litið út um glugga. Þá hafi hún séð, að maður lá þar á grúfu á götunni og vissu fætur hans að gangstétt, en höfuðið út á götu. Var maður yfir honum, lyfti honum upp og þerrði enni hans með vasaklút. Hinum megin á götunni lá annar maður, og var hann að kalla. Hjá honum var maður, sem virtist vera að reyna að kæfa köll hans með því að setja frakka mannsins fyrir munn honum. Þessir tveir síðastnefndu gengu síðan saman eitthvað burt, eftir að

sá, sem legið hafði, var staðinn upp. Þeir komu til baka um svipað leyti og lögreglubifreiðin kom. Kristólína segir, að henni hafi heyrzt korra í hinum meðvitundarlausa manni.

Vitnið Jón Kristinn Halldórsson vélstjóri, 25 ára að aldri, býr á sömu hæð og Kristólína. Mun hann hafa litið út um sama leyti og hún, og eru framburðir þeirra mjög líkir. Kveðst Jón Kristinn hafa séð tvo menn liggja á götunni, og auk þeirra voru þar tveir aðrir menn. Var annar þeirra að reyna að þagga niður í þeim, er lá að sunnanverðu á götunni, með því að vefja frakka hans um höfuð honum. Síðan stóð maðurinn upp og fór eitthvað frá um stund ásamt þeim, sem verið hafði að þagga niður í honum. Kom nú að vegfarandi og spurði þann, er var að stumra yfir þeim meðvitundarlausa, hvort hann ætti ekki að hringja til lögreglu, og féllst maðurinn á það. Maðurinn fór burt, en kom rétt strax aftur og kvaðst ekki hafa náð í síma, en hann færi nú að sækja lögreglu. Þeir, er farið höfðu burt, komu nú aftur og skömmu síðar lögreglubifreið.

Vitnið Sigríður Erla Guðmundsdóttir, 19 ára að aldri, og Guðrún Lára Guðmundsdóttir, 15 ára að aldri, búa á 1. hæð á Bjargarstíg 7. Vöknuðu þær báðar, Sigríður Erla nokkru fyrr. Hún heyrði kallað á hjálp og leit þá út. Er framburður hennar í samræmi við framburði Kristólínu og Jóns Kristins, sbr. að framan. Virðist hún hafa litið út um sama leyti og þau. Hún kveðst hafa séð einn mannanna vera að þagga niður í öðrum, er lá sunnan megin götunnar. Þá hafi einn mannanna, er verið hafi í svörtum frakka — og kemur sú lýsing heim við það, sem upplýst er um fatnað ákærða Sveins — farið í vasa þess, er lá á götunni og var að kalla, og leitað eitthvað í þeim, en ekki sá hún, hvort hann tók þar neitt. Þessi maður fór því næst að þeim, er lá meðvitundarlaus á norðurhelmingi götunnar, og þurrkaði enni hans með klút og reisti hann upp til hálfs um leið. Hinn meðvitundarlausa mann segir Sigríður Erla hafa legið á götunni, beint utan við gluggann á herbergi hennar. Þegar vitnið Guðrún Lára leit út, var maður að þurrka framan úr hinum meðvitundarlausa, og heyrðist henni korra í manninum. Hinum megin götunnar lá maður eða sat upp við hús, og annar var að þagga niður í honum með því að halda fyrir munninn á honum. Hann fór einnig í vasa mannsins án þess að taka þar nokkuð, svo að hún sæi. Þá kvaðst Guðrún Erla hafa heyrt, að einhver mannanna sagði: „Eigum við ekki að draga þá inn í port og fara“ og „ef lögreglan kemur, segjum við bara, að þeir hafi ráðizt á okkur“, en hver þetta mælti, er henni ekki ljóst. Hún segir, að sá, er sat yfir meðvitundarlausa manninum, hafi tekið upp sígarettu og stungið upp í sig, en farið að því búnu í vasa hins meðvitundarlausa, en ekki sá hún þó manninn taka þar neitt.

Vitnið Ingveldur Einarsdóttir, 26 ára að aldri, og Robert Freeland Gestsson málari, 28 ára að aldri, búa í kjallara hússins nr. 5 við Bjargarstíg. Ingveldur vaknaði kl. ca 4.45 við hávaða og leit út um

glugga. Hún sá, að maður lá á götunni fyrir utan og var að reyna að rísa upp, en annar var yfir honum og varnaði honum þess. Hann skreið þá yfir götuna. Þar kom að maður í svörtum frakka og virtist ætla að reisa manninn við, en hinn varnaði honum þess. Maðurinn í svarta frakkanum fór nú burt, en kom rétt strax aftur, tók undir hendina á þeim, er lá, og tók veski eða vasabók úr bakvasa mannsins og lét það síðan aftur í brjóstvasa hans. Sá, sem lá á götunni, fór nú að kalla upp aftur, en sá, er fyrst hafði átt í átökunum við hann, reyndi að þagga niður í honum með því að halda frakka hans fyrir vitum hans. Síðan sagði hann manninum að standa upp, og gerði hann það, og gengu þessir tveir nú báðir vestur götuna. Ingveldur fór nú og leit út um annan glugga á íbúðinni og sá hún þá, hvar maður lá á götunni nokkru austar, en til hans hafði hún ekki séð úr hinum glugganum. Sá, sem var í svörtum frakka, var hjá manninum og hélt honum að nokkru leyti uppi. Meðan þessu fór fram, hafði Robert Freeland klæðzt, eftir að hann hafði litið snöggvast út um gluggann. Fór hann út og sá þá meðvitundarlausan mann, sem lá á götunni fram undan sundinu milli húsanna nr. 5 og 7, og var maður dökkklæddur að þurrka framan úr honum. Robert hringdi dyrabjöllu á húsinu til að ná í síma, en ekki var anzað. Hann fór þá inn til sín til að klæðast betur. Kveðst hann þá hafa heyrt, að einn mannanna hafði orð á því við þann, er var hjá hinum meðvitundarlausa, að þeir skyldu fara burt. Róbert fór út aftur, voru tveir mannanna þá að ganga vestur götuna, en meðvitundarlausi maðurinn var á sama stað og hinn yfir honum. Heyrði Robert korr í hinum meðvitundarlausa. Robert segir, að maðurinn, sem hjá honum var, hafi sagt, að hinir tveir hefðu orðið ósáttir og farið að fljúgast á, og við það hefði þessi maður fallið í götuna. Maðurinn var samþykkur því, að náð væri í lögreglu, og bað Robert nú stúlku, er kom út í glugga á neðri hæð hússins nr. 5, að hringja til lögreglu. Nokkru síðar kom lögreglubifreið eftir Bergstaðastræti, en var beygt upp Bjargarstíg, og fór Róbert þá af stað á lögreglustöðina.

Vitnið Sigurður Örn Einarsson, 16 ára að aldri, kveðst hafa heyrt hávaða og spark utan af götunni, en hann býr í hornhúsinu á mótum Bergstaðastrætis og Bjargarstígs, nr. 24 við Bergstaðastræti. Hann kveðst og hafa heyrt dynk. Þegar Sigurður leit út, sá hann, að eigin sögn, fjóra menn. Einn lá hreyfingarlaus á grúfu á götunni, en tveir voru að berja hinn fjórða, er lá utan í lítilli bifreið, er stóð norðan megin á götunni. Annar árásarmannanna, er var klæddur dökkum frakka, hætti þó fljótt barsmíðum, en hinn, er var í ljósum frakka, hélt áfram, unz maðurinn féll í götuna, og hélt jafnvel áfram að slá hann eftir það. Sigurður fór nú frá til þess að hringja til lögreglu, en því næst aftur að sama glugga og áður. Þá var maðurinn í svarta frakkanum farinn að stumra yfir þeim, er lá í öngviti og þerra enni hans með klút. Sá, sem barinn hafði verið, lá á götunni og kallaði

á hjálp. Sá, sem hafði slegið hann, hafði orð á því við hinn dökkklædda, hvort þeir ættu ekki að hafa sig á burt, en hinn vildi það ekki. Maðurinn í ljósleita frakkanum spurði þá, hvað þeir ættu að gera, ef lögreglan kæmi, og sagði hinn, að þeir skyldu þá segja, að ráðizt hefði verið á þá. Þá sá Sigurður, að ljósklæddi maðurinn gekk vestur Bjargarstíg svo og sá, er hann hafði verið að slá. Sigurður kveðst hafa séð, að sá í dökka frakkanum stakk upp í sig sígarettu, og eftir það fór hann í vasa hins meðvitundarlausa, líkt og hann væri að leita eftir eldspýtum, en ekkert sá Sigurður hann taka.

Vitnið Ólafur Markússon kennari, er verið hafði í hófinu í Þróðvangi, kveðst að loknu hófinu hafa gengið niður í miðbæ, en síðan suður að Þróðvangi á ný. Hafi Tómas þá komið á móti sér sunnan götuna, verið æstur og í uppnámi og sagt, að hann hefði orðið fyrir árás og að Árni lægi uppi í götunni, og bað hann Ólaf að fara á lögreglustöðina. Ólafur féllst á það, og skildi með þeim. Þegar Ólafur kom á lögreglustöðina, hafði lögreglunni þegar verið gert viðvart. Ólafur segir, að Tómas hafi verið blár og bólginn um munninn, er þeir hittust.

Skal nú greina frá þeim líkamsáverkum, er Tómas og Árni urðu fyrir.

Um Tómas liggur fyrir umsögn Þórarins Sveinssonar læknis í vottorði, dags. 14. júní 1952. Segir þar meðal annars:

„. . . Mikið glóðarauga á vinstra auga og blæðing í augnhvítuna á því. Nokkurt mar er einnig neðan við hægra auga. Neðri vör er mjög bólgin, marin og margsprungin á því svæði, er veit að tönnunum. Tennur eru heilar og kjálkar, en eymsli eru mikil í báðum kjálkum, enda er nokkur þroti í kinnum beggja vegna. Engin áverkamerki eru á útlimum".

Tómas heldur því raunar fram, að tvær tennur hafi brotnað í munni sér, en báðar verið mjög skemmdar, og telji hann ekkert tjón af tannbrotinu í bótakröfu sinni.

Bjarni Bjarnason læknir vitjaði Árna Björnssonar á heimili hans skömmu eftir hádegi 14. júní. Hann var þá í djúpu meðvitundarleysi. Hann hafði fleiður efst á enni vinstra megin, tveggjakrónupenings stórt, hann var og bólginn á báðum kinnum, undir kinnbeinum og neðan til á þeim, og á hægri kinn sáust 2 litlir, blóðhlaupnir blettir. Síðara hluta dags var Árni fluttur á spítala; hann var þá sljór og gat ekkert sagt, en virtist þó vita af sér. Virtist hann alveg lamaður hægra megin. Samkvæmt vottorði spítalans hafði hann fleiður á enni, en ekki aðra áverka á andliti, en innan fótar á kálfum og hnjám beggja fóta voru marblettir. Hann lá á Landspítalanum, unz hann var fluttur til Kaupmannahafnar og lagður inn á neurokirurgisku deild ríkisspítalans þar og opereraður. Segir svo í vottorði Gríms Magnússonar læknis, dags. 31. janúar 1953:

„. . . Fannst þá subduralt hæmatom báðum megin. Sjúklingurinn lá á spítala í Kaupmannahöfn þar til 1. október og var þá farinn að ganga dálítið og tala einföldustu setningar, skildi hann þá talsvert af einfaldasta viðtali. Hins vegar var hann mjög minnislítill og gerði sér litla grein fyrir umhverfi sínu. Eftir að Árni kom heim 1. október s.l., hefur honum farið lítið eitt fram í líkamsstyrkleik og andlegum hæfileikum. Hugsanalíf hans og minni er þó mjög fátæklegt. Hann man ekki stundinni lengur, hvaða mánuður er eða dagur, man ekki nöfn kunningja sinna, þekkir ekki bókstafi og getur auðvitað ekki lesið neitt.

Þetta er aðeins lítið brot af öllu því, sem Árna er áfátt um, en nóg til að sýna, að hann er ósjálfbjarga eins og barn. Framfarir síðustu mánuðina hafa verið mjög litlar, og líkur fyrir, að Árni nái aftur sínum fyrri sálargáfum, eru engar. Öll líkindi benda til þess, að Árni verði að verulegu leyti ósjálfbjarga upp frá þessu, þótt ennþá geti verið von nokkurra smávægilegra framfara".

Samkvæmt vottorði Úlfars Þórðarsonar læknis hefur Árni misst sjón á vinstra auga. Segir svo í vottorðinu meðal annars:

„. . . Í peripheri sjást einkum nasalt einstaka æða (venur og arteríur). Ef reynt er að fylgja þessum æðum inn að opticus, hverfa þær fljótlega sýnum, og liggur yfir þeim hula, sem er mjög þétt, þannig að ekki sést allra minnsti vottur um æðar eða nervus opticus. Þessi hula er þétt í sér og nær, að því er virðist, yfir allt aðalsvæði retina líkt og skjöldur, sem er þynnstur í röndum og bungar fram um miðjuna. (Hér er sennilega um organiserað exudat og coagel að ræða). Framan við þenna massa virðist corpus vitreum vera nokkuð frítt við blóðdetritus eða aðrar leifar af hæmorrhagium.

Sjón á auganu er ljósskynjun framan við augað".

Í sakadómi hinn 26. júní 1952 lýsti Bjarni læknir Bjarnason yfir því áliti, að áverkar Árna gætu ekki verið afleiðingar af falli í götuna einu saman, og taldi hann mjög líklegt, að áverkarnir stöfuðu af hnefahöggi. Þá var málið lagt fyrir Læknaráð hinn 3. október 1952 og spurt, hvaða ályktanir yrðu dregnar af gögnum þeim, er fyrir lægju um meiðsli Árna Björnssonar um það, hvernig meiðslin væru til komin, og sérstaklega, hvort líkur væru til, að hann hefði orðið fyrir höggi, sparki eða annarri ákomu, áður en hann féll í götuna.

Ályktun Læknaráðs er svohljóðandi:

„Af þeim gögnum, sem fyrir liggja, einkum vottorði Bjarna Bjarnasonar, starfandi læknis í Reykjavík, virðist mega ráða, að Árni Björnsson hafi fengið áverka efst á enni vinstra megin og á báðar kinnar.

Af sjúkdómseinkennum mannsins má ráða, að hann hafi fengið mar á heilann vinstra megin, sem orsakar máttleysi og málleysi. Við mænuvökvarannsókn í Landspítalanum fannst ferskt blóð, sem sýnir, að blætt hefur undir línu heilahimnunnar, eins og jafnan á

sér stað við mar á yfirborði heilans. Enn fremur blæddi á vinstra auga strax eftir áfallið.

Marið á vinstra heilahveli hefur sennilega hlotizt af áverka þeim, sem merki sáust um efst á enninu vinstra megin.

Ummerki þau, sem fundust í taugasjúkdómadeild Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn við aðgerð þar, og sýndu, að blætt hafði undir heilabasti yfir báðum heilahvelum, hafa sennilega ágerzt smám saman frá fallinu, því að slíkar blæðingar gerast venjulega á löngum tíma, er blóð síast hægt út úr smáæðum, sem rifnað hafa við áverkann.

Eins og fyrr getur, sbr. vottorð Bjarna Bjarnasonar læknis, voru þessi einkenni um ytri áverka sýnileg, daginn eftir að Árni Björnsson slasaðist:

1. Fleiður efst á enni, vinstra megin.
2. Bólga á báðum kinnum, undir kinnbeinum og neðan til á þeim og á hægri kinn tveir litlir, blóðhlaupnir blettir.

Það virðist ekki mögulegt, að þau áverkaeinkenni, sem talin eru undir 2. tölulið, hafi getað stafað af einu falli í götuna, en aftur á móti vel af hnefahöggum. Verður því að álíta sennilegt, að hann hafi hlotið þau, áður en hann féll.

Að því er varðar fleiðrið á enninu, hefur það getað orsakazt á þrennan hátt:

1. Af árekstri eða falli, t. d. á húsvegg eða annað hliðstætt.
2. Af höggi með hörðum, sléttum hlut.
3. Af falli í götuna.

Þess er ekki getið, að sandkorn eða götuóhreinindi hafi verið í fleiðrinu efst á enni, en þessa hefði mátt vænta, ef það hefði stafað af falli í götuna".

Niðurlag.

Sannað er með játningu ákærða Jóns Sigurðssonar og framburði vitna og meðákærða, að hann hefur gerzt sekur um vísvitandi líkamsárás á Tómas Albertsson. Um orsakir til hinna stórkostlegu meiðsla, er Árni varð fyrir í umrætt skipti og valdið hafa varanlegu heilsutjóni, er nokkuð á huldu. Þegar litið er til þess, að sérfræðingar telja sennilegast, að áverkar Árna séu til komnir, áður en hann féll á götuna, og vel kunni þeir að stafa af hnefahöggum, og með tilliti til framburða hinna ákærðu, er að framan hafa verið raktir, þykir þó mega slá því föstu, að Jón hafi með líkamsárás orðið valdur að því, að Árni féll til jarðar, og verði heilsutjón Árna því að teljast Jóni til sakar vegna gáleysis. Jón hefur þannig gerzt brotlegur við 218. gr. alm. hegningarlaga.

Sannað er með játningu ákærðu, að þeir komu sér saman um að taka peninga af Tómasi Albertssyni, eftir að ákærði Jón hafði slegið hann niður, og tók Sveinn síðan peningana. Hugmyndin að peningatökunni virðist ekki hafa verið til, fyrr en eftir að Jón var

búinn að slá Tómas. Verður brotið því að teljast varða við 244. gr. alm. hegningarlaga, en báðum ákærðu ber að refsa að þessu leyti sem aðalmönnum.

Refsing ákærða Jóns Sigurðssonar þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og þess, hve alvarlegar afleiðingar verk hans hafði, þótt að vísu hafi mjög slysalega til tekizt, hæfilega ákveðin fangelsi 18 mánuði. Refsing ákærða Sveins þykir hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði. Báða ákærða ber að svipta kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu voru í gæzluvarðhaldi 15.—28. júní 1952. Rétt þykir, að gæzluvarðhaldsvist Sveins frá 19. júní, þ. e. 9 daga, dragist frá refsingu hans, en frá refsingu Jóns dragist gæzla frá 20. júní, þ. e. 8 dagar.

Af hálfu Árna Björnssonar var eigi gerð bótakrafa í máli þessu. Tómas Albertsson hefur gert kröfu um bætur að upphæð kr. 3000.00 fyrir vinnutap og svo þjáningar og óþægindi. Fé það, er af honum var tekið, kr. 220.00, hefur ákærði Sveinn endurgreitt honum og mótmælt frekari bótaskyldu. Af hálfu ákærða Jóns hefur kröfuupphæðinni verið mótmælt. Þegar gætt er að upplýsingum, er fyrir liggja um meiðsli Tómasar, þykir kröfu hans í hóf stillt, og verður ákærði Jón dæmdur til að greiða Tómasi nefnda upphæð.

Dæma ber ákærðu til að greiða in solidum allan sakarkostnað, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda, Sigurgeirs Jónssonar héraðsdómslögmanns, og skipaðs verjanda, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00 til hvors.

Dráttur hefur ekki orðið á máli þessu hér fyrir dómi, svo sem rakið er fyrr í gögnum málsins.

Dómsorð:

Ákærði Jón Sigurðsson sæti fangelsi 18 mánuði. Frá refsingunni dragist gæzluvarðhaldsvist hans í 8 daga.

Ákærði Sveinn Einarsson sæti fangelsi í 4 mánuði. Frá refsingunni dragist gæzluvarðhaldsvist hans í 9 daga.

Ákærðu eru sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði Jón Sigurðsson greiði Tómasi Albertssyni kr. 3000.00.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í málinu, Sigurgeirs Jónssonar héraðsdómslögmanns og Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. marz 1955.

Nr. 119/1953. **Gunnar S. Hafdal** (Ragnar Jónsson)
gegn
Bæjarstjórn Akureyrar f. h. Eftirlaunasjóðs bæjarins (Sveinbjörn Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um rétt bæjarstarfsmanns til eftirlauna.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 15. ágúst 1953 og skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. s. m. Gerir hann þær dómkröfur, að dæmdur verði gildur réttur hans til eftirlauna úr Eftirlaunasjóði Akureyrar frá 1. október 1948 fyrir innheimtustarfa þann, sem hann lét af 1. maí 1945, og að honum sé dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, *aðallega* að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en *til vara,* að eftirlaun áfrýjanda verði ákveðin samkvæmt 17. gr., 2. mgr., reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð Akureyrar og málskostnaðarákvæði héraðsdóms verði staðfest. Stefndi krefst og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hér fyrir dómi hefur verið lagt fram læknisvottorð dr. Bjarna Jónssonar, sérfræðings í bæklunarsjúkdómum, og segir í því:

„Þ. 18. 9. 1953 skoðaði ég Gunnar S. Hafdal frá Sörlatungu í Hörgárdal, f. 15. 10. 1901.

Hann segist hafa verið fótaveikur lengi, telur, að árið 1938 hafi hann farið að fá verki í iljar og ökla, og hafi verkina lagt upp í hnésbætur og læri, hafi hann stundum þurft að liggja rúmfastur vegna verkjanna í nokkra daga, og hafi hann oft ekki getað stigið reiðhjól vegna eymsla í fótum. Hann segist oft hafa haft verki í mjóbaki eftir göngur.

Hann segist hafa fengizt við innheimtustörf á Akureyri,

en orðið að hætta þeim árið 1945 vegna fótaverkja. Hann segist þá hafa tekið til við landbúnað, með því hann hafi ekki treyst sér til við störf, sem útheimtu göngur eða stöður á hörðum götum. Við búskapinn segist hann geta ráðið sínum háttum og þar sé mýkra undir fæti, en ekki geti hann gengið að verkum til jafns við fríska menn. Hann segist t. d. ekki geta staðið við slátt lengur en tvær til þrjár klukkustundir í senn, en eftir nokkra hvíld geti hann tekið til við orfið aftur stundarkorn. Hann segist hafa gengið nokkuð um götur Reykjavíkur í dag, enda sé hann kominn að þrotum.

Sjúklingur er meðalmaður á hæð, í meðalholdum, útlit svarar til aldurs.

Hann gengur dálítið álútur, skortir nokkurt fjaðurmagn í gangi, spyrnir lítið frá tábergi, en tekur fót upp af nærri flatri il, en er ekki haltur.

Berfættur gengur hann haltur á báðum fótum, stígur niður á jarka og segist ekki geta gengið annan veg vegna eymsla, þegar ekki nýtur stuðnings af skófatnaði.

Báðir fætur eru flatir, framleistar vita nokkuð út á við, en bátbein ganga dálítið inn. Hælbein hallast út á við um 8° (valgitet). Sköflungar eru sveigðir út rétt ofan ökla, og skagar innri ökli (malleolus medialis) inn á við á báðum fótum. Stóru tær vita út á við á báðum fótum (hallux valgus), sú vinstri 20°, en sú hægri 25°. Lítil hreyfing er í grunnlið beggja stóru táa, en engin bakfetta á hægri stórutá, en fáeinar gráður á þeirri vinstri, ilbeygja er 10° á báðum tám.

Hreyfingar í öklum:

Hjarahreyfing H. 120°/80° V. 115°/85°.

Hverfihreyfingar eru sem næst helmingur af því, sem eðlilegt væri, og þó heldur minni á vinstri fæti. Þetta er það, sem hægt er að hreyfa fætur (passivt), sjálfur hreyfir hann minna (activt).

Kálfar eru grannir.

Góður sláttur er í ristarslagæð (arteria dorsalis pedis) og sæmilegur í öklaslagæð (arteria malleolaris tibialis posterior) á báðum fótum og ekki finnanlegur munur á fótunum.

Röntgenskoðun í Landakotsspítala þ. 18. 9. 1953:

„Svæði: Báðir öklar og framleistar. Báðir ristarbogar gengnir niður, þannig að fæturnir eru áberandi flatir. Þá er einnig nokkurt valgitet á báðum fótum, þannig að os naviculare og cuneiforme I. eru nokkuð prominerandi medialt. Sjúkl. hefur þannig typiskt ilsig. Lítið eitt vottar fyrir hvössum liðbrúnum í artic. pedis (talo-cruralis) beggja megin. Þá sést einnig nokkur arthrosis í artic. metatarso-falangea I. beggja megin og á interfalangeal-liðum stóru tánna. Dálítil deformatio og holumyndun ásamt sclerisis sést í liðhöfðum þessara liða. Dálítil valgusstaða er á stóru tám.

R. diag.: Pedes plano-valgi
Arthrosis artic-talo-cruralis
et hallucis. bilat.

Ól. Jóh.“

Hér er um að ræða mann nærri 52 ára með mikið ilsig á báðum fótum, stirðleika í stóru tám og hindraðar hreyfingar í öklum og ristarliðum. Ilsig þetta er án efa gamalt, en hvenær það hefur farið að valda sjl. óþægindum, verður ekki ráðið af öðru en sögusögn hans. Eins og nú er komið fótunum, þarf hann að velja sér störf við þeirra hæfi og væri væntanlega bezt kominn við setuvinnu. Ég tel, að miklar göngur eða stöður væru honum um megn og því erfiðari, sem harðara væri undir fæti. Óþægindi af kvillum sem þessum aukast að jafnaði með hækkandi aldri“.

Með úrskurði Hæstaréttar 12. október 1954 var aðiljum veittur kostur á að leggja fyrir Læknaráð vottorð Jóns Geirssonar læknis, dags. 12. janúar 1945, með árituðu samþykki héraðslæknis Jóhanns Þorkelssonar, dags. 5. nóvember 1945, en vottorð þessi eru rakin í héraðsdómi, vottorð Jóns Geirssonar læknis, dags. 27. febrúar 1946, sem einnig er rakið í héraðsdómi, og loks vottorð dr. Bjarna Jónssonar, það sem að framan greinir. Umsagnar Læknaráðs hefur nú verið um það beiðzt, hvort ráða megi af framangreindum læknisvottorðum, að áfrýjandi hafi, er hann lét af störfum 1. maí 1945:

1) verið haldinn svo varanlegri fótaveiki, að honum hafi verið um megn að gegna innheimtustörfum með þeim göng-

um, sem ætla má, að slíku starfi séu samfara, og

2) hvort ætla megi, að ráðin verði bót á fótameini hans, þannig að hann verði fær um að stunda áðurgreind störf.

Læknaráð hefur hinn 26. nóvember 1954 staðfest eftirfarandi ályktun Réttarmáladeildar ráðsins:

Um 1) Læknaráð telur, að ráða megi af framlögðum gögnum, að áfrýjandi hafi, er hann lét af störfum 1945, verið haldinn varanlegri fótaveiki á því stigi, að honum hafi verið mjög erfitt að gegna innheimtustörfum.

Um 2) Læknaráð svarar neitandi spurningu þeirri, er hér greinir.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð Akureyrar skal starfsmaður, sem lætur af störfum vegna veikinda eða slysa, er að dómi læknis gera hann óhæfan til starfs síns, njóta eftirlauna. Með skírskotun til læknisvottorða þeirra, sem lögð hafa verið fram í málinu, og ályktunar Læknaráðs verður að telja, að áfrýjandi hafi sökum fótaveiki verið óhæfur til að gegna innheimtustarfa sínum, er hann lét af honum, og sé það enn. Ber því að taka kröfur hans í málinu til greina, enda er eigi efni til að sinna varakröfum stefnda.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 5000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Gunnar S. Hafdal, á rétt til eftirlauna úr Eftirlaunasjóði Akureyrarbæjar frá 1. október 1948 að telja fyrir innheimtustarfa hjá Akureyrarbæ, er hann lét af 1. maí 1945.

Stefndi, bæjarstjórn Akureyrar f. h. Eftirlaunasjóðs bæjarins, greiði áfrýjanda samtals kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 1. apríl 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. marz s.l., hefur stefnandi, Gunnar S. Hafdal, bóndi í Sörlatungu, Hörgárdal, höfðað hér fyrir bæjar-

þinginu með stefnu, útgefinni 30. september 1952, á hendur stjórn Eftirlaunasjóðs Akureyrarbæjar.

Gerir stefnandi þær dómkröfur, að viðurkennt verði með dómi, að hann eigi rétt til eftirlauna úr sjóðnum, kr. 125.00 á mánuði í grunnlaun frá 1. maí 1945 og meðan hann lifir auk vísitöluuppbótar, eins og hún er greidd föstum starfsmönnum bæjarins á hverjum tíma, svo og 6% ársvexti af hverri einstakri eftirlaunagreiðslu frá gjalddaga hennar til greiðsludags.

Enn fremur krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómara.

Í síðara réttarhaldi hefur stefnandi gert þá varakröfu, að viðurkenndur verði með dómi réttur stefnanda til þess að fá frá 1. október 1948 og árlega eftirleiðis, meðan hann lifir, greiddan úr Eftirlaunasjóði Akureyrar þann mismun, sem á ári hverju kann að koma fram við það að draga atvinnutekjur stefnanda yfir árið frá árslaunum fastráðins innheimtumanns Rafveitu Akureyrar, en þó aldrei hærri upphæð en 12 mánaða eftirlaun nema samkvæmt aðalkröfu.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir framlögðum reikningi eða mati dómara.

Til vara er þess krafizt, að verði réttur stefnanda til eftirlauna viðurkenndur, þá verði upphæð þeirra ákveðin í samræmi við 17. gr., 2. mgr., reglugerðar Eftirlaunasjóðsins, þannig að séu tekjur hans af síðara starfinu lægri en laun hans hjá Rafveitunni, verði honum greiddur svo mikill hluti eftirlaunanna, að hann beri jafnt úr býtum og ef hann hefði gegnt fyrra starfi sínu áfram, þó verði aldrei greitt meira en eftirlaununum nemi.

Í sambandi við varakröfuna er eftirlaunakröfum fyrir tímabilið 1. maí 1945 til 1. október 1948 mótmælt sem fyrndum, sbr. lög nr. 14/1905, 3. gr., 2. tl., og algerrar sýknu að því leyti. Hefur stefnandi viðurkennt þá fyrningu lögmæta.

Stefnandi gerir þannig grein fyrir kröfum sínum.

Hann kveðst hafa ráðizt innheimtumaður til Rafveitu Akureyrar sumarið 1934. Gegndi hann því starfi til 30. apríl 1945. Hinn 3. febrúar 1945 skrifar hann bæjarstjóranum á Akureyri bréf, þar sem hann kveðst tilkynna rafveitunefnd, að hann segi upp starfi sínu hjá Rafveitu Akureyrar frá 1. maí það sama ár að telja. Í bréfi þessu tekur hann fram, að með hliðsjón af samtali sínu við rafveitustjóra um það, að hann hefði starf framvegis hjá Rafveitunni í Glæsibæjarhreppi, þyki sér hlýða að taka það fram, að af ýmsum ástæðum sjái hann sér ekki fært að takast það starf á hendur.

Hinn 7. apríl sama ár ritar stefnandi bæjarstjóranum bréf, þar sem hann sækir um eftirlaun frá 1. maí 1945 að telja, og skírskotar þar til 14. og 16. gr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð Akureyrarbæjar. Í bréfi þessu segir hann, að fótabilun hafi orðið þess valdandi, að hann tók þá ákvörðun að segja starfi sínu lausu, og frá því um haustið og fram til þess dags hafi hann orðið að hafa með

sér aðstoðarmann við innheimtuna, er hann varð að greiða taxtakaup.

Í bréfi þessu tekur stefnandi enn fremur fram, að ef viðkomandi nefnd eða nefndir bæjarstjórnarinnar, sem um þetta mál fjalli, sjái sér einhverra hluta vegna ekki fært að mæla með því, að sér verði veitt árleg eftirlaun, en gætu hins vegar fellt sig við, að sér yrði í þess stað veitt viðunandi fjárhæð í eitt skipti fyrir öll, mundi hann eftir atvikum geta sætt sig við þá niðurstöðu málsins.

Bréfi þessu fylgdi vottorð frá Jóni Geirssyni, heimilislækni stefnanda, dags. 12. janúar 1945, en þar segir svo:

„Gunnar Hafdal hefur pedes plani m. gr. og er vart að verða göngufær. Hann þarf nauðsynlega til sérfræðings í Rvík og fá event. operatio."

Á fundi 3. maí 1945 tekur stjórn Eftirlaunasjóðsins þetta erindi stefnanda til meðferðar.

Segir svo í fundargerðarbókun:

„Hafdal sagði upp starfi sínu við rafveituna 3. febr. s.l. án þess að geta nokkuð um veikindi. Sjóðsstjórnin getur því ekki tekið þessa beiðni til greina, nema fyrir liggi vottorð frá héraðslækni eða tryggingalækni ríkisins um, að Hafdal hafi orðið að láta af störfum vegna veikinda, sem líkur séu til, að verði langvarandi."

Stefnandi ritar bæjarstjórninni enn á ný 11. nóvember 1945 og ítrekar þar fyrri kröfur sínar um eftirlaun. Heldur hann því þar fram, að meiri hluta sjóðsstjórnarinnar hafi verið vel kunnugt um, að ástæðan fyrir uppsögn sinni hafi verið fótabilun — eða ólæknandi sjúkleiki, eins og hann orðar það, og sérstaklega hafi rafveitustjóra verið kunnugt um það, því að hann hafi m. a. lofað að taka þetta atriði skýrt fram, þegar bréf hans kæmi fyrir stjórnina. Kveðst hann hafa litið svo á, að óhætt væri að treysta því.

Rafveitustjórinn hefur komið fyrir rétt í tilefni af þessari staðhæfingu stefnanda, en kveðst ekki muna nú, hvernig þetta var.

Þá vitnar stefnandi til þess, að í reglugerð fyrir Eftirlaunasjóð Akureyrarbæjar sé ekkert minnzt á, að læknisvottorð þurfi að koma frá héraðslækni eða tryggingalækni, þar sé aðeins nefndur læknir. Hafi hann því talið eðlilegast að fá vottorðið frá heimilislækni sínum. Heldur hann því fram, að stjórn Eftirlaunasjóðs sé ekki þeim vanda vaxin að vefengja vottorð frá jafnvalinkunnum lækni og Jón Geirsson sé. Hins vegar sé ekkert því til fyrirstöðu að fá samþykki héraðslæknis á vottorðið, og lætur hann því fylgja bréfinu umrætt vottorð með uppáskrift Jóhanns Þorkelssonar héraðslæknis.

Hinn 28. febrúar 1946 tekur stjórn Eftirlaunasjóðs þetta erindi stefnanda til meðferðar.

Segir svo í fundargerðarbókun:

„Vottorð þetta telur nefndin ekki fullnægjandi, þar sem ekki kemur fram í því, hvort um varanlega örorku er að ræða, sem gerir hann óvinnufæran til starfsins. Frestað var að taka ákvörðun um

eftirlaun handa Hafdal, þar til fullnægjandi örorkuvottorð liggur fyrir, og vill nefndin jafnframt beina því til rafveitustjóra, hvort Rafveitan hafi ekki tök á að gefa Hafdal kost á öðru starfi, er hann geti innt af hendi, þótt hann verði ófær til innheimtustarfa."

Daginn eftir þenna fund hafði stefnandi aflað sér nýs vottorðs frá Jóni Geirssyni lækni. Þar segir svo:

„Gunnar Hafdal, Hlíðarenda, hefur ilsig (pedes plani) í báðum fótum, og eins og fyrra vottorð mitt ber með sér, taldi ég hann og tel hann enn ófæran um að gegna innheimtustörfum, þar eð þar þarf óvenju mikla göngu (og launin vart það há, að innheimtumaður geti haft einkabifreið). Um lækningu á ilsigi á aldri hans tel ég ekki geta komið til greina."

Ekki verður séð, að þetta vottorð hafi legið fyrir stjórn Eftirlaunasjóðs á fundi hennar 28. febrúar, og telur stefnandi, að það hafi ekki borizt eftirlaunasjóðsstjórninni í tæka tíð, en frumrit þess vottorðs er í vörzlum sjóðsstjórnarinnar, að sögn stefnanda.

Stefndi gerir þannig grein fyrir kröfum sínum. Þegar stefnandi sagði upp starfi sínu hjá Rafveitu Akureyrar, tilgreindi hann enga ástæðu til þeirrar ráðabreytni. Í uppsagnarbréfinu hafnar hann tilmælum rafveitustjóra um, að hann hefði með höndum störf fyrir Rafveitu Akureyrar í Glæsibæjarhreppi.

Stefnandi hafi um þessar mundir verið í þann veginn að flytjast búferlum í Glæsibæjarhrepp og hafið búskap á Hlíðarenda, skömmu eftir að hann lét af störfum hjá Rafveitu Akureyrar.

Síðan hafi hann óslitið stundað búskap á ýmsum jörðum í grennd við Akureyri og sé nú bóndi að Sörlatungu í Hörgárdal, svo sem stefna málsins ber með sér. Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi ekki hætt störfum hjá Rafveitu Akureyrar vegna veikinda, sem veiti honum rétt til eftirlauna. Hann hafi engan veginn, þrátt fyrir fram komin tilmæli eftirlaunasjóðsstjórnarinnar, fært sönnur á, að hann fullnægi skilyrðum til að taka eftirlaun samkvæmt 14. gr., sbr. 16. gr. reglugerðar Eftirlaunasjóðsins. Læknisvottorð þau, sem hann hafi lagt fram, sanni ekki varanlega vangetu til starfa, og ekkert læknisvottorð liggi fyrir um það, að stefnandi hafi leitað læknisaðgerða, svo sem fyrra læknisvottorð gefur tilefni til, eða um árangurinn af þeim læknisaðgerðum, ef reyndar hafa verið. Stefnandi hafi engu sinnt tilmælum Eftirlaunasjóðs um það að afla sér vottorðs héraðslæknis eða tryggingalæknis og sanna þannig vangetu sína til að halda starfinu áfram. Þótt aðeins sé nefndur læknir í 16. gr. reglugerðar Eftirlaunasjóðs, sé það að sjálfsögðu á valdi sjóðsstjórnarinnar að ákveða, hvaða lækni hún taki gildan, enda sé í skyldum lögum, eins og lögum nr. 101 frá 1943 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, tekið fram, að tryggingalæknir í samráði við landlækni meti örorku.

Þar sem stefnandi hafi vanrækt að verða við þeim kröfum sjóðs-

stjórnarinnar að veita fullnægjandi upplýsingar um heilsufar sitt, hafi hann firrt sig rétti til eftirlauna úr sjóðnum.

Viðurkennt er í málinu, að er stefnandi lét af störfum, hafði hann verið starfsmaður hjá bænum í tæplega 11 ár. Í 16. gr., 1. mgr., reglugerðar um Eftirlaunasjóð Akureyrarbæjar segir svo:

„Láti maður af störfum vegna veikinda eða slysa, sem að dómi læknis gera hann óhæfan til starfs síns, skal hann njóta fullra eftirlauna eftir starfstíma. Hafi hann verið sjóðsfélagi í minna en 10 ár, fær hann í eftirlaun 15% af árslaunum, en annars samkvæmt 14. gr."

Rétturinn lítur svo á, að þótt svo sé að orði komizt í 16. gr. reglugerðarinnar: „að dómi læknis", sé það algerlega á valdi sjóðsstjórnarinnar að ákveða, hvaða lækni hún viðurkenni sem trúnaðarmann sinn til að meta þá örorku, sem skapað geti rétt til örorkulífeyris úr sjóðnum.

Þá verður enn fremur að telja það sjálfsagða skyldu hvers sjóðsfélaga, sem gera vill kröfu til örorkulífeyris eða eftirlauna úr sjóðnum, að láta sjóðsstjórninni í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem að dómi hennar eru nauðsynlegar til þess, að hún geti dæmt um rétt hans til eftirlauna úr sjóðnum.

Stefnandi hefur þrátt fyrir framkomin tilmæli Eftirlaunasjóðsstjórnarinnar ekki hirt um að afla þeirra gagna, sem að dómi sjóðsstjórnarinnar sönnuðu varanlega örorku, sem gerði hann ófæran til starfsins. Með því aðgerðaleysi hefur stefnandi firrt sig rétti til eftirlauna úr Eftirlaunasjóði Akureyrarbæjar, og ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefnda, stjórn Eftirlaunasjóðs Akureyrarbæjar, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Gunnars S. Hafdals, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 11. marz 1955.

Nr. 38/1955. **Málmiðjan h/f,**
Magnús Helgason
og
Ewald Berndsen
gegn
Ásmundi Guðmundssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frestur veittur til vitnaleiðslu.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. f. m. Krefjast þeir þess, að þeim verði veittur frestur sá, er héraðsdómari synjaði um, og varnaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar sér til handa eftir mati dómsins.

Þegar litið er til málsatvika og þeirra sakargagna, sem þegar eru fram komin, þykir sú nauðsyn á, að vitni þau komi fyrir dóm, er greinir í hinum kærða úrskurði, að rétt sé að veita sóknaraðiljum frest í því skyni. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi, en eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af kæru þessari.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Hvor aðilja ber kostnað sinn af kærumáli þessu.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 3. febrúar 1955.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 27. þ. m., hefur Ásmundur Guðmundsson, Miklubraut 50, hér í bæ, höfðað með stefnu, útgefinni 31. ágúst f. á., gegn Málmiðjunni h/f, Magnúsi Helgasyni, Grenimel 20, og Ewald Berndsen, s. st., öllum hér í bænum til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 300.000.00 með 7% ársvöxtum frá 23. desember 1953 til greiðsludags. kr. 2899.20 í stimpil- og þinglýsingargjöld og málskostnaði að mati dómarans.

Stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Stefnandi kveður fjárhæð þá, sem hann krefst greiðslu á, byggjast á skuldabréfi, útgefnu af stefndu Málmiðjunni h/f þann 23. desember 1953, en stefndu Magnús og Ewald eru sjálfskuldarábyrgðarmenn að nefndri skuld ásamt Lúðvík Guðmundssyni. Skyldi skuldin greiðast með 50.000.00 kr. afborgunum 28. desember og 28. júní ár hvert. Kveður stefnandi þannig 2 greiðslur fallnar í gjalddaga, en hvoruga hafa verið innta af hendi og því alla skuldina eindagaða samkvæmt ákvæðum bréfsins sjálfs.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að stefnandi hafi ekki öðlazt neinn eignarrétt að umræddu skuldabréfi, heldur hafi skuldabréfið verið afhent stefnanda og bróður hans, fyrrnefndum Lúðvík Guðmundssyni, að handveði. Að öðru leyti kveða stefndu málavexti þessa:

Fyrir nokkrum árum var stefnda Málmiðjan h/f í fjárþröng, og var málið leyst á þeim grundvelli, að þeir stefnandi og bróðir hans, Lúðvík, gáfu út sérskuldabréfalán að fjárhæð kr. 500.000.00 og létu 2. veðrétt í fasteigninni Miklubraut 50 til tryggingar láninu. Sérskuldabréfalán þetta skyldi Málmiðjan h/f greiða, en ef Málmiðjan h/f gæti ekki staðið undir afborgunum og vaxtagreiðslum af láninu, skyldu þeir stefndu Ewald og Magnús auk fyrrnefnds Lúðvíks greiða afborganir og vexti að ⅓ hluta hver, en þeir voru eigendur Málmiðjunnar h/f. Í reyndinni varð það þannig, að Málmiðjan h/f hafði ekki laust fé til að greiða afborganir og vexti af láninu, og urðu því fyrrgreindir aðiljar, þeir Ewald, Magnús og Lúðvík, að inna greiðslur þessar af hendi að ⅓ hluta hver. Þann 23. desember 1953 stóðu eftir af sérskuldabréfaláninu kr. 300.000.00, en þann dag var skuldabréfið á dskj. nr. 3, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, gefið út. Skuldabréf þetta var síðan afhent stefnanda og fyrrnefndum Lúðvík að handveði til tryggingar því tjóni, sem þeir kynnu að verða fyrir vegna eftirstöðva sérskuldabréfalánsins. Sumarið 1954 mun fyrrnefndur Lúðvík hafa greitt afborgun og vexti af sérskuldabréfaláninu án þess að krefjast þess, að þeir stefndu Ewald og Magnús greiddu hvor sinn ⅓ hluta af greiðslunni, sem honum þó stóð til boða. Ekki er þeim stefndu Ewald og Magnúsi kunnugt um, hvort nefndur Lúðvík greiddi fé þetta úr eigin vasa eða hvort það hefur verið greitt af sjóði Málmiðjunnar h/f, en þann sjóð hefur nefndur Lúðvík undir höndum, þar sem hann er bæði framkvæmdastjóri og gjaldkeri Málmiðjunnar h/f. Samkvæmt skuldabréfinu á dskj. 3 var eign Málmiðjunnar h/f, Þverholt 15, sett að veði fyrir fjárhæðinni með 4. veðrétti. Eign þessi var seld á opinberu nauðungaruppboði á árinu 1954, en ekki var þá mætt með skuldabréfið á dskj. nr. 3, en af uppboðssandvirðinu munu um kr. 180.000.00 ganga til greiðslu á bréfi þessu.

Mál þetta var þingfest 2. september f. á. Kom þá fram af hendi

stefnanda greinargerð ásamt skuldabréfi því, sem stefnandi reisir kröfur sínar á. Stefndu fengu þá frest til að rita greinargerð til 16. s. m. og síðan framhaldsfrest í sama skyni til 23. s. m., er greinargerð kom fram af þeirra hendi. Síðan hafa aðiljar haft sameiginlegan frest og framhaldsfrest til öflunar gagna til 27. f. m. Aðiljayfirheyrslur fóru fram í málinu 25. október, 10. og 15. desember f. á., en í síðastgreindu þinghaldi kom fram af hálfu stefndu vottorð, dags. daginn áður. Í þinghaldi 27. f. m. kom fram af hendi stefndu yfirlýsing, dags. 1. október 1953. Er yfirlýsing þessi undirrituð af þeim fyrrnefndu Lúðvík og Magnúsi og aðilja þeim, sem gefið hefur vottorð það, er lagt hefur verið fram í málinu. Í yfirlýsingu þessari segir, að hún sé gerð í þrem eintökum, og haldi hver hinna þriggja yfirlýsingargjafa sínu eintaki. Af hálfu stefnanda hefur yfirlýsingu þessari verið mótmælt sem rangri.

Í síðastnefndu þinghaldi, 27. f. m., óskaði lögmaður stefndu enn eftir 3 vikna framhaldsfresti til öflunar gagna. Færði hann þau rök fyrir frestbeiðninni, að nauðsynlegt væri að afla frekari skýrslna fyrrnefnds Lúðvíks fyrir dómi varðandi fyrrnefnda yfirlýsingu, þar eð hún kæmi í bága við fyrri skýrslur hans í málinu. Einnig taldi lögmaður stefndu nauðsynlegt að afla skýrslu fyrrnefnds vottorðsgjafa fyrir dómi.

Af hálfu stefnanda var mótmælt, að frekari frestur yrði veittur í málinu, enda hefðu stefndu haft næga fresti til að afla umræddra skýrslna fyrir dómi.

Eins og að framan er rakið, hafa aðiljar haft sameiginlega fresti og framhaldsfresti til öflunar gagna í máli þessu frá 23. september f. á. Af umræddri yfirlýsingu, dags. 1. október 1953, er ljóst, að stefndu hefur verið kunnugt um efni hennar, er mál þetta var höfðað, og jafnframt má ætla, að þeir hafi haft eintak hennar í vörzlum sínum.

Þegar þetta og önnur atvik málsins eru virt, verður að telja, að stefndu hafi haft nægileg tækifæri til að afla umræddra skýrslna fyrir dómi, og þykir því eigi unnt að veita hinn umbeðna frest gegn andmælum stefnanda.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Mánudaginn 14. marz 1955.

Nr. 84/1954. **Leifur E. A. Sigurðsson** (Sjálfur)
gegn
Bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs (Tómas Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtaksgerð felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. maí 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða fógetagerð verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða allan kostnað málsins fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hinnar áfrýjuðu fógetagerðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi mótmælir því, að fógetagerð þessi hafi farið fram, þótt því sé lýst í fógetabók. Maður sá, sem tilgreindur er þar sem dómvottur, hefur fyrir dómi ekki getað borið, að gerð þessi hafi farið fram með þeim hætti, sem þar greinir. Að svo vöxnu máli verður að fella gerðina úr gildi.

Eftir þessum úrslitum verður stefnda dæmt að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fógetagerð er úr gildi felld.

Stefndi, bæjargjaldkeri Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Leifi E. A. Sigurðssyni, kr. 2000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Lögtaksgerð fógetaréttar Reykjavíkur 18. nóvember 1953.

Ár 1953, miðvikudaginn 18. nóvember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur í húsinu nr. 70 við Laugarnesveg í Reykjavík og haldinn

af fulltrúa borgarfógetans St. Gunnlaugssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið eftir beiðni bæjargjaldkera Reykjavíkur, en á ábyrgð bæjarsjóðs, að gera lögtak hjá Leifi E. A. Sigurðssyni til tryggingar ógoldnu útsvari til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ár 1953, kr. 500.00 auk dráttarvaxta, kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Fógeti leggur fram nr. 1, beiðni um gerðina, og nr. 2, útsvarsseðil. Skjölin hljóða svo: ± ±

Gerðarþoli er sjálfur mættur í réttinum, og skoraði fógeti á hann að greiða umkrafið gjald, en hann kveðst eigi geta greitt.

Skoraði fógeti þá á gerðarþola að benda á eignir til uppskriftar og lögtaks og bryndi fyrir honum að segja satt og hverju það varðaði að lögum að skýra rangt frá fyrir rétti.

Síðan voru eftir tilvísun mætta eftirtaldir munir skrifaðir upp og virtir þannig:

Húseignin nr. 70 við Laugarnesveg. Fallið var frá virðingu.

Lýsti fógeti þá yfir því, að hann gerði lögtak í ofangreindum eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri útsvarsskuld auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, allt að geymdum betra rétti sérhvers þriðja manns.

Bryndi fógeti þá fyrir gerðarþola, að eigi mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn hátt, er færi í bág við gerð þessa, að viðlagðri hegningarábyrgð.

Miðvikudaginn 16. marz 1955.

Nr. 27/1955. **Ákæruvaldið** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Jean-Baptiste Germe (Magnús Thorlacius).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik V. Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, athugað staðarákvarðanir yfirmanna á varðskipinu Þór í sambandi við töku togarans Cabillaud, B 2398, hinn 4. janúar 1955. Samkvæmt staðar-

ákvörðun kl. 0530 nefndan dag reyndist togarinn 1.3—1.4 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna, samkvæmt staðarákvörðun kl. 0544 reyndist togarinn tæplega 1.5 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna, og loks reyndist staður varðskipsins við hlið togarans kl. 0624 sama dag um 1.6 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna.

Þá hafa þeir Friðrik V. Ólafsson skólastjóri og Þorgrímur Sigurðsson skipstjóri að fyrirlagi Hæstaréttar látið í té álit sitt um hafstrauma á þeim slóðum, er togari ákærða var tekinn. Voru þeir sérstaklega beðnir að láta í ljós álit sitt á því, hversu langan tíma það hefði tekið fyrir togarann að reka 1.5 sjómílur að landi frá kl. 0515 hinn 4. janúar 1955. Segir svo í álitsgerð þeirra:

„Eins og kunnugt er, og sjá má af „Leiðsögubók fyrir sjómenn við Ísland", 3. hefti, bls. 45 og 51, setur aðfallsstraumurinn yfirleitt vestur með landinu, og útfallsstraumurinn austur með því. Vegna áhrifa Golfstraumsins gætir vesturfallsins yfirleitt meir en austurfallsins, og með austlægum áttum getur verið um aðeins vesturfall að ræða. Í hægviðri mun gæta bæði vestur- og austurfalls, en vesturfalls þó meir.

Samkvæmt flóðtöflum hefur átt að vera austurfall við Ingólfshöfða kl. 0515 hinn 4. janúar s.l., þar eð árdegisflóð hefur verið þar kl. 0102 þann dag. Þar sem frekar hefur verið smástreymt á þessum tíma (nýtt tungl þ. 1. janúar), hefur austurstraumurinn verið frekar linur og hraði hans ekki yfir eina sml. á klst. að okkar áliti. Stefna straumsins, álítum við, að hafi verið sem næst stefnu fiskveiðitakmarkanna á þessum slóðum, og ekki að landi, nema þá að litlu leyti.

Við getum því ekki svarað þeirri spurningu, hve lengi togarann hafi verið að reka 1.5 sml. að landi, en álítum, að rek hans fyrir straumi í 1.5 sml. hefði varla tekið skemmri tíma en tvær klst."

Þegar varðskipið kom að togaranum, voru stjórnborðsvörpuhlerar hans hangandi í gálgum utanborðs og stjórnborðsvarpan óbundin og rennvot á þilfari. Ákærði hefur sjálfur skýrt svo frá, að varpan hafi verið dregin inn um kl. 0515 hinn 4. janúar 1955. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til gagna málsins um staðarákvarðanir

varðskipsins og hafstrauma á þeim slóðum, þar sem togarinn var tekinn, er sannað, að ákærði hefur verið að veiðum með botnvörpu innan fiskveiðitakmarkanna, og varðar brot hans við lagaákvæði þau, sem í héraðsdómi greinir. Er refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi, enda er gullgengi íslenzkrar krónu óbreytt frá því, sem þar segir.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Jean-Baptiste Germe, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. janúar 1955.

Ár 1955, föstudaginn 7. janúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3/1955: Ákæruvaldið gegn Jean-Baptiste Germe, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærði í máli þessu er Jean-Baptiste Germe, til heimilis í 49 Rue Carnot í Le Portel á Frakklandi, skipstjóri á togaranum Cabillaud, B 2398, frá Boulogne á Frakklandi. Í ákæruskjali er hann sakaður um brot á fiskveiðilöggjöfinni samkvæmt 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara að morgni hins 4. janúar 1955 úti af Ingólfshöfða innan markalínunnar samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, samanber lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952. Til vara er hann ákærður fyrir brot á 2. gr. laga nr. 5/1920, með því að hafa verið á nefndum stað og tíma með ólöglegan umbúnað veiðar-

færa. Ákærður er hann til refsingar samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, samanber lög nr. 5/1951, til upptöku afla og veiðarfæra togarans. að því er aðalkröfuna varðar, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. maí 1916 í Frakklandi, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu fyrr hér á landi, svo að kunnugt sé.

Samkvæmt skýrslu Eiríks Kristóferssonar, skipherra á varðskipinu Þór, var varðskipið á eftirlitsferð austur að Ingólfshöfða að morgni hins 4. þessa mánaðar, og sást þá kl. 0510 togari, sem vist þótti, að væri í landhelgi. Kl. 0530 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Ingólfshöfði miðast í réttvísandi 8°, fjarlægð 6.2 sjómílur, og togarinn miðast í réttvísandi 34°, fjarlægð 5.5 sjómílur. Kl. 0544 miðast Ingólfshöfði í réttvísandi 341°, fjarlægð 5.0 sjómílur, og togarinn miðast í 12° réttvísandi, fjarlægð 3.5 sjómílur. Sneri þá togarinn á stjórnborða og virtist vera að vinda upp vörpu. Kl. 0556 sneri togarinn og setti á ferð út og austur. Kl. 0557, 0559 og 0601 var skotið púðurskotum frá varðskipinu. Kl. 0604 var enn skotið púðurskoti og einnig reynt að kalla á togarann með ljósmerkjum, en hann sinnti því ekki. Kl. 0613 var skotið kúluskoti með stjórnborðshlið togarans, kl. 0620 var skotið púðurskoti, og kl. 0623 var skotið kúluskoti að reykháf togarans, og nam hann þá staðar. Kl. 0624 nam varðskipið staðar við hlið togarans, sem reyndist vera Cabillaud, B 2398, frá Boulogne, og voru stjórnborðsvörpuhlerar hans hangandi í gálgum utanborðs.

Var þá strax gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Ingólfshöfði miðast í réttvísandi 258°, fjarlægð 7.1 sjómíla, dýpi 87 metrar. Í sama mund var settur út bátur frá varðskipinu og ákærði, skipstjóri togarans, sóttur og jafnframt athuguð veiðarfæri togarans. Stjórnborðsvarpan var óbundin á þilfari og rennvot, fiskur lifandi á þilfari og í netinu og óaðgerður fiskur hafði verið látinn niður í lest.

Ákærða var bent á, að allt benti á það, að hann hefði verið að veiðum í landhelgi. Skipherra skildist ákærði viðurkenna, að hann væri á landhelgissvæðinu, en bera á móti því að hafa verið að veiðum. Voru þá sóttir þrír lifandi fiskar yfir í togarann og ákærða sýndir þeir. Vörður var settur í togarann og ákærða tilkynnt, að farið yrði með togarann til hafnar til rannsóknar máls hans og að ákærða yrði sjálfum haldið í varðskipinu vegna þess, að hann hefði ekki sinnt aðvörunarskotunum og numið staðar.

Staður togarans, sem mældur var kl. 0530 og merktur er I á framlögðu sjókorti, er 1.4 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Staður togarans, sem mældur var kl. 0544 og merktur er II á sjókortinu, er 1.7 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Staður togarans, þar sem hann nam staðar og merktur er III á sjókortinu, er 1.5 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Hægviðri var, skýjað loft og sjór S 2. Kl. 0750 lögðu skipin af stað til Reykjavíkur og komu þangað kl. 0330 hinn 5. þ. m.

Allar framangreindar staðarákvarðanir gerði skipherrann og þrír stýrimenn varðskipsins sameiginlega og notuðu til þeirra ratsjá og gíró-áttavita. Stýrimennirnir hafa allir staðfest skýrslu skipherra, þó þannig, að tveir komu ekki á stjórnpall fyrr en rétt fyrir kl. 0530. Er því sannað, að togarinn var á hinum mældu stöðum á þeim tímum, sem í skýrslunni eru greindir, enda hefur ákærði viðurkennt allar framangreindar staðarákvarðanir réttar og engar athugasemdir gert við tímamörk skýrslunnar.

Hann neitar því hins vegar að hafa verið að botnvörpuveiðum innan fiskveiðitakmarkanna og skýrir svo frá, að staðið hafi yfir viðgerð á botnvörpu togarans og hann þá rekið inn fyrir fiskveiðitakmarkalínuna, án þess að ákærði gerði sér grein fyrir því. Í togaranum er ratsjá og seguláttaviti, og notaði ákærði þau tæki við staðarákvarðanir sínar á þeim tíma, sem hér skiptir máli, og telur hann þær ekki eins nákvæmar og verið hefðu, ef gíró-áttaviti hefði verið notaður í stað seguláttavita.

Ákærði hefur skýrt frá siglingu togarans og athöfnum hans á þá leið, að hann hafi verið nýkominn á miðin úr heimahöfn og byrjað að toga kl. 0200—0215 eftir íslenzkum tíma hinn 4. þ. m., togað tvö tog, og hafi hinu síðara verið lokið um kl. 0515 og varpan þá dregin inn. Þegar hann kastaði vörpunni í fyrra toginu, mældi hann stað togarans, og reyndist hann vera 10 sjómílur suðaustur af Ingólfshöfða. Fyrst togaði hann í norðvestur í 30 mínútur, en sneri síðan og togaði suðaustur í 40 mínútur og innbyrti síðan vörpuna. Leið þá nokkur stund, sem ákærði man ekki nákvæmlega, hve löng var, en gizkar á, að verið hafi 20—25 mínútur. Að þeirri stundu liðinni kastaði hann vörpunni að nýju og togaði í norðvestur í eina klukkustund og 10 mínútur. Var varpan þá innbyrt, og lá togarinn síðan ferðlaus og lét reka, þar til hann setti á ferð út og austur, eins og í skýrslu skipherra varðskipsins segir, en það var kl. 0556. Ákærði kveðst hafa mælt með ratsjá staðinn, þar sem varpan var innbyrt í síðara skiptið, en ekki hafa merkt hann á sjókort sitt. Hann hefur í rannsókn málsins merkt þenna stað eftir minni, og er merkið aðeins utan við fiskveiðitakmarkalínuna. Þegar varpan var innbyrt, kom í ljós, að hún var rifin á um tveggja metra kafla, og var þá farið að gera við bilun þessa, og hafa báðir stýrimenn togarans og loftskeytamaðurinn staðfest, að viðgerð þessi hafi farið fram, og tveir skoðunarmenn, sem dómurinn kvaddi til að skoða vörpuna, hafa staðfest, að hún sé nýviðgerð á kafla og að svo líti út sem hún hafi ekki komið í vatn eftir þá viðgerð. Ákærði segir viðgerðinni hafa verið lokið, þegar hann lagði af stað út og austur í því skyni að halda áfram veiðum. Á leiðinni gerði hann ratsjármælingu og varð þess vísari, að hann væri innan fiskveiðitakmarkanna, og var það fyrst eftir þetta, sem hann kveðst hafa heyrt skot varðskipsins. Telur hann sig ekki hafa heyrt nema þrjú síðustu skot varðskipsins og hafa álitið þau vera merki til sín. Hann neitar

að hafa flúið undan varðskipinu, en þar sem öruggt telst, að hann, sem var á stjórnpalli togarans, allan þann tíma, sem hér skiptir máli, hafi heyrt fleiri skot varðskipsins en hann viðurkennir, og þar sem hann nam ekki staðar fyrr en eftir annað kúluskotið, telst sannað, að hann hafi reynt að flýja undan varðskipinu. Ákærði viðurkennir, að ástand veiðarfæranna og aflans í togaranum hafi verið svo sem í skýrslu skipherrans segir, það er að segja stjórnborðshlerar hafi hangið í gálgum utanborðs, stjórnborðsvarpan hafi verið rennvot, óbundin á þilfari og spriklandi fiskur hafi verið bæði á þilfari og í lest og einnig í vörpunni, en þess ber að gæta, að III. stýrimaður varðskipsins, sem fyrstur fór um borð í togarann og var þar samfleytt á verði frá þeim tíma, unz komið var til hafnar, sá ekki fisk í vörpunni. Hins vegar sáu hann og þrír aðrir varðmenn spriklandi fisk á þilfari togarans, og stýrimaðurinn og einn hinna, Pétur Skagfjörð Stefánsson háseti, sáu spriklandi fisk í lestinni. III. stýrimaður varðskipsins og Pétur sáu, að ástand veiðarfæranna var, svo sem lýst hefur verið, og sérstaklega aðgætti Pétur, sem er vanur togaramaður, hvort hnýtt væri fyrir vörpupokann, sem lá á fordekkinu hjá fiskinum, og var svo ekki. Þegar ákærði var kominn yfir í varðskipið og hafði neitað veiðunum innan fiskveiðitakmarkanna, var sent eftir sýnishorni aflans yfir í togarann. Tveir varðskipsmenn fluttu þrjá fiska (þorska) yfir í varðskipið og lögðu þá þar frá sér. Bera þeir báðir, skipherrann og tveir stýrimenn varðskipsins, sem allir sáu þessa fiska í varðskipinu, að þeir hafi verið spriklandi.

Ákærða voru sýndir fiskar þessir þar, og segir hann þá hafa verið nýja, en ekki kveðst hann hafa séð þá hreyfast. Dómurinn hefur aflað sér vottorðs Fiskideildar Atvinnudeildar Háskólans um það, hve lengi þorskur og ýsa geti lifað á þilfari togara, og segir í vottorðinu, að sé veður þurrt og ekki gangi sjór yfir þilfar, geti fisktegundir þessar aðeins lifað nokkrar mínútur, en það fari þó nokkuð eftir því, hvar fiskurinn er í kösinni, hve lengi hann lifi. Telur fiskdeildin 30—40 mínútur hámark við hagstæðustu skilyrði.

Upplýst er með skýrslu ákærða og á annan hátt, að togarinn var með vinnuljósum á þilfari og fiskiljósum á siglutrjám fram að því, að hann tók að sigla út og austur frá landinu, en þá voru höfð uppi siglingaljós. Kveðst ákærði hafa látið fiskiljósin loga, eftir að varpan hafði verið dregin inn, og enda þótt þetta sé andstætt siglingareglum, viðgangist það á skipum. Skipherra varðskipsins og allir þrír stýrimenn þess sáu togarann snúast, svo sem greint er í skýrslu skipherrans, og álitu þeir, að hann væri þá að draga inn vörpuna. Sáu stýrimennirnir, að togarinn vissi upp að landinu, áður en hann tók að snúast. Vegna myrkurs sást varpan ekki, en snúningur togarans benti að þeirra áliti til þess, að verið væri að innbyrða vörpuna.

Allar vitnaskýrslur varðskipsmanna og manna af togaranum í máli þessu eru eiðfestar.

Ákærði kveðst hafa lokið við að draga inn vörpuna um kl. 0515 og þá hafa verið aðeins utan fiskveiðitakmarkalínunnar og hafi togarinn síðan verið ferðlaus um tíma, svo sem áður segir. Hins vegar viðurkennir hann stað togarans 1.4 sjómílu innan takmarkalínunnar kl. 0530 samkvæmt mælingum varðskipsins, og ætti togarann samkvæmt því að hafa rekið sem næst tvær sjómílur í áttina til lands á um stundarfjórðungi eða e. t. v. lítið eitt lengri stund, ef tímamark ákærða er ekki tekið nákvæmlega. Þetta telur dómurinn fráleitt, því að hægviðri var og sjór mjög stilltur (S2) og straumur á þessum slóðum liggur yfirleitt með landinu, en ekki að landi, en skipherra varðskipsins álítur — án þess þó að styðjast í því við mælingu — að straumurinn hafi í þetta sinn legið frá landinu sökum mikilla vatnavaxta vegna undanfarandi leysinga. Kl. 0624 var lifandi fiskur í togaranum, og sýnir það samkvæmt framangreindu áliti fiskideildarinnar, að varpan hefur eigi verið innbyrt lengri tíma áður en 30—40 mínútum í hæsta lagi, en frá þeim tíma er sannað með mælingum varðskipsforingjanna, viðurkenndum af ákærða, að togarinn var innan fiskveiðitakmarkanna.

Með þessu tvennu, sem styrkt er fleiri rökum, svo sem snúningi togarans, flótta hans og ástandi veiðarfæranna, telst nægilega sannað gegn neitun ákærða, að togarinn hafi verið á botnvörpuveiðum innan fiskveiðitakmarkanna við margnefnt tækifæri.

Með þessu hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og þykir refsing hans samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og með tilliti til núverandi gullgengis íslenzkrar krónu og stærðar togarans, sem er 576.45 brúttó smálestir, hæfilega ákveðin 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Allan afla og veiðarfæri togarans, þar með talda dragstrengi, ber að gera upptæka til handa sama sjóði.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, hrl. Magnúsar Thorlacius, kr. 1000.00.

Dóm þenna kveða upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendurnir Jónas Jónasson og Pétur Björnsson, skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Jean-Baptiste Germe, greiði 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Allur afli og veiðarfæri togarans Cabillaud, B 2398, þar með

taldir dragstrengir, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hrl. Magnúsar Thorlacius, kr. 1000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 18. marz 1955.

Nr. 193/1953. **Stefán Friðriksson, eigandi Glæsibæjar,**
(Einar B. Guðmundsson)
gegn
Árna J. Hafstað, Sigurði Hafstað, Hauki Hafstað og **Halldóri Hafstað, eigendum Víkur.**
(Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Frávísunarkröfu hrundið.

Úrskurður Hæstaréttar.

Hinn 24. september 1953 var dómur kveðinn upp í landamerkjadómi Skagafjarðarsýslu í landamerkjamáli milli stefndu og áfrýjanda. Með dómi þessum var áfrýjanda meðal annars dæmt að greiða stefndu kr. 3000.00 í málskostnað. Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. desember 1953 í því skyni að fá héraðsdóminn úr gildi felldan og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju í samræmi við kröfur hans fyrir héraðsdómi.

Stefndu hafa borið fram kröfu um frávísun málsins frá Hæstarétti, og hefur farið fram sérstakur málflutningur um hana samkvæmt 42. gr. laga nr. 112/1935. Krefjast stefndu þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins. Áfrýjandi krefst þess, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið og að þeim verði dæmt in solidum að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Frávísunarkröfuna reisa stefndu á því, að áfrýjandi hafi

hinn 5. desember 1953, áður en áfrýjunarstefna var út tekin, greitt fyrirvaralaust málskostnað þann, kr. 3000.00, er honum var dæmt með héraðsdómi að greiða þeim. Telja stefndu, að með þessu hafi áfrýjandi fyrirgert áfrýjunarheimild, með því að fyrirvaralaus greiðsla málskostnaðar samrýmist ekki áfrýjun málsins síðar.

Um greiðslu málskostnaðarins hefur komið fram í málinu það, sem hér segir.

Samkvæmt vottorði fulltrúa sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu og frásögn áfrýjanda, sem fulltrúinn hefur lýst rétta, að því er hann varðar, hafði einn hinna stefndu, eftir að dómur gekk í héraði, krafizt aðfarar hjá áfrýjanda til heimtu málskostnaðarins. Fór fulltrúinn þess þá á leit við áfrýjanda í símtölum, a. m. k. tvisvar sinnum, að hann greiddi málskostnaðinn, svo að ekki félli á hann aukakostnaður að óþörfu. Varð þetta til þess, að áfrýjandi greiddi fulltrúanum málskostnaðinn, kr. 3000.00, hinn 5. desember 1953, eins og áður segir, en lét þess jafnframt getið við fulltrúann, að hann mundi þrátt fyrir þetta áfrýja dóminum.

Þar sem fulltrúanum mátti vera ljóst af nefndri yfirlýsingu áfrýjanda, að greiðsla málskostnaðarins var af misskilningi sprottin, hefði hann átt að leiðbeina áfrýjanda um þetta efni. Þar sem fulltrúinn gerði það ekki, þykir greiðsla málskostnaðarins með framangreindum hætti ekki hafa svipt áfrýjanda áfrýjunarheimild. Verður frávísunarkrafa stefndu því ekki tekin til greina.

Ályktarorð:

Frávísunarkrafan verður ekki tekin til greina.

Föstudaginn 18. marz 1955.

Nr. 32/1954. **Ákæruvaldið** (Theodór B. Líndal)
gegn
Jens Pétri Thomsen Friðrikssyni
(Kristján Guðlaugsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn lögum um iðnað.

Dómur Hæstaréttar.

Með 17. tölulið 5. gr. reglugerðar um iðnaðarnám nr. 87/1928, sem sett var samkvæmt lögum nr. 11/1927, var ljósmyndarastarfsemi gerð löggilt iðngrein, er iðnaðarnáms þurfti til. Hefur þetta haldizt síðan, sbr. 16. tölulið 13. gr. reglugerðar um iðnaðarnám nr. 38/1941, er sett var samkvæmt lögum nr. 100/1938, og nú 24. tölulið 59. gr. reglugerðar um iðnfræðslu nr. 130/1952, sem sett er samkvæmt lögum nr. 46/1949.

Í máli þessu er leitt í ljós, að ákærði fullnægir ekki skilyrðum iðnlöggjafarinnar til að reka ljósmyndarastarf sjálfstætt í atvinnuskyni hér á landi. Þegar réttarpróf í málinu hófust hinn 27. febrúar 1952, kannaðist ákærði við, að hann hefði frá því á árinu 1946 unnið að ljósmyndatöku, aðallega fyrir 2 tiltekin dagblöð og nokkrar stofnanir, og selt þeim myndirnar. Kvaðst hann ekki geta fallizt á að hætta þessari ljósmyndarastarfsemi sinni.

Framangreind starfsemi ákærða á tímabilinu frá 27. febrúar 1950 til 18. október 1952, er ákæruskjal var út gefið, varðar hann refsingu samkvæmt lagaákvæðum þeim, sem í héraðsdómi greinir. Að því er tekur til eldri ljósmyndarastarfsemi ákærða, er sök hans nú fyrnd samkvæmt lögjöfnun frá 81. gr. laga nr. 19/1940.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar,

þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Theodórs B. Líndals og Kristjáns Guðlaugssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. september 1953.

Ár 1953, þriðjudaginn 8. september, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3265/1953: Ákæruvaldið gegn Jens Pétri Thomsen Friðrikssyni, sem dómtekið var 31. júlí s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 18. október 1952, gegn Jens Pétri Thomsen Friðrikssyni fréttaljósmyndara, Blómvallagötu 10 A, hér í bæ, fyrir brot á iðnlöggjöfinni samkvæmt lögum nr. 18/1927, 14. gr., 2. mgr., sbr. lög nr. 105/1936, 2. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 18/1927, sbr. 15. gr. laga nr. 105/1936. Þykir ákærði hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að stunda ljósmyndatöku og ljósmyndagerð sem iðn án þess að hafa iðnréttindi, t. d. taka hópmyndir og myndir af einstaklingum og tækifærismyndir af atburðum og atvikum gegn greiðslu.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 19. júní 1910 í Reykjavík, og hefur sætt þessum kærum og refsingum, svo að kunnugt sé:

1933 9/6 Dómur aukaréttar Reykjavíkur. 12 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir líkamsmeiðingar, og 100 kr. skaðabætur.

1934 13/11 Sætt. Sekt 75 kr. fyrir ölvun o. fl.

1935 16/1 Dómur aukaréttar Reykjavíkur. 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 6. gr. laga nr. 51 frá 1928, sbr. 55. gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869.

1935 27/2 Kærður af Guðm. P. Guðmundssyni fyrir svik.
1935 27/3 Dómur aukaréttar í sama máli. 30 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.
1935 24/11 Kærður fyrir ölvun og óspektir. Látið falla niður.
1944 24/8 Rvík. Sátt. 25. kr. sekt fyrir slagsmál og brot gegn 17. gr. áfengislaganna.
1944 10/11 Rvík. Sátt. 10 kr. sekt fyrir brot gegn 9. gr. lögreglusamþykktar Rvíkur.
1945 24/9 Dómur lögregluréttar. 10 daga varðhald fyrir brot gegn 38. gr. bifreiðalaganna.
1946 20/4 Rvík. Sátt. 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1950 3/3 Dómur. 10 daga varðhald, ökuleyfissvipting í 6 mánuði fyrir brot á áfengis- og bifreiðalögum.
1950 21/7 Dómur. 10 daga varðhald fyrir brot gegn 2. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaganna.
1952 5/12 Sátt. 30 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 21. febrúar 1952, kærði stjórn Ljósmyndarafélags Íslands það til sakadómarans í Reykjavík, að ákærði í máli þessu, Jens Pétur Thomsen Friðriksson, hefði um alllangt skeið stundað ljósmyndatöku og ljósmyndagerð, á þann hátt, að telja verði gert í atvinnuskyni, án þess að hafa til þess iðnréttindi. Þessu til rökstuðnings var á það bent, að ákærði hefði stundað gegn greiðslu að taka hópmyndir og myndir af einstaklingum og tækifærismyndir af atburðum og atvikum og síðan selt myndirnar einstaklingum, blöðum, félögum og stofnunum. Sem dæmi um þetta frá ýmsum tímum voru nefnd: Ljósmyndun af Vinnuhælinu að Reykjalundi og Circus Zoo fyrir S.Í.B.S., ljósmyndun af fyrstu komu Gullfoss fyrir Eimskipafélag Íslands, ljósmyndir af Reykjavíkursýningunni o. fl. fyrir Reykjavíkurbæ, ljósmyndun fyrir Landsíma Íslands, Stangarveiðifélag Íslands, Veitingaþjónafélag Íslands, af sjúklingum á Vífilsstöðum, starfsfólki Ísafoldarprentsmiðju, fyrir Ungmennafélag Íslands, Skátafélögin og Badmintonsamband Íslands.

Sigurður Guðmundsson, formaður Ljósmyndarafélags Íslands, mætti sem vitni í máli þessu og staðfesti framangreint bréf. Kvað vitnið stjórn Ljósmyndarafélagsins ekki hafa verið kunnugt um það, fyrr en á árinu 1950, að ákærði starfaði sem ljósmyndari.

Ákærði skýrði fyrst í stað svo frá atvikum, að hann hefði starfað sem fréttaljósmyndari hér á landi síðan árið 1946. Kvaðst hann aðallega hafa unnið fyrir Morgunblaðið og Vísi. Viðurkenndi hann að hafa unnið að ljósmyndun fyrir stofnanir þær, er að framan greinir, og selt þeim síðan myndirnar. Ekki kvaðst ákærði hafa ljósmyndaraiðnréttindi hér á landi, en hins vegar hefði hann þau í mörgum öðrum löndum. Ákærði kvaðst hafa reynt að komast að samkomu-

lagi við ljósmyndara um starf sitt, en það hefði ekki tekizt. Hann tók fram, að hann hefði ekki sett upp ljósmyndastofu, ekki tekið fólk í vinnu og ekki auglýst starfsemi sína, heldur tekið ljósmyndir eftir beiðni annarra hverju sinni. Vildi hann gera greinarmun á stofuljósmyndurum og öðrum ljósmyndurum.

Fór nú málið til umsagnar Iðnráðs Reykjavíkur. Í bréfi, dagsettu 10. júní 1952, taldi Iðnráðið, að með því að sannað væri og viðurkennt af ákærða, að hann hafi ljósmyndun að atvinnu án þess að hafa til þess tilskilin réttindi, hefði hann gerzt brotlegur við iðnlöggjöfina. Iðnráðið taldi mjög vafasamt, að ákærði hefði lagalegan rétt til ljósmyndunar í öðrum löndum, en að sjálfsögðu yrði ákærði að hlíta íslenzkum lögum um atvinnuréttindi hér eins og aðrir. Á þessum forsendum taldi það kæruna á rökum reista.

Er ákæruskjal var birt ákærða 21. janúar s.l., óskaði hann eftir því, að Kristján Guðlaugsson hrl. yrði skipaður verjandi sinn, og var það gert. Í bréfi, dagsettu 25. febrúar s.l., óskaði skipaður verjandi ákærða eftir því, að framhaldsrannsókn færi fram í málinu. Sem rök fyrir beiðni þessari kvað skipaður verjandi vera þau, að fyrirtækið „Filmphoto" hefði verið skrásett 15. maí 1950 af Friðrik Clausen ljósmyndara og ákærða. Tilgangur félagsins hefði verið alls konar ljósmyndaraiðn, þar á meðal sú starfsemi, sem ákærði hefði með höndum fyrir blöð og stofnanir og talin er brjóta í bág við iðnlöggjöfina. Við rannsókn málsins hefði þetta atriði ekki komið fram, en það gerbreytti öllum málsviðhorfum, með því að starfsemi ákærða hefði farið fram í samvinnu við Friðrik Clausen á vegum fyrirtækis þeirra.

Er ákærði mætti að nýju, kvaðst hann óska eftir að taka fram nokkur atriði, sem sér hefði láðst að geta um í upphafi málsins. Hefði þetta stafað af því, að hann hefði álitið kærunni beint gegn sér persónulega. Kvaðst hann hafa byrjað að starfa að ljósmyndun með Friðrik Clausen, sem er meistari í faginu, á árunum 1947 eða 1948, að því er hann bezt minnti. Árið 1950 stofnsettu þeir fyrirtækið „Filmphoto" og létu skrásetja það sama ár. Fyrirtækið hefur haft aðsetur að Blómvallagötu 10 A. Ákærði og Friðrik Clausen hafa starfað þar að allri algengri ljósmyndavinnu, nema „Studio"-vinnu. Friðrik hefur haft yfirumsjón með fyrirtækinu, en ákærði hefur starfað sjálfstætt á vegum þess.

Friðrik Clausen hefur staðfest þenna framburð ákærða. Kvaðst hann hafa unnið meira og minna með ákærða að ljósmyndun undanfarin ár. Hefðu þeir ákærði unnið tveir einir á vegum fyrirtækisins, og ákærði undir yfirumsjón hans. Ákærði hefur þó unnið að ljósmyndagerð sjálfstætt, án þess að hann hefði dagleg afskipti af því. Þá tók Friðrik fram, að ákærði byggi til ljósmyndir, án þess að hann hefði afskipti af því hverju sinni, enda væri það óþarfi, þar sem hann væri mjög vel fær í iðninni. Kvað hann þá ákærða hittast næstum vikulega.

Framangreind atriði voru kynnt vitninu Sigurði Guðmundssyni. Kvað vitnið Friðrik Clausen hafa unnið á „Ljósmyndastofu Herdísar Guðmundsdóttur" í Hafnarfirði, nema nokkra mánuði, eftir að fyrirtækið „Filmphoto" var stofnað. Er Friðrik var kvaddur aftur fyrir dóm, kvað hann þetta rétt vera. Tók hann í því sambandi fram, að hann hefði mjög frjálsar hendur um það, hvernig hann starfaði. Mætti hann vera frá störfum, þegar sér sýndist.

Að framhaldsrannsókn lokinni var málið sent að nýju til dómsmálaráðuneytisins. Í bréfi, dagsettu 16. júní s.l., tók ráðuneytið fram, að það teldi ekki efni til að fella niður saksókn gegn ákærða eða breyta ákæruskjali. Lagði ráðuneytið fyrir, að málið yrði tekið til dómsálagningar samkvæmt ákæruskjali.

Af hálfu skipaðs verjanda ákærða hefur á það verið bent, að með því að ákærði starfi á ábyrgð meistara, sem nýtur fullra réttinda, þ. e. Friðriks Clausens, og einnig með tilliti til hins, að hann eigi rétt á viðurkenningu, þótt hann hafi ekki enn sem komið er getað lagt fram nauðsynleg skilríki af honum óviðráðanlegum orsökum, þá vilji hann fara þess á leit, að ákærði verði sýknaður af öllum ákæruatriðum, en sér dæmd málsvarnarlaun af opinberu fé. Til vara gerði skipaður verjandi þá kröfu, að ákærði yrði sýknaður að svo stöddu til þess að honum gæfizt kostur á að afla sér skilríkja, en að því ynnu íslenzk stjórnvöld með ákærða.

Á þetta verður ekki fallizt. Það er sannað af framburði ákærða sjálfs og Friðriks Clausens, að ákærði stundar sjálfstætt í atvinnuskyni ljósmyndatöku og ljósmyndagerð án iðnréttinda.

Þykir ákærði með því hafa gerzt brotlegur gegn 2. mgr. 14. gr. laga nr. 18/1927, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 105/1936. Samkvæmt 27. gr. laga nr. 18/1927, sbr. 15. gr. laga nr. 105/1936, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 500 kr. sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., kr. 500.00.

Gerð hefur verið grein fyrir drætti þeim, sem orðið hefur á uppkvaðningu dóms þessa, í gögnum málsins.

Dómsorð:

Ákærði, Jens Pétur Thomsen Friðriksson, greiði 500 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., kr. 500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. marz 1955.

Nr. 41/1953. **Hjörleifur Kristmannsson**
(Sigurður E. Ólason)
gegn
Byggingafélaginu Stoð h/f
(Kristján Guðlaugsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kröfu vegna galla á húsbyggingu skuldajafnað við kröfu um eftirstöðvar byggingarkostnaðar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. desember 1953, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. ágúst s. á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eins og lýst er í héraðsdómi, komu fram tvær sprungur á austurgafli viðbyggingar þeirrar, er stefndi steypti fyrir áfrýjanda á árinu 1946. Virðist leki sá, sem stafaði af göllum þessum, hafa komið fljótlega í ljós og að áfrýjandi hafi um svipað leyti kvartað undan annmörkum þessum við fyrirsvarsmenn stefnda. Af hendi stefnda voru því næst gerðar a. m. k. tvær tilraunir til að lagfæra gallana, án þess að stefndi krefði greiðslu fyrir eða gerði að öðru leyti nokkurn fyrirvara af því tilefni. Að svo vöxnu máli þykir áfrýjandi eiga rétt til bóta úr hendi stefnda til greiðslu kostnaðar af að gera við nefnda galla, en hann nemur samkvæmt mati dómkvaddra manna kr. 4104.55 og kostnaður af matsgerðinni kr. 600.00, eða samtals kr. 4704.55. Á áfrýjandi rétt til að skuldajafna kröfu þessari við kröfu stefnda að fjárhæð kr. 4662.15. Samkvæmt því verður sýknukrafa áfrýjanda í máli þessu tekin til greina og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Hjörleifur Kristmannsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Byggingafélagsins Stoðar h/f, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. maí 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., hefur Byggingafélagið Stoð h/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. júní 1951, gegn Hjörleifi Kristmannssyni skósmið, Þórsgötu 23, hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 4662.15 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að á árinu 1946 lét stefndi byggja viðbót við hús sitt að Þórsgötu 23, og annaðist stefnandi verkið. Í árslok 1946 taldi stefnandi til skuldar hjá stefnda kr. 9662.15, en í desember 1947 greiddi stefndi kr. 5000.00 upp í viðskipti þessi og síðan ekki meira. Hefur stefnandi síðan höfðað mál þetta.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að gallar hafi komið fram á verkinu og valdið sér tjóni, er hann telur stefnanda skylt að bæta, og vill hann skuldajafna bótakröfu sinni við kröfu stefnanda. Í marz 1952 voru dómkvaddir að ósk stefnda tveir menn til að skoða og meta galla þessa og skemmdir af þeirra völdum. Skýra þeir svo frá, að tvær láréttar sprungur séu á austurgafli hússins og að vatn hafi komizt inn í þær og af því hlotizt leki í stigagangi hússins. Meta þeir viðgerðarkostnað ásamt viðgerð á raflögn og málningu kr. 4104.55.

Gegn andmælum stefnanda hefur stefndi eigi fært sönnur á það, að nefndar sprungur og leki sá, er þær hafi valdið, eigi rót sína að rekja til galla á verkinu, sem stefnandi beri ábyrgð á, enda skera matsgerðin og síðari skýringar matsmannanna ekki úr um það að þessu leyti. Það er upplýst í málinu, að stefnandi hefur á sínum tíma gert tvær eða þrjár tilraunir til að lagfæra þetta og stöðva lekann, að því er virðist, stefnda að kostnaðarlausu, en eigi þykir ástæða til að líta á það sem viðurkenningu af stefnanda hálfu á því, að hann hafi talið sig bera ábyrgð á göllum þessum. Loks er þess að gæta, að fyrrgreind kr. 5000.00 greiðsla stefnda hefur farið fram, eftir að gallarnir voru í ljós komnir, og eigi verður séð, að hann hafi síðar borið sig upp undan þeim, fyrr en löngu eftir að mál þetta var höfðað. Þykir samkvæmt þessu verða að dæma stefnda til að greiða stefnanda stefnukröfuna ásamt vöxtum, er rétt þykir

að telja 5% p. a. frá 1. jan. 1948 til sáttakærudags, 7. júní 1951, og 6% p. a. frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað, er ákveðst kr. 750.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Árna Snævarr verkfræðingi og Jóni Bergsteinssyni múrarameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Hjörleifur Kristmannsson, greiði stefnanda, Byggingafélaginu Stoð h/f, kr. 4662.15 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1948 til 7. júní 1951 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 750.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. marz 1955.

Nr. 145/1953. **Lilja Vikar** (Magnús Thorlacius)
gegn
Trausta Ó. Lárussyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafa um bætur vegna galla á keyptum bílhreyfli.

Dómur Hæstaréttar.

Kristinn Ólafsson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. september 1953 og gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða henni kr. 12.874.12 með 6% ársvöxtum frá 16. nóvember 1951 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hinn 15. febrúar 1951 seldi stefndi áfrýjanda herjeppa þann, sem í málinu greinir. Sama dag afsalaði hann Jóni Guðjónssyni, eiginmanni áfrýjanda, jeppahreyfli, sem hafði

verið í viðgerð á verkstæði Egils Vilhjálmssonar. Var kaupverð á hvorutveggja kr. 30.000.00. Hinn 20. febrúar 1952 ritaði Jón Guðjónsson stefnda bréf, þar sem hann krafði stefnda skaðabóta fyrir stórgalla á hreyfli bílsins, þeim er áður greindi, en Jón segir, að hann hafi verið settur í bílinn 6. maí 1951 og þegar reynzt óhæfur vegna leka á hreyfilsblökkinni. Í bréfinu skírskotar Jón til fyrri kvartana sinna við stefnda undan göllum á hreyflinum, en stefndi neitar því, að hann hafi verið krafinn bóta fyrr en í bréfi þessu. Hinn 9. apríl 1952 framkvæmdu tveir dómkvaddir menn skoðunargerð á bílhreyflinum. Segir í skoðunargerð, að í hreyfilsblökkinni séu tvær 2″ sprungur og sprungur á átta stöðum milli kælivatnsgata og út í „headboltagat“ á einum stað. Blökkin sé því ónýt. Sundurliða þeir síðan mat á viðgerðarkostnaði, er þeir telja nema kr. 5574.12. Er stefndi krafinn greiðslu á þessari fjárhæð auk kr. 7.300.00 fyrir afnotamissi bílsins, alls kr. 12.874.12 með vöxtum.

Stefndi kannast við, að sprunga hafi verið á hreyfilsblökk þeirri, er í málinu getur, þau þrjú ár, sem hann átti bílinn. Sprungan hafi verið fyrir ofan kveikjuna. Hann hafi notað þéttiduft, þá er hann lét frostlög á bílinn, og hafi blökkin eigi lekið. Hann kveðst hafa skýrt Jóni Guðjónssyni frá þessu, þá er kaup þeirra urðu. Hann setur hins vegar syn fyrir, að honum hafi verið kunnugt um aðrar sprungur á hreyflinum. Marinó Sigurðsson, yfirmaður á verkstæði Egils Vilhjálmssonar, sá um viðgerð á hreyflinum, áður en stefndi seldi hann. Marinó tjáist hafa veitt athygli einni hér um bil 1″ sprungu fyrir ofan kveikjuna á hreyfilsblökkinni. Kveður hann stefnda hafa sagt, að sprungan hafi verið þarna, frá því að hann keypti bílinn, og eigi komið að sök. Marinó lét sprunguna eiga sig, „enda var það sprunga út“, eins og hann orðar það.

Áfrýjanda hefur eigi tekizt að sanna gegn neitun stefnda, að honum hafi verið skýrt frá því, áður en ár var liðið frá kaupum, að hún hyggðist neyta réttar síns vegna galla á hreyfilsblökkinni. Áfrýjandi hefur eigi heldur sannað, að stefndi hafi vísvitandi blekkt Jón Guðjónsson við kaupin, enda þótt skoðunargerð tæpum fjórtán mánuðum síðar leiddi

í ljós stórgalla á hreyflinum. Krafa áfrýjanda er því niður fallin samkvæmt 54. gr. laga nr. 39/1922. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 1000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Lilja Vikar, greiði stefnda, Trausta Ó. Lárussyni, kr. 1000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 4. ágúst 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 31. júlí síðastliðinn, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26. maí s.l., af frú Lilju Vikar, Reykjavík, gegn Trausta Ó. Óskarssyni (sic, réttara: Lárussyni) skrifstofumanni, Öldugötu 18, Hafnarfirði, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 12.874.12, skaðabætur, með 6% ársvöxtum frá 16. nóvember 1951 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknunar og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnandans.

Málavextir eru þessir:

Þann 15. febrúar 1951 keypti stefnandinn af stefnda bifreiðina G 231 (herjeppa) ásamt nýfræstum jeppahreyfli fyrir kr. 30.000.00. Að vísu er afsal þetta gefið af Sigurjóni Einarssyni, en raunverulegur seljandi var stefndi, Trausti Ó. Óskarsson, og er það viðurkennt í málinu.

Hreyfill sá, sem með fylgdi í sölunni, var uppgerður á vélaverkstæði Egils Vilhjálmssonar, og skyldi kaupandinn taka hann þar og mátti halda eftir af kaupverði bílsins til þess að greiða þann viðgerðarkostnað.

Stefnandinn skýrir svo frá, að honum hefði verið tjáð við kaupin, að umræddur bíll hefði verið keyptur nýr frá amerísku herstjórninni hér í lok stríðsins.

Stuttu eftir að kaupin fóru fram, lét kaupandinn skrá bílinn á Reykjavíkurnúmer, en hann fékk R 2865.

Síðan virðist hafa farið fram skoðun á bílnum hjá bifreiðaeftirliti ríkisins — ekki upplýst, hvenær það var — og segir stefnandinn, að þá hafi komið í ljós fyrstu gallarnir, stýristúban brotin og lager í framhjóli ónýtur. Síðar hafi komið í ljós ónýtir hjöruliðir, mjög slitin drifsköft og gírkassahjól, ónýtir bremsuborðar, kuplingsdiskur og rafgeymir. Um 15. apríl, segir svo stefnandinn, að sprungið hafi

heddpakning á hreyflinum, og hafi hann þá ákveðið að skipta um hreyfil og hafi það verið gert 5. og 6. maí. Þá hafi komið í ljós, að vatn draup út á tveimur stöðum gegnum vélalakkið, sem hreyfillinn hafi verið lakkaður með. Þá hafi sést 6—7 cm löng sprunga á blokkinni fyrir ofan kveikjuna og önnur í bugðunni við startarann fyrir neðan kveikjuna, ca 10—20 cm löng. Þá telur stefnandinn upp ýmsar fleiri bilanir, sem komið hafi í ljós við áframhaldandi notkun bílsins, þar á meðal farinn sundur afturöxull, sem hafi verið gamalbrotinn. Loks ákvað stefnandinn um miðjan nóvember að taka heddið ofan af hreyflinum, vegna þess að honum hafði yfirleitt fundizt vinnsla vélarinnar óeðlilega léleg. Þá hafi komið í ljós við nánari skoðun á stimpilhúsinu með stækkunargleri sprungur, ca cm frá brún blokkarinnar.

Notkun sína á bifreiðinni R 2865 vorið 1951 og sumarið lýsir stefnandinn þannig. Frá því að bíllinn var keyptur og til 7. júlí hafi hann verið notaður um helgar í smá-skemmtiferðir á vegum kringum bæinn, lengst eina ferð til Sandgerðis, og svo nokkrum sinnum til vinnu í bænum.

Þann 7. júlí lagði stefnandinn af stað áleiðis inn á Landmannaafrétt, en þegar komið var rétt inn fyrir Galtalæk á Landi, brotnaði afturöxull. Var þar snúið til baka.

Þá hefði verið lagt upp í berjaferð upp í Borgarfjörð 1. september, en bíllinn komst ekki nema upp á Kjalarnes, því að þar losnaði undirlyftustilling.

Eiginmaður stefnanda, sem sá um bílkaupin og hefur gefið framanskráða skýrslu, kveðst hafa átt bíl og ekið flest árin frá 1930. Hafi hann á þessum árum eignazt 1 nýjan bíl, en fimm gamla.

Þann 9. apríl 1952 er framkvæmd matsgerð á bílnum af tveimur dómkvöddum mönnum. Segir þar, að við skoðun hafi komið í ljós, að mótorblokkin var sprungin út á tveimur stöðum (ca 2" hver sprunga) og átta stöðum milli kælivatnsgata og út í heddboltagat á einum stað. Blokkin sé þar af leiðandi ónýt.

Kostnaður við að taka úr hreyfli og setja í annan með tilheyrandi metið á kr. 1675.52, og nýir hlutir metnir á kr. 3898.60. Er matsgerð þessi dagsett 7. maí 1952.

Af hálfu stefnda er fyrst og fremst krafizt sýknunar vegna aðildarskorts.

Í málinu er viðurkennt, að Trausti Ó. Óskarsson, stefndi, hafi verið raunverulegur seljandi umræddrar bifreiðar og eigi að svara til saka út af þessum viðskiptum. Verður því ekki tekin til greina sýknunarástæða vegna aðildarskorts.

Þá heldur stefndi því fram, að bifreiðin hafi verið seld í því ástandi, sem hún var í, og kaupandinn hafi kynnt sér það og tekið það gilt, enda hafi ekki verið um að ræða leynda galla, sem stefnda væri kunnugt um eða bæri ábyrgð á.

Eins og ljóst er af því, sem rakið er hér að framan, líður meira

en ár frá því, að stefnandinn eignast bílinn, og þar til matsgerð er látin fram fara, og á því tímabili virðist þessi bifreið vera meira og minna í notkun.

Það verður því að teljast ósannað í málinu gegn neitun stefnda, að á umræddri bifreið hafi verið leyndir gallar, sem stefndi beri ábyrgð á, þegar kaupin fóru fram.

Að vísu viðurkennir stefndi að hafa vitað um sprungu fyrir ofan kveikjuna, en þessi sprunga hefði verið, þegar hann eignaðist bílinn, og ekki komið að sök. Það er ekki upplýst sérstaklega, hvaða áhrif þessi sprunga kynni að hafa á vinnslu vélarinnar né hvað kosta myndi að gera við hana, ef þess skyldi teljast nauðsyn.

Með tilvísun til þess, sem nú hefur verið fram tekið, ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnandans í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Trausti Ó. Óskarsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnandans, Lilju Vikar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 23. marz 1955.

Nr. 13/1953. **Ákæruvaldið**

gegn

Sigurði Jónassyni, Jóhanni Gunnari Stefánssyni, Hauki Hvannberg, Olíufélaginu h/f og Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Öflun framhaldsgagna.

Úrskurður Hæstaréttar.

Áður en dómur gengur í máli þessu í Hæstarétti, er rétt, að rannsókn fari fram um eftirtalin atriði:

1. Leiddar skulu í ljós rækilegar en gert hefur verið reglur þær, sem Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands fóru eftir, þá er þeir keyptu eftir hinn 19. marz 1950 gjaldeyri af Íslendingum, slíkan er myndaðist vegna krafna, er orðið

höfðu til fyrir nefnt tímamark, enda þótt eigi væri um greiðslu fyrir útfluttar vörur að tefla. Greint skal skýrt og glöggt, með hverju gengi innleyst var, hvort lagt var til grundvallar gengi fyrir hinn 19. marz 1950 eða gengi eftir þann dag.

2. Rannsaka ber önnur þau atriði, sem framhaldsrannsóknin veitir efni til.

Ályktarorð:

Héraðsdómi ber að framkvæma framangreinda rannsókn.

Þriðjudaginn 29. marz 1955.

Nr. 21/1955. **Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og Tryggingastofnunar ríkisins** (Hermann Jónsson)
gegn
Guðmundi H. Þórðarsyni (Enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtaksgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur með stefnu 26. janúar þ. á. skotið til Hæstaréttar lögtaksgerð, er framkvæmd var eftir kröfu hans hjá stefnda hinn 3. desember 1954, og krafizt þess, að lögtaksgerðin verði staðfest. Hann krefst þess einnig, að stefnda verði dæmt að greiða honum kostnað af lögtakinu og uppboðsbeiðni og málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hálfu stefnda hefur enginn komið fyrir dóm í máli þessu, enda þótt löglega hafi verið stefnt, og hefur málið því verið skriflega flutt samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaganna nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Með því að engir gallar eru á hinni áfrýjuðu lögtaksgerð, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu til greina.

Áfrýjanda verður ekki dæmdur kostnaður af lögtaki og uppboðsbeiðni, þar sem mat á þeim kostnaði ber undir fógeta og uppboðshaldara samkvæmt 185. gr. laga nr. 85/1936, en þeir hafa ekki lagt úrskurð á kostnað þenna.

Stefndi hafði áfrýjað lögtaksgerðinni af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera hina áfrýjuðu lögtaksgerð undir Hæstarétt. Þykir því rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er telst hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð staðfestist.

Stefndi, Guðmundur H. Þórðarson, greiði áfrýjanda, tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og Tryggingastofnunar ríkisins, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Lögtaksgerð fógetaréttar Reykjavíkur 3. desember 1954.

Ár 1954, föstudaginn 3. desember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur á horni Ingólfsstrætis og Spítalastígs og haldinn af fulltrúa borgarfógeta, Ben. S. Bjarklind, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Beiðni tollstjórans í Reykjavík um að gera lögtak hjá Guðmundi H. Þórðarsyni, Spítalastíg 5, fyrir bifreiðaskatti af R 4544 1953, kr. 540.80 auk dráttarvaxta og kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Til staðar er í réttinum beiðni um lögtakið ásamt tilheyrandi gjaldseðlum, þingm. nr. 1—2, en lögtaksúrskurður var kveðinn upp 10/5 1954 og birtur í dagblöðunum.

Nr. 1—2: Fylgja með í eftirriti.

Gerðarþoli er sjálfur mættur í réttinum, og skoraði fógeti á mætta að greiða umkrafin gjöld, en hann kveðst ekki geta greitt þau. Skoraði fógeti þá á mætta að benda á eignir gerðarþola til uppskriftar og lögtaks og bryndi fyrir mætta að segja satt og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Var þá bent á, skrifað upp og virt:

Bifreiðin sjálf, sem er nú á bifreiðaverkstæði Kr. Kristjánssonar, hér í bæ. Fallið var frá virðingu.

Fógeti lýsti því yfir, að hann gerði lögtak í nefndri bifreið til tryggingar framangreindum gjöldum auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betra rétti þriðja manns.

Bryndi fógeti fyrir mætta, að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn þann hátt, er færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Þriðjudaginn 29. marz 1955.

Nr. 23/1955. **Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og Tryggingastofnunar ríkisins**
(Hermann Jónsson)
gegn
Árnasyni, Pálssyni & Co. h/f (Enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtaksgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur með stefnu 28. janúar þ. á. skotið til Hæstaréttar lögtaksgerð, er framkvæmd var eftir kröfu hans hjá stefnda hinn 8. desember 1954, og krafizt þess, að lögtaksgerðin verði staðfest. Hann krefst þess einnig, að stefnda verði dæmt að greiða honum kostnað af lögtakinu og uppboðsbeiðni og málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hálfu stefnda hefur enginn komið fyrir dóm í máli þessu, enda þótt löglega hafi verið stefnt, og hefur málið því verið skriflega flutt samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Með því að engir gallar eru á hinni áfrýjuðu lögtaksgerð, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu til greina.

Áfrýjanda verður ekki dæmdur kostnaður af lögtaki og

uppboðsbeiðni, þar sem mat á þeim kostnaði ber undir fógeta og uppboðshaldara samkvæmt 185. gr. laga nr. 85/1936, en þeir hafa ekki lagt úrskurð á kostnað þenna.

Stefndi hafði áfrýjað lögtaksgerðinni af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera hina áfrýjuðu lögtaksgerð undir Hæstarétt. Þykir því rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er telst hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð staðfestist.

Stefndi, Árnason, Pálsson & Co. h/f, greiði áfrýjanda, tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og Tryggingastofnunar ríkisins, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Lögtaksgerð fógetaréttar Reykjavíkur 8. desember 1954.

Ár 1954, miðvikudaginn 8. desember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur í húsinu nr. 21 við Skólavörðustíg og haldinn af fulltrúa borgarfógeta, Gísla Símonarsyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Beiðni tollstjórans í Reykjavík um að taka upp og halda áfram lögtaki frá 4. júní 1954 hjá Árnason, Pálsson & Co. h/f, s. st., fyrir eftirtöldum gjöldum:

Þinggjaldi	nr. 30038	1954, kr.	6.305.00
—	— 30217	1953, —	12.260.00
Slysatryggingargjaldi	— 77	1953, —	785.60
—	— 71	1952, —	347.60
Þinggjaldi	— 30364	1952, —	2.890.00
		Samtals kr.	22.588.20

auk dráttarvaxta og kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Til staðar er í réttinum beiðni um lögtakið ásamt tilheyrandi gjaldseðlum, þingm. nr. 1—6, en lögtaksúrskurður var kveðinn upp 14/9 '53 og 14/9 '54, og birtur í dagblöðunum.

Nr. 1—6 fylgja með í eftirriti.

Fyrir gerðarþola er mættur í réttinum að tilhlutan fógetans Guðmundur H. Þórðarson, og skoraði fógeti á mætta að greiða umkrafin gjöld, en hann kveðst ekki greiða þau fyrir gerðarþola. Skoraði fógeti þá á mætta að benda á eignir gerðarþola til uppskriftar og lögtaks og bryndi fyrir mætta að segja satt og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Var þá bent á, skrifað upp og virt:

Bifreiðin R 452.

Fógeti lýsti því yfir, að hann gerði lögtak í nefndri bifreið til tryggingar framangreindum gjöldum auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betra rétti þriðja manns.

Bryndi fógeti fyrir mætta að tilkynna gerðarþola lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn hátt, er færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Þriðjudaginn 29. marz 1955.

Nr. 24/1955. **Tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og Tryggingastofnunar ríkisins**
(Hermann Jónsson)
gegn
Haraldi Teitssyni (Enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtaksgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur með stefnu 28. janúar 1955 skotið til Hæstaréttar lögtaksgerð, er framkvæmd var eftir kröfu hans hjá stefnda hinn 26. nóvember 1954, og krafizt þess, að lögtaksgerðin verði staðfest. Hann krefst þess einnig, að stefnda verði dæmt að greiða honum kostnað af lögtakinu og uppboðsbeiðni og málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hálfu stefnda hefur enginn komið fyrir dóm í máli

þessu, enda þótt löglega hafi verið stefnt, og hefur málið því verið skriflega flutt samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Með því að engir gallar eru á hinni áfrýjuðu lögtaksgerð, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu til greina.

Áfrýjanda verður ekki dæmdur kostnaður af lögtaki og uppboðsbeiðni, þar sem mat á þeim kostnaði ber undir fógeta og uppboðshaldara samkvæmt 185. gr. laga nr. 85/1936, en þeir hafa ekki lagt úrskurð á kostnað þenna.

Stefndi hafði áfrýjað lögtaksgerðinni af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera hina áfrýjuðu lögtaksgerð undir Hæstarétt. Þykir því rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er telst hæfilega ákveðinn kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð staðfestist.

Stefndi, Haraldur Teitsson, greiði áfrýjanda, tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs og Tryggingastofnunar ríkisins, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Lögtaksgerð fógetaréttar Reykjavíkur 26. nóvember 1954.

Ár 1954, föstudaginn 26. nóvember, var fógetaréttur Reykjavíkur settur í húsinu nr. 8 við Laufásveg og haldinn af fulltrúa borgarfógeta, Ben. S. Bjarklind, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Beiðni tollstjórans í Reykjavík um að gera lögtak hjá Haraldi Teitssyni fyrir bifreiðarskatti af R 3767 1953, kr. 765.60, auk dráttarvaxta og kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Til staðar er í réttinum beiðni um lögtakið ásamt tilheyrandi gjaldseðlum, þingm. nr. 1—2, en lögtaksúrskurður var kveðinn upp 10/5 1954 og birtur í dagblöðunum.

Nr. 1—2: Fylgja með í eftirriti.

Gerðarþoli er ekki mættur í réttinum, en af hans hálfu mætir að tilhlutan fógetans Sigurlaug Guðjónsdóttir, og skoraði fógeti á

mætta að greiða umkrafin gjöld, en hún kveðst ekki greiða þau fyrir gerðarþola. Skoraði fógeti þá á mætta að benda á eignir gerðarþola til uppskriftar og lögtaks og bryndi fyrir mætta að segja satt og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Var þá bent á, skrifað upp og virt:

Bifreiðin R 3767 og var fallið frá virðingu, en hún stendur nú í reiðuleysi utanbæjar hjá Árbæ við Suðurlandsbraut.

Fógeti lýsti því yfir, að hann gerði lögtak í nefndri bifreið til tryggingar framangreindum gjöldum auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betra rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mætta að tilkynna gerðarþola lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn þann hátt, er færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Þriðjudaginn 29. marz 1955.

Nr. 42/1955. **Ísafoldarprentsmiðja h/f**
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun kröfuliða frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 28. febrúar 1955, er barst Hæstarétti 10. þ. m., hefur sóknaraðili kært dóm, sem upp var kveðinn 27. febrúar 1955 í máli sóknaraðilja gegn varnaraðilja, en með dómi þessum var tilteknum kröfuliðum í nefndu máli vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Áfrýjandi neytti ekki heimildar 12. gr. laga nr. 29/1885 um að höfða mál í héraði um lögmæti lögtaksgerðarinnar inn-

an þess frests, sem þar er ákveðinn. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessu ber sóknaraðilja að greiða varnaraðilja kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ísafoldarprentsmiðja h/f, greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. febrúar 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., hefur Ísafoldarprentsmiðja h/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 9. nóvember 1954, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til endurgreiðslu ofgreidds söluskatts að fjárhæð kr. 56.876.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 20.208.00 frá 13. júlí 1953 til greiðsludags, 6% ársvöxtum af kr. 18.671.00 frá 31. desember 1953 til greiðsludags og 6% ársvöxtum af kr. 17.997.00 frá 31. janúar 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Með ákvæði III. kafla laga nr. 100 frá 1948 var atvinnufyrirtækjum gert að greiða svonefndan söluskatt af seldum vörum og þjónustu. Lagaákvæði þessi voru síðan framlengd með ákvæðum laga nr. 116 frá 1949, laga nr. 18 frá 1950, laga nr. 24 frá 1950 og laga nr. 112 frá 1950.

Stefnandi, sem rekur umfangsmikla prentsmiðju og bókagerð, taldi, að heildarvelta sín á árinu 1949 hefði numið alls kr. 3.430.714.00. Skattayfirvöld töldu, að stefnanda bæri að greiða 3% í söluskatt af þessari viðskiptaveltu, eða kr. 103.105.00. Á árinu 1950 taldi stefnandi, að heildarvelta sín hefði numið kr. 3.504.133.00. Gerðu skattayfirvöldin stefnanda að greiða 3% af þessari fjárhæð í söluskatt, eða kr. 105.122.00. Stefnandi taldi, að heildarvelta sín á árinu 1951 hefði numið kr. 2.943.016.00. Gerðu skattayfirvöldin stefnanda að greiða 3% af þessari fjárhæð í söluskatt, eða kr. 88.298.00.

Stefnandi hefur greitt umræddan söluskatt að fullu.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að henni hafi eigi borið að greiða nema 2% í söluskatt af bóksölu sinni, en 3% af öðrum seldum vörum og seldri þjónustu. Hún hafi þannig of-

greitt fé til ríkissjóðs, sem hún eigi kröfu til að fá endurgreitt. Sundurliðar hún kröfur sínar að þessu leyti þannig:

1. Á árinu 1949 hafði heildarsala þjónustu og vara, annarra en bóka, numið kr. 1.409.910.00. Af þessari veltu hafi henni borið að greiða 3% í söluskatt, eða kr. 42.297.00. Sala bóka á árinu hafi numið alls kr. 2.020.804.00, en af þeirri sölu beri henni aðeins að greiða 2% í söluskatt, eða alls kr. 40.416.00. Þannig hafi söluskatturinn aðeins átt að nema kr. 82.713.00 á árinu 1949. Hún hafi hins vegar greitt kr. 103.105.00 í söluskatt og eigi því að fá endurgreiddar kr. 20.208.00 ásamt vöxtum frá 13. júlí 1953, en þann dag hafi hún greitt þenna skatt að fullu. Á mismuni þeim, kr. 184.00, sem hér kemur fram, er engin skýring gefin, og hefur stefnandi ekki krafizt endurgreiðslu á því fé.

2. Á árinu 1950 hafi heildarsala þjónustu og vara, annarra en bóka, numið kr. 1.636.882.00. Af þessari veltu beri henni að greiða 3% í söluskatt, eða kr. 49.106.00. Sala bóka á árinu hafi numið kr. 1.867.251.00, en af þeirri sölu hafi henni borið að greiða 2% í söluskatt, eða kr. 37.345.00. Þannig hafi heildarsöluskatturinn á árinu 1950 átt að nema kr. 86.451.00. Hins vegar hafi hún greitt alls kr. 105.122.00 í söluskatt fyrir árið 1950 og eigi því rétt á að fá endurgreiddar kr. 18.671.00 með vöxtum frá 31. desember 1953, en þann dag hafi hún greitt skatt þenna að fullu.

3. Á árinu 1951 hafi heildarsala þjónustu og vara, annarra en bóka, numið kr. 1.143.246.00. Af þessari fjárhæð beri henni að greiða 3% í söluskatt, eða kr. 34.297.00. Sala bóka hafi á árinu numið kr. 1.799.770.00. Af þeirri sölu beri henni að greiða 2% í söluskatt, eða 35.995.00. Heildarsöluskatturinn fyrir árið 1951 hafi þannig átt að nema kr. 70.292.00. Hins vegar hafi hún greitt alls kr. 88.289.00 í söluskatt fyrir þetta ár og eigi því að fá endurgreiddar kr. 17.997.00 með vöxtum frá 31. janúar 1953, en þann dag hafi hún greitt skatt þenna að fullu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að stefnandi eigi ekki aðild að fjárheimtu þessari. Stefnandi sé ekki hinn raunverulegi greiðandi skatts þessa, heldur viðskiptamenn hennar, þeir sem keypt hafa bækur af henni. Stefnandi hafi aðeins komið fram sem innheimtumaður gjalda þessara og sé alls ekki eigandi þeirra.

Í öðru lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi greitt söluskattinn samkvæmt eigin framtölum og án þess að gera nokkurn fyrirvara um endurgreiðslu á fé þessu.

Þann 18. janúar 1952 var í fógetadómi Reykjavíkur að kröfu tollstjórans í Reykjavík gert lögtak hjá stefnanda fyrir eftirstöðvum söluskatts þess, er henni hafði verið gert að greiða árin 1949 og 1950. Var stefnandi talin hafa greitt 51.193.77 af söluskatti ársins 1949 og skulda því frá því ári kr. 51. 911.23. Þá var stefnandi talin hafa greitt kr. 40.113.00 af söluskatti ársins 1950 og skulda því kr. 65.009.00 af söluskatti þess árs. Var krafizt lögtaks hjá stefnanda fyrir kr.

116.920.23 auk dráttarvaxta, kostnaðar við lögtakið og eftirfarandi uppboð, ef til kæmi.

Við lögtaksgerðina mætti forstjóri stefnanda og benti á eignir til lögtaks, og var lögtakið gert í eignum stefnanda. Lögtaksgerð þessari hefur ekki verið áfrýjað, og stefnandi hefur greitt þau gjöld, sem gert var lögtak fyrir.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að söluskattur sá, er stefnandi krefst nú endurgreiðslu á og er frá árunum 1949 og 1950, sé hinn sami og gert var lögtak fyrir þann 18. janúar 1952. Þar sem fé þetta er greitt eftir lögtaksgerð, framkvæmdri af löglegum dómstól, og lögtakinu hefur ekki verið áfrýjað, þá þykir bæjarþingið, sem er hliðsett fógetadómi, hvorki geta skorið úr ágreiningi um greiðsluskyldu stefnanda, að því er fé þetta varðar, né um rétt hennar til endurheimtu þess. Með vísan til þessa og ákvæða 2. mgr. 196. gr. laga nr. 85 frá 1936 um meðferð einkamála í héraði ber því að vísa máli þessu ex officio frá dómi að því leyti, sem það er höfðað til endurheimtu fjár þess, sem lögtakið tók til, og vöxtum af því fé.

Samkvæmt þessu ber að vísa frá dómi kröfum stefnanda í 1. og 2. kröfulið máls þessa, en eftir þessum málalokum og með vísan til ákvæða 1. mgr. 180. gr. laga nr. 85 frá 1936 um meðferð einkamála í héraði verður að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað í þessum þætti málsins, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1000.00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreindum kröfum stefnanda, Ísafoldarprentsmiðju h/f, á hendur stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er vísað ex officio frá dómi.

Stefnandi greiði stefnda kr. 1000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. marz 1955.

Nr. 17/1955. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, tollstjóranum í Reykjavík, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 150.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. marz 1955.

Nr. 18/1955. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald í ríkissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, tollstjóranum í Reykjavík, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 150.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. marz 1955.

Nr. 19/1955. **Árnason, Pálsson & Co. h/f**
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árnason, Pálsson & Co. h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, tollstjóranum í Reykjavík, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 150.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. apríl 1955.

Nr. 186/1954. **Ákæruvaldið** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Elíasi Hannessyni (Magnús Thorlacius)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn lögum um iðnað.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt því, sem rakið er í héraðsdómi, verður að telja leitt í ljós, að ákærði reki ljósmyndarastarf í atvinnuskyni. Með skírskotun til þessa og að öðru leyti til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Elías Hannesson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. ágúst 1954.

Ár 1954, þriðjudaginn 24. ágúst, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Stefáni Guðjohnsen, fulltrúa sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 3930/1954: Ákæruvaldið gegn Elíasi Hannessyni, sem þingfest var og dómtekið 3. ágúst s.l.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 5. júní 1954, en þar er ákærði, Elías Hannesson efnafræðingur, Tómasarhaga 47, ákærður fyrir að hafa veturinn 1953 til 1954 og síðastliðið vor tekið ljósmyndir af fólki á ýmsum stöðum hér í bæ fyrir borgun án þess að hafa iðnréttindi til slíkrar starfsemi. Telst brot þetta varða við 1. eða 2. mgr. 2. gr., sbr. 1. tl. 15. gr., laga nr. 105/1936 um breyting á lögum nr. 18/1927 um iðju og iðnað.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. júní 1918 í Brekkukoti í Reykholtsdal í Borgarfjarðarsýslu. Hann hefur sætt eftirtöldum refsingum og kærum, svo að kunnugt sé:

Í Reykjavík:

1947 17/7 Sátt. 40 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1948 21/8 Sátt. 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Á Akureyri:

1944 19/7 Sátt. 50 kr. sekt fyrir ökuhraða.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 18. marz 1954, kærði stjórn Ljósmyndarafélags Íslands það til sakadómarans í Reykjavík, að ákærði í máli þessu, Elías Hannesson, sem ekki hefur iðnréttindi sem ljósmyndari, stundi ljósmyndagerð fyrir almenning gegn borgun. Kæru sinni til rökstuðnings var á það bent, að ákærði tæki myndir á samkomum, svo

sem í Sjálfstæðishúsinu, Góðtemplarahúsinu, Þjóðleikhúskjallaranum, Skátaheimilinu, Hlégarði, hefði tekið myndir gegn borgun á grímudansleik Stúdentafélagsins 2. marz 1954, árshátíð málara í Tjarnarkaffi 12. marz 1954, auk þess sem ákærði gangi í hús og ljósmyndi.

Sigurður Guðmundsson, formaður Ljósmyndarafélags Íslands, mætti sem vitni í máli þessu og staðfesti framangreint kærubréf og kvaðst engu sérstöku hafa við að bæta, en tók fram, að þótt aðeins fá dæmi væru nefnd í kærunni, áleit Sigurður, að starfsemi ákærða væri allvíðtæk og hann hafi oft komið í sömu samkomuhúsin til ljósmyndunar. Ekki kvaðst Sigurði vera kunnugt um, hvort ákærði sæi sjálfur um framköllun og kopieringu myndanna, en honum kvaðst vera kunnugt um, að ákærði taki greiðslu fyrir, um leið og hann tekur myndirnar, og sjái að öllu leyti um afgreiðslu þeirra, og bendir hann í því sambandi á lítinn afgreiðslumiða frá ákærða, sem á stendur nafn ákærða og heimilisfang og þar fyrir neðan afgreiðsludagsetning. Afrit af slíkum miða fylgdi áðurgreindu kærubréfi. Álit vitnisins er, að um brýnt brot á iðnlöggjöfinni sé að ræða af hendi ákærða, sem engin réttindi hafi í ljósmyndaraiðn. Vitnið Sigurður ítrekar, að fyrir hönd Ljósmyndarafélags Íslands æski hann þess, að ófaglærðir ljósmyndarar, sem stundi ljósmyndatökur gegn borgun, verði látnir sæta þeirri ábyrgð, sem lög standa til, og kveðst álíta, að réttur sé brotinn gegn faglærðum ljósmyndurum, sem lagt hafa vinnu og fé í að afla sér réttinda í iðninni, verði þetta ekki gert.

Ákærði sjálfur hefur skýrt svo frá í skýrslu, sem hann gaf fyrir dómi 22. marz 1954, að rétt sé, að hann hafi síðan á síðastliðnum vetri gert nokkuð að því að koma á skemmtanir og taka þar myndir, eftir því sem óskir koma fram um á hverjum stað. Ákærði segir það rétt geta verið, að hann hafi komið á samkomur þær og hátíðir, sem taldar eru upp í kærunni, og eins viðurkennir ákærði að hafa tekið myndir í heimahúsum fyrir borgun.

Hann segir, að hann noti til ljósmyndunarinnar litla myndavél með „flash"-lampa. Hann kveðst taka, um leið og myndin er tekin, kr. 10.00 af viðskiptavinum, og hafi þeir þá greitt myndatökuna og eina mynd 6×6 cm. Ákærði kveðst ekki vinna sjálfur að framköllun og kopieringu, en láti gera það í Gleraugnasölunni, Lækjargötu 6, og veit ekki betur en fagmaður framkvæmi það þar. Um leið og ákærði hefur tekið mynd, lætur hann viðskiptavininum í té lítinn seðil og stendur á honum, hvenær sækja megi myndina eða myndirnar heim til ákærða. Ákærði kveðst álíta, að margir séu hér í bæ ófaglærðir menn, sem taka þannig myndir samkvæmt beiðnum, og sumir hverjir þeirra sjái sjálfir um framköllun og kopieringu. Ákærði kveðst enginn iðnréttindi hafa sem ljósmyndari. Hann kveðst vera tekniskur efnafræðingur, en ekki hafa fengið atvinnu í sinni grein hér.

Ekki kveðst ákærði hafa byrjað slíka ljósmyndun, sem hér um ræðir, fyrr en á síðastliðnum vetri, segir tekjur sínar af þessari starfsemi sinni litlar, en kveðst vinna fulla vinnu í Trésmiðjunni Víði hér í bæ.

Ákærði tekur skýrt fram, að ljósmyndastofu hafi hann enga, en láti aðeins, eins og áður greinir, viðskiptavini sækja myndirnar heim til sín.

Málið fór nú til umsagnar Iðnráðs Reykjavíkur.

Í bréfi, dagsettu 11. maí 1954, taldi Iðnráðið, eftir að hafa kynnt sér málavexti, að hér væri um skýlaust brot á iðnlöggjöfinni að ræða, enda viðurkennt af hálfu ákærða, og því beri að láta hann sæta ábyrgð og fyllstu sektum. Iðnráð taldi því kæruna fyllilega á rökum reista.

Ákærða var birt ákæruskjal dómsmálaráðherra, dagsett 5. júní 1954, og óskaði hann eftir Gunnari V. Jónssyni hdl. sem verjanda, og var Gunnar skipaður verjandi ákærða. Nokkuð dróst, að hann skilaði vörn í málinu, og er sá dráttur skýrður annars staðar.

Af hálfu skipaðs verjanda ákærða hefur í málsvörn verið bent á nokkur atriði, sem skipaður verjandi byggir sýknukröfu á. Þessi atriði eru, að ákærði hafi enga atvinnu af þessu, sem heitið geti, að ákærði framkvæmi aðeins það einfaldasta, þ. e. myndatökuna sjálfa, að faglærðir ljósmyndarar geri sér ekki far um að ljósmynda á skemmtunum og sé því um nýja starfsemi að ræða, og að ákærði hafi ekki opna ljósmyndastofu né auglýsi sig sem ljósmyndara.

Dómurinn getur ekki fallizt á það, að framangreind atriði verki til sýknu fyrir ákærða. Af framangreindri játningu ákærða um að hafa stundað ljósmyndun gegn borgun sjálfstætt og í atvinnuskyni og af öðru framkomnu í málinu lítur dómurinn svo á, að sannað sé, að ákærði hafi gerzt brotlegur við ákvæði þau, er greinir í ákæruskjali, þ. e. a. s. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 105/1936, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 18/1927 um iðju og iðnað, þar eð hann hefur ekki iðnréttindi.

Samkvæmt 27. gr. laga nr. 18/1927, sbr. og 15. gr. laga nr. 105 frá 1936, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 500 kr. í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 5 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber og að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Gunnars V. Jónssonar hdl., kr. 500.00.

Lítils háttar dráttur varð á máli þessu, sem stafaði af því, að skipaður verjandi skilaði ekki vörn á tilsettum tíma, en grein er gerð fyrir því á öðrum stað í gögnum málsins.

Dómsorð:

Ákærði, Elías Hannesson, greiði 500 kr. í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 5 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Gunnars V. Jónssonar hdl., kr. 500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Laugardaginn 16. apríl 1955.

Nr. 196/1952. **Þóroddur E. Jónsson** (Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

Theodore Klein f.h. Ladislav Sas

(Magnús Thorlacius)

og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Lárusson prófessor.

Umsýslulaun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. desember 1952. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda.

Varakrafa: Að honum verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda £ 77-1-2 og $ 140.00, að frádregnum $ 197.00, í íslenzkum krónum, miðað við gengi hinn 16. febrúar 1949.

Þrautavarakrafa: Að honum verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda £ 96-6-6 og $ 175.00, að frádegnum $ 197.00, í íslenzkum krónum, miðað við sama gengi og í varakröfu segir.

Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 7. janúar 1953 og áfrýjað málinu með stefnu 8. s. m. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum $ 1213.00 með 6% ársvöxtum frá 31. desember 1948 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í bréfum sínum til gagnáfrýjanda andmælti aðaláfrýjandi ekki frásögn gagnáfrýjanda í bréfum hans 23. maí, 8. júní og 3. júlí 1949 um, að hann hefði lofað að greiða gagnáfrýjanda umsýslulaun vegna viðskipta þeirra, sem lýst er í málinu. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður að telja sannað, að aðaláfrýjandi hafi heitið gagnáfrýjanda umsýslulaunum.

Í Hæstarétti hefur verið lögð fram álitsgerð Verzlunarráðs Íslands, dags. 28. f. m., og segir þar meðal annars:

„Ef talið væri sannað, að greiða bæri þóknun fyrir að hafa unnið að að koma á umræddum viðskiptum, þá myndu umboðslaun í þessu tilfelli — brokerage — vera almennt um 2%".

Eftir atvikum málsins og með hliðsjón af greindu áliti Verzlunarráðs þá þykir gagnáfrýjandi eiga rétt á þóknun úr hendi aðaláfrýjanda, er nemi 2% af fjárhæðum sölureikninga þeirra, er í málinu greinir, án frádráttar á afslætti, sem aðaláfrýjandi kveður hafa verið gefinn vegna gallaðrar vöru. Aðaláfrýjanda verður því dæmt að greiða gagnáfrýjanda £ 106-0-0 og $ 140.00 (2% af £ 5300-0-0 og $ 7000.00), að frádregnum $ 197.00, sem gagnáfrýjandi hefur viðurkennt að skulda aðaláfrýjanda, eða £ 106-0-0, að frádregnum $ 57.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 23. febrúar 1949 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3500.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Þóroddur E. Jónsson, greiði gagnáfrýjanda, Theódore Klein f. h. Ladislav Sas, £ 106-0-0 að frádregnum $ 57.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 23. febrúar 1949 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 29. september 1952.

Mál þetta, er dómtekið var 17. þ. m., hefur Theódore Klein, lögmaður í París, f. h. Ladislav Sas, stórkaupmanns frá Prag, höfðað

með stefnu, útgefinni 9. desember 1950, gegn Þóroddi E. Jónssyni stórkaupmanni, Hávallagötu 1, hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð $ 1213.00 með 6% ársvöxtum frá 31. desember 1948 til greiðsludags og málskostnaðar.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavexti kveður stefnandi þá, að árið 1947 hafi hann kynnzt stefnda, er verið hafi í verzlunarerindum í Tékkoslóvakiu. Hafi stefndi pantað hjá honum vefnaðarvöru og jafnframt bent honum á ýmis innflutningsfirmu í Reykjavík, er hann gæti sent pantanir til, án þess þó að láta nafns stefnda getið. Hafi stefndi óskað að fá 5 af hundraði í umsýslulaun af slíkum viðskiptum, og kveðst stefnandi hafa gengið að því. Hafi hann þannig selt firmanu Helga Lárussyni vörur fyrir tékkneskar krónur 197.000.00, og hafi umsýslulaun stefnda af þeirri fjárhæð numið tékkneskum kr. 9850.00, sem jafngilda 197 dollurum. Í þessari ferð bað stefndi stefnanda að koma á innflutningi ýmiss konar ósútaðra húða og refaskinna til Tékkoslóvakiu. Kveðst stefnandi hafa gert það, sem hann hafi getað í þessu efni, en árangurslaust, þar eð slík innflutningsleyfi hafi ekki verið veitt. Kveðst hann því hafa ráðlagt stefnda að fara til Nandor Treitel í firmanu Eltis h.f. í Zürich, þar eð hann hefði viðskiptasambönd með þessar vörur um allan heim og gæti áreiðanlega selt þær. Kveðst stefnandi hafa beðið stefnda að láta sig fá á sama hátt 5 af hundraði í umsýslulaun, ef viðskipti þessi tækjust, og hafi stefndi talið það sjálfsagt og gengið að því. Stefndi fór þó ekki til firma þessa það sinn, en ári síðar hitti hann nefndan Nandor Treitel, og tókust viðskipti með þeim á þann hátt, að stefndi seldi refaskinn fyrir £ 5300-0-0 og bandaríska $ 7000.00, en keypti í staðinn vefnaðarvöru fyrir andvirði þeirra. Stefnandi kveður stefnda hafa á árinu 1948 krafið um umsýslulaun vegna fyrrgreindra viðskipta við firmað Helga Lárusson. Var stefnandi þá búsettur í Prag, og kveðst hann ekki hafa svarað stefnda neinu, þar eð ekki hafi þá verið talið ráðlegt að eiga bréfaskipti við erlend lönd um umsýslulaun, enda kveðst stefnandi hafa haft í hyggju að flýja land í árslok 1948 eða á árinu 1949. Stefnandi kveðst hafa komið til Parísar árið 1949 og þá ritað stefnda bréf þess efnis, að hann hefði fært honum til tekna 5 af hundraði í umsýslulaun vegna viðskiptanna við firma Helga Lárussonar og jafnframt krafið hann um umsýslulaun vegna viðskiptanna við Treitel. Með bréfi, dags. 31. marz 1949, svaraði stefndi þessu á þá leið, að viðskiptin við Treitel hafi verið mjög óhagstæð fyrir þá báða, og gætu þeir því ekki greitt umsýslulaun af þeim. Í öðru bréfi, er stefndi ritaði stefnanda 4. apríl s. á., minnist hann enn á umsýslulaun og segir þar, að viðskiptunum við Treitel sé þá ekki lokið, en þar eð þau verði mjög óhagstæð fyrir þá báða, búist hann varla við, að þeir geti greitt umsýslulaun. Hinn 2. ágúst 1949 snéri stefnandi sér til sendiráðs Íslands í París og bað um aðstoð þess í málinu. Varð það til þess,

að tekin var 29. s. m. skýrsla af stefnda í lögreglurétti Reykjavíkur varðandi skipti þeirra aðilja. Sagði stefndi þar, að er hann hafi verið á ferð í Prag, hafi stefnandi vísað honum á firmað Eltis í Zürich, sem væri kaupandi að loðskinnavöru. Sem greiða gegn greiða kvaðst stefndi hafa gefið stefnanda upp nöfn ýmissa vefnaðarvöruinnflytjenda hér á landi, en hann kvað sér ókunnugt um, hvort það hefði leitt til nokkurra viðskipta. Ekki hafi verið minnzt á umsýslulaun í þessu sambandi, hvorki af væntanlegum viðskiptum við Eltis né Ísland. Eins og áður getur, fór stefndi ekki til firma þessa að sinni. Í aprílmánuði 1948 kvaðst stefndi enn hafa hitt stefnanda í Prag, og hafi stefnandi þá lagt ríka áherzlu á, að stefndi hefði samband við firmað á heimleiðinni. Kvaðst stefndi hafa tekið vel í það og hitt forstjóra þess, Treitel, er sé frændi stefnanda. Ekki hafi þó orðið af viðskiptum þeirra í milli þá. Hins vegar hafi þeir síðar skipzt á bréfum og hitzt að nýju í Zürich í nóvember s. á. Hafi þá tekizt þau viðskipti þeirra í milli, er fyrr greinir.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að samkvæmt samkomulagi þeirra aðilja beri sér 5 af hundraði í umsýslulaun af viðskiptum stefnda við Eltis. Telur hann þau samtals nema $ 1410.00, en frá þeirri fjárhæð beri að draga framangreind umsýslulaun stefnda $ 197.00 og kemur þá fram stefnukrafan.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að ekki hafi verið samið um nein umsýslulaun vegna viðskipta hans við firmað Eltis, og þar eð stefnandi hafi ekki unnið neitt að því að koma viðskiptum þessum á, eigi hann ekki rétt til neinnar þóknunar í því sambandi.

Í munnlegum málflutningi hreyfði lögmaður stefnda því, að stefndi hefði ekki selt firmanu Eltis vörur þær, sem mál þetta fjallar um, heldur hafi skinnasala Loðdýraræktarfélags Íslands verið seljandi þeirra. Lögmaður stefnanda mótmælti þessari varnarástæðu sem of seint framkominni. Fallast verður á þau mótmæli stefnanda.

Það er sannað í málinu, að stefnandi skrifaði firmanu Eltis um stefnda, áður en til viðskipta hinna síðastnefndu kom. Stefndi hefur staðhæft fyrir lögreglurétti Reykjavíkur, að aðiljar hafi ekki minnzt á umsýslulaun, er þeir hittust árið 1947. Í bréfum, dags. 11. og 28. ágúst 1948, hefur stefndi samt krafið stefnanda umsýslulauna, meðal annars vegna viðskipta Helga Lárussonar. Vitnar stefndi í bréfum þessum til samkomulags aðilja um þetta. Í fyrrgreindum bréfum sínum, dags. 31. marz og 4. apríl 1949, vefengir stefndi ekki skyldu sína til greiðslu umsýslulauna, en ber við óhagstæðum viðskiptum. Þegar þetta allt er virt, verður að telja nægilega sannað, að stefndi hafi heitið stefnanda þóknun fyrir væntanleg viðskipti stefnda við firmað Eltis.

Stefnandi telur, að samið hafi verið um, að hæð umsýslulaunanna skyldi vera 5 af hundraði, en af bréfum stefnda verður hins vegar ekki séð, hversu há þóknun var ákveðin. Stefnandi gat þess

í beiðni sinni til sendiráðsins í París, að hann hefði verið fáanlegur til að lækka umsýslulaunin í 3 af hundraði, og í bréfi til stefnda, dags. 8. júní 1949, kveðst hann vera ásáttur um helming umsýslulaunanna. Þar sem ekki er sannað, að samkomulag hafi verið um hæð þóknunar stefnanda, þykir hún eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin 2½% af umræddum viðskiptum við firmað Eltis. Er þá meðal annars haft í huga, hversu fyrirgreiðslu stefnanda var háttað, en viðskiptin fóru ekki fram í landi, þar sem stefnandi dvaldist.

Stefndi hefur andmælt því, að umsýslulaunin verði öll reiknuð í dollurum, og verður að fallast á með honum, að þau beri að greiða í sömu mynt og varan var greidd með. Ber stefnanda því samkvæmt framansögðu í þóknun 2½% af £ 5300-0-0 og $ 7000.00, eða £ 132-10-0 og $ 175.00. Frá þessu ber að draga fjárhæð þá, er stefnandi hefur reiknað stefnda í umsýslulaun. Eru það $ 197.00, og hefur sú fjárhæð ekki verið vefengd.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefnda ber að greiða stefnanda £ 132-10-0 og $ 175.00, að frádregnum $ 197.00, með 6% ársvöxtum, er reiknast frá 23. febrúar 1949, en þá virðist kröfubréf stefnanda ritað.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 900.00.

Dóminn kváðu upp þeir Einar Arnalds borgardómari, Árni Árnason kaupmaður og Jóhann Ólafsson forstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Þóroddur E. Jónsson, greiði stefnanda, Theódore Klein f. h. Ladislav Sas, £ 132-10-0 og $ 175.00, að frádregnum $ 197.00, með 6% ársvöxtum frá 23. febrúar 1949 til greiðsludags og kr. 900.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. apríl 1955.

Nr. 6/1955. **Ákæruvaldið** (Gunnar J. Möller)

gegn

Maurice Brackx (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Þór voru eftirfarandi staðarákvarðanir gerðar á varðskipinu hinn 4.

og 5. desember 1954 í sambandi við töku togara ákærða:

1. Kl. 2151 hinn 4. desember 1954 hélt varðskipið í átt til togarans. Var þá Ingólfshöfði í réttvísandi 264°, fjarlægð 3.7 sjómílur. Miðaðist þá togarinn frá varðskipinu í réttvísandi 197°, fjarlægð 2.0 sjómílur.

2. Kl. 2204 sama dag var eftirfarandi staðarákvörðun gerð við dufl það, er varðskipið setti út við afturenda togarans: Ingólfshöfði miðast í réttvísandi 289°, fjarlægð 3.9 sjómílur eftir ratsjá. Dýpi 58 metrar.

3. Kl. 1005 hinn 5. desember 1954 var eftirfarandi staðarákvörðun gerð við duflið með hornamæli:

Ingólfshöfðaviti
Knappur > 52° 00′
Fellsfjall > 42° 18′

Dýpi 58 metrar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt staði þá, sem framangreindar mælingar yfirmanna varðskipsins taka til. Samkvæmt mælingu þeirri, er gerð var kl. 2151 hinn 4. desember, reyndist staður togarans um 1.2 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna, samkvæmt staðarákvörðun, gerðri kl. 2204 sama dag, reyndist staður duflsins um 1.0 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna, og loks reyndist staður duflsins samkvæmt hornamælingum kl. 1005 hinn 5. desember um 1.1 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Að þessu athuguðu og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu hefur ekki breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Maurice Brackx, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 6. desember 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Maurice Brackx, skipstjóra á belgiska togaranum Van Eyck, O 293, frá Ostende, til heimilis í Ostende í Belgíu, samkvæmt ákæruskjali, útgefnu af bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum í dag, fyrir brot á fiskveiðalöggjöfinni samkvæmt 1. gr. reglug. nr. 21/1952, með því að hann hafi verið að botnvörpuveiðum á togara sínum Van Eyck að kveldi dags hinn 4. desember 1954 suðaustur af Ingólfshöfða, 1.0 sjómílu innan markalínunnar samkvæmt 1. gr. nefndrar reglug. nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 um vísindalega vernd fiskimiða landgrunnsins.

Af hálfu ákæruvaldsins eru gerðar þær kröfur, að ákærði verði látinn sæta refsingu samkvæmt 5. gr. reglug. nr. 21/1952, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Maurice Brackx, er fæddur 1. október 1924 í Ostende í Belgíu, og hefur hann ekki, svo að kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt brot hér á landi.

Málsatvik eru þau, er hér skal greina:

Laugardagskvöldið 4. þ. m. var varðskipið Þór á eftirlitsferð austan til við Ingólfshöfða, var þá komið auga á togara, sem virtist vera innan fiskveiðitakmarkanna, og var þegar haldið í átt til hans. Kl. 22.04 var gefið stöðvunarmerki og um leið sett út ljósdufl við afturenda nefnds togara, er var að toga með stjórnborðsvörpu úti, var jafnframt gerð eftirfarandi staðarákvörðun: Ingólfshöfði miðast í réttvísandi 289°, fjarlægð 3.9 sjómílur samkvæmt ratsjá. Dýpi 58 m. Reyndist togarinn vera Van Eyck, O 293, og skipstjóri hinn ákærði.

Kl. 22.10 var skotið púðurskoti, og kl. 22.15 byrjaði togarinn að vinda inn vörpu sína. Var bátur settur út af varðskipsins hálfu og skipstjóri togarans sóttur og honum bent á, að hann væri að ólöglegum veiðum innan fiskveiðitakmarkanna.

Var ákveðið að bíða dagsbirtu til þess að hægt væri að gera hornamælingar með sextöntum, enda var veður ágætt. Vörður var settur

um borð í togarann, en ákærði beið í varðskipinu, og lágu bæði skipin við duflið um nóttina.

Morguninn eftir, kl. 10.05, var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við duflið:

Ingólfshöfðaviti
Knappur
Fellsfjall
$> 52° 00'$
$> 52° 18'$

Dýpi 58 metrar. Er samkvæmt þessu staður skipsins 1.0 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Hornamælingarnar voru gerðar með tveim sextöntum samtímis af 1. og 2. stýrimanni varðskipsins undir umsjón skipherrans, og hafa þeir staðfest mælingarnar fyrir dómi.

Ákærði fylgdist sjálfur með athugunum þessum og las á sextantana og fylgdist með útsetningu í sjókortið.

Ákærði hefur hér fyrir dóminum játað skýrslu varðskipsmanna rétta og viðurkennt, að hann hafi fiskað með botnvörpu á skipi sínu á þeim stað, er varðskipið kom að honum og duflið var sett út. Hann kveður ratsjá skipsins hafa verið í ólagi, og kveðst hann hafa haldið, að hann hefði verið utan fiskveiðitakmarkanna.

Með eigin játningu ákærða svo og skýrslum varðskipsmanna, sem staðfestar hafa verið fyrir dómi, verður að telja það sannað, að ákærði hafi að kvöldi dags 4. þ. m. verið að botnvörpuveiðum á skipi sínu Van Eyck, O 293, 1.0 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna, eins og þau eru ákveðin í reglug. nr. 21/1952, og hefur ákærði með þessu framferði sínu brotið gegn 1. gr. nefndrar reglugerðar og ber því að refsa honum samkvæmt 5. gr. hennar, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951.

Samkvæmt mælibréfi skips hins ákærða, sem var til staðar í dóminum, er brúttó rúmlesta stærð skipsins 558.85, og samkvæmt símskeyti frá Landsbanka Íslands, dags. í dag, er gullgengi íslenzkrar krónu þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum.

Með hliðsjón af þessu þykir refsing hins ákærða hæfilega ákveðin 75.000.00 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Van Eyck, O 293, skal upptækur ger og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómur þessi er kveðinn upp af Torfa Jóhannssyni bæjarfógeta og meðdómsmönnunum Páli Þorbjörnssyni og Þorsteini Jónssyni, skipstjórum.

Dómsorð:

Ákærði, Maurice Brackx, greiði 75.000.00 kr. sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar,

verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Van Eyck, O 293, skulu upptæk og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. apríl 1955.

Nr. 35/1955. **Ákæruvaldið** (Einar Ásmundsson)
gegn
Kamiel Puystjens (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Ægi voru eftirfarandi staðarákvarðanir gerðar á varðskipinu hinn 14. janúar 1955 í sambandi við töku togara ákærða:

1. Kl. 0356 miðast Ingólfshöfði, austurbrún, í réttvísandi 343°, fjarlægð 2.6 sjómílur. Togarinn miðast 67° réttvísandi í 3.7 sjómílna fjarlægð.

2. Kl. 0408 miðast Ingólfshöfði, austurbrún, í réttvísandi 302°, fjarlægð 3.4 sjómílur. Miðast togarinn þá í réttvísandi 64°, fjarlægð til hans 1.9 sjómílur. Notað var við mælingarnar ratsjá og gíróáttaviti.

3. Kl. 0845 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við ljósdufl ið, er varðskipið hafði sett út, eftir að það kom að togaranum:

Ingólfshöfðaviti Hofsfjall	> 40° 12′
Fellsfjall	> 61° 01′

Dýpi mældist 52 metrar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, markað á sjóuppdrátt staði tog-

ara ákærða samkvæmt framangreindum mælingum yfirmanna varðskipsins. Samkvæmt staðarákvörðuninni, er gerð var kl. 0356, reyndist togarinn vera 0.9—1.0 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna, samkvæmt staðarákvörðun kl. 0408 reyndist togarinn vera um 0.8 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna, og loks reyndist staður duflsins samkvæmt mælingu kl. 0845 vera um 0.5 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Að þessu athuguðu og þar sem gullgengi íslenzkrar krónu hefur ekki breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá uppsögu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verður 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Kamiel Puystjens, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 15. janúar 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Kamiel Puystjens, skipstjóra á belgíska togaranum Gabrielle Raphael, O 324, frá Ostende, til heimilis að Ostende í Belgíu. Samkvæmt ákæruskjali, útgefnu af bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum í dag, ákærist hann fyrir brot á fiskveiðalöggjöfinni samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, með því að hann hafi verið að botnvörpuveiðum á togara sínum Gabrielle Raphael, O 324, aðfaranótt föstudagsins 14. þ. m. suðaustur af Ingólfshöfða, 0.4 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna samkvæmt markalínu nefndrar reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 um vísindalega vernd fiskimiða landgrunnsins.

Af hálfu ákæruvaldsins er þess krafizt, að ákærði verði látinn sæta refsingu samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Kamiel Puystjens, er fæddur 21. júní 1916 í Oostduinkirke í Belgíu, og hefur hann ekki, svo að kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu hér á landi.

Málsatvik eru þau, er nú skal greina.

Aðfaranótt föstudagsins 14. þ. m. var varðskipið Ægir statt út af Ingólfshöfða og lét reka. Klukkan 0337 sáu varðskipsmenn togara, sem þeir töldu, að væri innan fiskveiðitakmarkanna, og hélt varðskipið í átt til hans. Voru á leiðinni gerðar mælingar með ratsjá og gíroáttavita, og sýndu þær mælingar, að togarinn væri innan fiskveiðitakmarkanna. Kl. 0419 var skotið púðurskoti og stöðvað við togarann kl. 0420. Reyndist þetta vera togarinn Gabrielle Raphael, O 324, frá Ostende. Var togarinn að toga með stjórnborðsvörpu í sjó. Klukkan 0421 var aftur skotið púðurskoti og jafnframt sett út ljósdufl. Stöðvaði togarinn þá og fór að draga inn vörpu sína. Skipstjóri togarans var sóttur, en ákveðið að bíða birtu til að gera nákvæma staðarákvörðun með hornamælingum. Skipstjóri togarans kvað það óviljaverk, ef hann væri innan fiskveiðitakmarkanna, og kvaðst vera með bilaðan dýptarmæli. Kvaðst hann hafa togað í misvísandi A að S síðasta hálfa klukkutímann, áður en hann var stöðvaður.

Kl. 0845 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við ljósduflið:

Ingólfshöfðaviti		
Hofsfjall	$>$	40° 12′
Fellsfjall	$>$	61° 01′

Dýpi var 52 metrar, og gefur það stað duflsins, þar sem togarinn var stöðvaður, 0.4 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna, en við fyrstu athugun með ratsjánni og gíroáttavita mældist togarinn vera um eina sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna. Skipstjóra togarans, ákærða í máli þessu, var nú sýnd staðarákvörðun við duflið og honum boðið að gera hornamælingar, en hann færðist undan því og mótmælti ekki mælingum varðskipsforingjanna.

Hornamælingarnar voru gerðar af I. og II. stýrimanni varðskipsins undir umsjá skipherra, og hafa þeir staðfest skýrslu sína og mælingar hér fyrir dómi.

Ratsjárathugun var framkvæmd af III. stýrimanni, sem einnig staðfesti skýrslu sína og mælingar fyrir dómi.

Ákærði hefur fyrir dóminum játað skýrslu varðskipsmanna rétta og viðurkennt að hafa verið að fiska með botnvörpu innan fiskveiðitakmarkanna á þeim stað, sem varðskipið kom að honum og ljósduflið var sett út. Skýrði ákærði frá því, að það eina siglingartæki, sem hann hafði til þess að treysta á, dýptarmælir, hafi verið

bilaður og af þeim ástæðum myndi hann hafa verið innan fiskveiðitakmarkanna, en að það væri óviljaverk.

Með eigin játningu ákærða svo og skýrslum varðskipsmanna, sem staðfestar hafa verið fyrir dómi, verður að telja sannað, að ákærði hafi aðfaranótt 14. þ. m. verið að botnvörpuveiðum á skipi sínu Gabrielle Raphael, O 324, 0.4 sjómílu innan fiskveiðitakmarkanna, eins og þau eru ákveðin í reglugerð nr. 21/1952, og hefur því ákærði gerzt brotlegur gegn 1. gr. nefndrar reglugerðar og ber því að refsa honum samkvæmt 5. gr. hennar, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951.

Samkvæmt mælingabréfi togarans, sem sýnt var í dóminum, var brúttórúmlestastærð hans 141.39, og samkvæmt símskeyti frá Landsbanka Íslands, dagsettu í dag, er gengi íslenzkrar krónu þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum.

Með hliðsjón af þessu þykir refsing hins ákærða hæfilega ákveðin 10.000.00 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 2 mánaða varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Gabrielle Raphael, O 324, skal upptækur ger og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómur þessi er kveðinn upp af Torfa Jóhannssyni bæjarfógeta og meðdómsmönnunum Páli Þorbjörnssyni og Þorsteini Jónssyni.

Dómsorð:

Ákærði, Kamiel Puystjens, greiði 10.000.00 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 2 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Gabrielle Raphael, O 324, skulu upptæk og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. apríl 1955.

Nr. 112/1954. **Ákæruvaldið** (Jón N. Sigurðsson)
gegn
Ingimundi Bjarnasyni (Magnús Thorlacius).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ákæra um brot á iðnaðarlöggjöf.

Dómur Hæstaréttar.

Í ákæruskjali er ákærða gefið að sök, að hann hafi sumarið og haustið 1952 unnið við að setja rúður í glugga og gera við glugga í húsum hér í bæ án þess að hafa iðnréttindi til slíkra starfa.

Ákærði hefur kannazt við að hafa sett rúður í glugga fyrir fólk, en þó eingöngu í glugga, þar sem rúður hafa brotnað. Kveður hann starfsemi sína aðeins hafa verið fólgna í því að taka glerbrot úr gluggum og hreinsa gluggakistuna, setja síðan nýja rúðu í og negla hana og „kítta". Hann neitar því, að hann hafi fengizt við viðgerð á gluggum, heldur kveðst hann aðeins hafa sett í þá rúður. Er ekki leitt í ljós, að nefnd starfsemi hans á þeim tíma, sem ákæra tekur til, hafi verið með öðrum hætti en hann hefur kannazt við.

Framangreind starfsemi ákærða getur ekki talizt til húsasmíði, eins og það hugtak er markað í iðnlöggjöfinni, og sérstaklega má geta þess, að ákvæði í reglugerð um iðnaðarnám nr. 38/1941, 13. gr., 26. tölulið, staflið c, 7, og reglugerð um iðnfræðslu nr. 130/1952, 59. gr., 35. tölulið, III, 6, verða ekki skýrð svo, að iðnnám og próf þurfi til nefndrar starfsemi ákærða. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða í héraði, kr. 800.00, og laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Verknaðarlýsing í ákæruskjali er ekki nægjanlega nákvæm, þar sem þar eru ekki greind einstök tilvik, sem ákærði er sakaður um, sbr. 2. tölulið 2. mgr. 115. gr. laga nr. 27/1951.

Rannsóknardómarinn hefur veitt viðtöku og lagt fram í málinu mörg utanréttarvottorð, án þess að fyrir hendi væru skilyrði til þess samkvæmt 2. mgr. 102. gr. laga nr. 27/1951, og ber að átelja það.

Dómsorð:

Ákærði, Ingimundur Bjarnason, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allan kostnað sakarinnar ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða í héraði, Þorvalds Þórarinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 800.00, og laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 1200.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. janúar 1954.

Ár 1954, föstudaginn 11. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómara, ásamt meðdómsmönnunum Birni Rögnvaldssyni og Sveini Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2580/1954: Ákæruvaldið gegn Ingimundi Bjarnasyni, sem dómtekið var 24. maí s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 16. desember 1952, gegn Ingimundi Bjarnasyni verkamanni, Laugaveg 47, hér í bæ, fyrir að hafa sumarið og haustið 1952 unnið við að setja rúður í glugga og gera við glugga í húsum hér í bæ, án þess að hafa iðnréttindi til slíkra starfa, en brot þessi eru talin varða við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 105/1936, sbr. lög nr. 18/1927.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27. nóvember 1919 að Miðdal í Kjós. Þann 21. maí 1952 var hann sektaður í Reykjavík með dómsátt um 300.00 kr. fyrir brot á 2. mgr. laga nr. 105/1936, sbr. lög nr. 18/1927, en hefur að öðru leyti hvorki sætt kæru né refsingu.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 23. júní 1952, kærði Pétur Jóhannesson það f. h. Trésmíðafélags Reykjavíkur, að ákærði í máli þessu, Ingimundur Bjarnason, hefði það að atvinnu að setja í rúður og gera við glugga í húsum hér í bæ. Var tekið fram í kærunni, að ákærði hefði verið staðinn að verki við framangreinda starfsemi sína á mörgum stöðum, t. d. Pósthússtræti 13, Miklubraut 90 og Bókabúð

Braga Brynjólfssonar. Þann 21. maí 1952 hafði ákærði undirgengizt með dómsátt sekt fyrir þessa starfsemi sína.

Pétur Jóhannesson hefur mætt sem vitni í máli þessu og staðfest kæru sína. Vitnið kvað ákærða hafa hafið framangreinda starfsemi sína fyrir um ári áður en kæran var dagsett, og haldið henni áfram, eftir að hann gekkst undir sektina með dómsáttinni.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi fengizt við að setja rúður í glugga, eftir að dómsáttin var gerð við hann 21. maí 1952. Starfsemi sína kvað hann vera í því fólgna að taka glerbrot úr gluggum, þar sem rúður hefðu brotnað, hreinsa síðan gluggakistuna, setja nýja rúðu í, kítta hana og negla. Ákærði kvaðst aðeins hafa sett rúður í glugga, þar sem rúða hefði verið áður. Ákærði mótmælti því, að hann hefði gert við glugga. Ákærði kvaðst í síðari rannsókn málsins hafa tekið 18 kr. á tímann fyrir starfa sinn, en hann er í Verkalýðsfélaginu „Esju", og er tímakaup þar 14 kr. á klst. Vitnið Pétur Jóhannesson gat ekki bent á, að ákærði hefði unnið að því að gera við glugga, nema að það taldi víst, að hann hefði verið að verki að Hverfisgötu 90, en til þess tilviks náði dómsáttin 21. maí 1952.

Mál þetta var sent Iðnráði til umsagnar. Taldi það kæruna á rökum reista. Kvað það rúðuísetningu og aðrar gluggaviðgerðir tilheyra tvímælalaust fagi húsasmiða, en ákærði hefði ekki réttindi í þeirri iðngrein.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þá þykja ekki nægar sannanir hafa fengizt fyrir því, að ákærði hafi lagt stund á viðgerðir á gluggum. Ber því að sýkna hann af þeim lið ákærunnar. Hins vegar er nægilega sannað með játningum hans og öðru, að hann hefur fengizt við að setja rúður í glugga. Ákærði hefur talið sér þessa starfsemi heimila, þar sem hún tilheyri ekki sérsviði húsasmiða og færi því ekki í bága við lagaákvæði þau, er í ákæruskjali greinir. Væri því hverjum sem er heimilt að stunda hana, án þess að hafa iðnréttindi í húsasmíði, enda hefði slíkt verið látið afskiptalaust af trésmiðum og þeir ekki fengizt til starfsins. Þá var á það bent af hálfu ákærða, að ísetning á rúðum í nýjum húsum tilheyrði húsasmíði, en við það hefði ákærði ekki fengizt, heldur aðeins að setja rúður í glugga þar, sem aðrar hefðu verið fyrir. Á þessa skoðun þykir ekki verða fallizt. Starfsemi ákærða við ísetningar á rúðum þykir vera einn liður í iðngrein húsasmiða, enda hefur það komið fram, að í hvert sinn, er sveinspróf fara fram í húsasmíði, eru nemendur jafnan spurðir um rúðuísetningar og það efni, sem til þess þarf, svo að verkið verði rétt unnið.

Ákærði þykir því hafa gerzt brotlegur gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 105/1936, sbr. lög nr. 18/1927 um iðju og iðnað.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af því, að um ítrekað brot er að ræða, 500.00 kr. sekt, er renni til ríkis-

sjóðs, og komi varðhald í 5 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hdl., kr. 800.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ingimundur Bjarnason, greiði 500.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarinssonar hdl., kr. 800.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. apríl 1955.

Nr. 55/1955. **Ákæruvaldið**

gegn

Herði Ólafssyni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jón Ásbjörnsson og Ólafur Lárusson prófessor.

Kærumál. Þagnarskylda lögmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili, Hörður Ólafsson héraðsdómslögmaður, hefur með kæru 12. þ. m. skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt 6. tölulið 172. gr. laga nr. 27/1951. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og honum dæmdur kærumálskostnaður úr ríkissjóði.

Afstaða varnaraðilja til þess manns eða þeirra manna, er hann gerðist milligöngumaður fyrir um lánveitingar, eins og í hinum kærða úrskurði segir, er slík, að hann er ekki bundinn þagnarskyldu gagnvart aðilja þessum eða aðiljum. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 12. apríl 1955.

Í þeim þætti rannsóknar þessarar, sem veit að lánaviðskiptum Ragnars Blöndals h/f við einstaklinga, hefur Gunnar Hall, fyrrverandi framkvæmdastjóri félagsins, skýrt svo frá, að hann hafi fyrir hönd félagsins fengið talsverð víxillán á síðasta ári hjá Herði Ólafssyni héraðsdómslögmanni, og hafi vaxtakjörin verið 3% á mánuði eða þar um bil. Við skuldaskil félagsins nú í vetur lýsti héraðsdómslögmaðurinn á hendur því kröfum að upphæð kr. 234.528.00, og hefur skýrt svo frá, að kröfur þessar byggist á víxlum, sem hann hafi keypt af framkvæmdastjóranum sem milligöngumaður fyrir aðra menn, þ. e. a. s. hina raunverulegu kaupendur víxlanna. Héraðsdómslögmaðurinn heldur því fram, að víxlarnir hafi allir verið til þriggja mánaða og verið keyptir með 10% afföllum auk 2% lántökugjalds. Hann hefur verið inntur eftir því, hverjir hinir raunverulegu kaupendur víxlanna hafi verið, en hefur haldið því fram, að þagnarskylda sín sem lögmanns hindri, að hann geti skýrt frá því, hverjir menn þessir séu.

Þar sem vera má, að í þessum viðskiptum felist brot gegn lögum nr. 73 19. júní 1933, er nauðsynlegt til upplýsingar málsins, að dómurinn fái vitneskju um kaupendur víxlanna.

Trúnaður héraðsdómslögmannsins við þá um fésýslu þessa þykir eigi hafa þá þjóðfélagslegu þýðingu, að hann hindri, að héraðsdómslögmaðurinn upplýsi, hverjir menn þessir séu.

Valdimar Stefánsson sakadómari kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Þagnarskylda Harðar Ólafssonar héraðsdómslögmanns hindrar eigi, að hann veiti upplýsingar um framangreind atriði.

Miðvikudaginn 27. apríl 1955.

Nr. 50/1955. **Útibú Útvegsbanka Íslands h/f í Vestmannaeyjum**

gegn

Þrotabúi Guðvarðs Vilmundarsonar.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jón Ásbjörnsson og Ólafur Lárusson prófessor.

Kærumál. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. marz þ. á., er hingað barst 30. f. m. Krefst hann þess, að málskostnaðarákvæði hins kærða úrskurðar, er upp var kveðinn í uppboðsrétti Vestmannaeyja 8. marz þ. á., verði fellt úr gildi og varnaraðilja gert að greiða honum málskostnað fyrir uppboðsréttinum og auk þess kostnað af kæru þessari.

Varnaraðili hefur ekki sent Hæstarétti kröfur eða greinargerð í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja málskostnað í héraði, kr. 1000.00, og kærumálskostnað, kr. 400.00.

Dómsorð:

Varnaraðili, þrotabú Guðvarðs Vilmundarsonar, greiði sóknaraðilja, Útibúi Útvegsbanka Íslands h/f í Vestmannaeyjum, málskostnað í héraði, kr. 1000.00, og kærumálskostnað, kr. 400.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Vestmannaeyja 8. marz 1955.

Með beiðni, dags. 19. nóvember 1954, fór Útvegsbanki Íslands h/f, útibúið í Vestmannaeyjum, þess á leit, að 57½% húseignarinnar nr. 49 við Hásteinsveg ásamt tilheyrandi lóð og mannvirkjum, eign Guðvarðs Vilmundarsonar útgerðarmanns, sama staðar, yrði

selt á opinberu uppboði samkvæmt heimild í tryggingarbréfi, útgefnu af Guðvarði Vilmundarsyni 2. desember 1953, að fjárhæð kr. 250.000.00, tryggðu með 2. veðrétti í 57½% húseignarinnar Hásteinsveg 49 og sett til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum, í hvaða formi sem væri, er Guðvarður Vilmundarson kynni að skulda á hverjum tíma Útvegsbanka Íslands h/f eða útibúi hans. Uppboðsins var krafizt til lúkningar víxilskuldar, að fjárhæð kr. 125.000.00, samkvæmt eigin víxli, útgefnum af Guðvarði Vilmundarsyni hinn 10. desember 1953 með gjalddaga 10. apríl 1954, bæði höfuðstóls og vaxta, 7½% per annum frá 10. apríl 1954 til greiðsludags, svo og öllum kostnaði við uppboðið.

Uppboðið var auglýst eins og lög mæla fyrir um, og skyldi fara fram á eigninni sjálfri mánudaginn 17. janúar, kl. 1¼ e. h. Á þeim stað og tíma var beiðnin tekin fyrir í uppboðsrétti. Guðvarður Vilmundarson var gjaldþrota með úrskurði skiptaréttarins, uppkveðnum 24. nóvember 1954, en af hálfu þrotabús hans mætti Jón Hjaltason héraðsdómslögmaður í uppboðsréttinum og vefengdi uppboðsheimild uppboðsbeiðanda og krafðist þess, að synjað yrði með úrskurði um framgang uppboðsins að svo stöddu og honum tildæmdur málskostnaður, en til vara að málskostnaður verði látinn falla niður. Uppboðsbeiðandi krafðist hins vegar, að uppboðið næði fram að ganga og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi gagnaðilja að skaðlausu eftir mati réttarins. Að lokinni öflun gagna var málið flutt hinn 1. þ. m. og tekið undir úrskurð sama dag.

Nokkru áður en uppboð þetta fór af stað, eða hinn 30. október s.l., var mótorbáturinn Vaðgeir, Ve 7, eign Guðvarðs Vilmundarsonar, seldur á opinberu uppboði. Hæstbjóðandi varð uppboðsbeiðandi, sem bauð kr. 260.000.00 og fékk bátinn útlagðan fyrir það verð. Á bátnum hvíldu sjóveð og lögveð og 5 veðskuldir á 1.—5. veðrétti, og átti uppboðsbeiðandi 2., 4. og 5. veðrétt. Veðskuld fjórða veðréttar nam kr. 110.000.00, en veðskuld fimmta veðréttar nam kr. 125.000.00. Við uppboðið á bátnum kvaðst uppboðskaupandi með boði sínu, kr. 260.000.00, hafa fengið kr. 16.011.26 upp í veðkröfu sína á fjórða veðrétti og þar af leiðandi ekkert upp í kröfu sína á fimmta veðrétti. Við útlagningu bátsins til hans voru m. a. fjórði og fimmti veðréttur strikaðir út af síðu bátsins í veðmálaskrá. Skuldin, sem hvíldi á fimmta veðrétti bátsins, kr. 125.000.00 samkvæmt víxli, er hin sama og víxilskuldin, sem uppboðsbeiðandi vill fá greidda með uppboðinu, sem hér liggur fyrir.

Er uppboðsbeiðandi hafði yfirtekið v/b Vaðgeir, Ve 7, kveður hann, að heildarskuldir Guðvarðs Vilmundarsonar við bankann samkvæmt ýmsum víxlum o. fl. hafi numið kr. 754.031.83 fyrir utan vexti og kostnað. Frá þessari fjárhæð ber að draga andvirði bátsins, og hefur uppboðsbeiðandi lýst því yfir, að hann reikni bátinn ekki á uppboðsverði, heldur á kr. 360.000.00, en það er söluverð bátsins til nýs kaupanda. Vangreiddar skuldir þrotabúsins við upp-

boðsbeiðanda ættu því að nema kr. 394.031.83 auk vaxta og kostnaðar. Hefur uppboðsbeiðandi talið, að allar þessar skuldir stæðu að baki tryggingarbréfsins, er uppboð þetta byggist á.

Meðan enn var ekki kunnugt, hvort uppboðsbeiðandi myndi reikna bátinn á hærra verði en uppboðsverðinu næmi, voru að tilhlutan þrotabúsins dómkvaddir tveir menn til þess að meta með tilvísun til 32. gr. uppboðslaganna hvert væri sannvirði v/b Vaðgeirs, Ve 7, á uppboðsdegi. Skiluðu matsmennirnir sundurliðaðri matsgerð og komust að þeirri niðurstöðu, að sannvirði bátsins væri kr. 558.700.00.

Gerðarþoli hefur vefengt, að skuldirnar við uppboðsbeiðanda næmu svo háum fjárhæðum, sem uppboðsbeiðandi telur, en hins vegar hefur gerðarþoli ekki sýnt fram á, að skuldirnar væru oftaldar. Aftur á móti hefur gerðarþoli haldið því fram, að uppboðsbeiðanda væri skylt að sýna fram á ótvírætt, hver væri upphæð fjárkrafnanna, er ljúka skal við uppboðið, og þar sem uppboðsbeiðandi hafi látið slíkt undir höfuð leggjast, beri að synja um framgang uppboðsins að svo stöddu. Til vara hefur gerðarþoli krafizt þess, að uppboðsrétturinn dragi sannvirði v/b Vaðgeirs, Ve 7, samkvæmt matinu, kr. 558.700.00, frá kröfum uppboðsbeiðanda á hendur þrotamanni, miðað við uppboðsdag bátsins, og heimili aðeins uppboð fyrir mismuninum. Og til þrautavara krefst gerðarþoli þess, að allar veðkröfur, hvers eðlis sem væru og á v/b Vaðgeir hvíldu, væru dregnar frá kröfum uppboðsbeiðanda og uppboð aðeins heimilað fyrir mismuninum. Auk þess gerði gerðarþoli kröfu til málskostnaðar úr hendi uppboðsbeiðanda með öllum kröfum sínum.

Af orðalagi 3. og 4. málsgreinar 32. greinar uppboðslaganna virðist mega ráða, að dómara sé aðeins heimilt, með þar greindum skilyrðum, að færa þá kröfu niður, er uppboðskaupandi hefur að nokkru fengið greidda með boði sínu, en ekki að fullu, sbr. orðin: „krefur ... án þess að krafa þeirra hafi greiðzt að fullu ... um eftirstöðvar kröfunnar". Við uppboðið á bátnum fékk uppboðsbeiðandi kr. 16.011.26 greiddar með boði sínu af veðkröfu sinni, er hvíldi á 4. veðrétti og nam að fjárhæð kr. 110.000.00, eins og fyrr er getið. Með tilliti til matsverðs bátsins myndi uppboðsbeiðanda ekki heimilt að krefjast eftirstöðva þeirrar veðskuldar. Hins vegar er honum heimilt að krefja um þær veðkröfur, er síðar standa. Krafa hans, kr. 125.000.00, er hvíldi á 5. veðrétti bátsins, stendur því enn óhögguð sem sjálfstæð skuld, þrátt fyrir sölu bátsins. Vegna hins rúma orðalags tryggingarbréfsins, er uppboð þetta byggist á, á uppboðsbeiðandi rétt til að fá kröfu þessa greidda úr veði bréfsins.

Samkvæmt þessu ber að leyfa framgang uppboðsins, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ályktarorð:

Hið umbeðna uppboð skal fara fram á ábyrgð uppboðsbeiðanda.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 28. apríl 1955.

Nr. 13/1953. **Ákæruvaldið** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Sigurði Jónassyni og **Jóhanni Gunnari Stefánssyni,** (Guðmundur Ásmundsson hdl.)

Hauki Hvannberg (Ragnar Jónsson)

Olíufélaginu h/f og **Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi** (Guðmundur Ásmundsson hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jón Ásbjörnsson og Kristján Kristjánsson borgarfógeti.

Rangar skýrslur. Verðlagsbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa dómpróf verið háð í málinu bæði að tilhlutan sækjanda og verjanda og svo samkvæmt úrskurði Hæstaréttar frá 24. marz s.l. og margs konar gögn lögð fram. Tóku framhaldspróf og endurskoðun í sambandi við þau langan tíma, og lauk þeim eigi fyrr en á þessu ári.

I.

Svo sem nánar er rakið í héraðsdómi, hafa tvö hlutafélög, Olíufélagið h/f og Hið íslenzka steinolíuhlutafélag, haft náið samband sín á milli um innflutning og sölu á olíuvörum, frá því að Olíufélagið h/f var stofnað á árinu 1946, enda eignaðist Olíufélagið h/f um það leyti meginið af hlutafé í Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi. Samstarf hlutafélaganna hefur frá og með 1. janúar 1949 verið með þessum hætti:

1. Olíufélagið h/f annast innflutning á öllum olíuvörum, sem hlutafélögin selja hér á landi, bæði innlendum aðiljum og erlendum.

2. Olíufélagið h/f annast bókhald Hins íslenzka steinolíuhlutafélags og fjárgreiðslur fyrir það eftir fyrirmælum framkvæmdastjóra þess og lætur því í té starfslið, eftir því sem við verður komið.

3. Olíufélagið h/f og Hið íslenzka steinolíuhlutafélag hafa skipt með sér sölu á olíuvörum til innlendra aðilja, en eigi þykir vera ástæða til að rekja það efni. Hið íslenzka steinolíuhlutafélag annast sölu á olíuvörum á Keflavíkurflugvelli. Með tveimur samningum, dags. 1. september 1949, öðrum við Lockheed Aircraft Overseas Corporation og hinum við Metcalfe Hamilton Kansas City Bridge Companies, hefur Hið íslenzka steinolíuhlutafélag skuldbundið sig til að selja félögum þessum, sem hafa haft með höndum framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli, ýmsar olíuvörur. Auk þess hefur Hið íslenzka steinolíuhlutafélag selt erlendum flugfélögum olíuvörur á Keflavíkurflugvelli.

4. Olíuvörur þær, sem Olíufélagið h/f flytur inn fyrir sig og Hið íslenzka steinolíuhlutafélag, kaupir það hjá Esso Export Corporation í Norður-Ameríku. Þá er Hið íslenzka steinolíuhlutafélag hefur selt olíuvörur til notkunar á Keflavíkurflugvelli samkvæmt samningum við áðurnefnd erlend félög þar, sendir nefnt hlutafélag reikninga fyrir þær til skrifstofu hinna erlendu félaga á flugvellinum, sem yfirfer reikningana, ritar samþykki sitt á þá, séu þeir réttir, og sendir þá því næst til aðalstöðva sinna í Ameríku með fyrirmælum um að greiða þá inn á reikning Hins íslenzka steinolíuhlutafélags hjá Esso Export Corporation í New York. Fjárhæð þessara reikninga er eigi talin Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi til tekna í bókum Esso Export Corporation, fyrr en þeir hafa verið greiddir. Nú er um að tefla sölu á olíuvörum til annarra erlendra aðilja á Keflavíkurflugvelli, svo sem flugfélaga, og sendir Hið íslenzka steinolíuhlutafélag þá staðfesta reikninga fyrir úttekt á þessari vöru til Esso Export Corporation, en það félag hefur tekizt á hendur að innheimta andvirðið hjá kaupendum. Esso Export Corpor-

ation skráir fjárhæðir reikninga þessara í bókum sínum sem tekjur Hins íslenzka steinolíuhlutafélags við viðtöku þeirra eða fljótlega eftir það, hvort sem skuldarar hafa þá þegar greitt eða eigi. Sá erlendi gjaldeyrir, sem Hið íslenzka steinolíuhlutafélag fær með þessum hætti, rennur samkvæmt samningi hlutafélaganna til Olíufélagsins h/f.

Þá er Olíufélagið h/f og Hið íslenzka steinolíuhlutafélag hófu sameiginlega þá starfsemi, sem að framan er lýst, þurftu þau vitaskuld á miklum gjaldeyri að halda til kaupa á olíuvörum. Veittu íslenzk gjaldeyrisyfirvöld þeim á árinu 1947 gjaldeyris- og innflutningsleyfi, en er kom fram á árið 1948, fékk Olíufélagið h/f vegna viðskiptanna við hina erlendu aðilja umráð yfir miklum erlendum gjaldeyri. Þessum gjaldeyri skilaði Olíufélagið h/f eigi til íslenzkra banka, heldur notaði hann til kaupa á olíuvörum, sem seldar voru hér á landi bæði erlendum og innlendum aðiljum. Fékk Olíufélagið h/f í æ ríkari mæli innflutningsleyfi án gjaldeyrisleyfa. Tók gjaldeyriseftirlit bankanna þá á árinu 1948 að finna að því, að Olíufélagið h/f skilaði eigi þeim erlenda gjaldeyri, sem það aflaði með framangreindum viðskiptum. Varð þetta til þess, að Hið íslenzka steinolíuhlutafélag skrifaði hinn 12. marz 1949 Viðskiptanefnd bréf, þar sem þess var beiðzt, að félagið mætti nota oftnefndan gjaldeyri til kaupa á olíuvörum, án þess að hann gengi um hendur bankanna. Bréf þetta sendi Viðskiptanefnd Fjárhagsráði til umsagnar. Fjárhagsráð samþykkti á fundi hinn 26. s. m., að „viðskiptunum verði þannig fyrir komið, eins og segir í bréfi" Hins íslenzka steinolíuhlutafélags til Viðskiptanefndar. Hefur meðferð Olíufélagsins h/f á hinum erlenda gjaldeyri verið síðan með þeim hætti, sem nú var greint, án þess að athugasemdir væru gerðar við það af hendi yfirvalda, enda voru Olíufélaginu h/f veitt æ fleiri innflutningsleyfi án gjaldeyrisleyfa með hverju ári, sem leið.

II.

Hinn 28. janúar 1950 var Olíufélaginu h/f veitt innflutningsleyfi fyrir farmi þeim af olíuvörum, sem kom til Íslands í skipinu Esso Memphis hinn 10. marz 1950. Farmur

skipsins, sem í land var skipað, nam um 14721 smálest af olíuvörum. H/f Shell á Íslandi fékk af þessu magni 1100 smálestir. Virðist Hið íslenzka steinolíuhlutafélag og h/f Shell á Íslandi hafa samið um þetta í fyrra hluta marz 1950, og annaðist Shell í London um greiðslu þessa hluta farmsins til Esso Export Corporation.

Farmur í Esso Memphis, sá er Olíufélagið h/f fékk, nam 13621 smálest, og er þá reiknað í heilum smálestum, og var hann að verðmæti samtals $ 405.048.55. Samkvæmt reikningum Jóns Guðmundssonar, löggilts endurskoðanda, sem leggja ber til grundvallar, skiptist magn og andvirði farmsins þannig milli erlendra og innlendra kaupenda:

A. Erlendir aðiljar

	Magn		Verð í $
Flugvélabenzín	2053	smálestir	126.732.48
Mótorbenzín	612	—	20.376.86
Gasolía	3615	—	79.408.07
Samtals	6280	smál.	$ 226.517.41

B. Innlendir aðiljar

	Magn		Verð í $
Mótorbenzín	1293	smálestir	43.029.13
Gasolía	5445	—	119.343.77
Ljósaolía	603	—	16.158.24
Samtals	7341	smál.	$ 178.531.14

III.

Samkvæmt endurskoðuðum reikningum var innstæða Olíufélagsins h/f hjá Esso Export Corporation hinn 28. febrúar 1950, þá er farmur Esso Memphis var talinn því til skuldar ..... $ 355.894.47

Innstæða Hins íslenzka steinolíuhlutafélags á innheimtureikningi hjá Esso Export Corporation nam hinn 28. febrúar 1950 $ 29.082.02. Hafa eigi verið leiddar líkur að öðru en að fjárhæð þessi hafi hinn 19. marz 1950 verið til ráðstöfunar Olíufélaginu h/f ..... $ 29.082.02

Samtals $ 384.976.49

sem Olíufélagið h/f átti til greiðslu á oftnefndum farmi.

1. Óinnheimtar skuldir Hins íslenzka steinolíuhlutafélags vegna sölu olíuvöru á Keflavíkurflugvelli fram til 19. marz 1950 námu $ 181.205.44. Þessi fjárhæð varð eigi ráðstöfunarbær Olíufélaginu h/f fyrr en eftir 19. marz 1950, og varð því eigi fyrir þann tíma talin gjaldeyrisinnstæða þess. Ef skuldir þessar hefðu innheimtst, hefði sá gjaldeyrir og, ef því hefði verið að skipta, orðið seldur íslenzkum bönkum á gengi, er gilti eftir gengisfellinguna.

2. Inneign Olíufélagsins h/f á svonefndum sérreikningi (special account) hinn 19. marz 1950 nam $ 25.210.15. Gjaldeyris þess, sem hér var um að tefla, var hvorki aflað með sölu á olíuvöru á Keflavíkurflugvelli né hann veittur Olíufélaginu h/f af íslenzkum gjaldeyrisyfirvöldum til kaupa á olíuvöru. Var því Olíufélaginu h/f rétt að halda honum utan við þau viðskipti, sem saksótt er fyrir í máli þessu.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, hafði Olíufélagið h/f til ráðstöfunar fyrir 19. marz 1950 $ 384.976.49, og var því skylt að telja þá á því gengi, sem í gildi var fyrir þetta tímamark. Af hendi ákærðu Sigurðar Jónassonar og Jóhanns Gunnars Stefánssonar hefur því verið haldið fram, að þessa gjaldeyriseign hafi mátt nota til greiðslu á:

a) Flugvélabenzíni, sem Olíufélagið h/f hafi fengið að láni hjá Bandaríkjaher, 2045 smálestum.
b) Skuld Olíufélagsins h/f við Royal Bank of Scotland, £ 100.000-0-0, er jafngildir $ 280.000.00.
c) Flugvélabenzíni úr farmi Esso Memphis, er lánað hafi verið h/f Shell á Íslandi.
d) Hluta á olíufarmi Esso Memphis, þeim sem seldur var erlendum aðiljum á Keflavíkurflugvelli.

Um a). Hinn 19. marz 1950 hafði verið selt af nefndum 2045 smálestum 876 smálestir, en óeyddar voru þá 1169 smálestir af lánsbenzíninu. Hér var um að tefla flugvélabenzín, sem notað var á Keflavíkurflugvelli og bar að endurgreiða af birgðum Olíufélagsins h/f, en þær birgðir voru keyptar fyrir gjaldeyri, sem þar var aflað. Til þess mátti vitaskuld nota flugvélabenzín af Esso Memphis farminum

eða annað flugvélabenzín, er keypt var til Keflavíkurflugvallar. Benzínlánið átti hins vegar eigi að hafa áhrif á verð þess hluta farms Esso Memphis, sem seldur var íslenzkum aðiljum.

Um b). Hin svonefnda skuld Olíufélagsins h/f við Royal Bank of Scotland átti samkvæmt samningi Olíufélagsins h/f við Samband íslenzkra samvinnufélaga, dags. 5. ágúst 1949, að greiðast í íslenzkum krónum til Sambandsins á gjalddögum 1. júlí 1950, 1. marz 1951, 2. janúar 1952 og 1. september 1952. Verður eigi séð, að Olíufélagið h/f hafi mátt taka frá inneign sína hjá Esso Export Corporation til greiðslu skuldar þessarar.

Um c). Flugvélabenzín það, sem h/f Shell á Íslandi keypti, greiddi h/f Shell í London til Esso Export Corporation, svo sem áður sagði, og kom því eigi til álita, að Olíufélagið h/f notaði inneign sína hjá Esso Export Corporation til þeirrar greiðslu.

Um d). Svo sem lýst hefur verið, voru um 6280 smálestir af farmi Esso Memphis ætlaðar erlendum kaupendum á Keflavíkurflugvelli, og var verðmæti þessa hluta farmsins $ 226.517.41, en um 7341 smálest var ætluð innlendum kaupendum, og var sá hluti að verðmæti $ 178.531.14. Samkvæmt þeim heimildum, sem getið var að framan, bar Olíufélaginu h/f að nota innstæðu sína hjá Esso Export Corporation, $ 384.976.49, til hlutfallslegrar greiðslu á hlutum farmsins til innlendra og erlendra aðilja.

Andvirði alls farmsins nam	$ 405.048.55
Inneign Olíufélagsins h/f var	– 384.976.49
Mismunur	$ 20.072.06

sem skorti til greiðslu alls farmsins. Þar sem $ 11.225.00 vantaði til greiðslu þess hluta nefnds farms, sem ætlaður var erlendum kaupendum, átti Olíufélagið h/f því til greiðslu þessa hluta farmsins ..... $ 215.292.41
En til greiðslu þess hluta, er fór til innlendra aðilja, skorti $ 8847.06, og átti Olíufélagið h/f því til lúkningar á andvirði þessa hluta .... $ 169.684.08

IV.

Eftir að gengi íslenzkrar krónu lækkaði hinn 19. marz 1950, fól verðlagsstjóri Ragnari hæstaréttarlögmanni Ólafssyni, löggiltum endurskoðanda, að gera verðreikning á olíuvörum vegna hins nýja gengis. Við framkvæmd þessa starfa aflaði Ragnar skýrslna olíufélaga hér á landi um birgðir þeirra af olíuvöru, sem keyptar voru fyrir gengisfellinguna. Ákærði Sigurður Jónasson, er þá var framkvæmdastjóri Olíufélagsins h/f, og ákærði Jóhann Gunnar Stefánsson, er þá var skrifstofustjóri þess hlutafélags, gáfu þá Ragnari Ólafssyni skýrslur um birgðir Olíufélagsins h/f af olíuvörum, sem greiddar hefðu verið samkvæmt hinu gamla gengi. Í þeim skýrslum töldu þeir farmhluta þann af olíuvörum, sem kom til landsins í skipinu Esso Memphis 10. marz 1950 og ætlaður var innlendum aðiljum, eigi greiddan fyrir gengisfellingu, þótt farmhluti þessi væri, svo sem lýst var í III að framan, raunverulega greiddur að meginhluta fyrir gengisfellinguna. Skýrslur ákærðu Sigurðar og Jóhanns Gunnars voru því rangar, og varðar verknaður þessara ákærðu þá refsingu samkvæmt 146. gr. laga nr. 19/1940.

Skýrslur ákærðu Sigurðar og Jóhanns Gunnars leiddu til þess, að verðlagsyfirvöld settu með tilkynningu nr. 7 31. marz 1950 hærra verð á þann hluta farms Esso Memphis, sem ætlaður var innlendum kaupendum, en gert hefði verið, ef réttar skýrslur hefðu legið fyrir. Varðar atferli ákærða Sigurðar Jónassonar því einnig við 15. gr., 20. gr. og 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947.

Refsing ákærða Sigurðar Jónassonar þykir samkvæmt refsiákvæðum þeim, er áður greindi, og með hliðsjón af lögum nr. 14/1948 og 77. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin svo sem í héraðsdómi getur.

Refsing ákærða Jóhanns Gunnars Stefánssonar er samkvæmt refsiákvæði því, er áður greindi, og með hliðsjón af lögum nr. 14/1948 hæfilega ákveðin 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 3 mánaða varðhald í stað sektar, ef hún greiðist eigi, áður en 4 vikur eru liðnar frá birtingu dóms þessa.

V.

Ákærði Haukur Hvannberg var á þeim tíma, er hér skiptir máli, framkvæmdastjóri Hins íslenzka steinolíuhlutafélags. Svo sem lýst var í I að framan, hefur Olíufélagið h/f eitt með höndum innflutning á olíuvörum handa sjálfu sér og Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi, en hið síðarnefnda félag lætur Olíufélaginu h/f með hæfilegum fyrirvara í té áætlun um þarfir sínar. Olíufélagið h/f eitt gaf verðlagsstjóra skýrslur þær, sem hann hafði hliðsjón af, þá er hann ákvað verðlag á olíuvörum. Hið íslenzka steinolíuhlutafélag afhenti samkvæmt samningi Olíufélaginu h/f þá dollara, sem inn komu fyrir seldar olíuvörur, en eigi er í ljós leitt gegn ákveðnum mótmælum ákærða Hauks Hvannbergs, að hann hafi fylgzt með, hversu miklar olíubirgðir Olíufélagið h/f átti á hverjum tíma, né að hann hafi vitað nákvæmlega, hversu miklu Olíufélagið h/f hafði ráðstafað á hverjum tíma af gjaldeyri þeim, sem Hið íslenzka steinolíuhlutafélag afhenti Olíufélaginu h/f. Þá er litið er til þessara atriða, þykir varhugavert að fullyrða, að ákærða Hauki Hvannberg hafi verið ljóst, að sá hluti farms Esso Memphis, sem seldur var innlendum aðiljum, hafi verið að meginhluta greiddur fyrir gengisfellinguna og því seldur of háu verði. Þykir því eiga að sýkna hann af ákæru í máli þessu.

VI.

Eigi er í ljós leitt, svo öruggt sé, hversu mikill raunverulegur ágóði Olíufélagsins h/f og Hins íslenzka steinolíuhlutafélags hefur verið, vegna þess að farmhluti úr Esso Memphis var seldur innlendum aðiljum á of háu verði.

Svo sem rakið var, greiddi Olíufélagið h/f fyrir gengisfellinguna 19. marz 1950 $ 169.684.08 fyrir þann hluta farms Esso Memphis, sem seldur var innlendum aðiljum. Samkvæmt gengi eftir 19. marz 1950 jafngilti

þessi fjárhæð	ísl. kr.	2.769.244.18
en eftir eldra gengi	— —	1.589.091.41
	Mismunur kr.	1.180.152.77

Þessa fjárhæð þykir, eins og málsefni er háttað, rétt að gera upptæka til ríkissjóðs, og ber að dæma stjórn Olíufélagsins h/f og stjórn Hins íslenzka steinolíuhlutafélags in solidum til að greiða ríkissjóði fjárhæð þessa ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1950 til greiðsludags.

VII.

Flytja varð mál þetta að miklu leyti tvisvar fyrir Hæstarétti, þar sem Einar Arnórsson hæstaréttarlögmaður, er flutti málið upphaflega sem verjandi ákærðu Sigurðar Jónassonar og Jóhanns Gunnars Stefánssonar, andaðist áður en flutningi málsins yrði lokið. Af þessu hlauzt aukinn kostnaður, sem rétt þykir að leggja á ríkissjóð. Af hendi ákæruvaldsins hefur eigi verið krafizt málskostnaðar úr hendi stjórnenda Olíufélagsins h/f og Hins íslenzka steinolíuhlutafélags í málinu á hendur þeim til upptöku eigna. Verður því einnig að leggja á ríkissjóð málskostnað að þessu leyti.

Allan kostnað af máli ákærða Hauks Hvannbergs ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.500.00.

Ákærðu Sigurður Jónasson og Jóhann Gunnar Stefánsson greiði in solidum málsvarnarlaun verjanda síns í héraði kr. 5000.00. Þeir greiði einnig annan kostnað af sökinni í héraði og svo kostnað af henni fyrir Hæstarétti, þannig að ákærði Sigurður greiði $\frac{9}{20}$ hluta hans og ákærði Jóhann Gunnar $\frac{3}{20}$ hluta, þar með talið í nefndum hlutföllum málflutningslaun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 40.000.00, laun til dánarbús Einars hæstaréttarlögmanns Arnórssonar, kr. 16.000.00, og laun verjandans Guðmundar Ásmundssonar héraðsdómslögmanns, kr. 20.000.00. Allur annar kostnaður af sökinni greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Ákærði Haukur Hvannberg á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af máli ákærða Hauks greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda hans í héraði og

fyrir Hæstarétti, Ragnars hæstaréttarlögmanns Jónssonar, samtals kr. 15.500.00.

Ákærði Sigurður Jónasson greiði 100.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald níu mánuði í stað sektar, verði hún eigi greidd, áður en 4 vikur eru liðnar frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Jóhann Gunnar Stefánsson greiði 20.000.00 króna sekt í ríkissjóð, og komi þriggja mánaða varðhald í stað sektar, ef hún greiðist eigi, áður en 4 vikur eru liðnar frá birtingu dóms þessa.

Stjórn Olíufélagsins h/f og stjórn Hins íslenzka steinolíuhlutafélags greiði in solidum f. h. hlutafélaga þessara kr. 1.180.152.77 í ríkissjóð ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1950 til greiðsludags.

Ákærðu Sigurður Jónasson og Jóhann Gunnar Stefánsson greiði in solidum málsvarnarlaun verjanda síns í héraði, héraðsdómslögmanns Guðmundar Ásmundssonar, kr. 5000.00. Þeir greiði einnig annan kostnað af sökinni í héraði og svo kostnað af henni fyrir Hæstarétti, þannig að ákærði Sigurður greiði $^{9}/_{20}$ hluta hans og ákærði Jóhann Gunnar $^{3}/_{20}$ hluta, þar með talið í nefndum hlutföllum laun sækjanda fyrir Hæstarétti, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.00, laun til dánarbús Einars Arnórssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 16.000.00, og laun verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Guðmundar héraðsdómslögmanns Ásmundssonar, kr. 20.000.00.

Allur annar kostnaður af sökinni greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði

Þórðar Eyjólfssonar hrd.

Í máli þessu er leitt í ljós, að hinn 19. marz 1950 skorti 20.072.06 dollara til þess, að gjaldeyrisinnstæður, sem þann dag voru komnar í reikning Olíufélagsins h/f og Hins íslenzka steinolíuhlutafélags hjá Esso Export Corporation, nægðu til greiðslu á Esso Memphis farminum. Hins vegar áttu félögin þá innstæður hjá erlendum aðiljum að fjárhæð 181.205.44 dollara, sem búið var að selja olíuvöru fyrir á Keflavíkurflugvelli hinn 19. marz 1950, en ekki voru komnar inn í reikninga félaganna hjá Esso Export Corporation.

Með ákvörðun Fjárhagsráðs hinn 26. marz 1949, sem gerð var að ósk félaganna, voru þau undanþegin skilaskyldu á gjaldeyri til bankanna, að því er tók til innstæðu vegna olíusölu á Keflavíkurflugvelli, og jafnframt var þeim veitt almennt gjaldeyrisleyfi fram í tímann, þannig að þeim var leyft að nota erlendan gjaldeyri, sem þau öfluðu með framangreindum hætti, til greiðslu á innfluttum olíuafurðum, hvort sem þær voru ætlaðar til sölu til erlendra eða innlendra aðilja. Af þessu leiðir, að félögunum var ekki heimilt að ráðstafa gjaldeyrinum með öðrum hætti. Gjaldeyrisinnstæður þær, sem félögin öfluðu með sölu til erlendra aðilja, urðu þannig, um leið og þær mynduðust, háðar sams konar reglum og gjaldeyrir, sem þegar hafði verið fenginn samkvæmt venjulegu gjaldeyrisleyfi til lúkningar tilteknum vörukaupaskuldum. Þar sem hinn 19. marz 1950 voru í eign félaganna öruggar erlendar gjaldeyrisinnstæður, sem þegar hafði verið ráðstafað af gjaldeyrisyfirvöldum til greiðslu á olíukaupaskuldum og meira en nægðu til lúkningar á öllu andvirði Esso Memphis farmsins, þá ber að fallast á það álit héraðsdóms, að verðlagning á öllum þeim hluta nefnds farms, sem félögin seldu innlendum aðiljum, hefði átt að miðast við hið eldra gengi. Af því leiðir, að ólöglegur ágóði, sem upptækan ber að gera til ríkissjóðs, nemur kr. 1.241.684.07 ásamt vöxtum, eins og í atkvæði meiri hluta dómenda greinir.

Að undanskildu framanskráðu atriði er ég samþykkur forsendum og niðurstöðu meiri hluta dómenda.

Dómur verðlagsdóms Reykjavíkur 20. desember 1952.

Ár 1952, laugardaginn 20. desember, var í verðlagsdómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af Valdimar Stefánssyni sakadómara ásamt Rannveigu Þorsteinsdóttur alþingismanni, meðdómara í verðlagsmálum, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4178—4180/1952: Ákæruvaldið gegn Sigurði Jónassyni, Jóhanni Gunnari Stefánssyni og Hauki Hvannberg.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Sigurði Jónassyni, fyrrverandi forstjóra Olíufélagsins h/f, Miklubraut 3, hér í bæ, Jóhanni Gunnari Stefánssyni, fyrrverandi skrifstofustjóra, en núverandi forstjóra Olíufélagsins h/f, Sjafnargötu 8, hér í bæ, og Hauki Hvannberg, framkvæmdastjóra Hins íslenzka steinolíuhlutafélags, Reynimel 26, hér í bæ.

Gegn ákærðu Sigurði Jónassyni og Jóhanni Gunnari Stefánssyni er málið höfðað fyrir *að* gefa verðlagsyfirvöldum ranga skýrslu um olíubirgðir Olíufélagsins h/f og Hins íslenzka steinolíuhlutafélags 19. marz og 1. apríl 1950, þar sem þeir ekki töldu með birgðum félaganna olíufarm þeirra, er kom til landsins með olíuskipinu Esso Memphis hinn 10. marz 1950, á þeim forsendum, að farmurinn hafi ekki verið greiddur fyrir gengisfall íslenzkrar krónu 19. marz 1950, enda þótt farmurinn hafi verið færður Olíufélaginu h/f til skuldar í bókum viðskiptafirma þess í New York, Esso Export Corporation, hinn 28. febrúar 1950, og hin framangreindu íslenzku olíufélög hafi verið búin að afla sér dollaratekna til greiðslu á öllum farminum með olíusölu á Keflavíkurflugvelli fyrir gengisfellinguna 19. marz 1950. Þykja brot þessi varða við 146. gr., en til vara 147. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940, sbr. 1. málsgr. 22. gr. laga nr. 70/1947 um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit og nú 2. málsgr. 19. gr. laga nr. 35/1950 um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Gegn ákærðu Sigurði Jónassyni og Hauki Hvannberg er málið höfðað fyrir að selja á vegum Olíufélagsins h/f og Hins íslenzka steinolíuhlutafélags á of háu verði olíufarm þann, er kom til Íslands með olíuskipinu Esso Memphis 10. marz 1950. Þykja brot þessi varða við 15. og 20. gr. sbr. 2. málsgr. 22. gr. nefndra laga nr. 70/1947, sbr. 15. og 20. gr. sbr. 2. málsgr. 22. gr. nefndra laga nr. 70/1947, sbr. nú 4. gr. og 7. gr. sbr. 3. málsgr. 19. gr. framangreindra laga nr. 35/1950, svo og tilkynningu verðlagsstjóra nr. 3 1. marz 1950, sbr. tilkynningu hans nr. 7 31. marz 1950.

Í ákæruskjali er þess krafizt, að allir hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar samkvæmt framangreindum lagafyrirmælum svo og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess krafizt, að stjórn Olíufélagsins h/f, þeir Vilhjálmur Þór forstjóri, Hofsvallagötu 11, Reykjavík, Ástþór Matthíasson forstjóri, Vestmannaeyjum, Jakob Frímannsson, Þingvallastræti 2, Akureyri, Karvel Ögmundsson út-

gerðarmaður, Ytri-Njarðvík, og Skúli Thorarensen forstjóri, Fjólugötu 11, Reykjavík og stjórn Hins íslenzka steinolíuhlutafélags, sem skipuð er sömu mönnum, verði f. h. nefndra félaga in solidum dæmdar til að sæta upptöku á ólöglegum hagnaði af sölu nefnds olíufarms, er kom til Íslands með Esso Memphis hinn 10. marz 1950, sbr. 2. málsgr. 22. gr. laga nr. 70/1947, 3. málsgr. 19. gr. laga nr. 35/1950 og 69. gr. hegningarlaganna.

Allir eru ákærðu komnir yfir lögaldur sakamanna.

Ákærði Sigurður Jónasson er fæddur 19. ágúst 1896 í Lækjarbæ í Fremri-Torfustaðahreppi.

Allt frá árinu 1941 hefur hann 13 sinnum sætt sektum og áminningum fyrir ýmis brot í akstri og meðferð bifreiða, en auk þess hefur hann sætt þessum kærum og refsingum:

1929 1/8 Sátt. 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1929 13/12 Sátt. 100 kr. sekt fyrir ólöglegan innflutning á hálmi.
1950 14/1 Dómur. 10 daga varðhald og 6 mánaða ökuleyfissvipting fyrir ölvun við bifreiðaakstur.

Ákærði Jóhann Gunnar Stefánsson er fæddur 21. júlí 1908 á Hvammstanga og hefur tvisvar, árin 1948 og 1951, sætt áminningu fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Ákærði Haukur Hvannberg er fæddur 22. júlí 1921 í Reykjavík og hefur síðan 1939 tvisvar sætt áminningu fyrir lögreglusamþykktarbrot og fjórum sinnum verið sektaður fyrir brot í akstri og meðferð bifreiða.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

I.

Í kring um mitt ár 1946 var stofnað hér í bænum hlutafélag, sem nefnt var Olíufélagið h/f, og var tilgangur þess að flytja inn olíuvörur og reka verzlun með þær hér á landi. Gerðist ákærði Sigurður forstjóri félags þessa hinn 1. janúar 1947 og gegndi því starfi þar til um síðustu áramót 1951—1952, en þá tók við forstjórastarfinu í félaginu ákærði Jóhann Gunnar Stefánsson, sem gegnt hafði skrifstofustjórastarfi hjá því frá 1. janúar 1947.

Um sama eða svipað leyti og Olíufélagið h/f var stofnað, varð allmikil breyting á hlutafjáreign í Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi, sem starfað hafði þá hér í bænum um mörg undanfarin ár og rekið ýmis konar viðskipti með olíuvörur, en breytingin virðist aðallega hafa falizt í því, að á fyrrnefndum tíma eignaðist Olíufélagið h/f mikinn meirihluta hlutafjárupphæðar Hins íslenzka steinolíuhlutafélags, og virðast þessi tvö félög eftir það hafa verið rekin í nánu sambandi hvort við annað, en að sambandinu milli þeirra verður nánar vikið síðar.

Fyrst eftir að Olíufélagið h/f hóf starfsemi sína, gegndi ákærði Sigurður framkvæmdastjórastarfi í Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi, jafnframt því sem hann var forstjóri Olíufélagsins h/f, en

þann 1. janúar 1949 lét ákærði Sigurður af störfum í fyrrnefnda félaginu, og tók þá við því starfi ákærði Haukur Hvannberg, og gegnir hann því starfi enn.

Sumarið eða haustið 1947 gerði Hið íslenzka steinolíuhlutafélag samning við erlent (bandarískt) félag, sem starfaði á Keflavíkurflugvelli, um sölu á olíuvörum til þess vegna ýmislegrar starfsemi, sem það rak þar. Ekki liggur samningur þessi fyrir í máli þessu, en eftir því sem næst verður komizt og t. d. samkvæmt framburði ákærða Hauks Hvannbergs, hefur samningur þessi að mestu leyti, a. m. k. efnislega, verið samhljóða samningi, sem fyrrnefnt félag gerði við bandaríska félagið Lockheed Aircraft Overseas Corporation, en samningur þessi er dagsettur þann 1. september 1949 og hefur hann verið lagður fram meðal skjala málsins.

Í 1. gr. samnings þessa er það m. a. ákveðið, að Hið íslenzka steinolíuhlutafélag, sem nefnt er í samningnum seljandi, skuli láta fyrrnefndu bandarísku félagi, sem nefnt er í samningnum kaupandi, í té allt það, er kaupandinn þarfnast af hita- og hitunareldsneyti, smurningsolíum og annarri skyldri framleiðslu úr steinolíu til atvinnurekstrar kaupandans á Keflavíkurflugvelli.

Í þessari grein segir og, að seljandinn (H.Í.S.) skuli fyrir eigin reikning annast geymslu og dreifingu á þeim olíuvörum, sem kaupandinn þarfnast, og jafnan hafa til taks nægilegar birgðir af olíuvörum, svo að fullnægt sé þörfum kaupandans.

Í 2. gr. samningsins er ákvæði um m. a., að seljandinn skuli láta kaupandanum í té þær olíuvörur, sem hann þarfnast, á hvaða tíma sem þeirra kann að vera þörf, bæði á Keflavíkurflugvelli, í Reykjavík o. s. frv.

Í 3. grein samningsins eru m. a. ákvæði um, að kaupandinn skuli leggja seljandanum til bifreiðar til dreifingarinnar og fleira, sem ekki verður hér nánar rakið, en í 4. gr. segir, að kaupandinn skuli greiða seljandanum fyrir olíuvörur, sem honum eru afhentar, eftir því verðlagi, sem tilgreint er á hinum ýmsu vörutegundum á verðskrá, sem fest er við samninginn. Segir einnig í þessari grein, að seljandinn skuli leggja fyrir kaupandann þann 10. hvers mánaðar eða þar um bil reikning í því formi, sem kaupandinn kann að óska eftir, yfir allar olíuvörur, sem afhentar hafa verið undanfarinn mánuð, og skuli kaupandinn þegar í stað greiða þá reikninga í lögmætum gjaldeyri Bandaríkjanna.

Í 5., 6., 7., 8. og 9. greinum nefnds samnings eru ýmisleg ákvæði um framkvæmd hans, sem ekki verður séð að snerti mál þetta beinlínis, en í 10. gr. hans er tekið fram, að samningurinn taki ekki til sölu á flugvélabenzíni, smurningsolíu né öðru því, er flugvélar nota.

Ekki er annað vitað en að framangreindur samningur hafi verið í gildi a. m. k. fram að þeim tíma, er rannsókn máls þessa hófst. Af öðrum gögnum málsins verður hins vegar séð, að Hið íslenzka

steinolíuhlutafélag hefur á sama tímabili og samningur þessi gilti fyrir, selt mikið af flugvélabenzíni og öðrum olíuvörum, sem flugvélar nota, ýmsum erlendum flugfélögum vegna viðkomu flugvéla þeirra á Keflavíkurflugvelli og fengið andvirði hinna seldu olíuvara til þeirra greitt í sama gjaldeyri og hið bandaríska félag greiddi með samkvæmt fyrrnefndum samningi, þ. e. bandaríkjadollurum. Að fyrirkomulaginu við greiðslu olíuvara, sem Hið íslenzka steinolíuhlutafélag lét erlendum aðiljum á Keflavíkurflugvelli í té, verður vikið síðar.

Um það, hversu hafi verið háttað verkaskiptingu milli Olíufélagsins h/f og Hins íslenzka steinolíuhlutafélags, fyrst eftir að Olíufélagið h/f var stofnað, er ekki fyllilega vitað, en með tillögum, sem samþykktar voru bæði af stjórn Olíufélagsins h/f og Hins íslenzka steinolíuhlutafélags var viðskiptum og verkum skipt þannig milli félaganna frá 1. janúar 1949.

1. Hið íslenzka steinolíuhlutafélag, sem hefur viðskiptasamninga um Keflavíkurflugvallarviðskipti, skyldi annast þau viðskipti að öllu leyti sjálfstætt.
2. Hið íslenzka steinolíuhlutafélag tæki við samningum, sem eru á milli togaraeigenda og Olíufélagsins h/f, og skyldi annast þau viðskipti að öllu leyti sjálfstætt. Viðskipti við togara, þó að eigi séu samningsbundnir, svo sem sölu á gasolíu, smurningsolíu, feiti o. s. frv., skyldi Hið íslenzka steinolíuhlutafélag einnig annast.
3. Hið íslenzka steinolíuhlutafélag skyldi annast öll „banker"-viðskipti að öllu leyti sjálfstætt. Skyldi þetta eiga við sölu á „fuel-oil", „marine diesel oil", „gasoil" til erlendra skipa og stærri íslenzkra skipa, hvort sem þessi sala færi fram hér á landi eða erlendis. Viðskipti við British Mexican Oil Company, London, skyldi þannig öll verða hjá Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi.
4. Hið íslenzka steinolíuhlutafélag skyldi annast alla eldsneytisolíusölu til húsa og fyrirtækja í Reykjavík og Hafnarfirði, rekstur benzínstöðvarinnar og smurningsstöðvarinnar, Hafnarstræti 23, og að auki þau „local" viðskipti, sem samkomulag kynni að verða um milli framkvæmdastjóra Hins íslenzka steinolíuhlutafélags og Olíufélagsins h/f.
5. Olíufélagið h/f skyldi annast um innflutning á öllum olíum handa Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi, en það félag skyldi gefa Olíufélaginu h/f upp með hæfilegum fyrirvara áætlaðar þarfir sínar. Stjórn Olíufélagsins h/f skyldi ákveða fyrir ákveðið tímabil í einu, hvaða gjald Olíufélagið h/f skyldi taka fyrir útvegun, sölu, móttöku, geymslu og afhendingu olíunnar í skip frá Hvalfjarðarstöðinni eða frá lager í Reykjavík eða annars staðar á Íslandi.
6. Hið íslenzka steinolíuhlutafélag skyldi sjálft senda reikninga yfir seldar vörur til erlendra félaga eða til viðkomandi innheimtu-

aðilja erlendis og skyldi hafa reikning hjá Esso Treasury. Það skyldi láta Olíufélaginu h/f í té alla þá dollara, sem því áskotnaðist, eftir nánari reglum, sem settar skyldu af stjórn félagsins.

7. Olíufélagið h/f skyldi annast bókhald Hins íslenzka steinolíuhlutafélags og útborganir peninga fyrir það félag eftir tilmælum framkvæmdastjóra þess. Um innheimtu í Reykjavík skyldi fara eftir samkomulagi. Fyrir þetta skyldi reiknast gjald, sem ákveðið yrði af stjórn Olíufélagsins h/f fyrir ákveðinn tíma í einu. Olíufélagið skyldi láta Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi í té starfslið, eftir því sem við yrði komið.

Framanritaðri verkaskiptingu milli hinna tveggja félaga virðist að mestu hafa verið haldið, eins og hún var ákveðin í þessum ákvörðunum. Þó mun sú breyting hafa orðið á frá því, sem í 5. gr. hér að framan segir, að Hið íslenzka steinolíuhlutafélag tók vörur, sem Olíufélagið h/f flutti inn, í umboðssölu, en greiddi ekki hinu félaginu gjald fyrir útvegun, sölu, móttöku o. s. frv., eins og ákveðið er í 5. gr. starfsskiptingarreglnanna hér að framan.

Til viðbótar þeim upplýsingum, sem felast í starfsskiptingarreglum hinna tveggja félaga, eins og þeim er lýst hér að framan, um verkefnaskiptingu og skiptingu viðskipta milli félaganna, hefur ákærði Sigurður lýst nokkru nánar við rannsókn málsins viðskiptum félaganna um sérstök atriði, og hefur ákærði Haukur einnig við rannsókn málsins játað þær upplýsingar réttar. Varðandi það atriði, hvernig háttað sé greiðslu Hins íslenzka steinolíuhlutafélags til Olíufélagsins fyrir þær olíuvörur, sem fyrrnefnda félagið fær frá síðarnefnda félaginu, segir ákærði Sigurður þann hátt hafa verið á hafðan upphaflega, er viðskipti félaganna hófust, að Olíufélagið h/f hafi skuldað Hið íslenzka steinolíuhlutafélag mánaðarlega fyrir þeim olíuvörum, sem það hafi selt viðkomandi mánuð, en nú síðustu árin hafi það ýmist verið, að Olíufélagið h/f hafi fært Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi til skuldar andvirði þeirra olíuvara, sem það selur, jafnóðum og það innheimtist hjá Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi eða í lok reikningsársins. Þó segir ákærði Sigurður geta komið fyrir, að Hið íslenzka steinolíuhlutafélag greiði Olíufélaginu h/f olíuvörur, sem fyrrnefnda félagið fær hjá hinu síðarnefnda, þegar við móttöku.

Greiðslu Olíufélagsins h/f fyrir erlendan gjaldeyri, sem Hið íslenzka steinolíuhlutafélag hefur aflað sér með sölu olíuvara á Keflavíkurflugvelli, en andvirði slíkra vara er öðru hvoru fært inn á reikning Olíufélagsins h/f af reikningi Hins íslenzka steinolíuhlutafélags, eins og síðar verður nánar lýst, segir ákærði Sigurður fara þannig fram, að Olíufélaginu h/f sé fært til skuldar á reikningi Hins íslenzka steinolíuhlutafélags andvirði þess gjaldeyris fyrir olíuvörur, sem síðarnefnda félagið hefur selt á Keflavíkurflugvelli, um leið og fyrrnefnda félaginu berst vitneskja um frá hinu erlenda viðskiptafirma félaganna, að andvirði slíkra vara hafi verið fært

inn á reikning þess (Olíufélagsins h/f) af reikningi Hins íslenzka steinolíuhlutafélags.

Skiptingu ágóða af olíuvörusölu hér á landi milli hinna tveggja félaga segir ákærði Sigurður fara þannig fram, að ýmist fái Hið íslenzka steinolíuhlutafélag smásöluágóða af þeim olíuvörum, sem það selur og ágóði verður af, eða félagið fái hjá Olíufélaginu h/f afslátt, sem smásöluágóða nemur, fyrst og fremst af þeim vörum, sem Hið íslenzka steinolíuhlutafélag hefur ekki haft neinn hagnað af að selja, og einnig fái það félag almennan viðskiptaafslátt hjá Olíufélaginu, hvort sem um hagnað af sölunni hefur verið að ræða eða ekki.

Um skiptingu hagnaðar af olíuvörusölu hinna tveggja félaga hefur ákærði Haukur tekið fram, að yfirleitt renni ágóðinn af sölu varanna til þess félags, sem söluna annast á hinum ýmsu olíutegundum, en hvað snertir benzínsöluna í Hafnarstræti 23, sem Hið íslenzka steinolíuhlutafélag rekur, renni heildsöluágóðinn af þeirri sölu til Olíufélagsins h/f, en smásöluágóðinn til Hins íslenzka steinolíuhlutafélags. Þá má geta þess, að samkvæmt upplýsingum þeirra ákærðu Sigurðar og Hauks á Olíufélagið h/f að langmestu leyti dreifingartæki, sem hin tvö umræddu félög nota, t. d. bifreiðar, olíugeyma, dælur o. s. frv.

Fyrirkomulag á greiðslu og innheimtu andvirðis þeirra olíuvara, sem Hið íslenzka steinolíuhlutafélag selur erlendum aðiljum á Keflavíkurflugvelli, en andvirði þeirra er samkvæmt því, sem áður er sagt, innt af hendi í erlendri mynt (aðallega eða eingöngu í bandaríkjadollurum), virðist eftir framburðum þeirra ákærðu Sigurðar og Hauks, og þó aðallega þess síðarnefnda, vera tvenns konar.

1. Ef olíuvörur hafa verið seldar aðiljum á flugvellinum, sem nota þær þar, t. d. hráolía til upphitunar o. fl., en til slíkra viðskipta tekur samningurinn, sem getið er um hér að framan milli Hins íslenzka steinolíuhlutafélags og Lockheed Aircraft Overseas Corporation, virðist greiðsla fyrir vörurnar fara þannig fram, að eftir úttekt varanna sendir skrifstofa Hins íslenzka steinolíuhlutafélags reikning fyrir þær til skrifstofu viðkomandi erlendra aðilja á Keflavíkurflugvelli, og samþykkir sú skrifstofa síðan reikningana eða gerir við þá athugasemd eftir atvikum, en sendir þá síðan til skrifstofu viðkomandi aðilja í Ameríku (Bandaríkjunum) með fyrirmælum um að greiða þá inn á reikning Hins íslenzka steinolíuhlutafélags hjá fyrirtækinu Esso Export Corporation í New York, en við þetta fyrirtæki skipta félögin, sem hér ræðir um (H.Í.S. og Olíufélagið h/f).

2. Sé hins vegar um greiðslur á olíuvörum, sem ekki eru notaðar á Keflavíkurflugvelli, að ræða, t. d. eldsneyti til flugvéla, mun greiðslan fara þannig fram, að skrifstofa Hins íslenzka steinolíuhlutafélags sendir skilríki fyrir úttekt varanna til skrifstofu Esso Export Corporation, og tekur þetta fyrirtæki síðan að sér sam-

kvæmt samningi við Hið íslenzka steinolíuhlutafélag að innheimta reikningana hjá hinum ýmsu úttektaraðiljum varanna.

Í fyrra tilvikinu virðist því hið ameríska fyrirtæki (Esso Export Corporation) ekki færa Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi andvirði sendra reikninga vegna úttektar olíuvara á Keflavíkurflugvelli til tekna, fyrr en þeir hafa verið samþykktir og greiddir, en í síðara tilvikinu sé andvirði reikninganna hins vegar fært félaginu til tekna við móttöku þeirra eða fljótlega eftir hana, án þess að hlutaðeigandi skuldari (eitthvert flugfélag) þurfi að vera búið að greiða reikningsupphæðina til innheimtufyrirtækisins (Esso Export Corporation).

Öðru hvoru berast síðar Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi „credit"-nótur frá Esso Export Corporation um þær upphæðir, sem fyrirtækið hefur fært Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi til tekna í það og það skiptið inn á reikning félagsins hjá hinu erlenda fyrirtæki. Sá gjaldeyrir, sem þannig myndast hjá nefndu fyrirtæki, eign Hins íslenzka steinolíuhlutafélags, virðist síðan vera yfirfærður til Olíufélagsins h/f einu sinni í mánuði, og fær það félag tilkynningu um yfirfærsluna frá innheimtufyrirtæki Hins íslenzka steinolíuhlutafélags og viðskiptafyrirtæki Olíufélagsins h/f, þ. e. Esso Export Corporation.

Ákærði Haukur hefur tekið fram, að skrifstofa Hins íslenzka steinolíuhlutafélags viti að vísu nokkurn veginn á hverjum tíma, hvert andvirði seldra olíuvara á Keflavíkurflugvelli er eða kemur til með að verða, en segir þó skrifstofuna aldrei geta verið örugga um, að einmitt það andvirði, sem hún hafi gert ráð fyrir að myndaðist vegna afhentra olíuvara á Keflavíkurflugvelli, samkvæmt þeim skilríkjum, sem hún hefur í höndum, verði fært Hinu íslenzka steinolíuhlutafélagi til tekna hjá Esso Export Corporation, með því að við innheimtu eða greiðslu þessara krafna geti komið til greina sveiflur á olíuverði á heimsmarkaðinum o. fl. Þá hefur ákærði Haukur og tekið fram, að liðið geti allt að því tveir til þrír mánuðir, frá því að Hið íslenzka steinolíuhlutafélag afhendir erlendum aðiljum á Keflavíkurflugvelli olíuvörur, þar til skrifstofu félagsins hafa borizt skilríki („credit"-nótur) frá Esso Export Corporation um greiðslu andvirðis þessara vara inn í reikning félagsins hjá innheimtufyrirtækinu, og valdi ýmislegt þessum drætti, t. d. það, að nokkur tími fari í að senda skilríkin fyrir sölunni frá Keflavíkurflugvelli til skrifstofu félagsins hér í bænum, athugun og samansöfnun reikninganna á skrifstofunni hér og að ekki séu reikningar yfir söluna á Keflavíkurflugvelli yfirleitt sendir til Ameríku fyrr en eftir lok hvers mánaðar og loks það, að talsverður tími geti farið í að senda skilríkin fyrir sölu varanna á flugvellinum frá aðalskrifstofu Hins íslenzka steinolíuhlutafélags hér í bænum til Ameríku.

Sé framangreindur framburður ákærða Hauks, sem er samhljóða framburði ákærða Sigurðar um þetta sama atriði, svo langt sem framburður hins síðarnefnda nær, lagður til grundvallar, virðist geta liðið allt upp í tveir til þrír mánuðir, frá því að Hið íslenzka steinolíuhlutafélag afhendir olíuvörur til erlendra aðilja á Keflavíkurflugvelli, þar til Olíufélaginu h/f hefur borizt tilkynning um það frá viðskiptafirma félagsins í Ameríku (Esso Export Corporation), að andvirði þeirra sömu olíuvara hafi verið fært Olíufélaginu h/f til tekna í reikningi hins ameríska fyrirtækis.

Hins vegar hafa þeir ákærði Sigurður og Haukur borið við rannsókn málsins, að Hið íslenzka steinolíuhlutafélag eða skrifstofa félagsins tilkynni skrifstofu Olíufélagsins h/f eftir lok hvers mánaðar, hverju sala olíuvara á Keflavíkurflugvelli til erlendra aðilja nemi í þeim mánuði, sem þá er nýliðinn. Hefur ákærði Sigurður einnig tekið fram í sambandi við þetta, að ef sérstaklega standi á eða liggi á, geti skrifstofa Olíufélagsins fengið upplýsingar um þetta hjá skrifstofu Hins íslenzka steinolíuhlutafélags fyrir utan hinar mánaðarlegu tilkynningar.

Ákærði Sigurður hefur við rannsókn málsins tekið fram og lýst því sem skoðun sinni, að hann telji Olíufélagið h/f ekki hafa eignazt til ráðstöfunar andvirði seldra olíuvara, sem fært er inn á reikning þess með framangreindum hætti, fyrr en nefndu félagi hefur borizt tilkynning um það frá Esso Export Corporation, að greiðslur vegna slíkra vara hafi verið færðar inn á reikning Olíufélagsins h/f. Hann hefur þó tekið fram, að í vissum tilfellum geti andvirði seldra olíuvara á Keflavíkurflugvelli komið félaginu til góða sem gjaldeyriseign, þótt ekki hafi félaginu enn borizt tilkynning um hana, ef hún hefur verið færð inn í bækur Esso Export Corporation. Geti þetta t. d. átt við, ef olíufarmur er um það bil að fara frá Ameríku til Olíufélagsins h/f, sem félagið hefur ekki fengið formlegan umráðarétt yfir nægilegum gjaldeyri til að greiða, en í slíku tilfelli muni viðskiptafirma Olíufélagsins h/f, Esso Export Corporation, leyfa farminum að fara, ef nægilega miklar greiðslur fyrir seldar olíuvörur á Keflavíkurflugvelli hafa verið færðar inn í reikning félagsins hjá Esso Export Corporation, þótt ekki hafi félaginu þá borizt formlegar tilkynningar um þær.

Við rannsókn málsins hefur ákærði Sigurður lýst yfir því, að hann hafi litið svo á sem forstjóri Olíufélagsins h/f, að félaginu væri skylt að verja þeim erlenda gjaldeyri, sem það eignaðist á framangreindan hátt vegna sölu Hins íslenzka steinolíuhlutafélags á olíuvörum á Keflavíkurflugvelli, til kaupa á olíuvörum og til greiðslu farmgjalda af slíkum vörum, ef svo bæri undir, og þá fyrst og fremst til nauðsynlegra innkaupa vegna olíusölu Hins íslenzka steinolíuhlutafélags til erlendra aðilja á Keflavíkurflugvelli, enda telur hann, að Olíufélagið h/f hafi ekki neina aðra möguleika til að afla dollaragjaldeyris til greiðslu á innkaupum vegna Kefla-

víkurviðskipta Hins íslenzka steinolíuhlutafélags en þá, sem skapast við söluna og viðskiptin á nefndum flugvelli.

Sá gjaldeyrir, sem Hið íslenzka steinolíuhlutafélag aflaði með sölu olíuvara á Keflavíkurflugvelli til erlendra aðilja og síðan var afhentur Olíufélaginu h/f til ráðstöfunar með framangreindum hætti, virðist aldrei frá upphafi þessara viðskipta hafa verið afhentur íslenzkum bönkum, heldur færður beint inn á reikning Olíufélagsins h/f, sem síðan ráðstafaði honum eins og fyrr segir. Við upphaf rannsóknar málsins bar ákærði Sigurður, aðspurður um heimild til þessa fyrirkomulags, að stjórn Landsbanka Íslands hefði leyft þetta fyrirkomulag, og nefndi hann sérstaklega í því sambandi Jón Árnason, einn bankastjóra Landsbanka Íslands. Síðar við lok rannsóknarinnar bar ákærði Sigurður, að hann hafi á árinu 1947 eða 1948 aflað heimildar til þessa fyrirkomulags hjá einum eða fleirum þáverandi bankastjórum Landsbankans og einum eða fleirum þáverandi ráðherrum. Út af þessum framburði ákærða Sigurðar hafa þeir af bankastjórum Landsbanka Íslands á árunum 1947 og 1948, sem nú eru á lífi, verið kvaddir fyrir dóm og spurðir, hvort þeir könnuðust við að hafa leyft fyrrgreint fyrirkomulag um gjaldeyrismeðferð, en ekki könnuðust þeir við að hafa veitt slíkt leyfi eða rak minni til þess. Sama er að segja um þá menn, sem gegnt höfðu ráðherraembættum þessi ár og kvaddir voru fyrir dóm af þessu tilefni. Hins vegar verður séð af gögnum málsins, að bæði Fjárhagsráð og gjaldeyriseftirlit bankanna hafa í verki viðurkennt þetta fyrirkomulag, Fjárhagsráð með því að veita Olíufélaginu h/f innflutningsleyfi án gjaldeyris fyrir olíuförmum allt frá árinu 1947 og gjaldeyriseftirlitið með því að taka án mótmæla við skilagreinum frá félaginu yfir ráðstöfun á erlendum gjaldeyri, sem félagið hafði aflað sér vegna Keflavíkurflugvallarviðskipta Hins íslenzka steinolíuhlutafélags, sbr. þó það, sem hér fer á eftir:

Af gögnum málsins verður þó séð, að í ársbyrjun 1948 hefur gjaldeyriseftirlit bankanna bent Olíufélaginu h/f á, að því bæri að gera skil á þeim erlenda gjaldeyri, sem það eignaðist vegna viðskipta Hins íslenzka steinolíuhlutafélags við erlenda aðilja á Keflavíkurflugvelli, til bankanna þá þegar, og mun gjaldeyriseftirlitið hafa ítrekað þessa ábendingu eða fyrirmæli til félagsins í árslok sama ár. Mun þetta síðan hafa leitt til bréfaviðskipta milli Fjárhagsráðs, Viðskiptanefndar, sem þá var starfandi, og Hins íslenzka steinolíuhlutafélags um málið, og lyktaði þeim með bréfi Fjárhagsráðs, dags. 28. marz 1949, þar sem ráðið lýsir yfir því, að það hafi haft málið til meðferðar og fallizt á það fyrir sitt leyti, að viðskiptum þessum verði hagað svo sem um geti í bréfi Olíufélagsins h/f frá ákveðnum degi (á að vera í bréfi Hins íslenzka steinolíuhlutafélags til Viðskiptanefndar, dags. 12. marz 1949) þar til endanlega verði gengið frá tilhögun málsins, en í bréfi þessu er tilhögun á meðferð erlends gjaldeyris, sem Hið íslenzka steinolíu-

hlutafélag aflar með sölu olíuvara á Keflavíkurflugvelli, lýst á sama eða svipaðan hátt í öllum aðalatriðum og hér að framan hefur verið gert. Svo virðist sem gjaldeyriseftirliti bankanna hafi að minnsta kosti öðru hvoru verið látin í té skilagrein fyrir viðskiptum Hins íslenzka steinolíuhlutafélags á Keflavíkurflugvelli og gjaldeyrismeðferð Olíufélagsins h/f, sem af þeim leiddi, fram að þeim tíma, sem fyrrnefnd bréfaviðskipti milli áðurnefndra aðilja fóru fram, en frá 1. janúar 1950 mun Olíufélagið h/f hafa afhent gjaldeyriseftirlitinu mánaðarlega reikningsyfirlit það, sem því hefur borizt frá Esso Export Corporation yfir viðskipti félagsins við þetta fyrirtæki.

Af skýrslu Viðskiptanefndar og Fjárhagsráðs um leyfisveitingar til Olíufélagsins h/f frá ársbyrjun 1947 til ársloka 1950 verður séð, að nefnt félag hefur í sívaxandi mæli á þessum árum fengið innflutningsleyfi án gjaldeyris fyrir olíuvörum, en öll þessi ár hefur félaginu þó verið veitt nokkuð af gjaldeyrisleyfum til kaupa á slíkum vörum svo og til greiðslu á farmgjöldum og sjóvátryggingu, og virðist Olíufélagið h/f eingöngu eða nær eingöngu hafa greitt farmgjöld og vátryggingu vegna innfluttra olíuvara á þessum árum með gjaldeyri, sem því var veitt leyfi fyrir af íslenzkum gjaldeyrisyfirvöldum. Olíufarmana sjálfa hefur félagið hins vegar, eins og fyrr segir, í vaxandi mæli á fyrrnefndum árum greitt með erlendum gjaldeyri, sem aflað var með sölu Hins íslenzka steinolíuhlutafélags á olíuvörum á Keflavíkurflugvelli, en eins og áður er greint, hefur slíkur gjaldeyrir verið afhentur Olíufélaginu til kaupa á olíuafurðum.

II.

Meðan á rannsókn máls þessa stóð, var endurskoðunarskrifstofu N. Mancher & Co. falið að endurskoða bókhald Hins íslenzka steinolíuhlutafélags og Olíufélagsins h/f til þess að afla upplýsinga um ýmis atriði, sem máli voru talin skipta við rannsóknina. Annaðist Jón Guðmundsson f. h. þessa fyrirtækis endurskoðunina.

Var endurskoðandanum meðal annars falið að athuga, hver hafi verið inneign eða skuld Hins íslenzka steinolíuhlutafélags við firmað Esso Export Corporation í New York vegna sölu félagsins á olíuvörum á Keflavíkurflugvelli þann 1. janúar 1950, hve numið hafi miklu andvirði seldra olíuvara félagsins á Keflavíkurflugvelli á tímabilinu frá 1. janúar 1950 til 19. marz 1950 og hvenær andvirði seldra olíuvara á Keflavíkurflugvelli á þessu tímabili er talið afhent Olíufélaginu h/f til ráðstöfunar.

Þá var endurskoðandanum og falið að athuga, hver hafi verið inneign Hins íslenzka steinolíuhlutafélags hjá fyrirtækinu Esso Export Corporation þann 19. marz 1950, sem ekki hafði þá þegar verið afhent Olíufélaginu h/f til ráðstöfunar.

Verður nú lýst athugunum endurskoðandans á framangreindum atriðum.

1. Viðskiptareikningur, þ. e. innheimtureikningur Hins íslenzka steinolíuhlutafélags við fyrirtækið Esso Export Corporation, var sléttur samkvæmt bókum félagsins (H.Í.S.) þann 1. janúar 1950.

2. Útistandandi skuldir viðskiptamanna á Keflavíkurflugvelli við Hið íslenzka steinolíuhlutafélag námu samtals þann 1. janúar 1950 $ 240.689.10.

3. Olíusala félagsins á Keflavíkurflugvelli til erlendra aðilja á tímabilinu frá 1. janúar til 19. marz 1950 nam samtals $ 352.111.41.

4. Innborganir viðskiptamanna á sama tímabili til Esso Export Corporation vegna úttektar þeirra á olíuvörum á Keflavíkurflugvelli námu samtals $ 411.595.07, en í þessum innborgunum eru meðtaldar útistandandi skuldir 1. janúar 1950, sem, eins og áður segir, námu samtals $ 240.689.10. Af sölunni á Keflavíkurflugvelli á tímabilinu frá 1. janúar til 19. marz 1950 höfðu því greiðst þann 19. marz $ 170.905.97.

Andvirði þeirra olíuvara, sem Hið íslenzka steinolíuhlutafélag átti útistandandi þann 1. janúar 1950 ($ 240.689.10), og þeirra olíuvara, sem afhentar höfðu verið erlendum aðiljum á Keflavíkurflugvelli á tímabilinu 1. janúar til 19. marz 1950 ($ 352.111.41), samtals $ 592.800.51, hefur samkvæmt athugunum endurskoðandans á bókum félagsins (H.Í.S.) verið afhent Olíufélaginu h/f með millifærslum hjá Esso Export Corporation þannig:

31. jan. 1950	$ 138.397.83
28. febr. 1950	- 244.852.48
31. marz 1950	- 132.912.96
1. maí 1950	- 63.405.75
1. júní 1950	- 55.874.35
Samtals	$ 635.443.37
Inneign Hins íslenzka steinolíuhlutafélags hjá skuldunautum 1. janúar 1950 + sölu á Keflavíkurflugvelli 1. janúar til 19. marz 1950 samtals	$ 592.800.51
Mismuninn	$ 42.642.86

segir endurskoðandinn vera sölu félagsins frá 19. til 31. marz 1950, að meðtöldum smávægilegum leiðréttingum.

Þá hefur endurskoðunin og leitt í ljós, að olíusala Hins íslenzka steinolíuhlutafélags til erlendra aðilja á Keflavíkurflugvelli frá 1. marz til 19. sama mánaðar 1950 hefur numið $ 68.080.52. Með því að draga þessa upphæð frá upphæðinni $ 592.800.51, en þeirri upphæð námu útistandandi skuldir Hins íslenzka steinolíuhlutafélags þann 1. janúar 1950 vegna olíusölu til erlendra aðilja á Keflavíkurflug-

velli að viðbættri olíusölu til sömu aðilja á tímabilinu frá 1. janúar til 19. marz 1950, verður séð, að þann 1. marz 1950 hefur félagið verið búið að afla með olíusölu til erlendra aðilja á Keflavíkurflugvelli frá áramótum 1950 að viðbættri útistandandi skuld vegna þessara viðskipta um nefnd áramót $ 524.719.99, ýmist innheimt eða óinnheimt þann 1. marz 1950.

Þá var og, meðan á rannsókn málsins stóð, sömu endurskoðunarskrifstofu falið að athuga í bókum Olíufélagsins h/f, hver hefði verið inneign eða skuld félagsins við fyrirtækið Esso Export Corporation í New York þann 1. janúar 1950, hverjar hefðu verið innborganir í reikning félagsins hjá fyrrnefndu fyrirtæki á tímabilinu frá 1. janúar til 19. marz 1950, svo og hverju hafi numið innstæða Olíufélagsins h/f hjá fyrirtæki þessu, þegar olíufarmurinn, sem kom með olíuskipinu Esso Memphis þann 10. marz 1950, hafði verið greiddur samkvæmt bókum félagsins. Einnig skyldi athuga, hverjar greiðslur fyrirtækið Esso Export Corporation hafði innt af hendi fyrir Olíufélagið h/f á þessu tímabili. Enn fremur skyldi athuga og upplýsa, hver hefði verið inneign eða skuld Olíufélagsins h/f hjá fyrirtækinu Esso Export Corporation þann 19. marz 1950 samkvæmt bókum félagsins.

Sami maðurinn annaðist f. h. fyrrnefndrar endurskoðunarskrifstofu endurskoðun á bókhaldi Olíufélagsins h/f og á bókhaldi Hins íslenzka steinolíuhlutafélags.

Samkvæmt athugunum endurskoðandans á bókhaldi Olíufélagsins h/f er upplýst, að skuld félagsins við fyrirtækið Esso Export Corporation nam þann 1. janúar 1950 $ 21.407.28, en á sama tíma var inneign félagsins á sérreikningi hjá nefndu fyrirtæki $ 27.668.73. Það skal hér tekið fram, að sérreikningur þessi virðist, eftir því sem næst verður komizt, ekki snerta viðskipti Olíufélagsins h/f við fyrirtækið Esso Export Corporation vegna kaupa fyrrnefnda félagsins á olíuvörum hjá síðarnefnda fyrirtækinu.

Samkvæmt athugun endurskoðandans var og upplýst, að samkvæmt bókum Olíufélagsins h/f hafa innborganir á reikning félagsins hjá Esso Export Corporation á tímabilinu frá 1. janúar til 19. marz 1950 numið samtals $ 383.319.02, en útborganir af sama reikningi hafa á sama tímabili numið $ 561.464.18.

Virðist því samkvæmt þessu Olíufélagið h/f hafa staðið í skuld við fyrirtækið Esso Export Corporation þann 19. marz 1950, sem nam $ 178.145.16 samkvæmt bókum félagsins. (Skuld félagsins við áramót tekin með).

Einnig verður séð af skýrslu endurskoðandans um endurskoðunina, að skuld Olíufélagsins h/f í viðskiptareikningi þess við Esso Export Corporation, eftir að Esso Memphis farmurinn hafði verið færður síðarnefnda fyrirtækinu til tekna þann 28. febrúar 1950 og hluti Shell h/f dreginn frá, hefur numið $ 100.658.55 samkvæmt bókum félagsins. (Inneign í sérreikningi ekki dregin frá).

Af skýrslu endurskoðandans verður enn fremur séð, að fyrirtækið Esso Export Corporation hefur innt af hendi aðeins óverulegar greiðslur fyrir Olíufélagið h/f á tímabilinu frá 1. janúar til 19. marz 1950, þegar ekki er tekið tillit til andvirðis olíufarmsins með Esso Memphis, sem fyrirtækið Esso Export Corporation virðist hafa greitt sjálfu sér af inneign Olíufélagsins h/f hjá því sem seljanda farmsins.

Þá verður loks séð af skýrslu endurskoðandans, að skuld Olíufélagsins h/f við fyrirtækið Esso Export Corporation hefur þann 19. marz 1950 numið $ 106.633.42 samkvæmt bókum Olíufélagsins h/f, þar eð á tímabilinu frá því að Esso Memphis farmurinn var greiddur (28. febrúar) til 19. marz innti fyrirtækið af hendi greiðslu fyrir Olíufélagið h/f að upphæð $ 5.974.87 (skuld 28. febrúar samkvæmt framansögðu $ 100.658.55 + $ 5.974.87 = $ 106.633.42).

III.

Er þá að því komið, sem raunar hefur áður verið minnzt á, að þann 10. marz 1950 barst Olíufélaginu h/f olíufarmur með olíuskipinu Esso Memphis frá fyrirtækinu Esso Export Corporation, sem oft hefur áður verið minnzt á.

Í skipi þessu var eftirtalið magn af þessum olíutegundum með eftirtöldu verði (innkaupsverð):

Flugvélabenzín	3.153	tonn	samkv.	reikn.	$ 206.959.10
Gasolía	9.060	—	—	—	- 236.810.55
Mótorbenzín	1.905	—	—	—	- 71.530.38
Ljósaolía	603	—	—	—	- 18.739.60
				Samtals	$ 534.039.63

Skipið Esso Memphis flutti í þessari ferð 1100 tonn af flugvélabenzíni, sem var eign Shell h/f, og var verðmæti þessa magns $ 71.511.74, og er upphæð þessi innifalin í heildarverðmæti farmsins. Ef hluti Shell h/f er dreginn frá heildarverðmæti farmsins, lækkar það við frádráttinn úr $534.039.63 í $ 462.527.89. Innifalið í upphæðinni $ 534.039.63 er farmgjald af olíufarminum, sem hér ræðir um, öllum, $ 62.080.52. Mun Olíufélagið h/f hafa greitt það til bráðabirgða eða því hefur verið færð upphæð þessi til skuldar á viðskiptareikningi þess hjá viðskiptafirma þess (Esso Export Corporation), en þann 31. janúar 1950 var félaginu veitt gjaldeyrisleyfi að upphæð í íslenzkum krónum 590.000.00 til greiðslu í bandaríkjadollurum á umræddu flutningsgjaldi. Leyfi þetta notaði félagið ekki fyrr en í júnímánuði sama ár, og með því að gengi íslenzkrar krónu var þá breytt gagnvart bandaríkjadollar, frá því sem það hafði verið, þegar leyfið var veitt (sölugengi íslenzkrar krónu miðað við bandaríkjadollar hafði á þeim tíma lækkað úr kr. 9.365 pr.

dollar í kr. 16.32 pr. dollar), þurfti að veita því viðbótarleyfi að upphæð kr. 423.154.00 til að greiða með farmgjaldið, sem samkvæmt því varð kr. 1.013.154.00.

Sama dag og Olíufélaginu h/f var veitt fyrrnefnt gjaldeyrisleyfi fyrir umræddu flutningsgjaldi (þ. e. 31. janúar 1950), veitti Viðskiptanefnd því einnig innflutningsleyfi án gjaldeyris fyrir olíufarminum, sem félaginu barst með olíuskipinu Esso Memphis, og nam leyfisupphæðin í íslenzkum krónum 4.385.000.00, eða umreiknað í bandaríkjadollara með þáverandi sölugengi (9.365) = $ 468.400.00.

Í leyfisbeiðninni til Viðskiptanefndar gat félagið þess, að umræddur olíufarmur yrði greiddur „með andvirði fyrir sölu á Keflavíkurflugvelli".

IV.

Þann 19. marz 1950 var gengi íslenzkrar krónu lækkað, miðað við bandaríkjadollar, úr kr. 9.365 í kr. 16.32. Af því tilefni fól þáverandi verðlagsstjóri Ragnari Ólafssyni hrl. og löggiltum endurskoðanda að gera verðreikning fyrir benzín, hráolíu og steinolíu, reiknað með, að greiðsla erlends gjaldeyris vegna olíukaupanna færi fram eftir gengisfellingu íslenzku krónunnar þann 19. marz 1950. Verðreikning þenna mun endurskoðandinn hafa sent verðlagsstjóra þann 24. marz 1950.

Jafnframt reiknaði nefndur endurskoðandi fyrir verðlagsstjóra, hvenær birgðir olíufélaganna hér á landi af fyrrnefndum olíutegundum, sem þau töldu sig hafa greitt fyrir gengisfellinguna, væru þrotnar með venjulegri sölu, og miðaði hann útreikning sinn á þessu atriði við áætlun olíufélaganna sjálfra um eyðslu birgðanna, enda mun þá hafa verið talið ógerlegt að láta talningu á olíubirgðum fara fram.

Samkvæmt þeim gögnum, sem endurskoðandinn aflaði sér hjá olíufélögunum um fyrrnefnd atriði, varð niðurstaða hans sú, að hagnaður félaganna af birgðum þeirra, greiddum fyrir gengisfellinguna, væri að meðaltali horfinn tæplega 11 daga eftir hana, þ. e. um 1. apríl. Í samræmi við þessa niðurstöðu var svo olíufélögunum leyft að hækka verð á olíuvörum verulega þann 1. apríl 1950 samkvæmt tilkynningu verðlagsstjóra nr. 7 31. marz 1950. Enn fremur fól verðlagsstjóri Ragnari Ólafssyni endurskoðanda að afla birgðatalningar olíufélaganna, sem þau létu fara fram þann 1. apríl 1950, svo að unnt væri að bera hana saman við áætlun félaganna, sem hann hafði skýrt verðlagsstjóra frá þann 24. marz sama ár (um hvað birgðir þeirra, keyptar á eldra og hærra gengi íslenzkrar krónu, myndu endast lengi). Í birgðatalningunni, miðaðri við 1. apríl 1950, gaf Olíufélagið h/f upplýsingar um, hvaða magn af olíuvörum því hefði borizt með skipinu Esso Memphis þann 10. marz 1950, og kvaðst félagið hafa greitt þenna farm með erlendum gjaldeyri,

keyptum eftir gengisfellinguna 19. marz 1950. Samkvæmt þessu hafði félagið því ekki að neinu getið þessa olíufarms í upplýsingum sínum til Ragnars Ólafssonar endurskoðanda um birgðir sínar keyptar á hinu eldra gengi, en, eins og áður er getið, aflaði nefndur endurskoðandi upplýsinga um slíkar birgðir olíufélaganna fyrir verðlagsstjóra í marzmánuði 1950.

Í sambandi við birgðatalninguna, miðaða við 1. apríl margnefnt ár, lét Olíufélagið h/f endurskoðandanum í té yfirlit um hagnað þann, sem það taldi sér hafa fallið í skaut vegna gengisfellingarinnar, og nam hann samkvæmt upplýsingum þess kr. 64.043.08.

V.

Rannsókn málsins hefur að talsverðu leyti snúizt um það að leitast við að afla skýringa á því, og þá aðallega hjá ákærða Sigurði, hvers vegna Olíufélagið h/f taldi ekki olíufarminn, sem því barst með olíuskipinu Esso Memphis, með birgðum félagsins, þegar það gaf Ragnari Ólafssyni endurskoðanda upplýsingar um birgðir félagsins af olíuvörum, sem greiddar höfðu verið á hinu eldra og hærra gengi íslenzkrar krónu, miðað við bandaríkjadollar, þegar nefndur endurskoðandi leitaði slíkra upplýsinga hjá olíufélögunum í marzmánuði 1950, eins og áður er frá skýrt.

Þetta hefur ákærði Sigurður skýrt á þann hátt, að Olíufélagið h/f hafi ekki átt nægilega dollaraeign hjá viðskiptafyrirtæki sínu Esso Export Corporation til að greiða með fyrir gengislækkun þann hluta nefnds olíufarms, sem félagið áætlaði, að seldur yrði á innlendum markaði, og hafi því fyrrnefndar upplýsingar í sambandi við birgðir þess, greiddar fyrir gengislækkun, verið réttar.

Nánar hefur ákærði Sigurður skýrt þetta þannig, að raunverulega hafi Olíufélagið h/f enga dollaraeign átt inni hjá Esso Export Corporation í byrjun marzmánaðar 1950 vegna þess, að þegar umræddur olíufarmur, að upphæð $534.039.63, var færður félaginu til skuldar hjá Esso Export Corporation þann 28. febrúar 1950, hafi inneign félagsins hjá nefndu fyrirtæki ekki numið nema $383.319.02, en verðmæti olíufarmsins, auk annarra smærri greiðslna af inneign félagsins á þessum tíma, hafi numið $561.464.18. Hafi félagið því, eftir að margnefndur olíufarmur var færður því til skuldar á reikningi þess hjá Esso Export Corporation, staðið í skuld við nefnt fyrirtæki, að upphæð $178.145.16, en skuld þessi hafi verið nokkur þúsund dollurum hærri en nam andvirði þess hluta Esso Memphis farmsins, sem gekk til sölu handa íslenzkum notendum, en það magn mun félagið hafa áætlað, að nema myndi að verðmæti $174.982.53 af heildarverðmæti farmsins, og verður nánar vikið að þessari áætlun síðar. Skýringar ákærða Jóhanns Gunnars á þessu atriði eru mjög í samræmi við skýringar ákærða Sigurðar, sem nú hefur verið lýst, svo langt sem skýringar ákærða Jóhanns Gunnars ná. Eins og fyrr er að vikið, liggur það ekki ljóst fyrir, hvort forráðamönnum Olíu-

félagsins h/f (ákærða Sigurði og Jóhanni Gunnari) hefur verið kunnugt um það, þegar Ragnari Ólafssyni endurskoðanda voru gefnar fyrrnefndar upplýsingar, hvert verðmæti þess hluta Esso Memphis olíufarmsins, sem gekk til Shell h/f, hafi verið. Ef svo hefur ekki verið, virðist fyrrnefnd niðurstaða ákærða Sigurðar um skuld Olíufélagsins h/f við Esso Export Corporation, eftir að margnefndur olíufarmur var færður til skuldar hjá því fyrirtæki, vera rétt, en sé hins vegar gengið út frá, að þeim ákærðu Sigurði og Jóhanni Gunnari hafi verið kunnugt um verðmæti þessa hluta, þegar þeir gáfu margnefndar upplýsingar (þ. e. að hann hafi numið $71.511.74) ætti skuldin við Esso Export Corporation að lækka úr $178.145.16 í $106.633.42, og er sú niðurstaða í fullkomnu samræmi við niðurstöðu endurskoðandans við endurskoðun á bókhaldi Olíufélagsins h/f, og er þeim niðurstöðum lýst hér að framan.

Þá hefur og við rannsókn málsins verið leitazt við að fá úr því skorið, hvaða eða hverjir starfsmenn Olíufélagsins h/f hafi tekið saman og síðan gefið Ragnari Ólafssyni endurskoðanda þær upplýsingar um Esso Memphis farminn, að hann hafi ekki verið greiddur fyrr en eftir gengislækkun 19. marz 1950, eða að minnsta kosti ekki sá hluti hans, sem áætlað var að seldur yrði á innlendum markaði, svo og hver hafi tekið ákvörðun um, að upplýsingar, gefnar Ragnari Ólafssyni um þetta atriði, skyldu vera þessa efnis. Eftir því sem næst verður komizt eftir framburðum þeirra ákærðu Sigurðar og Jóhanns Gunnars, hefur hinn síðarnefndi tekið saman upplýsingar þessar og gefið Ragnari Ólafssyni endurskoðanda þær, að því er ákærði Jóhann Gunnar heldur helzt, munnlega, en borið þessar upplýsingar undir ákærða Sigurð, áður en þær voru gefnar Ragnari Ólafssyni. Hvað snertir ákvörðun um að gefa upplýsingar þessa efnis um margnefndan Esso Memphis olíufarm, hefur ákærði Jóhann Gunnar tekið hana í samráði við ákærða Sigurð eftir framburðum þeirra beggja, enda verður séð af þessum framburðum þeirra, að þeir telja þann hluta farmsins, sem áætlað var að seldur yrði á innlendum markaði, raunverulega ekki hafa verið greiddan fyrr en eftir gengislækkun (19. marz 1950), með því að fyrr hafi ekki verið fyrir hendi nægilegur ráðstöfunarbær dollaragjaldeyrir Olíufélagsins h/f til að greiða með þenna hluta farmsins.

Ekki verður það séð af gögnum málsins, að ákærði Haukur Hvannberg hafi haft nein afskipti af að gefa Ragnari Ólafssyni endurskoðanda þær upplýsingar um Esso Memphis olíufarminn, sem hér að framan er lýst. Ekkert hefur heldur komið fram við rannsókn málsins, sem bendir til þess, að stjórnarmeðlimir í Olíufélaginu h/f, sem allir hafa verið yfirheyrðir og meðal annars spurðir um þetta atriði, hafi heldur haft nein afskipti af því, hvers efnis þessar upplýsingar voru, né að það hafi verið undir þá borið á einn eða annan hátt.

VI.

Áður og um það leyti sem rannsókn máls þessa hófst í marz-mánuði 1951, gaf Olíufélagið h/f og Hið íslenzka steinolíuhlutafélag nokkrum opinberum aðiljum, t. d. verðgæzlunni og skattstjóranum í Reykjavík, upplýsingar um ýmis atriði, sem síðar blönduðust inn í rannsókn málsins, svo sem um áætlun um skiptingu olíufarmsins, sem Olíufélaginu h/f barst með Esso Memphis, milli innlends markaðar og erlends markaðar á Keflavíkurflugvelli, greiðslu farmsins og fleira viðkomandi honum, öflun Hins íslenzka steinolíuhlutafélags á erlendum gjaldeyri á Keflavíkurflugvelli, yfirfærslu hans til Olíufélagsins h/f og margt fleira.

Þykir ekki ástæða til þess hér að ræða um nema þrjár af slíkum tilkynningum hinna tveggja félaga, eða öllu heldur Olíufélagsins h/f, sem eftir því, sem helzt verður séð, hefur borið ábyrgð á þeim, með því að þær hafa ekki reynst alls kostar réttar.

1. Í sambandi við álagningu stóreignaskatts samdi Olíufélagið h/f og sendi skattstjóranum í Reykjavík skýrslu um inn- og útborganir í reikning sinn hjá fyrirtækinu Esso Export Corporation frá 1. janúar til 19. marz 1950. Skýrsla þessi, sem mun hafa verið samin og send sumarið eða haustið 1950, sýndi, að innborganir í reikning þenna höfðu á þessu tímabili numið $ 644.777.36, og var þá reiknað með því, að félagið hefði þann 1. janúar nefnt ár átt inneign að upphæð $ 6.261.45 hjá nefndu fyrirtæki. Með því að þessar upplýsingar voru ekki í neinu samræmi við síðustu upplýsingar félagsins, sem sýndu, að innborganir í reikning félagsins hjá þessu fyrirtæki höfðu á þessu tímabili numið $ 383.319.02, var skjal þetta tekið til sérstakrar athugunar við rannsókn málsins.

Umrædda skýrslu gerði Bjarni Pétur Jónasson, bókhaldari hjá Olíufélaginu h/f, og segir hann standa þannig á niðurstöðu hennar um innborganir í reikning félagsins á þessu tímabili, að hann hafi við gerð skýrslunnar tekið með í reikninginn öll viðskipti Olíufélagsins h/f við Esso Export Corporation og aðra erlenda aðilja, hvort sem þau stöfuðu af olíusölu, olíukaupum eða öðru og hvort sem viðskiptin voru skráð á aðalreikning eða sérreikning félagsins við viðkomandi fyrirtæki (sbr. hér það, sem áður segir um aðalreikning og sérreikning félagsins). Samkvæmt endurskoðun Jóns Guðmundssonar endurskoðanda á bókhaldi Olíufélagsins h/f virðist þessi skýring Bjarna Péturs Jónassonar fá staðizt, að svo miklu leyti sem hún skýrir þann mismun, sem samkvæmt þessari skýrslu er á innborgunum í reikning Olíufélagsins h/f á þessu tímabili og innborgunum í sama reikning á sama tímabili, samkvæmt síðari upplýsingum nefnds félags.

Hins vegar skýrir þessi stafhæfing nefnds manns ekki það atriði, að samkvæmt nefndri skýrslu Olíufélagsins h/f til skattstjórans í Reykjavík eru þrjár innborganir í reikning félagsins, að upphæð $ 132.912.96, $ 63.405.75 og $ 55.874.35 taldar komnar inn í reikninginn

þann 19. marz 1950, en í síðari upplýsingum félagsins um innborganir á sama reikning á sama tímabili er þessara innborgana að engu getið, en þær taldar hafa komið inn á reikninginn síðar sem yfirfærslur af innheimtureikningi Hins íslenzka steinolíuhlutafélags hjá Esso Export Corporation vegna sölu þess félags (H.Í.S.) á olíuvörum á Keflavíkurflugvelli. Eins og áður segir, eru þessar upphæðir færðar þannig í bókum Olíufélagsins h/f, $ 132.912.96 31. marz 1950, $ 63.405.75 1. maí sama ár og $ 55.874.35 1. júní sama ár. Allar eru upphæðir þessar færðar á kaupgengi 9.365 (eldra genginu) í bókum Olíufélagsins h/f. Nefndur Bjarni Pétur Jónasson hefur gefið þá skýringu á því, að nefndar þrjár upphæðir eru taldar komnar inn í reikning Olíufélagsins h/f þann 19. marz 1950 í umræddri skýrslu, að hann hafi skilið fyrirmæli endurskoðanda Olíufélagsins h/f um skýrslugerð þessa þannig, að í henni ættu að koma fram öll viðskipti félagsins við erlenda aðilja fyrir gengislækkun, eða þó fremur þær upphæðir í erlendum gjaldeyri, sem bókfærðar voru í bókum félagsins á hinu eldra gengi. Ekki segir þó Bjarni Pétur það hafa verið í samráði við endurskoðanda félagsins, að innborganir þessar voru færðar á 19. marz 1950 í margnefndri skýrslu, heldur hafi hér verið að ræða um misskilning sinn á fyrirmælum endurskoðandans, eins og fyrr segir.

Bjarni Pétur Jónasson kveðst ekki geta gefið á því fullkomna skýringu, hvers vegna hann hafi látið bókfæra hinar þrjár innborganir, sem hér ræðir um og mjög hafa komið við sögu í máli þessu, á hinu eldra gengi, þótt færslurnar væru dagsettar eftir gengislækkunina, en heldur þó helzt, að hann muni, þegar bókunin átti sér stað, hafa þótzt vita nokkurn veginn, að olíuvörur, sem numið höfðu að verðmæti nokkurn veginn þessum upphæðum, hefðu þegar verið seldar erlendum aðiljum á Keflavíkurflugvelli, þegar gengislækkunin varð.

Út af margnefndum þremur innborgunum á reikning Olíufélagsins h/f við Esso Export Corporation hefur ákærði Sigurður tekið fram, að innborganir þessar muni hafa verið bókfærðar hjá Olíufélaginu h/f um leið og tilkynning um innborgun þeirra til Esso Export Corporation barst félaginu. Hann hefur og látið þess getið, að nefndum þrem upphæðum hafi verið varið til að greiða með olíufarma, sem félaginu bárust næst á eftir Esso Memphis farminum, en hefur hins vegar ekki tjáð sig um, með hvaða gjaldeyri hann telur þann hluta nefnds farms hafa verið greiddan, sem hann hefur mjög eindregið haldið fram við rannsókn málsins, að ekki hafi verið greiddur fyrr en eftir gengislækkunina 19. marz 1950.

2. Síðari hluta janúarmánaðar 1951, eða áður en rannsókn máls þessa hófst, en eftir að blaðaskrif hófust um, hvort Olíufélagið h/f hefði framið verðlagsbrot með sölu þessa hluta Esso Memphis farmsins, sem seldur var á innlendum markaði á verði, sem miðað var við, að sá hluti hefði verið greiddur á hinu nýja og lægra gengi

íslenzkrar krónu miðað við bandaríkjadollar, sendi Olíufélagið skrifstofu verðgæzlustjóra skjal, sem í fólust upplýsingar félagsins, eða öllu heldur áætlanir þess, um hve mikill hluti margnefnds farms hefði verið seldur erlendum aðiljum á Keflavíkurflugvelli og hve mikill hluti á innlendum markaði. Samkvæmt áætlun þessari um skiptingu farmsins hafði flugvélabenzínið allt, sem félaginu barst með nefndu skipi, 2053 tonn, verið selt erlendum aðiljum, og auk þess 5000 tonn af gasolíu og 600 tonn af mótorbenzíni. Nam heildarverðmæti þessara olíuvara eftir skiptingu félagsins $ 287.545.36.

Til sölu á innlendum markaði var hins vegar áætlað samkvæmt þessu skjali að gengið hefðu 4060 tonn af gasolíu, 1305 tonn af mótorbenzíni og steinolían öll, sem með skipinu barst, og nam verðmæti þessa magns af olíuvörum samtals $ 174.982.53, eins og áður er getið um.

Framangreinda áætlun um skiptingu olíufarmsins, hvað snerti flugvélabenzín og steinolíu, þótti við rannsókn málsins engin ástæða til að vefengja, en með því að fyrrnefnd skipting á gasolíu og mótorbenzíni milli erlends og innlends markaðar þótti ekki að sama skapi sennileg, var Jóni Guðmundssyni endurskoðanda falið að staðreyna, hvort hún væri í samræmi við bækur félagsins og Hins íslenzka steinolíuhlutafélags um olíusölu á hinum tveimur mörkuðum á því tímabili, sem olíuvörur úr þessu skipi hlutu að vera seldar á. Endurskoðandinn komst að þeirri niðurstöðu, að 5.461½ tonn af gasolíu af farmi nefnds skips hefði verið selt á innlendum markaði í stað 4060 tonna af þessari olíutegund samkvæmt skiptingu Olíufélagsins h/f í fyrrnefndu skjali. Hins vegar varð ekki séð af bókum félaganna, hvort skiptingin á mótorbenzíni milli hinna tveggja markaða var samkvæmt upplýsingum félagsins rétt eða röng, því að endurskoðandinn komst að þeirri niðurstöðu, að allt það mótorbenzín, sem félaginu barst með skipinu Esso Memphis, var óselt, þegar næsta sending af þessari olíutegund barst því. Hins vegar varð séð af athugunum, sem þeir Ragnar Ólafsson endurskoðandi og Jón P. Emils lögfræðingur gerðu, aðallega í sambandi við önnur atriði viðkomandi málinu, að 600 tonn af mótorbenzíni myndu með meðalsölu til erlendra aðilja á Keflavíkurflugvelli, eins og hún verður fundin út úr bókum Hins íslenzka steinolíuhlutafélags, endast í 253⅓ dag, en eins og áður er fram tekið, hafði Olíufélagið h/f í fyrrnefndu skjali til verðgæzlustjóra áætlað, að þessu magni af mótorbenzíni úr farmi Esso Memphis hefði verið varið til sölu erlendra aðilja á Keflavíkurflugvelli.

Út af þessu hefur ákærði Sigurður verið spurður, hvort áætlað hafi verið, að óvenju mikill hluti mótorbenzíns, sem Olíufélaginu h/f barst með skipinu Esso Memphis, myndi verða seldur erlendum viðskiptamönnum Hins íslenzka steinolíuhlutafélags á Keflavíkurflugvelli, og hefur hann svarað þeirri spurningu neitandi, en skýrt framangreinda áætlun um sölu mótorbenzíns af umræddum olíufarmi

með því, að á árinu 1949 hafi sala þessarar olíutegundar til erlendra aðilja á Keflavíkurflugvelli verið miklu meiri en á sama tíma árið 1950.

Um skjal þetta og upplýsingar þær, sem í því felast, má annars taka fram, að það var samið og sent, löngu eftir að olíutegundirnar, sem upplýst er um skiptingu á milli erlends og innlends markaðar úr umræddu olíuskipi, voru seldar. Er skjalið undirritað af ákærða Jóhanni Gunnari, og kveðst hann hafa tekið saman þær upplýsingar, sem í því felast, í samráði við Bjarna Pétur Jónasson, bókhaldara Olíufélagsins, sem áður er nefndur. Hafa þeir ákærði Jóhann Gunnar og Bjarni Pétur látið þess getið, að við samantekt þessara upplýsinga muni hafa verið stuðzt við bækur félagsins og upplýsingar, sem í þeim felast, um atriði þau, sem skjalið fjallar um, en að einhverju leyti hafi þó verið um áætlanir að ræða við gerð skjalsins um skiptingu hinna tveggja olíutegunda (gasolíu og mótorbenzíns) úr Esso Memphis farminum milli erlends og innlends markaðar. Báðir hafa fyrrnefndir menn tekið fram, að þeir muni örugglega við gerð fyrrnefnds skjals hafa gefið þær upplýsingar, sem þeir vissu þá réttastar um þau atriði, sem skjalið fjallar um.

Ákærði Sigurður kveðst hafa séð margnefnt skjal, áður en það var sent verðgæzlustjóra.

3. Með bréfi, dags. 20. janúar 1951, til verðgæzlustjóra sendi Olíufélagið h/f upplýsingar um verðmæti þess hluta Esso Memphis olíufarmsins, sem það taldi hafa verið seldan á Keflavíkurflugvelli, og er augljóst, að með upplýsingum þessum hefur félagið ætlað að leiða sannanir að því, að sú dollaraeign, sem það taldi sér hafa áskotnazt fyrir gengislækkun vegna olíusölu Hins íslenzka steinolíuhlutafélags til erlendra aðilja á Keflavíkurflugvelli, hefði aðeins rúmlega nægt til að greiða með þann hluta farmsins, sem það taldi, að seldur hefði verið erlendum aðiljum á Keflavíkurflugvelli samkvæmt áætlun sinni.

Að þessari niðurstöðu kemst félagið í skjali þessu með því að bæta við verðmæti fyrrnefnds hluta farmsins $ 57.491.88, og telur það upphæð þessa vera andvirði 876 tonna af flugvélabenzíni, sem það hefði tekið að láni af birgðum Bandaríkjastjórnar í Hvalfirði og ekki verið búið að greiða, þegar gengislækkunin varð 19. marz 1950. Benzínláni þessu, segir ákærði Sigurður, að ekki hafi verið skilað af Esso Memphis farminum, heldur af birgðum félagsins síðar á árinu. Hafi lánið ekki verið fært inn í bækur Olíufélagsins h/f nema í birgðaskýrslu félagsins og hafi heimildar til þessarar lántöku ekki verið leitað hjá öðrum íslenzkum yfirvöldum en tollyfirvöldum.

Vegna þess að láns þessa er ekki getið í bókum Olíufélagsins h/f sem dollaraskuldar, hefur ekki verið tekin afstaða til þess við endurskoðun á bókhaldi félagsins.

Um þenna lántökulið telur dómurinn annars ekki ástæðu til að fjölyrða, svo sjálfsagt sem hann telur, að benzínlán þetta hafi borið að greiða í sama af olíufarminum, sem Olíufélaginu h/f barst með skipinu Esso Memphis, enda hefur því ekki verið hreyft af ákærðu Sigurði og Jóhanni Gunnari við rannsókn málsins, að um það hafi verið samið við lánveitandann, að lán þetta skyldi ekki greiða í sama, þegar er lántakandinn yrði þess umkominn, en enginn vafi er um, að svo hafi verið, þegar umræddur farmur barst félaginu. Einnig má í þessu sambandi benda á, að allt þetta lánsbenzín var, að sögn ákærða Sigurðar, selt erlendum aðiljum, sem greiddu það með erlendum gjaldeyri, sem rann óskiptur til Olíufélagsins h/f til kaupa á benzíni eða öðrum olíuvörum.

Samkvæmt framansögðu er það því álit dómsins, að það hafi á engan hátt fengið staðizt að telja benzínlán þetta sem dollaraskuld hjá Olíufélaginu við gengislækkunina, bæði vegna þess, að öll líkindi eru til, að þá hafi þegar verið búið að greiða lánið í sama, svo og vegna þess, að um leið og benzíni af þessu láni var eytt, myndaðist af sjálfu sér greiðsla í erlendum gjaldeyri fyrir það, og verður því ekki annað séð en að það hafi verið öldungis óþarft að geta þess sem dollaraskuldar, enda hefur Olíufélagið h/f ekki gert það í hinu eiginlega bókhaldi sínu. Loks má geta þess, að Olíufélagið h/f getur ekki þessarar olíuskuldar nema í einu skjali af mörgum um sama efni. Vegna alls framansagðs um þenna lið tekur dómurinn því ekki tillit til hans við úrlausn málsins.

VII.

Hefur nú málavöxtum verið lýst, svo sem efni og ástæður þykja standa til, og ber þá að athuga, hvort hinir ákærðu þykja hafa gerzt sekir við þau ákvæði, sem mál þetta er höfðað gegn þeim fyrir brot á.

Eins og málavaxtalýsingin hér að framan ber með sér, lætur Hið íslenzka steinolíuhlutafélag Olíufélaginu h/f í té upplýsingar um það eftir lok hvers mánaðar, hverju nemi sala olíuvara á Keflavíkurflugvelli til erlendra aðilja í þeim mánuði, sem þá er nýliðinn. Atvikalýsingin hér að framan ber og með sér, að hinn 1. marz 1950 hefur Hið íslenzka steinolíuhlutafélag verið búið að afla með olíusölu til erlendra aðilja á Keflavíkurflugvelli frá áramótum 1950, að viðbættri útistandandi skuld félagsins vegna þessara viðskipta um nefnd áramót, $ 524.719.99, og virðist þessi dollaraupphæð ýmist hafa verið innheimt eða óinnheimt hjá innheimtufyrirtæki félagsins Esso Export Corporation í New York hinn 1. marz fyrrnefnt ár.

Samkvæmt 6. gr. verkaskiptingareglna Hins íslenzka steinolíuhlutafélags h/f, sem getið er hér að framan, skyldi fyrrnefnda félagið láta síðarnefnda félaginu í té alla þá dollara, sem því (H.Í.S.) áskotnuðust. Engum blöðum virðist því vera um það að fletta, að fyrrnefnd dollaraupphæð hefur færzt óbreytt inn í reikning Olíu-

félagsins h/f, en samkvæmt framburði ákærða Sigurðar Jónassonar, sem getið er í málavaxtalýsingunni hér að framan, hefur Olíufélagið h/f eða stjórnandi þess litið svo á, að félaginu væri skylt að verja þeim erlenda gjaldeyri, sem það eignaðist vegna sölu Hins íslenzka steinolíuhlutafélags á olíuvörum til erlendra aðilja á Keflavíkurflugvelli, til kaupa á olíuvörum og til greiðslu farmgjalda af slíkum vörum, ef því væri að skipta. Enginn ágreiningur er um, að sá hluti olíufarmsins, sem Olíufélaginu h/f barst með skipinu Esso Memphis þann 10. marz 1950 og ganga skyldi til þess, nam að verðmæti að viðbættu farmgjaldi $ 462.527.89. Af öllu framansögðu virðist því vera augljóst, að þegar olíuskipið Esso Memphis kom hingað til lands þann 10. marz 1950, hafi verið búið að afla meira en nægilegs erlends gjaldeyris til að greiða með allan þann hluta farmsins, sem Olíufélaginu h/f barst með skipi þessu, og verður að telja, að gjaldeyrir þessi, sem Hið íslenzka steinolíuhlutafélag hafði aflað með fyrrgreindum hætti, hafi af sjálfu sér gengið til að greiða með þann hluta olíufarmsins, sem í hlut Olíufélagsins h/f féll, enda er ekki vitað um aðra ráðstöfunarheimild félagsins fyrir þeim gjaldeyri, sem því áskotnaðist á þenna hátt. Ekki telst það skipta máli hér, hvort Olíufélaginu h/f hafði á þessum tíma borizt formleg tilkynning um, að gjaldeyrir þessi hefði verið færður því til tekna, þar eð hans hafði þá verið aflað og hann hlaut af sjálfu sér að vera eða verða eign félagsins, hvort sem var. Um öflun þessa gjaldeyris hlaut samkvæmt framansögðu forráðamönnum Olíufélagsins h/f að vera kunnugt, þegar nokkrum dögum eftir 1. marz 1950.

Jafnvel þótt talið yrði, að Olíufélagið h/f hefði til bráðabirgða greitt allan Esso Memphis olíufarminn, þ. e. einnig hluta Shell h/f af honum, myndi það ekki efnislega leiða til annarrar niðurstöðu, því að í fyrrnefndri dollaraupphæð, $ 524.719.99, er ekki reiknað með sölu Hins íslenzka steinolíuhlutafélags til erlendra aðilja á Keflavíkurflugvelli á tímabilinu frá 1. til 19. marz 1950, sem samkvæmt endurskoðun á bókhaldi félagsins nam $ 68.080.52. Sé upphæð þessari bætt við fyrrnefndu upphæðina, verður útkoman $ 592.800.51, og sýnir þessi upphæð heildarandvirði seldra olíuvara til erlendra aðilja á Keflavíkurflugvelli á tímabilinu frá 1. janúar til 19. marz 1950, að viðbættri útistandandi skuld Hins íslenzka steinolíuhlutafélags vegna sölu til sömu aðilja þann 31. desember 1949, en upphæð þessi er samanlögð meira en nægir til að greiða allan Esso Memphis farminn ásamt flutningsgjaldi af honum öllum auk annarra smærri greiðslna, sem inntar voru af hendi fyrir Olíufélagið h/f á tímabilinu frá 1. janúar til 19. marz 1950. Um heildarsölur Hins íslenzka steinolíuhlutafélags til erlendra aðilja á Keflavíkurflugvelli á tímabilinu frá 1. janúar til 19. marz 1950 hlýtur forráðamönnum Olíufélagsins h/f og þar á meðal ákærða Sigurði og Jóhanni Gunnari að hafa verið kunnugt, þegar þeir gáfu Ragnari Ólafssyni endurskoðanda fyrrnefndar upplýsingar um birgðir Olíu-

félagsins h/f, sem keyptar höfðu verið á hinu eldra og hærra gengi, enda auðvelt fyrir þá að afla sér upplýsinga um þetta atriði samkvæmt því, sem fyrr segir.

Að öllu framansögðu athuguðu er því litið svo á, að upplýsingar þær, sem þeir ákærðu Sigurður Jónasson og Jóhann Gunnar Stefánsson gáfu Ragnari Ólafssyni endurskoðanda, sem í því tilfelli starfaði sem umboðsmaður verðlagsstjóra, um að olíufarmurinn, sem Olíufélaginu h/f barst með skipinu Esso Memphis þann 10. marz 1950, eða nokkur hluti hans, hafi ekki verið greiddur fyrr en eftir gengislækkun hinnar íslenzku krónu þann 19. sama mánaðar, hafi verið rangar, og teljast þeir með því atferli sínu hafa gerzt sekir við 146. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. málsgr. 22. gr. laga nr. 70/1947 um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit, sbr. nú 2. málsgr. 19. gr. laga nr. 35/1950 um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

Af því, sem hér að framan er sagt, telst sannað, að ákærði Sigurður hafi vitað, að nægilegs erlends gjaldeyris hafi verið aflað til að greiða með hinn svonefnda Esso Memphis farm eða þann hluta hans, sem rann til Olíufélagsins h/f, þegar gengislækkunin varð þann 19. marz 1950, en af þessu leiðir það, að honum hlýtur að hafa verið kunnugt um, að það var lögum andstætt, eins og á stóð, að selja á vegum Olíufélagsins h/f olíuvörur úr nefndum farmi á verði, sem var miðað við, að olíuvörurnar væru greiddar eftir gengislækkun, en verð þetta var að miklum mun hærra en það, sem selja mátti á slíkar vörur, sem greiddar höfðu verið fyrir gengislækkun.

Enda þótt ekkert hafi komið fram við rannsókn málsins, sem bendi til þess, að ákærði Haukur Hvannberg hafi átt hlut að því að gefa Ragnari Ólafssyni endurskoðanda þær upplýsingar um þann hluta Esso Memphis olíufarmsins, sem seldur var á innlendum markaði, að hann hefði ekki verið greiddur eða myndi ekki verða greiddur fyrr en eftir gengislækkun hinnar íslenzku krónu, en komizt hefur þegar verið að niðurstöðu um, að upplýsingar þessar voru rangar, verður þrátt fyrir það talið, að ákærða Hauki hefði eftir öllum atvikum og vegna hins nána sambands Hins íslenzka steinolíuhlutafélags við Olíufélagið h/f átt að vera kunnugt um, að þessi hluti farmsins var raunverulega greiddur fyrir gengislækkunina og að samkvæmt því bar að miða söluverð hans við verð olíuafurða, sem greiddar höfðu verið fyrir gengislækkunina, í stað hins gagnstæða, sem gert var bæði á vegum Olíufélagsins h/f og Hins íslenzka steinolíuhlutafélags. Ber í þessu sambandi þess að gæta, að ákærði Haukur er framkvæmdastjóri Hins íslenzka steinolíuhlutafélags og fylgist því stöðu sinnar vegna með daglegum rekstri félagsins og hefur yfirsýn yfir hag þess, en eitt meginatriði starfssviðs hans hefur á þeim tíma, sem hér skiptir máli, bersýnilega verið að fylgjast með verðlagningu söluvara félagsins, ekki hvað sízt vegna

gengisbreytingarinnar og verðbreytinga innanlands vegna hennar.

Teljast því ákærðu Sigurður og Haukur báðir með framangreindu athæfi sínu hafa gerzt brotlegir við 15. gr. og 20. gr. laga nr. 70/1947 um fjárhagsráð o. fl., sbr. nú 4. gr. og 7. gr. laga nr. 35/1950 um verðlag o. fl. Einnig teljast ákærðu Sigurður og Haukur með því að selja olíuvörur úr nefndum olíufarmi á röngu verði hafa gerzt brotlegir við tilkynningu verðlagsstjóra nr. 3 1. marz 1950, sbr. tilkynningu hans nr. 7 31. marz 1950.

Refsing ákærða Sigurðar Jónassonar þykir samkvæmt 146. gr. hegningarlaganna, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947 og nú 2. málsgr. 19. gr. laga nr. 35/1950 og 2. málsgr. 22. gr. fyrrnefndra laga nr. 70/1947, sbr. nú 3. málsgr. 19. gr. fyrrnefndra laga nr. 35/1950, hæfilega ákveðin með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna kr. 100.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 9 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða Jóhanns Gunnars Stefánssonar þykir samkvæmt 146. gr. hegningarlaganna, sbr. 1. málsgr. 22. gr. laga nr. 70/1947 og nú 2. málsgr. 19. gr. laga nr. 35/1950, hæfilega ákveðin kr. 10.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í tvo mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Refsing ákærða Hauks Hvannbergs þykir samkvæmt 2. málsgr. 22. gr. laga nr. 70/1947, sbr. nú 3. málsgr. 19. gr. laga nr. 35/1950, hæfilega ákveðin kr. 30.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með fyrrnefndri tilkynningu verðlagsstjóra nr. 7 31. marz 1950 var olíufélögunum leyft að hækka verð á olíuvörum, og var hækkunin miðuð við, að olíuafurðir, sem seldar yrðu á hinu hærra verði, hefðu verið greiddar eftir gengislækkun, sem, eins og oft áður hefur verið tekið fram, varð þann 19. marz sama ár.

Samkvæmt fyrrnefndri tilkynningu verðlagsstjóra hækkaði verð á benzíni (mótorbenzíni) úr kr. 1.12 í kr. 1.35 pr. líter, hráolíu (gasolíu) úr kr. 450.00 í kr. 653.00 pr. tonn og á ljósaolíu (steinolíu) úr 760.00 kr. í kr. 1020.00 pr. tonn.

Með því að sá hluti af hinum svonefnda Esso Memphis farmi, sem seldur var á innlendum markaði, eða að minnsta kosti mikill meiri hluti hans, var seldur á hinu hærra verði samkvæmt tilkynningu verðlagsstjóra nr. 7/1950, og ágóðinn af þeim litla hluta hans, sem seldur var á eldra og lægra verðinu, bættist upp til jafns við hinn hlutann með sölu eldri benzínbirgða samkvæmt skýrslu þeirra Ragnars Ólafssonar og Jóns P. Emils, hlaut við sölu hans að myndast ólöglegur hagnaður af honum öllum, þar eð sú niðurstaða er þegar fengin, samkvæmt því sem áður segir, að þessi hluti hafi raunverulega verið greiddur fyrir gengislækkun, og hefði því átt

að selja hann á því verði, sem gilti um olíuvörur samkvæmt tilkynningu verðlagsstjóra nr. 3 1. marz 1950.

Meðan á rannsókn málsins stóð, var þeim Ragnari Ólafssyni og Jóni P. Emils, sem áður er getið, falið að reikna út, hverju numið hefði ólöglegur hagnaður vegna sölu fyrrnefnds hluta nefnds farms, og var miðað við, að seld hefðu verið á innlendum markaði 5.461½ tonn af gasolíu, 1305 tonn af mótorbenzíni og 603 tonn af steinolíu, en þetta magn af margnefndum farmi hafði, eftir því sem næst hefur verið komizt, eins og fyrr segir, verið selt á innlendum markaði. Þykir þó, eins og áður er vikið að, ósennilegt með tilliti til allra atvika, að ekki hafi verið um meira magn af mótorbenzíni að ræða, en sannanir brestur fyrir, að svo hafi verið. Samkvæmt útreikningi fyrrnefndra manna á ólöglegum hagnaði vegna sölu þessa hluta hins margnefnda Esso Memphis farms, sem seldur var á innlendum markaði á hinu of háa verði, hefur hann numið samtals kr. 1.665.668.85. Hér er þó þess að gæta, að tollgreiðsla af farminum var miðuð við gengi bandaríkjadollars, eins og það var 19. marz 1950, og varð tollgreiðslan af þeim sökum mun hærri en orðið hefði, ef miðað hefði verið við eldra gengið, nema á gasolíu. Tollmunur á hverju tonni mótorbenzíns var kr. 43.61 og af hverju tonni ljósaolíu kr. 14.25. Tollmunurinn af þessum tegundum farmsins, sem seldar voru á innlendum markaði samkvæmt framansögðu, 1305 tonnum mótorbenzíns og 603 tonnum ljósaolíu, nemur því alls kr. 65.503.80. Þessa fjárhæð, sem telst vera talin með í nýnefndri upphæð ólöglegs hagnaðar, en er þegar greidd ríkissjóði, ber að draga frá, þannig að ólöglegur hagnaður er þá kr. 1.600.165.05. Þessa fjárhæð ber samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1947, sbr. nú 3. og 19. gr. laga nr. 35/1950 og 69. gr., 3. tölulið, hegningarlaganna að gera upptæka ríkissjóði til handa, og ber því að dæma stjórnir beggja margnefndra félaga, þá Vilhjálm Þór forstjóra, Hofsvallagötu 1 í Reykjavík, Ástþór Matthíasson forstjóra, Vestmannaeyjum, Jakob Frímannsson forstjóra, Þingvallastræti 2, Akureyri, Karvel Ögmundsson útgerðarmann, Ytri-Njarðvík, og Skúla Thorarensen forstjóra, Fjólugötu 11, Reykjavík, fyrir hönd félaganna in solidum til að greiða ríkissjóði nefnda fjárhæð, kr. 1.600.165.05.

Ákærðu Sigurður og Jóhann Gunnar greiði in solidum skipuðum verjanda þeirra, Guðmundi Ásmundssyni hdl., kr. 5000.00 í málsvarnarlaun, og einnig greiði ákærði Haukur skipuðum verjanda sínum, Ragnari Jónssyni hrl., kr. 3500.00 í málsvarnarlaun.

Annan sakarkostnað þykir rétt að dæma alla hina ákærðu til að greiða in solidum að 1/10 hluta, en 9/10 hluta greiði ákærðu Sigurður og Haukur in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Sigurður Jónasson greiði kr. 100.000.00 í sekt til ríkis-

sjóðs, og komi varðhald í 9 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Jóhann Gunnar Stefánsson greiði kr. 10.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 2 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Haukur Hvannberg greiði kr. 30.000.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 4 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Stjórn Olíufélagsins h/f, þeir Vilhjálmur Þór, Ástþór Matthíasson, Jakob Frímannsson, Karvel Ögmundsson og Skúli Thorarensen og stjórn Hins íslenzka steinolíuhlutafélags, sem skipuð er sömu mönnum, greiði f. h. félaganna in solidum ríkissjóði upptækan ólöglegan ágóða, kr. 1.600.165.05.

Ákærðu Sigurður Jónasson og Jóhann Gunnar Stefánsson greiði in solidum málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hdl. Guðmundar Ásmundssonar, kr. 5000.00.

Ákærði Haukur Hvannberg greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Ragnars Jónssonar, kr. 3500.00.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu allir in solidum að 1/10 hluta, en 9/10 hluta greiði ákærðu Sigurður Jónasson og Haukur Hvannberg in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 29. apríl 1955.

Nr. 16/1954. **Óskar Benjamínsson**
gegn
Jónu Sigríði Steingrímsdóttur.

Mál hafið. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Er mál þetta kom fyrir dóm í dag, var þess krafizt af hálfu áfrýjanda, að málið yrði hafið.

Af hálfu stefnda var sótt dómþing og krafizt ómaksbóta.

Stefndi hefur sex sinnum látið sækja dómþing, og þykja ómaksbætur henni til handa hæfilega ákveðnar kr. 600.00.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Óskar Benjamínsson, greiði stefnda, Jónu

Sigríði Steingrímsdóttur, ómakslaun, kr. 600.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. apríl 1955.

Nr. 132/1954. **Ragnar Halldórsson**
gegn
Kristni Guðmundssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ragnar Halldórsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Kristni Guðmundssyni, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 300.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. apríl 1955.

Nr. 36/1955. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Guðmundi Gíslasyni f.h.
Erlends Guðmundssonar.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. apríl 1955.

Nr. 39/1955. **Sveinsína Jóhanna Steinsdóttir**
gegn
Hallgrími Péturssyni og Svanborgu Sigurðardóttur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sveinsína Jóhanna Steinsdóttir, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. apríl 1955.

Nr. 40/1955. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Einari Gunnari Einarssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 29. apríl 1955.

Nr. 41/1955. **Sveinn Halldórsson**
gegn
Ingva E. Bernhardssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sveinn Hallgrímsson, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 3. maí 1955.

Nr. 65/1954. **Ákæruvaldið** (Áki Jakobsson hdl.)
gegn
Helga Kjartanssyni (Páll Á. Tryggvason hdl.).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jón Ásbjörnsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Ákæra um fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir að dómur gekk í héraði, hefur margvíslegra gagna verið aflað í máli þessu. Yfirmenn og loftskeytamenn á ýmsum togurum, sem voru að veiðum á sömu slóðum og togarinn Úranus um og eftir hádegi 5. apríl 1954, hafa komið fyrir dóm sem vitni. Samkvæmt beiðni verjanda ákærða hér fyrir dómi voru þeir Jónas Sigurðsson, skipstjóri og kennari við Stýrimannaskólann, og Páll Ragnarsson sjómælingamaður dómkvaddir hinn 6. desember f. á. til þess „að rannsaka nákvæmni mælinga við kennileiti á landi og

dýpi á þeim stöðum, sem máli þessu við koma". Er skoðunargerð þeirra dagsett 18. desember 1954, og hafa þeir staðfest hana fyrir dómi. Í bréfi, dags. 2. febrúar s.l., lét Pétur Sigurðsson, forstjóri landhelgisgæzlunnar, upp álit sitt um ýmis atriði í nefndri skoðunargerð. Hinn 14. febrúar s.l. voru í sakadómi Reykjavíkur lagðar fram 2 ljósmyndir, sem löggæzlumenn höfðu tekið, er þeir gerðu athuganir sínar um veiðar b/v Úranusar hinn 5. apríl 1954, en þær höfðu ekki verið lagðar fram í málinu, áður en dómur gekk í héraði. Samkvæmt beiðni verjanda ákærða voru því næst hinn 22. febrúar dómkvaddir þeir Ingólfur Þórðarson, kennari í siglingafræði í Stýrimannaskólanum, og Zophónías Pálsson, skipulagsstjóri ríkisins, til þess að rannsaka ýmis atriði í sambandi við ljósmyndir þær, er að framan var getið. Er skoðunargerð þeirra dagsett 2. marz 1955 og síðan staðfest í sakadómi Reykjavíkur. Loks hafa fyrrgreindir skoðunarmenn Páll Ragnarsson og Jónas Sigurðsson í bréfi 14. marz 1955, er þeir hafa staðfest fyrir dómi, látið í ljós álit sitt um ýmis atriði í greinargerð forstjóra landhelgisgæzlunnar frá 2. febrúar s.l.

Samkvæmt mörkun á sjókort, sem lagt var fram í héraði, var talið, að togarinn Úranus hefði verið tæplega 0.5 sm innan fiskveiðitakmarkanna kl. 12.40 hinn 5. apríl f. á., en sem næst á fiskveiðitakmörkunum kl. 12.51 s. d. Var fyrri staðarákvörðunin studd við miðun og eina hornamælingu, sem gæzlumaður gerði yfir togaranum, en hin síðari við miðun og tvær hornamælingar gæzlumanna, svo sem greinir í héraðsdómi. Við athugun hinna dómkvöddu skoðunarmanna Páls Ragnarssonar og Jónasar Sigurðssonar hefur komið í ljós, að sjókort þetta var mjög ónákvæmt sökum þess, að það hafði orpizt í prentun. Létu þeir því teikna annað kort með stærri mælikvarða og mörkuðu á það fyrrgreindar staðamælingar. Reyndist þá fyrri staðarákvörðunin, kl. 12.40, 0,16 sm innan fiskveiðitakmarkanna, en hin síðari kl. 12.51, 0.35 sm utan þeirra. Hefur forstjóri landhelgisgæzlunnar viðurkennt gallann á sjókortinu og síðari staðarákvörðun skoðunarmannanna, en telur fyrri staðinn vera 0.19 sm innan fiskveiðitakmarkanna.

Gögn málsins veita eigi ótvíræða vitneskju um stefnu b/v Úranusar milli kl. 12.40 og kl. 12.51 umræddan dag. Veitir síðari staðarákvörðunin því ekki sönnun fyrir því, að b/v Úranus hafi verið innan fiskveiðitakmarkanna kl. 12.40 nefndan dag. Hér kemur því einungis fyrri staðarákvörðunin til álita. Svo sem greinir í héraðsdómi, mældi aðeins annar löggæzlumannanna, sem í flugvélinni voru, horn það, sem fyrri staðarákvörðunin styðst við, eftir merki frá flugstjóranum einum um, að flugvélin væri þá beint uppi yfir skipinu. Var það hornið milli miðsins Búrfell ± Svörtuloftavita og Tröllakirkju, sem löggæzlumaðurinn mældi. Ljósmyndir, sem fram hafa verið lagðar, benda til þess, að fyrrnefnt mið hafi ekki verið nákvæmt um það, hvar Svörtuloftavita hafi borið við Búrfell, og kennileitið Tröllakirkja er ekki heldur nákvæmt, þar sem leitt er í ljós, að varða, sem gæzlumaðurinn taldi sig miða við, sést ekki þaðan, sem mælingin var framkvæmd. Þykja þeir gallar vera á þessari staðarákvörðun, svo sem nú hefur verið rakið, að hún verði eigi talin næg sönnun þess, að ákærði hafi verið innan fiskveiðitakmarkanna að botnvörpuveiðum á fyrrgreindum tíma. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins.

Eftir þessari niðurstöðu ber að greiða allan kostnað málsins úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 4500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Helgi Kjartansson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, héraðsdómslögmannanna Áka Jakobssonar og Páls Ásgeirs Tryggvasonar, kr. 4500.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. apríl 1954.

Ár 1954, fimmtudaginn 8. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins á Frikirkjuvegi 11, kveðinn upp

dómur í málinu nr. 1427/1954: Ákæruvaldið gegn Helga Kjartanssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er Helgi Kjartansson, skipstjóri á b/v Úranusi, RE 343, til heimilis í Efstasundi 41, hér í bæ, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðabrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 82, 8. desember 1952, um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara mánudaginn 5. apríl 1954 milli kl. 1200 og 1300 úti af Svörtuloftum á Snæfellsnesi innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21, 19. marz 1952, sbr. lög nr. 44 /1948, og lög nr. 82/1952.

Ákærist hann til að sæta refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951, og 1. gr. laga nr. 81/1952, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 23. desember 1914 að Moshúsum í Miðneshreppi. Hinn 6. ágúst 1938 var hann á Siglufirði sektaður um 25.00 krónur fyrir neyzlu áfengis á veitingastað, en að öðru leyti hefur hann hvorki sætt kæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Mánudaginn 5. þ. m., kl. 1230, var flugvélin TF-ISH á gæzluflugi við Snæfellsnes. Í henni voru frá landhelgisgæzlunni Guðmundur Kjærnested skipstjóri, Þorfinnsgötu 8, og Hörður Þórhallsson stýrimaður, Fjölnisvegi 18. Flugstjóri var Sverrir Jónsson, Lokastíg 28 A, og aðstoðarflugmaður Jón Ragnar Steindórsson, Grenimel 2.

Samkvæmt skýrslu landhelgisgæzlumannanna sáust allmargir togarar út af Svörtuloftum kl. 1234, þegar flugvélin var stödd yfir landinu suður af Skarðsvík. Var þá samstundis haldið að þeim og stefnt að þeim, sem virtist vera grynnst. Kl. 1236 var flogið í 400 feta hæð yfir Svörtuloftavita með stefnu þvert af landinu á togarann, og var flughraðinn 120 sjómílur á klukkustund. Kl. 1238 var flogið yfir b/v Úranus, RE 343, í 400 feta hæð, og togaði þá skipið á vestlægri stefnu með stjórnborðsvörpu í sjó. Flugtíminn frá Svörtuloftavita að togaranum var 1 mínúta og 54 sekúndur, sem gefur fjarlægðina 3,8 sjómílur frá vitanum. Þar sem athugun þessi benti til þess, að togarinn væri að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna, voru gerðar með hornamælingum eftirfarandi athuganir á stað togarans:

A. Flogið yfir togarann í miðinu Búrfell $\pm$ Svörtuloftavita og um leið mældist hornið frá miðinu og í Tröllakirkju $\triangle$ 53° 43′.

B. Kl. 1251 var flogið yfir togarann í sama miði og voru þá mæld eftirfarandi horn:

a. Búrfell $\triangle$ Tröllakirkja $\triangle$ $> 51° 25′$

b. Svörtuloftaviti $\triangle$ Purkhóll $\triangle$ $> 43° 20′$

Á tímabilinu milli athugananna kl. 1236 og 1251 togaði b/v Úranus út frá landinu í vestlægri stefnu. Staðarákvarðanir þessar gefa stað

togarans þannig, miðað við fiskveiðitakmörkin á þessum slóðum: A. Tæpa ½ sjómílu fyrir innan fiskveiðitakmörkin. B. Um fiskveiðitakmörkin. Jafnframt voru teknar átta ljósmyndir úr flugvélinni á þessum slóðum af togaranum, öðrum skipum og landinu. Ekkert samband var haft við skipið úr flugvélinni. Veður var S eða SA 6, léttskýjað og ágætt skyggni.

Þegar flogið var milli vitans og togarans kl. 1236, gaf flugstjórinn landhelgisgæzlumönnunum upp flughraðann og flughæðina, en jafnframt fylgdist Guðmundur Kjærnested skipstjóri með þessu hvorutveggja í mælitækjum flugvélarinnar. Hornamælingarnar voru gerðar með sextöntum út um rúður á stýrisklefa flugvélarinnar, og mældi Guðmundur Kjærnested skipstjóri hornið í staðarákvörðun A, en báðir lásu landhelgisgæzlumennirnir þá mælingu af sextantinum. Í staðarákvörðun B mældi Guðmundur Kjærnested fyrrnefnda hornið, en Hörður Þórhallsson stýrimaður hið síðarnefnda, en báðir lásu þeir af báðum sextöntunum. Við báðar mælingarnar gaf flugstjórinn merki, þegar flugvélin var beint uppi yfir togaranum, og við fyrri mælinguna tók Hörður Þórhallsson stýrimaður eftir því, að flugvélin var beint uppi yfir togaranum, þegar flugstjórinn gaf merki um, að svo væri.

Skýrsla Sverris Jónssonar flugstjóra um flugið er í samræmi við það, sem nú hefur verið rakið, og um stefnu togarans, þegar flugvélin kom fyrst að honum, skýrir þetta vitni svo frá, að hann hafi haldið í vesturátt, fyrst þó heldur norðan við vestur, en síðan beygt alveg í vestur, og er hér átt við misvísandi stefnur. Þegar flugvélin flaug fyrst út að skipinu, sá vitnið aftan á það, og það hélt í svipaða stefnu og flugvélin. Þetta og ljósmyndin dskj. nr. 9 styrkja mjög skýrslu landhelgisgæzlumannanna um, að togarinn hafi togað í vestlæga stefnu, þegar flugvélin kom að honum. Vitnið hefur skýrt svo frá, að vegna stormsins hafi verið einhver afdrif, og giskar í því sambandi á 5°, en það hefur jafnframt skýrt svo frá, að eigi hafi verið erfitt að stjórna flugvélinni, meðan flogið var yfir togarann.

Öll þessi þrjú vitni hafa staðfest skýrslur sínar með eiði. Tveir dómkvaddir menn, þeir Jónas Sigurðsson siglingafræðikennari og Páll Ragnarsson sjómælingamaður hafa skoðað framrúður í stýrisklefa flugvélarinnar og rannsakað, hvort þær hefðu áhrif á sextantmælingar, sem gerðar eru út um þær, og komizt að þeirri niðurstöðu, að áhrif rúðanna virðist vera lítil sem engin á horn, sem mæld eru í gegnum þær.

Aðstoðarflugmaðurinn hefur eigi getað gefið neinar upplýsingar, sem máli skipta.

Ákærði neitar því að hafa verið innan fiskveiðitakmarkanna og heldur því fram, að þegar flugvélin kom fyrst að togaranum, hafi hann verið í 4.2 sjómílna fjarlægð frá grunnlínupunkti, sem var næsta land. Hann skýrir svo frá, að á þeim slóðum, sem nefndar

hafa verið, hafi undanfarna daga verið fiskur á morgnana og fram eftir deginum og hafi hann (ákærði) verið þarna til og frá við Kolluálinn og utan næstu þrjá daga, áður en hann fór til hafnar vegna kærunnar. Að morgni 5. þ. m. kom hann á þær slóðir, sem hann var á, þegar flugvélin kom að, og byrjaði þá að toga, eins og hans var vani, 5.8—6.0 sjómílur frá grunnlínupunktinum. Hann togaði fyrst í ýmsar stefnur og fylgdi þá eftir vissu dýpi á beygju í kantinum, en aðaltogstefnan er þarna A til N og A til NA. Þessari síðustu stefnu hélt ákærði, þar til hann kveðst hafa verið kominn í 4.2 sjómílna fjarlægð frá grunnlínupunktinum, og á þessu upptogi togaði hann í miðinu: Öxlin nyrzt á Stóra-hólinn. Ákærði þekkir ekki staði þessa með öðrum nöfnum, og er óvíst, hver Stóri-hóllinn er, en Öxlin er fjallið Hreggnasi, eftir því sem næst verður komizt. Hefur ákærði hvorki getað bent á hólinn á framlögðum ljósmyndum eða sjókorti né á herforingjaráðskorti af yzta hluta Snæfellsness, sem honum var sýnt fyrir dómi. Á upptoginu var í kringum 70 faðma dýpi, en þegar komið var í áðurnefnda fjarlægð frá landi, beygði ákærði með fullu stýri til norðurs, þar til dýpkaði niður í 140 faðma. Eftir að beygt hafði verið til norðurs, var togað í þá átt í örfáar mínútur meðfram fiskveiðitakmarkalínunni, en síðan snarbeygt til SSV, þar til komið var á ákveðið dýpi, í kringum 110 faðma, sem fylgt var í úttoginu. Samkvæmt skýrslu ákærða var togarinn að toga í norðurátt með stjórnborðsvörpu, þegar flugvélin kom fyrst að honum. Beygjan var þá alveg nýafstaðin, og lágu þá togvírarnir undir skipið í 90° horn við það. Fjarlægð togarans frá landi mældi ákærði með ratsjá hans, sem hann segir hafa verið í góðu lagi, enda var hún þá nýviðgerð. Ákærði skýrir svo frá, að bæði fyrr þenna sama dag og eins daginn áður hafi björgunar- og varðskipið Sæbjörg verið þarna í nánd, og hafi hann þá togað á sama hátt og lýst hefur verið, en á að gizka hálfri klukkustund áður en flugvélin kom, hafi Sæbjörg horfið sér sjónum fyrir Öndverðarnesið, og sá hann hana ekki eftir það fram að komu flugvélarinnar.

Dómurinn hefur kvatt þrjá menn, þá Jón Sigurðsson siglingafræðikennara, Pál Ragnarsson sjómælingamann, sem áður eru nefndir, og Ríkharð Sigmundsson rafvirkjameistara, sem annast ratsjárviðgerðir, til að rannsaka ratsjá togarans, einkum nákvæmni fjarlægðarmælis hennar, og fór sú rannsókn fram í dag, og reyndist ratsjáin vera í lagi.

Stýrimaður togarans, Jóhannes Sigurbjörnsson, Víðimel 23, var ásamt ákærða og loftskeytamanni togarans í stýrishúsi hans, þegar flugvélin kom að. Hefur hann skýrt svo frá, að þá hafi togarinn verið að snúa til norðurs á 70 faðma dýpi og verið í miðinu: Öxlin í norðurrótina á Stóra-hólnum. Hann kveðst ekki hafa litið í ratsjá togarans, en heyrt ákærða og loftskeytamanninn, sem báðir litu í ratsjána við þetta tækifæri, segja, að togarinn væri 4.2 sjómílur

frá landi. Þetta vitni staðfesti í aðalatriðum frásögn ákærða um björgunar- og varðskipið Sæbjörgu. Vitnið staðfesti ekki skýrslu sína með eiði og færði fram þá ástæðu fyrir undanfærslu sinni um það, að það hefði fyrir mörgum árum ákveðið að vinna aldrei eið.

Loftskeytamaður togarans, Stefán Ágústsson, Langholtsvegi 183, hefur skýrt svo frá og staðfest með eiði, að hann hafi litið í ratsjá togarans, þegar flugvélina bar að fyrst, og sýndi ratsjáin þá fjarlægðina rúmar 4 sjómílur frá landi. Hann gerir sér ekki grein fyrir, hve miklu meiri en 4 sjómílur fjarlægðin var, en gizkar á 0.2—0.3 sjómílur.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Sigurjón Stefánsson, skipstjóri á b/v Ingólfi Arnarsyni, til heimilis á Hofteigi 23, og skýrt svo frá og staðfest með eiði, að þegar flugvélin flaug yfir skipin, hafi verið á þeim slóðum um 8—10 skip, og var b/v Ingólfur Arnarson eitt þeirra og var að toga í N ¾ A. Vitnið var á stjórnpalli, og ratsjá skipsins í gangi, og kveðst það hafa séð í henni, að fjarlægð skipsins frá landi var um 4.4 sjómílur. Þá sá vitnið fjögur eða fimm skip uppi undir fiskveiðitakmörkunum, öll að toga norður með, og var b/v Úranus eitt þessara skipa og næst landi, en eigi munaði þó miklu, hvað það skip var nær landi en hin. Vitnið mældi ekki stað b/v Úranusar og miðaði hann ekki með neinni nákvæmni, en segir hann hafa verið ca beint framundan sínum togara í á að gizka ¾ sjómílu fjarlægð og togað í sömu stefnu, en beygt rétt á eftir út um. Vitnið telur, að öll þessi skip hafi verið utan fiskveiðitakmarkanna, og byggir það álit sitt á framangreindri ratsjármælingu, sjónhendingu sinni og sjómannsreynslu.

Einnig hefur komið fyrir dóminn sem vitni Pétur Breiðfjörð Guðmundsson, skipstjóri á b/v Þorsteini Ingólfssyni, til heimilis á Sörlaskjóli 17, og skýrt svo frá og staðfest með eiði, að þegar flugvélin flaug yfir skipin, hafi sinn togari verið að toga til norðurs, og sýndi ratsjáin þá fjarlægðina frá Svörtuloftavita 4.3—4.4 sjómílur. Vitnið sá þá b/v Úranus á að gizka hálfri til heilli sjómílu norðan við sitt skip, og togaði hann til norðurs og hafði gert það einhvern tíma, áður en flugvélina bar að. Stefnur þær, sem vitnið greinir, eru kompásstefnur. Sökum þess að b/v Úranus var beint norður undan b/v Þorsteini Ingólfssyni, álítur vitnið, að bæði skipin hafi verið í svipaðri fjarlægð frá landi, og telur b/v Úranus hafa verið 4.2—4.3 sjómílur undan Svörtuloftavita. Eigi greindi vitnið, að b/v Úranus væri nær landi en önnur skip, og minnist þess ekki, að neitt skip væri áberandi nálægt landi þarna.

Loftskeytamaðurinn á sama skipi, Eyjólfur Thoroddsen, Reynimel 28, hefur komið fyrir dóminn sem vitni og skýrt svo frá og staðfest með eiði, að það hafi litið í ratsjá skipsins, þegar flugvélin flaug yfir, og hafi ratsjáin þá sýnt fjarlægð skipsins frá Svörtuloftavita um 5 sjómílur. Virðist þetta vitni og skipstjórinn á togaranum hafa athugað ratsjána með talsverðu millibili, þar sem á

mælingum þeirra munar um 0.6—07 sjómílum. Skipið var þá að toga í norðurátt, og sá vitnið b/v Úranus í áætlaðri 1½ sjómílu fjarlægð í norðlægri stefnu frá b/v Þorsteini Ingólfssyni, og var hann einnig að toga í norðlæga stefnu. Eigi mældi vitnið þessa fjarlægð með neinu tæki né heldur, í hvaða stefnu b/v Úranus var frá b/v Þorsteini Ingólfssyni, og er umsögn vitnisins um þetta atriði byggð á sjónhendingu þess. Vitnið sá ekkert skip nær landi en b/v Úranus, en álítur, að hann hafi ekki verið nær landi en hin skipin.

Mætt hefur sem vitni Ingvar Guðmundsson, skipstjóri á b/v Gylfa frá Patreksfirði, og skýrt svo frá og staðfest með eiði, að þegar flugvélin flaug fyrst yfir skipin, hafi það ætlað að fara að kasta vörpunni og þess vegna litið í ratsjána, og sýndi hún fjarlægð skipsins frá Svörtuloftavita, 6.0 sjómílur, og var stefnan frá vitanum í vestur af norðri eða mjög nálægt því. Vitnið sá b/v Úranus og virtist hann vera í 2 sjómílna fjarlægð frá b/v Gylfa uppi undir fiskveiðitakmarkalínunni, og byggir vitnið þetta á því, að það sá b/v Úranus í ratsjánni. Ekki leit vitnið á klukku, þegar þetta gerðist. Þetta vitni kveðst halda, að b/v Úranus hafi verið á suðvesturtogi, þegar flugvélin kom fyrst að, en eigi kveðst vitnið hafa athugað þetta né muna það með neinni vissu.

Þenna umrædda dag var v/s Vatnajökull á leið frá Vestfjörðum til Reykjavíkur. Skipstjórinn á því skipi, Bogi Ólafsson, Miðtúni 32, hefur borið vitni í máli þessu og staðfest skýrslu sína með eiði. Kl. 1306, þ. e. a. s. um hálfri klukkustund eftir að flugvélin flaug fyrst yfir togarana, var Svörtuloftaviti samkvæmt 4-strika mælingu vitnisins í 1.2 sjómílna fjarlægð frá v/s Vatnajökli í misvísandi AaS. Stýrt var misvísandi SaV. Vitnið gerði enga staðarákvörðun fyrr við Snæfellsnesið. Þegar vitnið sigldi þarna suður með, sá það nokkur skip lengra frá landi, horfði á þau í sjónauka, sem það segir vera góðan, og sá ekki nafn þeirra, númer eða reykháfsmerki. Vitnið mældi ekki stað neins þessara skipa, en gizkar á, að þau hafi ekki verið minna en 3 sjómílur frá v/s Vatnajökli og sum meira og miklu meira, og kveðst vitnið byggja þetta álit sitt og ágizkun á margra ára reynslu.

Kl. 2258 hinn 5. þ. m. átti forstjóri landhelgisgæzlunnar tal við ákærða og tjáði honum, að þess væri óskað, að hann yrði kominn til Reykjavíkur næsta morgun til rannsóknar á hinu meinta fiskveiðibroti hans, og eftir þetta gekk á skeytasendingum milli landhelgisgæzlunnar og ákærða um, að hann kæmi án tafar til hafnar, og var ákærði andvígur því og segir í einu skeyti sínu, að hann telji enga ástæðu til að koma inn fyrr en hinn 12. þ. m.

Kl. 0340 hinn 6. þ. m. fékk varðskipið Þór fyrirskipun um að láta úr höfn hið fyrsta til að sækja b/v Úranus. Vegna vélahreinsunar í varðskipinu gat það eigi látið úr höfn fyrr en kl. 0620. Kl. 0855 átti varðskipsforinginn tal við ákærða og sagði honum erindi sitt. Kvaðst ákærði þá vera farinn að halda í áttina til Reykjavíkur og

hafa ætlað að gefa sig fram. Beið varðskipið þá eftir b/v Úranusi móts við Akranes, en um kl. 1720 voru bæði skipin komin inn á Reykjavíkurhöfn. Veður til hádegis þenna dag var SSA 9, en eftir hádegi VSV 9—10.

Vitnaskýrslur skipstjóranna á b/v Gylfa, b/v Ingólfi Arnarsyni og b/v Þorsteini Ingólfssyni, loftskeytamannsins á hinu síðastnefnda skipi og skipstjórans á v/s Vatnajökli sýna, að ekkert þessara vitna mældi stað b/v Úranusar, og síðastnefnda vitnið sá ekki skipið til að þekkja það frá öðrum. Eru skýrslur þessara vitna um stað b/v Úranusar yfirleitt byggðar á sjónhendingum og ágizkunum og geta í engu hnekkt skýrslum landhelgisgæzlumannanna í flugvélinni.

Þá telur dómurinn, að skýrsla loftskeytamannsins á b/v Úranusi um ratsjárfjarlægðina og staðhæfing ákærða um hið sama geti eigi heldur hnekkt skýrslum landhelgisgæzlumannanna.

Telur dómurinn því sannað, að ákærði hafi verið að botnvörpuveiðum á togaranum á þeim tíma og stað, sem segir í skýrslu landhelgisgæzlumannanna, þ. e. a. s. um hálfa sjómílu, eða nánar tiltekið 0.4—0.5 sjómílur, innan fiskveiðitakmarkanna, og er í þessu sambandi einnig þess að geta, að í miðinu Búrfell ± Svörtuloftavita er ekki 70 faðma dýpi merkt á sjókortinu utan fiskveiðitakmarkanna.

Varðar þessi verknaður við þau lagaákvæði, sem talin eru í ákæru.

Samkvæmt þeim refsiákvæðum, sem í ákæru eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar togarans, 656 brúttó smálestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skulu allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Úranusar, RE 343, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dóm þenna kváðu upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómendur Jónas Jónasson og Pétur Björnsson, skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Helgi Kjartansson, greiði 74000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Úranusar, RE 343, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 3. maí 1955.

Nr. 56/1954. **Ákæruvaldið** (Ingólfur Jónsson hdl.)
gegn
Rúnari Sophusi Hansen (Sveinbjörn Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr., og 220. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur Hæstaréttar.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram vottorð læknanna Kristjáns Sveinssonar, dags. 9. desember 1954, og Elíasar Eyvindssonar, dags. 16. febrúar 1955, um heilsu Sigfúsar Halldórssonar bifreiðarstjóra.

Vottorð Kristjáns læknis hljóðar svo:

„Ég undirritaður læknir hef skoðað hr. Sigfús Halldórsson, Þvottalaugum. Hefur hann sjón á hægra auga = vinstra auga, $^6/_{12}$ án gleraugna (nær illa samhengi við lestur).

Við sjónsviðsskoðun finnst, eins og áður, homonyn hæmianopsia til hægri, sem nær á hægra auga frá centrum og út að ca 20° temporalt, og á vinstra auga ca 15—20° nasalt frá centrum. Hæmianopsian er ekki alveg absolut, það er að segja, sjúklingurinn sér dauft á þessu svæði, hvítur litur greinist dauft og litir grænt og rautt ekki. Ytri takmörk sjónsviðsins eðlileg. Þessi hæmianopsia batnar sennilega aldrei og truflar sjúklinginn mikið bæði við lestur og grófari vinnu".

Í vottorði Elíasar læknis segir m. a.:

„Helztu kvartanir eftir slysið var höfuðverkur, svimi og sjóntruflanir, þannig að hluti af orðum eða hlutum, er hann horfði á, féll út, og augnlæknir, sem rannsakaði sjúklinginn, sagði, að um blinda bletti væri að ræða. Sviminn var mestur, ef sjúklingurinn sneri sér snögglega eða lokaði augunum. Hann hafði einnig hljóm í vinstra eyra.

Röntgenmynd, tekin 31/10 1953, sýndi corpus alienum í regio occipitalis.

Corpus alienum sést ekki inni í kúpu né sprunga í tabula internum.

Fyrrnefnd einkenni hafa mjög minnkað s.l. ár, öll nema sjóntruflanir og mikill höfuðverkur, sem hafa haldizt og m. a. orsakað, að sjúklingurinn getur ekki stundað atvinnu sína sem fyrr, sérstaklega á hann erfitt með akstur í skuggsýnu og dimmu.

Rannsókn gerð 16/2 1955 leiðir í ljós, að ástand Sigfúsar er óbreytt, sífelldar höfuðkvalir, svo nú hefur hann algerlega hætt akstri síðan í byrjun október".

Þá hefur Læknaráð samkvæmt úrskurði Hæstaréttar 23. febrúar 1955 látið í té álit sitt á skýrslu Helga yfirlæknis Tómassonar um ákærða, og segir svo í niðurstöðum ráðsins:

„Læknaráð er samþykkt niðurstöðu dr. med. Helga Tómassonar um andlegan þroska og heilsu ákærða almennt, svo og því, sem hann segir um andlegt ástand hans hinn 10. október 1953".

Ákomur Jóseps S. Gíslasonar, er í héraðsdómi greinir, eru eigi slíkar, sem lýst er í 218. gr. laga nr. 19/1940. Verður ákærða því eigi dæmd refsing samkvæmt þeirri lagagrein né 219. gr. sömu laga. Að öðru leyti er atferli ákærða fært til réttra refsiákvæða.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Rúnar Sophus Hansen, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Ingólfs Jónssonar héraðsdómslögmanns og Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. marz 1954.

Ár 1954, fimmtudaginn 11. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 702/1954: Ákæruvaldið gegn Rúnari Sophusi Hansen, sem tekið var til dóms sama dag.

Með ákæruskjali, útgefnu af dómsmálaráðherra 12. janúar s.l., og framhaldsákæruskjali, er útgefið var 5. þ. m. til leiðréttingar hinu fyrra ákæruskjali, er Rúnar Sophus Hansen verkamaður, Höfðaborg 18, hér í bæ, ákærður fyrir eftirtalin brot:

„1) Að eiga og hafa í vörzlum sínum riffil af „Winchester"-gerð, einskota, hlaupvídd 22, frá því á s.l. sumri og til 10. október s.l., án þess að hafa fengið leyfi lögreglustjóra. Þykir brot þetta varða við reglugerð nr. 105/1936, 3. gr., 1. mgr., sbr. 7. gr. og 3. gr. laga nr. 69/1936.

2) Að neyta áfengis á Hótel Vík um kvöldið föstudaginn 9. október s.l. og í Sjálfstæðishúsinu sama kvöld og fram á aðfaranótt 10. október, en brot þetta þykir varða við áfengislög nr. 33/1935, 17. gr., 1. mgr., sbr. 37. gr.

3) Að hafa, er hann ók um bæinn í leigubifreiðinni R 2392 frá kl. rúmlega 01.00 til 01.40 aðfaranótt 10. október s.l. og hafði í höndum riffil þann, er um ræðir í 1. tölulið ákæruskjalsins, þrásinnis haft í frammi hótanir við bifreiðarstjórann, Sigfús Halldórsson, og er bifreiðarstjórinn ók eftir Pósthússtræti í átt til lögreglustöðvarinnar þrátt fyrir hótanir ákærða um, að hann mundi skjóta bifreiðarstjórann, ef hann færi ekki að skipun ákærða um að beygja inn í Austurstræti, að hafa hleypt skoti af rifflinum, er lenti í höfði bifreiðarstjórans með þeim afleiðingum, að hann slasaðist verulega og bifreiðin rann áfram stjórnlaust og rakst í vegfaranda, Jósep Gíslason, er hlaut við það mikil meiðsli. Þessi brot ákærða þykja varða við almenn hegningarlög nr. 19/1940, 211. gr. sbr. 20. gr., en til vara 218. gr. sbr. 219. gr., og enn fremur varða við 218. sbr. 219. gr. laganna.

4) Að hlaða riffilinn aftur, er hann hafði hlaupið inn í húsasund við Nýja Bíó, eftir að bíllinn var stöðvaður, eins og áður greinir, og er hann kom út úr sundinu, að halda byssunni hlaðinni, spenntri og láréttri eða þannig, að hlaupið vísaði örlítið niður, og er ákærði hljóp yfir götuna að Lækjartorgi, hljóp skotið úr henni, en enginn varð fyrir því. Þetta brot ákærða þykir varða við 220. gr., 4. mgr., hegningarlaganna og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2/1930, 1. gr., 3. gr., 4. gr., 6. gr., sbr. 96. gr."

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, réttindasviptingar samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga, greiðslu skaðabóta, sviptingar réttar til að öðlast byssuleyfi samkvæmt 1. mgr. 68. gr. hegningarlaga og til málskostnaðargreiðslu. Þá er krafa gerð

um, að riffill hans verði gerður upptækur til ríkissjóðs samkvæmt 3. gr. laga nr. 69/1936 og 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 10. apríl 1933. Hann hefur sætt þessum kærum og refsingum:

1950 31/3 Uppvís að þjófnaði á bókum. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1951 15/3 Sátt. 100 kr. sekt fyrir ölvun, óspektir og spell. Skaðabótagreiðsla kr. 200.00.
1951 4/5 Dómur lögregluréttar Reykjavíkur: 1000 króna sekt, sviptur ökuleyfi 6 mánuði fyrir brot gegn bifreiðalögunum og áfengislögunum.
1951 18/9 Sátt. 100 kr. sekt fyrir brot gegn 18. gr. áfengislaganna.
1952 6/4 Sátt. 75 kr. sekt fyrir brot gegn áfengislögunum.
1952 23/5 Dómur sakadóms Reykjavíkur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað og áfengislagabrot.
1952 12/10 Sátt. 100 kr. sekt fyrir brot gegn 18. gr. áfengislaganna.
1953 13/2 Dómur sakadóms Reykjavíkur: 60 daga fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir þjófnað.
1953 18/4 Sátt. 150 kr. sekt fyrir brot gegn 18. gr. áfengislaganna.

Málavextir eru þessir:

Að kveldi föstudagsins 9. október f. á. hitti ákærði kunningja sinn, Kristján Friðriksson verkamann, Höfðaborg 32, 18 ára að aldri, og fóru þeir niður í miðbæ saman. Þeir náðu sér í áfengi hjá leynivínsala, fóru með flöskuna inn á Hótel Vík og tóku að neyta þar úr henni. Þar bar að Gísla Sveinbjörn Magnússon sjómann, Efstasundi 51, 17 ára að aldri, og neytti hann þar áfengis með þeim félögum. Þeir ákváðu síðan að fara á dansleik. Náði ákærði í meira áfengi, og fóru þeir síðan allir á dansleik í Sjálfstæðishúsinu. Höfðu þeir áfengi með sér inn á dansleikinn og neyttu þess þar. Kristján fór burt af dansleiknum nokkru á undan ákærða og Gísla Sveinbirni, en þeir voru á dansleiknum, unz honum var lokið kl. 1. Urðu þeir tveir þá samferða út. Fyrir utan stóð leigubifreiðin R 2392, og sat bifreiðarstjórinn, Sigfús Halldórsson, til heimilis Þvottalaugum, 31 árs að aldri, í bifreiðinni. Ákærði og Gísli Sveinbjörn settust inn í bifreiðina, og bað ákærði, að ekið yrði að Höfðaborg 18, og var það gert. Ákærði fór út úr bifreiðinni, og kallaði Gísli Sveinbjörn á eftir honum: „Við sjáumst á morgun", enda kveðst Gísli Sveinbjörn ekki hafa vitað betur en að ákærði ætlaði að verða þarna eftir. Ákærði bað Gísla Sveinbjörn að bíða við. Barði hann að dyrum, og opnaði móðir hans fyrir honum. Ákærði gekk rakleitt inn og sótti riffil, er hann átti. Skot tók hann einnig með sér, tvö, að því er hann minnir. Hann minnir, að hann hafi þá þegar hlaðið riffilinn. Að því búnu fór hann inn í bifreiðina aftur og bað ökumanninn að aka niður í miðbæ. Ekið var um Borgartún, Skúlagötu, Barónsstíg, Laugaveg, Bankastræti, Austurstræti, Aðalstræti, Kirkjustræti og Pósthússtræti, en

þar gerðist sá atburður, að skot hljóp úr byssu ákærða og kom í hnakka bifreiðarstjórans. Verður nú að rekja framburði hvers um sig, ákærða, Gísla og bifreiðarstjórans.

Bifreiðarstjórinn, Sigfús Halldórsson, skýrir svo frá, að hann hafi ekið með þá félagana frá Sjálfstæðishúsinu umrædda nótt. Ekki hafi þeir virzt drukknir, og ekkert við framkomu þeirra að athuga í fyrstu. Þegar ákærði hafði komið með riffilinn út úr húsinu, hafi hann setzt inn í bifreiðina vinstra megin í aftursæti, þ. e. beint fyrir aftan Sigfús. Sigfús kveðst samkvæmt beiðni ákærða hafa ekið um Laugaveg. Ekki minnist Sigfús orðaskipta ákærða og Gísla Sveinbjarnar á þessari leið, fyrr en komið var neðarlega á Laugaveg, en þar hafi ákærði sagt: „Ef hann gerir ekki eins og við segjum honum, baunum við á hann", eða eitthvað á þessa leið, og telur Sigfús sig muna glöggt, að ákærði hafi notað orðin: „baunum við á hann". Ekki kvaðst Sigfús þá hafa tekið ummælin svo, að þau ættu við sig. Sigfús segir, að ákærði hafi um þetta leyti verið að tala um að aka einn hring, en síðan suður að Hljómskálagarði. Sigfús kveðst hafa ekið áfram sem leið lá og beint inn í Aðalstræti, þá hafi hann heyrt ákærða viðhafa sams konar hótanir og áður, svo og enn, er komið var í Kirkjustræti. Kveðst Sigfús þá hafa spurt ákærða, hvort hann ætti við sig, og kvað ákærði svo vera. Hafi hann enn endurtekið, að hann skyldi skjóta hann (Sigfús), ef hann gerði ekki eins og honum var sagt. Sigfús kveðst þá hafa getið þess, að hann gæti bezt trúað, að ákærði hefði ekki byssuleyfi, og væri bezt að aka með þá félaga á lögreglustöðina, og í því skyni hafi hann beygt inn í Pósthússtræti. Hann hafi orðið að nema staðar við Austurstræti vegna umferðarljósanna, en er hann hafi verið að aka af stað aftur, hafi ákærði sagt: „Ef þú ekur ekki til vinstri, en ekur að lögreglustöðinni, skal ég skjóta þig". Kveðst Sigfús hafa svarað: „Þú ræður því", enda ekki búizt við, að ákærða væri alvara. Kveðst Sigfús muna, að hann heyrði skothvell rétt á eftir, en síðan man hann ekki eftir sér, fyrr en hann var kominn inn á lögreglustöð nokkru síðar.

Ákærði er sagnafár um atburð þenna og ber mjög við minnisleysi. Hann man sem fyrr getur eftir því, er hann náði í riffilinn, en ekki hefur hann gert grein fyrir því, hvað fyrir sér hafi vakað. Hann hefur þó getið þess, að hann hafi lent í orðakasti við einhverja Ameríkumenn, er verið hafi á dansleiknum, og hafi sér sinnazt við þá. Ekki hefur hann þó beinlínis viljað halda því fram, að hann hafi ætlað sér að finna þá. Hann telur sig muna til þess, að skot hafi hlaupið úr byssu hans, en hefur haldið því fram, að ástæðan hafi verið sú, að hann hafi gleymt að festa öryggislæsinguna og skotið hlaupið úr byssunni óvart. Ekki telur hann sig muna til þess, að hann hafi viðhaft hótanir við bifreiðarstjórann. Gefur ákærði heldur ógreið svör við spurningum um þetta efni.

Gísli Sveinbjörn Magnússon kveðst ekkert hafa vitað um, til hvers

ákærði var að sækja riffilinn, og einskis hafi hann spurt ákærða um það. Í fyrstu skýrslum kannaðist Gísli ekki við, að hann hefði heyrt ákærða hafa í frammi hótanir við Sigfús, en í síðari skýrslum, er hann hefur staðfest með eiði, ber hann, að hann hafi heyrt ákærða segja við bílstjórann, að hann skyldi skjóta hann, ef hann gerði ekki eins og honum væri sagt. Hafi tal þetta byrjað þannig, að hann (Gísli) hafi haft á orði, að bílstjórinn mundi vera hræddur við að aka með þá með þetta verkfæri, en ákærði hafi þá svarað því til, að það væri eins gott fyrir hann að gera eins og honum væri sagt. Þá hafi Sigfús spurt, hvort hann væri að hóta sér, og hafi ákærði sagt, að svo væri. Sigfús hafi þá sagzt mundu aka með þá til lögreglustöðvarinnar, og hafi ákærði þá viðhaft hótun þá, er áður getur. Hafi það verið í Pósthússtræti, og kveðst Gísli ekki muna til þess, að hann endurtæki hótunina. Gísli segir, að ákærði hafi sagt Sigfúsi að beygja inn í Austurstræti, en Sigfús ekki sinnt því og ekið áfram. Þegar bifreiðin hafi verið komin yfir gatnamótin, hafi riðið skot af byssu ákærða. Sigfús hafi í sama bili eins og spennzt aftur á bak í sætinu og sleppt stýrinu, en bifreiðin runnið síðan stjórnlaust áfram yfir á hægri vegarhelming og numið staðar að lokum við tröppur, er liggja frá dyrum á horni verzlunar O. Ellingsens norðan við Hafnarstræti. Gísli Sveinbjörn kveðst ekki hafa veitt því athygli, hvað ákærði hafðist að síðustu augnablikin, áður en skotið reið af, og telur sig hafa í því litið eitthvað til hægri og litið fyrst til ákærða aftur, er hann heyrði hvellinn. Ekki segir Gísli, að svo hafi verið að sjá, að ákærða væri brugðið, eftir að skotið var riðið af.

Gísli Sveinbjörn segir, að á leiðinni í bifreiðinni hafi ákærði fyrst látið byssuna liggja á hnjám sér, þannig að hlaupið hafi vitað til hægri (að Gísla), en er þeir voru á leið um Bankastræti, hafi ákærði reist byssuna upp og haft milli fóta sér þannig, að hlaupið stefndi að bílstjóranum. Á leiðinni kveðst Gísli hafa heyrt, að ákærði hafi öðru hverju verið að fikta við gikkinn, en ekki kveðst hann hafa séð, hvort öryggislásinn hafi verið á eða ekki. Eftir að bifreiðin stöðvaðist, fóru þeir báðir, ákærði og Gísli Sveinbjörn, strax út úr bifreiðinni, og hljóp hvor í sína átt. Kveðst Gísli Sveinbjörn beinlínis hafa orðið hræddur við ákærða og notað fyrsta tækifæri til að komast frá honum.

Í þann mund, er skotið hljóp út úr byssu ákærða, voru þrír menn á leið austur yfir Pósthússtræti á móts við lögreglustöðina. Er Sigfús Halldórsson varð fyrir skotinu, missti hann stjórn á bifreiðinni, og rann hún yfir hægri brún götunnar. Varð einn hinna þriggja vegfarenda, Jósep Sigurður Gíslason þjónn, Vífilsgötu 6, 67 ára að aldri, fyrir hægra framhorni bifreiðarinnar, í því er hún rann framhjá. Féll Jósep við þetta til jarðar, en hann var þá kominn fast að eystri gangstétt, rétt fyrir framan dyr lögreglustöðvarinnar, er bifreiðin lenti á honum.

Lögreglumenn, er heyrt höfðu hávaða frá bifreiðinni, komu nú út úr lögreglustöðinni. Komu þeir Jósep Sigurði til hjálpar, en aðrir fóru að bifreiðinni. Var Sigfús þá kominn út, hélt um hnakka sér og endurtók í sífellu, að hann hefði orðið fyrir skoti. Farið var með Sigfús inn á lögreglustöðina, en bæði hann og Jósep Sigurður voru fluttir síðar á spítala.

Hvorki Jósep Sigurður né félagar hans tveir segjast hafa heyrt neinn skothvell né heldur hafi þeir veitt bifreiðinni athygli fyrr en í því, er Jósep varð fyrir henni.

Sjónarvottur að því, er bifreiðin lenti á Jósep Sigurði, var Hilmar Jón Hlíðar Lúthersson pípulagningarmaður, 32 ára að aldri. Hann stóð þá á horni Pósthússtrætis og Austurstrætis. Hann tók eftir ferð bifreiðarinnar, og virtist sem verið væri að aka henni að dyrum lögreglustöðvarinnar. Er Hilmar sá, að maður varð fyrir bifreiðinni, en hún hélt áfram, hljóp hann norður Pósthússtræti. Hann sá tvo menn koma út úr bifreiðinni og hlaupa, að því er honum virtist, inn í Tryggvagötu. Hann skýrði lögregluþjónum frá þessu, og fóru þeir Hilmar og lögregluþjónarnir Haukur Bjarnason og Sigurður Jónsson austur eftir Tryggvagötu. Skömmu síðar handtók Sigurður Gísla Sveinbjörn, þar sem hann stóð við Borgarbílastöðina (milli Tryggvagötu og Hafnarstrætis), en Hilmar þekkti hann aftur og benti Sigurði á hann. Kannaðist Gísli strax við, að hann hefði verið í bifreiðinni ásamt ákærða, og er ákærði hefði skotið á bifreiðarstjórann, kvaðst Gísli hafa orðið hræddur, enda ekki vitað, hvern ákærði kynni að skjóta næst. Gísli var síðan færður á lögreglustöðina.

Nú er að segja frá ferðum ákærða, eftir að bifreiðin stöðvaðist. Hljóp hann út úr bifreiðinni og hélt austur eftir Hafnarstræti og hafði riffilinn með. Um þetta leyti hafði Haraldur Sæmundsson bifreiðarstjóri, 24 ára að aldri, verið að aka í bifreið sinni austur Hafnarstræti. Hann hafði, er hann ók yfir Pósthússtræti, veitt bifreið Sigfúsar athygli, en hún var þá á leið norður Pósthússtræti. Þá hafði hann heyrt einhvern hvell og rétt á eftir skruðning. Hann nam þá staðar til þess að gæta út, og sá þá ákærða hlaupa austur eftir syðri gangstétt Hafnarstrætis með riffil í hendi. Haraldur elti ákærða, en ákærði hljóp gegnum Kolasund og var þeim mun á undan Haraldi, að Haraldur missti sjónar á honum inn í Austurstræti, fékk hann hvergi séð ákærða, og ályktaði þá, að ákærði mundi hafa farið inn í ganginn, er liggur að Nýja Bíó. Þangað fór Haraldur, læddist upp sundið og gægðist inn í skotið, sem er framan við bíódyrnar. Hann kveðst hafa séð, að ákærði var þar að bauka við riffilinn. Haraldur óttaðist, að ákærði mundi vera búinn að hlaða riffilinn, og fór hann út að götunni aftur, er hann varð var við mannaferðir þar. Lögreglunni var nú gert viðvart um, hvar ákærði væri, og kom Sigurður Sigurðsson lögregluþjónn á vettvang. Kveður Sigurður margt fólk hafa verið á ferli á götunni. Kom nú

ákærði fram úr ganginum og hélt á rifflinum í skotstöðu, þ. e. vinstri hendi hélt hann undir hlaupið, en hægri hendi um lásinn. Viku menn nokkuð frá, er þeir sáu til ákærða. Ákærði hélt nú út úr sundinu og skundaði yfir Austurstræti í átt til Lækjartorgs. Á þeirri leið hleypti hann skoti úr byssunni. Réðust menn nú að ákærða, er hann var kominn yfir á Lækjartorg, og var hann þar felldur til jarðar og riffillinn tekinn af honum, en lögregluþjónar tóku síðan við ákærða og færðu hann til lögreglustöðvarinnar í handjárnum, en þar var hann síðan settur í varðhald. Við athugun á rifflinum kom í ljós, að í honum var tómt skothylki, og er lögregluþjónar leituðu þá um nóttina í afkimanum framan við dyr Nýja Bíó, fundu þeir sams konar skothylki. Af því má vera ljóst, að ákærði hefur þar hlaðið riffilinn, sbr. það er áður segir frá vætti Haralds Sæmundssonar.

Um framburð ákærða um ferðir hans, eftir að hann hljóp út úr bifreið Sigfúsar, er það að segja, að hann telur sig lítið sem ekki muna eftir þeim, og ekki hefur hann fengizt til að viðurkenna, að hann hafi hleypt þá af skoti, svo að hann muni, en hins vegar hefur hann lýst yfir því, að hann vefengi ekki frásagnir vitna um þetta. Aftur á móti telur hann sig muna allvel eftir því, er hann var kominn á lögreglustöðina og er hann var settur í varðhald. Síðar verður vikið að því, hvað dr. Helgi Tómasson, er rannsakaði geðheilbrigði ákærða, álítur um það, hvort ákærði sé raunverulega svo minnislaus um atburði þessarar nætur, sem hann vill vera láta.

Af því, er áður er sagt um skothylkin í riffli ákærða, svo og af vætti margra vitna, er fullsannað, að ákærði hleypti skoti úr rifflinum á leið sinni frá ganginum að Nýja Bíó að Lækjartorgi. Hvar það skot lenti, er ekki ljóst, og ekki er vitað, að neitt tjón hafi af því hlotizt. Þykir nú verða að rekja í stuttu máli vætti þeirra, er sáu til ákærða. Sigurður Sigurðsson lögregluþjónn segir, að ákærði hafi verið kominn dálítið út á götuna og stefnt að Lækjartorgi, er skotið reið af. Kveðst Sigurður hafa verið staddur þá í námunda við dyr Haralds Árnasonar og fylgzt vel með ákærða, eftir að hann kom út úr sundinu, og telur hann öruggt, að ákærði hafi ekki spennt gikkinn á rifflinum, eftir að hann kom út á götuna. Vitnið Narfi Haraldsson verkamaður, 27 ára að aldri, kveðst hafa verið staddur í Austurstræti, vestanvert við ganginn, er liggur að Nýja Bíó, er ákærði hafi komið þar út og haldið á riffli í skotstöðu. Hann hafi hleypt skoti úr rifflinum, er hann var á leið yfir götuna og stefndi að Lækjartorgi. Telur Narfi, að fólk hafi ekki verið þar framundan. Vitnið Haraldur Sæmundsson, er áður kom mjög við sögu, segist hafa verið staddur á gangstéttinni við Útvegsbankann, er ákærði hljóp yfir götuna. Einhverjir hafi veitt honum eftirför, og hafi ákærði þá snúið sér skyndilega við, eins og gegn þeim, er eltu hann, og í sama bili hafi heyrzt hvellur. Telur Haraldur því líklegt, að skotstefnan hafi verið að Austurstræti. Vitnið Gylfi Snær

Gunnarsson verkamaður, 20 ára að aldri, er var þarna á ferli og hafði frétt um, að vopnaður maður væri í sundinu, veitti ákærða eftirför, er hann hljóp yfir á Lækjartorg, og var það Gylfi, er náði ákærða og felldi hann. Gylfi segir, að er hann nálgaðist ákærða, hafi ákærði snúizt gegn honum, en hann kveðst aldrei hafa heyrt, að skot hlypi úr byssunni. Vitnið Matthías Einarsson verkamaður, 19 ára að aldri, félagi Gylfa Snæs, segist hafa elt ákærða ásamt fleirum og hafa heyrt hvell, er hann átti skammt ófarið að honum. Garðar Guðmundsson lögregluþjónn, er var á leið niður Bankastræti í bifreið, og Haukur Bjarnason lögregluþjónn, er staddur var í Hafnarstræti, heyrðu báðir skothvell frá Lækjartorgi, og komu þeir þangað um það leyti, er verið var að taka ákærða þar.

Lögregluþjónarnir Haukur Bjarnason, Garðar Guðmundsson og Vernharður Kristjánsson færðu ákærða í varðhaldsklefann í kjallara lögreglustöðvarinnar, og ber þeim öllum saman um, að ákærði hafi viðhaft rosta og skæting við þá, talað um, að hann skyldi jafna um þá, er hann losnaði o. s. frv. Ekki virðist ákærði hafa minnzt neitt á það í viðtali við lögreglumenn, að skot hans hefði verið óviljaverk.

Samkvæmt vætti lögreglumanna og móður ákærða voru merki áfengisáhrifa mjög óveruleg á ákærða, en sjálfur hefur hann gert allmikið úr ölvun sinni.

Byssa sú, er ákærði hafði undir höndum, er einskotariffill af gerðinni Winchester, hlaupvídd 22. Kveðst ákærði hafa keypt byssuna fyrir ca 2 árum. Hann hefur aldrei haft leyfi til að eiga skotvopn.

Geðheilsurannsókn fór fram á ákærða, sem fyrr getur. Í skýrslu sinni rekur yfirlæknirinn æviferil ákærða að nokkru og athuganir sínar á ákærða, en niðurlag skýrslunnar er svohljóðandi:

„Álit mitt á Rúnari Sophus Hansen er þetta:

Hann er vitgrannur, en þó ekki fáviti. Hann er hvorki geðveill né geðveikur.

Hann hefur verið verulega undir áfengisáhrifum, er hann framdi afbrotið. Ég tel ekki líklegt, að hann sé svo minnislaus um atburðina nóttina 9.—10. október, sem hann vill vera láta.

Það er um að ræða 20 ára gamlan ógiftan verkamann, máske af nokkuð brengluðu bergi brotinn, en sem elst upp fyrstu 10—12 árin við þröng kjör, aðallega með móður sinni og fjórum eldri bræðrum. Af þeim var sérstaklega sá næsti á undan honum í röðinni stórlegur vandræðadrengur, og með honum var Rúnar mikið á þessum fyrstu árum, og alltaf nokkuð. Hann vanrækti skólann og fær slæmt orð þaðan. Eftir fermingu hefur hann oftast haft vinnu, en þó verið talsvert los á honum, og hann hefur nokkrum sinnum gerzt brotlegur við umgengnisvenjur og landslög. Svo að segja alltaf hefur hann þá verið með öðrum um brotin, og ekki verið aðalmaðurinn, en borið sinn hlut úr býtum.

Hann byrjaði 16 ára að drekka. Hefur alltaf haft drykkfelldan aðalfélaga, einnig margbrotlegan við lög og reglur.

Síðasta árið hefur hann rífandi atvinnu og verið aðal fyrirvinna móður sinnar, og hefur heimilið rétt mikið við seinustu árin.

Síðastliðið hálft ár hefur hann drukkið meira en áður og fengið nokkrar ölvunarsektir. Hann hefur einnig gerzt sekur um þjófnað og fengið 5 mánaða biðdóm.

9. október 1953 fer hann á skemmtun með öðrum pilti, neytir mikils víns, sækir byssu heim til sín og skýtur viljandi eða óviljandi á bílstjóra, sem er að aka þeim um bæinn, er hann hélt, að bílstjórinn ætlaði með þá á lögreglustöðina. Skýtur síðan í fáti á mannsöfnuð, en hitti engan.

Í réttarhöldunum man hann ýmist ekki eða ónákvæmt, hvað gerzt hefur. En óminni þetta ber verulegan blæ af uppgerð eða „leti", því, að nenna ekki að reyna að rifja upp með sér.

Öll „vitpróf" benda ekki til meira en ca 12 ára aldurs, eða gáfnafar með kvóta 0.8, svo hann verður að teljast vitgrannur, þó ekki svo, að um fávita sé að ræða.

Áfengi verkar auðvitað oft meir og öðruvísi á vitgranna en hina betur gefnu: Þær litlu hömlur, sem þeir hafa, bresta enn auðveldar undan áfenginu en hjá hinum. Þeir vitgrönnu eru talhlýðnari en hinir og því hættara við að renna á hálu svelli lífsins, ef við þeim er stjakað af öðrum. Þessi piltur hefur mikið verið undir áhrifum sér ekki betri drengja, og það einmitt á þýðingarmestu uppvaxtarárunum, þegar skapgerðin helzt mótast.

Vitgrannir eru oft „útsmognir" og harðvítugir í að neita eða þykjast t. d. ekki muna.

Ég fæ ekki séð, að um geðveilu sé að ræða.

Maðurinn er að mínu áliti sakhæfur. En við úttekningu refsingar virðist nauðsynlegt að gæta þess, að hann ekki lendi með sér „verri" mönnum, sem reynslan hefur sýnt, að hafa ill áhrif á hann, eins og við er að búast um vitgranna".

Sigfús Halldórsson var fluttur á Landspítalann um nóttina, og gerði Páll Gíslason læknir þar að áverkum hans. Segir svo í vottorði Páls:

„Við skoðun kom í ljós, að ca 1 cm til h. við miðlínu neðst í hnakka, er tæplega cm stórt sár með dökkleitum kanti (innskotsop). Ca 6 cm til vinstri við þetta op er um 2 mm víð kringlótt rifa í húðina. Röntgenmyndir sýna, að fjölmörg brot sitja á milli höfuðleðurs og hauskúpu. Ekki var um neinar lamanir að ræða eða neinar aðrar objectivar athugasemdir. Sj. kvartaði þó um glæringar fyrir augum og sömuleiðis, að hann heyrði eitthvað illa. Þetta smáminnkaði, og var, að því er virtist, horfið, er hann fór héðan um kl. 6 um morguninn.

Skorið var inn á brotin, og reyndist það vera agnir úr blýkúlu, fjölmörg, af öllum stærðum, frá rúmum cm og niður í smá sand-

korn. Beinið var lítillega skaddað beint fyrir innan innskotsopið. Var þar hola ca 1—2 mm á dýpt og um 1½ cm í þvermál. Ekki var um neina sprungu eða ílanga dæld (sulcus) í áttina að útskotsopi að ræða. Brotin voru öll tínd úr strax, og fór sjúklingur heim til sín að því loknu".

Hinn 28. október fór Sigfús á lyflæknisdeild Landspítalans og lá þar til 14. nóvember. Lýsir yfirlæknirinn, prófessor Jóhann Sæmundsson, meiðslum Sigfúsar ýtarlega í vottorði, dags. 6. janúar s.l., en niðurstaða hans er þessi: „Sjúklingurinn bar einkenni þess, að litli heilinn hafi skaddazt vinstra megin, en einnig sjónstöðvarnar aftast í stórheila, væntanlega vegna heilamars. Er sjúkl. fór af sjúkrahúsinu, voru litla-heila einkenni í rénun, t. d. gekk honum betur að halda jafnvæginu, en sjónsviðið var óbreytt".

Í vottorðinu er annars rakið, að komið hafi fram truflun í að halda jafnvægi líkamans og truflun á sjón, er gæti mest, er slasaði þurfi að einbeita augunum.

Hinn 9. þ. m. skýrir Sigfús svo frá því fyrir dómi, að fjarri fari því, að hann sé búinn að ná sér. Sjónin hafi ekki lagazt og hann hafi þrálátan höfuðverk. Hann kveðst þó lítið eitt vera farinn að vinna.

Jósep Sigurður Gíslason hafði eftir slysið eymsli í mjóbaki og í hægra hné, hrufl á hægra fæti, samkvæmt vottorði Páls Gíslasonar læknis. Röntgenmyndir leiddu í ljós, að um brot var ekki að ræða. Samkvæmt vottorði Úlfars læknis Þórðarsonar hafði Jósep mikið mar á hægra fæti og hægri öxl, brák á síðu og skrámur á hendi. Lá hann 10 daga rúmfastur, en var því næst um ca 2 mánaða skeið í ljósum og stuttbylgjumeðferð hjá Björgvin lækni Finnssyni og hlaut allgóðan bata.

Niðurlag. Verður nú rakið, hvert brot ákærði telst nú hafa framið umrædda nótt, og við hvaða ákvæði þau varða.

1) *Skot í bifreiðinni R 2392.* Ákærði hleypti skoti úr riffli sínum í bifreiðinni. Hann hefur tæpt á því, að skot þetta hafi verið óviljaverk, en telur sig annars lítið muna eftir þessu verki. Þegar litið er til þess, að ákærði hafði í frammi ótvíræðar hótanir við bifreiðarstjórann um að skjóta hann, að athugun á rifflinum bendir gegn því, að skot hafi getað hlaupið af óvart, og loks með tilliti til hegðunar ákærða eftir þetta, sbr. vætti Gísla Sveinbjarnar Magnússonar og lögregluþjóna, er færðu ákærða í varðhald, þykir örugglega sannað, að ákærði hafi af ásetningi hleypt skotinu af. Nú þótt ekki verði litið svo á, að tilgangur ákærða hafi verið að svipta bifreiðarstjórann lífi, hlaut honum að vera ljóst, að lang-líklegast var, að líftjón hlytist af verki hans, þótt svo einstaklega tækist til í þessu tilfelli, að svo fór ekki. Þetta verk verður því að teljast morðtilraun, og ber því að refsa ákærða að þessu leyti fyrir brot gegn 211. gr. sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2) *Meiðsli á Jósep Sigurði Gíslasyni.* Með því að skjóta á bifreiðarstjórann olli ákærði því, að bifreiðin varð stjórnlaus og rakst á Jósep

Sigurð Gíslason, og varð hann fyrir alvarlegum meiðslum. Áður var sú niðurstaða fengin, að ákærði hefði skotið á bifreiðarstjórann viljandi. Meiðsli Jóseps eru afleiðingar af þessu verki og verða að teljast ákærða til sakar vegna gáleysis. Þannig hefur hann gerzt brotlegur við 219. gr. alm. hegningarlaga.

3) *Skot í Austurstræti eða á Lækjartorgi.* Ákærði hleypti skoti úr riffli sínum á nefndum stað, án þess að hann, svo að sannað verði, miðaði því á neinn sérstakan. En upplýst er, að allmargt fólk var á ferli þar um kring, og stofnaði hann með verki sínu lífi eða heilsu manna í augljósan háska. Hann hefur einnig gerzt sekur um brýnt brot gegn 4. mgr. 220. gr. hegningarlaganna og 6. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, en 1., 3. og 4. gr. lögreglusamþykktar á hér ekki við.

4) *Handhöfn ólöglegs skotvopns.* Ákærði kveðst hafa keypt riffil sinn fyrir ca 2 árum og aldrei hafa haft leyfi til að eiga skotvopn. Hann hefur þannig brotið þau ákvæði laga nr. 69/1936 og reglugerðar nr. 105/1936, er ákæra tilgreinir.

5) *Með áfengisneyzlu á veitingastöðum* umrætt kvöld og nótt hefur ákærði brotið 1. mgr. 17. gr. sbr. 37. gr. áfengislaga, svo sem hermt er í ákæru.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga, fortíð ákærða og eðli brots hans hæfilega ákveðin fangelsi 6 ár.

Ítreka ber réttindasviptingu þá samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga, er ákærða hefur verið dæmd í fyrri dómum.

Samkvæmt 1. mgr. 68. gr. alm. hegningarlaga verður ákærði sviptur ævilangt rétti til að öðlast leyfi til að eiga eða hafa í vörzlum sínum skotvopn.

Riffill ákærða skal upptækur ger ríkissjóði til handa samkvæmt 3. gr. laga nr. 69/1936, 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936 og 1. tl. 69. gr. almennra hegningarlaga.

Skaðabótakröfur voru ekki hafðar uppi í máli þessu.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal málssóknar- og málsvarnarlaun skipaðs sækjanda og verjanda, hæstaréttarlögmannanna Einars B. Guðmundssonar og Sveinbjörns Jónssonar, 1500 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Rúnar Sophus Hansen, sæti fangelsi í 6 ár.

Ákærði er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga. Enn fremur er hann ævilangt sviptur rétti til að eiga og hafa í vörzlum sínum skotvopn.

Framangreindur riffill skal upptækur ríkissjóði til handa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda, hæstaréttarlögmannanna

Einars B. Guðmundssonar og Sveinbjörns Jónssonar, 1500 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. maí 1955.

Nr. 54/1954. **Ákæruvaldið** (Gunnar J. Möller)
gegn
Frank Padley (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík hefur eftir uppsögu héraðsdóms markað á sjóuppdrátt siglingu varðskipsins, frá því það hinn 26. marz 1954, kl. 16.34, var statt 5 sjómílur í réttvísandi 297° frá Eldey, unz það kom að b/v Sletnes, G.Y. 526, kl. 20.00 sama dag og setti út dufl í kjölfar hans. Varðskipið sigldi síðan kl. 20.57 frá duflinu að stað, sem er 2.0 sjómílur í réttvísandi 169° frá Malarrifsvita og merktur er D á uppdrættinum og beina leið aftur til duflsins. Reyndist duflið samkvæmt þeirri siglingu vera á stað, sem merktur er E á sjóuppdrættinum og er um 3.0 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Einsýnt þykir, að siglingu varðskipsins frá stað E að stað D beri svo vel saman við siglingu þess frá D og aftur til E, að staður E hljóti að vera svo öruggur, að enginn vafi sé á, að togarinn hafi verið innan fiskveiðitakmarkanna á þeim tíma, er varðskipið kom að honum. Samkvæmt þessu hefur ákærði brotið gegn lagaákvæðum þeim, sem í héraðsdómi greinir, og með hliðsjón af gullgengi íslenzkrar krónu, sem eigi hefur breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, ber að staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Frank Padley, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Lárusar Fjeldsteds, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. marz 1954.

Ár 1954, mánudaginn 29. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1100/1954: Ákæruvaldið gegn Frank Padley, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er Frank Padley, skipstjóri á brezka togaranum Sletnes, G.Y. 526, til heimilis í 49 Tennyson Road, Cleethorpes í Englandi, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkv. 1. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 82/1952 með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara um kl. 2000 hinn 26. þ. m. utarlega í norðanverðum Faxaflóa innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952. Er þess krafizt, að ákærði sæti refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951 og 1. gr. laga nr. 81/1952, svo og að upptæk verði gerð afli og veiðarfæri nefnds togara og að ákærði verði dæmdur til alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 10. apríl 1914 í Grimsby, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Samkvæmt eiðfestri skýrslu Eiríks Kristóferssonar, skipherra á varðskipinu Þór, eru málavextir þessir:

Föstudaginn 26. þ. m. var varðskipið Þór á eftirlitsferð hjá Eldey og djúpt í Faxaflóa. Klukkan 1634 miðaðist Eldey í réttvísandi 117°, fjarlægð 5.0 sjómílur, eftir gíróáttavita og ratsjá. Vegmælir 76.0. Þaðan var haldið í réttvísandi 338°. Klukkan 1950 sýndi vegmælir 114.2, og miðaðist þá togari, sem reyndist vera Sletnes, G.Y. 526, í

7° réttvísandi og bilið milli skipanna þá 1.8 sjómíla. Hélt varðskipið nú beint að togaranum og nam staðar hjá honum klukkan 2000, og var hann þá að toga með stjórnborðsvörpu. Vegmælir varðskipsins stóð þá á 16.0, dýpi mældist 184 metrar. Þar sem sýnt þótti, að togarinn væri innan fiskveiðitakmarkalínunnar, var kallað til skipstjórans, ákærða, að nema staðar, og gerði hann það. Dufl var þá sett frá varðskipinu í kjölfar togarans, en hann tók að innbyrða vörpu sína. Klukkan 2025 var bátur sendur frá varðskipinu yfir í togarann, og fór III. stýrimaður varðskipsins um borð í hann og tjáði ákærða, að til þess væri ætlazt, að hann kæmi yfir í varðskipið. Ákærði gerði það, og var honum þá bent á, að eftir siglingu varðskipsins að dæma væri togarinn innan fiskveiðitakmarkanna. Hann taldi sig ekki vera það, miðað við dýpið og sjókort sitt. Loftskeytamaður togarans kom með ákærða yfir í varðskipið, og voru þeir þar báðir, þar til komið var til hafnar. Varðskipið sigldi nú að duflinu. Klukkan 2057 sýndi vegmælir 17.5, og var þá siglt frá duflinu í réttvísandi 349° þar til klukkan 2206, að Malarrifsviti miðaðist 349° og var í 2.0 sjómílna fjarlægð. Þar var snúið við og siglt að duflinu í réttvísandi 169°. Klukkan 2318 var aftur komið að duflinu, og sýndi vegmælir þá 48.4. Leiddu þessar mælingar í ljós, að staður duflsins, það er að segja staður togarans, þegar varðskipið stöðvaði hann, var 3.0 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Ákærði og loftskeytamaður togarans fylgdust með þessu öllu og töldu það rétt. Tók ákærði fram, að eftir korti varðskipsins væri togarinn innan fiskveiðitakmarkanna, en eftir sínu korti væri hann utan þeirra, miðað við dýpi. Þegar komið var að duflinu klukkan 2318, var farið að vinda af ASA, svo að ekki þótti fært að flytja ákærða yfir í togarann. Var ákveðið að bíða birtu og freista þess að gera sextantmælingar. Morguninn eftir, klukkan 0630, var haldið af stað til Reykjavíkur með togarann eftir ósk ákærða, þar eð sýnt þótti, að ekki væri unnt að gera hornamælingu, enda var vindur þá ASA 8, sjór ASA 4 og skyggni slæmt til landsins. Til Reykjavíkur komu skipin klukkan 1331 hinn 27. þ. m. Þegar varðskipið stöðvaði togarann, var hægviðri, sjór V 3 og slæmt skyggni. Þessa skýrslu hafa I. og II. stýrimaður varðskipsins staðfest, og báðir gerðu þeir athuganirnar á siglingunni frá duflinu upp undir land og aftur út að duflinu. Skýrslur sínar um málavexti hafa þeir báðir staðfest með eiði.

Ákærði og loftskeytamaður togarans hafa báðir viðurkennt skýrslu skipherrans rétta að öllu leyti, en hinn fyrrnefndi heldur því fram, að sér hafi alls ekki verið það ljóst, þegar varðskipið kom að togaranum, að hann væri innan fiskveiðitakmarkanna. Hann hafði kastað vörpunni og byrjað að toga ca 1¾ klukkustund áður en hann var stöðvaður. Þar, sem hann kastaði, var 103 faðma dýpi samkvæmt bergmálsdýptarmæli. Hann togaði í norðlæga stefnu, og þegar hann var stöðvaður, mældist honum dýpið vera 100 faðmar, sem jafngildir sem næst 183 metrum. Þetta dýpi sýndi sjókort togarans

ekki innan fiskveiðitakmarkanna á þessum slóðum, og af því réð ákærði, að hann væri utan takmarkalínunnar. Staðarmælingu gerði ákærði enga, vegna þess að radíó-vitinn á Malarrifi var óvirkur. Þar, sem togarinn var stöðvaður, reyndi ákærði að vísu að miða loftskeytastöðina TFK við Keflavík, en sú tilraun bar ekki árangur.

Að vísu er það svo, að sjókortin sýna ekki fyllilega 100 faðma dýpi á þeim stað, sem togarinn var stöðvaður á, en þrátt fyrir það og með tilliti til nýrra upplýsinga um dýptarmælingar á þessum slóðum þykir með framanskráðum eiðfestum skýrslum skipherrans og I. og II. stýrimanns varðskipsins og viðurkenningu ákærða á mælingum þeirra sannað, að ákærði hafi á þeim tíma, sem í skýrslu skipherrans greinir, verið að botnvörpuveiðum 3.0 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna, og varðar þessi verknaður við þau lagaákvæði, sem talin eru í ákæru.

Samkvæmt þeim refsiákvæðum, sem þar eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar togarans, 523.35 brúttó smálestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skulu allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Sletnes, G.Y. 526, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 800.00.

Dóm þenna kváðu upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómsmennirnir Pétur Björnsson og Þorgrímur Sigurðsson, skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Frank Padley, greiði 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innna 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Sletnes, G.Y. 526, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 800.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. maí 1955.

Nr. 53/1955. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
gegn
Borgardómaranum í Reykjavík.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Synjað um útgáfu stefnu í ógildingarmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 217. gr. laga nr. 85/1936 skotið til Hæstaréttar með kæru 4. apríl þ. á. úrskurði bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn sama dag, en með úrskurði þessum var sóknaraðilja synjað um heimild til útgáfu á ógildingarstefnu. Barst kæran til Hæstaréttar hinn 15. f. m.

Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og honum heimilað að gefa út stefnu til ógildingar veðskuldabréfi því, sem í hinum kærða úrskurði greinir.

Borgardómarinn í Reykjavík hefur ekki sent Hæstarétti greinargerð í málinu.

Beiðni sóknaraðilja til borgardómarans í Reykjavík, dags. 23. marz s.l., um útgáfu ógildingarstefnu fylgdi endurrit úr afsals- og veðmálabókum Reykjavíkur af veðskuldabréfi því, er ógilding skyldi taka til. Er veðskuldabréfið að fjárhæð kr. 10.000.00, útgefið 24. júní 1944 af Ísak Jónssyni til handhafa. Til tryggingar skuldinni veðsetur nefndur Ísak Jónsson „húseign mína, Hjarðarholt við Langholtsveg, ásamt með tilheyrandi erfðafestulandi og mannvirkjum á eigninni".

Í beiðni sóknaraðilja til borgardómarans er þess getið, að við framtal eigna samkvæmt II. kafla laga um eignakönnun nr. 67/1947 hafi enginn talið sér bréf þetta til eignar. Þá hafi framtalsnefnd, er skipuð var samkvæmt nefndum lögum, birt innköllun á bréfinu í 59. tölublaði 42. árgangs Lögbirtingablaðs, sem út kom hinn 17. september 1949, en enginn lýst bréfinu samkvæmt þeirri innköllun.

Við athugun á nefndu tölublaði Lögbirtingablaðsins kemur í ljós, að þar er ekki talið með í innköllunartilkynningu

neitt veðskuldabréf með veði í Hjarðarholti við Langholtsveg. Hins vegar er þar talið veðskuldabréf að fjárhæð kr. 10.000.00, útgefið til handhafa 24. júní 1944 með veði í „Þvottal.bl. XXX" og eigandi veðs talinn Bergþór N. Magnússon. Nú hefur verið lagt fram í Hæstarétti í kærumáli þessu af hálfu sóknaraðilja vottorð borgarstjórans í Reykjavík, dags. 28. apríl s.l., þar sem því er lýst, að húsið Hjarðarholt við Langholtsveg standi á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXX, þinglesinni eign Bergþórs Magnússonar. Má því ætla, að bréf það, sem greinir í innkölluninni, sé hið sama og það, sem sóknaraðili vill nú fá ógilt með dómi, en þar sem veðinu er lýst á allt annan veg í innkölluninni en í bréfinu sjálfu, þá verður að telja innköllunina svo ófullnægjandi og villandi, að sóknaraðili eigi ekki rétt til að fá gefna út ógildingarstefnu á grundvelli hennar. Þykir því bera að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 4. apríl 1955.

Með bréfi, dags. 23. f. m., hefur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs farið þess á leit, að gefin verði út stefna til ógildingar á veðskuldabréfi að fjárhæð kr. 10.000.00, útgefnu 24. júní 1944 af Ísak Jónssyni til handhafa, en veðskuldabréf þetta var tryggt með 5. veðrétti í húseigninni Hjarðarholti við Langholtsveg hér í bænum ásamt tilheyrandi erfðafestulandi og mannvirkjum á eigninni.

Skýrir fjármálaráðherra svo frá, að við framtal eigna samkvæmt lögum um eignakönnun nr. 67 frá 1947 hafi enginn talið sér bréf þetta til eignar. Eigandi bréfs þessa hafi ekki heldur gefið sig fram síðar, þrátt fyrir innköllun framtalsnefndar, sem birt var í Lögbirtingablaðinu 17. september 1949. Með vísan til þessa og ákvæða 40. gr. laga nr. 67 frá 1947 telur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, að bréf þetta hafi orðið hans eign, en þar sem hann hafi ekki í höndum frumrit þess, beri honum nauðsyn til að fá það ómerkt með dómi, svo að hann geti neytt eignarréttar síns samkvæmt því.

Í 3. mgr. 40. gr. laga nr. 67 frá 1947 segir svo: „Eftir að tilkynningarfrestur er liðinn, skal birta opinbera innköllun til eigenda verðbréfa, sem ekki hafa verið tilkynnt. Innköllunarfrest ákveður framtalsnefnd. Ef eigandi bréfs kemur ekki fram samkvæmt inn-

kölluninni innan loka innköllunarfrests, fellur verðbréfið ásamt vöxtum og arði eða andvirði þess, óskert í ríkissjóð."

Ekki verður talið, að lagaákvæði þetta eitt út af fyrir sig veiti fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs fulla eignarheimild að fyrrgreindu veðskuldabréfi, enda þótt eigandi þess hafi ekki gefið sig fram. Þá eru og engin rök að því leidd, að frumrit bréfs þessa sé glatað eða horfið.

Þegar þetta er virt, þykja ekki efni til að leyfa útgáfu stefnu til ógildingar á fyrrgreindu veðskuldabréfi.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Synjað er um leyfi til útgáfu stefnu til ógildingar á framangreindu veðskuldabréfi.

Fimmtudaginn 5. maí 1955.

Nr. 87/1954. **Magnús Vigfússon** (Kristinn Gunnarsson hdl.)

gegn

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs (Jónas Thoroddsen hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um ábyrgð Reykjavíkurbæjar vegna vátryggingar húseigna í bænum.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júní 1954 og fengið gjafsókn í því. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 12.581.61 eða til vara aðra lægri fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 17. nóvember 1946 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Laun skipaðs málflytjanda áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00, greiðist úr ríkissjóði, en að öðru leyti ber hvor aðili sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málflutningslaun skipaðs málflytjanda áfrýjanda fyrir Hæstarétti, héraðsdómslögmanns Kristins Gunnarssonar, kr. 1800.00, greiðist úr ríkissjóði. Að öðru leyti ber hvor aðili sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. apríl 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., hefur Magnús Vigfússon húsasmíðameistari, Bókhlöðustíg 11, hér í bæ, sem fengið hefur gjafsókn í héraði með bréfi dómsmálaráðherrans, dags. 26. marz 1953, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. s. m., gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, *aðallega* til greiðslu á kr. 12.581.61 auk 6% ársvaxta frá 17. nóvember 1946 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, en *til vara* til greiðslu lægri fjárhæðar eftir mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og ríflegs málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Hinn 17. nóvember 1946 brann nokkur hluti húss stefnanda nr. 11 við Bókhlöðustíg, hér í bænum. Húsið var þá vátryggt hjá Almennum tryggingum h/f, hér í bæ, samkvæmt samningi milli þess félags og bæjarstjórnar Reykjavíkur f. h. Reykjavíkurkaupstaðar. Samningur þessi gilti frá 1. apríl 1944 um 5 ára bil, og segir í 2. gr. samningsins, að hann sé gerður samkvæmt lögum nr. 1 frá 26. marz 1924 og lögum nr. 87 frá 1943. Í desembermánuði 1946 fékk stefndi tilkynningu frá vátryggingarfélaginu um það, að tjón á húsi hans vegna brunans hafi verið metið á kr. 28.600.00. Stefnandi taldi sig eftir atvikum geta unað þessari bótafjárhæð og fór nokkru síðar á skrifstofu vátryggingarfélagsins í því skyni að sækja tjónsbæturnar, er hann taldi víst, að hann mundi fá greiddar að fullu. En þegar á skrifstofuna kom, var honum tjáð, að félagið vildi aðeins greiða kr. 16.018.39 sem fullnaðargreiðslu. Þar sem stefnandi vildi ekki una þessu, höfðaði hann mál á hendur vátryggingarfélaginu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 1. júní 1947, til greiðslu fjárhæðar þeirrar, sem tjónið hafði verið metið til. Reisti stefnandi kröfur sínar á hendur félaginu á því, að samkvæmt fyrrnefndum lögum skyldu öll hús í Reykjavík vera fulltryggð og vá-

tryggingarfjárhæð þeirra ákveðin með mati dómkvaddra manna sem fullt tryggingarverð eftir ákvæðum laganna sjálfra. Samkvæmt þessu taldi stefnandi, að vátryggingarverð húss hans, eins og það var, er bruninn varð, væri full trygging hússins, þó þannig, að hann ætti aldrei kröfu til hærri fjárhæðar en vátryggingarverðsins, þó að húsið kynni að eyðileggjast algerlega í eldsvoða, en hins vegar lögvarða kröfu til fullra tjónbóta vegna bruna, meðan mat tjónsins færi eigi fram úr vátryggingarverðinu.

Vátryggingarfélagið taldi á hinn bóginn, að samkvæmt samningi þess við Reykjavíkurbæ bæri því eigi að greiða meira af brunatjóni neins húss en sem svaraði jafnmiklum hluta brunatjónsins sem vátryggingarverð væri mikill hluti sannvirðis húss á þeim tíma, er það yrði fyrir brunatjóni. Skírskotaði félagið í þessu efni til ákvæða í 2. tölulið 6. gr. almennra vátryggingarskilyrða, sem um hafði verið samið, en þar segir, að fari andvirði þeirra muna, er til voru rétt fyrir brunann, fram úr vátryggingarfjárhæð, þá verði bætt hlutfallslega (pro rata).

Hús stefnanda var á þeim tíma, er brunatjónið varð, vátryggt fyrir kr. 53.600.00, en samkvæmt mati, sem vátryggingarfélagið lét framkvæma samtímis mati á brunatjóninu, var sannvirði hússins metið kr. 95.700.00. Taldi vátryggingarfélagið sér ekki skylt samkvæmt framansögðu að greiða stefnanda nema kr. 16.018.39, en það er jafnmikill hluti brunatjónsins og vátryggingarverð hússins er mikill hluti sannvirðismatsins, kr. 95.700.00.

Dómur gekk í bæjarþingi Reykjavíkur hinn 20. marz 1948 í máli stefnanda á hendur vátryggingarfélaginu og var á þá leið, að félagið var aðeins dæmt til að greiða stefnanda kr. 16.018.39 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi málsins til greiðsludags og kr. 1.800.00 í málskostnað. Þessum dómi vildi stefnandi ekki una og áfrýjaði honum því til Hæstaréttar með stefnu 18. júní 1948. Hæstaréttarmálinu lauk með dómi réttarins, uppkveðnum 23. apríl 1951, og voru úrslitin þau, að dómur bæjarþingsins var staðfestur.

Samkvæmt úrslitum málsins á hendur vátryggingarfélaginu vantar stefnanda kr. 12.581.61, eða hina umstefndu fjárhæð í máli þessu, á það, að hann hafi fengið fjárhæð þá, sem brunatjónið á húsi hans vegna eldsvoðans 17. nóvember 1946 var metið til, greidda að fullu. Telur stefnandi, að bæjarsjóður Reykjavíkur beri gagnvart honum sem húseiganda hér í bænum ábyrgð á tjóni því, sem hann hafi þannig orðið fyrir. Í fyrsta lagi reisir stefnandi bótaskyldu stefnda á því, að 1. gr. laga nr. 1 frá 1924 hafi lagt þá skyldu á bæjarstjórn Reykjavíkur að semja um fulltryggingu á öllum húsum í bænum, og í 2. gr. sömu laga séu sett ófrávíkjanleg ákvæði um ákvörðun vátryggingarfjárhæðanna, svo og um það, að vátryggingarfjárhæðirnar skyldu teljast fullvirði húsanna til brunabóta. Lögin hafi því ákveðið fjárhæðir vátryggingarskírteinanna, þau hafi með öðrum orðum verið verðsett með lögum. Á þessu hafi lög nr. 87 frá

1943 enga breytingu gert, en aðeins ákveðið, að hækka skyldi vátryggingarverð húsanna eftir tilteknum reglum. Nú sé það svo, að eftir almennt viðurkenndum vátryggingarreglum heimili verðsett vátryggingarskírteini vátryggðum kröfu til fullra tjónbóta allt að vátryggingarverði, þ. e. a. s. meðan tjónið fari ekki fram úr því. Þetta hafi bæjarstjórnin vitað eða átt að vita, en eigi að síður hafi hún samið svo við vátryggjanda, sem ákvæði 2. töluliðs 6. gr. hinna almennu vátryggingarskilyrða beri vitni um. Slíkt hafi henni verið óheimilt.

Í öðru lagi reisir stefnandi bótaskyldu stefnda á því, að bæjarstjórnin hafi átt að sjá um, að vátrygging húsa í borginni væri full trygging. Vanrækslu starfsmanna bæjarins hafi verið um það að kenna, að svo var ekki. Snemma í maí 1944 hafi stefndu hlotið að vera það ljóst, að húsin í bænum voru vantryggð, en hinn 5. maí 1944 tilkynnti Hagstofa Íslands borgarstjóra Reykjavíkur með bréfi útreikning sinn á vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík fyrir árin 1940—1943. Var vísitalan árið 1940 133 stig, árið 1941 197 stig, árið 1942 286 stig og árið 1943 340 stig. Jafnframt var þess getið í bréfinu, að hvert ár miðaðist við tímabilið frá 1. október til 30. september, t. d. vísitalan 1940 við tímabilið 1. október 1939 til 30. september 1940. Af vísitölunum hafi mátt sjá, að þær hafi ekki gefið nægilega til kynna verðhækkanir húsa hér í bænum, og hefði bæjarstjórn þá átt að hefjast handa.

Þá telur stefnandi, að hús hans, sem árið 1943 var metið til brunabóta á kr. 53.600.00, hafi þá verið metið of lágt af matsmönnunum, en á því beri stefndi ábyrgð. Bæjarstjórnin hefði átt að hafa eftirlit með mötunum og staðfesta þau.

Loks reisir stefnandi varakröfu sína á því, að afskipti stefnda af brunabótamálum í bænum hafi verið svo mikil, að rétt hafi verið fyrir einstaklingana að skoða bæjarstjórn sem forsjón sína í þessum efnum. Eigi stefndi því að bera hluta tjóns þess, sem stefnandi hafi beðið vegna þess, að hús hans var vantryggt.

Stefndi hefur mótmælt öllum framangreindum málsástæðum stefnanda. Reisir hann kröfu sína um sýknu á því, að hann hafi á allan hátt farið eftir fyrirmælum fyrrgreindra laga (nr. 1/1924 og nr. 87/1943) og rækt í hvívetna skyldur þær, sem lög þessi lögðu honum á herðar. Telur stefndi, að það hafi að sjálfsögðu verið skylda hvers húseiganda að fylgjast með því, að hús hans væri á hverjum tíma tryggt fullu verði. Þetta hafi verið húseigendum auðvelt, þar sem hver gjaldseðill fyrir vátryggingariðgjaldi hafi borið með sér vátryggingarfjárhæð viðkomandi húss og hver húseigandi hafi haft heimild til þess að fá hús sitt endurmetið til brunabóta, ef hann teldi það vantryggt. Þetta hafi stefnanda og öðrum húseigendum í Reykjavík verið eða átt að vera ljóst, og það hafi þannig verið á áhættu húseiganda, hvort hús hans var fulltryggt eða ekki. Telur stefndi, að bæjarstjórn Reykjavíkur hafi í raun réttri gengið lengra

en henni hafi verið skylt í því efni að gæta hagsmuna húseigenda, þar sem lög nr. 87 frá 1943 hafi verið sett að hennar tilmælum, en ákvæðum þeirra hafi verið ætlað að koma því til leiðar, að brunabótamöt húsa í Reykjavík hækkuðu í samræmi við hækkaðan byggingarkostnað.

Í 1. gr. laga nr. 1 frá 1924 segir: „Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að semja við eitt eða fleiri brunabótafélög um tryggingu gegn eldsvoða á öllum húsum í Reykjavík, enda staðfesti atvinnumálaráðherra slíkan samning". Samkvæmt heimild í þessu ákvæði samdi bæjarstjórnin, svo sem áður segir, við Almennar tryggingar h/f um brunatryggingu á öllum húsum í Reykjavík um 5 ára tímabil frá 1. apríl 1944 að telja. Í 2. gr. sömu laga segir: „Hafi bæjarstjórn gert slíkan samning, skulu öll hús í lögsagnarumdæminu, hvort sem þau eru almenningseign eða einstakra manna, tryggð hjá félögum þeim, sem samið er við, með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna og með þeim kjörum og fyrir þau iðgjöld, sem samningurinn tiltekur. Bæjarstjórnin skal hafa eftirlit með virðingargerðunum, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en hún álítur hæfilega. Ný hús skal virða ekki síðar en 4 vikum eftir að þau voru fullgerð eða tekin til afnota."

Í því ákvæði hér að framan, að öll hús í lögsagnarumdæminu skuli tryggð hjá félögum þeim, sem samið er við, með fullu verði þeirra eftir mati dómkvaddra manna, verður ekki talið felast meira en það, að bæjarstjórninni hafi borið að sjá um, að hæfir menn væru dómkvaddir til þess að virða húseignir í bænum og þá jafnframt að hafa eftirlit með því, að húseigendur fengju brunabætur í samræmi við mat þessara virðingarmanna. Til þess verður ekki ætlazt af bæjarstjórn, að hún fylgdist með virðingum til brunabóta á einstökum húseignum, og verður því að fallast á það hjá stefnda, að húseigendum hafi sjálfum borið að vera á verði um það og bera áhættuna á því, hvort húseignir þeirra væru virtar til fullnaðarverðs eða ekki. Samkvæmt þessu verður og ekki talið, að vátryggingarskírteini húseigna í Reykjavík hafi verið verðsett með lögum, og var bæjarstjórn heimilt að semja svo sem gert var í 2. tölulið 6. gr. hinna almennu vátryggingarskilyrða.

Með lögum nr. 87 frá 1943 var tveimur málsgreinum bætt við 2. gr. laga nr. 1 frá 1924, svohljóðandi: „Bæjarstjórn er heimilt að breyta árlega brunabótaverði húsa samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík eftir reglum, er bæjarstjórn setur með samþykki ráðherra. Vísitölu byggingarkostnaðarins reiknar Hagstofa Íslands árlega í janúarmánuði samkvæmt verðlagi næstliðins árs, miðað við byggingarkostnað árið 1939. Fyrir janúarlok 1944 reiknar Hagstofan vísitölu byggingarkostnaðar árin 1940—1942".

Samkvæmt ákvæði fyrri málsgr. samþykkti bæjarstjórn í marzmánuði 1944 reglur um breytingar á brunabótaverði húsa í Reykja-

vík eftir vísitölu byggingarkostnaðar, og var þeim beitt næstu árin. Síðar voru í apríl 1947 staðfestar af ráðherra nýjar slíkar reglur.

Áður hefur verið getið um útreikning Hagstofunnar á vísitölu byggingarkostnaðar fyrir árin 1940—1943. Vísitalan fyrir 1944, eða tímabilið 1. október 1943 til 30. september 1944, var 356, vísitalan fyrir 1945 var 357, vísitalan fyrir 1946 var 388 og vísitalan fyrir 1947 var 434. Vísitölurnar fyrir árin 1944, 1945 og 1946 voru birtar í janúarblaði Hagtíðindanna hvert áranna 1945, 1946 og 1947, en vísitalan fyrir tímabilið 1. október 1946 til 30. september 1947 var birt í desemberblaði Hagtíðindanna 1947.

Brunabótavirðing sú á húsi stefnanda, kr. 53.600.00, sem fram fór á árinu 1943 og framkvæmd var eftir ákvæðum 2. gr. laga nr. 1 frá 1924, hélzt óbreytt, þar til bruninn varð 17. nóvember 1946, enda leiddu ákvæði laga nr. 87 frá 1943 og reglur settar samkvæmt þeim ekki til hækkunar á brunabótavirðingunni, þar sem í reglunum var ákveðið, að brunabótaverðið skyldi haldast óbreytt næsta tryggingarár, ef vísitalan sýndi ekki meiri breytingu á gildandi brunabótaverði en 5%.

Hér að framan kemur fram, að Hagstofan hefur miðað vísitöluútreikning sinn við annað tímabil en lög nr. 87 frá 1943 virðast hafa gert ráð fyrir, en um það atriði hefur bæjarstjórn Reykjavíkur ekki getað haft hönd í bagga.

Þegar virt er það, sem hér að framan er rakið, verður ekki annað séð en að stefndi hafi farið eftir fyrirmælum hinna tilvitnuðu lagaákvæða, að því er varðar brunatryggingar húsa hér í bænum, þar á meðal að því er varðar brunatryggingu á húsi stefnanda. Þykir frekari skylda til forsjónar hagsmunum húseigenda í þessu efni ekki verða lögð á stefnda. Ber því að sýkna hann af kröfum stefnanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður. Málssóknarlaun skipaðs talsmanns sækjanda, Sveinbjarnar Jónssonar hæstaréttarlögmanns, er þykja hæfilega ákveðin kr. 3500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Vegna þingleyfis í sambandi við páskahátíðina, og þar sem mál þetta er all viðamikið, hefur dómur eigi orðið kveðinn upp í því fyrr.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Magnúsar Vigfússonar, í máli þessu, og falli málskostnaður í því niður.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns sækjanda, Sveinbjarnar Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00, greiðast úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 10. maí 1955.

Nr. 59/1953. **Bæjarstjórinn í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs**
(Jóhann Steinason hdl.)
gegn
Guðbjörgu Kristjánsdóttur
(Sigurður Reynir Pétursson hdl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fébótaábyrgð bæjarsjóðs vegna brota á ákvæðum byggingarsamþykktar og skipulagslaga.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. apríl 1953. Krefst hann sýknu af dómkröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 19. apríl 1955, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 13. s. m. Krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur bótaskyldur fyrir óþægindi og tjón, sem hún hafi hlotið af því, að austurálma barnaskólahússins í Hafnarfirði sé ólöglega staðsett og byggð, að því leyti:

1. *að* álman, eins og hún er gerð, sé ólöglega nálægt lóðarmörkum hússins Gerðis,
2. *að* álman sé ólöglega há, miðað við fjarlægð hennar frá Gerði,
3. *að* bygging álmunnar brjóti í bág við skipulagsuppdrátt Hafnarfjarðar.

Þá krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hefur ýmissa nýrra gagna verið aflað í máli þessu. Þar á meðal hefur gagnáfrýjandi fengið dómkvadda tvo sérfróða menn til að láta uppi álit um, hvort það, að austurálma framangreinds barnaskólahúss sé nær lóðarmörkum Gerðis en leyft er í byggingarsamþykkt, valdi íbúum Gerðis óhagræði og verðrýrnun á eigninni. Í

sambandi við matsgerð þessa, sem matsmenn hafa staðfest fyrir dómi, hafa þeir látið framkvæma mælingar á vettvangi og gera uppdrátt, byggðan á þeim mælingum. Þá hefur skipulagsnefnd ríkisins og lýst því, að ekki sé gert ráð fyrir, að húsið Gerði eigi að hverfa samkvæmt hinum staðfesta skipulagsuppdrætti fyrir Hafnarfjörð og að nefndin telji, að á uppdrætti þessum sé einungis ákveðin staðsetning barnaskólans, en ekki stærð hans né lögun frekar en annarra bygginga.

Gagnáfrýjandi máls þessa eignaðist húseignina Gerði, áður en vitað var, að reist yrði viðbygging sú við barnaskólann, sem gerð var á árunum 1946 og 1947 og lýst er í héraðsdómi. Með byggingu austurálmu húss þessa, sem er með gluggum á austurgafli, hefur verið brotið gegn ákvæðum 2. liðs 15. gr. og 17. gr. byggingarsamþykktar fyrir Hafnarfjörð nr. 114/1916, þar sem styzta fjarlægð milli austurgafls viðbyggingarinnar og lóðarmarka Gerðis er 1.65 m, í stað 3.15 m, sem er lágmark samkvæmt nefndum ákvæðum byggingarsamþykktarinnar.

Samkvæmt c-lið 11. gr. laga nr. 55/1921 um skipulag kauptúna og sjávarþorpa skulu fjarlægðir á milli húshliða í íbúðargötum að jafnaði miðaðar við það, að hornið milli láréttrar línu neðst úr gluggum íbúðarherbergja á aðalsólarhlið húsa og línu frá næsta húsmæni, sem ber við loft, sé eigi meira en 26°, nema skipulag byggða þorpsins eða halli á bæjarstæðinu geri það ókleift, en engu slíku er til að dreifa hér. Eftir því sem segir í áðurgreindri matsgerð hinna dómkvöddu manna, eru samsvarandi horn úr gluggum á vesturhlið Gerðis 40° 04′ og 32° 27′. Hefur því einnig verið brotið gegn framangreindu ákvæði skipulagslaga með hæð á austurálmu viðbyggingar barnaskólans.

Með skírskotun til þess er segir í því áliti skipulagsnefndar, sem áður getur, verður hins vegar ekki séð, að bygging austurálmu barnaskólans brjóti í bág við hinn staðfesta skipulagsuppdrátt fyrir Hafnarfjörð.

Telja verður, að gagnáfrýjandi geti sótt aðaláfrýjanda til greiðslu bóta fyrir það tjón, sem hún hefur hlotið af því, að byggingaryfirvöld bæjarins brutu gegn framangreindum

ákvæðum byggingarsamþykktar og skipulagslaga. Verða þær dómkröfur gagnáfrýjanda, sem hún hefur uppi í þessum hluta málsins, því teknar til greina í samræmi við það og aðaláfrýjanda dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 7000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjanda, bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs, ber að bæta gagnáfrýjanda, Guðbjörgu Kristjánsdóttur, það tjón, er hún hefur hlotið af því, að brotið var gegn framangreindum ákvæðum 15. gr. og 17. gr. byggingarsamþykktar fyrir Hafnarfjörð nr. 114/1916 og c-lið 11. gr. laga nr. 55/1921.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 7000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 20. apríl 1953.

Ár 1953, mánudaginn 20. apríl, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, sem dómsforseta og meðdómendunum Gunnlaugi Halldórssyni arkitekt og Vigfúsi Sigurðssyni trésmíðameistara uppkveðinn dómur í framangreindu máli.

Með dómi Hæstaréttar 12. október 1950 var undirréttardómur í þessu máli ómerktur og því vísað heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Hefur þetta hvorttveggja verið gert og málið síðan tekið til dóms að nýju 27. marz s.l.

Mál þetta er upphaflega höfðað með stefnu, dagsettri 23. janúar 1948, af stefnandanum, Guðbjörgu Kristjánsdóttur, þá til heimilis í Gerði hér í bæ, gegn bæjarstjóranum hér, sem þá var Eiríkur Pálsson, f. h. bæjarsjóðs til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 12.000.00 vegna verðrýrnunar á húseigninni Gerði og óþæginda, er orðið hafa vegna byggingar vesturálmu barnaskólans hér, auk 5% ársvaxta af upphæðinni og greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Af hálfu stefnds bæjarfélags er kröfum stefnandans mótmælt, krafizt sýknu og hæfilegs málskostnaðar úr hendi stefnandans.

Við endurupptöku málsins hefur það orðið samkomulag að skipta málinu þannig, að fyrst gangi dómur um skaðabótagrundvöllinn og síðan, ef til kemur, verði dæmt um tölulega upphæð fébótanna.

Kröfu sína við fyrri hluta málsins orðar stefnandinn þannig:

1. Að stefndi, Helgi Hannesson f. h. Hafnarfjarðarbæjar, verði dæmdur bótaskyldur fyrir óþægindi og tjón, sem stefnandinn hafi beðið vegna þess, að austurálma barnaskólans sé ólöglega staðsett og ólöglega byggð.
2. Að viðurkent verði með dómi, að staðsetning og bygging álmunnar sé ólögleg í eftirfarandi atriðum:
   a. Of nærri lóðarmörkum Gerðis, þar sem ekki sé eldvarnarveggur fyrir né álma gluggalaus á þeirri hlið.
   b. Álman sé ólöglega há.

Þá er krafizt greiðslu málskostnaðar í þessum hluta málsins.

Af hálfu stefnda er mótmælt öllum kröfum stefnandans og krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnandans.

Sáttaumleitun reyndist árangurslaus.

Málavextir eru þessir:

Á árunum 1946 og 1947 lét bæjarsjóður Hafnarfjarðar reisa viðbótarbyggingu við austurenda skólahússins. Viðbótarbygging þessi, sem er austurálma skólahússins, var teiknuð af húsameistara ríkisins í maí 1945 og samþykkt af byggingarnefnd Hafnarfjarðar 6. júní s. á.

Viðbygging þessi var staðsett samkvæmt skipulagsuppdrætti, sem samþykktur var af samgöngumálaráðuneytinu 18. marz 1933 samkvæmt lögum nr. 55 frá 27. júní 1921. Stefnandi máls þessa, Guðbjörg Kristjánsdóttir, var eigandi næsta íbúðarhúss, Gerðis, og lá lóð hennar að barnaskólalóðinni, þar sem austurálman var reist. Samkvæmt fyrrgreindum skipulagsuppdrætti á íbúðarhúsið Gerði að fara burt af þeim stað, sem það nú er á, en 4 m breiður vegur að koma þarna milli skólans og fyrirhugaðrar byggingar næst fyrir austan.

Veggháð á gafli austurálmu skólans hefur reynzt 11.35—11.45 metrar, en minnsta fjarlægð frá viðbyggingunni að lóðamörkum Gerðis 1.65 metrar, og á þessum gafli austurálmunnar eru 4 gluggar. Þáverandi eigandi Gerðis, stefnandi í máli þessu, telur, að byggingarsamþykkt bæjarins nr. 114 frá 25/8 1916 hafi verið brotin með þessum framkvæmdum með því að byggingarsamþykktin mæli svo fyrir, að stytzta fjarlægð frá gafli að lóð, þegar til hagar eins og hér, sé 3.15 metrar, og ekki megi hafa glugga á gafli, þegar nær sé byggt, og enn fremur sé veggháð meiri en samþykktin leyfir. Afleiðing af þessum ólöglegu framkvæmdum stefnds bæjarfélags sé verðrýrnun eignarinnar og óþægindi ýmis konar.

Það er upplýst í málinu, að stefnandinn, Guðbjörg Kristjánsdóttir, er ekki lengur eigandi Gerðis, heldur Sæmundur Jóhannesson samkvæmt makaskiptasamningi, dags. 28. júní 1949. Liggur fyrir yfirlýsing hans um, að hann hafi ekki áhuga á að taka þátt í málaferlum þessum. Í munnlegum flutningi málsins hélt umboðsmaður stefnds bæjarfélags því fyrst og fremst fram, að aðild stefnanda í málinu sé vefengd og ekki sönnuð og vísar í fyrrgreindan maka-

skiptasamning. Í öðru lagi, að þótt þannig yrði litið á, að stefnandinn hafi einhverja aðild eða hluta aðildar í málinu, þá væri það samaðild við núverandi eiganda hússins, óaðskiljanleg aðild hans. Um bótaskylduna ætti ekki að dæma í tvennu lagi, það sé afstaða eignarinnar sem heildar gagnvart skipulaginu, sem dæma beri um.

Ekki getur rétturinn fallizt á þessa röksemdafærslu umboðsmanns stefnda. Bótakrafa stefnandans á hendur hinu stefnda bæjarfélagi er fjárkrafa, sem stefnandinn getur framfylgt án tilverknaðar hins nýja eiganda, með því að ekki verður séð, að hann hafi fengið kröfu þessa framselda með eigninni, og enn fremur hefur hinn nýi kaupandi allt aðra afstöðu gagnvart efni máls þessa, þar sem honum meðal annars var eða átti að vera ljóst, að hverju hann gekk varðandi þessi atriði.

Rétturinn getur því ekki samkvæmt framansögðu fallizt á að sýkna eða frávísa málinu vegna aðildarskorts eða ófullnægjandi aðildar. Ber því að þessu sinni að dæma um skaðabótaskylduna.

Eins og áður hefur verið fram tekið, er austurálma barnaskólans nær lóð stefnandans, þar sem stytzt er á milli, en byggingarsamþykkt leyfir, eða aðeins 1.65 metra í stað 3.15 metra, hins vegar virðist vegghæð samrýmast ákvæðum byggingarsamþykktarinnar, sem leyfir, að vegghæðin sé allt að 12 metrum á steinhúsum. Ekki verður betur séð en austurálma barnaskólans sé staðsett samkvæmt skipulagsuppdrætti.

Samkvæmt framansögðu fellst rétturinn því á, að stefndi sé skaðabótaskyldur um það tjón og óþægindi, er stefnandinn hefur beðið fyrir það, að umrædd bygging er nær lóðarmörkum en byggingarsamþykkt ákveður, þar sem gluggar eru á gafli, en bótaskyldan nær aðeins til þess, sem umfram er það, sem byggingarreglur leyfa samkvæmt framansögðu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt að taka kröfu stefnandans um málskostnað í þessum hluta málsins til greina, og þykir hann hæfilega metinn kr. 500.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Helga Hannessyni f. h. bæjarsjóðs Hafnarfjarðar, ber að bæta stefnandanum, Guðbjörgu Kristjánsdóttur, það tjón og óþægindi, sem hún hefur orðið fyrir sem eigandi eignarinnar Gerðis hér og stafar af því, að austurálma barnaskólans hefur verið reist nær lóðarmörkum Gerðis en byggingarsamþykkt leyfir og gluggar eru á gafli, sem með þessari fjarlægð ætti að vera eldvarnarveggur samkvæmt sömu samþykkt.

Þá greiði stefndi stefnanda kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 10. maí 1955.

Nr. 128/1954. **Póst- og símamálastjórnin**
(Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Félagi útvarpsvirkja í Reykjavík
(Gústaf A. Sveinsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um rétt til útvarpsvirkjunar og starfsheitis.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 3. ágúst 1954. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu, dags. 16. ágúst 1954. Gerir hann hér fyrir dómi eftirgreindar kröfur:

1. Að aðaláfrýjandi verði að viðlögðum dagsektum til gagnáfrýjanda eftir mati Hæstaréttar dæmdur til a) *að* taka upp í atvinnu- og viðskiptaskrá talsímanotenda í Reykjavík og Hafnarfirði í símaskránni undir liðnum „Útvarpsvirkjar" nöfn útvarpsvirkjameistaranna Friðriks A. Jónssonar, Georgs Ámundasonar, Jóhanns V. Sigurjónssonar og Ólafs Jónssonar, og undir liðnum „Útvarpsviðgerðir" nöfn útvarpsvirkjameistaranna Friðriks A. Jónssonar og Jóhanns V. Sigurjónssonar, og b) *að* skrá við nöfn útvarpsvirkjameistaranna Friðriks A. Jónssonar, Georgs Ámundasonar, Jóhanns V. Sigurjónssonar og Ólafs Jónssonar í stafrófsskránni um talsímanotendur í Reykjavík og Hafnarfirði starfsheiti þeirra „útvarpsvirkjameistari".

2. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda fyrir hvern einstakan útvarpsvirkjameistaranna Friðriks A. Jónssonar, Georgs Ámundasonar, Jóhanns V. Sigurjónssonar og Ólafs Jónssonar skaðabætur fyrir atvinnuspjöll og aukin útgjöld með kr. 5000.00.

3. Að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að greiðsla dagsekta skal hefjast 60 dögum eftir birtingu dóms þessa, ef aðaláfrýjandi hefur þá ekki fullnægt verkskyldu sinni eftir dóminum.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að greiðsla dagsekta skal hefjast að liðnum 60 dögum frá birtingu dóms þessa, ef aðaláfrýjandi, Póst- og símamálastjórnin, hefur þá ekki fullnægt verkskyldu sinni samkvæmt dóminum.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda, Félagi útvarpsvirkja í Reykjavík, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. júní 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. þ. m., hefur Félag útvarpsvirkja í Reykjavík f. h. eftirtalinna félagsmanna sinna þeirra: Friðriks A. Jónssonar, Georgs Ámundasonar, Ólafs Jónssonar og Jóhanns V. Sigurjónssonar, allra hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 1. október f. á., gegn Póst- og símamálastjórninni, hér í bænum.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur:

að stefnda verði skylduð til að taka upp í starfsskrá símaskrárinnar undir lið „Útvarpsvirkjar" nöfn allra fyrrnefndra manna og einnig undir lið „Útvarpsviðgerðir" nöfn þeirra Friðriks A. Jónssonar og Jóhanns Sigurjónssonar,

að við nöfn allra nefndra manna verði í stafrófsskránni um talsímanotendur í Reykjavík í símaskránni skráð starfsheiti þeirra „útvarpsvirkjameistari",

að stefnda verði dæmd til að fullnægja framangreindum dómkröfum að viðlögðum hæfilegum dagsektum til stefnanda eftir mati dómarans,

að stefnda verði dæmd til að greiða hverjum einstökum oftnefndra manna kr. 5000.00 í skaðabætur fyrir atvinnuspjöll og aukin útgjöld vegna aðgerða stefndu og

að stefnda verði dæmd til að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati dómara.

Stefnda hefur krafizt sýknu af öllum framangreindum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Í símaskrá Landssíma Íslands 1950 voru nöfn oftnefndra félagsmanna stefnanda, þeirra Friðriks, Georgs, Ólafs og Jóhanns, felld niður úr viðskiptaskrá símaskrárinnar undir lið „Útvarpsviðgerðir" svo og undir lið „Útvarpsvirkjar". Þá var titill Ólafs Jónssonar „útvarpsvirkjameistari" felldur niður við nafn hans í talsímanotendaskrá símaskrárinnar. Samkvæmt vottorði lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 4. þ. m., hafa allir þessir menn öðlazt meistararéttindi í útvarpsvirkjun, Friðrik hinn 26. október 1942, Georg hinn 28. janúar 1943, Ólafur hinn 21. ágúst 1944 og Jóhann hinn 27. júlí 1950. Er prentun símaskrárinnar 1954 var í undirbúningi, fengu þeir Friðrik, Georg og Jóhann vitneskju um, síðla árs 1953, að felldur yrði niður úr símaskránni titill þeirra „útvarpsvirkjameistari". Mótmæltu þeir þessari fyrirætlun, og áður höfðu þeir allir, að Ólafi meðtöldum, mótmælt aðgerðunum 1950 og krafizt leiðréttingar, en án árangurs. Oftnefndir 4 menn kröfðust þess síðan allir, að titill þeirra „útvarpsvirkjameistari" yrði tekinn upp við nöfn þeirra í talsímanotendaskrá símaskrárinnar 1954 og nöfn þeirra undir liðunum „Útvarpsviðgerðir" og „Útvarpsvirkjar" í viðskiptaskrá símaskrárinnar, en þeim kröfum hafnaði Póst- og símamálastjórnin sem óréttmætum. Höfðaði þá stefnandi mál þetta, en þar sem á daginn kom við útkomu símaskrárinnar, að nöfn þeirra Georgs og Ólafs höfðu verið tekin upp í skrána undir „Útvarpsviðgerðir" og „Viðtækjavinnustofa Georgs Ámundasonar" upp í talsímanotendaskrána, þá breytti stefnandi við munnlegan flutning málsins kröfum sínum frá stefnu í það horf, er að framan greinir.

Reisir stefnandi dómkröfur sínar á því, að framangreindar aðgerðir stefndu gagnvart nefndum félagsmönnum hans séu algerlega tilefnislausar og ólöglegar. Þar sem allir áðurnefndir menn séu útvarpsvirkjameistarar að iðn, sé þeim að sjálfsögðu heimilt að stunda þá iðn sína og eigi rétt á að fá nöfn sín tekin upp í símaskrá Landssíma Íslands á þann hátt, er að framan segir.

Þá telur stefnandi, að fyrrgreindar aðgerðir stefndu hafi bakað oftnefndum félagsmönnum hans álitsspjöll og atvinnutjón og haft í för með sér bein fjárútlát fyrir þá, þar sem þeir hafi ekki notið hagræðis af því auglýsingagildi, sem skráning þeirra í símaskrá á hinn umkrafða hátt hefði haft í för með sér.

Stefnda reisir sýknukröfuna á því, að samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 30 frá 1941 og reglugerð um stjórn, rekstur og eftirlit

fjarskiptamála nr. 70 frá 1942 hafi ríkisstjórnin einkaleyfi á hvers konar útvarpsvirkjun, sölu og dreifingu tækja, viðgerðum o. fl. Hún geti, að fullnægðum vissum skilyrðum, veitt einstökum mönnum, félögum og stofnunum leyfi til slíkrar virkjunar. Stefnda hafi slíkar leyfisveitingar með höndum í umboði ríkisstjórnarinnar. Enginn þeirra einstaklinga, er stefnandi hafi höfðað mál fyrir, hafi fengið leyfi til útvarpsvirkjunar. Telur stefnda því, að þeir hafi ekki heimild til að starfa að útvarpsvirkjun, og geti hún því réttilega neitað þeim um skráningu nafna þeirra í símaskrána á þann hátt, er um getur í málinu. Þá bendir stefnda á, að enginn oftnefndra manna hafi sótt um leyfi til hennar til útvarpsvirkjunar, en telur, að slíkar umsóknir þeirra myndu verða teknar til velviljaðrar athugunar. Loks mótmælir stefnda því sérstaklega, að einstaklingar þeir, er stefnt er út af, hafi beðið nokkurt fjárhagstjón eða orðið fyrir nokkrum álitsspjöllum vegna aðgerða hennar.

Í 1. gr. laga um fjarskipti nr. 30 frá 1941 eru orðin „fjarskipti" og „fjarskiptavirki" skilgreind, og falla undir þá skilgreiningu útvarp og útvarpsvirkjun.

Samkvæmt 2. gr. II. kafla laganna hefur ríkið meðal annars einkarétt á að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskipti (tæki, taugar, búnað o. þvl.), hvort heldur er til viðtöku, sendingar eða flutnings. Í 3. gr. segir, að ráðherra sá, sem fer með fjarskiptamál, geti heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að stofna og reka fjarskiptavirki eða flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp fjarskiptavirki þau eða hluta þeirra, er í 2. gr. getur. Enn segir í 10. gr., að Póst- og símamálastjórnin annist framkvæmd á einkarétti ríkisins, sem í II. kafla getur.

Svo sem stefnda heldur fram, hafa félagsmenn stefnanda, þeir er í málinu greinir, ekki fengið leyfi hennar til útvarpsvirkjunar, enda þótt slíkt sé nauðsynlegt eftir hinum tilvitnuðu ákvæðum fjarskiptalaganna til þess að hafa löglega heimild til útvarpsvirkjunar. Eiga þeir því ekki lögmælt tilkall til, að nöfn þeirra verða skráð í atvinnu- og viðskiptaskrá símaskrárinnar undir liðunum „Útvarpsvirkjar" og „Útvarpsviðgerðir". Verða því kröfur stefnanda í þessa átt ekki teknar til greina.

Oftnefndir 4 félagar stefnanda öðluðust með meistarabréfum sínum í útvarpsvirkjun titilinn eða nafnbótina „útvarpsvirkjameistari". Þykja þeir hafa átt rétt á að fá þann titil eða nafnbót skráða með nöfnum sínum í nafnaskrá talsímanotenda í Reykjavík 1954. Og þar sem krafa kom fram í þessa átt, áður en símaskráin 1954 var gefin út, ber að skylda stefndu til, að viðlögðum 100 króna dagsektum til stefnanda, að gefa út viðbót eða leiðréttingu við símaskrána, þar sem orðið „útvarpsvirkjameistari" verði skráð með nafni hvers ein-

staks oftnefndra manna. Þykir rétt, að dagsektir hefjist 60 dögum eftir lögbirtingu dómsins.

Að því er varðar skaðabótakröfu stefnanda, er allsendis ósannað, að framangreindar óréttmætar aðgerðir stefndu hafi bakað oftnefndum félagsmönnum stefnanda tjón eða álitsspjöll. Verður því skaðabótakrafan ekki tekin til greina.

Eftir öllum málavöxtum þykir rétt, að stefnda greiði stefnanda kr. 1000.00 í málskostnað.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Vegna embættisanna í sambandi við þingleyfi, er hefjast 1. júlí n. k., hefur dómur eigi orðið kveðinn upp fyrr.

Dómsorð:

Stefndu, Póst- og símamálastjórninni, er skylt að viðlögðum 100 króna dagsektum til stefnanda, Félags útvarpsvirkja í Reykjavík, að gefa út viðbót eða leiðréttingu við símaskrána 1954, þar sem orðið „útvarpsvirkjameistari" verði skráð með nöfnum hvers einstaks þeirra, Friðriks A. Jónssonar, Georgs Ámundasonar, Ólafs Jónssonar og Jóhanns V. Sigurjónssonar, og hefjist greiðsla dagsekta 60 dögum eftir lögbirtingu dóms þessa.

Stefnda greiði stefnanda kr. 1000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu.

Föstudaginn 13. maí 1955.

Nr. 145/1954. **Skapti Davíðsson** (Magnús Thorlacius)

gegn

Þórdísi Dagbjörtu Davíðsdóttur

(Guðmundur Ásmundsson hdl.)

og

Skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. dánarbús Davíðs Jóhannessonar (Enginn).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Lárusson prófessor.

Ákvörðun á verðmæti fyrirfram greidds arfs.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1954. Hann gerir þessar dómkröfur:

1. Að 13/16 hlutar jarðarinnar Úteyjar II verði reiknaðir honum sem fyrirfram greiddur arfur úr dánarbúi Davíðs Jóhannessonar, aðallega á kr. 7740.00, til vara á kr. 11.740.00 og til þrautavara á kr. 47.223.00.

2. Að nefndu dánarbúi verði dæmt að greiða honum kr. 11.015.21.

3. Að stefnda Þórdísi Dagbjörtu Davíðsdóttur verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi Þórdís Dagbjört Davíðsdóttir krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Af hendi skiptaráðandans í Reykjavík vegna dánarbús Davíðs Jóhannessonar hefur enginn komið fyrir dóm, og hefur þó verið löglega stefnt.

Hinn 18. desember 1952 komu fyrirsvarsmenn aðilja og áfrýjandi fyrir yfirmatsmenn þá, sem nefndir höfðu verið til yfirmats á jarðarhlutum þeim, sem í málinu greinir. Fyrirsvarsmaður áfrýjanda, Skapta Davíðssonar, lagði þá fram af hendi áfrýjanda greinargerð auk 9 skjala annarra. Jafnframt fór fyrirsvarsmaður áfrýjanda þess á leit, að honum yrði veitt færi á að tjá sig um skjöl, sem kynnu að verða lögð fram af hendi stefnda Þórdísar Dagbjartar Davíðsdóttur. Síðar tóku yfirmatsmenn við greinargerð, dags. 14. febrúar 1953, frá fyrirsvarsmanni Þórdísar Dagbjartar, og greindur fyrirsvarsmaður sendi fyrirsvarsmanni áfrýjanda eftirrit þeirrar greinargerðar með bréfi 20. s. m. Af hendi áfrýjanda hafði umsögn um nefnda greinargerð eigi borizt yfirmatsmönnum, er þeir kváðu upp yfirmat sitt hinn 7. marz 1953. Telja verður það miður farið, að áfrýjanda var eigi, eins og á stóð, veittur hæfilegur tiltekinn frestur til andsvara, áður en yfirmat var upp kveðið. Í flutningi máls þessa hefur áfrýjandi hins vegar eigi sýnt fram á, að hann hefði mátt færa fram nein frekari rök eða matsgögn, er áhrif hefðu átt að hafa á yfirmatið. Að svo vöxnu máli eiga nefndir ágallar eigi að valda ógildi

yfirmatsgerðarinnar. Með þessum athugasemdum þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda Þórdísi Dagbjörtu Davíðsdóttur málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Skapti Davíðsson, greiði stefnda Þórdísi Dagbjörtu Davíðsdóttur málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 28. júní 1954.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 3. þ. m. að undangengnum skriflegum málflutningi, hefur sóknaraðili, Þórdís Dagbjört Davíðsdóttir, Vegamótastíg 9, hér í bænum, krafizt þess:

a) Að við skipti á dánarbúi föður hennar, Davíðs Jóhannessonar, verði varnaraðilja, bróður hennar Skapta Davíðssyni, Útey II í Laugardalshreppi, Árnessýslu, reiknaðir 13/16 hlutar jarðarinnar Úteyjar II því verði, sem yfirmatsmenn mátu þann 7. marz 1953, kr. 177.571.00, í stað kr. 7740.00, sem greinir í erfðafjárskýrslu frá 23. júní 1949.

b) Að varnaraðilja Skapta Davíðssyni verði gert að greiða allan kostnað við undir- og yfirmat nefndrar jarðar, samtals kr. 9558.75, en til vara, að kostnaður þessi verði lagður á búið óskipt.

c) Að varnaraðiljum, Skapta Davíðssyni og dánarbúi Davíðs Jóhannessonar, verði gert að greiða sér in solidum hæfilegan málskostnað.

Varnaraðili Skapti Davíðsson hefur gert þær dómkröfur í greinargerð (réttarskjal nr 23), *að* kröfum sóknaraðilja verði öllum hrundið, *að* dánarbúi Davíðs Jóhannessonar verði gert að greiða sér kr. 11.015.21 og *að* sóknaraðilja og dánarbúi Davíðs Jóhannessonar verði gert að greiða sér in solidum málskostnað að skaðlausu. Í vörn sinni (réttarskjal nr. 84) gerir varnaraðili Skapti Davíðsson þær réttarkröfur, *aðallega* að kröfum sóknaraðilja, Þórdísar Davíðsdóttur, verði öllum hrundið, en *til vara* að dánarbúi Davíðs Jóhannessonar verði gert að greiða sér kr. 78.565.21 með eða án skuldajafnaðar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati réttarins, hvernig sem málið fer.

Þann 2. október 1950 andaðist hér í bænum Davíð Jóhannesson, þá til heimilis á Vegamótastíg 9. Erfingjar hans eru börn hans tvö, Þórdís Dagbjört Davíðsdóttir, Vegamótastíg 9, hér í bænum, sóknaraðili í máli þessu, og Skapti Davíðsson, Útey II í Laugardalshreppi, Árnessýslu, varnaraðili máls þessa. Við uppskrift á eignum dánarbúsins, sem fram fór 29 maí 1951, lýsti erfinginn Þórdís Dagbjört Davíðsdóttir yfir því, að hún mundi krefjast endurmats á 13/16 hlutum jarðarinnar Úteyjar II í Laugardal, en þenna hluta jarðarinnar hafði Skapti fengið þann 23. júní 1949 sem fyrirframgreiðslu upp í arf, en hinn hluta jarðarinnar, 3/16 hluta, hafði hann fengið í arf eftir móður sína, Guðrúnu Skaptadóttur, við skipti, er fram fóru eftir hana 2. marz 1938.

Sóknaraðili, sem ekki vildi hlíta því, að 13/16 hlutar jarðarinnar Úteyjar II í Laugardalshreppi yrðu reiknaðir meðerfingja sínum á aðeins kr. 7740.00 við skipti á dánarbúi föður þeirra, Davíðs Jóhannessonar, óskaði því næst mats á þeim hluta jarðarinnar, sem arfleiðslugerningurinn náði til, og var hann af matsmönnum metinn á kr. 46.962.00. Þessu mati vildi sóknaraðili ekki una, og krafðist hún því yfirmats, og í yfirmatsgerð, dagsettri 7. marz 1953, var hluti þessi metinn á kr. 177.571.00. Í matsgerð þessari segir einnig, að mat þetta sé miðað við verðlag árið 1949, og telja yfirmatsmenn upphæðina óbreytta, þótt miðað sé við verðlag dag þann, er matið fór fram.

Varnaraðili Skapti Davíðsson neitaði að fallast á, að honum yrði reiknaður hluti jarðarinnar þessu verði við skipti á dánarbúi föður hans, og er mál þetta risið út af þessum ágreiningi og kröfur gerðar, svo sem að framan getur.

Sóknaraðili hefur haldið því fram, að sú hafi verið tilætlun hins látna, Davíðs Jóhannessonar, að eftir hans dag skiptust eignir hans þannig milli barna hans, að varnaraðili Skapti Davíðsson fengi hans hluta jarðarinnar Úteyjar II í Laugardalshreppi, en hún, sóknaraðili, Þórdís Dagbjört Davíðsdóttir, fengi húseignina nr. 9 við Vegamótastíg, hér í bænum. Svona skipti hefðu verið fyrirhuguð, þegar hinn látni afhenti syni sínum Skapta Davíðssyni 13/16 hluta jarðarinnar Úteyjar II sem fyrirframgreiðslu upp í arf samkvæmt erfðafjárskýrslu, dags. 23. júní 1949, og með þetta í huga hafi sóknaraðili ritað nafn sitt á erfðafjárskýrsluna. Hins vegar hafi ekki verið gengið formlega frá þessum hlutum, og þegar skipti hófust á dánarbúinu, hafi komið í ljós, að varnaraðili Skapti hafi ætlað sér einum þau hagræði að eignast 13/16 hluta jarðarinnar Úteyjar II með fasteignamatsverði og krafizt þess, að húseignin Vegamótastígur 9 gengi inn í búið og uppboð færi fram á henni sem eign búsins. Hafi uppboð þetta síðan farið fram og hún keypt húsið fyrir kr. 250.000.00. Af þessum sökum telur sóknaraðili, að áritun sín á erfðafjárskýrsluna sé ekki á nokkurn hátt bindandi fyrir sig, og geti ekki með neinu móti skert erfðarétt sinn í búi þessu.

Þendir hún á, að samkvæmt gildandi erfðalögum beri að virða eignina, sem látin hafi verið af hendi sem fyrirframgreiðsla upp í arf, eftir gangverði, sem á henni var, þegar hún var látin af hendi, og beri að leggja þá matsfjárhæð til grundvallar skiptum á búinu. Mat þetta hafi þegar farið fram, og hafi 13/16 hlutar jarðarinnar, eins og Davíð heitinn átti hana, þegar afhending hennar fór fram, verið metin á kr. 177.571.00 og beri nú við skiptin að telja, að þá fjárhæð hafi Skapti þegar fengið úr búi þessu. Þá hefur sóknaraðili mótmælt því, að jarðarpartur þessi væri ættarjörð, og þótt svo yrði álitið, þá hefði það samt sem áður engin áhrif innbyrðis milli erfingjanna, þar sem þau séu bæði jafnréttháir erfingjar í þessu búi.

Varnaraðili Skapti Davíðsson mótmælir því, að hann hafi nokkru sinni heyrt á það minnzt, að faðir sinn hafi ætlað systur sinni, Þórdísi Dagbjörtu Davíðsdóttur, húseignina Vegamótastíg 9, hér í bænum, enda hefði hann þá að sjálfsögðu gert um það arfleiðsluskrá. Hins vegar fullyrðir hann, að með afhendingu 13/16 hluta jarðarinnar Úteyjar II í Laugardalshreppi samkvæmt erfðafjárskýrslu, dags. 23. júní 1949, hafi hinn látni, Davíð Jóhannesson, raunverulega selt sér jarðarhlutann fyrir fastákveðið verð, eða kr. 7.740.00, eins og fram komi í erfðafjárskýrslunni. Þessu til sönnunar bendir hann á undirritað samþykki systur sinnar á erfðafjárskýrslu þessa svo og ummæli vitundarvotta, sem viðstaddir voru, þegar afhending þessi fór fram, enda hafi faðir sinn látið þau orð falla, að ekki væri ástæða til, að hann seldi syni sínum Útey II dýrara verði að sínu leyti en hann hefði selt ábúanda Úteyjar I þá jörð 16. maí 1935, en sá hluti hafi þá verið seldur með fasteignamatsverði.

Telur hann því, að ekki komi til greina við skiptin önnur fjárhæð en sú, sem greinir í erfðafjárskýrslu, eða kr. 7.740.00. Kveður hann því möt þau, sem fram hafi farið á jarðarhlutanum, út í bláinn, og hefur hann mótmælt yfirmatinu sem röngu, ógildu og óviðkomandi sér. Jörðin sé ættarjörð og hlíti því sérstökum reglum, hvað sölu snertir. Telur hann auk þess, að yfirmatsmennirnir hafi sýnt hlutdrægni í matinu og bendir þar á framburð tengdadóttur sinnar, sem var viðstödd að Útey II, þegar yfirmatsmenn voru þar staddir við athugun á jörðinni, auk þess hafi honum ekki gefizt frestur til andsvara í matsmálinu sjálfu, og telur hann þetta hvorutveggja eiga að varða ógildingu matsins.

Varakröfu sína byggir hann á því, að hann eigi rétt til að fá endurgreitt, ef kröfur sóknaraðilja yrðu teknar til greina, útlagðan kostnað vegna föður síns við málarekstur í sambandi við jörðina, svo og verðmæti endurbóta samkvæmt úttektargerð frá 18. maí 1949, og telur hann þessar fjárhæðir samtals kr. 78.565.21.

Í máli þessu liggur ekkert skriflegt eftir hinn látna, Davíð Jóhannesson, um ráðstöfun eftir hans dag á húseigninni nr. 9 við Vegamótastíg, hér í bænum. Verður því að telja, að hún hafi verið

eign búsins, er hann féll frá, og henni því réttilega ráðstafað sem hluta af búi hans.

Í erfðafjárskýrslu frá 23. júní 1949 afhendir Davíð Jóhannesson syni sínum Skapta sem fyrirframgreiðslu upp í arf 13/16 hluta jarðarinnar Úteyjar II, og verður ekki séð, að sá gerningur feli í sér annað eða meira en fyrirframgreiðslu á arfi, því að þótt sóknaraðili, þórdís Dagbjört Davíðsdóttir, riti samþykki sitt á erfðafjárskýrslu þessa, þá verður ekki ætlað af því, er fyrir liggur, að hún hafi verið að samþykkja sölu jarðarinnar.

Í 13. gr. erfðalaga nr. 42 frá 23. maí 1949 segir svo í 4. mgr., 2. lið: „Meta skal yfirleitt verðmæti hins fyrirframgreidda arfs eftir gangverði þess, er erfinginn veitti því móttöku, og ekki hærra en sanngjarnt er, svo að jöfnuður verði á við hina erfingjana". Samkvæmt ákvæðum þessarar greinar þykir réttur sóknaraðilja til að fá mat á 13/16 hlutum jarðarinnar Úteyjar II vera skýlaus, og verður eigi annað séð en að matsupphæð sú, sem fengin var við slíkt mat, ef löglega er framkvæmt, komi til greina við búskipti og verði talin sem fyrirframgreiðsla upp í arf.

Þótt talið yrði, að jörðin Útey II væri ættarjörð í merkingu laga nr. 116 frá 30. desember 1943, III. kafla, og ætti samkvæmt því að hlíta sérstökum reglum um sölu, þá kemur það ekki til greina hér, þar sem hinn látni, Davíð Jóhannesson, hefur aðeins afhent jörðina syni sínum sem fyrirframgreiðslu upp í arf, en ekki selt hana, enda er ekkert sem bendir til, að afhending jarðarinnar hafi vakið það traust hjá viðtakanda hennar, að systir hans væri með áritun sinni á erfðafjárskýrsluna að skerða væntanlegan erfðahlut sinn úr búi föður síns.

Ekki verða talin liggja rök fyrir því í þessu máli, að yfirmatsmenn hafi beitt hlutdrægni í mati sínu né á annan hátt framkvæmt mat þetta, svo að ógildingu geti varðað. Þykir því verða að taka matsupphæðina til greina, og verður því jarðarhluti þessi reiknaður varnaraðilja Skapta Davíðssyni við skiptin á kr. 177.571.00.

Þegar varnaraðili Skapti Davíðsson tók við jörðinni af fráfarandi ábúanda, átti sá aðili ýmis mannvirki á jörðinni, sem Skapti mun hafa keypt, að því er talið er, fyrir kr. 67.550.00. Þar sem mannvirki þessi eru ekki talin með í mati yfirmatsmanna, kemur að sjálfsögðu ekki til greina að endurgreiða honum þessa fjárhæð. Aftur á móti þykir rétt, að kostnaður sá, er varnaraðili Skapti hafði af málarekstri út af jörðinni, meðan Davíð heitinn átti hana, endurgreiðist af dánarbúinu, en hann nemur samkvæmt framlögðum reikningi kr. 11.015.21. Þá þykir og rétt, að dánarbúið greiði allan matskostnað, en hann nemur kr. 8.558.75.

Rétt þykir, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Því úrskurðast:

Varnaraðilja Skapta Davíðssyni skal reiknaður 13/16 hluti jarðarinnar Úteyjar II í Laugardalshreppi í Árnessýslu á kr. 177.571.00 sem fyrirfram greiddur arfur úr dánarbúi Davíðs Jóhannessonar.

Þá greiði dánarbú Davíðs Jóhannessonar varnaraðilja Skapta Davíðssyni kr. 11.015.21 og sóknaraðilja Þórdísi Dagbjörtu Davíðsdóttur, kr. 8.558.75.

Málskostnaður í máli þessu fellur niður.

Mánudaginn 16. maí 1955.

Nr. 46/1955. **Ákæruvaldið** (Ragnar Jónsson)

gegn

Magnúsi Guðbjörnssyni (Sigurður E. Ólason).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn 203. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Magnús Guðbjörnsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Sigurðar E. Ólasonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. október 1954.

Ár 1954, mánudaginn 4. október, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, settum sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 4463/1954: Ákæruvaldið gegn Magnúsi Guðbjörnssyni, sem tekið var til dóms 1. sama mánaðar.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 29. apríl s.l., er opinbert mál höfðað á hendur Magnúsi Guðbjörnssyni skrifstofumanni, til heimilis að Hagamel 18 í Reykjavík, þar fæddum 31. júlí 1918, fyrir að hafa á heimili sínu aðfaranótt sunnudagsins 21. febrúar s.l. haft samfarir við drenginn S. S. J., fæddan 16. júní 1939. Telst brot þetta varða við 2. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. nefndra laga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 31. júlí 1918 í Reykjavík og hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1938 11/2 Sætt. 50 kr. sekt fyrir ölvun og brot á 3. gr. lögreglusamþykktar Rvíkur og reglum um skotvopn. Byssa gerð upptæk.

1938 20/4 Sætt. 200 kr. sekt fyrir að aka stolnum bíl út af vegi réttindalaus og ölvaður.

1938 27/9 Dómur aukaréttar Reykjavíkur. 3ja mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 7. gr. laga nr. 51/1928.

1938 27/12 Sætt. 25 kr. sekt og 30 kr. skaðabætur fyrir ölvun og rúðubrot.

1945 12/11 Sætt. 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1946 12/2 Dómur aukaréttar Reykjavíkur. 1 árs fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrr brot gegn 93. gr. hegningarlaganna.

1948 3/10 Rvík. Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.

1948 17/12 Rvík. Sætt. 40 kr. sekt fyrir brot gegn 5. gr. 2. mgr. bifreiðalaga.

1949 10/10 Rvík. Sætt. 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1949 22/11 Rvík. Kærður fyrir ólöglegt bifreiðastæði. Fellt niður 6/2 1950.

1950 29/5 Rvík. Sætt. 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri og brot á 4. og 7. gr. lögreglusamþykktar Rvíkur.

1952 27/5 Rvík. Dómur. 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi. Má ekki neyta áfengis í 5 ár. Fyrir brot gegn 203. sbr. 200 gr. hegnl.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og því, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Nokkru fyrir miðnætti laugardagskvöldið 20. febrúar s.l. var ákærði staddur í Vonarstræti hér í bæ, og var hann þá nokkuð ölvaður. Hann sá þá drenginn S. S. J., sem fæddur er 16. júní 1939, og bað hann um að hjálpa sér heim á Hagamel 18. Varð pilturinn við þessu. Ákærði spurði drenginn að því, hve gamall hann væri. Ákærði kveður drenginn hafa sagzt vera 16 ára, en drengurinn kveðst hafa sagt honum það, sem rétt var, að hann væri að verða 15 ára. Þegar þeir voru komnir að Hagamel 18, vaknaði hjá ákærða löngun til að hafa kynferðismök við drenginn. Bauð ákærði honum að koma inn, og gerði drengurinn það. Að beiðni ákærða fór drengurinn úr fötum sínum. Ákærði fór einnig úr sínum fötum. Lögðust þeir svo báðir á divan, og fór ákærði með getnaðarlim sinn inn í endaþarm drengsins og varð sáðfall. Drengurinn kveðst ekki hafa þorað annað en að láta vilja ákærða ráða að vera kyrr í herberginu hjá ákærða um nóttina og láta ákærða gera það, sem hann gerði.

Drengurinn kom svo ekki heim til sín fyrr en laust fyrir kl. 8 á sunnudagsmorgun. Hefur faðir drengsins borið það í sakadómi, að drengnum hafi þá verið mikið niðri fyrir og hálf viðutan. Kl. 10.30 um daginn athugaði Kristján Þorvarðsson læknir drenginn. Kveður læknirinn, að drengurinn hafi þá verið rólegur, en dálítið „shockeraður" og kvartað um eymsli í endaþarmi. Dr. med. Helgi Tómasson yfirlæknir hefur rannsakað ákærða, og í skýrslu sinni, dagsettri 17. marz s.l., kemst yfirlæknirinn að þessari niðurstöðu um ákærða:

„Hann er hvorki vanvita, geðveill né geðveikur, en hefur „duldar" homosexuellar hvatir, sem þó aðeins virðast koma fram, er hann neytir áfengis".

Ákærði hefur með atferli sínu, sem lýst er hér að framan, gerzt brotlegur gegn 203. gr., 2. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Þykir refsing ákærða með hliðsjón af fyrri afbrotum hans hæfilega ákveðin fangelsi í 1 ár.

Ákærði sat í gæzluvarðhaldi frá 22. febrúar s.l. til 22. marz s.l. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna ber þessi gæzluvarðhaldsvist ákærða að koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Samkvæmt 68. gr., 3. mgr., hegningarlaganna ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Bótakröfur hafa ekki verið hafðar uppi í málinu.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í málinu, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 700.00.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Guðbjörnsson, sæti fangelsi í 1 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 22. febrúar 1954 til 22. marz 1954 komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns í málinu, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 700.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 16. maí 1955.

Nr. 192/1952. **Skipaútgerð ríkisins** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Núpi h/f (Sveinbjörn Jónsson).
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. desember 1952. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 125.000.00 eða aðra lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar ásamt 6% ársvöxtum frá 15. júní 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 31. desember 1952. Krefst hann þess aðallega, að dæmd fjárhæð verði lækkuð, en til vara, að héraðsdómur verði staðfestur. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Telja verður, að v/s Erna hafi verið stödd í hættu, er v/s Þyrill kom henni til hjálpar. Þykja bjarglaun hæfilega ákveðin kr. 50.000.00 með vöxtum, eins og krafizt er.

Eftir þessari niðurstöðu ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 8000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Núpur h/f, greiði aðaláfrýjanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 50.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. júní 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 8000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 2. október 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 29. f. m., hefur Skipaútgerð ríkisins, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með kröfugerð fyrir dóminum gegn Lárusi Arnórssyni framkvæmdastjóra f. h. h/f Núps, hér í bænum, eiganda v/s Ernu, til greiðslu björgunarlauna að fjárhæð kr. 125.000.00 auk 6% ársvaxta frá 15. júní 1950 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá hefur stefnandi krafizt réttargæzlu af hálfu Carls Finsens f. h. Trolle & Rothe h/f sem umboðsmanni vátryggjenda skipsins, en af hálfu réttargæzlustefnda hafa engar sjálfstæðar kröfur verið gerðar í málinu.

Stefndi hefur krafizt þess, að stefnukrafan verði lækkuð eftir mati dómsins og málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt sunnudagsins 27. marz 1949 var v/s Erna, eign h/f Núps, að veiðum með lóðir fyrir norðan Kolluál í Breiðafirði. Hafði verið lokið við að leggja lóðirnar klukkan rúmlega 1 um nóttina. Lá skipið síðan yfir lóðunum, en kl. 3 stöðvaðist ljósavél þess. Við athugun á vélinni kom í ljós, að gormur á útblástursloka var brotinn. Klukkan 5 var byrjað að draga lóðirnar, og varð þess þá vart, að tengsl á línuspili hitaði sig, en það var lagfært. Jafnframt voru austurdælur alltaf að stöðvast sökum óhreininda og spýtnarusls, enda þótt allar leiðslur til þeirra væru í lagi, en bullur í dælunum voru mjög rúmar. Lokið var við að draga lóðirnar kl. 1500, og var aflinn um 3 smálestir. Síðan var haldið með fullri ferð áleiðis til Ólafsvíkur í því skyni að fá gert við ljósavélina. Þegar klukkan var 1830, dróst boltinn í austurdælu úr tengslum. Var þá þegar hægt á vélinni í því skyni að koma í veg fyrir, að boltinn í kælidælu brotnaði einnig, en þetta bar ekki árangur, boltinn í kælidælunni brotnaði næstum strax. Bæði aðalvél skipsins og ljósavél voru þá ónothæfar. Samkvæmt skýrslu skipstjórans var skipið, er þetta gerðist, statt um 8 sjómílur NNV frá Ólafsvíkurenni og vindur sunnan 4—5 vindstig. Um kl. 1930 náði skipstjórinn sambandi við Reykjavíkur radio og bað Slysavarnarfélag Íslands um aðstoð.

Samkvæmt skýrslu skipstjóra og II. stýrimanns á v/s Þyrli, sem staðfest hefur verið fyrir dómi, komst talsamband á milli skips þeirra og v/s Ernu kl. 2230. Kveða þeir, að skipstjóri v/s Ernu hafi

óskað eftir því, að Þyrill kæmi á vettvang og drægi skipið til Stykkishólms, þar eð það ræki hjálparvana undan sjó og vindi, vegna þess að aðalvél og ljósavél skipsins væru bilaðar. V/s Þyrill var um þetta leyti statt út af Snæfellsnesi á leið norður fyrir land, hlaðið hráolíu. Þegar skipið kom fyrir Öndverðarnes, var breytt um stefnu í áttina til v/s Ernu, og var klukkan þá 2313. Aðfaranótt mánudagsins 28. marz kl. 0050 kom v/s Þyrill að Ernu um 16—17 sjómílur í NA frá Öndverðarnesi. Hafði skipið þá aðeins baujuljósker uppi með rafmagns- eða olíuljósi. Þegar er Þyrill kom að skipinu, var hafizt handa um að koma dráttarsambandi milli skipanna, og var því lokið kl. 0120. Dráttartaugin var vír frá v/s Þyrli, er lásað var í 15 faðma af akkerisfesti Ernu. Er festum hafði verið komið fyrir, hélt Þyrill með Ernu í eftirdragi áleiðis til Stykkishólms með hálfri ferð. Samkvæmt skýrslu skipstjórans á Þyrli var vindur þá SV 6 og sjór 5—6. Klukkan 0145 slitnaði dráttartaugin. Stöðvaði þá v/s Þyrill ferð sína og dró inn dráttartaugina. Við það kom í ljós, að akkerisfestin frá Ernu hafði slitnað, og hékk 6 faðma bútur í vír Þyrils. Festum hafði verið komið á milli skipanna kl. 0300, og var síðan haldið áfram til Stykkishólms. Klukkan 1015 lagðist Þyrill við akkeri skammt frá Stykkishólmsbryggju og tók að draga inn dráttarvír sinn. Því var lokið kl. 1030, og hélt skipið þá þegar áfram ferð sinni, en vélbáturinn Baldur frá Ísafirði dró Ernu að bryggju. Við dráttinn teygðist nokkuð á dráttarvír Þyrils og í klefanum skemmdist hann svo, að stuttur spotti af honum eyðilagðist.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar á því, að hér hafi verið um hreina björgun að ræða. V/s Erna hafi í umrætt skipti verið algerlega vélarvana og ljóslaus og þannig hafi hana rekið fyrir snörpum vindi og talsverðum sjó norður yfir Breiðafjörð. Telur stefnandi hina umstefndu fjárhæð hæfileg björgunarlaun eftir aðstæðum, og þegar litið sé til verðmætis þess, sem bjargað var, og verðmæta þeirra, sem lögð hafi verið í hættu við björgunina. Kveður hann v/s Ernu hafa verið vátryggða fyrir £ 17200-0-0, bókfært verð v/s Þyrils hafi verið kr. 1.180.000.00, en vátryggingarverð hans kr. 3.427.500.00 og verðmæti farmsins í skipinu um kr. 335.000.00.

Stefndi reisir hins vegar kröfur sínar á því, að hjálp sú, er Þyrill veitti Ernu í umrætt skipti, hafi verið aðstoð og hún auðveld, en ekki björgun. Erna hafi haft stórsegl, skutsegl og stagfokku og telur stefndi, að hún hefði getað bjargað sér til lands á seglunum, enda þótt engin hjálp hefði borizt.

Svo sem áður er sagt, voru bæði ljósavél og aðalvél v/s Ernu óvirkar, og eigi var unnt að framkvæma viðgerð á þeim á hafi úti. Skipið hafði seglaútbúnað þann, sem stefndi heldur fram, en ekki höfðu segl verið sett upp, enda þótt skipið hefði rekið um 8—9 sjómílur norður eftir Breiðafirði, frá því aðalvél þess bilaði og þar til Þyrill kom til hjálpar. Þrátt fyrir seglaútbúnaðinn þykir allsendis óvíst, að v/s Erna hefði komizt af eigin ramleik til öruggrar

hafnar, eins og vindstöðu var háttað í umrætt skipti. Að þessu athuguðu þykir rétt að telja hjálp þá, sem Þyrill veitti, björgun, og er þá jafnframt haft í huga, að í marzmánuði er allra veðra von hér við land.

Samkomulag er um það milli aðilja að reikna verðmæti hins bjargaða kr. 450.000.00. Björgunin var auðveld, en v/s Þyrill tafðist vegna hennar um 12½ klukkustund. Það verður eigi talið, að Þyrill legði sig eða farm sinn í neina hættu við björgunina.

Að þessu og öllum aðstæðum athuguðum þykja björgunarlaun hæfilega ákveðin kr. 40.000.00, og eru þar meðtaldar bætur fyrir skemmdir á dráttarvír Þyrils. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 3500.00.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Jónasi Jónassyni og Þorgrimi Sigurðssyni, skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Lárus Arnórsson f. h. h/f Núps, eiganda v/s Ernu, greiði stefnanda, Skipaútgerð ríkisins, kr. 40.000.00 með 6% ársvöxtum frá 15. júní 1950 til greiðsludags og kr. 3500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. maí 1955.

Nr. 173/1954. **Bæjarútgerð Hafnarfjarðar** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Jóhannesi Jónssyni (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Heimtar eftirstöðvar hásetahlutar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 23. október 1954, og krafizt þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda í málinu og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, greiði stefnda, Jóhannesi Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 12. október 1954.

Ár 1954, þriðjudaginn 12. október, var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar í réttarsal embættisins af fulltrúa bæjarfógeta Kristni Ólafssyni sem sjódómsformanni og meðdómendum Birni Helgasyni skipstjóra og Sigurði Guðnasyni skipstjóra uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 28. f. m.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 1. júní s.l., af Jóhannesi Jónssyni sjómanni, Öldugötu 7, Hafnarfirði, sem gerir þær stefnukröfur, að bæjarútgerð Hafnarfjarðar verði gert að greiða honum kr. 656.00 með 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1950 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt mati réttarins.

Það hefur verið ákveðið samkvæmt ósk umboðsmanna aðilja að skipta málinu þannig, að fyrst verði dæmt um greiðsluskyldu hins stefnda útgerðarfélags samkvæmt 71. gr., 5. mgr., laga nr. 85/1936 með áskildum rétti til að ræða síðar kröfuupphæð og annað, er hana varðar.

Af hálfu hins stefnda útgerðarfélags er krafizt algerrar sýknu og að því verði tildæmdur málskostnaður.

Málavextir eru þessir:

Þann 17. júní 1950 lagði b/v Júlí af stað í veiðiferð til Bjarnareyja og stundaði veiðar á Hvítahafsmiðum júní- og júlímánuð. Stefnandinn, Jóhannes Jónsson, var skráður háseti í veiðiferð þessari og telur, að hann hafi ekki fengið enn greiddan lifrarhlut sinn að fullu. Að vísu hafi útgerðin greitt hlut af þeirri lifur, sem aflaðist á skipið í þessari ferð og hirt var, en ekki hluta af lifur þess fisks,

sem varpað var fyrir borð aftur, en það telur hann að hafi verið engu minna en lifur sú, sem hirt var, en það voru 133 tunnur. Stefnandinn telur það leiða af 2. gr. samnings frá 25. marz 1949, sem þá var í gildi milli Sjómannafélags Hafnarfjarðar og Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, að honum beri hlutur af lifur alls þess fisks, sem aflað var, eins þess, er varpað var fyrir borð aftur.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að lifrarpremían eigi aðeins að miðast við lifur úr þeim fiski, sem aflaðist og var hirtur sem verðmæti í umræddri veiðiferð og annar skilningur á 2. gr. tilvitnaðs kjarasamnings fái ekki staðizt. En upphaf 2. gr. togarasamnings frá 25. marz 1949 segir svo: Á salt og ísfiskveiðum skal greidd aukaþóknun, kr. 140.00 án verðlagsuppbótar, af hverjum 165.9 lítrum lifrar úr öllum fiski, sem veiðist á skipið og innbyrtur er.

Ágreiningurinn í máli þessu snýst því um það, hvernig skilja megi orðin „fiski, sem veiðist á skipið og innbyrtur er", hvort það eigi einnig við þann fisk, sem varpað er fyrir borð sem ónothæfum.

Dómarinn verður að telja, að tilvitnað orðalag taki yfir allan þann fisk, sem veiðzt hefur og verið innbyrtur, án tillits til þess, hvort honum síðar hefur verið varpað fyrir borð sem ónothæfum. Orðalagið er ótvírætt, og ekkert hefur verið tilfært, sem bendi til þess, að það megi skilja og skýra á annan hátt en orðanna hljóðan inniheldur.

Þá hefur af hálfu stefnda verið haldið fram, að krafan væri niðurfallin fyrir vangeymslu.

Ekki verður á það fallizt, þar sem stefnandinn hefur, eftir að í ljós kom, að stefndi taldi sér eigi bera að greiða kröfu þessa, gert ráðstafanir í tæka tíð til málshöfðunar, sem enn er eigi leidd til lykta.

Ber því að taka kröfu stefnandans í þessum hluta málsins til greina.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, skal skylt að greiða stefnandanum, Jóhannesi Jónssyni, hlut af lifur úr þeim fiski, sem aflaðist í veiðiför b/v Júlí á Hvítahafsmiðum í júní og júlímánuði 1950 og varpað var fyrir borð aftur.

Föstudaginn 20. maí 1955.

Nr. 13/1954. **Stefán Björnsson og Jóhann Friðriksson**
(Ragnar Jónsson)
gegn
H/f Goða (Einar B. Guðmundsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. febrúar 1954, gera þær dómkröfur, að þeir verði algerlega sýknaðir og að þeim verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda in solidum að mati dómsins.

Hér fyrir dómi hefur stefndi fyrst og fremst stutt kröfur sínar á hendur áfrýjendum þeim rökum, að á fundinum að Vífilsstöðum í september 1951, sem frá er skýrt í héraðsdómi, hafi áfrýjendur tekið að sér að greiða stefnda reikninga hans fyrir steypuvinnu við húsið Hraunteig 13 hér í bæ, sem á félli eftir fund þenna. En þegar af þeirri ástæðu, að máli þessu hefur ekki verið gagnáfrýjað, verður héraðsdómur að standa óhaggaður, að því er úrlausn þessa atriðis varðar.

Svo sem segir í héraðsdómi, hafa áfrýjendur viðurkennt, að á framangreindum fundi hafi verið um það rætt, að þeir skyldu ekki framvegis inna neinar greiðslur af hendi til Óskars Sveinssonar án þess, að Haraldur Bjarnason, framkvæmdastjóri stefnda, eða Stefán Gíslason trésmíðameistari væru viðstaddir, svo að peningarnir gætu runnið til þeirra. Jafnvel þótt orðræður þessar yrðu skoðaðar sem skuldbinding af hálfu áfrýjenda um þetta efni, þykir eigi rétt að líta svo á, að hún hafi náð til annarra greiðslna en þeirra, sem áfrýjendum bar að inna af hendi til Óskars samkvæmt kaupsamningum þeirra um Hraunteig 13. Kaupverð áfrýjenda samkvæmt samningum þessum var samtals kr. 280.000.00,

en af þeirri fjárhæð höfðu áfrýjendur þá þegar greitt Óskari kr. 189.000.00. Námu ógreiddar eftirstöðvar því kr. 91.000.00. Á fundi þessum gerðust áfrýjendur ábyrgðarmenn á víxli, að fjárhæð kr. 36.000.00, er Óskar Sveinsson samþykkti, en síðan var hann greiddur af áfrýjendum. Rann fjárhæð víxilsins til stefnda og Stefáns Gíslasonar. Hinn 3. október 1951 greiddu áfrýjendur Óskari Sveinssyni kr. 50.645.00, að viðstöddum Haraldi Bjarnasyni, og runnu kr. 30.000.00 af þeirri fjárhæð samtímis til stefnda, en skömmu síðar greiddi Óskar Sveinsson nokkurn hluta eftirstöðvanna til Stefáns Gíslasonar. Er eigi fullsannað, hversu há sú fjárhæð var. Á tímabilinu 22. október 1951 til 8. marz 1952 greiddu áfrýjendur síðan samtals kr. 31.700.00 til Stefáns Gíslasonar. Hafði þá samtals runnið til stefnda og Stefáns Gíslasonar eftir framangreindan fund kr. 36.000.00 + kr. 30.000.00 + kr. 31.700.00, samtals kr. 97.700.00, úr hendi áfrýjenda auk fjárhæðar þeirrar, sem Óskar Sveinsson innti af hendi til Stefáns Gíslasonar af greiðslum áfrýjenda 3. október 1951. Verður því krafa á hendur áfrýjendum til greiðslu fjárhæðar þeirrar, sem um er deilt í máli þessu, ekki reist á þeim orðræðum, sem að framan eru greindar. Ber því að sýkna áfrýjendur af kröfum stefnda í málinu.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjendum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3500.00.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Stefán Björnsson og Jóhann Friðriksson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnda, h/f Goða í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. desember 1953.

Mál þetta, sem var dómtekið 16. f. m., hefur h/f Goði, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. marz 1952, gegn þeim Stefáni Björnssyni, Skólavörðustíg 33, og Jóhanni Friðriks-

syni, Bergstaðastræti 28, báðum hér í bænum. Hefur stefnandi krafizt þess aðallega, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 32.340.10 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu svo og að staðfest verði með dómi löghald, sem framkvæmt var hjá stefndu hinn 20. marz 1952, til tryggingar kröfum þessum. Til vara krefst stefnandi þess, að framangreindar kröfur hans verði teknar til greina, ef framkvæmdastjóri stefnanda, Haraldur Bjarni Bjarnason, vinnur að því eið eða drengskaparheit, að stefndu hafi lofað að greiða stefnanda byggingarkostnað hússins nr. 13 við Hraunteig. Til þrautavara krefst stefnandi þess, að aðalkrafa hans verði til greina tekin, nema stefndu synji fyrir það með eigi eða drengskaparheiti, að þeir hafi lofað greiðslu fyrrnefnds byggingarkostnaðar.

Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Sumarið 1950 varð það að samkomulagi með framkvæmdastjóra stefnanda og Óskari Anton Sveinssyni húsateiknara, að stefnandi steypti hús fyrir Óskar á lóðinni nr. 13 við Hraunteig, hér í bænum. Hófst verkið í júlímánuði þá um sumarið, og var gengið frá grunni hússins og kjallaraplötu á því ári. Í júní og júlí 1951 greiddi Óskar til stefnanda samtals kr. 17.500.00, og var verkinu þá haldið áfram og lokið við að steypa upp kjallarann um miðjan júlí. Þá var verkinu hætt í bili, að því er virðist fyrir þá sök, að Óskar skuldaði stefnanda þá um kr. 26.000.00. Með kaupsamningi, dags. 16. maí 1950, hafði Óskar selt stefnda Stefáni efri hæð og rishæð hins væntanlega húss, og með samningi, dags. 23. okt. 1950, seldi Óskar stefnda Stefáni einnig neðri hæð og kjallaraíbúð húss þessa, en viðurkennt er í flutningi máls þessa, að stefndi Jóhann hafi gengið inn í samninga þessa við hlið stefnda Stefáns. Um sumarið og haustið, eftir að stefnandi var hættur við verkið, ræddu stefndu og Óskar Sveinsson um það við framkvæmdastjóra stefnanda, að verkinu yrði haldið áfram. Í síðara hluta september 1951 höfðu allir þessir menn fund með sér til að reyna að ná samkomulagi um framhald verksins, og sat Stefán Gíslason trésmíðameistari einnig fundinn, en hann hafði annazt trésmíði við húsbygginguna og átti hann fyrir það verk kr. 10.000.00 hjá Óskari. Er fundur þessi var haldinn, var Óskar á Vífilsstaðahæli vegna vanheilsu, og fóru hinir allir til fundar við hann í bifreið framkvæmdastjórans, og fór fundurinn fram í bifreiðinni. Gerðist þar m. a. það, að Óskar samþykkti víxil að fjárhæð kr. 36.000.00, en annar stefndu gaf út víxilinn, en hinn stefndi var ábekingur. Víxil þenna tóku þeir Stefán Gíslason og framkvæmdastjóri stefnanda sem greiðslu á skuld Óskars, þeim er fyrr var sagt frá, og jafnframt ákváðu þeir að halda áfram byggingu hússins. Þegar lokið var að steypa neðri hæð hússins, gekk framkvæmdastjórinn eftir greiðslu fyrir þann hluta verksins hjá stefndu og greiddu þeir þann kostnað, kr. 30.000.00, hinn 5. október 1951 og

höfðu þann hátt á greiðslunni, er fór fram á heimili Óskars að framkvæmdastjóra stefnanda viðstöddum, að stefndi Stefán greiddi Óskari fjárhæðina gegn kvittun hans, en hann afhenti fé framkvæmdastjóranum samstundis. Stefnandi hélt áfram byggingunni og lauk steypu efri hæðar um mánaðamót nóvember-desember 1951 og rishæðar um mánaðamót febrúar-marz 1952. Reikningar stefnanda fyrir verkið í heild nema kr. 105.840.10, en eins og rakið hefur verið hér að framan, var hann búinn að fá greiddar kr. 73.500.00. Eftirstöðvarnar, kr. 32.340.10, krafði stefnandi stefndu um, en árangurslaust. Hinn 18. marz 1952 er dagsett samkomulag stefndu við Óskar um það, að húsið skuli talið í „samningshæfu standi" og afhent frá og með undirskrift samkomulagsins. Hinn 20. s. m. lét stefnandi leggja löghald á húsið og höfðaði síðan mál þetta, svo sem fyrr var sagt.

Stefndandi styður kröfu sína á hendur stefndu þeim rökum, að þeir hafi á fyrrgreindum fundi við Vífilsstaðahæli tekið að sér að greiða byggingarkostnað hússins. Framkvæmdastjóri stefnanda hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að áður en nefndur fundur var haldinn, hafi hann og stefndi Jóhann orðið ásáttir um, að heppilegast væri, að stefndu tækju að sér gagnvart stefnanda að greiða byggingarkostnaðinn, bæði þann hluta, sem Óskar Sveinsson skuldaði þá, og þann, er síðar kæmi til. Þetta samkomulag hafi stefndi Stefán síðar staðfest. Á fundinum í bifreiðinni hafi þeir enn lýst yfir því, að þeir tækju að sér að greiða væntanlegan byggingarkostnað hverrar hæðar hússins, jafnskjótt og steypu væri lokið. Hann kveðst og hafa tjáð stefndu þegar í upphafi, að stefnandi myndi ekki halda áfram verkinu, fyrr en skuldin væri greidd og tryggt yrði, að verkið yrði greitt framvegis. Þá skýrir hann enn svo frá, að þegar steypu efri hæðar var lokið, hafi stefndu, annaðhvort annar eða báðir, tjáð sér, að þeir væru peningalausir og myndu ekki fá lán út á húsið, fyrr en það væri fokhelt.

Stefán Gíslason, sem fyrr var nefndur og tók þátt í margnefndum fundi, hefur komið fyrir dóm og skýrt m. a. frá því, að stefndu hafi á fundi þessum tekið að sér án nokkurrar tregðu að greiða áframhaldandi byggingarkostnað hússins. Óskar Sveinsson hefur einnig komið fyrir dóm. Kvaðst hann líta svo á, að sér bæri að greiða allar réttmætar kröfur stefnanda í sambandi við húsbygginguna. Hann kvaðst ekki vita til þess, að stefndu hafi nokkru sinni tekið að sér að greiða steypuvinnu þá, sem unnin var eftir fundinn. Hann kvað ekki hafa verið rætt, svo að hann vissi, um það á fundinum í bifreiðinni, að stefndu tækju að sér greiðslu áframhaldandi kostnaðar við steypuna. Vætti Óskars var mótmælt sem röngu og óstaðfestu, og hefur hann eigi verið látinn staðfesta það fyrir dómi.

Stefndu byggja varnir sínar á aðildarskorti. Telja þeir sig eigi hafa haft aðrar né meiri skyldur í þessum efnum en þær, er greinir í fyrrnefndum kaupsamningum, og þær eingöngu gagnvart Óskari

Sveinssyni. Kröfu stefnanda sé því ranglega gegn sér beint. Þeir hafa báðir komið fyrir dóm og neitað því eindregið að hafa nokkru sinni tekið að sér gagnvart stefnanda að greiða til hans kostnaðinn af verki þessu. Þeir hafi gert það eitt að ábyrgjast fyrrgreindan víxil fyrir Óskar í því skyni að fá stefnanda til að halda áfram verkinu, en um fram það hafi þeir enga ábyrgð tekið á skuldum Óskars við stefnanda. Hitt eru stefndu sammála um, að á fundinum í bifreiðinni hafi verið rætt um það, að þeir skyldu ekki framvegis inna neinar greiðslur af hendi til Óskars, án þess að framkvæmdastjóri stefnanda eða fyrrnefndur Stefán Gíslason væru viðstaddir, svo að peningarnir gætu runnið til þeirra. Stefndi Stefán telur, að þetta hafi verið efnt, og vísar til þess, að þegar steypu neðri hæðar var lokið, gerðu þeir framkvæmdastjóranum aðvart, áður en þeir greiddu Óskari, enda var hann viðstaddur og rann féð til hans. Eftir það hafi Óskar ekkert verið greitt af kaupverði hússins án þess að annarhvor framangreindra manna væri viðstaddur og fengi fé það, sem greitt var.

Gegn hinum eindregnu andmælum stefndu þykir stefnandi eigi hafa fært sönnur á staðhæfingu sína um loforð þeirra um greiðslu byggingarkostnaðarins og eigi þykja efni til þess í málinu, að úrslit þess verði látin koma undir eiði aðilja né drengskaparheiti. Hitt er ljóst, að stefnandi mátti treysta því, að stefndu greiddu Óskari Sveinssyni ekki eftirstöðvar kaupverðs hússins öðruvísi en að framkvæmdastjóra stefnanda yrði gefinn kostur á að vera viðstaddur og gæta hagsmuna hans. Í málinu hefur verið lögð fram skýrsla stefndu um greiðslur þeirra til Óskars Sveinssonar svo og greiðsludag. Hefur stefndi Stefán staðfest skýrslu þessa fyrir dómi. Af henni sést, að þeir hafa greitt Óskari alls kr. 325.088.43, en í þeirri tölu er falin fjárhæð framannefnds víxils kr. 36.000.00. Stefndu innleystu víxil þenna, er hann féll í gjalddaga 20. desember 1951, en síðan hafa þeir fengið Óskar dæmdan til greiðslu hans. Samkvæmt skýrslu þessari hafa stefndu greitt Óskari kr. 189.000.00, áður en margnefndur fundur var haldinn, en kr. 136.088.43 eftir þann tíma, og er þar með talinn nýnefndur víxill, þannig að peningagreiðslur þeirra til Óskars sjálfs virðast hafa numið kr. 100.088.43. Af þeirri fjárhæð fékk stefnandi kr. 30.000.00 eins og fyrr segir. Eigi hefur því verið hreyft, að framkvæmdastjóra stefnanda hafi, eftir að sú greiðsla fór fram, verið veittur kostur á að gæta hagsmuna stefnanda, þegar síðari greiðslur til Óskars, samtals að fjárhæð kr. 70.088.43 fóru fram, en af þessari fjárhæð voru samkvæmt skýrslunni kr. 49.443.43 greiddar 23. október 1951 eða síðar. Af þeirri fjárhæð munu Stefáni Gíslasyni hafa verið greiddar ca kr. 10.000.00 eða ca kr. 15.000.00, hið fyrra að sögn stefnda Stefáns, en hið síðara að sögn Stefáns Gíslasonar. Hvor fjárhæðin sem réttari er, lækka þó framangreindar tölur ekki niður fyrir kröfu stefnanda, og samkvæmt öllu framanrituðu þykir því bera að taka hana til greina

og dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda kr. 32.340.10 með vöxtum eins og krafizt var svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 3000.00. Þá ber og að taka til greina kröfu stefnanda um staðfesting löghaldsins, sem réttilega var til laga haldið.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Framangreind löghaldsgerð er staðfest.

Stefndu, Stefán Björnsson og Jóhann Friðriksson, greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan stefnanda, h/f Goða, kr. 32.340.10 með 6% ársvöxtum frá 25. marz 1952 til greiðsludags og kr. 3000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. maí 1955.

Nr. 5/1954. **Jón Guðjónsson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Skarphéðni Kristbergssyni (Enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 14. janúar 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Krefst hann þess *aðallega*, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 4585.37 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar. Þá krefst hann og, að staðfest verði til tryggingar dæmdum fjárhæðum löghald það, sem gert var í fógetadómi Reykjavíkur 26. júlí 1952 og í málinu getur. *Til vara* krefst áfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi stefnda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi hefur ekki komið fyrir Hæstarétt í máli þessu og enginn af hans hálfu, og er honum þó löglega stefnt. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935.

Í héraði lagði áfrýjandi fram reikning um efni og vinnu, er hann kveðst hafa látið stefnda í té. Stefndi mótmælti því í greinargerð, að áfrýjandi hefði lagt til meira efni en greint er í héraðsdómi. Þrátt fyrir mótmæli þessi hafðist áfrýjandi ekkert að til að afla gagna til sönnunar þessum lið kröfu sinnar, fyrr en eftir að dómur gekk í héraði. Þessi málflutningur brýtur algerlega í bága við 111. gr. sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936, og verður því, þar sem stefndi hefur ekki komið fyrir Hæstarétt, að dæma málið eingöngu eftir skilríkjum þeim, sem fram komu af hálfu aðilja fyrir héraðsdómi. Og með því að ekki verður af þeim gögnum ráðið, að áfrýjandi eigi rétt til hærri fjárhæðar úr hendi stefnda en honum var dæmd í héraði, á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. júlí 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Jón Guðjónsson húsasmíðameistari, Grenimel 30, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 15. september 1951, gegn Skarphéðni Kristbergssyni múrarameistara, Hofsvallagötu 59, hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 4585.31 auk 6% ársvaxta frá 1. janúar 1951 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Þá hefur stefnandi með framhaldsstefnu, útgefinni 6. ágúst f. á., krafizt þess, að staðfest verði löghaldsgerð, er fram fór í fógetarétti Reykjavíkur 26. júlí f. á. í eignarhluta stefnda í húseigninni nr. 59 við Hofsvallagötu til tryggingar stefnukröfunum, svo og til tryggingar kostnaði við löghaldsgerðina, eftirfarandi fjárnám og uppboð, ef til kemur. Enn hefur stefnandi krafizt málskostnaðar í framhaldssök úr hendi stefnda.

Í greinargerðum aðal- og framhaldssakar hefur stefndi krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans. Hins vegar hefur hann við flutning málsins krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 2413.14, og verði málskostnaður látinn falla niður.

Málavexti kveður stefnandi þá, að haustið 1950 hafi hann tekið að sér nokkrar innréttingar og aðrar smíðar í íbúð stefnda í húsinu nr. 59 við Hofsvallagötu, hér í bænum, og sé hin umstefnda skuld eftirstöðvar kostnaðar við verk þetta (efni og vinna).

Samkvæmt framlögðum reikningum stefnanda eru vinnulaun reiknuð kr. 7144.10, en efni og fleira, er stefnandi telur sig hafa lagt til, kr. 3759.14. Stefndi hefur viðurkennt reikninga stefnanda, að því er vinnulaunin varðar. Hins vegar hefur hann mótmælt því ákveðið, að stefnandi hafi lagt til efni fyrir meira en kr. 769.04 að meðtöldum söluskatti. Beri stefnanda því samtals fyrir verkið kr. 7913.14. Upp í það kveðst stefndi hafa greitt kr. 5500.00, og kemur þá fram hin viðurkennda fjárhæð.

Dómkvaddir menn hafa metið vinnu stefnanda við hús stefnda að meðtöldum tryggingum, orlofi og söluskatti á kr. 7357.64. Hefur stefnandi krafizt þess, að við dóm í málinu verði matsfjárhæð þessi lögð til grundvallar vinnulaunakröfu hans, en gegn mótmælum stefnda verður ekki á þessa kröfu stefnanda fallizt, heldur verða vinnulaunin miðuð við reikninga stefnanda.

Stefnandi hefur ekki gegn mótmælum stefnda sannað, að hann hafi lagt meira efni til verksins en stefndi hefur viðurkennt, og það er ágreiningslaust, að stefnandi hefur fengið kr. 5500.00 greiddar upp í verk sitt. Verða því úrslit málsins þau, að stefndi verður aðeins dæmdur til að greiða hina viðurkenndu fjárhæð, kr. 2413.14, ásamt vöxtum eins og krafizt hefur verið svo og málskostnaði, þar eð greiðsla hefur ekki verið boðin fram, áður en til málssóknar kom. Þykir málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn kr. 650.00. Þá ber að staðfesta fyrrgreinda löghaldsgerð fyrir dæmdum fjárhæðum.

Ísleifur Árnason, setuborgardómari, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreind löghaldsgerð staðfestist.

Stefndi, Skarphéðinn Kristbergsson, greiði stefnanda, Jóni Guðjónssyni, kr. 2413.14 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1951 til greiðsludags og kr. 650.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. maí 1955.

Nr. 166/1954. **Kornelíus Jónsson** (Gústaf Ólafsson hdl.)

gegn

Sigurlaugu Sigurðardóttur

(Agnar Gústafsson hdl. samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Lindal prófessor.

Riftun kaups vegna galla á seldum hlut.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1954. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu í málinu og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kornelíus Jónsson, greiði stefndu, Sigurlaugu Sigurðardóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. júlí 1954.

Mál þetta, sem var dómtekið 23. f. m., hefur Sigurlaug Sigurðardóttir, Samtúni 12, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. nóvember 1952 gegn Kornelíusi úrsmið Jónssyni, Mávahlíð 33, hér í bænum, til greiðslu á kr. 1185.00 auk 6% ársvaxta frá sáttakærudegi, 20. nóvember 1952, til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að stefnandi keypti úr hjá stefnda 30. apríl 1952, og var eins árs ábyrgð á úrinu af hendi seljanda. Stefnandi gaf dóttur sinni úr þetta, sem þegar í upphafi reyndist illa og gekk skrykkjótt. Fáum dögum eftir kaupin fór dóttir stefnanda með úrið til stefnda, bæði til þess að láta skrásetja það vegna ábyrgðarinnar og til að láta gera við það. Eftir þá viðgerð sótti enn í sama horf, og var úrinu tvisvar sinnum komið til stefnda til viðgerðar og skipti hann um fjöður í úrinu og „hálfhreinsaði" það í seinna skiptið, um 8. október 1952. Er hér var komið, hafði stefnandi tekið við úrinu af dóttur sinni og gjöfin gengið til baka. Einni til tveim vikum síðar fór stefnandi með úrið enn til stefnda og krafðist þess, að hann tæki úrið aftur og léti nýtt úr í staðinn. Hann kvaðst aldrei taka aftur við seldum úrum, en bauðst til að skipta um verk í úrinu. Stefndi vildi eigi fallast á það og skildi úrið eftir, án þess að samkomulag yrði með aðiljum, hvað gert skyldi við úrið. Nokkru síðar kom stefnandi til stefnda til þess að vitja úrsins, og var stjúpsonur hennar með henni. Hafa þau skýrt svo frá fyrir dómi, að stefndi hafi þá tjáð þeim, að hann væri búinn að skipta um verk í úrinu. Stefnandi vildi eigi sætta sig við það og krafði stefnda um endurgreiðslu kaupverðsins, en hann neitaði því. Hefur hún síðan höfðað mál þetta til endurheimtu andvirðis úrsins, kr. 1085.00, og enn fremur krafizt bóta fyrir afnotamissi, kr. 100.00, auk vaxta og málskostnaðar, sem fyrr var greint.

Stefndi skýrir svo frá, að engir gallar hafi komið fram á úrinu hinn 6. maí 1952, er það var „aftrekkt", þ. e. verkið tekið í sundur og hvert stykki skoðað sérstaklega. Hann heldur því fram, að verkið í þessu úri sé ógallað, en hins vegar sé það næmt fyrir ryki, enda sé verkið í óvatnsþéttum gullkassa og verkið þoli ekki, að ryk safnist í það. Hann skýrir svo frá, að þegar stefnandi kom síðast með úrið til hans, hafi eigi þurft aðra aðgerð en að hreinsa ryk úr verki þess til þess að koma því í fullkomið lag. Hann neitar því eindregið að hafa skipt um verk í úrinu eða hafa sagt stefnandi og stjúpsyni hennar, að hann hafi gert það, en hins vegar kveðst hann hafa boðið stefnandi slík skipti, þótt hann hafi talið það boð um skyldu fram. Hann telur ábyrgð sína á seldu úri einungis ná til verksins, enda geti rispur á úrkassa gert úr óhæft til sölu, og kveðst hann því aldrei taka aftur við seldu úri. Samkvæmt þessu telur stefndi enga þá galla á úrinu, sem heimilað fái stefnandi að rifta kaupunum eða heimta afslátt af kaupverði úrsins. Til vara hefur hann mótmælt því, að stefnandi hafi beðið nokkurt tjón af afnotamissi úrsins.

Af málsskýringum stefnda er það ljóst, að frágangur umræddsúrs var á þann veg, að verkinu hætti til að safna í sig ryki, en við það varð því erfitt um gang. Því er eigi haldið fram, að stefnandi eða dóttur hennar hafi verið skýrt frá því, að stefndi teldi ábyrgð sína á úrinu einskorðaða við gangverk þess án tillits til þess, hversu

um það væri búið. Verður því að líta svo á, að úr þetta hafi verið haldið slíkum galla, að stefnandi sé rétt að rifta kaupunum og endurheimta kaupverðið, kr. 1085.00, með vöxtum eins og krafizt var. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnandi eigi leitt rök að bótakröfu sinni, kr. 100.00, og verður hún því eigi til greina tekin. Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma stefnda til að greiða stefnandi málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Kornelíus Jónsson, greiði stefnandi, Sigurlaugu Sigurðardóttur, kr. 1085.00 með 6% ársvöxtum frá 20. nóvember 1952 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. maí 1955.

Nr. 80/1954. **X** (Magnús Thorlacius)
og
Y (Egill Sigurgeirsson)
gegn
K (Ólafur Þorgrímsson)
og
Y (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Z (Enginn).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Lindal prófessor.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

X hefur fengið gjafsókn hér fyrir dómi og áfrýjað málinu með stefnu 25. maí 1954. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa. Að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Varakrafa. Að hann verði sýknaður af kröfum stefndu.

Þrautavarakrafa. Að úrslit málsins, að því er hann varðar, verði látin velta á synjunareiði hans.

Loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Y hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júlí 1954. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa. Að hann verði sýknaður af kröfum stefndu.

Varakrafa. Að úrslit málsins, að því er hann varðar, verði látin velta á synjunareiði hans.

Þrautavarakrafa. Að áfrýjendum og stefnda, Z, verði öllum eða tveimur þeirra in solidum dæmt að greiða meðlag með barni stefndu, fæðingarstyrk til stefndu og tryggingariðgjald hennar árið 1953.

Loks krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu, ef aðalkrafa eða varakrafa hans verður tekin til greina, en ella krefst hann þess, að því er hann varðar, að málskostnaður verði eigi dæmdur.

Stefnda, K, Krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti in solidum úr hendi áfrýjenda eftir mati dómsins.

Af hendi stefnda, Z, hefur enginn komið fyrir Hæstarétt, og er þó löglega stefnt.

Aðalkrafa áfrýjanda X er reist á því, að ástæða hafi verið til að beina máli þessu gegn fleiri mönnum en gert hefur verið. Það er að vísu fram komið í málinu, að stefnda hefur haft samfarir við menn, sem málssóknin tekur eigi til, en eigi er í ljós leitt, að þær samfarir hafi verið á getnaðartíma barnsins. Að svo vöxnu máli eru eigi efni til að taka nefnda kröfu til greina.

Með skírskotun til raka héraðsdóms þykir mega staðfesta hann, að því er varðar áfrýjendur, að öðru en því, að eiðfrestur stefndu verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eins og í héraðsdómi greinir, hafði stefndi, Z, samfarir við stefndu á getnaðartíma barnsins. Skýrslur, sem raktar eru í héraðsdómi, um, að stefnda hafi eigi orðið sáðfall, þykja eigi verða lagðar til grundvallar í máli þessu. Ber því samkvæmt 212. gr. laga nr. 85/1936 að dæma stefnda til þess in

solidum með áfrýjanda Y og, ef því verður að skipta, áfrýjanda X að greiða meðlag með barni stefndu, fæðingarstyrk til stefndu og tryggingariðgjald hennar árið 1953 með sama hætti og í héraðsdómi greinir, að því er áfrýjendur varðar.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda X fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, greiðist úr ríkissjóði. Áfrýjendur greiði in solidum stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00. Stefndi greiði áfrýjanda Y málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi Y og stefndi, Z, greiði in solidum eftir úrskurði yfirvalds meðlag með barni stefndu, K, er hún ól hinn 8. marz 1953, svo og fæðingarstyrk og tryggingariðgjald stefndu fyrir árið 1953.

Ef stefnda vinnur innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa og eftir löglegan undirbúning eið að því á lögmæltu varnarþingi, að hún hafi á tímabilinu frá og með 22. apríl 1952 til 11. júlí s. á. haft holdlegar samfarir við áfrýjanda X, skal hann greiða in solidum með áfrýjanda Y og stefnda, Z, meðlag með barni stefndu, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald, er að framan greinir. Fallist stefnda á eiðnum, skal áfrýjandi X vera sýkn af kröfum þessum.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð.

Málflutningslaun talsmanns áfrýjanda X fyrir Hæstarétti, Magnúsar hæstaréttarlögmanns Thorlacius, kr. 2000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjendur greiði in solidum stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00.

Stefndi greiði áfrýjanda Y málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1954.

Ár 1954, miðvikudaginn 14. apríl, var í bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Guðmundi Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 3/1954: K gegn X, Y og Z. Mál þetta var dómtekið samdægurs.

Hinn 8. marz 1953 ól sóknaraðili, K, ógift, fædd 27. júlí 1937, til heimilis að Vogi við Suðurlandsbraut, hér í bæ, sveinbarn, er ekki hefur enn verið gefið nafn. Barnið fæddist á fæðingardeild Landspítalans. Segir í vottorði ljósmóður við fæðingardeildina, að barnið hafi verið 4160 gr. að þyngd, 52 cm að lengd og höfuðmál 34½—36½ cm. Sóknaraðili lýsti föður að barninu X, símvirkjanema, f. 3. maí 1933, til heimilis á Framnesvegi 57, hér í bæ. X hefur ekki viljað gangast við faðerninu. Sóknaraðili hefur því höfðað mál þetta og gert þær kröfur, að X verði dæmdur faðir barnsins, að hann verði skyldaður með úrskurði til að greiða meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald sóknaraðilja fyrir árið 1953. Til vara er krafizt fyllingareiðs. Til þrautavara er þess krafizt, að X ásamt þeim Y og Z, öðrum eða báðum, verði solidariskt dæmdir til að greiða sóknaraðilja meðlag og barnsfararkostnað. Loks krefst sóknaraðili málskostnaðar.

Varnaraðili X krefst aðallega sýknu, en til vara synjunareiðs og að sóknaraðili verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Varnaraðili Y krefst aðallega sýknu, til vara synjunareiðs, til frekari vara, að fallizt verði á varakröfu sóknaraðilja, og til ýtrustu vara, að varnaraðiljar, allir eða tveir þeirra, verði dæmdir til greiðslu meðlags og barnsfararkostnaðar og alls málskostnaðar.

Varnaraðili Z krefst sýknu.

Varnaraðiljarnir Y og Z voru ex officio dregnir inn í málið, sbr. 3. mgr. 211. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Varnaraðili Y er fæddur 14. júlí 1931. Er hann afgreiðslumaður að atvinnu og á heima á Garðavegi 8 í Keflavík. Varnaraðili Z er fæddur 3. ágúst 1933. Er hann bílstjóri að atvinnu. Hann á heima á Kársnesbraut 36 í Kópavogi.

Þáttur **X**:

Sóknaraðili skýrði frá því, er þingað var fyrst í máli þessu í júní 1953, að hún hefði kynnzt varnaraðilja X í lok janúar 1952 á dansleik í Breiðfirðingabúð. Höfðu þau samfarir þá um nóttina heima hjá X á Framnesvegi 57. Eftir þetta höfðu þau nokkrum sinnum samfarir, og þá alltaf heima hjá X og þá síðast 30. maí 1952. Þá telur sóknaraðili barnið getið. Hvorugt þeirra viðhafði nokkurn tíma varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir getnað. Þau höfðu og samfarir einu sinni eftir þetta, eða síðari hluta júlímánaðar 1952. Sóknaraðili hafði á klæðum síðast fyrir barnsburð í

byrjun eða um miðjan maí 1952. Sumarið 1951 hélt hún, að sama væri uppi á teningnum. Hún dró því að fara til læknis fram í september. Læknirinn tjáði henni, að hún væri barnshafandi. Sóknaraðilja var þá farið að renna grun í það. Þann 27. september 1952 fór hún á fund X og skýrði honum frá því, að hún væri með barni. Ekki þrætti X þá fyrir að vera valdur að þunga sóknaraðilja. Lét hann orð liggja að því, að bezt væri að gefa barnið. Sóknaraðili sá ekki meira til X eftir þetta, eða ekki fyrr en skömmu áður en rannsókn hófst í máli þessu. Þá þrætti X fyrir að eiga barnið.

Í þessu fyrsta þinghaldi málsins sagði sóknaraðili, að hún hefði ekki haft samfarir við annan karlmann, eftir að hún kynntist X.

Varnaraðili X skýrði frá því, að hann hefði aðeins einu sinni haft samfarir við sóknaraðilja. Hann kynntist henni laugardagskvöldið 22. marz 1952 á dansleik í Breiðfirðingabúð. Hann hafði samfarir við hana þá um nóttina heima hjá sér. Hvorugt þeirra viðhafði ráðstafanir til að sporna við getnaði. Hann sá sóknaraðilja einu sinni um vorið og talaði þá við hana. Auk þess hitti hann hana á dansleik í Tjarnarcafé hér í bæ fyrri hluta júní eða um mánaðamótin maí—júní 1952. Skýrði X frá því, að varnaraðili Y hefði horfið af dansleik þessum með sóknaraðilja og haft samfarir við hana. Þá taldi X sig vita til þess, að Y hefði haft samfarir við hana á Hreðavatni í ágúst 1952. X vildi því ekki kannast við að vera faðir að barni sóknaraðilja.

Sóknaraðili þrætti í fyrstu fyrir kunningsskap við Y, en þar kom þó, að hún kannaðist við hann. Neitaði hún að hafa haft samfarir við hann. Verður síðar vikið nánar að þessu. Hún upplýsti hins vegar, að hún hefði haft samfarir við annan mann í febrúar 1952. Sá heitir J. Notaði hann verjur.

Sóknaraðili benti á vinkonu sína, A, sem vitni að sambandi sínu við X, veturinn og vorið 1952.

Vitni þetta skýrði frá því, að það hefði verið með sóknaraðilja, er sóknaraðili kynntist X fyrst. Var það á dansleik í Breiðfirðingabúð, ekki mjög löngu eftir nýjár. Sóknaraðili fór heim með X af dansleik þessum. Eftir þetta vissi vitnið til þess, að sóknaraðili og X hittust tvívegis í Breiðfirðingabúð þá um vorið. Fór sóknaraðili bæði skiptin heim með X. Vitnið mundi, að það fór í vist seinni hluta maí 1952. Einhvern tíma eftir að vitnið kom í vist þessa, fór það á dansleik í Breiðfirðingabúð með sóknaraðilja. Þar hittu þær X, er var drukkinn. Sóknaraðili var einnig við skál. Eftir þenna dansleik skildi vitnið við sóknaraðilja og X í miðbænum. Sóknaraðili sagði vitninu síðar, að hún hefði haft samfarir við X þá um nóttina. Vitnið sagði, að hljómsveit frá Vestmannaeyjum hefði spilað fyrir dansleik þessum. Upplýsingar fengust um það, að hljómsveit frá Vestmannaeyjum hefði spilað fyrir dansleikjum í Breiðfirðingabúð þann 5. og 6. júní 1952.

Vitni þetta hvarf til sumardvalar úr Reykjavík þann 18. júní 1952. Um haustið sagði sóknaraðili vitninu frá því, að hún væri með

barni. Taldi hún X föður barnsins, en var hvergi örugg. Hún minntist á J, sem fyrr er nefndur, en áttaði sig þó strax á því, að hann kæmi ekki til greina. Einnig velti hún fyrir sér þeim möguleika, að einhver strákur, sem hafði haft við hana samfarir um sumarið, væri faðir að barninu. Við nánari íhugun taldi hún þó, að piltur þessi kæmi ekki til greina, því að samfarir hefðu átt sér stað, eftir að barnið var getið. Vitnið vissi ekki nafn pilts þessa.

Sóknaraðili var nú inntur eftir sambandi sínu við þenna mann, er A talaði um og vissi ekki nafn á. Sóknaraðili sagði pilt þenna vera kallaðan Ó. Nánari deili á honum vissi hún ekki, nema hún taldi hann vera farinn af landi brott. Þótt hún væri marginnt eftir þessum Ó, fengust engar frekari upplýsingar um hann. Sagði hún þau Ó hafi haft samfarir sumarið 1952, eftir að hún varð þunguð.

Vitnið taldi öruggt, að X væri faðir barnsins.

Leiddur var sem vitni S nokkur, skólabróðir X. Vitni þetta rak minni til þess, að það hefði verið á dansleik í Breiðfirðingabúð síðari hluta vetrar eða vorið 1952. Vitnið kynntist á þessum dansleik A þeirri, er fyrr er nefnd. Á dansleik þessum voru þau sóknaraðili og X. Eftir dansleikinn urðu þau samferða í bíl, vitnið, A, X og sóknaraðili. Annaðhvort fyrir utan hjá X eða A skildi vitnið og A við þau sóknaraðilja og X. Vitnið mundi, að nótt var björt, svo að vitnið dró þá ályktun, að þetta hefði verið í apríl eða jafnvel í maí. Vitnið hafði það á tilfinningunni, að sóknaraðili og X hefðu kynnzt áður.

Varnaraðili Y og X voru góðkunningjar og iðulega saman veturinn 1951—1952. Y sagðist þenna vetur hafa séð þau saman á götu oftar en einu sinni þau sóknaraðila og X. Y og X voru saman á dansleik í Tjarnarcafé, er haldinn var laugardagskvöldið 14. júní 1952, að því er Y bezt mundi. Á dansleik þessum kynnti X sóknaraðilja fyrir Y og hvíslaði því jafnframt að honum, að hún væri mjög „tiltækileg". Velktist Y ekki í vafa um, að X nauðþekkti sóknaraðilja. Skildist Y, að X hefði oftlega haft náin kynni af sóknaraðilja. Haustið 1952 sagði X Y frá því, að sóknaraðili kenndi honum barn, er hún gengi með. X vildi ekkert um það segja, hvort hann ætti barnið eða ekki. X taldi sóknaraðilja lausláta, og gæti hann því ekki vitað, hvort hann eða einhverjir aðrir ættu barnið, og vildi hann því í lengstu lög komast hjá því að viðurkenna faðernið.

X sagði framburð Y um þessi miklu og nánu kynni sín af sóknaraðilja tilbúning. Hélt X fast við það, að hann og sóknaraðili hefðu aðeins einu sinni komið saman að líkamslosta. Þá sagði hann S misminna um það, hvenær þeir voru saman á dansleiknum í Breiðfirðingabúð. Það hafi verið í marz, eins og X hafði skýrt frá. X skýrði frá því, að hann hefði aldrei sagt við sóknaraðilja, að réttast væri að gefa barnið, eins og sóknaraðili skýrði frá, heldur sagði hann, að fyrst yrði krakkinn að fæðast, til þess að hann gæti vitað, hvort hann ætti barnið eða ekki.

X var þráspurður um samband sitt við sóknaraðilja. Hélt hann

fast við það, að hann hefði ekki nema einu sinni haft samfarir við hana. Hann sagðist ekki hafa verið með henni á dansleik í Breiðfirðingabúð um mánaðamótin maí—júní 1952. Á lokastigi rannsóknar máls þessa skýrði sóknaraðili frá því, að hún hefði hitt X á dansleik í Breiðfirðingabúð í ágúst 1952. Hafði sóknaraðili grafið upp vitni að því, að hún og X hefðu verið saman á dansleik þessum og orðið samferða af dansleiknum. Hafði hún farið heim með X og haft þar samfarir við hann. Síðan ók X henni heim. X viðurkenndi nú þessar samfarir. Hann sagðist ekki hafa munað eftir þeim, fyrr en hann var minntur á þær.

Þáttur Y:

Svo sem fyrr getur, skýrði X frá því, að góðkunningi sinn, varnaraðili Y, hefði haft samfarir við sóknaraðilja um mánaðamótin maí—júní 1952.

Varnaraðili Y viðurkenndi þetta mjög greiðlega, bæði í bæjarþingi Keflavíkur, þar sem hann var fyrst yfirheyrður um þetta, og síðar í bæjarþingi Reykjavíkur, er hann var nánar inntur eftir þessu. Skýrði hann frá því, að hann hefði kynnzt sóknaraðilja fyrir atbeina X á dansleik í Tjarnarcafé. Taldi Y í fyrstu dansleik þenna hafa verið haldinn öndverðan júnímánuð 1952 fremur en síðari hluta maí eða um mánaðamótin maí—júní. Síðar, er hann hafði rifjað þetta betur upp, taldi hann dansleikinn hafa verið haldinn laugardagskvöldið 14. júní 1952. Á miðjum þessum dansleik brá Y sér yfir í Tjarnargötu 10, sem er þarna spölkorn frá, og hafði með sér sóknaraðilja. Y hafði þarna í Tjarnargötu 10 innhlaup í herbergi kunningja síns. Í herbergi þessu hafði Y samfarir við sóknaraðilja. Y, sem var drukkinn, notaði ekki verjur. Að samförunum loknum hurfu þau aftur á dansleikinn. Y hitti sóknaraðilja um sumarið í ágústbyrjun á Hreðavatni, og höfðu þau þá samfarir.

Sóknaraðili vildi í fyrstu ekkert við Y kannast. Þó rak að því, að hún viðurkenndi, að hún hefði kynnzt honum á dansleik í Tjarnarcafé um miðjan júlí 1952 og farið með honum heim til hans, en ekki haft við hann samfarir. Eftir að aflað hafði verið skýrslu Y um þetta atriði og sóknaraðilja kynnt skýrslan, sagði hún skýrsluna rétta. Gat hún þess, að Y hefði fellt sæði til sín. Taldi hún samfarir þessar hafa átt sér stað um miðjan júní 1952, á laugardagskvöldi, því að hún mundi, að hún tók síðasta strætisvagn heim kl. 01.00 um nóttina.

Eftir að sóknaraðilja og Y var tilkynnt, að rannsókn málsins væri lokið og mál höfðað m. a. gegn Y, brá svo við, að bæði sóknaraðili og Y báðu um framhaldsrannsókn.

Y óskaði eftir því, að yfirheyrður yrði kunningi hans, R nokkur. Hafði Y hitt R þenna sama daginn og honum var tilkynnt málshöfðunin. Kom þar niður tali þeirra, að Y sagði honum frá málshöfðuninni. R þóttist þá muna, að hér skyti skökku við hjá Y. Sagð-

ist hann muna það greinilega, að hann hefði hitt Y á dansleik í Tjarnarcafé sumarið 1952, viku fyrir verzlunarmannahelgina, sem er fyrsta helgi í ágúst. R staðfesti frásögn Y fyrir dómi. Sagðist hann muna, að þetta hafi verið laugardagskvöld, viku fyrir verzlunarmannahelgina. Þeir Y töluðu um að fara upp að Hreðavatni um verzlunarmannahelgina. R staldraði stutt við á dansleiknum. Sagði hann öruggt, að hann hefði ekki nema einu sinni hitt Y á dansleik í Tjarnarcafé þetta sumar. Annað gat vitnið ekki upplýst, sem máli skipti.

Y mundi, að hann hafði hitt R á dansleik í Tjarnarcafé þetta sumar.

Til að gera langa sögu stutta skal þess getið, að dansleikur var haldinn í Tjarnarcafé laugardagana alla í júní og júlí 1952, þ. e. 7., 14, 21. og 28. júní og 5., 12., 19. og 26. júlí. Nú er það upplýst, að X, sem var á dansleik þessum með Y, er Y hafði kynnin af sóknaraðilja, var skráður á v/s Heklu þann 14. júlí 1952. Skipið lét úr höfn hér í Reykjavík þann 15. júlí. Kom það aftur til Reykjavíkur þann 22. júlí. Lét úr höfn þann 26. júlí. X var þá enn skráður á skipið.

Vætti R sýnist því haldlítið.

Sóknaraðili kom aftur fyrir dóm að eigin ósk eftir málshöfðunina og skýrði nú frá því, að hún hefði farið að rifja betur upp, hvenær hún kynntist Y fyrst. Sagði hún, að þetta hefði verið viku fyrir verzlunarmannahelgina á laugardagskvöldi, eða í hæsta lagi tveimur vikum fyrir verzlunarmannahelgina (þ. e. þá 19. eða 26. júlí). Sóknaraðili sagði, að B nokkur hefði setið til sama borðs og sóknaraðili á þessum dansleik. B kom fyrir dóm og byrjaði að skýra frá því, að sóknaraðili hefði þá fyrir skömmu komið til sín og spurt sig, hvort vitnið myndi ekki eftir því, að þær hefðu verið saman á dansleik í Tjarnarcafé sumarið 1952. Vitnið mundi eftir þessu, en ekki hvenær sumarsins. Sóknaraðili vildi þá fá vitnið til að skýra frá því fyrir rétti, að þetta hefði verið hálfum mánuði fyrir verzlunarmannahelgina. Vitnið mundi alls ekki, hvenær þetta var. Vitnið taldi þó öruggt, að dansleikur þessi hefði verið haldinn að minnsta kosti mánuði áður en það hóf störf í verzlun einni hér í bænum, og áreiðanlega eftir að vitnið hætti störfum á barnaheimilinu Barónsborg, hér í bæ. Það fékkst upplýst, að vitnið hafði unnið í Barónsborg mánuðina maí—ágúst 1952, og vitnið hóf vinnu í fyrrnefndri verzlun þann 9. október 1952.

Vætti B sýnist því næsta haldlítið.

Þess skal getið, að sóknaraðili sagðist aðeins hafa spurt B að því, hvort hún myndi ekki, að þær hefðu verið saman á þessum dansleik hálfum mánuði fyrir verzlunarmannahelgina, en ekki beinlínis beðið hana að skýra frá því fyrir rétti.

Þáttur Z:

Vitnið A, er áður er nefnd, skýrði frá því, að varnaraðili Z myndi hafa haft náin kynni af sóknaraðilja vorið 1952, líklega í maí eða júní. Sóknaraðili viðurkenndi, að Z hefði haft samfarir við sig í húsi við Eiríksgötu, hér í bæ, einhvern tíma í júní 1952. Z notaði ekki verjur. Honum varð ekki sáðfall, svo að sóknaraðili taldi útilokað, að hann væri faðir að barninu. Z kannaðist við að hafa haft samfarir við sóknaraðilja í júlí, en ekki í júní. Hann notaði ekki verjur. Honum varð ekki sáðfall. Sóknaraðili bað Z að hætta samförunum, áður en hann var búinn. Lét Z að vilja hennar, en var mjög gramur. Sagði hann kunningja sinn, Æ, hafa verið þarna samtímis, með A þeirri, sem áður hefur verið minnzt á.

Æ mundi eftir þessu, en ekki hvenær sumarsins þetta var. Mundi Æ, að Z hafði orð á því, að honum hefði ekki orðið sáðfall og fannst það afleitt. Þá mundi Æ, að sóknaraðili spurði Z hvað eftir annað, hvort hann væri ekki búinn, en aldrei varð Z búinn.

A rámaði eitthvað óljóst í það, að sóknaraðili hefði beðið Z að hætta og hann gert það, áður en hann var búinn.

Z skýrði frá því, að H nokkur, kunningi sinn, hefði verið með sóknaraðilja vorið 1952. Sagði hann, að H hefði sagt sér, að hann væri ekki alveg grunlaus um, að hann gæti átt barnið með sóknaraðilja.

H skýrði frá því, að þetta hafi verið gamantal sitt við Z. Voru þau H og sóknaraðili sammála um, að þau hefðu haft samfarir síðast í marz eða byrjun apríl 1952 og að hann hefði alltaf notað verjur. Hann var því eigi dreginn inn í mál þetta.

J sá, sem fyrr er nefndur, skýrði frá því, að hann hefði nokkrum sinnum haft samfarir við sóknaraðilja veturinn 1951—1952. Hann notaði alltaf verjur. Síðast hafði hann samfarir við hana í marzmánuði. Sem fyrr er skýrt frá, taldi sóknaraðili, að þau J hefðu síðast haft samfarir í febrúarmánuði 1952. J var því ekki dreginn inn í mál þetta. J skýrði frá því, að sóknaraðili hefði hitt sig að máli sumarið 1952 og sagt sér, að hún væri líklega ekki kona einsömul. Spurði hún, hvort þau hefðu ekki haft samfarir í júní 1952, því að hún teldi barnið getið þá, að því er J skildist. Hann sagði sem var, að þau hefðu ekki haft samfarir í júní. Sóknaraðili sagði J herma rétt frá samtali þeirra. Áður hefur verið skýrt frá því, að vitnið A hafi getið þess, að sóknaraðili hafi haustið 1952 sagt vitninu, að hún vissi ekki, hver ætti barnið. Sóknaraðili sagðist hafa sagt þetta við A að gamni sínu.

Aðiljum máls þessa og barni sóknaraðilja var tekið blóð til blóðflokkarannsóknar. Niðurstaðan varð sem hér segir:

	Aðalfl.	Undirfl.	C	D	E	c
Sóknaraðili	O	MN	+	+	÷	÷
Barnið	O	N	+	+	÷	÷
Y	B	MN	+	+	÷	÷
Z	O	MN	+	+	÷	+
X	O	MN	+	+	÷	+

Samkvæmt þessari niðurstöðu er ekki unnt samkvæmt upplýsingum prófessors Niels Dungals að útiloka varnaraðiljana frá faðerninu.

Óskað var álits borgarlæknis um það, hvenær barnið gæti verið komið undir. Segir svo í bréfi borgarlæknis, dags. 14. september 1953: „...Í fæðingarvottorði ljósmóðurinnar, dags. 10. 6. 1953, er þess ekki getið sérstaklega, að barnið hafi verið fullburða við fæðingu, en lengd þess og þyngd við fæðingu benda eindregið til, að svo hafi verið.

Venjulegur meðgöngutími fullburða barns er 270 dagar, en getur verið misjafnlega langur, frá 240 til 320 dagar.

Mestar líkur eru því til, að barnið sé getið um 11. júní 1952, en möguleikar eru þó á, að það hafi komið undir einhvern tíma á tímabilinu 22. apríl til 11. júlí sama ár..."

Þar eð fram hefur komið í málinu, að fleiri hafi haft samfarir við sóknaraðilja á getnaðartíma barnsins, verður enginn dæmdur faðir, sbr. 212. gr. laga nr. 85/1936.

Eins og fram kemur í þætti Z hér að framan, var vitnið A viðstödd samfarir þeirra Z og sóknaraðilja. Þetta ásamt frásögn sóknaraðilja þykir sanna það, að samfarir þessar hafi átt sér stað í júní 1952, en ekki júlí, eins og Z hefur viljað halda fram, því að A fór úr bænum þann 18. júní 1952.

Sóknaraðili og Z eru sammála um það, að hann hafi, að beiðni sóknaraðilja, hætt samförunum, án þess að honum yrði sáðfall. Æ, sem fyrr er nefndur, var viðstaddur, svo og A. Æ vottar þetta með þeim. A rámaði einnig í þetta. Samkvæmt þessu má því sannað telja, að Z hafi ekki orðið sáðfall og því útilokað, að hann geti verið faðir að barninu. Ber því að sýkna hann í máli þessu.

Varnaraðili Y viðurkenndi að hafa haft samfarir við sóknaraðilja á líklegasta getnaðartíma barnsins. Sóknaraðili taldi rétt skýrt frá um tímann, eftir að hún viðurkenndi samfarirnar við Y. Y hafði komizt að þessari niðurstöðu með tímann, eftir vandlega yfirvegun, að því er séð verður. Sóknaraðili hafði að vísu breytt framburði sínum um tímann og vitnaði í B máli sínu til stuðnings, en sem þegar hefur verið sýnt fram á, reyndist vætti B haldlaust. Tímaákvörðun Y fær og nokkurn stuðning í framburði X, sem þegar hefur verið rakið. Y breytti aldrei fyrri framburði sínum, þótt hann óskaði framhaldsrannsóknar vegna upplýsinga R, sem reyndust haldlausar, eins og þegar hefur verið getið. Að þessu öllu athuguðu þykir nægilega sannað, að Y hafi haft fullkomnar samfarir við sóknaraðilja á líklegasta getnaðartíma barnsins. Verður því niðurstaða máls þessa, að því er Y varðar, sú, að hann verður dæmdur til að greiða meðlag með barni sóknaraðilja frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald sóknaraðilja fyrir árið 1953, svo og málskostnað, sbr. nánar hér á eftir.

X hefur ekki viljað viðurkenna, að hann hafi haft samfarir við sóknaraðilja á getnaðartíma barnsins. Hann hélt fast við það lengi

vel undir rannsókn málsins, að hann hefði aðeins einu sinni haft samfarir við sóknaraðilja, en varð þó að viðurkenna það, að hann hefði haft samfarir við hana í ágúst 1952. Þá hélt X fast við það, að hann hefði ekki verið á dansleikjum með sóknaraðilja vorið 1952, nema í Tjarnarcafé, sem áður er lýst.

Sóknaraðili hefur haldið fast við það, að X hefði haft samfarir við sig á getnaðartíma barnsins. Það stendur því staðhæfing gegn staðhæfingu og því ósannað, að X hafi haft samfarir við sóknaraðilja á getnaðartíma barnsins. Málið að þessu leyti verður því að velta á eiði annars hvors þeirra, sóknaraðilja eða X, sbr. 1. mgr. 213. gr. laga nr. 85/1936.

Af gögnum málsins er það ljóst, að margt hefur fram komið, er horfir til styrktar framburði sóknaraðilja um náin kynni hennar og X á getnaðartíma barnsins. Er þar fyrst að taka vætti A, vætti S um, að það hafi verið björt nótt, er hann var á dansleiknum í Breiðfirðingabúð með X og sóknaraðilja, framburður Y svo og síðkomin viðurkenning á því, að hann hafi haft samfarir við sóknaraðilja í ágúst 1952. Þegar litið er til alls þessa, þá verður að telja málstað sóknaraðilja líklegri. Að vísu hefur sóknaraðili undir rannsókn málsins viljað draga fjöður yfir fjöllyndi sitt og reynzt reikul í framburði sínum um samband sitt við Y. Þrátt fyrir þetta þykir hún ekki hafa eyðilagt eiðhæfi sitt. Að þessu öllu athuguðu ber því að láta úrslit málsins að þessu leyti velta á fyllingareiði sóknaraðilja, þannig að vinni hún eið að því á lögmæltu varnarþingi og eftir löglegan undirbúning innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hún hafi á tímabilinu frá 22. apríl 1952 til 11. júlí sama ár haft holdlegar samfarir við X, þá skal hann skyldur til að greiða in solidum með Y meðlag með barni sóknaraðilja, svo og fæðingarstyrk og tryggingariðgjald sóknaraðilja árið 1953, allt samkvæmt úrskurði yfirvalds.

Vegna máls þessa hefur sakadómaraembættið lagt út kr. 475.00. Ríkissjóður ábyrgist þóknun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Ólafs Þorgrímssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 1000.00.

Vinni sóknaraðili fyrrnefndan eið, ber að dæma X til að greiða in solidum með Y sóknaraðilja kr. 1475.00, er renni í ríkissjóð.

Fallist sóknaraðili á eiðnum, á X að vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, enda greiði hún þá X kr. 700.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Varnaraðili Y greiði meðlag með barni því, er sóknaraðili, K, ól þann 8. marz 1953, svo og fæðingarstyrk og tryggingariðgjald barnsmóður fyrir árið 1953, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Varnaraðili Y greiði sóknaraðilja kr. 1475.00 í málskostnað, er renni í ríkissjóð. Þar með teljast málflutningslaun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Ólafs Þorgrímssonar hrl., að upphæð kr. 1000.00.

Vinni sóknaraðili innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa og eftir lögmætan undirbúning eið að því á lögmæltu varnarþingi, að hún hafi á tímabilinu frá og með 22. apríl 1952 til 11. júlí sama ár haft holdlegar samfarir við varnaraðilja X, skal hann þá greiða in solidum með Y meðlag með barni sóknaraðilja, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald barnsmóður fyrir árið 1953, allt eftir yfirvaldsúrskurði, svo og málskostnað samkvæmt því, sem að framan greinir.

Fallist sóknaraðili á eiðnum, skal varnaraðili X vera sýkn af kröfum hennar í málinu, enda greiði sóknaraðili þá honum kr. 700.00 í málskostnað.

Varnaraðili Z skal vera sýkn í máli þessu.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 24. maí 1955.

Nr. 53/1954. **Ákæruvaldið** (Gunnar J. Möller)
gegn
Edward William Norton (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Forstjóri Landhelgisgæzlunnar hefur markað á sérteiknaðan sjóuppdrátt staði, merkta a, b og c, sem mældir voru yfir togara ákærða milli kl. 1251—1300 hinn 31. marz 1954, og reyndust þeir vera innan fiskveiðitakmarkanna, svo sem nú skal sagt:

1) Staður, merktur a, 2.4 sm.
2) Staður, merktur b, 2.3 sm.
3) Staður, merktur c, 1.9 sm.

Skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík hefur farið yfir þessar afmarkanir Landhelgisgæzlunnar og lýsir þær réttar.

Staður togara ákærða, merktur a, sem fundinn er með miðun og hornamælingu, kemur vel heim við stað, merktan b, sem fundinn er með miðun og mælingu á fjarlægð frá Öndverðarnesvita. Staður, merktur c, er að vísu eigi eins öruggur

og staðir, merktir a og b, en gefur þó vísbendingu um, að togarinn hafi þá verið fyrir innan fiskveiðitakmörkin. Gæzlumennirnir hafa borið og unnið eið að því, að togari ákærða hafi haft botnvörpu sína í sjó, er staðarákvarðanir b og c voru gerðar. Tvær ljósmyndir, merktar nr. 12 A og nr. 33 A, sem teknar voru að vætti gæzlumanna á tímabilinu kl. 1251 til 1300, sýna, að togari ákærða hafði botnvörpuna í sjó. Samkvæmt þeim gögnum, sem rakin hafa verið, verður að telja sannað, að ákærði hafi verið að veiðum með botnvörpu í landhelgi. Varðar brot hans við þau lagaákvæði, sem í héraðsdómi greinir. Með hliðsjón af því, að gullgengi íslenzkrar krónu hefur eigi breytzt frá uppsögu héraðsdóms, má staðfesta hann að öðru en því, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu þessa dóms.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Edward William Norton, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Lárusar Fjeldsteds, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. apríl 1954.

Ár 1954, föstudaginn 2. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1304/1954: Ákæruvaldið gegn Edward William Norton, sem tekið var til dóms sama dag.

Ákærður er Edward William Norton, skipstjóri á brezka togaranum Lincoln City, G.Y. 464, til heimilis 278 Durban Road í Grimsby, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botn-

vörpuveiðum á nefndum togara um kl. 1300 hinn 31. marz 1954 úti af Öndverðarnesi innan markalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 82/1952. Er þess krafizt, að ákærði sæti refsingu samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 5/1951, og 1. gr. laga nr. 81/1952, svo og að upptæk verði gerð afli og veiðarfæri nefnds togara og að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 29. janúar 1906 í Grimsby, og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Miðvikudaginn 31. marz s.l. var farið í gæzluflug í flugvélinni TF-ISB. Flugstjóri Sverrir Jónsson, Lokastíg 28 A, aðstoðarflugmaður Þórir Viktor Aðalsteinsson, Mjóuhlíð 8, en frá Landhelgisgæzlunni voru í flugvélinni Guðmundur Kjærnested skipstjóri, Þorfinnsgötu 8, og Hörður Þórhallsson stýrimaður, Fjölnisvegi 18. Klukkan 1140 var flogið frá Reykjavík í stefnu á Selvog, þaðan að Eldey og síðan norður yfir Faxaflóa að Öndverðarnesi. Frá klukkan 1249 til 1610 var flugvélin yfir brezka togaranum Lincoln City, G.Y. 464, úti af Snæfellsnesi og í nánd við hann, en síðan vor flogið til Reykjavíkur og lent þar klukkan 1647.

Samkvæmt eiðfestum skýrslum flugstjórans og beggja eftirlitsmanna Landhelgisgæzlunnar, sem í flugvélinni voru, voru eftirfarandi athuganir gerðar við togarann.

Klukkan 1249 var komið að honum, þar sem hann var úti af Öndverðarnesi með stjórnborðsvörpu á síðunni og stjórnborðshlera í gálgum. Klukkan 1251—1300 voru gerðar eftirfarandi staðarákvarðanir:

a) Flogið yfir togarann með stefnu á Öndverðarnesvita og um leið mælt hornið Öndverðarnestá—Tröllakirkja. Réttvísandi stefna á vitann 077°. Horn 70° 18'.

b) Flogið tvisvar fram og til baka milli togarans og Öndverðarnesvita. Flughraði 120 sjómílur á klukkustund. Meðalstefna 075°. Meðalflugtími 65 sekúndur.

c) Hornið milli Öndverðarnestáar og Tröllakirkju mælt 67° 20' yfir togaranum. Stefna á Öndverðarnesvita um 077°. Staðarákvörðun þessi var þó frekar óviss vegna hristings á flugvélinni sökum storms.

Þessar staðarákvarðanir gefa staði togarans innan fiskveiðitakmarkanna. Ákvörðun *a* 2.6 sjómílur, ákvörðun *b* 2.3 sjómílur, ákvörðun *c* 2.0 sjómílur. Meðan þessar staðarákvarðanir voru gerðar, togaði togarinn með stjórnborðsvörpu í vestlæga stefnu, og voru á þessu sama tímabili teknar nokkrar myndir af honum úr flugvélinni, og sýnir ein þeirra mjög greinilega dragstrengina úti.

Klukkan 1305 höfðu eftirlitsmennirnir í flugvélinni samband við varðskipið Sæbjörgu, sem var úti af Dritvík, og báðu hana um að taka togarann fastan fyrir meint fiskveiðibrot. Varðskipið hélt þá

rakleitt til togarans, og klukkan 1436 var úr flugvélinni gerð eftirfarandi ákvörðun á stað varðskipsins, þar sem það lét reka við hlið togarans, eftir að hafa stöðvað hann:

Flogið var fram og til baka milli varðskipsins og Svörtuloftavita. Stefna frá varðskipi að vita réttvísandi 062°. Flughraði 128 sjómílur á klukkustund. Meðaltal flugtíma milli varðskipsins og vitans 153 sekúndur, sem gefur fjarlægð skipsins 5.4 sjómílur frá vitanum. Um leið gaf varðskipið flugvélinni upp stað sinn eftir ratsjármælingu: Svörtuloft réttvísandi 061°, fjarlægð 5.2 sjómílur. Um klukkan 1440 tilkynnti varðskipið, að það færi með togarann upp á Beruvík til nánari athugunar. Klukkan 1605 tilkynnti varðskipið, að skipstjóri togarans neiti að hafa verið að togveiðum á fyrrnefndum slóðum innan fiskveiðitakmarkanna, en sé fús til að fara til Reykjavíkur til nánari rannsóknar á málinu. Klukkan 1610 fór flugvélin áleiðis til Reykjavíkur.

Meðan framangreindir atburðir varðandi togarann gerðust, var veður A eða NA, 8—9 vindstig, lágskýjað og mistur yfir landinu, en þeir staðir, sem miðaðir voru í landi, sáust greinilega og ströndin á milli þeirra. Hornamælingarnar voru gerðar með sextant. Á flugi milli skipanna og lands og aftur til baka gaf flugstjórinn eftirlitsmönnunum upp stefnur og flughraða og einnig sá Guðmundur Kjærnested skipstjóri þetta hvorttveggja á mælitækjum flugvélarinnar. Flugtímann mældu eftirlitsmennirnir með tveimur skeiðklukkum. Flughæðin í mælingaflugi þessu var 500 fet.

Samkvæmt skýrslu skipstjórans á varðskipinu Sæbjörgu var skipið statt skammt norður af Dritvíkurtöngum kl. 1305, þegar honum barst tilkynning frá flugvélinni um, að togarinn væri að kasta stjórnborðsvörpu innan fiskveiðitakmarkanna vestur af Öndverðarnesi og tilmæli um að fara strax til togarans og taka hann fastan. Staðarákvörðunin, sem flugvélin gaf upp, var Öndverðarnestá réttvísandi 077°, hornið til Dritvíkurtanga 67° 20′, sem gaf stað togarans um 2.0 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Varðskipið lagði strax af stað á fullri ferð til togarans eftir tilvísun flugvélarinnar, sem sveimaði stöðugt yfir honum, og þegar komið var í nánd við hann, sást, að hann hélt í vestlæga stefnu. Klukkan 1405 var komið að togaranum, sem var með stjórnborðsvörpu úti, og var staður togarans þá: Svörtuloft réttvísandi 063°, fjarlægð 4.5 sjómílur samkvæmt ratsjármælingu, þ. e. a. s. utan fiskveiðitakmarkanna. Svörtuloft sáust sæmilega, en mistur var yfir landinu og óglöggir aðrir staðir, sem nota hefði þurft til hornamælinga, svo að skipstjóri taldi ekki vera unnt að gera slíkar mælingar og reyndi það ekki. Kallað var nú frá varðskipinu yfir til ákærða, honum tilkynnt, að hann hefði sézt að veiðum innan fiskveiðitakmarkanna og honum skipað að draga inn vörpuna og koma í landvar, þar eð norðaustan stormur var og mikill sjór. Ákærði hlýddi þessu, og virtist lítill sem enginn fiskur vera í vörpunni.

Um klukkan 1430 bað flugvélin um fjarlægð og miðun frá Svörtuloftum, og voru þau þá samkvæmt ratsjármælingu í réttvísandi 061°, fjarlægð 5.2 sjómílur.

Klukkan 1440 var haldið upp undir landið og stöðvað á Beruvík um klukkan 1540. Ákærði var nú sóttur og honum sýndur í varðskipinu staður sá á korti, sem skipstjóri varðskipsins áleit, að mældur hefði verið úr flugvélinni um klukkan 1305, en eins og áður segir, barst varðskipinu mæling flugvélarinnar á þessum tíma. Ákærði viðurkenndi ekki staðarákvörðun flugvélarinnar og kvaðst hafa kastað vörpunni í 4.0 sjómílna fjarlægð frá landi.

Klukkan 1650 héldu bæði skipin af stað til Reykjavíkur, og var komið þangað klukkan 0210 fimmtudaginn 1. apríl. Á áðurnefndum slóðum var veðrið NA 8—9, sjór NA 6, mistur.

Ákærði skýrði þannig frá ferðum togarans, að hann hafi um klukkan 1100 eftir enskum tíma hinn 31. marz, þ. e. a. s. klukkan 1000 eftir íslenzkum tíma, verið staddur SV ½ V af Látrabjargi á stað, sem merktur er á framlögðu sjókorti togarans. Þar dró hann upp vörpu sína og hélt á fullri ferð í kompássuður þar til klukkan 1300 eftir íslenzkum tíma, að hann var staddur 2.0 sjómílur samkvæmt ratsjármælingu norðaustur af Öndverðarnesi á stað, sem merktur er I í korti hans. Þar breytti hann um stefnu og hélt áfram á hægri ferð stefnuna V—VSV, þar til hann kom á stað utan fiskveiðitakmarkanna, sem merktur er II á korti hans. Þar kveðst hann hafa verið um klukkan 1340 eftir íslenzkum tíma og hafa á þeim tíma kastað þar stjórnborðsvörpu, en þenna stað telur hann vera 4.5 sjómílur frá Svörtuloftavita. Frá þessum stað togaði hann SSV og hélt þeirri stefnu, þar til varðskipið kom að togaranum og stöðvaði hann um klukkan 1410 eftir íslenzkum tíma, og er stöðvunarstaðurinn merktur III á korti ákærða.

Af þessari skýrslu ákærða er ljóst, að hann viðurkennir stað togarans alllangt innan fiskveiðitakmarkanna um klukkan 1300 og hefur hann lýst yfir því, að hann vefengi ekki staðarákvarðanir flugvélarinnar. Eru þær því sannaðar með eiðfestum skýrslum eftirlitsmannanna og flugstjórans og viðurkenningu ákærða. Aftur á móti neitar ákærði að hafa verið á togveiðum á leiðinni frá stað I að stað II á korti sínu, þ. e. a. s. frá því að hann var 2.6 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna og þar til hann var kominn út fyrir þau, og hefur stýrimaður togarans skýrt svo frá um þetta atriði og staðfest með eiði, að vörpunni hafi ekki verið kastað fyrr en hér um bil kl. 1345 eftir íslenzkum tíma og hafi togið ekki staðið yfir nema 20 mínútur, eða þar til varðskipið kom. Ekki veit stýrimaður um staðarákvörðun, þar sem vörpunni var kastað, en kveðst hafa ráðið það af sjólaginu, að staðurinn væri utan fiskveiðitakmarkanna. Loftskeytamaður togarans sá ekki, þegar vörpunni var kastað, og var í loftskeytaklefanum allan þann tíma, sem hér skiptir máli, en af

hávaða í vindunni réð hann, að vörpunni hefði verið kastað klukkan um 1340—1345 eftir íslenzkum tíma.

Eins og áður segir, sáu eftirlitsmennirnir í flugvélinni og flugstjórinn greinilega, meðan verið var að fljúga yfir togarann, þegar staðarákvarðanirnar voru gerðar, að hann var með vörpuna í sjó, og sama sá aðstoðarflugmaðurinn og hefur hann eiðfest þetta. Sannað er og með eiðfestum skýrslum flugvélarmannanna, að myndirnar, sem fram hafa verið lagðar, voru teknar af togaranum á þessum sama tíma, eða frá klukkan 1250 til um 1300, en ein myndin sýnir mjög ljóslega togvírana úti.

Af þessum ástæðum telur dómurinn fullsannað gegn staðhæfingu ákærða, að togarinn hafi verið á botnvörpuveiðum á þeim stöðum innan fiskveiðitakmarkanna, sem hann mældist á, svo sem áður er rakið, og varðar þessi verknaður við þau lagaákvæði, sem talin eru í ákæru.

Samkvæmt þeim refsiákvæðum, sem þar eru talin og áður eru rakin, og með tilliti til stærðar togarans, 407.30 brúttó smálestir, og núverandi gullgildis íslenzkrar krónu, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 7 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Auk þess skulu allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Lincoln City, G.Y. 464, vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 800.00.

Dóm þenna kváðu upp Valdimar Stefánsson sakadómari og meðdómsmennirnir Jónas Jónsson og Pétur Björnsson, skipstjórar.

Dómsorð:

Ákærði, Edward William Norton, greiði 74.000.00 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 7 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, togarans Lincoln City, G.Y. 464, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hrl. Lárusar Fjeldsteds, kr. 800.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 25. maí 1955.

Nr. 169/1954. **Kristján Jóhannsson** (Ragnar Jónsson)
gegn
Eiríki Guðbjarti Ásgeirssyni
og
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs (Tómas Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ómerking ummæla. Sýknað af skaðabótakröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. október 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Gerir hann þessar kröfur:

1. *Að* þau ummæli stefnda, Eiríks Guðbjarts Ásgeirssonar, að áfrýjandi sé annars flokks vagnstjóri, verði dæmd dauð og ómerk.

2. *Að* stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 80.000.00 í skaðabætur eða aðra fjárhæð eftir mati dómsins.

3. *Að* stefndu verði dæmt að greiða áfrýjanda in solidum hæfilega fjárhæð til að standast kostnað af birtingu dóms í máli þessu í opinberu blaði eða blöðum.

4. *Að* stefndu verði dæmt að greiða áfrýjanda in solidum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi hefur krafizt staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í máli þessu er leitt í ljós, að eftir að bæjarráð Reykjavíkur hafði sagt vagnstjórum Strætisvagna Reykjavíkur, þar á meðal áfrýjanda, upp starfi frá 1. október 1951, lét stefndi Eiríkur Guðbjartur Ásgeirsson, forstjóri Strætisvagna Reykjavíkur, framkvæma svonefnt „hæfnismat“ á vagnstjórunum, þó án vitundar þeirra eða samþykkis. Samkvæmt því

var vagnstjórunum skipað í þrjá hæfnisflokka, þ .e. úrvalsflokk, I. flokk og II. flokk. Skýrði stefndi Eiríkur að gefnu tilefni bæjarráði frá flokkun þessari á bæjarráðsfundi hinn 29. september 1951 og lét þess þar getið, að hann hefði skipað áfrýjanda ásamt fleiri vagnstjórum í II. hæfnisflokk. Fengu vagnstjórarnir fljótlega vitneskju um þessa flokkun á þeim.

Stefnda Eiríki var að vísu skylt að gera tillögur um, hverja úr hópi vagnstjóranna skyldi endurráða til aksturs strætisvagna og hverjum skyldi hafna. Var honum þá einnig heimilt að gera bæjarráði grein fyrir, í hvaða atriðum hann teldi einstökum vagnstjórum áfátt í starfi sínu. En í stað þess að fara þá leið, skírskotaði hann einungis til hins svonefnda „hæfnismats", sem allsendis er óvíst um, að framkvæmt hafi verið á hlutlægum og öruggum grundvelli. Sjálfur hefur stefndi Eiríkur lýst því í máli þessu, að hann hafi lítið þekkt persónulega til starfshæfni áfrýjanda, og ekki hefur hann í málinu bent á eða borið fram nein atriði, er gæfu til kynna vanhæfni áfrýjanda til vagnstjórastarfs.

Telja verður niðrandi fyrir áfrýjanda, sem haft hafði akstur strætisvagna að aðalstarfi og hafði löggildingu til að stunda bifreiðakennslu, að honum var skipað í II. hæfnisflokk, hinn sízta af þremur flokkum alls. Og þar sem engin rök hafa verið færð fram fyrir því, að þetta hafi verið réttmætt, ber að taka ómerkingarkröfu áfrýjanda til greina.

Ekki verður talið, að ærumeiðandi aðdróttun hafi falizt í hinum átöldu ummælum. Skortir því skilyrði til að dæma stefndu til greiðslu kostnaðar af birtingu dóms samkvæmt 241. gr. laga nr. 19/1940.

Áfrýjandi hefur ekki leitt nein rök að því, að hann hafi beðið fjárhagstjón vegna ummæla þeirra, sem stefnt er út af, og verður fébótakrafa hans því ekki tekin til greina.

Með tilliti til kröfugerðar áfrýjanda og niðurstöðu máls þessa þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu, bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Dómsorð:

Hin átöldu ummæli í 1. kröfulið áfrýjanda eiga að vera ómerk.

Að öðru leyti eiga stefndu, Eiríkur Guðbjartur Ásgeirsson og borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, að vera sýknir af kröfum áfrýjanda, Kristjáns Jóhannssonar, í máli þessu.

Hver aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði Árna Tryggvasonar hrd.

Rök þau og sjónarmið, er liggja til grundvallar ákvæðum 29. gr. laga nr. 19/1940, um fresti til að krefjast málshöfðunar eða höfða mál til refsingar, eiga einnig við, að því er varðar mál til ómerkingar óviðurkvæmilegra ummæla. Um slík mál er því rétt að beita nefndri lagagrein samkvæmt lögjöfnun. Frestur sá, sem ákveðinn er í 29. gr. hegningarlaganna, var liðinn, þegar áfrýjandi höfðaði mál þetta, og ber samkvæmt því að sýkna stefnda Eirík Guðbjart Ásgeirsson af ómerkingarkröfunni. Þegar af þessari ástæðu ber og að sýkna stefndu af 3. dómkröfu áfrýjanda, og skaðabótakrafa áfrýjanda er ekki studd þeim rökum, að hún verði tekin til greina. Samkvæmt þessari niðurstöðu tel ég rétt, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð mitt er því þannig:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kristján Jóhannsson, greiði stefndu, Eiríki Guðbjarti Ásgeirssyni og borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. maí 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., hefur Kristján Jóhannsson bifreiðarstjóri, Guðrúnargötu 3, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 5. nóvember f. á, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs og Eiríki Ásgeirssyni, forstjóra Strætisvagna Reykjavíkur, Kirkjustræti 10 B, hér í bæ. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, *að* þau ummæli stefnda Eiríks Ásgeirssonar, að stefnandi sé II. flokks vagnstjóri, verði dæmd ómerk, *að* stefndi Eiríkur Ásgeirsson verði fyrir þau ummæli dæmdur til þyngstu refsingar, sem lög leyfi, *að* stefndi borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 80.000.00 í skaða-

bætur, *að* stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda in solidum hæfilega fjárhæð til að standast kostnað af birtingu væntanlegs dóms í máli þessu í opinberu blaði eða blöðum og *að* stefndu verði dæmdir in solidum til greiðslu málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Málavextir eru þeir, að sögn stefnanda, að hann hafi um miðjan októbermánuð 1949 verið ráðinn vagnstjóri hjá Strætisvögnum Reykjavíkur. Hafi hann, eins og venja sé um þessa starfsmenn, verið ráðinn til nokkurra mánaða í senn, en jafnan verið endurráðinn, í síðasta sinn 28. júní 1951, er hann hafi verið ráðinn til 1. október s. á. Hinn 28. september 1951 hafi sér verið tilkynnt, að störfum hans hjá Strætisvögnum Reykjavíkur væri lokið frá næstu mánaðamótum. Við umræður um endurráðningar vagnstjóranna á fundi bæjarráðs næsta dag hafi stefndi Eiríkur lagt fram tillögu þess efnis, að þeir yrðu allir endurráðnir að undanskildum 7 mönnum, þar á meðal stefnanda. Hafi stefndur Eiríkur talið sig byggja þá tillögu á hæfnismati, er hann hefði látið fara fram og tekið hafi til allra vagnstjóranna hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, en við það hæfnismat hefði sjömenningunum verið skipað í II. flokk, en aðrir vagnstjórar virðast hafa verið taldir til úrvalsflokks eða I. flokks. Hinn 6. desember 1951 hafði stefndi Eiríkur komið fyrir Félagsdóm sem vitni í dómsmáli, er þar var rekið. Hafði hann þá endurtekið staðhæfingu sína um, að hann hefði skipað sjömenningunum í II. hæfnisflokk.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi Eiríkur hafi meitt æru hans með því að gefa opinbera skýrslu um, að hann sé II. flokks vagnstjóri, án þess að rökstyðja þau ummæli sín. Þessi ummæli stefnda Eiríks hafi valdið honum verulegum miska og fjártjóni, sem húsbónda hans, stefnda borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, beri að bæta eftir reglunum um húsbóndaábyrgð.

Stefndi Eiríkur hefur skýrt svo frá, að áður en ráða skyldi strætisvagnstjórana, hafi hann reynt að gera sér grein fyrir, hverja af þeim skyldi endurráða. Kveðst hann í því skyni hafa beðið eftirlitsmenn með strætisvögnunum að flokka vagnstjórana í þrjá flokka, úrvalsflokk, I. flokk og II. flokk, eftir því sem þeir teldu rétt. Þetta hafi þeir gert, og hafi meðal annars umræddir sjö vagnstjórar, þar á meðal stefnandi, þá lent í II. flokki. Sams konar flokkun hafi tveir af svonefndum vaktmönnum hjá strætisvögnunum framkvæmt, og hafi þeir komizt að sömu niðurstöðu, að því er nefnda sjö menn varðar. Þá kveðst stefndi Eiríkur hafa fengið sérstaka trúnaðarmenn sína til að athuga störf vagnstjóranna og afla sér skýrslna um bótaskyld tjón, sem vagnarnir höfðu valdið á síðustu árum. Að þessari athugun lokinni hafi hann lagt til, að umræddir sjö vagnstjórar, þar á meðal stefnandi, yrðu ekki ráðnir aftur. Hafi hann síðan lagt málið fyrir borgarstjórann, sem hafi fallizt á ráðningartillögur hans. Málið hafi síðan verið tekið fyrir í bæjarráði, og þar hafi hann sagt sem svar við fyrirspurn, sem þar hafi verið borin

fram, að hann hefði skipað umræddum sjömenningum í II. hæfnisflokk sem vagnstjórum. Tillögur hans um ráðninguna hafi síðan verið staðfestar af bæjarráði og bæjarstjórn. Sýknukröfu sína byggja stefndu fyrst og fremst á því, að allar þessar kröfur séu fyrndar samkvæmt ákvæðum 29. gr. hegningarlaga nr. 19 frá 1941. Þá hafa stefndu mótmælt því, að æra stefnanda hafi á nokkurn hátt verið meidd með ummælum þessum. Hér hafi aðeins verið um það að ræða, að forstjóri fyrirtækis hafi gert sér grein fyrir, hverja væri rétt að ráða til starfa, og hafi skýrt yfirmönnum sínum frá þessu. Það hafi honum verið bæði rétt og skylt, og hann verði á engan hátt sakfelldur fyrir það.

Eftir atvikum þykir rétt að afgreiða hverja kröfu stefnanda fyrir sig.

Refsikrafan: Í málinu er fram komið, að stefnanda varð kunnugt um ráðningartillögur stefnda Eiríks og flokkun hans mjög skömmu eftir 29. september 1951. Mál þetta er hins vegar ekki höfðað fyrr en 5. nóvember 1952. Samkvæmt ákvæðum 1. tl. 29. gr. hegningarlaganna fellur heimild til að höfða einkamál til refsingar niður, ef mál er ekki höfðað, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að sá, sem heimildina hefur, fékk vitneskju um hinn seka. Frestur þessi var löngu liðinn, áður en mál þetta var höfðað, og ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda Eirík af refsikröfunni.

Ómerkingarkrafan: Ekki verður talið, að þessi krafa hafi fallið niður fyrir athafnaleysi stefnanda.

Þegar litið er til atvika að ummælum þeim, sem hér um ræðir, og hvar þau voru sett fram, þá verður ekki talið, að þau geti á neinn hátt talizt meiðandi fyrir æru stefnanda eða óviðurkvæmileg, eins og á stóð. Kemur því ekki til álita að ómerkja þau. Verður sýknukrafa stefndu því tekin til greina.

Skaðabótakrafan: Með vísan til þess, sem segir um ómerkingarkröfuna hér að framan, þá verður ekki séð, að stefnandi geti átt rétt á nokkrum bótum vegna ummælanna, enda var framangreind flokkun og gagnrýni eðlileg. Verður því sýknukrafa stefnda, borgarstjórans í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, tekin til greina.

Að því er varðar kröfu stefnanda um fé úr hendi stefndu til að standast kostnað af birtingu dóms þessa, þá verður sú krafa ekki til greina tekin með vísan til framanritaðs.

Samkvæmt þessu verða stefndu sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Eiríkur Ásgeirsson og borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Kristjáns Jóhannssonar, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 27. maí 1955.

Nr. 97/1953. **Ísbjörninn h/f** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Sæmundu Jónsdóttur Fjeldsted
(Áki Jakobsson hdl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júlí 1953, krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem fengið hefur áfrýjunarleyfi og áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 2. október 1953, krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni *aðallega* kr. 79.351.00, en *til vara* kr. 48.930.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 3. maí 1952 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Til þrautavara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Stiga þeim, sem notaður var til uppgöngu á bifreið aðaláfrýjanda, er höfð var til flutnings verkafólks á vinnustað, eins og í héraðsdómi greinir, var að því leyti áfátt, að í hann vantaði neðstu rimina. Stiganum var hvorki kræ̈kt eða fest við pall bifreiðarinnar né heldur var á honum neinn búnaður til varnar því, að hann skrikaði og félli, er í hann var stigið. Stiginn var reistur á hálli jörð að bifreiðinni umrætt skipti. En þó voru engar ráðstafanir gerðar til þess, að hann væri studdur, svo að gagni kæmi, meðan gagnáfrýjandi gengi á bifreiðina. Telja verður, að umbúnaður sá og aðstaða til uppgöngu á bifreiðina, sem nú var lýst, hafi verið óhæfileg og að öðru leyti hafi eigi, er slysið varð, verið gætt þess öryggis, sem kostur var. Á hinn bóginn þykir slysið eigi á neinn hátt verða rakið til óvarkárni af hendi gagnáfrýjanda.

Samkvæmt þessu ber aðaláfrýjanda að bæta gagnáfrýjanda allt tjón hennar vegna slyssins.

Fallast má á mat héraðsdómara á tjóni gagnáfrýjanda. Aðaláfrýjanda verður því dæmt að greiða gagnáfrýjanda kr. 48.930.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 8000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Ísbjörninn h/f, greiði gagnáfrýjanda, Sæmundu Jónsdóttur Fjeldsted, kr. 48.930.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 3. maí 1952 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 8000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. júní 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Sæmunda Fjeldsted húsfreyja, Holtsgötu 17, hér í bæ, höfðað eftir árangurslausa sáttaumleitun fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 6. maí 1952, gegn Ísbirninum h/f, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 105.000.00 auk 6% ársvaxta frá birtingardegi sáttakæru, 3. maí 1952, til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfur sínar niður í kr. 79.351.00, en hélt fast við kröfur sínar í stefnu að öðru leyti.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnandi og málskostnaðar úr hendi hennar að skaðlausu. Til vara hefur hann mótmælt kröfum hennar sem allt of háum.

Málavextir eru þessir.

Hinn 12. desember 1950 var stefnandi ásamt fleira fólki stödd fyrir utan húsið nr. 47 við Bræðraborgarstíg og beið eftir því, að hún yrði tekin upp í bifreið, er flytti hana ásamt fólkinu á vinnustað hjá stefnda, en í frystihúsi hans hafði hún þá unnið um nokkurt skeið undanfarið og áður öðru hvoru. Fram hefur komið, að venjulegt var, að bifreið frá stefnda tæki fólkið, er hjá honum vann, á þessum stað og flytti það til vinnustaðarins. Bifreið sú, er notuð var í þessu skyni, var vörubifreið með pallskýli, og var trappa, er henni fylgdi, höfð handa fólkinu til að ganga eftir upp í pallskýlið. Var trappan reist upp við afturenda pallsins, er bifreiðin tók fólkið. Þegar atburður sá gerðist, er síðar verður greint frá, vantaði í tröppu þessa

neðstu rimina, og engir krókar voru í tröppunni að ofan til stuðnings henni né heldur broddar í kjálkum hennar að neðan, en sannað er, að verkstjóri stefnda hefur ítrekað áminnt starfsfólk það, sem bifreiðin flutti, að fara varlega, er það gengi tröppuna. Í umrætt skipti var snjór á jörðu og eftir því, sem fram hefur komið, stóð bifreiðin hallalaus, og var trappan reist upp við pall hennar aftanverðan á venjulegan hátt. Þegar stefnandi kom að tröppunni, var sumt af starfsfólkinu komið upp í pallskýlið, en nokkrir voru þó enn fyrir utan bifreiðina. Stefnandi steig síðan hægra fæti sínum upp í neðstu rim tröppunnar, en um leið rann trappan til, og fór þá fótur stefnandi inn á milli rimlanna og lenti harkalega á frosinni eða klökugri götunni. Í þeim svifum, er stefnandi varð fótaskortur þarna, tók hún bakfall, en var gripin af einhverjum þeim, er utan við bifreiðina stóðu, svo að hún féll ekki aftur yfir sig. Þegar er stefnandi hafði lent með fótinn í götuna, fékk hún þrautir í hann. Henni var þá strax ekið á Landspítalann til rannsóknar, og þar kom í ljós, að hún hafði hælbeinsbrotnað á hægra fæti. Stefnandi heldur því fram og reisir á því kröfur sínar, að stefndi beri ábyrgð á slysi þessu og sé skyldur að bæta henni allt það tjón, sem hún hafi af slysinu hlotið. Sundurliðar hún kröfur sínar svo:

1. Bætur fyrir örkuml ..... kr. 48.921.00
2. Bætur fyrir þjáningar, lýti og vegna röskunar á stöðu og högum ..... — 30.000.00
3. Sjúkrakostnaður ..... — 430.00

Samtals kr. 79.351.00

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi ekki verið í vinnu hjá honum, er slysið varð. Að vísu hafi slysið orðið, þegar stefnandi var að fara upp í bifreið hans, er átt hafi að flytja hana á vinnustað, en bifreiðin hafi þá staðið kyrr, og verði því bótakrafa á hendur honum hvorki byggð á reglunum um ábyrgð atvinnurekenda á starfsfólki sínu né heldur ábyrgðarreglum bifreiðalaganna. Telur stefndi, að hvorki umbúnaði á tækjum hans eða vangæzlu nokkurra manna hans hafi verið um slysið að kenna, heldur hafi slysið orðið af óhappatilviljun, er stefnandi verði sjálf að gjalda. Svo sem áður segir, var það venja, að stefndi léti taka starfsfólk sitt til flutnings á þeim stað, er áður getur, og telja verður, að trappa sú, sem hér að framan hefur verið lýst, hafi verið óforsvaranlega úr garði gerð til þeirra nota, sem hún var ætluð, enda kemur það fram í málinu, að nokkru eftir slysið var hætt að nota tröppuna, en önnur tekin í notkun í hennar stað með krókum að ofan til stuðnings. Að þessu athuguðu og öðrum málsatvikum þykir slysið hafa orðið með þeim hætti, að stefndi eigi að vera bótaskyldur gagnvart stefnandi vegna þess. Hins vegar ber á það að líta, að stefnandi var kunnugt um ásigkomulag tröppunnar, er slysið varð, og gera verður ráð fyrir að stefnandi hafi, eins og annað starfsfólk stefnda, er tekið var til

flutnings ásamt henni, heyrt áminningar verkstjórans um að ganga tröppuna varlega. Má því kenna óvarkárni stefnandi um slysið að nokkru. Þykir eftir atvikum rétt að skipta ábyrgð á tjóni af slysinu þannig, að stefndi beri tjónið að ⅔ hlutum, en stefnandi sjálf að ⅓ hluta.

Verða nú einstakir kröfuliðir stefnandi teknir til athugunar.

Um 1. Samkvæmt vottorði tryggingarlæknis, dags. 10. nóvember 1952, var stefnandi strax eftir slysið sett í gibsumbúðir, en því næst látin fara heim til sín. Heima lá hún í þrjá mánuði, en fékk síðan göngugibs og síðan zinkumbúðir, og til nuddlæknis gekk hún um alllangt skeið, eða fram til 17. nóvember 1951. Stefnandi kom til tryggingarlæknisins til skoðunar 14. október 1952. Segist hún þá ekki þola stöður eða göngur, svo að nokkru nemi, vegna þreytu í fætinum, og að jafnaði sigi nokkur bjúgur á fótinn um öklalið, er á daginn líði. Stefnandi hafði slasazt áður en slysið, sem um ræðir í þessu máli, bar að höndum. Þegar hún var 19 ára, brotnaði hægri fótleggur hennar, og átti hún alllengi í því meiðsli. Þá fótbrotnaði hún á vinstra fæti árið 1941, og var hún þá lengi frá störfum. Loks datt hún á götu, eftir að hún varð fyrir slysinu 12. desember 1950, og sprakk þá geislabein hægra framhandleggs. Ályktun tryggingarlæknisins er á þessa leið:

„Um er að ræða hælbrot, þar sem beinið sjálft hefur ekki brotnað í sundur, en innri beinbjálkar hælbeinsins hrunið saman að nokkru leyti. Þessu fylgir nokkur lækkun á hælbeininu, sem síðan orsakar ilsig. Að vísu er rétt, að til greina getur komið, að það hafi að einhverju leyti verið fyrir áður sem afleiðing af fyrra fótbroti. Um það liggja engar upplýsingar fyrir. Hvað sem því líður, veldur þetta meiðsli, er nú um ræðir, án efa ilsigi. Taka verður og tillit til þess, að þessi fótur var hennar betri fótur til gangs og stöðu, þegar örorkumatsgerð fer fram".

Metur tryggingarlæknirinn síðan örorku stefnandi vegna umrædds slyss sem hér segir: Fyrstu 3 mánuði eftir slysið 100%, næsta mánuð 80%, næsta mánuð 65%, næsta mánuð 50%, næsta mánuð 40%, næsta mánuð 30%, næsta mánuð 25%, næsta mánuð 20% og úr því 18% varanlega örorku.

Stefnandi er fædd 22. nóvember 1904, og var hún því 46 ára, er hún hælbeinsbrotnaði. Hún er húsmóðir og vann aðallega á heimilinu, en þar sem heimilið virðist ekki hafa verið stórt, stundaði hún og nokkra vinnu utan þess. Samkvæmt vottorði skattstofunnar í Reykjavík vann stefnandi sér inn utan heimilis árin 1947—1950 eftirgreindar fjárhæðir: Árið 1947 kr. 6514.00, árið 1948 kr. 2591.00, árið 1949 kr. 2251.00 og árið 1950 kr. 8157.08. Tryggingarfræðingur hefur með líkindareikningi reiknað út verðmæti áætlaðs vinnutekjutaps stefnanda vegna slyssins, miðað við slysdag. Reiknast honum það kr. 53.741.00. Frá Tryggingastofnun ríkisins hefur stefnandi

fengið greitt upp í þessa fjárhæð kr. 4820.00. Mismunurinn nemur fjárhæð þeirri, sem stefnandi krefst undir þessum lið.

Þegar virt eru öll málsatvik, þykir tjón stefnandi samkvæmt þessum lið hæfilega áætlað kl. 42.000.00.

Um 2. Að athugaðri sjúkrasögu stefnandi í sambandi við umrætt slys, er rakin hefur verið hér að framan, svo og aðrar aðstöður, er máli skipta, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega áætlaðar kr. 6500.00.

Um 3. Fjárhæðinni undir þessum lið hefur ekki verið andmælt, og verður því við hana miðað.

Samkvæmt framansögðu nemur tjón stefnandi vegna margnefnds slyss kr. 42.000.00 + kr. 6500.00 + kr. 430.00 = kr. 48.930.00. Svo sem áður er sagt, ber stefndi ábyrgð á tjóninu að ⅔ hlutum. Ber því að dæma hann til að greiða stefnandi kr. 32.620.00 með vöxtum eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 3400.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Ísbjörninn h/f, greiði stefnandi, Sæmundu Fjeldsted, kr. 32.620.00 með 6% ársvöxtum frá 3. maí 1952 til greiðsludags og kr. 3400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. maí 1955.

Nr. 12/1955. **Ákæruvaldið** (Ragnar Jónsson)
gegn
Sigurbjarna Guðnasyni (Sigurður E. Ólason).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Einar Arnalds borgardómari.

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Þegar ákærði hitti þá Sigurð Pétur Þorleifsson og Skarphéðin Frímannsson í Bankastræti aðfaranótt 21. desember 1951, voru þeir allir ölvaðir. Engir aðrir en þeir sjálfir eru til frásagnar um, með hverjum hætti ryskingar þeirra hóf-

ust, og kveðst þó Skarphéðinn ekkert um það muna vegna ölvunarástands síns. Hefur þeirri frásögn ákærða ekki verið hnekkt, að þeir Sigurður og Skarphéðinn hafi að fyrra bragði veitzt að honum með ertingum.

Ákærði hefur játað, að hann hafi slegið til Sigurðar, fellt hann í götuna og haldið honum þar niðri. Er engum vafa bundið, að áverkar þeir, sem á Sigurði voru eftir viðureignina og lýst er í héraðsdómi, hafa stafað beint eða óbeinlínis af höggum, sem ákærði hefur veitt honum í þetta skipti.

Brot ákærða eru í héraðsdómi rétt færð til refsiákvæða. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 35 daga. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og málskostnaðar í héraði. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Lagðar hafa verið fram í málinu lögregluskýrslur frá lögreglumönnum þeim, sem fóru á vettvang og handtóku þá ákærða og Sigurð, en ekki hefur, svo að séð verði, verið tekin skýrsla fyrir dómi af neinum þessara lögreglumanna, og verður að átelja það.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjarni Guðnason, sæti varðhaldi 35 daga.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og málskostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Jónssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. nóvember 1954.

Ár 1954, fimmtudaginn 25. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Stefáni Guðjohnsen, fulltrúa sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 5652/1954: Ákæruvaldið gegn Sigurbjarna Guðnasyni, sem til dóms var tekið 26. f. m.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða, Sigurbjarna Guðnasyni rennismið, nú til heimilis að Nýlendugötu 21, hér í bæ, með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 30. júlí 1954, en þar er hann ákærður fyrir að hafa aðfaranótt mánudagsins 21. desember 1953 verið áberandi ölvaður í Bankastræti hér í bæ, ráðizt þar á Sigurð Pétur Þorleifsson, bifreiðarstjóra, Mánagötu 21, og barið hann með þeim afleiðingum, að Sigurður Pétur nefbrotnaði, kinnbeinsbrotnaði, missti tönn, auk þess sem hann fékk glóðarauga og fleiri áverka.

Teljast brot ákærða varða við 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 18. gr. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33/1935 og 21. gr. sbr. 44. gr. áfengislaga nr. 58/1954, svo og við 3. gr. og 7. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Reykjavík 22. júlí 1931. Hann hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1939 14/2 Kærður fyrir hnupl. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1940 24/11 Kærður fyrir hnupl. Afgreitt til barnaverndarnefndar.
1952 30/11 Rv. Sátt. 75 kr. sekt fyrir brot á 17. og 18. gr. áfengislaga.
1953 24/6 Rv. Sátt. 100 kr. sekt fyrir brot á 17. og 18. gr. áfengislaga.
1953 7/7 Rv. Sátt. 150 kr. sekt fyrir brot á 17. og 18. gr. áfengislaga.
1953 9/7 Rv. Kærður fyrir árás. Fellt niður.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Aðfaranótt mánudagsins 21. desember 1953, kl. 0325, var tilkynnt á lögreglustöðina, að slagsmál ættu sér stað í Bankastræti. Lögreglumenn voru strax sendir á vettvang, og er þeir komu að, var þar að ljúka slagsmálum tveggja manna, sem þeir handtóku báða og fluttu á lögreglustöðina. Annar þeirra, sem reyndist heita Sigurður Pétur Þorleifsson, Mánagötu 21, hér í bæ, var mjög illa útleikinn, alblóðugur í framan, og er hann hafði verið fluttur á læknavarðstofuna, kom í ljós, að hann var meðal annars nefbrotinn, auk annarra meiðsla í andliti. Í lögregluskýrslunni segir, að Sigurður hafi virzt áberandi ölvaður, þótt ekki væri beint hægt að segja svo um það, því að hann var vankaður eftir þung höfuðhögg.

Sá, sem verið hafði í slagsmálum við Sigurð, reyndist vera Sigurbjarni Guðnason, ákærði í máli þessu, og var hann áberandi ölvaður. Hann var settur í fangageymslu lögreglunnar og geymdur til morguns.

Sigurður Þorleifsson hefur skýrt svo frá, að umrædda aðfaranótt 21. desember 1953 hafi hann verið staddur efst í Bankastræti ásamt kunningja sínum Skarphéðni Frímannssyni. Hann var mjög ölvaður, og einnig kveðst Sigurður hafa verið talsvert ölvaður og kveðst lítt muna, hvað gerðist næst. Hann man þó, að hann lenti

í ryskingum við einhvern, en með hvaða hætti þær hófust, man hann ekki. Sigurður kveðst þó muna, að hann féll í götuna, andstæðingurinn ofan á hann, og segir Sigurður, að hinn hafi svo slegið sig hnefahögg mikið í andlitið, þarna sem hann lá í götunni. Eftir þetta kveðst Sigurður ekkert muna um stund, en rámar síðan í það, að lögreglumennirnir voru að koma á vettvang, en þá virtist honum sem andstæðingur sinn vildi hafa sig á brott, en þá kveðst Sigurður hafa náð taki á fötum hans, og reynt að halda honum. Sigurður kveður sér þá hafa verið orðið ljóst, að sér hefði verið veittur mikill áverki, því blóð streymdi úr andliti hans. Ekki kveðst Sigurður kannast neitt við mann þann, er hann lenti þarna í slagsmálum við. Sigurður kveðst hafa verið rúmliggjandi til 13. janúar vegna afleiðinga meiðsla þeirra, er hann þarna hlaut, og hóf ekki vinnu aftur fyrr en 22. janúar, sbr. vottorð vinnuveitanda hans, Strætisvagna Reykjavíkur.

Er Sigurði er kynntur framburður ákærða í máli þessu, tekur hann skýrt fram, að útilokað sé, að hann hafi hlotið meiðsli sín við að slá höfðinu við gangstéttarbrún, eins og ákærði vill vera láta. Máli sínu til sönnunar segir Sigurður, að hann hafi fengið stórt glóðarauga, og vísar um sönnun á því til læknisvottorðs, en holdið í kringum augað hafi verið algerlega óhruflað. Hann álítur, að hann hafi verið liggjandi, er hann fékk aðalhöggið, og markar það af kúlu á hnakka. Hann kveðst alls ekki muna til þess, að hann hafi myndað sig til að slá ákærða. Sigurður kveðst hafa verið mjög þungt haldinn, enda verið bæði nef- og kinnbeinsbrotinn, auk glóðaraugans og einnig mars á hinu auganu. Sigurður fullyrðir, að hann hafi ekki átt upptök þessara slagsmála, enda þótt hann ekki treysti sér til að skýra frá upphafi þeirra lið fyrir lið. Læknisvottorð þau, er Sigurður lagði fram, eru þessi:

1. Vottorð frá Birni Gunnlaugssyni lækni hljóðar svo:

„Þann 20. des. 1953 skoðaði ég að Mánagötu 21, Rv., hr. Sigurð Þorleifsson vegna áverka í andliti. Var hann allmikið marinn á h. vanga, með stórt glóðarauga h. m., og var augað sokkið. Opin sár voru engin."

2. Vottorð Stefáns Ólafssonar læknis hljóðar svo:

„Nóttina 22. desember s.l., að mig minnir, var ég undirritaður sóttur á heimili Sigurðar Þorleifssonar, Mánagötu 21 í Reykjavík. Sigurður var þá með mjög miklar blóðnasir, sem illa gekk að stöðva. Mér tókst þó þetta eftir nokkurn tíma, en réð honum að fara til myndatöku í Röntgendeild Landsspítalans daginn eftir. Meðfylgjandi röntgenmyndir og vottorð Röntgendeildar spítalans sýnir, hvaða áverka hann hefur hlotið.

Nóttina 27. desember var ég enn sóttur til Sigurðar Þorleifssonar á heimili hans. Hafði hann þá fengið mjög miklar blóðnasir að nýju, sem mér tókst þó að stöðva. Síðan stundaði ég Sigurð, og man ég

ekki betur en ég hafi gefið Tryggingastofnun ríkisins vottorð um heilsufar hans og læknishjálp þá, er ég lét honum í té."

3. Diagnostik Röntgendeildar Landspítalans hljóðar svo:

„Os nasale h. megin er sprungið og virðist lítið eitt lagt inn á við, og á profilmyndinni einnig dislocerað aftur á við. Alskyggður h. sinus maxillaris, vafalaust af hæmatomi, og margo infraorbitalis er brotin lateralt.

R. diagn.: Fractura nasi et fractura max. dx. Hæmatoma sinus".

Vottorð um vinnutap Sigurðar Þorleifssonar hljóðar svo:

„Strætisvagnar Reykjavíkur.

Reykjavík, 30. apríl 1954.

Hér með viðurkennist, að Sigurður Þorleifsson, vagnstj., Mánagötu 21, var frá störfum frá 22/12 1953—22/1 1954.

Kauptap í des. nam kr. 1633.22
do. í jan. do. — 2547.07

Samtals kr. 4180.29

Strætisvagnar Reykjavíkur
Skúli Halldórsson."

Skaðabótakrafa Sigurðar Þorleifssonar hljóðar svo:

„Vinnutjón, sbr. dskj. nr. 7 ..... kr. 4180.29
Bætur samkv. 264. gr. alm. hgl. .. — 6000.00

Samtals kr. 10180.29

að viðbættum innheimtulaunum samkvæmt taxta L.M.F.Í. af tildæmdri upphæð."

Ragnar Jónsson hrl. gerði f. h. Sigurðar ofangreindar kröfur.

Ekki tókst að ná til neinna vitna, sem fylgzt höfðu með slagsmálunum frá byrjun. Fyrir dómi mætti sem vitni áðurgreindur Skarphéðinn Frímannsson verkamaður, til heimilis Skála 3 við Mímisveg. Vitnið kannaðist við Sigurð Þorleifsson og segir, að sunnudagskvöldið 20. desember 1953 hafi hann tekið að neyta áfengis, en eftir að hann komst í ölvunarástandið, kveðst vitnið ekkert að marki muna af því, sem gerðist þessa nótt. Hann segir það vel mega vera, að hann hafi verið nærstaddur, er umrædd slagsmál fóru fram, en ekki muni hann neitt eftir því. Hann vissi, að hann var úti að rangla þessa nótt, og man ekki annað en það, að seint um nóttina fékk hann einhverja lögreglumenn til að aka sér heim. Vitnið kveðst hafa fyrir 6 árum lent í miklu umferðarslysi og slasazt á höfði, og eftir það muni hann ekkert sem gerist, er hann er ölvaður.

Um önnur vitni var ekki að ræða nema lögreglumennina, sem komu að, er slagsmálin voru að enda. Vitnið Óskar Friðbjörnsson lögreglumaður segir, að er þeir lögregluþjónarnir komu að í lögreglubifreið, hafi Sigurður og ákærði verið báðir uppistandandi, höfðu einhver tök hver á öðrum, tókust á, en ekki sá vitnið þá veita högg. Vitnið sá, að Sigurður var þá orðinn mjög blóðugur um and-

litið og föt hans öll löðrandi í blóði. Vitnið segir, að um það bil, er þeir voru að stöðva bifreiðina, þá hafi sér virzt eins og Sigurður væri að rífa sig lausan frá ákærða, og við það hafi Sigurður fallið, en komið einhvern veginn fyrir sig höndum, og álítur vitnið, að hann hafi ekki hlotið neinn áverka við það fall. Vitnið segir, að Sigurður hafi sjáanlega verið mikið slasaður, og fóru þeir með hann strax til aðgerðar á slysavarðstofuna. Vitnið sá Skarphéðin Frímannsson nærstaddan, en ekki sá vitnið hann taka neinn þátt í slagsmálunum. Hann segir vitnið hafa komið á lögreglustöðina af sjálfsdáðum litlu síðar, hann hafi verið mjög ölvaður og verið fluttur heim til sín.

Ekki hefur tekizt að fá upplýsingar um, hver það var, sem tilkynnti slagsmálin til lögreglunnar. Í útdrætti úr dagbók lögreglunnar segir, að sá, sem dagbókina hélt, hafi álitið, að það hafi verið bílstjóri, en tók ekki niður nafn hans, og er því ekkert um hann vitað.

Framburður hins lögreglumannsins, er kom að slagsmálunum, er mjög svo samhljóða framburði Óskars Friðbjarnarsonar. Þórður Benediktsson lögreglumaður segist hafa setið í aftursæti bifreiðarinnar og því ekki haft aðstöðu til að fylgjast með neinu, fyrr en hann kom út úr bifreiðinni, en segir, að þá hafi slagsmálin verið um garð gengin. Vitnið Þórður segir, að sér hafi fundizt Sigurður meira ölvaður en ákærði.

Ákærði skýrir svo frá, að umrædda nótt hafi hann verið á gangi upp Bankastræti. Hann kveðst þá hafa mætt tveimur mönnum, en annar þeirra hafi þá gengið í veg fyrir sig og varnað sér að komast áfram og tekið í öxl sér. Ákærði segir, að báðir hafi mennirnir verið áberandi ölvaðir. Ákærði kveðst þá hafa tekið utan um hann og lagt hann í götuna, en áður reynt að víkja honum til hliðar til að komast leiðar sinnar, en hinn þá streitzt á móti og þráfaldlega gengið í veg fyrir sig. Ákærði kveðst ekkert kannast við þenna mann, en þann, sem með honum var, Sigurð Þorleifsson, kveðst ákærði kannast við í sjón. Ákærði segir, að Sigurður hafi nú gengið að sér, tekið í öxl sér, sagt sér að láta manninn vera og eftir það myndað sig til að slá til ákærða. Ákærði kveðst nú hafa snúið sér að Sigurði, lent í ryskingum við hann og þeir slegið hvor til annars, en ekki kveðst ákærði minnast þess að hafa slegið Sigurð í andlitið. Að endingu kveðst svo ákærði hafa tekið utan um Sigurð, lagt hann í götuna, og lent ofan á honum alveg við gangstéttarbrúnina. Hann kveðst hafa haldið Sigurði niðri þannig um stund, en hann þá orðið mjög æstur, brotizt mjög mikið um, og segir ákærði, að Sigurður hafi þá slegið höfðinu hvað eftir annað við gangstéttarbrúnina. Ákærði segir, að Sigurður hafi brotizt um á hæl og hnakka og reynt að losna úr tökum ákærða, en ákærði kveðst ekki hafa viljað sleppa honum, sakir þess hve æstur hann var orðinn, heldur haldið honum þarna niðri í götunni þar til um það bil, er lögreglan kom á staðinn. Ákærði kveðst hafa séð, er þeir voru staðnir upp, að Sigurður var

mjög blóðugur í andliti, en ítrekar það álit sitt, að hann hafi hlotið áverkana við að slá höfðinu við gangstéttarbrúnina. Ekki kveðst ákærði hafa orðið fyrir neinum skakkaföllum í slag þessum, nema að Sigurður hafi rifið niður úr boðung á jakka ákærða. Ákærða var haldið í fangageymslu lögreglunnar, það er eftir lifði nætur. Ákærði kveðst ekki muna til þess að hafa slegið Sigurð, eftir að þeir voru fallnir í götuna. Um beinbrot Sigurðar og önnur meiðsli kveðst ákærði ekki geta gefið aðrar skýringar en að framan getur.

Þegar virtir eru framburðir og annað framkomið í máli þessu, lítur dómurinn svo á, að nægileg sönnun sé fram komin fyrir því, að ákærði hafi veitt Sigurði Þorleifssyni þá áverka, sem hann hlaut í viðureign þeirra, þrátt fyrir neitun ákærða. Þessari niðurstöðu til stuðnings má einkum telja það, að þrátt fyrir hina miklu áverka, sem Sigurður hlaut, sýna læknisvottorð, að hold á andliti hans er óhruflað og engir ytri áverkar sjáanlegir, þannig að útilokað verður að telja, að hann hafi hlotið áverkana við að berja höfðinu við götusteina.

Samkvæmt framangreindu hefur því ákærði gerzt sekur við ákvæði þau, er greinir í ákæruskjali, 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940, og með því að vera áberandi ölvaður með slagsmál á almannafæri við 18. gr. sbr. 38. gr. áfengislaga nr. 33/1935, sbr. 21. gr. áfengislaga nr. 58/1954, sbr. 44. gr. sömu laga, svo og 3. og 7. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930, og þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga.

Í samræmi við framangreinda niðurstöðu ber að dæma ákærða til greiðslu framkominnar skaðabótakröfu, enda ekkert fram komið, sem geri hana varhugaverða eða of háa. Ákærði er því dæmdur til að greiða Sigurði Pétri Þorleifssyni kr. 10.180.29. Ekki þykir hins vegar bera að dæma innheimtulaun af tildæmdri upphæð, þar eð krafan er höfð uppi í opinberu máli.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málssóknarlaun til skipaðs sækjanda, Ragnars Jónssonar hrl., og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 750.00 til hvors.

Dómsuppkvaðning hefur dregizt lítillega vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurbjarni Guðnason, sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði greiði Sigurði Pétri Þorleifssyni kr. 10.180.29 í skaðabætur.

Hann greiði og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun skipaðs sækjanda, Ragnars Jónssonar hrl., og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 750.00 til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. maí 1955.

Nr. 204/1954. **H/f Stapafell** (Sigurður E. Ólason)
gegn
Magnúsi Pálssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Einar Arnalds borgardómari.

Sóttar eftirstöðvar hásetahlutar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. desember 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag, gerir þær dómkröfur, að dæmd fjárhæð verði lækkuð í kr. 3858.10 auk 6% ársvaxta frá 10. maí 1954 til greiðsludags og dæmdur málskostnaður í héraði verði færður niður í kr. 600.00. Hann krefst málskostnaðar hér fyrir dómi að mati Hæstaréttar. Stefndi krefst þess, að sér verði dæmdar kr. 6118.41 úr hendi áfrýjanda auk vaxta og málskostnaðar, eins og í héraðsdómi greinir. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins. Svo krefst hann og sjóveðréttar í v/b Ingólfi, KE 96, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Hér fyrir dómi hafa aðiljar lagt fram nokkur ný gögn í málinu.

Áfrýjandi heldur því fram, að hásetahlut á v/b Ingólfi á umræddri vertíð beri að miða við það, að 10 manna áhöfn hafi verið á bátnum. Stefndi heldur því hins vegar fram, að hásetahlut beri að miða við 9 manna áhöfn.

Skipstjóri sá, sem var á bátnum, hefur komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að skipshöfnin hafi ýmist verið átta, níu eða tíu manns, en telur, að yfir tímabilið allt hafi að jafnaði verið níu manna áhöfn á bátnum. Gegn þessu hefur áfrýjandi ekki leitt sönnur að því, að 10 manna áhöfn hafi verið á bátnum að jafnaði. Verður því að miða hásetahlut við níu manna áhöfn, svo sem stefndi gerir kröfu til. Eru aðiljar sammála um, að hann nemi þá kr. 5817.80. Stefnda bar 1¼ hásetahlutur, og nemur því aflahlutur hans, kr. 7272.25. Enn fremur

átti hann kröfu til 5% orlofsfjár af fjárhæð þessari, og nemur hún kr. 363.61. Verður áfrýjandi þó eigi dæmdur til að greiða hærri fjárhæð en kr. 7500.00 samkvæmt þessum liðum, svo sem krafizt var í héraðsstefnu. Áfrýjandi viðurkennir, að stefndi eigi rétt á kr. 759.80 fyrir vinnu við viðgerð á skipinu. Þá er ómótmælt, að stefndi hafi verið stýrimaður í strandsiglingum á framangreindum bát frá 1. til 10. maí f. á. Hefur verið lagt fram vottorð frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands um, að mánaðarkaup stýrimanns hafi numið á þessum tíma kr. 4054.80 auk orlofsfjár. Nemur kaup stefnda í 10 daga þá kr. 1351.60 og orlofsfé, 5% af þeirri fjárhæð, kr. 67.58, samtals kr. 1419.18.

Krafa stefnda um kr. 168.65 fyrir vinnu við affermingu hefur ekki sætt andmælum. Verður áfrýjanda því gert að greiða stefnda þá fjárhæð.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að taka til greina kröfur stefnda að fjárhæð kr. 7500.00 + kr. 759.80 + kr. 1419.18 + kr. 168.65 = kr. 9847.63. Upp í þetta hefur áfrýjandi greitt stefnda kr. 3500.00, svo sem í héraðsdómi greinir. Auk þess er viðurkennt hér fyrir dómi, að frá kröfum stefnda beri að draga aðgerðarkostnað kr. 365.10.

Þá hefur áfrýjandi haldið því fram, að frá kröfum stefnda beri að draga kr. 1490.73 fyrir fæði, sem útgerð bátsins hafi látið í té, en skipverjum borið að endurgreiða. Þessum frádráttarlið hefur stefndi mótmælt. Kveðst hann sjálfur hafa lagt sér til fæði. Áfrýjandi hefur engin gögn lagt fram til sönnunar þessum kröfulið, og er því eigi unnt að taka hann til greina gegn mótmælum stefnda. Ber því að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 9847.63 ÷ kr. 3865.10 = kr. 5982.53 auk vaxta, eins og segir í héraðsdómi.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms þykir bera að staðfesta.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda, sem ekki kom fyrir dóm í héraði, að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1800.00.

Stefndi á sjóveðrétt í v/b Ingólfi, KE 96, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, h/f Stapafell, greiði stefnda, Magnúsi Páls-

syni, kr. 5982.53 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. maí 1954 til greiðsludags, svo og málskostnað í héraði kr. 1100.00 og fyrir Hæstarétti kr. 1800.00.

Stefndi á sjóveðrétt í v/b Ingólfi, KE 96, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 5. júlí 1954.

Ár 1954, mánudag 5. júlí, var í sjó- og verzlunardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu af fulltrúa sýslumanns Kristni Ólafssyni sem sjódómsformanni og meðdómendum Sigurði Guðnasyni skipstjóra og Birni Helgasyni skipstjóra, uppkveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 22. júní s.l.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi sýslunnar með stefnu, útgefinni 5. júní s.l., af Magnúsi Pálssyni, stýrimanni í Reykjavík, gegn stjórn Stapafells h.f., Húsatóftum, Grindavíkurhreppi, þeim Árna Vilmundarsyni vélstjóra, Suðurgötu 36, Keflavík, formanni stjórnarinnar, Guðvarði Vilmundarsyni skipstjóra, Hásteinsvegi 49, Vestmannaeyjum, og Erlendi Vilmundarsyni, Sandfelli við Breiðholtsveg, Reykjavík, f. h. fyrrgreinds félags til greiðslu á kr. 6347.65 með 6% vöxtum frá 10. maí s.l. til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi eða mati dómarans.

Loks gerir stefnandinn kröfur til, að honum verði dæmdur sjóveðréttur í v/b „Ingólfi", KE 96, til tryggingar framangreindum stefnukröfum.

Stefndu hvorki mættu né létu mæta af sinni hálfu, og er þeim þó löglega stefnt. Verður málið því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Stefnandinn kveðst hafa verið skráður stýrimaður á v/b „Ingólf" frá 17. marz til 10. maí s.l., fyrst við netjaveiðar frá Vestmannaeyjum og síðan í flutningum til Hornafjarðar og Reykjavíkur frá Vestmannaeyjum. Áður en skipið fór til Vestmannaeyja, hafði hann unnið við standsetningu þess og veiðarfæra þess og verið við þá vinnu alls 40 klst. og borið í kaup fyrir það kr. 759.80.

Stýrimannshlutur hans á netjaveiðunum hefði numið kr. 7500.00. Kaup í flutningum í 10 daga hefði verið kr. 1419.20, en auk þess hefði hann unnið við losun á vörum, dagvinnu og helgidagavinnutaxta, samtals kr. 168.65. Allt þetta nemur samtals kr. 9847.65, en af því hefur stefnandi fengið greiddar kr. 3500.00, en eftirstöðvarnar eru kr. 6347.65, sem er stefnukrafan.

Þar sem stefnandinn hefur þannig gert fullnægjandi grein fyrir kröfum sínum, ber að taka þær til greina, einnig kröfu hans um staðfestingu á sjóveðrétti til tryggingar þeim í v/b „Ingólfi", KE 96. Málskostnaður þykir hæfilega metinn kr. 1100.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Árni Vilmundarson, Guðvarður Vilmundarson og Erlendur Vilmundarson f. h. Stapafells h.f., greiði stefnandanum, Magnúsi Pálssyni, kr. 6347.65 með 6% ársvöxtum frá 10. maí 1954 til greiðsludags og málskostnað með kr. 1100.00, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa. Þá hefur stefnandi sjóveðrétt í v/s Ingólfi, KE 96, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. maí 1955.

Nr. 205/1954. **H/f Stapafell** (Sigurður E. Ólason)

gegn

Þorvaldi Guðjónssyni (Gunnar Þorsteinsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Einar Arnalds borgardómari.

Sóttar eftirstöðvar skipstjórahlutar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. desember 1954, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag, gerir þær kröfur, að dæmd fjárhæð verði lækkuð í kr. 8618.13 auk 6% ársvaxta frá 10. maí 1954 til greiðsludags og að dæmdur málskostnaður í héraði verði færður niður í kr. 900.00. Hann krefst málskostnaðar hér fyrir dómi að mati Hæstaréttar. Stefndi krefst þess, að sér verði dæmdar kr. 11.360.58 úr hendi áfrýjanda auk vaxta og málskostnaðar, eins og í héraðsdómi greinir. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins. Svo krefst hann og sjóveðréttar í v/b Ingólfi, KE 96, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi lagt fram nokkur ný gögn í málinu. Enn fremur hefur stefndi komið fyrir dóm eftir uppsögu héraðsdóms og gefið skýrslu um málsatvik.

Áfrýjandi heldur því fram, að hásetahlut á v/b Ingólfi á umræddri vertíð beri að miða við það, að 10 manna áhöfn hafi verið á bátnum. Stefndi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að skipshöfnin hafi ýmist verið átta, níu eða tíu manns, en telur, að til jafnaðar hafi verið níu manna áhöfn á bátnum. Gegn þessu hefur áfrýjandi ekki sannað, að 10 manna áhöfn hafi verið á bátnum að jafnaði. Verður því að miða hásetahlut við níu manna áhöfn, eins og stefndi gerir kröfu til. Eru aðiljar sammála um, að hann nemi þá kr. 5817.80. Stefnda báru tveir hásetahlutir, og nam hlutur hans því samtals kr. 11.635.60. Enn fremur átti hann kröfu til orlofsfjár, 5% af fjárhæð þessari, og nemur það kr. 581.78. Áfrýjandi viðurkennir, að stefndi eigi kröfu til kaups, kr. 600.00, fyrir tímabilið 1. til 10. maí 1954, svo sem krafizt var í héraði. Nema fjárhæðir þær, sem stefndi á kröfu til, því samtals kr. 12.817.38.

Svo sem í héraðsdómi segir, hefur áfrýjandi greitt stefnda kr. 1000.00 upp í kaup hans. Auk þess er viðurkennt hér fyrir dómi, að frá ofangreindri fjárhæð beri að draga aðgerðarkostnað, kr. 486.80. Þá heldur áfrýjandi því fram, að enn fremur eigi að koma til frádráttar kr. 1490.73 fyrir fæði, sem útgerð bátsins hafi látið í té, en skipverjum borið að endurgreiða. Þessum frádráttarlið hefur stefndi mótmælt. Hefur hann skýrt svo frá fyrir dómi, að það hafi að vísu komið fyrir, að hann hafi borðað um borð í skipinu, en að mestu leyti hafi hann borðað í landi. Einnig hafi komið fyrir, að hann hafi haft mat með sér um borð. Áfrýjandi hefur engin gögn lagt fram til sönnunar þessum kröfulið, og þar sem óvíst er með öllu, hvert verðmæti þess lítilræðis hefur verið, sem stefndi hefur viðurkennt að hafa neytt af vistum skipsins, er eigi unnt að taka kröfu þessa til greina gegn mótmælum stefnda.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber áfrýjanda að greiða stefnda kr. 12.817.38 að frádregnum kr. 1486.80 = kr. 11.330.58 auk vaxta, eins og í héraðsdómi greinir.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms þykir bera að staðfesta.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda, sem ekki kom fyrir

dóm í héraði, að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00.

Stefndi á sjóveðrétt í v/b Ingólfi, KE 96, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, h/f Stapafell, greiði stefnda, Þorvaldi Guðjónssyni, kr. 11.330.58 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. maí 1954 til greiðsludags, svo og málskostnað í héraði, kr. 1900.00, og fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Stefndi á sjóveðrétt í v/b Ingólfi, KE 96, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 5. júlí 1954.

Ár 1954, mánudag 5. júlí, var í sjó- og verzlunardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu af fulltrúa sýslumanns Kristni Ólafssyni sem sjódómsformanni og meðdómendum Sigurði Guðnasyni skipstjóra og Birni Helgasyni skipstjóra, uppkveðinn dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 22. júní s.l.

Mál þetta er höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi sýslunnar með stefnu, útgefinni 9. júní s.l., af Þorvaldi Guðjónssyni skipstjóra, Vestmannaeyjum, gegn stjórn Stapafells h.f., Húsatóftum, Grindavíkurhreppi, þeim Árna Vilmundarsyni, vélstjóra, Suðurgötu 36, Keflavík, formanni stjórnarinnar, Guðvarði Vilmundarsyni skipstjóra, Hásteinsvegi 19, Vestmannaeyjum, og Erlendi Vilmundarsyni sjómanni, Sandfelli við Breiðholtsveg, Reykjavík, meðstjórnendum, f. h. félagsins, til greiðslu á kr. 13.100.00 með 6% vöxtum frá 10. maí 1954 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi eða mati dómsins.

Loks gerir stefnandinn kröfu til, að honum verði dæmdur sjóveðréttur í v/b „Ingólfi", KE 96, til tryggingar framangreindum stefnukröfum.

Stefndu hvorki mættu né létu mæta af sinni hálfu, og er þeim þó löglega stefnt. Verður málið því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Stefnandinn skýrir svo frá, að 17. marz s.l. hafi hann verið skráður skipstjóri á v/b Ingólf, KE 96. Var skipið fyrst gert út frá Vestmannaeyjum við netjaveiðar þar til 1. maí, en fór þá í flutninga milli Vestmannaeyja, Hornafjarðar og Reykjavíkur þar til 10. maí s.l.

Reiknar stefnandinn skipstjórahlut sinn kr. 13.500.00, meðan verið var að netjaveiðum, en auk þess kr. 600.00, meðan verið var í flutningum 1. til 10. maí, og verður þetta samtals kr. 14.100.00, en af því eru aðeins greiddar kr. 1000.00, og er því stefnukrafan kr. 13.100.00.

Með því að þannig hefur verið gerð fullnægjandi grein fyrir **stefnukröfunni**, verður hún tekin til greina, eins og hún liggur fyrir, einnig krafa stefnandans um sjóveðrétt fyrir tildæmdum fjárhæðum í v/b Ingólfi, KE 96.

Málskostnaður þykir hæfilega metinn kr. 1900.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Árni Vilmundarson, Guðvarður Vilmundarson og Erlendur Vilmundarson, greiði f. h. Stapafells h.f. stefnandanum, Þorvaldi Guðjónssyni, kr. 13.100.00 með 6% ársvöxtum frá 10. maí s.l. til greiðsludags og málskostnað með kr. 1900.00, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þá hefur stefnandinn sjóveðrétt í v/b Ingólfi, KE 96, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Mánudaginn 6. júní 1955.

Nr. 159/1954. **Kristján Nielsen**

gegn

Sigríði Nielsen.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Lárusson prófessor.

Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 13. september 1954, til þingfestingar í október s. á. Er málið var tekið fyrir í maímánuði s.l., bað áfrýjandi um, að málinu yrði frestað til júnímánaðar þ. á. Stefndi hefur neitað um frestinn og krafizt frávísunar málsins frá Hæstarétti og ómaksbóta úr hendi áfrýjanda. Áfrýjandi hefur engin rök fært fram fyrir frestbeiðni sinni, og ber því að vísa málinu

frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda ómaksbætur, er ákveðast kr. 600.00.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Kristján Nielsen, greiði stefnda, Sigríði Nielsen, ómaksbætur, kr. 600.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 6. júní 1955.

Nr. 179/1953. **Ákæruvaldið** (Guttormur Erlendsson)

gegn

Jóni Finnbogasyni (Sigurður E. Ólason).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Skjalafals. Brot á lögum um bókhald og fasteignasölu.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldspróf hafa farið fram í máli þessu samkvæmt úrskurði Hæstaréttar frá 26. nóvember 1954.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms, sem eigi hafa haggazt af skýrslum í framhaldsprófunum, þykir bera að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Finnbogason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Sigurðar Ólasonar, kr. 3500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. júní 1953.

Ár 1953, þriðjudaginn 9. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1998/1953: Ákæruvaldið gegn Jóni Finnbogasyni, sem tekið var til dóms 29. f. m.

Í máli þessu er Jón Finnbogason, Þórsgötu 13, hér í bæ, með ákæruskjali útgefnu 20. marz s.l. ákærður fyrir brot gegn lögum um fasteignasölu nr. 47/1938, 1. gr. sbr. 11. gr., en ákvæði þessi telst ákærði hafa brotið með því að reka fyrirtækið Fasteignasölumiðstöðina og annast kaup og sölu fasteigna fyrir aðra frá því í júní f. á., án þess að hafa löggildingu sem fasteignasali. Þá er hann með ákæruskjali, útgefnu 23. marz 1953, ákærður fyrir fjárdrátt, skjalafals og fölsun verzlunarbókar samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940, 158. gr. og 1. mgr. 247. gr., og lögum nr. 62/1938, 20. gr. Ákvæði þessi þykir ákærði hafa brotið með því að selja í júní eða júlí 1951 fyrir Birnu Björnsdóttur Lövdal, Drápuhlíð 44, Birni bankafulltrúa Ólafs, Ásvallagötu 24, víxil samþykktan af Birnu, að fjárhæð kr. 30.000.00, fyrir kr. 28.000.00, en standa Birnu síðan ekki skil á nema kr. 9000.00 af andvirði víxilsins, þ. e. fyrst kr. 7000.00, svo kr. 1800.00 og loks tvisvar kr. 100.00, og færa ranglega í viðskiptamannabók Fasteignasölumiðstöðvarinnar, bls. 61, greiðslur til Birnu á andvirði nefnds víxils, samtals kr. 28.157.00, er hún samkvæmt nefndum færslum á að hafa fengið greiddar með þessum upphæðum: kr. 8500.00, 6500.00, 3657.00, 4000.00, 2000.00 og 3500.00.

Er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu bóta og sakarkostnaðar og sviptur réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði, sem fæddur er 1. október 1907, hefur áður sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1947 2/12 Rvík. Sátt. 60 kr. sekt fyrir ofhraða á bifreið.
1948 15/1 Rvík. Sátt. 30 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1948 7/4 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðastæði og ólæsilegt skráningarmerki bifreiðar.
1948 13/11 Rvík. Áminning fyrir 10. gr., sbr. 28. gr., lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1948 11/12 Rvík. Dómur lögregluréttar. 600 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum, umferðarlögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
1950 15/2 Rvík. Dómur Hæstaréttar. 1500 kr. sekt. Annað óbreytt.
1951 20/3 Rvík. Sátt. 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.
1951 12/7 Rvík. Sátt. 150 kr. sekt fyrir vanrækslu á skoðun bifreiða.
1951 21/8 Rvík. Kærður fyrir vanrækslu á standsetningu bifreiðar. Fellt niður.

1952 27/2 Rvík. Dómur. Sýknaður af ákæru fyrir brot á 157. og 247. gr. hegnl.

1952 2/4 Rvík. Kærður fyrir ávísanasvik. Fellt niður.

Málavextir eru þessir:

I.

Með bréfi, dags. 23. september s.l., kærði lögreglustjórinn í Reykjavík til sakadómara yfir því, að ákærði ræki fasteignasölu hér í bæ án nauðsynlegra réttinda.

Við rannsókn málsins upplýstist eftirfarandi:

Árið 1943 stofnuðu þeir Áki Jakobsson hdl. og Gísli nokkur Indriðason fyrirtækið Fasteignasölumiðstöðina hér í bæ. Fyrirtækið skyldi annast kaup og sölu fasteigna. Fyrirtækið var skráð sem sameignarfélag Áka og Gísla.

Árið 1948 seldi Gísli ákærða hlut sinn í fyrirtækinu. Talað var við Áka um, að ákærði gerðist félagi hans um reksturinn. Áki tók vel í það, en gerði það að skilyrði, að þeir gerðu með sér samning, eins og þeir Gísli höfðu. Ekkert varð þó úr þessu, svo að Áki leit þannig á, að Fasteignasölumiðstöðin væri alls ekki rekin eftir þetta á vegum sínum né með heimild frá sér. Áki lét afskrá Fasteignasölumiðstöðina í júní 1952 til þess að taka af allan vafa um, að hann bæri ábyrgð á starfsemi ákærða. Ákærði taldi Áka hafa verið félaga sinn um rekstur fyrirtækisins og áleit, að hann hefði gengið inn í samning Gísla Indriðasonar við Áka. Ákærði hagar rekstri fyrirtækisins á þá leið, að hann annast um að koma sölum fasteigna á, en fær lögfræðinga til að gera kaupsamninginn. Hefur hann þessu til sönnunar tilnefnt nokkra lögfræðinga. Hafa þeir komið fyrir dóm og staðfest, að rétt sé hermt frá hjá ákærða að þessu leyti. Ákærði hefur ekki löggildingu sem fasteignasali.

Eins og ljóst er af framangreindu, hefur ákærði rekið og rekur enn fasteignasölu að öllu leyti upp á eigin spýtur, án þess að þar sé í fyrirsvari nokkur, sem löggildingu eða réttindi hefur til að stunda slíkan atvinnurekstur. Ekki getur það leitt til sýknu, þótt ákærði hafi fengið lögmenn til að gera fyrir sig samninga um sölu fasteigna, sem hann hafði sjálfur komið í kring. Ákærði rekur að öllu leyti einn fasteignasölufyrirtækið, ber sjálfur ábyrgð á rekstrinum og vinnur sjálfur að því að koma sölunum á. Með þessu hátterni sínu hefur ákærði gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 47 frá 1938 um fasteignasölu.

Við mat refsingar þykir rétt að hafa í huga, að ákærði hefur leitað til lögmanna um samningsgerð og þar með að nokkru fullnægt tilgangi laga nr. 47/1938.

II.

Með bréfi, dagsettu 15. maí 1952, kærði Hörður Ólafsson héraðsdómslögmaður fyrir hönd frú Birnu Björnsdóttur Lövdal, Drápuhlíð 44, yfir því, að ákærði hefði ekki staðið henni skil á nema 9000.00 kr. af 30.000.00 kr. víxilfjárhæð samkvæmt víxli, er ákærði hefði

tekið að sér að koma í fé fyrir Birnu. Víxill þessi, sem síðar hefur verið lagður fram í málinu, er gefinn út 11. júní 1951, samþykktur af Birnu Björnsdóttur og útgefinn af Ön. Ásgeirssyni f. h. Hreins Pálssonar, Sörlaskjóli 12. Gjalddagi víxilsins er 30. september 1951. Víxilfjárhæð 30.000.00 kr.

Ákærði og Birna Lövdal komu fyrir dóm út af þessu kæruefni hinn 31. maí 1952. Kvaðst ákærði þá hafa keypt víxilinn af Birnu fyrir kr. 28.000.00 eða þar um bil og greitt Birnu þessa upphæð í mörgu lagi. Síðar kvaðst hann hafa fengið Gunnari Jónssyni héraðsdómslögmanni víxilinn til innheimtu. Birna Björnsdóttir Lövdal skýrði svo frá, að ákærði hefði tekið að sér að selja víxilinn fyrir hana. Skömmu síðar hefði ákærði greitt henni í skrifstofu sinni 7000.00 upp í víxilfjárhæðina. Síðan hefði hún fengið 1800.00 króna greiðslu, er hún hefði kvittað fyrir, og enn síðar 200 kr. Hefði hún ekki fengið meira greitt fyrir víxil sinn. Hún kvaðst oft hafa gengið eftir greiðslu, en ekki fengið annað en loforð. Eftir gjalddaga hafi svo verið gengið eftir greiðslu, og hefðu hún og maður hennar orðið að greiða fjárhæðina að fullu.

Var að lokinni yfirheyrslu farið með ákærða til skrifstofu hans, en þar afhenti hann kvittun fyrir 1800.00 kr., undirritaða af Birnu, dagsetta 12. júlí 1951. Því næst var farið með ákærða til heimilis hans, og afhenti hann þar viðskiptamannabók, merkta „Fasteigna-sölumiðstöðin". Á bls. 61 í bók þessari er skráð á þessa leið:

Birna Lövdal

An:	Víxill		30.000—
	Peningar	8500—	
	—	6500—	
	—	3657—	
	—	4000—	
	—	2000—	
	—	3500—	

Á spássíu er ritað þvert á meginmál: „Innh. G. Jóns".

Enn fremur tók dómarinn í sínar vörzlur blað, er hann sá af hendingu á skrifborði ákærða. Á blað þetta voru ritaðar með bleki þessar tölur:

8500	8500	8500
1800	6500	6500
4000	4000	4000
3500	3500	2000
2000	2000	3657
2000	3000	———
3657	3657	24657
———	———	3500
25457	657	———
2000		28157
2000		
———		

Er ákærði var yfirheyrður fyrir dómi að þessu loknu, hélt hann því fast fram, að tölurnar á bls. 61 í viðskiptamannabókinni sýndu réttilega, hvernig hann hefði innt af höndum greiðslur til Birnu. Hefði hann fært þrjár fyrstu greiðslurnar inn í einu lagi í samráði við Birnu, er hún hefði komið til hans í skrifstofu hans einhverju sinni, en hinar greiðslurnar jafnóðum og þær voru inntar af höndum. Er hann var spurður um, hvers vegna 1800 króna greiðslan til Birnu (sbr. kvittunina) kæmi ekki fram í færslunum, kvað hann hana mundu vera innifalda í tölunni 3657, enda mundi hann hafa dregið greiðslurnar eitthvað saman.

Þess er að geta, að allar færslurnar á bls. 61 í viðskiptamannabókinni virðast skrifaðar með sama penna og sams konar bleki, og af útliti þeirra virðist mjög líklegt, að þær muni allar ritaðar í sama skipti, þótt um það verði ekkert fullyrt.

Um blað það, er áður getur, sagði ákærði, að hann hefði ritað það, sem á því stendur, og mundi það vera í sambandi við greiðslurnar til Birnu. Ekki kvaðst hann muna, hvenær blaðið væri ritað, og ekki gat hann gefið skýringar á upphæðum þeim, sem þar eru skráðar, kveðst „bara hafa verið að fikta eitthvað í þessu".

Var ákærði, er hér var komið, settur í gæzluvarðhald, og var hann í því til 7. júní.

Birna Lövdal hefur að öllu leyti haldið við fyrsta framburð sinn um greiðslur þær, er hún hafi fengið frá ákærða, að öðru leyti en því, að þær 200 kr., er hún fékk síðast, hafi hún fengið í tvennu lagi, 100 kr. í hvert skipti. Um færslurnar í viðskiptamannabókinni segir Birna, að tilhæfulaust sé, að hún hafi tekið við nokkurri af þeim upphæðum, er þar eru skráðar.

Er ákærði kom fyrir dóm 5. júní, afhenti hann enn blað, er hann þóttist hafa fundið í vasa sínum, og á væri greinargerð um greiðslur til Birnu. Á blað þetta er ritað sem hér segir:

Peningar til Birnu

8500 þús
1800 þús
1000 —
2200 —
3657 —

Hélt ákærði því nú fram, að hann hefði ritað þessar tölur í viðurvist Birnu, týnt síðan blaðinu um sinn og fært 3 fyrstu tölurnar á bls. 61 í viðskiptamannabókina eftir minni.

Ákærði hélt og við fyrri framburð um, að hann hefði sjálfur keypt víxilinn og ekki haft fé til að greiða hann út í einu lagi. Þar sem vitneskja var þá fengin um, að Björn Ólafs bankafulltrúi hefði tekið við víxlinum og greitt ákærða hann í einu lagi, var gengið frekar á ákærða um þetta. Kvað hann það þá rétt, að Björn hefði tekið við víxlinum og greitt sér fjárhæð, sem ákærði kveðst ekki muna, hver hafi verið. Um orsökina til þess, að hann greiddi ekki

Birnu í einu lagi þegar í stað upphæð þá, er hann tók við af Birni, sagði ákærði, að hann hefði ekki náð til Birnu strax og síðan ekki vitað, fyrr en hann var farinn að lána peningana út. Ekki kveðst ákærði hafa selt Birni víxilinn, heldur afhent honum hann að handveði. Hefði Björn Ólafs síðan fengið Gunnari Jónssyni víxilinn til innheimtu í samráði við ákærða, og hefði Gunnar að innheimtu lokinni greitt ákærða víxilfjárhæðina að mestu leyti, en að nokkru leyti Birni Ólafs. Er Gunnar Jónsson var yfirheyrður, kvað hann tilhæfulaust með öllu, að hann hefði skipt neitt við ákærða út af víxli þessum, heldur hefði hann innheimt víxilinn eftir beiðni Björns Ólafs og staðið Birni skil á greiðslunni að öllu leyti. Ekki lét ákærði af staðhæfingum sínum um, að innheimtan hefði farið fram að tilhlutan hans, fyrr en hann og Gunnar voru samprófaðir, en þá sagði ákærði, að sig minnti, að hann hefði komið víxlinum til innheimtu, en vera mætti, að það væri rangt.

Björn Ólafs kveðst hafa selt víxilinn fyrir kr. 27.600.00 og greitt ákærða af því kr. 27.000.00, en tekið mismuninn í þóknun. Auk þess hafi um leið verið gerð upp smáskuld, er ákærði stóð í við Björn. Fyrir dómi 24. september f. á. kvað ákærði þessa frásögn Björns vera rétta.

Upplýst er í málinu, að Ingibergur Lövdal, eiginmaður Birnu, og Hreinn Pálsson, útgefandi víxilsins, greiddu Gunnari Jónssyni hdl. víxilinn með kr. 33.014.00, er sundurliðast þannig: Víxilfjárhæð kr. 30.000.00, vextir kr. 214.00, ½% víxilþóknun, kr. 100.00, og málskostnaður kr. 2700.00. Einnig er upplýst, að Hreinn fékk endurgreitt það, sem hann hafði lagt út.

Birna Lövdal hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða henni í bætur kr. 24.014.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. október 1952 að telja, en tala þessi fæst með því að taka framangreinda upphæð, kr. 33.014.00, og draga frá henni kr. 9000.00, sem sé þá upphæð, er Birna hefur viðurkennt að hafa tekið við frá ákærða. Síðan hefur Birna lækkað kröfuna niður í kr. 23.914.00, með því að ákærði hafi einhverju sinni greitt fyrir hana veitingagjald á Hótel Borg að upphæð ca kr. 100.00.

Birna Lövdal hefur í máli þessu haldið því staðfastlega fram, að hún hafi ekki tekið við nema 9000.00 krónum til greiðslu á víxilfjárhæðinni og auk þess greiðslu á veitingagjaldi, sem áður greinir.

Framburð sinn hefur hún staðfest með eiði.

Ákærði hefur að vísu aldrei viðurkennt annað en að hann hafi, um það er lauk, greitt Birnu víxilfjárhæðina að fullu eða því sem næst (kr. 28—29.000.00), en hann hefur þó, að vísu eftir mikla vafninga, játað, að hann hafi tekið við greiðslu að upphæð kr. 27.000.00, án þess að greiða Birnu út þá þegar upphæðina, og að hann hafi þá tekið að ráðstafa peningum þessum til útlána. En telja verður sannað, að hann hafi raunverulega selt Birni Ólafs víxilinn fyrir hönd Birnu og því verið óheimilt að ráðstafa fénu með nefndum

hætti. Skrásetning ákærða í viðskiptamannabók sína á greiðslum, er hann telur sig hafa innt af höndum til Birnu, er með þeim hætti, þegar hliðsjón er höfð af öðrum skrifum ákærða um þetta, að mjög eindregnar grunsemdir vakna um, að ákærði hafi eftir á vísvitandi skráð rangt í bókina í blekkingarskyni. Þegar loks er litið til þess, hve mjög framburður ákærða í máli þessu hefur verið sér ósamkvæmur og í ýmsum atriðum sannanlega rangur, svo sem áður hefur verið rakið, þykir verða að telja, að næg sönnun sé fengin að því, að ákærði hafi aldrei greitt Birnu Lövdal meira af andvirði víxils þess, er hann seldi fyrir hana, en Birna hefur skýrt frá. Verður að líta svo á, að mismuninn hafi hann dregið sér í auðgunarskyni. Varðar þessi verknaður við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Af þessu leiðir, að sannað telst, að ákærði hafi fært ranglega í viðskiptamannabók sína greiðslur til Birnu Lövdal, svo sem að framan greinir. Varðar það við 158. gr. hegningarlaga og 20. gr. laga um bókhald nr. 62/1938.

III.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 11. gr. laga nr. 47/1938, 158. og 1. mgr. 247. gr. hegningarlaga og 20. gr. laga nr. 62/1938 hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði. Ekki eru skilyrði til að láta gæzluvarðhaldsvist ákærða koma refsingunni til frádráttar.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Dæma ber ákærða til að greiða Birnu Björnsdóttur Lövdal kr. 23.914.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. október 1952 til greiðsludags.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 700.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Finnbogason, sæti fangelsi 8 mánuði. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Birnu Björnsdóttur Lövdal innan 15 daga frá birtingu dóms þessa kr. 23.914.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. október 1952 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 700.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. júní 1955.

Nr. 169/1953. **Einar Þorgilsson & Co. h/f fyrir sína hönd og skipshafnar b/v Surprise, GK 4,**

og

Samtrygging íslenzkra botnvörpunga (Guðmundur Ásmundsson hdl.)

gegn

Beinteini Bjarnasyni, eiganda v/s Dóru GK 49, (Ágúst Fjeldsted hdl.)

og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Lárusson prófessor.

Bjarglaun. Árekstur skipa.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. október 1953. Gera þeir þessar kröfur:

A. *Í aðalsök.*

1. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða aðaláfrýjanda Einari Þorgilssyni & Co. h/f bjarglaun honum til handa og skipshöfn b/v Surprise, GK 4, að fjárhæð kr. 220.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. maí 1951 til greiðsludags.

2. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða aðaláfrýjanda Einari Þorgilssyni & Co. h/f tjónbætur, að fjárhæð kr. 147.461.51 ásamt 6% ársvöxtum frá 13. júní 1952 til greiðsludags.

3. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða aðaláfrýjanda Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga kr. 25.608.04 ásamt 6% ársvöxtum frá 13. júní 1952 til greiðsludags.

4. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða aðaláfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

5. Að aðaláfrýjendum verði dæmdur sjóveðréttur í v/s Dóru, GK 49, fyrir dæmdum fjárhæðum.

B. *Í gagnsök.*

Aðallega, að aðaláfrýjandi Einar Þorgilsson & Co. h/f verði dæmdur sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, enda verði gagnáfrýjanda gert að greiða nefndum aðaláfrýjanda málskostnað í þessum þætti málsins í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara, að kröfur gagnáfrýjanda um tjónbætur verði lækkaðar, en hvorum aðilja dæmt að bera sinn kostnað af þessum þætti málsins í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi, Beinteinn Bjarnason, hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 28. október 1953. Eru kröfur hans sem hér segir:

A. *Í aðalsök.*

1. Að dæmd björgunarlaun verði lækkuð að mati Hæstaréttar.

2. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur sýkn af tjónbótakröfu aðaláfrýjanda Einars Þorgilssonar & Co. h/f.

3. Að gagnáfrýjandi verði sýknaður af kröfu aðaláfrýjanda Samtryggingar íslenzkra botnvörpunga.

4. Að þeim gagnáfrýjanda og aðaláfrýjanda Einari Þorgilssyni & Co. h/f verði gert að bera hvorum um sig sinn kostnað af málinu í héraði, en að nefndum aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Þá krefst gagnáfrýjandi og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda Samtryggingar íslenzkra botnvörpunga í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

B. *Í gagnsök.*

Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er tekur til þessa þáttar málsins, og að aðaláfrýjanda Einari Þorgilssyni & Co. h/f verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eftir að dómur í máli þessu gekk í héraði, hafa skipstjórar á b/v Surprise og v/s Dóru komið af nýju fyrir dóm og gefið viðbótarskýrslur.

Þá hafa og eftir uppsögu héraðsdóms verið dómkvaddir tveir sérfróðir menn, þeir skipstjórarnir Hannes Pálsson og Guðmundur Markússon, til að láta uppi álit um, hvort áfátt hafi verið að einhverju leyti aðferðum þeim, sem hafðar voru til að koma á dráttarsambandi milli skipanna og við tilraun

til þess að losa vírinn úr skrúfu b/v Surprise. Er það sameiginlegt álit hinna dómkvöddu skipstjóra, að aðferð sú, sem skipstjórnarmenn á b/v Surprise höfðu til að koma dráttartaugum yfir í v/s Dóru, hafi verið óvarleg. B/v Surprise hafi verið siglt allt of nærri v/s Dóru, og hefði verið réttara að hafa bilið milli skipanna lengra og nota línubyssu, sem til var í Surprise, til að koma á sambandi milli skipanna. Þar sem skipverjar á v/s Dóru þurftu að draga til sín vírinn með handafli, hefðu skipstjórnarmenn á b/v Surprise átt að létta þeim dráttinn með því að setja flotholt á vírinn með um 10 faðma millibili, svo sem tómar tunnur, uppblásna lóðarbelgi eða aluminíum flotkúlur, sem séu á hverjum togara. Þá telja hinir dómkvöddu skipstjórar augljóst, að of mikið átak hafi verið notað við tilraun til þess að draga vírinn úr skrúfunni með togspilinu.

Skal þá vikið að kröfum aðilja í aðalsök og gagnsök.

I. Krafa aðaláfrýjanda Einars Þorgilssonar & Co. h/f fyrir sína hönd og skipshafnar b/v Surprise um bjarglaun.

Hjálp þá, sem b/v Surprise veitti v/s Dóru, ber tvímælalaust að telja björgun. Þykja bjarglaun eftir atvikum hæfilega ákveðin kr. 150.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. maí 1951, er björgun lauk, til greiðsludags. Gagnáfrýjanda ber að greiða aðaláfrýjanda Einari Þorgilssyni & Co. h/f fyrir sína hönd og skipshafnar b/v Surprise málskostnað í héraði og hér fyrir dómi í þessum þætti málsins, samtals kr. 15.000.00. Svo ber og að dæma sjóveðrétt í v/s Dóru, GK 49, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

II. Kröfur aðaláfrýjenda Einars Þorgilssonar & Co. h/f og Samtryggingar íslenzkra botnvörpunga um greiðslu tjónbóta.

Með hliðsjón af álitsgerð hinna dómkvöddu manna og atvikum málsins og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að sýkna gagnáfrýjanda af þeim kröfum aðaláfrýjenda, sem hér getur. Rétt þykir, að hver aðilja beri sinn kostnað af þessum þáttum málsins bæði í héraði og hér fyrir dómi.

III. Tjónbótakrafa gagnáfrýjanda í gagnsök á hendur aðaláfrýjanda Einari Þorgilssyni & Co. h/f.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, að því er til gagnsakarinnar tekur. Rétt er, að hvor aðilja beri sinn kostnað fyrir Hæstarétti í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Beinteinn Bjarnason, greiði aðaláfrýjanda Einari Þorgilssyni & Co. h/f fyrir sína hönd og skipshafnar b/v Surprise kr. 150.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. maí 1951 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Á greindur aðaláfrýjandi sjóveðrétt í v/s Dóru, GK 49, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Gagnáfrýjandi skal vera sýkn af tjónbótakröfum aðaláfrýjenda Einars Þorgilssonar & Co. h/f og Samtryggingar íslenzkra botnvörpunga í máli þessu. Hver aðilja skal bera sinn kostnað af þessum þætti málsins, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi Einar Þorgilsson & Co. h/f greiði í gagnsök gagnáfrýjanda, Beinteini Bjarnasyni, kr. 15.043.84 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1951 til greiðsludags og kr. 1550.00 í málskostnað í héraði, en málskostnaður í gagnsök falli niður í Hæstarétti. Gagnáfrýjandi á sjóveðrétt í b/v Surprise, GK 4, til tryggingar greindum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 9. september 1953.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Ólafur Tryggvi Einarsson framkvæmdastjóri, Hafnarfirði, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum f. h. Einars Þorgilssonar & Co. h/f, eiganda b/v Surprise, GK 4, og f. h. skipshafnar sama skips með stefnu, útgefinni 23. nóvember 1951, gegn Beinteini Bjarnasyni útgerðarmanni í Hafnarfirði, eiganda v/s Dóru, S U 36 (nú G K 49), til greiðslu bjarglauna að fjárhæð kr. 220.000.00 með 6% ársvöxtum frá 27. maí 1951 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Enn fremur krefst stefnandi

þess, að viðurkenndur verði með dómi sjóveðréttur hans í v/s Dóru til tryggingar kröfum þessum. Loks hefur hann stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til réttargæzlu, en eigi gert kröfur á hendur því. V/s Dóra var tryggð hjá réttargæzlustefnda, sem eigi hefur haft uppi neinar kröfur í málinu.

Stefndi hefur krafizt þess að verða aðeins dæmdur til greiðslu hæfilegrar fjárhæðar að mati dómsins og að málskostnaður verði látinn falla niður. Jafnframt hefur hann höfðað gagnsök með stefnu, útgefinni 15. maí 1952, og krafizt þess, að gagnstefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 73.057.50 auk 6% ársvaxta frá 1. júní 1951 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá krefst hann og viðurkenningar á sjóveðrétti í b/v Surprise, G K 4, til tryggingar kröfunum.

Gagnstefndi hefur krafizt algerrar sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Með stefnu, útgefinni 13. júní 1952, höfðaði aðalstefnandi framhaldssök og krafðist þess, að aðalstefndi yrði dæmdur til greiðslu tjónbóta að fjárhæð kr. 147.461.54 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags svo og málskostnaðar í framhaldssök og enn fremur viðurkenningar á sjóveðrétti í v/s Dóru til tryggingar kröfum þessum. Einnig var Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f stefnt til réttargæzlu á sama hátt sem í aðalsök.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í framhaldssök.

Samtrygging íslenzkra botnvörpunga hefur gengið inn í mál þetta með sakaukastefnu, útgefinni 13. júní 1952, og krafizt þess, að aðalstefndi verði dæmdur til greiðslu tjónbóta að fjárhæð kr. 25.608.04 auk 6% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins. Einnig krefst meðalgöngustefnandi viðurkenningar á sjóveðrétti í v/s Dóru til tryggingar kröfum sínum. Þá hefur hann og stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til réttargæzlu í sakaukamálinu, en eigi haft uppi kröfur á hendur því, og það hefur heldur eigi borið fram neinar kröfur.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í meðalgöngusökinni.

Málavextir eru þessir:

Hinn 27. maí 1951 var v/s Dóra á lúðuveiðum um 85 sjómílur NV frá Malarrifi. Um kl. 8 að morgni bilaði gírskipting vélarinnar, og hafði sú bilun það í för með sér, að vélin drap á sér í hvert skipti, sem tengt var saman. Unnu menn að því til hádegis að reyna að koma vélinni í lag, en er það tókst ekki, var samband haft við útgerðarmann skipsins og beðið um, að ráðstafanir yrðu gerðar til þess, að skipið yrði dregið til hafnar. Fengu skipverjar þau svör, að Sæbjörg kæmi til aðstoðar, en ekki höfðu þeir samband við hana. Um kl. 16.00 höfðu menn á Surprise tal af þeim og sögðust vera í þann veginn að leggja af stað til Hafnarfjarðar og kváðust vera skammt frá Dóru. Var þess óskað, að Surprise drægi Dóru, og kom

Surprise að henni um kl. 18.30. Var Surprise siglt hægt upp í vindinn meðfram stefni Dóru og um leið kastað af hvalbaknum línu, sem fest var í 2¾" tóg, en í það var festur togvírinn, 3½". Skipverjar á Dóru náðu þegar línunni og hófu að draga til sín vírinn. Hraði Surprise var þá aukinn til að koma í veg fyrir, að skipunum slægi saman, en við það misstu skipverjar á Dóru tógið, og lenti togvírinn þá í skrúfu Surprise. Voru þegar hafnar tilraunir til að losa vírinn með því að „tarna" vél skipsins og síðan með því að „hífa" í vírinn á spilinu og „tarna" vélinni um leið. Við það bognaði öxull á spilinu, og var frekari tilraunum þá hætt og höggvið á vírinn á borðstokk. Voru þá um fimm faðmar af vír fastir í skrúfunni. Kom Surprise síðan á ný að Dóru sem fyrr, en í það skipti tókst slysalaust að koma dráttarvírnum um borð í Dóru, og var honum lásað í akkerisfesti hennar, sem sett var föst um undirstöður togvindunnar. Um kl. 20.30 var haldið af stað í stefnu SA til S ½ S, og fór Surprise hálfa ferð. Hálftíma síðar hrökk akkerisfesti Dóru upp af undirstöðu togvindunnar og á vinduna sjálfa, sem brotnaði allmikið við það. Var þá numið staðar, vír settur utan um alla yfirbygginguna og síðan haldið af stað aftur, en kl. 23.00 slitnaði akkerisfestin. Festum var enn komið á milli skipanna á sama hátt sem fyrr, þó þannig, að við tildráttartógið frá Surprise var fest 2½" vír (40 föm) og síðan 25 föðmum af 3" vír, er nota skyldi tvöfaldan í stað akkerisfestarinnar. Meðan unnið var að því að koma festum á milli, bar það til, að skipin slógust saman. Lenti stefni Dóru með þungu höggi á borðstokk togarans og losnaði yfirstefnið frá við þetta. Varð þegar vart leka, en eigi var hann þó talinn hættulegur. Kl. 0.15 að morgni 28. maí var enn lagt af stað. Frá því skipin höfðu fyrst haft samband sín á milli, hafði veður farið vaxandi, og var vindur nú allhvass SSA og dimmviðri. Um morguninn kl. 9.30 varð þess vart, að allmikill sjór var kominn í lestina á Dóru, og var andæft á meðan dælt var úr lestinni með handdælu, en kl. 12.15 var haldið áfram. Þótti þá, miðað við aðstæður allar, rétt að breyta stefnu, og var nú haldið til Patreksfjarðar, og komu skipin í höfn á Vatneyri kl. 00.30 að morgni 29. maí. Daginn eftir hóf annað skip að draga Dóru til Hafnarfjarðar, og komu skipin þangað 31. maí.

Verða þættir málsins nú teknir til athugunar hver um sig.

Aðalsök.

Aðalstefnandi heldur því fram, að hér hafi verið um björgun að ræða. Dóra hafi verið vélvana og án möguleika til að komast til hafnar af eigin ramleik. Skýrir hann svo frá, að Surprise hafi tafizt frá veiðum í tvo daga við að draga Dóru til hafnar og upplýsir, að rekstrarkostnaður Surprise hafi þá verið að minnsta kosti kr. 17.000.00 á dag. Nokkrar skemmdir urðu á dráttartaugum, og sex húðir, er hafðar voru á öldustokk undir vírunum, eyðilögðust. Kveður aðalstefnandi það tjón nema kr. 3.200.00.

Aðalstefnandi rökstyður kröfur sínar með því, að Dóra hafi ekki verið í hættu stödd, er dráttur hófst. Allar líkur hafi verið til þess, að unnt hefði verið að koma skipinu til hafnar með seglum, ef ókleift reyndist að koma vélinni í lag þar, sem skipið var statt. Hann telur kröfuna úr hófi háa og tekur fram, að Dóra hafi verið vátryggð fyrir kr. 300.000.00 auk hagsmunatryggingar kr. 100.000.00.

Er Dóra var komin til Hafnarfjarðar, kom í ljós, að ein lega í gírkúplingunni var brotin og önnur lega föst. Hefur vélstjórinn skýrt svo frá fyrir dómi, að þessar bilanir hefði ekki verið unnt að lagfæra úti á sjó. Af gögnum málsins er ljóst, að seglbúnaður Dóru var ekki nægilegur til að koma henni til lands, sízt í því veðri, sem var í aðsigi. Verður því að líta svo á, að Dóra hafi verið í hættu stödd þannig, að hjálp Surprise hafi verið björgun í skilningi siglingalaganna. Áður hefur því verið lýst, hvernig björgunin tókst og af hverri verklagni starfið var unnið. Töf Surprise var, eins og fyrr greinir, tveir sólarhringar, og eigi hefur verið vefengd skýrsla aðalstefnanda um daglegan rekstrarkostnað eða verðmæti skemmdra víra og húða. Vátryggingarupphæð Surprise með afla og veiðarfærum var á þessum tíma £ 145.000-0-0, en eigi sést, að hætta hafi þurft að stafa af björgunarstarfinu fyrir Surprise. Hinn 18. maí 1953 mátu dómkvaddir matsmenn verðmæti Dóru, eins og ætla mátti, að það hafi verið, er hún kom til Vatneyrar 29. maí 1951, kr. 559.000.00 að frádregnum viðgerðarkostnaði kr. 70.857.22, eða alls kr. 488.642.78, og hefur það mat ekki verið vefengt.

Með hliðsjón af öllu framanrituðu þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 130.000.00, og ber aðalstefnda að greiða aðalstefnanda þá fjárhæð með vöxtum eins og krafizt var, svo og málskostnað, þar með talinn matskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00. Þá ber og að taka til greina kröfu aðalstefnanda um viðurkenningu sjóveðréttar hans í v/s Dóru.

Framhaldssök.

Því var áður lýst, að vírar Surprise festust í skrúfu hans við fyrstu tilraun til að koma dráttartaug milli skipanna. Er skipið kom til hafnar, varð þess vart, að stórkostlegar skemmdir höfðu af þessu hlotizt bæði á togvindu skipsins svo og skrúfu, skrúfuöxli, stefnisfóðringum o. fl. Viðgerðir á skemmdunum, þar á meðal bráðabirgðaviðgerð, tóku 22 daga og fólu í sér endurnýjanir á báðum öxlum og víðtækar lagfæringar í sambandi við þær. Virðist kostnaður af viðgerðum þessum hafa orðið kr. 173.069.58, en af þeirri fjárhæð hefur meðalgöngustefnandi greitt kr. 25.608.04, eins og síðar verður rakið, en aðal (framhalds) stefnandi kr. 147.461.54. Telur aðalstefnandi, að aðalstefnda beri að bæta tjón þetta, þar eð það hafi orðið við björgun Dóru, enda hafi mistök skipverja á Dóru valdið því, að vírinn lenti í skrúfu Surprise.

Aðalstefndi styður sýknukröfu sína við það hins vegar, að skip-

stjórnarmenn á Surprise eigi einir alla sök á tjóni því, er Surprise varð fyrir.

Því hefur verið lýst hér að framan, hverri aðferð skipverjar á Surprise beittu við að koma festum milli skipanna, svo og hver viðbrögð þeir höfðu til að reyna að losa vírinn úr skrúfunni. Telja verður, að allar þær skemmdir, sem urðu á Surprise af þessu, stafi af þessum gálauslegu og hættulegu aðferðum, og þykir verða að leggja alla ábyrgð af tjóninu á stjórnarmenn Surprise og taka til greina sýknukröfu aðalstefnda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í framhaldssök.

Meðalgöngusök.

Hér næst á undan var skýrt frá því, að meðalgöngustefnandi hefur greitt kr. 25.608.04 af viðgerðarkostnaði Surprise. Telur hann, að aðalstefnda beri að greiða fjárhæð þessa, og færir að því hin sömu rök, sem framhaldsstefnandi fyrir sinni kröfu.

Aðalstefndi styður sýknukröfu sem fyrr við það, að skipverjar á Surprise beri alla sök á tjóninu.

Með vísan til þess, sem um þessi atriði var sagt hér á undan í framhaldssök, ber að taka sýknukröfu aðalstefnda til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gagnsök.

Gagnstefnandi byggir kröfur sínar á því, að Surprise hafi verið siglt of hratt og ógætilega eins og á stóð, og hafi af því stafað skemmdirnar á togvindu Dóru, svo og á stefni hennar, er festar voru settar milli skipanna í þriðja sinn. Telur hann gagnstefnda bera ábyrgð á hvorutveggja auk mannakaups, meðan á viðgerð stóð, svo og skemmdanna á afla vegna leka þess, er kom að Dóru. Nema þessar fjárhæðir samtals kr. 73.057.50.

Gagnstefndi styður sýknukröfu við það, að skipstjórnarmenn á Surprise hafi gætt fyllstu varúðar og aðgæzlu við björgunarstarfið og hvorki farið of hratt né ógætilega.

Af lýsingu þeirri af málsatvikum, sem hér fóru á undan, er það ljóst, að í báðum tilvikum þeim, sem hér ræðir um, biluðu festar þær, er skipverjar á Dóru höfðu lagt til og gengið frá. Í fyrra tilvikinu brotnaði togvindan svo mjög, að endurnýja varð hana með öllu, og nam kostnaður af þeirri viðgerð samkvæmt framlögðum reikningum kr. 58.013.66. Í seinna tilvikinu brotnaði yfirstefni Dóru, svo að leki kom að henni, og hlutust af honum skemmdir á beitusíld og ísbirgðum. Viðgerð á stefninu kostaði kr. 12.293.84, en skemmdir á síld og ís námu kr. 2750.00.

Skemmdirnar í fyrra tilvikinu þykir verða að rekja eingöngu til hinnar óvarlegu festingar á akkeriskeðjunni utan um undirstöðu togvindunnar, og verður að telja, að stjórnarmenn Dóru eigi

alla sök á því tjóni, er af hlauzt, og verður krafa gagnstefnanda að því leyti ekki tekin til greina.

Í síðara tilvikinu hlutust skemmdir af því, að skipin slógust saman, er reynt var að koma festum á milli þeirra með hinni sömu óvarlegu aðferð, sem fyrr hefur verið lýst. Með vísan til þess, sem hér að framan hefur verið sagt um þetta atriði, þykir verða að telja skipverja á Surprise bera sökina á þessu tjóni gagnstefnanda, og ber því að dæma gagnstefnda til að greiða gagnstefnanda bætur fyrir það. Reikningar gagnstefnanda hafa eigi verið vefengdir, og verða þeir því til greina teknir.

Úrslit gagnsakar verða því þau, að gagnstefndi verður dæmdur til að greiða gagnstefnanda kr. 15.043.84 með vöxtum eins og krafizt var, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 1550.00. Þá ber og að viðurkenna sjóveðrétt gagnstefnanda í b/v Surprise.

Dóminn skipuðu Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Jónas Jónasson og Þorgrímur Sigurðsson, skipstjórar.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Beinteinn Bjarnason, aðalstefnanda, Einari Þorgilssyni & Co. h/f, kr. 130.000.00 með 6% ársvöxtum frá 27. maí 1951 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað, og á aðalstefnandi sjóveðrétt í v/s Dóru, G K 49 (áður S U 36), til tryggingar fjárhæðum þessum.

Í framhaldssök skal framhaldsstefndi sýkn af kröfum framhaldsstefnanda, en málskostnaður falli niður.

Í meðalgöngusök skal meðalgöngustefndi, Beinteinn Bjarnason, vera sýkn af kröfum meðalgöngustefnanda, Samtryggingar íslenzkra botnvörpunga, en málskostnaður falli niður.

Í gagnsök greiði gagnstefndi, Einar Þorgilsson & Co. h/f, gagnstefnanda, Beinteini Bjarnasyni, kr. 15.043.84 með 6% ársvöxtum frá 1. júní 1951 til greiðsludags og kr. 1550.00 í málskostnað, og á gagnstefnandi sjóveðrétt í b/v Surprise, GK 4, til tryggingar fjárhæðunum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 8. júní 1955.

Nr. 82/1954. **Ákæruvaldið** (Hermann Jónasson)
gegn
Jóni Val Samúelssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Manndráp af gáleysi. Líkamsáverkar. Brot gegn bifreiðalögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldspróf hafa verið háð í málinu eftir uppsögu héraðsdóms, og var þá framkvæmd heitfesting vitna, sem héraðsdómari hafði látið undan falla.

Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta héraðsdóminn að öðru en því, að refsing ákærða ákveðst fangelsi 18 mánuði.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Það athugast, að héraðsdómari hóf eigi réttarrannsókn í máli þessu fyrr en 10 dögum eftir slysið og að meira hefur verið stuðzt við skýrslur lögreglumanna en rétt er samkvæmt 73., 75. og 77. gr. laga nr. 27/1951.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Valur Samúelsson, sæti fangelsi 18 mánuði. Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónassonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. febrúar 1954.

Ár 1954, mánudaginn 22. febrúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 350/1954: Ákæruvaldið gegn Jóni Val Samúelssyni, sem dómtekið var 6. febrúar s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 12. janúar s.l., gegn Jóni Val Samúelssyni verkamanni, Langholtsvegi 15, hér í bæ, fyrir að hafa um kl. 02.00 aðfaranótt sunnudagsins 11. október s.l. ekið bifreiðinni R 2517 með áhrifum áfengis, of hratt og ógætilega frá Þjóðleikhúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík austur þá götu að Lindargötu 60, ekið bifreið þessari utan í pall vörubifreiðarinnar X 527, sem stóð á móts við Hverfisgötu 54, með þeim afleiðingum, að tveir farþegar í aftursæti bifreiðarinnar R 2517, piltur og stúlka, Birgir Eyþórsson, Kambsvegi 31, og Hellen heitin Helgadóttir, Hringbraut 71, bæði í Reykjavík, slösuðust mikið, stúlkan svo mjög, að hún andaðist litlu síðar, svo og fyrir að aka nefndri bifreið, R 2517, í umrætt skipti ógætilega fram úr öðrum bifreiðum og tvívegis upp á gangbrautir við Hverfisgötu, bæði hægra megin og vinstra megin götunnar, þar sem ákærði ók utan í grindverk, svo og loks fyrir að hafa í framangreint skipti ekið bifreiðinni með óvirkum handhemli.

Teljast brot þessi varða við 215. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33/1935, 2. mgr. 5. gr. sbr. 18. gr., 1. mgr., 23. gr., 24. gr., 1., 2., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 3. tl. 2. gr. sbr. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 72/1937 um gerð og notkun bifreiða, 2. gr., 2. mgr., 3. gr., 2. og 3. mgr. 4. gr. og 6. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941, svo og við 1. mgr. 28. gr., 30. gr., 1. mgr. 31. gr. og 46. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 21. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 21. ágúst 1933 í Reykjavík og hefur sætt þessum kærum og refsingum, svo að kunnugt sé:

1946 Uppvís að hlutdeild í innbroti og þjófnaði á sprengiefni.

1947 Kærður fyrir rúðubrot og uppvís að hlutdeild í stórfelldum spellvirkjum í mannlausu húsi.

1948 Kærður fyrir strákapör.

1949 30/12 Uppvís að þjófnaði. Málið sent barnaverndarnefnd Reykjavíkur 10/1 1950.

1950 3/1 Rvík. Uppvís að innbroti. Sams konar afgreiðsla.

1950 31/5 Rvík. Uppvís að þjófnaði á brennivíni. Sams konar afgreiðsla.

1951 10/1 Rvík. Sátt. 250 kr. sekt fyrir brot á reglug. nr. 105/1936, sbr. lög nr. 29/1936.
1951 3/7 Rvík. Sátt. 30 kr. sekt fyrir brot á 15. sbr. 28. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1951 13/7 Rvík. Áminning fyrir brot á 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga.
1951 5/10 Rvík. Sátt. 75 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
1951 29/3 Rvík. Dómur. 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
1951 6/6 Rvík. Sátt. 100 kr. sekt fyrir brot á umferðarlögum, bifreiðalögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
1951 29/10 Rvík. Sátt. 200 kr. sekt, 859 kr. skaðabætur, fyrir ölvun, óspektir og spellvirki.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 11. október 1953, kl. 02.06, var lögreglunni tilkynnt, að bifreið, er hefði lent í umferðarslysi, væri við húsið nr. 60 við Lindargötu, hér í bæ. Er lögreglumenn komu á staðinn, reyndist vera um fólksbifreiðina R 2517 að ræða. Lá stúlka, er verið hafði farþegi í bifreiðinni, í götunni við hlið hennar, og slasaður maður sat í aftursæti bifreiðarinnar. Það blæddi úr höfði stúlkunnar, og blóð var hjá henni í götunni. Sjúkrabifreið kom á staðinn, og var framangreint fólk flutt í henni á Landspítalann, þar sem stúlkan, Hellen Helgadóttir, 16 ára að aldri, til heimilis að Hringbraut 71, hér í bæ, andaðist kl. 03.15. Maður sá, er slasazt hafði í bifreiðinni, var Birgir Eyþórsson, til heimilis að Kambsvegi 31, hér í bæ. Var gert að meiðslum hans. Í nánd við bifreiðina var ákærði í máli þessu, Jón Valur Samúelsson, til heimilis að Langholtsvegi 15, talsvert mikið ölvaður. Kvaðst hann hafa ekið bifreiðinni. Ekki virtist hann meiddur, og var hann færður á lögreglustöðina. Við nánari athugun lögreglunnar kom í ljós, að bifreiðin hafði verið á leið inn Hverfisgötu, er slysið varð. Á móts við húsið nr. 58 við nefnda götu, hafði henni fyrst verið ekið aftan á pall vörubifreiðarinnar X 527, sem stóð hægra megin götunnar, og kastað henni áfram 60—70 sm. Þessu næst hafði bifreiðinni verið ekið áfram, sveigt yfir á hægri helming götunnar, ekið þar upp á gangstétt og á grindverk, er brotnaði. Áfram var bifreiðinni ekið inn Hverfisgötu eftir það. Er hún nálgaðist veginn, sem liggur niður Vitatorg, var henni ekið aftan á bifreiðina R 5403. Þessu næst var henni sveigt niður Vitatorg. Er að Lindargötu kom, var bifreiðinni beygt inn í hana til vesturs, og staðnæmdist hún loks við húsið nr. 60. Er bifreiðin R 2517 rakst á bifreiðina X 527, hafði mikill hluti af hægri hlið R 2517 farið af, og lá brak úr bifreiðinni hér og hvar á götunni. Er slysið varð, var dimmt af nóttu, en raflýsing slæm á Hverfisgötu. Þurrviðri var og færi þurrt. Yfirborð vegarins, þar sem slysið varð, er malbikað. Bifreiðin R 2517 er af Plymouth gerð, smíðuð árið 1938 með vökva-

þrýstihemlum og vinstri hliðar stýri. Bifreiðin var ekki gangfær, en við reynslu í akstri, er hún var dregin af annarri bifreið, kom í ljós, að stýrisútbúnaður og fóthemlar voru í lagi, en handhemill var óvirkur. Bifreiðin hafði verið skoðuð 24/7 1953 og var þá í lagi. Samkvæmt framburði ákærða og vitna voru tildrög slyssins þessi:

Um kl. 21.00 að kvöldi þess 10. október 1953 ók ákærði bifreiðinni R 2517, sem var eign móður hans, heiman að frá sér niður í bæ. Með honum í bifreiðinni voru framangreindur Birgir og Ástþór Guðmundsson, Efstasundi 16. Ekki er komið neitt fram um, að ákærði og menn þeir, er með honum voru, hafi verið farnir að neyta áfengis. Þeir höfðu meðferðis í bifreiðinni eina flösku af ákavíti, sem ákærði og Birgir höfðu keypt í Áfengisverzlun ríkisins fyrr um daginn. Ákærði ók bifreiðinni fyrst nokkuð um bæinn, en staðnæmdist að lokum við „Gosabar" við Skólavörðustíg um kl. 22.00. Fóru þeir þar inn og keyptu gosdrykki. Er út í bifreiðina kom, settist ákærði í aftursætið hjá Birgi Eyþórssyni og bað Ástþór að taka við stjórn bifreiðarinnar. Ástþór ók þeim síðan um bæinn, en ákærði og Birgir tóku að neyta af áfengisflöskunni. Nokkru síðar, eða um kl. 23.00, hittu þeir fyrst Ingólf Magnússon og síðan Baldur Baldursson, Austurgötu 17 í Keflavík, í Austurstræti. Var Baldur nokkuð með áhrifum áfengis og hafði meðferðis fulla flösku af „gini". Stigu báðir þessir menn upp í bifreiðina, en Ingólfur hafði þar skamma viðdvöl og fór úr bifreiðinni skömmu síðar. Nokkru fyrir kl. 23.30 ók Ástþór bifreiðinni inn að Mjólkurstöð. Var ætlunin að reyna að fá aðgöngumiða þar á dansleik, en er til kom, fengust þeir ekki. Fyrir utan Mjólkurstöðina var Hellen heitin Helgadóttir í fylgd með tveimur stúlkum. Bauð Birgir henni upp í bifreiðina, og þekktist hún boðið. Settist hún í aftursæti bifreiðarinnar við hlið Birgis hægra megin, en til vinstri við Birgi sat ákærði. Baldur sat hins vegar í framsæti bifreiðarinnar við hlið Ástþórs, er ók. Ákærði hefur sagt með nokkuð öðru móti frá þessu. Kveður hann Baldur hafa farið á brott úr bifreiðinni við Mjólkurstöðina, en hann hafi sjálfur sezt í framsætið við hlið Ástþórs. Ákærði kveður þá Birgi hafa lokið að mestu við að drekka úr flöskunni inni við Mjólkurstöð, og drakk hann sjálfur meginið af innihaldi hennar. Þá drukku þeir og áfengi, er Baldur hafði meðferðis. Kveðst ákærði hafa orðið ofurölvi af drykkjunni við Mjólkurstöðina og síðast muna eftir sér, er Ástþór ók þeim á brott þaðan. Einhvern tíma á tímanum milli kl. 01.00 og 02.00 um nóttina fór Baldur á brott úr bifreiðinni við Lækjartorg. Voru þá ákærði og Birgir talsvert ölvaðir, en hins vegar munu hvorki Hellen heitin né heldur Ástþór hafa neytt áfengis. Við aksturinn um nóttina hafði ákærði verið að stríða Ástþóri, og virðist hafa verið eitthvert ósamkomulag milli þeirra. Er Ástþór var að aka bifreiðinni inn Hverfisgötu, nokkru eftir að Baldur fór brott, og var staddur á móts við Þjóðleikhúsið, kveður Birgir ákærða hafa klipið Ástþór. Leiddi þetta til þess, að Ástþór nam staðar og fór á brott

úr bifreiðinni. Ekki bað ákærði hann um að aka meira, og vissi Birgir svo ekki meira, hvað af honum varð. Ástþór kveðst hins vegar ekki hafa farið úr bifreiðinni af missætti við ákærða heldur af því, að hann hafi ætlað að hitta kvenmann, er verið hafði á dansleik í Iðnó. Vildi hann ekki láta ákærða vita um það. Ákærði mun hafa sezt í framsætið við hlið Ástþórs, er Baldur fór á brott, en um það hefur Baldur ekkert viljað fullyrða. Ástþór segir ákærða hafa setið í framsæti, er hann fór á brott, en í aftursæti hafi þau Hellen heitin og Birgir setið. Sat Birgir vinstra megin, en Hellen heitin hægra megin. Skömmu eftir að Ástþór fór á brott, eða um 5 mínútum síðar, kveður Birgir ákærða hafa setzt undir stýri og ekið inn Hverfisgötu. Það er ætlun Birgis, að hann hafi ekið með venjulegum innanbæjarhraða, að minnsta kosti ók hann ekki hratt. Er ákærði hafði ekið nokkurn spöl inn Hverfisgötu, heyrði Birgir skyndilega skell, og brotnuðu rúður í bifreiðinni. Fékk hann högg og missti hálfgert meðvitund. Bifreiðinni var ekið áfram, og fékk þá Birgir annað högg og missti meðvitund. Man Birgir ekki eftir sér, fyrr en einhver var að tala við hann að slysinu afstöðnu. Ákærði kveðst, eins og áður er frá skýrt, ekkert muna eftir sér, fyrr en slysið var orðið. Hann mótmælti ekki að hafa ekið bifreiðinni, er slysið varð. Kvaðst ekkert um það vita, en taldi það líklegt. Tveir bifreiðarstjórar, er urðu sjónarvottar að slysinu, segja það hafa orðið með þeim hætti, að er aka átti bifreiðinni R 2517 fram úr annarri bifreið, lenti hún hægra megin að framan á vinstra afturhorni vörupalls bifreiðarinnar X 527, er stóð kyrr. Fékk bifreiðin þungt högg og laskaðist stórlega. Kom hár hvellur af þessu, og köstuðust glerbrot og annað brak úr bifreiðinni út í loftið. Var bifreiðinni síðan sveigt til vinstri á götunni og ekið upp á gangstétt og þar á grindverk, er brotnaði. Að því búnu var henni ekið áfram inn Hverfisgötu, og skrölti mikið í henni. Er bifreiðin átti skammt ófarið að veginum, sem liggur niður Vitatorg, var henni ekið aftan á bifreiðina R 5403 með talsverðum þunga. Að því búnu var henni beygt niður Vitatorg og sveigt inn í Lindargötu. Nam hún staðar þar sunnan megin götunnar, er hún hafði skammt farið inn í götuna. Er að var komið, hékk Hellen heitin út um afturdyr bifreiðarinnar hægra megin. Nam höfuð hennar við götuna, en fætur hennar voru fastir inni í bifreiðinni. Var hún með meðvitund, en mikið slösuð og föl yfirlitum. Í aftursætinu sat Birgir Eyþórsson og hrópaði hástöfum á hjálp. Kvaðst hann vera stórslasaður. Svo virðist sem ákærði hafi hlaupið upp Vitatorg, er bifreiðin hafði numið staðar. Kom hann þó von bráðar aftur og gaf sig fram. Sagði hann í vitna viðurvist oftar en einu sinni, að hann hefði ekið bifreiðinni. Að sögn vitnanna í máli þessu var ákærði talsvert með áhrifum áfengis og æstur í skapi. Vildi hann ekki, að aðrir hefðu afskipti af þessu. Urðu lögreglumenn, er á vettvang komu, að setja hann í handjárn. Var hann að því búnu færður í fangageymslu lögreglunnar.

Prófessor Niels Dungal, er framkvæmdi skoðun og krufningu á líki Hellenar Helgadóttur 12. október 1953, kveður mjög mikla skemmd hafa fundizt í lifrinni, þannig að hún hafi að miklu leyti verið tætt í sundur og mikil blæðing frá henni verið út í kviðarholið. Þá fundust einnig mörg rif brotin hægra megin og margir áverkar á höfði, einkum á andliti. Hin mikla skemmd í lifrinni hafi skjótlega leitt til bana.

Samkvæmt vottorði Ófeigs J. Ófeigssonar læknis, dagsettu 24. október 1953, hlaut Birgir Eyþórsson þessi meiðsli:

„Birgir Eyþórsson, Kambsv. 31, kom til mín þ. 13. þ. m. vegna meiðsla, sem hann varð fyrir þann 10. þ. m. Hægri hendi, h. úlfliður og h. framhandleggur framanverður var mikið bólgið og aumt, sérstaklega virtist hægri öln fremst og úlfliðsbein vera aum viðkomu, þó var ekki hægt að greina brot á Röntgenmyndum. 1.5 cm langur samansaumaður skurður var þvert yfir h. handarbak. Naglrót á h. löngutöng var rifin frá naglbeðnum og nokkurt blóð undir nöglinni.

Birgir hefur ennþá bólgu og eymsli á áðurnefndum stöðum og ég tel ekki útilokað, að um beinbrot geti verið að ræða, þó ekki sjáist á Röntgenmyndum".

Í blóðsýnishorni úr ákærða fundust „reducerandi" efni, er samsvara 1.47‰ af alkóhóli.

Dr. Helgi Tómasson yfirlæknir, er rannsakaði geðheilbrigði ákærða, komst að þeirri niðurstöðu, að hann væri sakhæfur. Taldi hann ákærða ekki hafa verið það útúr-drukkinn, er hann ók inn Hverfisgötu, að það eitt skýri óminni hans, heldur hafi hann haft nokkra vitund, er hann ók inn Hverfisgötu, beygði niður Vitatorg og inn í Lindargötu, þar sem hann nam staðar. En sjáandi hvernig komið var, hafi geðshræringin valdið óminni um tímann frá því, að stúlkan kom inn í bifreiðina.

Það er nægilega sannað með framburði vitnisins Birgis Eyþórssonar svo og öðru, sem fram er komið í máli þessu, enda ekki mótmælt af ákærða, að hann hafi ekið bifreiðinni R 2517 inn Hverfisgötu og niður á Lindargötu í umrætt skipti, en hann var að eigin sögn mikið með áhrifum áfengis og vitni hafa einnig borið það. Samkvæmt framburðum vitna og öðrum gögnum málsins þykir og sannað, að ákærði ók of hratt og ógætilega í umrætt sinn með þeim afleiðingum, að hann ók aftan á pall vörubifreiðarinnar X 527, er hann ætlaði fram úr bifreið, ók síðan upp á gangstétt og á grindverk, er brotnaði, og síðan áfram og aftan á bifreiðina R 5403, en Hellen Helgadóttir hlaut það alvarleg meiðsli í þessu umferðarslysi, að hún beið skömmu síðar bana, og Birgir Eyþórsson slasaðist allverulega. Telst ákærði með þessu gáleysi hafa orðið valdur að dauða Hellenar og meiðslum Birgis. Þá er loks sannað með skoðunarvottorði, að ákærði ók bifreiðinni með óvirkum handhemli.

Með framangreindu atferli sínu þykir ákærði hafa gerzt brot-

legur gegn 215. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33/1935, 2. mgr. 5. gr. sbr. 18. gr., 1. mgr., 23. gr., 24. gr., 1., 2., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr., 2. mgr., 3. gr., 2. og 3. mgr. 4. gr. og 6. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga, 3. tl. 2. gr. sbr. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 72/1937 og 1. mgr. 28. gr., 30. gr., 1. mgr. 31. gr. og 46. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði, en þó þykir rétt, að þeir 70 dagar, sem ákærði sat í gæzluvarðhaldi, komi til frádráttar refsingunni.

Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga þykir rétt að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrl., kr. 800.00.

Skaðabótakröfur hafa ekki verið hafðar uppi gegn ákærða í máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Valur Samúelsson, sæti fangelsi í 15 mánuði, en þeir 70 dagar, sem ákærði sat í gæzluvarðhaldi, skulu koma til frádráttar refsingunni.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrl., kr. 800.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. júní 1955.

Nr. 193/1954. **Einar Eiríksson** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Sigurði Jónssyni f. h. Inger Laxdals
(Gunnar Þorsteinsson)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Lárusson prófessor.

Um leigurétt að húsnæði. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. desember 1954 og gert þessar dómkröfur:

Að ógild verði metin uppsögn gagnáfrýjanda á leigumála aðilja frá 19. nóvember 1937 á húsnæði í húseigninni nr. 15 við Hafnarstræti,

að kveðið verði svo á, að aðaláfrýjandi eigi eftir 14. maí 1954 framhaldandi leigurétt til nefnds húsnæðis, og

að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. desember 1954. Krefst hann sýknu og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hinn 19. nóvember 1937 gerðu aðiljar með sér leigumála, þar sem gagnáfrýjandi leigði aðaláfrýjanda húsrými á 1. hæð og í kjallara hússins nr. 15 við Hafnarstræti í Reykjavík, en þar rak aðaláfrýjandi veitingastarfsemi. Samkvæmt 2. gr. samningsins skyldi leigutíminn vera 6 ár frá 1. nóvember 1937 að telja. Að loknum leigutímanum skyldi aðaláfrýjandi samkvæmt 6. gr. leigumálans hafa forleigurétt til hins leigða húsnæðis fyrir það verð, sem aðrir sannanlega bjóða, en segja skyldi hann til þremur mánuðum fyrir lok leigutímans, hvort hann óskaði að nota sér rétt þenna. Þá áskildi aðaláfrýjandi sér í 7. gr. leigumálans forleigurétt til hús-

næðis, sem nafngreint firma hefur í sama húsi, ef það firma skyldi hætta starfsemi sinni þar. Loks er ákvæði í 8. gr. leigumálans, sem veitir aðaláfrýjanda rétt til leigu á nýju húsnæði á sama hússtæði, ef hið leigða húsnæði eyðileggst í eldi.

Athugaefni í máli þessu er, hversu skilja skuli ákvæði leigumálans um forleigurétt aðaláfrýjanda til húsnæðis þess, sem leigumálinn tekur yfir, að liðnum hinum fastákveðna leigutíma. Ákvæði 2. gr., 6. gr., 7. gr. og 8. gr. leigumálans, þau sem rakin voru, sýna ljóslega, að tilætlun aðilja var að tryggja aðaláfrýjanda viðtækan leigurétt til atvinnuhúsnæðis, en ákvæði 6. gr. um, að aðaláfrýjandi greiði, að loknum sex ára leigutíma, þá leigu, er aðrir sannanlega bjóða, er sett til tryggingar hagsmunum gagnáfrýjanda. Það er andstætt orðalagi og markmiði leigumálans að skýra ákvæði hans um forleigurétt svo þröngt, að þau taki einungis yfir leigu, sem segja megi upp með venjulegum uppsagnarfresti. Hitt samrýmist miklu betur aðdraganda leigumálans, orðum hans og forsendum, að aðaláfrýjanda sé rétt að framlengja leigutímann um sex ár hverju sinni eftir þeim reglum, sem í 6. gr. hans getur. Þessum rétti hefur aðaláfrýjandi eigi, svo að séð verði, svipt sig með samningum eða glatað á annan hátt, og er því uppsögn gagnáfrýjanda á leigumála aðilja um ofannefnt húsnæði ógild, og á aðaláfrýjandi eftir 14. maí 1954 framhaldandi leigurétt til húsnæðis þessa.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Ógild er uppsögn gagnáfrýjanda, Sigurðar Jónssonar f. h. Inger Laxdals, á leigumála sínum við aðaláfrýjanda, Einar Eiríksson, frá 19. nóvember 1937 um ofangreint húsnæði í húseigninni nr. 15 við Hafnarstræti í Reykjavík, og á aðaláfrýjandi framhaldandi leigurétt til nefnds húsnæðis.

Hvor aðilja ber sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Jóns Ásbjörnssonar og Þórðar Eyjólfssonar.

Með 6. gr. leigusamnings aðilja frá 19. nóvember 1937 var leigutaka, aðaláfrýjanda máls þessa, áskilinn forleiguréttur, að 6 ára leigutíma loknum, á húsnæði því, sem hann hafði á leigu í húsi gagnáfrýjanda í Hafnarstræti 15. Telur aðaláfrýjandi, að hann hafi með forleiguákvæði þessu öðlazt rétt til að hafa húsnæði þetta á leigu til æviloka, ef hann æskir þess, fyrir sömu leigu og aðrir kunna að bjóða. Gagnáfrýjandi lítur hins vegar svo á, að forleiguákvæðið hafi einungis veitt aðaláfrýjanda leigurétt, sem sagt verði upp með venjulegum hætti.

Samkvæmt almennum reglum veitir loforð um ótímabundna leigu húsnæðis aðeins leigurétt um venjuleg leigutímabil, og er sá réttur háður uppsögn aðilja. Ekki verður séð, að annað eigi að gilda um ótímabundið loforð um forleigurétt, að tilteknum leigutíma liðnum, eins og hér var um að ræða. Væri það og mjög óeðlilegt, ef annar aðilja, í þessu sambandi leigutaki, gæti slitið leigumála, hvenær sem honum sýndist miðað við venjulega flutningsdaga, en hinn aðilinn, hér leigusali, væri bundinn við leigumálann svo lengi, sem leigutaki telur sér henta. Þykir ekki rétt að skýra leigusamninga á þá leið, nema lög mæli svo fyrir eða slíkt sé beint tekið fram í samningnum, en því er eigi til að dreifa um samning aðilja.

Í leigusamningnum frá 19. nóvember 1937 eru auk framangreinds forleiguákvæðis önnur óvenjuleg ákvæði í hag leigutaka, en ekki ber af þeim sökum að túlka forleiguákvæðið rýmra í vil leigutaka en leiðir af almennum reglum, enda eru hin óvenjulegu ákvæði fullkomlega samrýmanleg þeim skilningi á forleiguákvæðinu, sem að framan getur.

Samkvæmt framansögðu ber að skýra leigusamning aðilja svo, að hann hafi, að 6 ára leigutímanum loknum, breytzt úr tímabundnum leigusamningi í venjulegan ótímabundinn leigusamning, er háður sé uppsögn eftir almennum reglum, þannig að báðir aðiljar hafi jafnan rétt til uppsagnar. Hér fyrir dómi hefur því verið lýst af hálfu aðaláfrýjanda, að hann falli frá mótmælum þeim, sem hann hafði uppi í héraði um of skamm-

an uppsagnarfrest. Ber því samkvæmt framansögðu að staðfesta sýknuákvæði héraðsdóms.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kl. 4000.00.

Dómsorð okkar verður þannig:

Gagnáfrýjandi, Sigurður Jónsson f. h. Inger Laxdals, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Einars Eiríkssonar í máli þessu.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. nóvember 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 2. þ. m., hefur Einar Eiríksson veitingamaður, Marargötu 2, hér í bænum, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 10. maí s.l., gegn Sigurði Jónssyni, löggiltum endurskoðanda, Suðurgötu 22, hér í bænum, f. h. frú Inger Laxdal í Kaupmannahöfn.

Málavextir eru þessir:

Á árinu 1928 tók stefnandi ásamt Helga Eiríkssyni bakarameistara á leigu húsnæði í húsi stefndu, Inger Laxdal, nr. 15 við Hafnarstræti hér í bænum. Ráku þeir félagar saman veitingastarfsemi í húsnæðinu, unz Helgi andaðist, en eftir það hélt stefnandi starfseminni áfram einn fyrst um sinn. Hinn 19. nóvember 1937 undirrituðu stefnandi og stjúpdóttir stefndu, Guðrún Laxdal, fyrir hennar hönd leigusamning um húsnæðið.

Í 1. gr. samningsins segir meðal annars svo: „Leigusali selur hér með leigutaka á leigu húsnæði það, sem hann hefur haft í húseigninni Hafnarstræti 15 og rekið í „Reykjavíkurbar", sem er pláss á fyrstu hæð hússins og í kjallara þess til verzlunar- og veitingastarfsemi".

2. gr. samningsins hljóðar svo: „Leigutíminn er 6 ár frá 1. nóvember 1937 að telja".

Samkvæmt 3. gr. samningsins skyldi leigan fyrir hið leigða húsnæði vera 350 kr. á mánuði til 14. maí 1938, en upp þaðan og til loka samningstímans kr. 300.00 á mánuði. Skyldi leigan greiðast fyrirfram í byrjun hvers mánaðar fyrir einn mánuð í senn.

Í 4. gr. eru ýmis ákvæði um innanstokksmuni í húsnæðinu og viðhald á því. Skyldi útbúnaður innanhúss (innréttingar) vera eign leigutaka. Leigusali skyldi kosta málningu húsnæðisins í fyrsta skipti, en leigutaki síðan halda henni við. Þá skyldi leigusali sjá um

standsetningu og viðhald gólfdúka, svo og, að húsið væri í leigufæru standi að öðru leyti en því, sem að framan er sagt.

6. gr. samningsins er svolátandi: „Að loknum leigutímanum á leigutaki forleigurétt á hinu leigða húsnæði fyrir það verð, sem aðrir sannanlega bjóða, en segja skal hann til þrem mánuðum fyrir lok leigutímans, hvort hann óskar að nota sér rétt þenna."

Enn segir svo í 8. gr. samningsins: „Ef hið leigða hús skyldi brenna og leigusali byggir hús upp á grunni þess, áskilur leigutaki sér rétt til að leigja í hinu nýja húsi fyrir sanngjarna leigu pláss, sem svarar til hins leigða húsnæðis."

Nokkru fyrir upphaf síðustu heimsstyrjaldar tók stefndi Sigurður að sér umsjón hússins Hafnarstrætis 15 fyrir eigandann, stefndu Inger, og jafnframt umsjón með öllum fjármálum hennar hér á landi.

Samkvæmt ákvæðum 2. gr. samningsins stóð hann óbreyttur til 1. nóvember 1943. Heldur stefnandi því fram, að samkomulag hafi orðið um það með aðiljum, að samningurinn skyldi halda áfram að gilda óbreyttur eftir þann tíma, að öðru en því, að leigan hafi þá hækkað og síðan hvað eftir annað og mánaðarleigan hafi numið 2000 krónum, er mál þetta var höfðað.

Fyrir miðjan febrúar s.l. sagði stefndi, Sigurður, stefnanda upp umræddu húsnæði frá og með 14. maí s.l. til afnota fyrir áðurnefnda stjúpdóttur stefndu, Inger, en henni hafði þá verið sagt upp húsnæði, er hún rak verzlun í. Stefnandi tók ekki þegar afstöðu til uppsagnar þessarar, og viðræður áttu sér stað um nokkurt skeið milli hans og Guðrúnar Laxdal í þá átt, að þau skiptu húsnæðinu milli sín. Upp úr viðræðum þessum slitnaði, án þess að samkomulag tækist um skiptingu húsnæðisins, og tjáði stefnandi þá stefnda, að hann myndi ekki rýma húsnæðið. Höfðaði stefnandi síðan mál þetta, svo sem að framan segir, og hefur gert þær kröfur, „að því verði slegið föstu með dómi, að hann hafi eftir 14. maí 1954 sem til þess tíma leigurétt á hinu leigða húsnæði, enda sé ógild framangreind uppsögn umboðsmanns leigusalans á leigumálanum". Þá krefst stefnandi og þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum að skaðlausu kostnað sakarinnar.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómarans.

Stefnandi reisir dómkröfur sínar í fyrsta lagi á því, að samningurinn frá 19. nóvember 1937 hafi, svo sem áður er drepið á, verið framlengdur óbreyttur frá lokum samningstímans að öðru en leiguhæð. Hafi hann því stöðugt átt og eigi enn forleigurétt að húsnæðinu áfram „fyrir það verð, er aðrir sannanlega bjóða". Þenna rétt vill hann nota sér, og það hafi hann tjáð umboðsmanni leigusala hvað eftir annað.

Þá telur stefnandi fyrrgreinda uppsögn ólögmæta og beri tvennt til. Annað það, að samningnum verði ekki slitið á öðrum tíma árs

en 1. nóvember, og hitt, að slíkum samningum sem þessum verði að segja upp með minnst 6 mánaða fyrirvara. Hvorugs þessa hafi verið gætt.

Stefndi hefur í fyrsta lagi reist sýknukröfuna á því, að samningnum frá 19. nóvember 1937 hafi verið lokið 1. nóvember 1943, og mótmælir því, að hann hafi verið framlengdur. Heldur hann því fram, að nýr munnlegur samningur hafi komizt á milli hans og stefnanda um umrætt húsnæði. Skýrir stefndi svo frá, að sumarið eða haustið 1943 hafi stefnandi komið að máli við sig og haft orð á því, að húsaleigusamningur hans væri að renna út, og þyrftu þeir því að gera nýjan samning. Kveðst stefndi hafa svarað því til, að hann sæi að svo stöddu ekki ástæðu til að gera nýjan skriflegan samning, en stungið upp á, að stefnandi hefði húsnæðið áfram fyrir leigu, er þeir kæmu sér saman um, og stefnandi annaðist allar viðgerðir innanhúss, svo sem málningu og dúklagningu, húsinu að kostnaðarlausu. Á þetta hafi stefnandi fallizt, og hafi þannig komizt á nýr samningur milli þeirra um húsnæðið. Um efni samningsins frá 19. nóvember 1937 kveður stefndi, að sér hafi verið alls ókunnugt á þessum tíma, og stefnandi hafi ekki minnzt á nein áframhaldandi réttindi samkvæmt honum. Efni samningsins hafi honum fyrst orðið kunnugt á síðastliðnum vetri, eftir að hann fór að tala við stefnanda um að segja honum upp húsnæðinu, og síðar á vetrinum hafi stefnandi látið honum í té endurrit af samningnum.

Þá hefur stefndi mótmælt þeim staðhæfingum stefnanda, að þurft hefði að segja húsnæðinu upp með 6 mánaða fyrirvara og miða uppsögnina við 1. nóvember til þess að hún yrði lögmæt.

Svo sem áður segir, tók samningurinn frá 19. nóvember 1937 til leigu á húsnæðinu um ákveðið tímabil, eða frá 1. nóvember 1938 til 1. nóvember 1943. Á stefnanda hvílir því sönnunarbyrðin um það, að samkomulag hafi komizt á milli hans og stefnanda um að framlengja samninginn aðeins breyttan að því leyti, sem stefnandi heldur fram, en gegn mótmælum stefnda hefur stefnandi ekki sannað þessa staðhæfingu sína. Verður því að telja, að forleiguréttur stefnanda til umræddS húsnæðis hafi fallið niður við lok samningstímans 1. nóvember 1943.

Hér í Reykjavík eru venjubundnir flutningsdagar 14. maí og 1. október ár hvert. Stefnda var því rétt að miða uppsögn húsnæðisins við 14. maí s.l., og telja verður þrjá mánuði nægilega langan uppsagnarfrest.

Samkvæmt framansögðu hafa því dómkröfur stefnanda ekki við rök að styðjast, og ber því að taka sýknukröfu stefnda til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ísleifur Árnason setuborgardómari kvað upp dóm þenna.

Vegna mikilla anna setudómarans sem fulltrúa við borgardómaraembættið í Reykjavík hefur dómur eigi orðið kveðinn upp fyrr.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurður Jónsson f. h. Inger Laxdal, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Einars Eiríkssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 10. júní 1955.

Nr. 155/1954. **Ákæruvaldið** (Hermann Jónsson)

gegn

Jóhanni Símonarsyni

og

Sigurgeiri Jóhannssyni (Hermann Jónasson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Lárusson prófessor.

Ákæra um brot á laxveiðilögum. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Með ákæruskjali, útgefnu í Dómsmálaráðuneytinu 19. febrúar 1954, var mál þetta höfðað á hendur hinum ákærðu Jóhanni Símonarsyni, bónda að Litlu-Fellsöxl, og Sigurgeiri Jóhannssyni, s. st., „fyrir að hafa s.l. sumar“ (þ. e. 1953) „og allt frá því á árinu 1942 stundað laxveiði í ós við Urriðaá í Skilmannahreppi fyrir landi Litlu-Fellsaxlar og Fellsaxlarkots með ólöglegum veiðitækjum, þannig að op í veiðikrær vissu á móti straumi og leiðarar frá girðingum veiðitækja lágu upp á móti straumi, svo að í veiðitækin veiddist fiskur, sem leitaði út úr ánni og árósunum. Teljast brot þessi varða við 4. tl. 30. gr. sbr. b-lið 89. gr. laga nr. 112/1941 um lax- og silungsveiði. Þess er krafizt, að báðir hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess og krafizt, að hin ólöglegu veiðitæki verði gerð upptæk samkvæmt 93. gr. nefndra laga.“

Eins og sjá má af ákæruskjali þessu, sem skylt var að greina í héraðsdómi, en er þar aðeins að litlu leyti getið, eru hinir ákærðu saksóttir fyrir ólöglega veiði með fleiri en einu veiðitæki á árunum 1942—1953. Af prófum málsins má sjá, að átt muni vera við tvær laxveiðigirðingar, aðra fyrir landi Litlu-Fellsaxlar og hina fyrir landi Fellsaxlarkots.

Gerð veiðigirðingarinnar fyrir landi Litlu-Fellsaxlar hefur verið lýst í prófum málsins, en ekki hefur hún verið teiknuð inn á uppdrátt af veiðisvæðinu, er sýni legu hennar og afstöðu til Urriðaár, sbr. ákæruskjalið. Eins og atvikum málsins er háttað, hefði og átt að leita álits veiðimálastjóra og Veiðimálanefndar um veiðigirðinguna og lögmæti hennar og kveðja sérfróða menn til að dæma málið ásamt héraðsdómara.

Að því er tekur til veiðigirðingarinnar fyrir landi Fellsaxlarkots, þá hefur ákærði Jóhann getið þess í þinghaldi 30. ágúst 1953, að veiðitæki þetta sé til. Einnig hefur verið lögð fram ein ljósmynd af veiðigirðingu þessari, sem tekin var sama dag, 30. ágúst 1953, og lýsir veiðimálastjóri myndinni í bréfi til Dómsmálaráðuneytisins, dags. 28. janúar 1954. Að öðru leyti hefur ekki verið aflað neinnar fræðslu um veiðitæki þetta í prófum málsins og hinir ákærðu ekkert verið um það spurðir. Í héraðsdómi er veiðitækið dæmt ólöglegt, en því ekki að neinu leyti lýst, í hverju ólögmæti þess sé fólgið.

Þar sem prófum málsins og dómi er svo áfátt, sem að framan getur, verður að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærðu í héraði, kr. 800.00, og laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun

skipaðs verjanda ákærðu í héraði, Jóhannesar Elíassonar héraðsdómslögmanns, kr. 800.00, og laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónssonar og Hermanns Jónassonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 18. maí 1954.

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Jóhanni Símonarsyni, bónda á Litlu-Fellsöxl, og Sigurgeiri Jóhannssyni, sama staðar, með ákæruskjali, útgefnu 19. febrúar 1954, fyrir brot gegn 4. tölulið 30. gr., sbr. b-lið 89. gr., laga nr. 112 frá 1941 um lax og silungsveiði.

Ákærði Jóhann Símonarson er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Bakkakoti í Skorradal 15. júlí 1881, og hefur hann sætt eftirtöldum ákærum og refsingum:

1935 10/7 Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Sátt. 100 kr. sekt fyrir brot á laxveiðilöggjöfinni.

Ákærði Sigurgeir Jóhannsson er einnig kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 18. júní 1919, og hefur hann eigi áður sætt ákæru eða refsingu.

Hinn 20. júní 1953 kærði veiðieftirlitsmaður Gestur Kristjánsson í Borgarnesi yfir því, að ákærði Jóhann Símonarson hefði sett upp laxveiðivél fyrir landi jarðar sinnar, Litlu-Fellsaxlar, og snúið inngangi hennar móti straumi, enda þótt eftirlitsmaðurinn hefði bent honum á, að það væri ólöglegt.

Fyrir sakadómi viðurkenndi ákærði Jóhann Símonarson, að hann hefði allt frá árinu 1917, er hann flutti að Litlu-Fellsöxl, stundað lax- og silungsveiði fyrir landi jarðarinnar. Kveðst hann fyrst framan af eingöngu hafa veitt í netjalagnir, en eftir 1942 hafi hann notað til veiðanna girðingar með veiðikróm. Sumarið 1953 kveðst hann hafa haft girðingu með veiðikró fyrir landi Litlu-Fellsaxlar og aðra fyrir landi Fellsaxlarkots. Þá segir hann, að sonur sinn Sigurgeir hafi aðallega stundað veiðarnar fyrir sig. Loks segir hann, að gerð veiðigildra þeirra, er hann hafi starfrækt, hafi verið með þeim hætti, að hann hafi lagt girðingu frá landi, og ofanvert við enda hennar hafi verið veiðikró, og hafi op hennar snúið að landi.

Ákærði Sigurgeir Jóhannsson hefur fyrir sakadómi viðurkennt, að hann hafi starfrækt laxveiði fyrir föður sinn í laxveiðigildrur þær, er hann hafi haft fyrir löndum jarðanna Litlu-Fellsaxlar og Fellsaxlarkots. Neitar hann því, að op veiðikrónna hafi snúið móti straumlínu Urriðaár, því að þau hafi snúið upp að landi. Hins vegar segir hann, að opin séu fyrir ofan girðingarnar, og viðurkennir, að lax sá, er veiðist í gildrurnar, sé að ganga með landinu, eftir að hafa farið inn fyrir girðingarnar.

Verjandi ákærðu krefst þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum ákæruvaldsins, en til vara, að refsing þeirra verði látin niður falla samkvæmt 3. tölul. 74. gr. laga nr. 19 frá 1940.

Kröfu sína um sýknu ákærða Sigurgeirs Jóhannssonar byggir verjandi á því, að hann hafi eigi verið eigandi veiðitækja þeirra, er mál þetta er risið út af, heldur starfrækt þau fyrir föður sinn og á hans ábyrgð.

Sýknukröfu vegna ákærða Jóhanns Símonarsonar byggir verjandi á því, að veiðigildrur hans hafi eigi, svo sem í ákæruskjalinu segir, verið í ósi við Urriðaá, heldur á leirusvæði árinnar. Séu þær því á þurru um fjöru. Þá sé eigi um að ræða hjá þeim straum af völdum árinnar, heldur af völdum sjávarfalla. Loks telur hann, að lax gangi eigi til hrygningar upp í Urriðaá, og veiðist því eigi í veiðigildrur ákærða annar lax en sá, sem er á sveimi fram og aftur um Leirárvoginn.

Varakröfu sína byggir verjandi ákærðu á því, að veiðieftirlitsmanni og Veiðimálanefnd hafi um lengri tíma verið kunnugt um starfrækslu veiðigildranna og á hvern hátt þær voru gerðar, en þó ekkert aðhafzt til að stöðva starfrækslu þeirra. Telur hann, að ákærði hafi af þessu getað dregið þá ályktun, að gildrurnar væru þannig gerðar, að eigi færi í bága við landslög.

Rétturinn verður að líta svo á, að ekkert sé framkomið í málinu, er bendi til þess, að ákærði Sigurgeir Jóhannsson hafi átt veiðigildrur þær, er mál þetta er risið út af, heldur hafi hann aðeins starfrækt þær fyrir föður sinn eftir hans fyrirmælum.

Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu, og skulu málsvarnarlaun verjanda hans, kr. 400.00, greidd úr ríkissjóði.

Af réttarins hálfu verður að skýra ákvæði 4. töluliðs 30. gr. laxveiðilaganna þannig, að bann sé lagt við því, að op veiðikróar eða leiðari frá girðingu vísi gegn straumi þeirrar ár, er veiðigildran er í, og það jafnt þótt hún sé á leirusvæði árinnar. Verður þetta einkum ljóst, ef athuguð er síðasta málsgrein töluliðsins, þar sem segir, að með þessu ákvæði eigi að koma í veg fyrir, að í veiðigildruna veiðist fiskur, sem er að ganga úr á eða árósi. En það er viðurkennt af ákærða Sigurgeiri Jóhannssyni, enda sýnilegt af uppdrætti af veiðigildrum þeim, er mál þetta er risið út af, að í þær veiðist aðeins lax, er farið hefur inn fyrir girðingarnar og er að ganga út með landinu.

Samkvæmt þessu verður að telja, að veiðigildrur þær, er ákærði Jóhann Símonarson starfrækti s.l. sumar fyrir landi Litlu-Fellsaxlar og Fellsaxlarkots á leirusvæði Urriðaár hafi verið ólögleg veiðitæki, og að ákærði hafi með starfrækslu þeirra gerzt brotlegur við 4. tölulið 30. gr. laxveiðilaganna.

Hins vegar verður rétturinn að fallast á það, að afskiptaleysi veiðieftirlitsmanns og Veiðimálanefndar gagnvart veiðigildrum

ákærða um lengri tíma hafi getað orðið þess valdandi, að hann hafi litið svo á, að verknaður sinn væri eigi réttarbrot, og þykir því rétt samkvæmt 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19 frá 1940 að ákveða, að refsing hans skuli falla niður.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, kr. 400.00.

Hin ólöglegu veiðitæki skulu upptæk gerð.

Dómsorð:

Ákærði Sigurgeir Jóhannsson, Litlu-Fellsöxl, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Refsing ákærða Jóhanns Símonarsonar, bónda á Litlu-Fellsöxl, falli niður.

Ákærði Jóhann Símonarson greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda hans, hdl. Jóhannesar Eliassonar, 400.00 — fjögur hundruð — krónur. Þá greiðist úr ríkissjóði laun skipaðs verjanda Sigurgeirs Jóhannssonar, 400.00 — fjögur hundruð — krónur.

Ólögleg veiðitæki ákærða Jóhanns Símonarsonar skulu upptæk gerð og andvirði þeirra renna í sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. júní 1955.

Nr. 154/1954. **Ákæruvaldið** (Hermann Jónsson)
gegn
Gísla Gíslasyni (Hermann Jónasson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Lárusson prófessor.

Ákæra um brot gegn laxveiðilögum. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Með ákæruskjali, útgefnu af Dómsmálaráðuneytinu 19. febrúar 1954, var mál þetta höfðað á hendur ákærða, Gísla

Gíslasyni, „fyrir að hafa s.l. sumar“ (þ. e. 1953) „og allt frá því á árinu 1942 stundað laxveiði í ós við Urriðaá í Skilmannahreppi við sunnanvert Lambhaganes með ólöglegum veiðitækjum, þannig að op í veiðikræ vissu móti straumi og leiðarar frá girðingum veiðitækja lágu upp á móti straumi, svo að í tækin veiddist fiskur, sem leitaði út úr ánni og árósnum. Teljast brot þessi varða við 4. tl. 30. gr., sbr. b-lið 89. gr. laga nr. 112/1941 um lax- og silungsveiði. Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess og krafizt, að hin ólöglegu veiðitæki verði gerð upptæk samkvæmt 93. gr. nefndra laga.“

Eins og sjá má af ákæruskjali þessu, sem skylt var að greina í héraðsdómi, en er þar aðeins að litlu leyti getið, er ákærði saksóttur fyrir ólöglega veiði með fleiri en einu veiðitæki á árunum 1942—1953. Hafði stjórn Fiskiræktar- og veiðifélags Laxár í Leirársveit kært til héraðsdómarans með bréfi, dags. 25. júní 1953, að ákærði hefði lagt laxveiðigildru, sem ólögmæt muni vera, þar sem op og leiðari gildrunnar vísi upp á móti straumlínu Urriðaár. Út af kæru þessari kom ákærði fyrir dóm hinn 30. ágúst 1953. Lýsti hann því þá, að frá því á árinu 1942 hefði hann stundað laxveiði fyrir landi jarðarinnar Litla-Lambhaga með einni veiðigirðingu, að undanteknu árinu 1952, en þá hefði hann haft tvær veiðigirðingar. Þá mótmælti hann því, að inngangur í veiðikrær á girðingum hans hafi vitað á móti straumi, og verður ekki séð, að hann hafi síðar í prófum málsins viðurkennt, að op á veiðikróm hans hafi snúið á móti straumi Urriðaár, eins og þó er sagt í hinum áfrýjaða dómi, að hann hafi gert.

Þegar ákæruskjal var út gefið, hafði ekki annað komið fram í málinu um veiðitæki ákærða en það, sem greint var hér að framan. Eftir það kom Gestur Kristjánsson veiðieftirlitsmaður fyrir dóm hinn 5. marz 1954. Kvað hann sér hafa verið kunnugt um lagnir ákærða á undanförnum árum og að við skoðun á veiðigirðingu ákærða sumarið 1953 hafi hann séð, að op hennar hafi snúið móti straumi Urriðaár. Hinn 15. marz 1954 kom ákærði aftur fyrir dóm, en ekki var hann þá spurður frekar um veiðigirðingarnar, og ekki verður séð, að honum hafi verið kynntur vitnisburður veiðieftirlitsmanns-

ins. Var rannsókn málsins þar með lokið. Ekki var veiðigirðing sú, sem ákærði hafði sumarið 1953, teiknuð inn á uppdrátt af veiðisvæðinu, er sýndi gerð hennar, legu og afstöðu til Urriðaár, og ekki var leitað álits veiðimálastjóra og Veiðimálanefndar um veiðigirðinguna og lögmæti hennar. Einnig hefði átt að kveðja sérfróða menn til að dæma málið ásamt héraðsdómara.

Þar sem prófum málsins og dómi er svo áfátt, sem að framan getur, verður að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða allan kostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða í héraði, kr. 400.00, og laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 900.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda í héraði, Jóhannesar Elíassonar héraðsdómslögmanns, kr. 400.00, og skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónssonar og Hermanns Jónassonar, kr. 900.00 til hvors.

Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 18. maí 1954.

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Gísla Gíslasyni, sjómanni, Akurgerði 12, Akranesi, með ákæruskjali, útgefnu 19. febrúar 1954, fyrir brot gegn 4. tölulið 30. greinar, sbr. b-lið 89. greinar, laga nr. 112 frá 1941 um lax- og silungsveiði.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 18. apríl 1910 að Litla-Lambhaga, og hefur hann ekki áður sætt ákæru eða refsingu.

Með bréfi, dagsettu 25. júní 1953, kærði stjórn Fiskiræktar- og veiðifélags Laxár í Leirársveit yfir því, að ákærði hefði ólöglega

laxveiðigildru fyrir landi eignarjarðar sinnar, Litla-Lambhaga í Skilmannahreppi.

Fyrir sakadómi viðurkenndi ákærði, að hann hefði frá því árið 1940, að hann keypti Litla-Lambhaga, stundað laxveiði fyrir landi jarðarinnar, fyrst í net, en síðan með girðingu og veiðikró. Veiðitæki sín kveðst hann hafa haft við sunnanvert Lambhaganes, og hafi girðing legið út frá nesinu út undir Urriðaá, þar sem hún fellur um leirurnar, en þó ekki svo langt að hún næði út í vatn Urriðaár. Op á veiðikrónni, viðurkennir hann, að hafi snúið móti straumi Urriðaár.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins, en til vara, að refsing hans verði látin niður falla samkvæmt 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19 frá 1940.

Sýknukröfuna byggir hann á því, að veiðitæki ákærða sé staðsett á leirusvæði Urriðaár og séu á þurru um fjöru. Sé því ekki hjá þeim um straum að ræða af völdum árinnar, heldur af völdum sjávarfalla. Þá telur hann, að lax gangi eigi til hrygningar upp í Urriðaá, og veiðist því eigi í veiðitæki ákærða annar lax en sá, sem er á sveimi fram og aftur um Leirárvoginn.

Varakröfuna byggir hann á því, að veiðieftirlitsmanni hafi um langt árabil verið kunnugt um, að ákærði starfrækti við Lambhaganes veiðigildru og á hvern hátt gildran var gerð, en þó ekkert aðhafzt til að stöðva starfrækslu hennar. Telur hann, að ástæða hafi verið fyrir ákærða að draga af þessu þá ályktun, að gildran væri þannig gerð, að eigi færi í bága við landslög.

Að réttarins áliti verður að skýra ákvæði 4. töluliðs 30. gr. laxveiðilaganna þannig, að bann sé lagt við því, að op veiðikróar vísi gegn straumi þeirrar ár, er veiðikróin er í, og það jafnt þó að veiðikróin sé á leirusvæði árinnar. Verður þetta einkum ljóst, er athuguð er síðari málsgrein töluliðsins, þar sem segir, að með þessu ákvæði eigi að koma í veg fyrir, að í veiðitækið veiðist fiskur, sem er að ganga úr á eða árósi.

Samkvæmt þessu verður að telja, að veiðikró sú, er ákærði starfrækti s.l. sumar við Lambhaganes á leirusvæði Urriðaár, en op hennar vissi gegn straumi Urriðaár, hafi verið ólöglegt veiðitæki, og að ákærði hafi með starfrækslu hennar gerzt brotlegur við 4. tölulið 30. gr. laxveiðilaganna.

Hins vegar verður rétturinn að fallast á það, að afskiptaleysi veiðieftirlitsmanns og Veiðimálanefndar gagnvart veiðitæki ákærða, er hann hefur starfrækt um langt árabil, geti hafa orðið þess valdandi, að hann hafi litið svo á, að verknaður sinn væri eigi réttarbrot, og þykir því rétt samkvæmt 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19 frá 1940 að ákveða, að refsing hans skuli niður falla.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, kr. 400.00.

Hin ólöglegu veiðitæki skulu upptæk gerð.

Dómsorð:

Refsing ákærða, Gísla Gíslasonar sjómanns, Akurgerði 12, Akranesi, falli niður.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda hans, hdl. Jóhannesar Elíassonar, 400 — fjögur hundruð — krónur.

Ólögleg veiðitæki ákærða skulu upptæk gerð og andvirði þeirra renna í sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 21. júní 1955.

Nr. 167/1954. **Keilir h/f** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

Ársæli Jónassyni (Ragnar Jónsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Theódór B. Líndal og Ólafur Jóhannesson.

Skuldamál. Um rétt til skuldajafnaðar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi fékk áfrýjunarleyfi hinn 4. október 1954 og skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. s. m. Dómkröfur hans eru, *aðallega* að honum verði dæmd sýkna, en *til vara*, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda 5% ársvexti af kr. 49.184.67 frá 15. september 1952 til 22. október s. á., og loks, að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Svo sem í héraðsdómi segir, áttu þeir stefndi, Páll Einarsson og Einar Eyfells flak tundurspillisins Skeena, og veittu þeir stefndi og Einar hinn 10. marz 1952 Páli umboð til að selja flakið. Páll var formaður í stjórn Keilis h/f, áfrýjanda

þessa máls. Páll samdi við framkvæmdastjóra áfrýjanda um sölu flaksins til áfrýjanda fyrir kr. 303.000.00. Hluti stefnda af söluverðinu nam því kr. 101.000.00. Þeir stefndi, Páll og Einar höfðu haft skipti við áfrýjanda um flakið, og taldi áfrýjandi til skuldar hjá þeim vegna þeirra viðskipta. Þá er greiða skyldi stefnda hans hluta af söluverðinu, sendu fyrirsvarsmenn áfrýjanda honum hinn 22. október 1952 ávísun, að fjárhæð kr. 49.184.67, upp í hans hluta söluverðsins, og auk þess kvittaðan reikning, að fjárhæð kr. 51.815.31, vegna greindra viðskipta út af Skeena, enda töldu fyrirsvarsmenn áfrýjanda sér rétt að skuldajafna með þessum hætti.

Stefndi hefur mótmælt réttmæti reiknings þessa fyrir Hæstarétti, en þau mótmæli verða eigi tekin til greina, þar sem reikningnum var ekki, svo sannað sé, mótmælt ákveðið í héraði.

Stefndi heldur því fram, að ákvæði söluumboðsins frá 10. marz 1952 skjóti loku fyrir skuldajöfnuð, en þar segir: „Ársæll Jónasson bindur umboð þetta því skilyrði, að hans hluti (þriðjungur) af kaupverðinu verði afhentur honum beint til ráðstöfunar frá væntanlegum kaupanda". Þessi áskilnaður tekur samkvæmt orðum sínum og markmiði fyrir, að hluti stefnda af söluverðinu fari um hendur þeirra manna, sem flakið höfðu átt með honum, og sé notaður til greiðslu á þeirra hluta af sameiginlegu fyrirtæki. Er áfrýjandi því firrtur rétti til þess samkvæmt almennum reglum laga að skuldajafna tveimur þriðju hlutum af kröfu sinni vegna flaksins af Skeena, þeim er þeir Páll og Einar að síðustu eiga að greiða, við hluta stefnda af söluverði flaksins. Öðru máli gegnir um einn þriðja hluta af kröfu áfrýjanda vegna viðskiptanna um flakið, þann er stefnda ber að lokum að greiða. Skuldajöfnuður milli aðilja er hér mjög að lagarökum, enda má hann afstýra framhaldandi málarekstri aðilja um þetta sakarefni. Þykir samkvæmt þessu eigi nauðsyn til bera að skýra áskilnað stefnda svo, að hann skjóti loku fyrir eðlilegan skuldajafnað, og er rétt að leyfa áfrýjanda að skuldajafna einum þriðja af kr. 51.815.33, eða kr. 17.271.77, við söluverðskröfu stefnda. Ber því að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 51.815.33 ÷ kr. 17.271.77 = kr. 34.543.54 ásamt

6% ársvöxtum af kr. 101.000.00 frá 15. september 1952 til 22. október s. á. og af kr. 34.543.54 frá 22. október 1952 til greiðsludags.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 6000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Keilir h/f, greiði stefnda, Ársæli Jónassyni, kr. 34.543.54 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 101.000.00 frá 15. september 1952 til 22. október s. á. og af kr. 34.543.54 frá 22. október 1952 til greiðsludags og samtals kr. 6000.00 í málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. maí 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., hefur Ársæll Jónasson, Hringbraut 63, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 24. október 1952, gegn Keili h.f., til heimilis við Elliðaárvog, hér í bæ.

Dómkröfur stefnanda eru þær *aðallega*, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 51.815.33 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 101.000.00 frá 15. september 1952 til 22. október sama ár og af kr. 51.815.33 frá 22. október 1952 til greiðsludags, en til vara, að stefnda verði gert að greiða kr. 34.543.54 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 101.000.00 frá 15. september 1952 til 22. október sama ár og af kr. 34.543.54 frá 22. október 1952 til greiðsludags.

Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar sér til handa að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda svo og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Málavextir eru þeir, að með samningi, dagsettum 2. apríl 1952, seldi Páll Einarsson, Eiríksgötu 23, sín vegna og sameigenda sinna, peirra stefnanda og Einars Eyfells, Skólavörðustíg 4 C, stefnda flak tundurspillisins Skeena. Var kaupverðið ákveðið kr. 303.000.00 og skyldi greiðast ekki síðar en 1. ágúst 1952, en gjalddaginn var síðan færður fram um 6 vikur. Gerði Páll, sem á þessum tíma var formaður stjórnar stefnda, kaupsamninginn við framkvæmdastjóra stefnda, Högna Gunnarsson. Í umboði stefnanda til Páls til sölunnar bindur stefnandi umboðið „því skilyrði, að hans hluti (þriðjungur) af kaupverðinu verði afhentur honum til ráðstöfunar beint frá væntanlegum kaupanda".

Með bréfi, dagsettu 22. október 1952, sendi stefndi lögmanni stefnanda greiðslu á hluta stefnanda af andvirði tundurspillisins. Voru kr. 49.194.67 greiddar með ávísun, en mismunurinn, 51.815.33, greiddur með kvittuðum reikningi yfir skuld tundurspillisins Skeena við stefnda.

Í bréfi, dagsettu samdægurs, mótmælti lögmaður stefnanda að taka við reikningnum sem greiðslu upp í hluta stefnanda af andvirði tundurspillisins og krafðist þess, að fjárhæð reikningsins, er frá andvirðinu hafði verið dregin, yrði greidd honum í peningum þegar í stað svo og vextir af hluta stefnanda af kaupverðinu. Þessari kröfu hafnaði stefndi.

Stefnandi reisir aðalkröfu sína í málinu á því, að samkvæmt áðurgreindu skilyrði hans í umboðinu til sölunnar hafi stefnda verið óheimilt að skuldajafna skuld sameigendanna vegna tundurspillisins við hluta stefnanda í kaupverði hans.

Varakröfu sína reisir stefnandi hins vegar á því, að stefnda hafi verið algerlega óheimilt að reikna til skuldajafnaðar nema sem svaraði hans hluta af skuld tundurspillisins, eða ⅓ af reikningsupphæðinni.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að þar sem tundurspillirinn, er seldur var, hafi verið í óskiptri sameign þeirra sameigendanna þriggja, hafi þeir verið solidariskt ábyrgir fyrir skuld þeirri, er á tundurspillinum hvíldi, og honum því heimilt að skuldajafna hana alla við inneign hvers sameigandans sem var. Þá telur stefndi, að manni þeim, sem samdi fyrir hans hönd um kaupin, hafi ekki verið kunnugt um áðurgreint skilyrði stefnanda í umboðinu til sölunnar.

Svo sem áður segir, var Páll Einarsson, er hafði umboð stefnanda til umræddrar sölu og samdi um kaupin, formaður stjórnar stefnda á þessum tíma. Þá var þriðji sameigandinn, Einar Eyfells, einnig í stjórn stefnda á þessum tíma og var honum kunnugt um skilyrðið í fyrrnefndu umboði. Þykir því sýnt, að stefndi eigi að vera bundinn við skilyrði það, sem stefnandi setti í söluumboði sínu, jafnvel þótt framkvæmdastjóra stefnda, sem var viðsemjandi Páls við kaupin, hafi ekki verið um það kunnugt, en í skilyrðinu segir berum orðum, að hluti stefnanda, (þriðjungur) af kaupverðinu skuli afhentur honum til ráðstöfunar beint frá væntanlegum kaupanda.

Samkvæmt þessu verður að telja, að stefnda hafi verið óheimilt að skuldajafna skuld sameigendanna við hlut stefnanda í andvirði tundurspillisins, og ber því að taka aðalkröfu stefnanda til greina að öllu leyti.

Málskostnaður til handa stefnanda þykir hæfilega ákveðinn kr. 6000.00.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Keilir h.f., greiði stefnanda, Ársæli Jónassyni, kr. 51.815.33 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 101.00.00 frá 15. september 1952 til 22. október sama ár og af kr. 51.815.33 frá 22. október 1952 til greiðsludags og kr. 6000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 21. júní 1955.

Nr. 51/1955. **Bæjarstjórn Akureyrar f. h. Akureyrarkaupstaðar** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Þorkeli Björnssyni (Einar Ásmundsson)

og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Lárusson prófessor.

Vatnsréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. apríl þ. á., gerir þær dómkröfur, að matsgerð, dags. 5. september 1952, á tjóni, er vatnsvirkjun Akureyrarkaupstaðar í Kífsárlandi hefur bakað gagnáfrýjanda, verði ómerkt, að því er varðar 3. tölulið hennar, bætur fyrir hinar virkjuðu lindir, og að dæmt verði, að aðaláfrýjanda sé skylt að greiða gagnáfrýjanda bætur fyrir vatnstöku í þágu Vatnsveitu Akureyrar í landi hans. Svo krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 28. apríl þ. á. og fengið gjafsókn hér fyrir dómi, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar.

Hér fyrir dómi hefur aðaláfrýjandi fallið frá þeirri máls-

ástæðu, er hann hafði uppi í héraði til vara, að greindan lið matsgerðarinnar bæri að ómerkja sökum þess, að matsmenn hafi metið fleiri lindir en þeim bar og þannig farið út fyrir það verksvið, sem þeim var markað í dómkvaðningu.

Telja verður rétt landeiganda til hagnýtingar vatns þess, sem aðaláfrýjandi hefur virkjað í Kífsárlandi, til verðmætra réttinda, og á gagnáfrýjandi því kröfu til bóta fyrir hinar virkjuðu lindir samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til þeirra raka, sem greind eru í héraðsdómi, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 8000.00, þar af kr. 4000.00 til málflutningsmanns gagnáfrýjanda í Hæstarétti og kr. 220.00 í ríkissjóð fyrir dómgjöld.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, bæjarstjórn Akureyrar f. h. Akureyrarkaupstaðar, greiði gagnáfrýjanda, Þorkeli Björnssyni, kr. 8000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar af kr. 4000.00 til málflutningsmanns gagnáfrýjanda í Hæstarétti, Einars Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, og kr. 220.00 í ríkissjóð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 24. marz 1955.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 18. þ. m., hefur stefnandi í aðalsök, Steinn Steinsen bæjarstjóri f. h. bæjarstjórnar Akureyrar, höfðað fyrir aukadómþingi Eyjafjarðarsýslu með stefnu, útgefinni 6. október 1952, á hendur Þorkeli bónda Björnssyni að Kífsá í Glæsibæjarhreppi, og gerir þær dómkröfur, að síðargreind matsgerð frá 5. september 1952 verði ómerkt, að því er tekur til upphæðarinnar undir 3. tölulið hennar: „Hinar virkjuðu lindir kr. 23.000.00“, og að viðurkennt verði með dómi, að stefnanda sé að lögum óskylt að greiða stefnda hina metnu upphæð samkvæmt þessum lið matsgerðarinnar. Þá er þess krafizt, að upphæðin, kr. 4000.00, sem matsmenn hafa úrskurðað, að stefnandi skuli greiða stefnda í matskostnað,

verði stórlega lækkuð að mati dómara. Að lokum er krafizt málskostnaðar úr hendi stefnda.

Til vara krefst stefnandi þess, að framangreind matsgerð verði ómerkt, að því er til 3. töluliðs tekur, þar eð matsmenn hafi metið bætur í einu lagi fyrir vatnsvirkjun í landi Hesjuvalla og Kífsár, en stefndi eigi ekki Hesjuvelli og stefnandi hafi tryggt sér með samningi rétt til vatnstöku í Hesjuvallalandi.

Í fyrsta þinghaldi í málinu varð samkomulag um, að það yrði flutt fyrir bæjarþing Akureyrar, og hefur það síðan verið rekið fyrir þeim dómi.

Með gagnstefnu, útgefinni 30. október 1952, hefur gagnstefnandi, Þorkell Björnsson, haft uppi þær kröfur á hendur gagnstefnda, bæjarstjóranum á Akureyri f. h. bæjarstjórnar Akureyrar, að viðurkennt verði með dómi, að rétt hafi verið að meta allt, er framangreind matsgerð fjallar um, þ. e. átroðning og landspjöll, land umhverfis virkjaðar lindir og hinar virkjuðu lindir sjálfar, og að gagnstefndi sé bótaskyldur fyrir þessi atriði. Þá krefst hann þess, að staðfest verði, að gagnstefnda sé skylt að greiða þær kr. 4000.00 í matskostnað, sem í mati þessu getur. Að lokum krefst gagnstefnandi málskostnaðar sér til handa úr hendi gagnstefnda.

Svo sem af þessu verður séð, fjallar aðalsök og gagnsök að mestu um sama málefni, og verður því um þær rætt í einu lagi hér á eftir.

Málavextir eru þessir:

Akureyrarkaupstaður keypti á árinu 1914 vatnsréttindi fyrir vatnsveitu bæjarins í Hlíðarfjalli í landi Hesjuvalla í svokölluðum Hesjuvallalindum. Var vatni af þessu svæði síðan veitt í nefnda vatnsveitu. Eftir því sem bærinn stækkaði, jukust þarfir fyrir neyzluvatn, og hafa smám saman verið teknar fleiri og fleiri lindir í fjallinu í þessu skyni. Næsta jörð norðan Hesjuvalla er Kífsá. Þegar fram liðu stundir, var farið að taka vatn úr Kífsárlandi í vatnsveituna, úr lindasvæði í grennd við landamerkin og skammt frá Hesjuvallalindum. Þannig var steypt vatnsþró í merkjalæknum milli Hesjuvalla og Kífsár árið 1938, og þrjár vatnsþrær steyptar í Kífsárlandi 1940—1946. Ekki var starfsmönnum vatnsveitunnar ljóst, að svæði þetta væri í Kífsárlandi, og álitu þeir það vera í Hesjuvallalandi og á því svæði, er Akureyrarkaupstaður hafði keypt vatnsréttindi. Stefnda í aðalsök, sem var eigandi Kífsár 1949, virðist ekki hafa orðið ljóst fyrr en 1952, að svæði þetta var í landareign hans. Þó fór svo á árunum 1950 eða 1951, að lindir voru teknar í vatnsveituna, sem augljóslega voru í Kífsárlandi. Stefndi í aðalsök gerði tilraunir til samninga við forráðamenn Akureyrarkaupstaðar um bætur fyrir vatnsréttindin og afnot af landi í því sambandi, en samningar tókust ekki.

Hinn 31. júlí 1952 fékk hann dómkvadda matsmenn samkvæmt 4. lið 25. gr. og 26. gr. sbr. 147. gr. vatnalaga nr. 15/1923 til þess að meta bætur fyrir tjón, sem vatnstaka hefði í för með sér, og fyrir

vatn það, er þegar hafði verið tekið fyrir Vatnsveituna í Kífsárlandi eða gerðar höfðu verið ráðstafanir til að taka, og einnig matskostnað til handa landeiganda úr hendi matsþola, aðalstefnanda í máli þessu. Matsþoli mótmælti því við matsgerðina, að metnar yrðu bætur fyrir vatnstökuna sjálfa, þar eð matsbeiðandi væri ekki eigandi vatnsins, en það væri ekki eignarrétti háð að lögum. Þá mótmælti hann því og, að metnar yrðu bætur fyrir virkjun, er gerð hefði verið sunnan lækjar þess, er hann áleit ráða merkjum milli Kífsár og Hesjuvalla, en eigendur þessara jarða lýstu því yfir, að lækur þessi væri ekki merkjalækur og umrædd virkjun væri í Kífsárlandi.

Hinir dómkvöddu matsmenn, sem voru Rögnvaldur Þorláksson verkfræðingur og Árni Jónsson tilraunastjóri, tóku ekki til greina mótmæli þessi og mátu bætur fyrir átroðning og landspjöll kr. 500.00, fyrir land umhverfis virkjaðar lindir kr. 1500.00 og fyrir hinar virkjuðu lindir kr. 23.000.00. Var mat þeirra miðað við lindir þær, sem eigendur Hesjuvalla og Kífsár töldu vera í Kífsárlandi. Enn fremur mátu þeir matskostnað til handa matsbeiðanda, kr. 4000.00. Af matsgerðinni kemur fram, að matsmennirnir telja umræddar lindir verðmætar fyrir eiganda Kífsár, sökum þess að þær eru mjög vel fallnar til rafvirkjunar, en slík rafvirkjun er útilokuð með vatnsveitunni.

Gagnasöfnun í máli þessu var að mestu lokið í september 1953. Ekki þótti þá fært að taka málið til flutnings og dóms sökum þess, að gengið hafði dómur í héraði, er áfrýjað hafði verið, í máli, er höfðað var að tilhlutun aðalstefnanda samkvæmt landamerkjalögum, til þess að fá úr því skorið, hvort lækur, sem eigendur Hesjuvalla og Kífsár töldu landamerkjalæk milli jarðanna, væri rétt merki, en aðalstefnandi vefengdi, að svo væri, og taldi, að gengið væri á ítaksrétt sinn til vatnstöku í Hesjuvallalandi með því að ákveða merkin eftir þeim læk. Ekki náðist samkomulag við aðalstefnda um að skipta sök í þessu máli og láta varakröfu aðalstefnanda og gagnsökina bíða, þar til hæstaréttardómur gengi um ítaksmerkjamál aðalstefnanda og eigenda Hesjuvalla og Kífsár, og var því málinu í heild frestað, þar til málalok yrðu kunn í merkjamálinu. Dráttur á að ljúka málinu stafar af þessu. Málalok í Hæstarétti urðu þau hinn 2. febrúar s.l., að merkjamálinu var vísað frá héraðsdómi, en þess skilmerkilega getið í forsendum hans, að rétt merki milli Hesjuvalla og Kífsár væri þau, er eigendur þeirra jarða voru sammála um.

Stefnandi í aðalsök byggir aðalkröfu sína á því, að vatnstakan hafi verið heimil án endurgjalds. Af vatnalögunum verði ráðið, að þannig sé því farið, sbr. 25. gr. þeirra, og þess sé hvergi getið, að greiða eigi fébætur fyrir vatnið sjálft, sem yrði þó að vera, ef til slíks yrði ætlazt, sbr. 2. gr. laganna. Matsgerðin sé því að þessu leyti á röngum forsendum byggð og ekki skuldbindandi fyrir aðalstefnanda.

Þessum skilyrðum mótmælir aðalstefndi. Hann telur, að tjón hafi orðið að vatnstökunni og vatnalögin eigi að skilja svo, að slíkt tjón eigi að bæta.

Í 2. gr. vatnalaganna segir, að landareign hverri fylgi réttur til umráða og hagnýtingar því vatni, straumvatni eða stöðuvatni, sem á henni er, á þann hátt sem lögin heimila. Samkvæmt lögunum er réttur landeiganda til hagnýtingar á vatni á landareign sinni ærið viðtækur, enda eru honum heimiluð flest vatnsnot, sem nú tíðkast, þegar frá eru skilin meiri háttar raforkuvirki, sbr. 49. gr. þeirra og 1. gr. laga nr. 12/1946. Ýmsar takmarkanir eru þó á rétti landeiganda í þessum efnum. Þannig er honum oft skylt að heimila öðrum vatnsnot í landi sínu eða þola vatnsnot annarra. 25. gr. laganna, sem mál þetta fjallar aðallega um, kveður svo á, að bæjarstjórn sé heimilt að taka vatn til vatnsveitu af landi annarra, ef landeigandi er ekki með því sviptur vatni til heimilis og búsþarfa og til iðnaðar eða iðju án orkunýtingar. Aðiljar máls þessa eru sammála um, að vatnstakan hafi verið heimil samkvæmt þessari grein. Í 3. tölulið sömu greinar segir, að haga skuli vatnsveitu svo, að spjöll verði sem minnst á atvinnu manna eða veiðitækjum, ef veiði er í vatninu. Ef spjöll verði, þá skuli þau að fullu bæta. Í greinargerð fyrir frumvarpinu að vatnalögum, sem fram kom á Alþingi 1921, segir svo um 25. gr. meðal annars: „Bætur fyrir vatnið sjálft á auðvitað því aðeins að greiða, að tjón stafi af töku þess, t. d. vegna áveitu, iðnaðar o. s. frv. Ef vatnstaka er að öllu meinalaus, þá er enginn skaði eða bagi að bæta". Grein þessi tók ekki breytingum í meðferð þingsins á frumvarpinu, að öðru leyti en því, að í frumvarpinu stóð „skaði" þar sem í lögunum eru „spjöll". Hér eru tekin af tvímæli um það, að löggjafinn ætlast til, að greiða skuli bætur fyrir vatnið sjálft, ef tjón eða bagi stafar af töku þess. Ekki þykja næg rök til þess að skýra þetta það þröngt, eins og aðalstefnandi heldur fram, að rétt sé, að einungis sé átt við tjón af töku vatns, sem landeigandi er þegar farinn að nytja. Samkvæmt þessu er grundvöllur sá, er matsmennirnir byggðu á að þessu leyti, réttur, og því ekki unnt að taka til greina aðalkröfu stefnanda, hvað þetta snertir.

Í 149. gr. vatnalaganna er svo kveðið á, að matsnefnd geti skipt kostnaði af matinu milli aðilja, þegar svo stendur á, sem þar greinir. Af því verður ráðið, að til þess er ætlazt, að matsnefnd meti matskostnað á sama hátt og annað, er meta skal samkvæmt vatnalögunum, sbr. athugasemdir við 134. gr. frumvarps meiri hluta fossanefndar frá 1919, en eftir þeirri grein er 149. gr. vatnalaganna sniðin. Eiga dómstólar því ekki úrskurðarvald um matskostnað í þessu sambandi, sbr. 146. gr., 1. tölul., vatnalaga. Ber samkvæmt því að vísa frá dómi kröfu aðalstefnanda um lækkun hans.

Því hefur verið haldið fram af hálfu aðalstefnanda, að matsgerðin sé ógild af þeim sökum, að matsmenn hafi aðeins verið dómkvaddir til þess að meta tjón vegna vatnsvirkjunar, sem fram fór 1950 og

eftir það, en matsgerðin tekur einnig yfir vatn, sem leitt hefur verið í vatnsveitu aðalstefnanda í Kífsárlandi fyrir þann tíma. Í beiðni um dómkvaðningu matsmannanna, dags. 29. júlí 1952, er þess getið, að Akureyrarbær hafi hafið að nytja neyzluvatn í Kífsárlandi sumarið 1950, og beðið er um, að dómkvaddir séu matsmenn til þess að meta allt tjón, sem af vatnstökunni leiðir og það vatn, sem Akureyrarbær hefur tekið í landi Kífsár. Meðan á matinu stóð, kom í ljós, að lindasvæði, sem nytjað hafði verið fyrir vatnsveituna 1938, 1940 og eftir það, var einnig í Kífsárlandi, og var það tekið með í matið að kröfu matsbeiðanda, eins og fyrr segir. Ekki þykja næg rök til þess, að þessi galli á matsbeiðninni, sem stafaði af misskilningi matsbeiðanda, valdi ógildingu matsgerðarinnar.

Við munnlegan flutning málsins var því hreyft af hendi aðalstefnanda, að vera kynni, að réttur til bóta fyrir þær lindir í Kífsárlandi, sem teknar voru í vatnsveituna, áður en aðalstefndi varð eigandi Kífsár 1949, væri fallinn niður fyrir vangeymslu. Þótt hvorugum matsaðilja virðist hafa verið fyllilega ljóst fyrr en 1952, að lindir þessar væru í Kífsárlandi, þykja ekki næg rök til þess að taka þessa málsástæðu til greina, enda er því ekki haldið fram, að fyrri eigandi hafi fengið bætur, og aðalstefnandi hefur ekki unnið hefð á vatnsréttindunum.

Samkvæmt því sem fyrr var greint um niðurstöðu hæstaréttardóms um landamerki milli Hesjuvalla og Kífsár verður varakrafa aðalstefnanda ekki tekin til greina.

Í aðalsök verður því niðurstaðan sú, að sýkna ber aðalstefnda af kröfum aðalstefnanda að öðru leyti en því, að kröfu um lækkun matskostnaðar vísast frá dómi.

Sömu ástæður og að framan eru raktar leiða til þess, að taka ber til greina kröfu gagnstefnanda um, að framangreind matsgerð telst gild og verður ekki breytt nema með yfirmati. Hins vegar ber að vísa frá dómi kröfu gagnstefnanda um, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða kr. 4000.00 í matskostnað, þar sem ákvörðun um matskostnað í umræddu matsmáli heyrir ekki undir dómstóla, eins og áður var greint, og upplýst er, að matsgerðinni hefur verið áfrýjað til yfirmats, sem ekki er lokið.

Gagnstefndi hefur lýst yfir því, að hann uni mati á bótum fyrir átroðning og landspjöll og fyrir land umhverfis hinar virkjuðu lindir.

Eftir atvikum þykir rétt, að aðalstefnandi greiði aðalstefnda upp í málskostnað í aðalsök og gagnsök kr. 2500.00.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreindum kröfum í aðalsök og gagnsök, um ákvörðun matskostnaðar, vísast frá dómi.

Í aðalsök á aðalstefndi, Þorkell Björnsson, að öðru leyti að

vera sýkn af kröfum aðalstefnanda, Steins Steinsens f. h. bæjarstjórnar Akureyrar.

Í gagnsök viðurkennist bótaréttur gagnstefnanda og að framangreind matsgerð er gild og verður ekki breytt nema með yfirmati.

Aðalstefnandi greiði aðalstefnda kr. 2500.00 í málskostnað í aðalsök og gagnsök innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 21. júní 1955.

Nr. 46/1954. **Guðrún Þorgrímsdóttir**

og

Tómas Tómasson (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Skiptaráðandanum í Reykjavík f. h. þrotabús Byggingarfélagsins Smiðs h/f

og

Kristjáni Erlendssyni (Gústaf A. Sveinsson)

og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Theodór B. Líndal og Ólafur Jóhannesson.

Dánarbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1954 og fengið gjafsókn í því hér fyrir dómi. Krefjast þau þess, að gagnáfrýjendum verði dæmt in solidum að greiða þeim kr. 126.630.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. október 1948 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 7. maí 1954. Er það *aðalkrafa* þeirra, að þeim verði

aðeins dæmt að greiða aðaláfrýjendum ⅘ hluta af kr. 1100.00, en að aðaláfrýjendum verði gert að greiða þeim málskostnað í héraði og hér fyrir dómi. *Varakrafa* gagnáfrýjanda er sú, að dæmd fjárhæð verði lækkuð eftir mati dómsins, að hvorum aðilja verði gert að bera kostnað sinn af málinu í héraði, en að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eins og greinir í héraðsdómi, hefur tryggingarfræðingur reiknað með líkindatölum innstæðu tjónbóta handa aðaláfrýjendum. Vegna ummæla í forsendum héraðsdóms skal það tekið fram, að tryggingarfræðingurinn hefur við þann útreikning tekið tillit til minnkandi starfsorku Tómasar heitins Tómassonar, eftir því sem aldur hefði færzt yfir hann.

Samkvæmt atvikum málsins og með hliðsjón af líkindareikningi tryggingarfræðingsins þykir rétt að leggja til grundvallar, að tjón aðaláfrýjanda Guðrúnar Þorgrímsdóttur, eftir að frá eru dregnar bætur þær frá Tryggingastofnun ríkisins, sem í héraðsdómi getur, nemi kr. 43.000.00. Ber gagnáfrýjendum að greiða henni ⅘ hluta þeirrar fjárhæðar, eða kr. 34.400.00. Gagnáfrýjendum ber einnig að greiða henni ⅘ hluta útfararkostnaðar, og má staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að þær bætur séu hæfilega ákveðnar kr. 3536.80. Samkvæmt þessu eiga gagnáfrýjendur að greiða aðaláfrýjanda Guðrúnu Þorgrímsdóttur in solidum kr. 37.936.80 með vöxtum, eins og krafizt er.

Bætur til handa aðaláfrýjanda Tómasi Tómassyni þykja hæfilega ákveðnar kr. 12.000.00, samkvæmt því sem í héraðsdómi greinir, og ber gagnáfrýjendum að greiða honum in solidum þá fjárhæð ásamt vöxtum, svo sem dæmt er í hinum áfrýjaða dómi.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar í héraði ber að staðfesta.

Gagnáfrýjendum ber að greiða in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3736.00. Af þeim hljóti ríkissjóður kr. 1736.00 og talsmaður aðaláfrýjenda fyrir Hæstarétti kr. 2000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. þrotabús Byggingarfélagsins Smiðs h/f og Kristján Erlendsson, greiði in solidum aðaláfrýjanda Guðrúnu Þorgrímsdóttur kr. 37.936.80 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. október 1948 til greiðsludags. Enn fremur greiði gagnáfrýjendur in solidum aðaláfrýjanda Tómas Tómassyni kr. 12.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. október 1948 til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað í héraði á að vera óraskað.

Gagnáfrýjendur greiði in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3736.00. Af þeim hljóti ríkissjóður kr. 1736.00 og talsmaður aðaláfrýjenda, Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður, kr. 2000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. marz 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur Guðrún Þorgrímsdóttir, Bröttugötu 6, hér í bæ, að fengnu gjafsóknarleyfi 7. október 1949, höfðað fyrir sína hönd og sonar síns, Tómasar Tómassonar, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 8. desember 1949, gegn Kaupvangi h/f, Byggingarfélaginu Smið h/f, sem nú er undir gjaldþrotaskiptum, og Kristjáni Erlendssyni trésmíðameistara, öllum hér í bænum, til greiðslu skaðabóta in solidum, að fjárhæð kr. 126.630.00 auk 6% ársvaxta frá 4. október 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Eftir ósk lögmanna aðilja og ákvörðun dómsins var málinu skipt samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85 frá 1936, og var það flutt munnlega um fébótaskyldu stefndu hinn 4. maí 1951. Samdægurs var kveðinn upp dómur í héraði í þeim þætti málsins. Dómi þessum var skotið til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 10. maí 1951. Gekk dómur í Hæstarétti 17. nóvember 1952. Varð niðurstaða hans sú, að stefndi Kaupvangur h/f var sýknaður af kröfum stefnanda, og skyldi málskostnaður í héraði og Hæstarétti falla niður, að því er þessa aðilja varðaði. Hins vegar voru þrotabú Byggingarfélagsins Smiðs h/f og Kristján Erlendsson dæmdir fébótaskyldir in solidum gagnvart stefnendum um ⅘ hluta tjóns þeirra vegna fráfalls Tómasar Tómassonar trésmíðameistara, Bröttugötu 6, en hann var eig-

inmaður stefnandi Guðrúnar og faðir stefnandans Tómasar. Þá voru þessir tveir stefndu dæmdir til þess að greiða kr. 5200.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í þessum þætti hafa stefnendur *aðallega* haldið fast við kröfur sínar í stefnu á hendur stefndu þrotabúi Byggingarfélagsins Smiðs h/f og Kristjáni Erlendssyni. *Til vara* hafa stefnendur krafizt annarrar lægri fjárhæðar eftir mati dómarans.

Stefndu hafa krafizt þess *aðallega*, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnenda gegn greiðslu á ⅘ hlutum af kr. 930.00. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnenda eftir mati dómsins í þessum þætti málsins. *Til vara* krefjast stefndu þess, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða stefnendum smávægilega fjárhæð eftir mati dómarans, og verði málskostnaður þá látinn falla niður.

Stefnandi Guðrún, sem er fædd 2. nóvember 1885, reisir kröfur sínar á því, að hún hafi verið algerlega á framfæri manns síns, er hann féll frá, og hefði að sjálfsögðu orðið það áfram, ef hans hefði notið við. Hún kveðst mörg undanfarin ár hafa verið heilsuveil, enda þótt hún hafi klæðzt og gegnt húsmóðurstörfum eftir mætti. Þá telur hún efnahag sínum þann veg farið, að hún geti ekki séð fyrir sér sjálf.

Stefnandinn Tómas er fæddur 1. janúar 1929. Hann var í 6. bekk Hins almenna menntaskóla í Reykjavík, er faðir hans lézt af slysförum. Hann tók stúdentspróf vorið 1949 og stundaði síðan hagfræði- og félagsfræðinám í Bandaríkjunum og lauk þar magisterprófi vorið 1953. Síðan hefur hann stundað þar framhaldsnám, sem ráðgert er að taki 2½ ár. Hann reisir kröfur sínar á því, að hann hafi ekki getað kostað sig til námsins af eigin ramleik, og mundi því faðir sinn hafa styrkt sig til þess, hefði hann lifað, en vegna dauða hans hafi hann farið á mis við slíkan styrk.

Stefnendur hafa sundurliðað kröfu sína svo:

1.	Bætur til stefnandi Guðrúnar	kr. 100.000.00
2.	Bætur til Tómasar yngra	— 20.000.00
3.	Kostnaður við útför o. fl.	— 6.630.00
	Samtals	kr. 126.630.00

Stefndu reisa kröfur sínar á því, að Tómas heitinn hafi verið nær þrotinn að starfsþreki, er hann dó, þar sem hann hafi þá verið næstum 68 ára að aldri (f. 19. október 1880, d. 11. október 1948). Séu því engar líkur til, að hann hefði haft þrek til að stunda vinnu að staðaldri framvegis, þótt hann hefði lifað. Þessu til stuðnings benda stefndu á, að nokkur atriði í skýrslu réttarlæknis um krufningu á líki Tómasar heitins gefi til kynna, að ýmis líffæri hans hafi verið farin að gefa sig. Þá telja stefndu, að þröngur efnahagur stefn-

andi Guðrúnar bendi ekki til þess, að hann hafi haft miklar eða stöðugar tekjur fyrir dauða sinn.

Í málinu liggur fyrir vottorð læknis, er var heimilislæknir Tómasar heitins síðustu 15—16 árin, sem hann lifði, þess efnis, að lækninum hafi ekki verið kunnugt um annað en að Tómas hafi verið sæmilega heilsuhraustur og eftir atvikum full vinnufær miðað við aldur, allt þar til hann varð fyrir slysi því, er leiddi hann til bana.

Þykir mega leggja vottorð þetta til grundvallar um heilsufar Tómasar heitins, enda hafa stefndu ekki sýnt fram á, að heilsu hans og starfsþreki hafi verið verr farið en almennt gerist hjá mönnum á hans aldri. Verður því að telja, að Tómas heitinn hefði enn um nokkurra ára skeið getað framfært konu sína af vinnutekjum sínum og styrkt son sinn til náms.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattaframtölum Tómasar heitins fyrir tekjuárin 1943—1947 hefur hann sjálfur talið vinnutekjur sínar svo: Árið 1943 kr. 21.512.53, árið 1944 kr. 19.938.37, árið 1945 kr. 20.532.52, árið 1946 kr. 32.074.21 og árið 1947 kr. 31.140.71. Við framtöl þessi hafa skattayfirvöld bætt kr. 4000.00 árið 1943, kr. 10.000.00 árið 1944, kr. 5000.00 árið 1946 og kr. 6000.00 árið 1947.

Tryggingarfræðingur hefur gert þrjár áætlanir um framtíðarvinnutekjur Tómasar heitins og miðað þær við: 1. framtöl hans sjálfs, 2. ákvarðanir skattayfirvalda og 3. tímakaup. Við áætlanir þessar hefur tryggingarfræðingurinn ekki tekið með framtal tekjuársins 1948, þar sem hann telur augljóst eftir gögnum málsins, að á því komi ekki fram allar vinnutekjur Tómasar þann tíma ársins, sem hann lifði. Gerir tryggingarfræðingurinn síðan ráð fyrir, að hjónin hefðu notið vinnuteknanna að jöfnu, og hefur reiknað út væntanlegt tjón ekkjunnar vegna niðurfalls þeirra, miðað við dánardag Tómasar heitins, og nemur tjónið kr. 73.284.00, kr. 88.090.00 eða kr. 85.262.00 eftir því, hvort miðað er við 1., 2. eða 3. vinnutekjuáætlun.

Þá hefur tryggingarfræðingurinn reiknað út væntanlegt tjón stefnanda Tómasar miðað við það, að hann hafi við fráfall föður síns misst af 5000.00 króna styrk á ári, meðan hann væri við fyrrgreint nám. Reiknast honum tjón Tómasar yngra kr. 19.740.00, en að því bættu lækki bótakrafa ekkjunnar um kr. 9535.00.

Við ákvörðun bóta til stefnenda þykir rétt að hafa hliðsjón af þeim útreikningi tryggingarfræðingsins um vinnutekjuáætlun, er byggist á framtölum Tómasar heitins sjálfs.

Tryggingarfræðingurinn hefur ekki í útreikningum sínum áætlað neina lækkun á tekjum vegna opinberra gjalda eða vegna væntanlega rýrnandi starfsorku Tómasar heitins, eftir því sem aldur færðist yfir hann.

Þegar virt er það, sem hér að framan er rakið, svo og önnur þau atriði, er hér skipta máli, þykir heildartjón stefnandi Guðrúnar, þar með taldar bætur fyrir röskun á stöðu og högum, hæfilega áætlað kr. 65.000.00. Af því ber stefndu að greiða ⅘ hluta, eða kr. 52.000.00.

Stefnandi Guðrún hefur fengið kr. 22.028.00 greiddar í bætur vegna dánarslyssins, og ber að draga það fé hér frá. Samkvæmt þessu ber stefndu að greiða henni kr. 29.972.00.

Að því er varðar stefnandann Tómas, þykir tjón hans vegna dánarslyss þessa hæfilega áætlað kr. 15.000.00. Af því ber stefndu að greiða ⅘ hluta, eða kr. 12.000.00.

Stefnendur hafa sundurliðað útfararkostnaðinn svo:

1.	Kista o. fl.	kr. 2409.00
2.	Útvarp á jarðarför	— 500.00
3.	Til prests	— 200.00
4.	Kistuskreyting	— 50.00
5.	Prentun erfiljóða og þakkarkorta	— 258.00
6.	Auglýsingar	— 113.00
7.	Steypt um grafreit	— 2300.00
8.	Minningartafla	— 800.00
		Samtals kr. 6630.00

Stefndu telja, að nauðsynlegur útfararkostnaður hafi ekki numið nema kr. 900.00 af 1. lið og kr. 30.00 af 3. lið, og miða þeir aðalkröfu sína í málinu við það. Öðrum kostnaðarliðum hafa stefndu mótmælt sem sér algerlega óviðkomandi. Byggja þeir mótmælin gegn 1. lið á því, að á þeim tíma, er útför Tómasar heitins fór fram, hafi verið hámarksverð á líkkistum og verð á venjulegum líkkistum ákveðið kr. 900.00. Svo var, sem stefndu halda fram um þetta atriði. En í þessum lið mun vera innifalinn kostnaður við útfararsöng. Þykir því rétt að taka þenna lið til greina með kr. 1500.00.

Þá verður að fallast á það hjá stefndu, að þeim sé óviðkomandi kostnaður við útvarp jarðarfarar og kostnaður við kaup á minningartöflu.

Hins vegar verður að telja kostnað samkvæmt öðrum liðum hér að framan eðlilegan og venjulegan kostnað við útfarir hér í Reykjavík. Nemur því útfararkostnaðurnn kr. 4421.00, og ber stefndu að greiða ⅘ hluta þeirrar fjárhæðar, eða kr. 3536.80.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit máls þessa þau, að stefndu verða in solidum dæmdir til að greiða stefnendum samtals kr. 45.508.80 (kr. 29.972.00 + kr. 12.000.00 + kr. 3536.80) með vöxtum eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað í þessum þætti málsins, kr. 3500.00, og hljóti talsmaður stefnenda kr. 3000.00 af málskostnaðinum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, þrotabú Byggingarfélagsins Smiðs h/f og Kristján Erlendsson, greiði in solidum stefnendum, Guðrúnu Þorgrímsdóttur og Tómasi Tómassyni, kr. 45.508.80 með 6% ársvöxtum frá 4. október 1948 til greiðsludags, og kr. 3500.00 í málskostnað.

Hljóti talsmaður stefnenda, Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður, kr. 3000.00 af málskostnaðinum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1955.

Nr. 131/1953. **Karl D. Pétursson**

og

Gunnar A. Pétursson (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Jónasi Gíslasyni

og

Ósvaldi Knudsen (Einar B. Guðmundsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Um leigu á fasteign og kauprétt leigutaka.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. september 1953, gera þessar dómkröfur:

I. *Aðalsök í héraði.*

Aðalkrafa:

Að stefndu verði dæmt að gefa út til handa áfrýjendum innan hæfilegs tíma afsal fyrir mannvirkjum á jörðinni Hópi III í Grindavíkurhreppi ásamt erfðaleiguréttindum, sem í málinu greinir, gegn 66.000 króna kaupverði, er áfrýjendur inni af hendi þannig, *aðallega* að þeir taki að sér greiðslu veðskuldar, er á eigninni hvílir, og greiði eftirstöðvarnar að helmingi Ósvaldi Knudsen í reiðufé, en að helmingi stefnda Jónasi Gíslasyni, kr. 20.000.00 með skuldajöfnuði og afganginn með skuldabréfi, er tryggt sé með 2. veðrétti í umræddum eignum og greiðist á 10 árum ásamt 5% ársvöxtum, *til vara*

þannig, að áfrýjendur taki að sér greiðslu umræddrar veðskuldar, en greiði eftirstöðvarnar í reiðufé, og *til þrautavara* þannig, að áfrýjendur greiði kaupverðið allt í reiðufé.

Varakrafa:

Að áfrýjendum verði dæmdur kaupréttur að umræddum eignum fyrir kaupverð, er nemi kr. 66.000.00.

II. *Gagnsök í héraði.*

Aðalkrafa:

Að áfrýjendur verði sýknaðir af kröfum stefndu.

Varakrafa:

Að áfrýjendum verði dæmt að greiða stefndu kr. 2400.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 2912.65 frá 29. nóvember 1951 til 1. nóvember 1952, af kr. 3470.80 frá þeim degi til 28. maí 1953 og af kr. 2400.00 frá þeim degi til greiðsludags, enda verði kyrrsetning staðfest einungis til tryggingar þeim fjárhæðum.

III. Að áfrýjendum verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti in solidum úr hendi áfrýjenda eftir mati dómsins.

Í málflutningi sínum fyrir Hæstarétti voru umboðsmenn aðilja sammála um, að samkvæmt 6. gr. leigusamnings aðilja frá 19. apríl 1951 hefði stofnazt til handa áfrýjendum kaupréttur að eignum þeim, sem í málinu greinir. Áfrýjendur tilkynntu stefndu í tæka tíð með bréfi 19. október 1951, er stefnuvottar birtu þann dag, að þeir hyggðust neyta kaupréttarins. Til geymslu þessa réttar síns var áfrýjendum nauðsynlegt innan hæfilegs frests frá birtingu nefnds bréfs að bjóða fram lögmæta greiðslu kaupverðsins, en slíkt greiðslutilboð kom eigi fram af hendi áfrýjenda. Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði in solidum stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst kr. 4000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Karl D. Pétursson og Gunnar A. Pétursson, greiði in solidum stefndu, Jónasi Gíslasyni og Ósvaldi Knudsen, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júní 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., hafa þeir Karl D. Pétursson járnsmiður og Gunnar A. Pétursson sjómaður, báðir til heimilis að Hópi 3, Grindavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 5. desember 1951, gegn þeim Jónasi Gíslasyni, Hópi 3, Grindavík, og Ósvaldi Knudsen málarameistara, Hellusundi 6 A, hér í bæ.

Stefnendur hafa gert þær dómkröfur *aðallega*, að stefndu verði dæmdir til að gefa þeim afsal fyrir húseignum sínum og mannvirkjum á jörðinni Hópi 3, Grindavík, ásamt erfðafesturéttindum samkvæmt samningum, dags. 3. nóvember 1946 og 21. maí 1949, gegn því, að stefnendur taki að sér greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 4889.35 við Veðdeild Landsbanka Íslands, tryggðri með 1. veðrétti í húseignunum, og gefi út skuldabréf að fjárhæð kr. 41.110.65, tryggðu með öðrum veðrétti í fyrrgreindum húseignum. Skuldabréf þetta beri 5% ársvexti og greiðist upp á næstu 10 árum.

Til vara hafa stefnendur krafizt þess, að stefndu verði dæmdir til að gefa út fyrrgreint afsal gegn því, að stefnendur greiði kr. 46.000.00 í reiðu fé.

Til þrautavara hafa stefnendur krafizt þess, að stefndu verði dæmdir til að gefa út afsal þetta gegn því, að stefnendur greiði kr. 20.000.00 í reiðu fé, taki að sér greiðslu á fyrrgreindri veðdeildarskuld og gefi út áðurnefnt veðskuldabréf.

Til ýtrustu vara hafa stefnendur krafizt þess, að viðurkenndur verði kaupréttur þeirra í nefndum eignum og réttindum á 66.000.00 króna kaupverði.

Í öllum tilvikum hafa stefnendur krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Stefndu hafa krafizt sýknu af öllum kröfum stefnenda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Með gagnstefnum, útgefnum 17. janúar 1952 og 23. október 1952, höfðuðu stefndu gagnsakir.

Í gagnsökum hafa gagnstefnendur gert þær dómkröfur: *Að* metin verði gild rifting þeirra á leigumála aðiljanna um Hóp 3 í Grindavík, dags. 19. apríl 1951, og gagnstefndu verði dæmdir til að víkja þegar í stað af eignunum með allt sitt. *Að* viðurkennt verði, að fall-

inn sé niður fyrirhugaður forkaupsréttur gagnstefndu að hinum leigðu eignum. *Að* dæmt verði, að yfirlýsingar þær, sem fram koma á dskj. 4 og 9 í máli þessu og gagnstefnandinn Jónas hefur undirritað, séu ógildar. *Að* gagnstefndu verði dæmdir til að greiða þeim kr. 13.670.80, þar af kr. 3000.00 sem skaðabætur til gagnstefnandans Jónasar, með 6% ársvöxtum af kr. 8312.65 frá 29. nóvember 1951 til 1. nóvember 1952 og af kr. 13.670.80 frá þeim degi til greiðsludags, að frádregnum kr. 1070.80. Þá hafa gagnstefnendur krafizt þess, að staðfest verði löghald, sem þeir létu leggja á eignir gagnstefndu þann 28. desember 1951 og 21. október 1952, til tryggingar kröfum þessum.

Að lokum hafa gagnstefnendur krafizt málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Gagnstefndu hafa krafizt sýknu af öllum kröfum gagnstefnenda í gagnsök og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að með afsali, dags. 3. nóvember 1946, keyptu aðalstefndu öll hús og mannvirki á jörðinni Hópi 3 í Grindavík, og með samningi, dags. sama dag, tóku þeir á leigu þar nokkurt land. Enn fremur tók aðalstefndi Jónas þar á leigu nokkurt land með samningi, dags. 21. maí 1949. Því er ómótmælt haldið fram, að aðalstefndu hafi átt eignir þessar og réttindi í óskiptri sameign að hálfu hvor. Aðalstefndi Jónas bjó þarna á eigninni. Með samningi, dags. 19. apríl 1951, seldu aðalstefndu aðalstefnendum eignir þessar á leigu. Leigutíminn var ákveðinn 5 ár og skyldi hefjast 14. maí 1951. Uppsagnarfrestur af hvors hendi skyldi vera þrír mánuðir. Í 3. gr. samningsins er svo ákveðið, að ársleigan skuli vera kr. 4800.00 og greiðast 1. nóvember ár hvert, í fyrsta sinn 1. nóvember 1951. Þá skyldu aðalstefnendur greiða erfðaleigugjald af hinu leigða landi til landeiganda, brunabótagjald af húsum og öll opinber þinggjöld. Í 4. og 5. gr. samningsins er ákveðið, að aðalstefnendur skyldu skila hinu leigða í lok leigutímans í eigi verra ástandi en það var í, er þeir tóku við því. Bætur vegna þessa skyldu háðar mati úttektarmanna Grindavíkurhrepps eða manna, er aðiljar kæmu sér saman um. Þá segir svo í 6. gr.: „Leigutakar skulu eiga forkaupsrétt að hinni leigðu eign fyrir kr. 66.000.00, að Grindavíkurhreppi frágengnum, og skulu þeir hafa tilkynnt leigusölum innan 6 mánaða frá dagsetningu þessa samnings, hvort þeir ætla sér að neyta þess forkaupsréttar, ella er hann niður fallinn". Í 7. gr. segir svo: „Á meðan leigutíminn stendur, skal leigusali Jónas Gíslason hafa til afnota og umráða eitt herbergi í íbúðarhúsinu, þ. e. kvistherbergið, endurgjaldslaust með ljósi og hita. En verði úr kaupum af hálfu leigutaka samkvæmt 6. gr., skulu haldast afnot Jónasar af þessu herbergi, og greiði hann þá hinum nýju eigendum kr. 70.00 — sjötíu krónur — á mánuði fyrir það með ljósi og hita. Eigi reiknast húsaleiguvísitala á þá upphæð. Skal þessi réttur haldast Jónasi til handa

á meðan hans nýtur við, og eins þó að eigendaskipti verði að eigninni um hans daga". Enn fremur segir svo í 8. gr.: „Á meðan Jónas Gíslason nýtur þeirra réttinda, sem talin eru í upphafi 7. greinar, skal greiðslu ársleigunnar hagað þannig, sbr. 3. grein, að leigutakar greiði leigusala Ósvaldi Knudsen ⅓ hluta hennar, þ. e. kr. 1600.00, á þeim gjalddögum, sem þar segir, en Jónasi Gíslasyni afganginn, kr. 3200.00".

Aðalstefnendur fluttu síðan á eignina og búa þar enn.

Aðalsök:

Aðalstefnandinn Karl hefur skýrt svo frá atvikum, að í aprílmánuði 1951 hafi Björn nokkur Gíslason, bróðir aðalstefnda Jónasar, bent honum og aðalstefnandanum, Gunnari Andrési, bróður hans, á, að húsin á jörðinni Hópi 3 í Grindavík væru til sölu. Kveðst þá Karl hafa farið ásamt bróður sínum Gunnari Andrési og þriðja manni og skoðað eignir þessar. Þeir hafi þar hitt aðalstefnda Jónas, er hafi sýnt þeim eignirnar og sagt, að þær væru til sölu. Ekkert hafi verið ákveðið í ferð þessari um kaup. Nefndur Björn hafi enn eggjað þá bræður á að kaupa, og hafi þeir aftur skoðað eignirnar. Nokkru síðar hafi Björn bent honum á, að hugsanlegt væri að hafa makaskipti á húseign þeirra bræðra að Kópavogsbraut 31 og Hópi 3. Hafi talazt svo til, að aðalstefndu kæmu og skoðuðu húseign þessa. Þeir hafi komið nokkru síðar ásamt nefndum Birni, en ekki hafi orðið úr makaskiptunum. Eftir nokkrar umræður hafi það orðið úr, að þeir aðalstefnendur reyndu að selja húseign sína að Kópavogsbraut 31 og keyptu síðan Hóp 3. Kveðst Karl hafa talið, að aðalstefndi Jónas ætti einn þá eign. Aðalstefndi Ósvaldur hafi getið þess, að hann ætti fé hjá aðalstefnda Jónasi, og ef hann fengi kr. 20.000.00 út úr sölu á Hópi 3, mætti Jónas ráðstafa þeirri eign, eins og honum sýndist. Síðan hafi þeir aðalstefnendur reynt að selja húsið að Kópavogsbraut 31, en það hafi dregizt. Þá hafi þeim verið boðið að taka Hóp 3 á leigu. Hafi samizt um það, og leigumálinn verið undirritaður þann 19. apríl 1951. Hefur efni hans áður verið rakið. Í leigusamningnum hafi ekkert verið um það rætt, hvernig væntanlegt kaupverð skyldi greiðast, en þeir bræður hafi verið búnir að ræða um það atriði við Jónas. Hafi þeir talað svo um, að greiðast skyldu út kr. 20.000.00, sem aðalstefndi Ósvaldur skyldi fá. Afganginn, kr. 46.000.00, skyldu þeir greiða með því að taka að sér skuld við Veðdeild Landsbankans og gefa út veðskuldabréf fyrir eftirstöðvunum, og skyldi það greiðast með jöfnum afborgunum á 10 árum. Nokkru síðar hafi þeir bræður hitt þá aðalstefnda Jónas og bróður hans Björn. Hafi þeir Jónas og Björn þá lagt fram vélritaðan samning í nokkrum eintökum um þetta atriði. Hafi þeir aðalstefnendur og aðalstefndi Jónas undirritað tvö eintök af samningi þessum. Jónas hafi fengið annað eintakið, en aðalstefnandinn Gunnar Andrés hitt, en það hafi nefndur Björn tekið til geymslu. Sjálfur kveðst Karl

hafa fengið eitt eintak, sem hafi aðeins verið undirritað af honum og Gunnari Andrési. Samningur þessi, sem einhverra hluta vegna hafi verið dags. 17. apríl 1951, hafi verið vélritaður, en margleiðréttur með bleki og því litið illa út. Kveðst Karl því hafa farið með sitt eintak til tengdamanns síns eins, sem hafi látið vélrita samninginn að nýju í þremur eintökum. Síðan kveðst Karl hafa ritað undir öll eintökin, bæði sitt nafn og nafn Gunnars Andrésar með hans leyfi. Björn Gíslason hafi síðan tekið við öllum eintökunum til þess að fá undirskrift aðalstefnda Jónasar. Nokkru síðar hafi hann komið með eitt eintakið undirritað af Jónasi. Þessi samningur hafi einnig verið dagsettur 17. apríl 1951. Samningur þessi (dskj. 4) hljóðar svo:

„Við undirritaðir gerum með okkur svofelldan samning: Ég Jónas Gíslason, bóndi á Hópi 3, Grindavík, hefi selt þeim Karli Péturssyni og Andrési Péturssyni jörðina Hóp 3 með erfðafestulandi á leigu í næstkomandi fimm ár að telja frá fardögum 1951 með forgangsrétti. Skuldbind ég mig til að afsala eigninni hvenær á leigutímanum gegn því að þeir greiði mér kr. 20.000.00 — tuttugu þúsund krónur — í peningum upp í kaupverð eignarinnar, sem er kr. 66.000.00 — sextíu og sex þúsund krónur. Eftirstöðvar kaupverðsins greiðist með skuldabréfi, sem tryggt er með öðrum veðrétti á eftir veðdeildarskuld, sem á eigninni hvílir með fyrsta veðrétti.

Skuldabréfið skal greiðast með jöfnum greiðslum á næstkomandi 10 árum með 5% ársvöxtum, reiknað frá þeim degi, er kaupin fara fram.

Ofanrituðum samningi erum við allir samþykkir, og er hann óuppsegjanlegur á næst komandi fimm árum.

Þessu til staðfestingar ritum við nöfn okkar í viðurvist votta".

Hann hafi hins vegar verið gerður alllöngu eftir þann tíma og eftir að leigusamningurinn hafi verið gerður. Þeir bræður, aðalstefnendur, hafi síðan flutt að Hópi 3. Þann 18. júlí 1951 hafi margnefndur Björn Gíslason komið þangað ásamt manni einum. Hafi þeir falað til kaups vélbát einn af þeim bræðrum, aðalstefnendum. Hafi þeir boðið kr. 60.000.00 í bátinn, og kveðst Karl hafa samþykkt það verð, enda yrðu kr. 20.000.00 greiddar út. Þeir Björn og félagi hans hafi hins vegar enga peninga haft, og hafi því ekkert orðið úr þessu meira. Karl kveðst þenna dag hafa verið að fara á brott á síldveiðar. Rétt áður en hann færi, hafi Jónas komið á sinn fund og farið þess á leit, að Karl seldi Birni bátinn, enda gengi Jónas í ábyrgð fyrir greiðslum öllum. Kveðst Karl þá hafa sagt Jónasi, að ef Jónas greiddi kr. 20.000.00 fyrir Björn, skyldi hann fá bátinn, en þessar kr. 20.000.00 skyldu ganga upp í kaupverð jarðarinnar samkvæmt samningi þeirra. Jónas hafi lofað þessu, en sagt, að hann gæti ekki gefið aðalstefnendum afsal fyrir Hópi 3, fyrr en hann hefði greitt aðalstefnda Ósvaldi þessar kr. 20.000.00, en það skyldi

hann gera og gefa afsal fyrir eigninni. Þá kveðst Karl hafa tjáð Jónasi, að hann skyldi segja aðalstefnanda Gunnari Andrési, að selja mætti Birni og félaga hans bátinn með þessum kjörum, en nafngreindur lögfræðingur skyldi ganga frá samningum öllum. Síðan kveðst Karl hafa farið á brott. Er hann hafi komið heim nokkru síðar, hafi hann rætt við Jónas, er hafi sagt, að allt stæði af sinni hendi. Er haustaði, kveðst Karl hafa farið að ganga eftir afsalinu frá Jónasi. Hann hafi lofað öllu fögru, en ekki orðið úr efndum. Í byrjun októbermánaðar kveðst Karl hafa farið á fund aðalstefnda Ósvalds og sýnt honum samninga þá, er gerðir höfðu verið við Jónas. Ósvaldur hafi tekið því illa að selja Hóp 3. Þó hafi hann reynt að fá Björn Gíslason til að skila aftur bátnum, en það hafi ekki fengizt. Þann 19. október s. á. hafi hann rætt þessi mál við Ósvald. Ósvaldur hafi þá krafizt að fá kaupverð Hóps 3 greitt þann dag, ef af kaupunum ætti að verða. Það kveðst Karl ekki hafa getað og óskað eftir fresti, en því hafi Ósvaldur neitað. Sama dag tilkynntu aðalstefnendur aðalstefndu, að þeir vildu halda fast við ákvæðið í samningi þeirra um forkaupsrétt að eigninni.

Aðalstefnandinn Gunnar Andrés hefur skýrt á sömu lund frá atvikum öllum og bróðir hans Karl. Að því er varðar bátssöluna, þá hefur Gunnar Andrés skýrt svo frá, að aðalstefndi Jónas hafi komið með þau skilaboð frá Karli, að hann samþykkti söluna á bátnum til Björns Gíslasonar, ef Jónas ábyrgist, að kr. 20.000.00 yrðu greiddar sem afborgun á kaupverði Hóps 3. Kveðst Gunnar Andrés hafa spurt Jónas að því, hvort hann gæti gefið afsal fyrir jörðinni, en Jónas hafi sagt, að það gæti hann ekki, fyrr en hann hefði greitt aðalstefnda Ósvaldi kr. 20.000.00, en afsal myndi gefið um haustið. Næsta dag, þann 19. júlí, hafi þeir farið til Reykjavíkur Gunnar Andrés, Jónas, Björn Gíslason og félagi hans. Lögfræðingur sá, sem Karl hafi óskað að gengi frá samningum öllum, hafi ekki verið í bænum, og hafi þá Björn boðizt til að gera samninga alla. Hafi síðan verið gefið út afsal fyrir bátnum. Þeir Björn og félagi hans gáfu þá út veðskuldabréf að fjárhæð kr. 30.000.00, tryggt með öðrum veðrétti í bátnum. Í veðskuldabréfinu er ákveðið, að ⅕ hluti af brúttó afla bátsins skyldi ganga til greiðslu skuldabréfs þessa, unz skuldin væri að fullu greidd. Þá var ákveðið, að fyrstu 20.000.00 krónurnar af aflahluta þessum skyldu ganga til aðalstefnda Jónasar. Þá gaf aðalstefndi Jónas út svohljóðandi yfirlýsingu: „Ég undirritaður Jónas Gíslason, Hópi, Grindavík, lýsi því yfir, að ég tek að mér samkvæmt samningi að greiða Ósvaldi Knudsen 20 þús. — tuttugu þúsund krónur —". Yfirlýsing þessi er dagsett 19. júlí 1951 (dskj. nr. 9).

Ekki verður séð í máli þessu, að þeir Björn Gíslason og félagi hans hafi nokkuð greitt af kaupverði bátsins, enda aldrei krafðir. Bátur þessi mun að lokum hafa verið seldur á nauðungaruppboði og aðalstefnendur ekkert fengið greitt.

Aðalkröfu sína í máli þessu byggja aðalstefnendur á því, að með leigusamningnum frá 19. apríl 1951 hafi þeir öðlazt kauprétt á Hópi 3 fyrir kr. 66.000.00. Þar sem þar hafi eigi verið endanlega gengið frá því, hvernig kaupverðið skyldi greiðast, hafi verið nánar um það samið með síðari samningnum við aðalstefnda Jónas (dskj. nr. 4). Sá samningur sé því aðeins nánari skýring á leigusamningnum. Á þessum tíma hafi þeim ekki verið um annað kunnugt en að aðalstefndi Jónas væri eigandi eigna þessara. Hvernig svo sem sambandi aðalstefndu sé háttað, þá hafi aðalstefndi Jónas einn ætíð komið fram sem fyrirsvarsmaður eigna þessara. Þeir hafi því mátt líta svo á, að Jónas hefði fullt umboð til að ráðstafa þeim. Þessu til staðfestu hafi verið sú yfirlýsing aðalstefnda Ósvalds að Kópavogsbraut 31, að Jónas mætti ráðstafa eignunum eins og hann vildi, ef Ósvaldur fengi greiddar kr. 20.000.00. Með samkomulaginu í sambandi við bátssöluna þann 19. júlí 1951 hafi þeir í raun og veru greitt kr. 20.000.00 upp í kaupverðið, sem Jónas hafi skuldbundið sig til að greiða til Ósvalds. Eftirstöðvar kaupverðsins, kr. 46.000.00, eigi þeir að greiða með því að taka að sér veðskuldina við Veðdeild Landsbankans og með því að gefa út veðskuldabréf fyrir eftirstöðvunum. Til þess séu þeir reiðubúnir, enda fái þeir afsal fyrir eignunum.

Varakröfu sína byggja aðalstefnendur á því, að þótt greiðslusamkomulagið við aðalstefnda Jónas verði ekki talið bindandi, þá hafi þeir þegar greitt kr. 20.000.00 upp í kaupverðið og eigi heimtingu á afsali fyrir eignunum, enda greiði þeir eftirstöðvarnar af kaupverðinu, kr. 46.000.00, með reiðu fé.

Þrautavarakrafan er við það miðuð, að ekki verði talin gild margnefnd 20.000.00 króna greiðsla upp í kaupverðið, en fyrrgreint greiðslufyrirkomulag við aðalstefnda Jónas metið gilt.

Síðustu varakröfu sína byggja aðalstefnendur á því, að hvernig svo sem litið verði á greiðslur þær, sem þeir telja þegar hafa farið fram upp í kaupverðið og margnefnt greiðslufyrirkomulag, þá eigi þeir samkvæmt leigusamningnum frá 19. apríl 1951 skýlausan kauprétt á eignum þeim, sem hér um ræðir, fyrir kr. 66.000.00, enda hafi þeir örugglega tilkynnt aðalstefndu innan tilskilins frests, að þeir hyggðust neyta kaupréttarins.

Aðalstefndi Jónas hefur skýrt svo frá atvikum, að um vorið 1951 hafi aðalstefnendur falazt eftir kaupum á Hópi 3. Ekkert hafi orðið úr kaupum, en þeir aðalstefndu hafi leigt aðalstefnendum eignina til fimm ára og gefið þeim sex mánaða frest til væntanlegra kaupa. Í samtali milli þeirra aðalstefndu að Þórsgötu 28 A, hér í bæ, hafi aðalstefndi Ósvaldur sagt eða gefið í skyn, að ef hann fengi 20.000.00 króna afborgun af söluverði eignanna, þá réði Jónas, hvað hann gerði. Kvaðst Jónas hafa skilið þetta svo, að þá réði hann, hvernig yrði háttað greiðslu eftirstöðva kaupverðsins. Síðar kveðst Jónas hafa samið svo við þá aðalstefnendur, að þeir greiddu kr.

20.000.00 til Ósvalds og að þeir mættu greiða eftirstöðvar kaupverðsins á 10 árum með jöfnum afborgunum, vextir skyldu vera 5% á ári og gjalddagi 1. nóvember ár hvert. Um þetta hafi verið skrifaður samningur, en ekki undirritaður, enda átt að vélritast. Kveðst Jónas hafa farið til Grindavíkur, án þess að undirrita samninginn. Nokkru síðar hafi Björn Gíslason, bróðir hans, komið til Grindavíkur og sagzt vera með samninginn til undirskriftar. Jónas kveðst hafa undirritað samninginn, án þess að lesa hann, og látið sitt eintak í hirzlu. Löngu seinna hafi hann lesið samninginn yfir og þá séð, að efni hans var að verulegu leyti annað en hann hefði talið og um hafði verið talað. Þannig hafi nú staðið í skjalinu (dskj. 4), að hann væri skyldugur til að gefa út afsal fyrir eignunum, hvenær sem væri á samningstímabilinu, fyrir kr. 66.000.00, en um þetta hafi ekki verið talað. Þá hafi verið tekið fram, að samningurinn skyldi vera óuppsegjanlegur í fimm ár og að aðalstefnendur hefðu forgangsrétt til leigu. Um þetta hafi alls ekki verið samið. Kveðst Jónas hafa skýrt Birni bróður sínum frá þessu, er hann varð þess var. Þeir bræður, aðalstefnendur, hafi flutt að Hópi 3. Þeir hafi verið mjög félitlir, og hafi hann lánað þeim bæði vörur og peninga og auk þess selt þeim einhvern bústofn, sem þeir hafi þó ekki greitt. Er þeir Björn Gíslason og félagi hans hafi verið að ræða um bátskaupin við aðalstefnendur, þá hafi hann ekkert skipt sér af því. Er slitnað var upp úr öllum samningum, hafi hann farið og rætt við aðalstefnandann Karl. Hafi Karl þá talað um að greiða þyrfti kr. 20.000.00 til Ósvalds fyrir 19. október 1951. Kveðst Jónas þá hafa sagt Karli, að ef á þyrfti að halda, myndi hann hjálpa honum með greiðsluna til Ósvalds, og þyrfti bátssalan ekki að stranda á því, þótt Björn gæti ekki greitt kaupverðið út. Hann hafi ætlað að leyfa Karli að greiða um kr. 11.000.00, er hann skuldaði honum (Jónasi), til Ósvalds og lána honum viðbótina. Hins vegar hafi hann enga ábyrgð tekið á greiðslu kaupverðs bátsins. Karl hafi þá beðið Jónas, að skila því til Gunnars Andrésar, að selja mætti bátinn og að nafngreindur lögfræðingur gerði samninga um það. Þetta kveðst hann hafa gert. Næsta dag hafi þeir síðan farið til Reykjavíkur, Gunnar Andrés, Björn, félagi hans og aðalstefndi Jónas. Hafi þar verið ritað afsal fyrir bátnum og veðskuldabréf, er þeir hafi gefið út Björn og félagi hans. Kveðst Jónas hafa ritað undir það sem vottur, en eigi vitað efni þess. Þá kveðst Jónas hafa ritað undir yfirlýsingu um að greiða aðalstefnda Ósvaldi kr. 20.000.00 (dskj. 9). Seinna hafi Björn talað um, að hann ætti að afhenda Jónasi fé vegna þessara skipta, en aldrei hafi neitt fé borizt frá honum. Aðalstefndi Jónas kveðst ekkert hafa rætt um þessi mál við aðalstefnda Ósvald, og muni honum ekki hafa verið kunnugt um þetta fyrr en löngu síðar.

Aðalstefndi Ósvaldur hefur skýrt svo frá atvikum, að í aprílmánuði 1951 hafi aðalstefndi Jónas komið til hans og rætt um, hvort hann vildi eigi selja eignir þeirra í Grindavík. Kveðst Ósvaldur hafa tekið

lítið á því. Nokkru síðar hafi Jónas enn komið og talað um hugsanleg makaskipti á eignum þessum og húsi, er þeir ættu aðalstefnendur. Ósvaldur segist þá hafa skoðað hús þeirra bræðra, en strax talið, að slíkt kæmi ekki til mála. Enn síðar hafi Jónas komið og sagt, að aðalstefnendur vildu kaupa Hóp 3 fyrir kr. 66.000.00, enda fengi hann að vera þar áfram. Hins vegar hafi hann getið þess, að þeir myndu ekkert geta greitt í bili af kaupverðinu. Kveðst Ósvaldur ekkert hafa viljað við þetta eiga, en stungið upp á, að aðalstefnendur tækju eignina á leigu til nokkurra ára. Þetta hafi orðið að samkomulagi og að aðalstefnendur skyldu hafa forkaupsrétt að eigninni í næstu sex mánuði fyrir kr. 66.000.00. Gengið hafi verið frá skriflegum leigusamningi og hann undirritaður þann 19. apríl 1951. Sérstaklega hefur Ósvaldur lýst því yfir, að hann minnist þess ekki að hafa sagt Jónasi eða öðrum, að Jónas mætti ráðstafa eignunum, ef hann (Ósvaldur) fengi greiddar kr. 20.000.00, né að hann myndi láta sér nægja 20.000.00 króna útborgun fyrir sinn hluta. Síðan kveðst Ósvaldur ekkert hafa um þessi mál heyrt fyrr en snemma í október 1951, er aðalstefnandinn Karl hafi komið á hans fund. Hafi Karl sýnt honum ýmsa samninga, er hann teldi sig hafa gert við Jónas og Björn Gíslason. Karl hafi þá farið þess á leit, að forkaupsréttarheimildin yrði eitthvað framlengd og Ósvaldur léti sér nægja kr. 20.000.00 útborgun í sinn hlut. Kveðst Ósvaldur ekki hafa á þetta fallizt. Þó kveðst hann hafa farið að beiðni Karls á fund Björns Gíslasonar til að reyna að fá hann til að gefa eftir bátskaupin, en það hafi verið árangurslaust. Þann 19. október hafi þeir Karl enn rætt um þessi mál. Kveðst Ósvaldur þá hafa sagt, að þeir bræður gætu fengið eignirnar, ef þeir greiddu kaupverðið þann dag. Sérstaklega kveðst Ósvaldur hafa sagt, að hann vildi selja að sínu leyti, ef Karl greiddi þá þegar hálft kaupverðið, kr. 33.000.00, að frádregnum hálfum veðskuldum, sem á eigninni hvíldu. Þetta hafi Karl ekki getað. Sama dag hafi honum borizt tilkynning frá aðalstefnendum um, að þeir héldu fast við forkaupsréttinn, en enga greiðslu hafi þeir boðið fram.

Sýknukröfu sína, að því er varðar aðal-, vara- og þrautavarakröfu aðalstefnenda, byggja aðalstefndu á því, að aðalstefnendur hafi aldrei keypt eignir þær, er hér um ræðir, og geti því ekki krafizt afsals fyrir þeim. Samningur þeirra við aðalstefnda Jónas skipti hér ekki máli þegar af þeirri ástæðu, að hann hafi ekki einn haft heimild til að ráðstafa allri eigninni og um það hafi aðalstefnendum verið kunnugt. Hafa aðalstefndu sérstaklega mótmælt því, að aðalstefnendur hafi greitt kr. 20.000.00 upp í kaupverðið eða að aðalstefndi Jónas hafi tekið að sér greiðslu á því.

Að því er varðar síðustu varakröfu aðalstefnenda, þá hafa aðalstefndu talið, að fyrrgreindur forkaupsréttur hafi verið bundinn við 6 mánuði. Þar sem aðalstefnendur hafi eigi neytt hans á þeim tíma og greitt hið umsamda kaupverð, þá sé hann þar með niður fallinn.

Eiginkona aðalstefnanda Karls hefur skýrt svo frá, að er aðalstefndi Ósvaldur kom og skoðaði húseignina við Kópavogsbraut 31, þá hafi hann sagt, að hann hefði lánað Jónasi fé og væri ánægður, ef hann fengi greiddar kr. 20.000.00, og mætti þá Jónas ráðstafa eftirstöðvunum.

Björn Gíslason hefur skýrt svo frá, að vorið 1951 hafi Ósvaldur látið þau orð falla heima hjá honum að Þórsgötu 28 A, að ef hann (Ósvaldur) fengi 20.000.00 króna útborgun upp í söluverð síns hluta jarðarinnar, þá mætti Jónas ráða sölu jarðarinnar. Að því er varðar samning þeirra aðalstefnenda og aðalstefnda Jónasar (dskj. 4), þá kveðst Björn þessi hafa ritað undir skjalið sem vottur. Hafi aðalstefnandinn Karl komið með skjal þetta, og þá hafi hann og Gunnar Andrés verið búnir að skrifa undir það. Kveðst Björn ekki hafa lesið skjalið né athugað dagsetningu þess. Aðalstefndi Jónas hafi þá ekki verið búinn að rita undir skjalið. Síðan kveðst Björn hafa farið með skjalið til Grindavíkur, og þar hafi Jónas undirritað það.

Þegar virtar eru skýrslur þær, sem að framan greinir, þykir ekki fyllilega sannað, að aðalstefndi Ósvaldur hafi samþykkt, að aðalstefndi Jónas mætti ráðstafa hinum umdeildu eignum gegn því, að hann fengi þegar greiddar kr. 20.000.00. Geta aðalstefnendur því ekki reist rétt sinn á því atriði.

Svo sem áður getur, er aðalstefndi Ósvaldur þinglesinn eigandi að mestum hluta hinna umdeildu eigna, og aðalstefnendur sömdu við báða aðalstefndu um leigu á þeim. Verður því ekki annað talið en að aðalstefnendum hljóti að hafa verið ljóst, að aðalstefndu voru sameigendur að eignum þessum. Samkvæmt því og þar sem alveg er ósannað, að aðalstefndi Jónas hafi haft nokkurt umboð frá aðalstefnda Ósvaldi til einhliða ráðstöfunar á eignum þessum, verður ekki séð, að samningur þeirra aðalstefnenda og aðalstefnda Jónasar, dags. 17. apríl 1951, en talinn gerður eftir 19. s. m., bindi aðalstefnda Ósvald á nokkurn hátt, enda hlýtur aðalstefnendum að hafa verið það ljóst við þá samningsgerð. Í leigusamningi aðiljanna frá 19. apríl 1951 eru engin ákvæði um það, hvernig kaupverðið, ef til kæmi, skyldi greitt. Virðast því aðalstefndu hafa átt heimtingu á því, að það yrði allt greitt þegar í stað með reiðufé. Með vísan til þessa og þess, sem áður getur um það, að aðalstefnendur hefðu mátt vita um heimildarskort aðalstefnda Jónasar til að ráðstafa allri eigninni, þá þykja þeir eigi geta krafizt afsals úr hendi beggja aðalstefndu, nema kaupverðið væri allt greitt. Hvernig svo sem líta má á yfirlýsingu aðalstefnda Jónasar frá 19. júlí 1951, þá verður ekki talið, að í henni hafi falizt lögleg greiðsla af hendi aðalstefnenda. Samkvæmt þessu verður hvorki aðal-, vara- eða þrautavarakrafa aðalstefnenda tekin til greina.

Að því er varðar síðustu varakröfu aðalstefnenda, þá þykir mega fallast á, þegar virt eru ákvæði 6. gr. leigusamningsins frá 19. apríl 1951, að þar sé um kauprétt að ræða. Þegar virt eru atvik öll, þykir

eðlilegast, þrátt fyrir óljóst orðalag, að skilja þetta ákvæði svo, að réttur þessi félli niður, ef aðalstefnendur neyttu hans ekki á næstu sex mánuðum. Fram er komið í málinu, að innan þess tíma kom ekki fram löglegt greiðslutilboð af hendi aðalstefnenda. Var greiðsla eigi boðin fram fyrr en í máli þessu. Kaupréttur sinn er því niður fallinn, og skiptir því tilkynning aðalstefnenda frá 19. október 1951 ekki máli. Verður þessi krafa aðalstefnenda ekki tekin til greina.

Samkvæmt þessu verður að sýkna aðalstefndu af öllum kröfum aðalstefnenda í aðalsök, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gagnsök:

Kröfur sínar um, að metin verði gild rifting þeirra á leigumála aðilja frá 19. apríl 1951, byggja gagnstefnendur á því, að gagnstefndu hafi rofið hann í verulegum atriðum. Þeir hafi ekki greitt hina samningsbundnu leigu og ekki boðið hana fram, þrátt fyrir næg tilefni til slíks. Þá hafi þeir eigi greitt erfðaleigugjald eða opinber gjöld af eignunum, svo sem þeim hafi borið, fyrr en við munnlegan flutning máls þessa. Loks hafi þeir hrakið gagnstefnandann Jónas á brott frá Hópi 3, en honum hafi einmitt verið áskilinn sérstakur réttur til að búa þar. Með vísan til þessa telja gagnstefnendur, að samningsrof gagnstefndu séu slík, að leigumálinn hljóti að vera niðurfallinn og gagnstefndu skylt að víkja af eignunum.

Sýknukröfu sína að þessu leyti byggja gagnstefndu á því, að þeir hafi búið á Hópi 3 frá því í júlímánuði 1951 sem eigendur. Þeim hafi því aðeins borið að greiða leigu til þess tíma, og það séu þeir reiðubúnir til að greiða. Að því er varðar afborgun og vexti af veðdeildarláni, erfðaleigugjald og opinber gjöld af eigninni, þá hafa gagnstefndu viðurkennt skyldu sína til að greiða það fé, en talið ástæðuna til þess, að þeir greiddu það eigi fyrr, hafa verið þá, að mikil óvissa ríkti um þessi skipti öll, auk þess sem gagnstefnendur hafi greitt þau óbeðnir.

Þá hafa gagnstefndu talið, að þeir hafi gert slíkar endurbætur á húsum og mannvirkjum að Hópi 3, að þeir eigi mun meira fé hjá gagnstefnendum en nemi leigugreiðslum. Þann 25. nóvember 1952 fengu gagnstefndu dómkvadda menn til að meta til fjár endurbætur þær, sem þeir hefðu gert á mannvirkjum þessum. Hinir dómkvöddu menn töldu, að hæfilegt verð fyrir endurbætur þessar væri kr. 10.390.40.

Loks hafa gagnstefndu algerlega mótmælt því að hafa hrakið gagnstefnandann Jónas frá Hópi 3. Hann hafi farið þaðan án þeirra tilverknaðar og megi koma þangað aftur, ef hann vilji.

Eins og fram kemur, þegar rætt var um aðalsök, verður ekki talið, að gagnstefndu hafi orðið eigendur að Hópi 3. Ber þeim því að greiða hina umsömdu leigu til gagnstefnenda, en gjalddagi hennar var 1. nóvember ár hvert. Þegar hins vegar er litið til vafa þess, sem ríkti

um eignarréttinn, og skipta aðiljanna, þá þykir ekki ástæða til að telja vanskil þau, sem á eru orðin, slík, að varði niðurfellingu leigusamningsins.

Með vísan til þessa og þar sem ósannað er, að gagnstefnendur hafi meinað gagnstefnandanum Jónasi dvöl að Hópi 3, þá verður riftingarkrafa gagnstefnenda ekki tekin til greina og gagnstefndu ekki dæmdir til að víkja af eigninni.

Með vísan til þess, sem sagt var, þegar rætt var um aðalsök hér að framan, þá verður að telja, að fyrrgreindur forkaupsréttur eða kaupréttur gagnstefndu að hinni leigðu eign sé niður fallinn.

Að því er varðar kröfu gagnstefnenda um, að yfirlýsingar gagnstefnandans Jónasar á dskj. 4 og dskj. 9 verði metnar ógildar, þá hefur þegar í aðalsök verið dæmt um gildi þeirra í þessu máli. Hins vegar þykja ekki efni til þess hér að meta gildi þeirra í öðrum samböndum.

Fjárkröfur sínar á hendur gagnstefndu sundurliða gagnstefnendur þannig:

1. Leiga í tvö ár	kr.	9600.00
2. Lóðarleigugjöld, brunabótagjöld og opinber gjöld af Hópi 3 fyrir árin 1951 og 1952	—	1070.80
3. Skaðabætur til gagnstefnandans Jónasar	—	3000.00
	Kr.	13.670.80

Um 1. Sýknukröfu sína, að því er þenna lið varðar, byggja gagnstefndu fyrst og fremst á því, að þeir hafi eignazt Hóp 3 í júlímánuði 1951 og beri ekki að greiða neina leigu eftir þann tíma. Verði ekki á það fallizt, telja þeir sig eiga gagnkröfu á hendur gagnstefnendum að fjárhæð kr. 10.390.40 vegna endurbóta þeirra, sem þeir hafi framkvæmt á mannvirkjum að Hópi 3 og áður hefur verið getið.

Eins og áður getur, verður ekki á það fallizt, að gagnstefndu hafi öðlazt eignarrétt að Hópi 3, og kemur þá sú sýknukrafa ekki til álita. Að því er varðar kröfu gagnstefndu um greiðslu fyrir endurbætur, er þeir hafi framkvæmt, þá þykir með vísun til ákvæða 5. gr. leigusamningsins ekki verða talið, að sú krafa verði gjaldkræf, fyrr en leigumálanum er lokið. Getur því slík krafa ekki komið hér til skuldajafnaðar. Með vísan til þess og þar sem fjárhæð kröfuliðar þessa er viðurkennd, verður hann tekinn til greina að öllu leyti.

Um 2. Við munnlegan flutning máls þessa greiddu gagnstefndu fé þetta, og veittu gagnstefnendur því móttöku með fyrirvara.

Um 3. Eins og áður getur, telur gagnstefnandinn Jónas, að hann hafi orðið að hrökklast frá Hópi 3 af völdum gagnstefndu. Þetta hafi haft í för með sér verulegan kostnað fyrir hann, sem gagnstefndu beri að bæta.

Gagnstefndu hafa algerlega mótmælt því, að þeir hafi átt nokkurn þátt í því, að gagnstefnandinn Jónas flutti frá Hópi 3. Hann geti því

ekki krafið þá um neinar bætur í því sambandi. Eins og áður getur, er ósannað, að gagnstefndu hafi átt sök á flutningi gagnstefnanda Jónasar frá Hópi 3, og verður þeim því ekki gert að greiða neinar skaðabætur af því efni.

Samkvæmt þessu ber gagnstefndu að greiða gagnstefnendum kr. 9600.00. Að því er varðar vexti, þá ber stefndu að greiða 6% ársvexti af kr. 5312.65 frá 29. nóvember 1951 til 1. nóvember 1952, af kr. 10.670.80 frá þeim degi til 28. maí 1953 og af kr. 9600.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Þann 28. desember 1951 létu gagnstefnendur leggja löghald á eignir gagnstefndu til tryggingar kröfum að fjárhæð kr. 8312.65. Eigi var stefnt til staðfestingar löghalds þessa, fyrr en með stefnu, útgefinni þann 17. janúar 1952. Slíkt var of seint, og er löghaldið því niðurfallið.

Þann 21. október 1952 létu gagnstefnendur aftur leggja löghald á eignir gagnstefndu til tryggingar kröfum að fjárhæð kr. 13.670.80. Löghaldi þessu var til laga haldið innan lögmælts tíma, og verður það staðfest, að því er varðar hinar dæmdu fjárhæðir.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að gagnstefndu greiði gagnstefnendum kr. 1500.00 í málskostnað.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Aðalstefndu, Jónas Gíslason og Ósvaldur Knudsen, skulu vera sýknir af kröfum aðalstefnenda, Karls D. Péturssonar og Gunnars A. Péturssonar, í aðalsök máls þessa, en málskostnaður falli niður.

Í gagnsök er fellt úr gildi löghald það, er gagnstefnendur létu leggja á eignir gagnstefndu þann 28. desember 1951.

Löghald það, er gagnstefnendur létu leggja á eignir gagnstefndu 21. október 1952 er staðfest.

Gagnstefndu greiði gagnstefnendum kr. 9600.00 með 6% ársvöxtum af kr. 5312.65 frá 29. nóvember 1951 til 1. nóvember 1952, af kr. 10.670.80 frá þeim degi til 28. maí 1953 og af kr. 9600.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað, en séu að öðru leyti sýknir af kröfum gagnstefnenda í gagnsök.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1955.

Nr. 130/1953. **Karl D. Pétursson** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Jónasi Gíslasyni (Einar B. Guðmundsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Lausafjárkaup.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. september 1953. Hann krefst þess, að dæmd fjárhæð verði lækkuð í kr. 4318.30, að löghald í eignum hans frá 21. október 1952 verði staðfest til tryggingar einungis þeirri fjárhæð, að hvor aðilja beri málskostnað sinn í héraði, en stefnda verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi stefnda hér fyrir dómi þykir greiðsla úr hendi áfrýjanda eftir 6. og 7. kröfulið stefnda eiga að lækka um kr. 190.40. Ákvæði héraðsdóms um aðra kröfuliði stefnda ber að staðfesta. Skuld áfrýjanda við stefnda nemur því samtals kr. 9165.10. Áfrýjandi telur til skuldar hjá stefnda fyrir fæði tímabilið 3. júní til 17. nóvember 1951, kr. 4442.20, og krefst hann skuldajafnaðar á þeirri fjárhæð við kröfur stefnda. Fæðisskuld þessari hefur eigi verið andmælt tölulega, og þar sem stefndi hefur eigi fært sönnur á, að hann hafi greitt hana með vinnu sinni eða á annan hátt, ber að taka kröfu áfrýjanda um skuldajöfnuð til greina. Samkvæmt þessu á áfrýjandi að greiða stefnda kr. 9165.10 ÷ kr. 4442.20 = kr. 4722.90 ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi greinir.

Ákvæði héraðsdóms um greinda löghaldsgerð ber að staðfesta.

Rétt er, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um framangreinda löghaldsgerð eiga að vera óröskuð.

Áfrýjandi, Karl D. Pétursson, greiði stefnda, Jónasi Gíslasyni, kr. 4722.90 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. janúar 1952 til greiðsludags.

Hvor aðilja á að bera kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. júní 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., hefur Jónas Gíslason, fyrrum bóndi að Hópi 3, Grindavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 12. janúar 1952, gegn Karli D. Péturssyni járnsmið, Hópi 3, Grindavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 9502.50 með 6% ársvöxtum frá 29. nóvember 1951 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómsins. Þá krafðist stefnandi þess, að staðfest yrði löghald, sem hann lét leggja á eignir stefnda þann 28. desember s.l. til tryggingar kröfum þessum.

Með framhaldsstefnu, útgefinni 23. október 1952, höfðaði stefnandi framhaldssök. Gerði hann þar þær dómkröfur, að staðfest yrði löghald, er hann lét leggja á eignir stefnda þann 21. s. m. til tryggingar stefnukröfunum.

Stefndi hefur krafizt lækkunar á kröfum stefnanda, að fyrrgreindar löghaldsgerðir verði úr gildi felldar og stefnandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Málsatvik eru þau, að um vorið 1951 flutti stefndi að Hópi 3, en þar hafði stefnandi búið. Stefnandi seldi stefnda nokkra gripi, ýmsar vörur og lánaði honum fé. Telur stefnandi sig því eiga hjá stefnda hina umdeildu skuld.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1. 1 pk. maís	kr.	98.00
2. ½ pk. bran	—	49.00
3. 11 kg. mör	—	110.00
4. 2 kálfshausar	—	25.00
5. Peningalán	—	1000.00
6. Túnáburður	—	882.00

7. Flutningur á áburði	—	70.00
8. 1 smál. kol	—	550.00
9. 1 pk. maís	—	148.00
10. ½ pk. bran	—	49.00
11. Leiga fyrir túnblett	—	200.00
12. Áburður	—	400.00
13. Sláttulaun	—	300.00
14. Sláttulaun	—	150.00
15. Andvirði seldra kúa	—	5471.50
	Kr.	9502.50

Um 1. og 2. Stefnandi kveðst hafa látið stefnda fá fóðurvörur þessar, skömmu eftir að hann flutti að Hópi 3.

Stefndi hefur mótmælt því, að hafa fengið vörur þessar.

Þar sem stefnandi hefur engin rök fært fyrir réttmæti þessara kröfuliða, verða þeir ekki teknir til greina.

Um 3., 4. og 5. Stefndi hefur viðurkennt að hafa fengið vörur þessar og peninga og engum athugasemdum hreyft gegn fjárhæðum þeirra. Verða þessir kröfuliðir því teknir til greina óbreyttir.

Um 6. og 7. Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi látið stefnda fá 8 sekki af ammonsulfasaltpétri, 1 sekk af tröllamjöli og 1 sekk af blönduðum áburði. Áburður þessi hafi kostað alls kr. 882.00. Þá hafi hann greitt fyrir flutning á áburði þessum kr. 70.00.

Stefndi hefur viðurkennt að hafa fengið einhvern áburð hjá stefnanda, en telur, að það hafi aðeins verið 3 sekkir, þó geti það hafa verið eitthvað meira.

Starfsmaður stefnda, en bróðir stefnanda, kveðst halda, að bornir hafi verið 8 sekkir af tilbúnum áburði á tún stefnda.

Með hliðsjón af því, að sannað er, að stefnandi keypti þetta áburðarmagn á þessu vori og hann bar á tún stefnda, þá þykir eftir atvikum rétt að taka þenna kröfulið til greina.

Um 8. Kröfuliður þessi er viðurkenndur af stefnda, og verður hann því tekinn til greina.

Um 9 og 10. Stefndi hefur ekki ákveðið neitað því að hafa fengið vörur þessar, og verður honum því gert að greiða verð þeirra. Þar sem verð það, sem stefnandi krefur, virðist ekki óeðlilega hátt, verða þessir kröfuliðir teknir til greina óbreyttir.

Um 11. og 12. Kröfuliðir þessir eru viðurkenndir af stefnda og verða því teknir til greina.

Um 13. og 14. Stefndi hefur viðurkennt, að stefnandi muni hafa greitt fyrir hann einhver sláttulaun, en kveðst ekki vita, hve mikil, og hefur því mótmælt þessum kröfulið sem of háum. Eftir atvikum öllum þykir þeim þó í hóf stillt, og verða þeir því teknir til greina óbreyttir.

Um 15. Stefndi hefur viðurkennt kröfulið þenna réttan, og verður hann því tekinn til greina.

Samkvæmt þessu verður að telja skuld stefnda við stefnanda kr. 9355.50.

Stefndi hefur krafizt þess, að til skuldajafnaðar kröfum stefnanda í máli þessu komi fjárkrafa, er hann eigi á hendur stefnanda. Kveðst hann hafa selt stefnanda fæði í 167 daga. Reiknar hann fæðið kr. 26.60 dag hvern, eða alls kr. 4442.20.

Stefnandi hefur viðurkennt að hafa haft fæði hjá stefnda. Hins vegar hafi hann einnig unnið að búi hans. Ekkert hafi verið um það samið fyrirfram, hvernig reikna skyldi fæðið og vinnuna. Hins vegar hafi orðið að samkomulagi um haustið 1951, að hann hefði fæði fyrir vinnu sína.

Stefndi hefur algerlega mótmælt því, að svo hafi samizt með þeim aðiljum, að stefnandi fengi fæðið fyrir vinnu sína. Stefndi hefur þó viðurkennt, að stefnandi muni eitthvað hafa unnið í hans þágu, en það hafi verið mjög lítið. Aldrei hafi verið samið um greiðslu, hvorki fyrir vinnuna né fæðið.

Í málinu er fram komið, að stefnandi og sameigandi hans höfðu leigt stefnda og bróður hans Hóp 3 og að stefnandi hafði áskilið sér að hafa þar til afnota ókeypis eitt herbergi með ljósi og hita. Þegar þess er gætt og annarra skipta aðiljanna á þessum tíma, þá þykir það hafa verulegar líkur með sér, að laun fyrir vinnu stefnanda og fæðisgjald hans hafi átt að fallast í faðma. Með vísan til þessa þykir ekki unnt að taka skuldajafnaðarkröfu þessa til greina.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 9355.50 með 6% ársvöxtum, sem reiknast frá stefnudegi 12. janúar 1952.

Að því er varðar löghald það, er stefnandi lét leggja á eigur stefnda þann 28. desember 1951, þá hefur því eigi verið nægilega snemma til laga haldið, og verður því fellt úr gildi.

Löghald það, sem stefnandi lét leggja á eignir stefnda þann 21. október 1952, verður hins vegar að metast réttilega á lagt, og verður það því staðfest.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1200.00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Löghald það, er stefnandi, Jónas Gíslason, lét leggja á eigur stefnda, Karls D. Péturssonar, þann 28. desember 1951, er úr gildi fellt.

Löghald það, er stefnandi lét leggja á eignir stefnda þann 21. október 1952, er staðfest.

Stefndi greiði stefnanda kr. 9355.50 með 6% ársvöxtum frá

12. janúar 1952 til greiðsludags og kr. 1200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. júní 1955.

Nr. 151/1954. **Ákæruvaldið** (Sigurgeir Sigurjónsson)
gegn
Stefáni Eiríki Sigurðssyni
og
Kristjáni Nóa Kristjánssyni (Ragnar Jónsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Lárusson prófessor.

Brot gegn bifreiðalögum. Sýknað af ákæru um manndráp af gáleysi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Umbúnaður á palli bifreiðar ákærðu, sá er í héraðsdómi getur, fullnægði engan veginn ákvæðum 5. tl. 7. gr. reglugerðar nr. 72/1937, en þau ákvæði taka til akstursins. Telja verður, að eigi hafi verið sýnd nægileg aðgæzla við aksturinn, miðað við, hversu var að fólkinu búið á pallinum. Varðar þetta ákærðu við 2. gr. laga nr. 24/1941, 27. gr. laga nr. 23/1941 og 3. tl. 7. gr. reglugerðar nr. 72/1937, sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941, að því er ákærða Kristján Nóa varðar.

Með vætti vitna er í ljós leitt, að Jónas heitinn Frímannsson sleppti taki á reipi því, er farþegum var ætlað að halda sér í, án þess að akstur bifreiðarinnar hafi nokkru þar um valdið, svo að sannað sé. Þykir því eiga að sýkna hina ákærðu af ákæru fyrir brot á 215. gr. laga nr. 19/1940.

Refsing ákærðu ákveðst samkvæmt 14. gr. laga nr. 24/1941 og 38. gr. laga nr. 23/1941 600.00 króna sekt til ríkissjóðs á hendur hvorum, og komi 4 daga varðhald í stað sektar hvors, ef hún greiðist eigi, áður en liðnar eru 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði hvor laun talsmanns síns í héraði, kr. 500.00. Allan annan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiði ákærðu in solidum, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærðu, Stefán Eiríkur Sigurðsson og Kristján Nói Kristjánsson, sæti hvor 600 króna sekt til ríkissjóðs og komi 4 daga varðhald í stað sektar, ef hún greiðist eigi, áður en 4 vikur eru liðnar frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Stefán Eiríkur greiði talsmanni sínum í héraði, Jónasi G. Rafnar hdl., kr. 500.00.

Ákærði Kristján Nói greiði talsmanni sínum í héraði, Friðrik Magnússyni hdl., kr. 500.00.

Ákærðu greiði in solidum allan annan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Sigurgeirs Sigurjónssonar og Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Sératkvæði
hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Öryggisbúnaður á palli vörubifreiðarinnar var ekki nægilega fullkominn, miðað við tölu fólks þess, sem á pallinum var, og vegalengd þá, sem fyrirhugað var að aka. Varðar vangæzla hinna ákærðu um þetta atriði við lagaákvæði þau, sem brot þeirra er heimfært undir í dómsatkvæði meiri hluta dómenda, að undanteknu ákvæði 5. töluliðs 7. gr. reglugerðar nr. 72/1937, sem ég tel ekki eiga hér við. Með þessari athugasemd er ég samþykkur niðurstöðu dómsatkvæðis meiri hluta dómenda.

Dómur sakadóms Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu
10. maí 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 14. þ. m., var höfðað hér fyrir dómi með ákæru, útgefinni af Dómsmálaráðuneytinu 9. október s.l.,

gegn hinum ákærðu, Stefáni Eiríki Sigurðssyni útvarpsvirkja, Krabbastíg 2, Akureyri, og Kristjáni Nóa Kristjánssyni skipasmið, Hríseyjargötu 22, Akureyri.

Málið er höfðað gegn ákærða Stefáni Eiríki fyrir brot á reglugerð um gerð og notkun bifreiða nr. 72/1937, 7. gr., 3. tölul. og 5. tölul., sbr. 9. gr., umferðarlögum nr. 24/1941, 2. gr. sbr. 14. gr., bifreiðalögum nr. 23/1941, 27. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr., og 215. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Þykir ákærði hafa brotið nefnd ákvæði með því að aka bifreiðinni A 86, eign meðákærða Kristjáns Nóa, frá Akureyri áleiðis að Víkum á Árskógsströnd laugardagskvöldið 27. júní s.l. með 4 farþega á palli bifreiðarinnar án þess að hafa traustan sætabúnað, eins og fyrir er mælt í 7. gr., 5. tölul., reglug. nr. 72/1937, svo og fyrir að sýna ekki nægilega aðgæzlu við aksturinn, með þeirri afleiðingu, að einn farþeganna, Jónas Frímannsson, Lundargötu 11, hér í bæ, féll út af pallinum á veginn nálægt Hvammi í Arnarneshreppi og hlaut svo stórfelld meiðsli, að hann andaðist næsta morgun.

Málið á hendur Kristjáni Nóa Kristjánssyni er höfðað fyrir brot á sömu ákvæðum ofannefndrar reglugerðar og 215. gr. alm. hegningarlaga.

Hann þykir hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að láta meðákærða Stefán Eirík aka bíl sínum A 86 með 4 farþegum á palli án þess að hafa traustan sætaumbúnað, eins og fyrir er mælt í reglugerð nr. 72/1937, 7. gr., 5. tl., en það þykir hafa verið aðalástæðan til þess, að einn farþeganna féll af pallinum og hlaut svo stórfelld meiðsli að hann andaðist næsta morgun.

Þess er krafizt, að báðir hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og að ákærði Stefán Eiríkur verði auk þess sviptur ökuréttindum samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga. Einnig að ákærðu verði dæmdir til greiðslu sakarkostnaðar.

Hinir ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna, Stefán Eiríkur fæddur að Dæli, Skagafjarðarsýslu, 6. febrúar 1921 og Kristján Nói fæddur í Lambadal í Dýrafirði 30. nóvember 1896. Þeir hafa hvorugur fyrr sætt kæru eða refsingu, svo að vitað sé, fyrir neitt afbrot.

Málavextir eru eins og nú skal greina. Laugardagskvöldið 27. júní s.l., kl. 22.30 var lögreglunni hér tilkynnt, að ökuslys hefði orðið þá fyrir skömmu á veginum nálægt Hvammi í Arnarneshreppi. Lögreglumenn fóru þegar á staðinn í sjúkrabifreið ásamt héraðslækni, og einnig fór bifreiðaeftirlitsmaður Snæbjörn Þorleifsson þangað í sérstakri bifreið. Þegar komið var á slysstaðinn, sem reyndist vera skammt sunnan við Hvamm, upplýstist, að þarna hefði verið á ferð vörubifreiðin A 86, eign meðákærða Kristjáns Nóa, en ökumaðurinn hafði verið meðákærði Stefán Eiríkur. Auk þessara manna hafði þetta fólk verið í bifreiðinni: Inni í húsinu við hlið ökumannsins hafði setið Yrza, kona Kristjáns Nóa, en á pallinum höfðu verið

fjórar manneskjur, ungur maður að nafni Gunnar Skarphéðinsson, meðákærði Kristján Nói, Jónas Frímannsson, 38 ára gamall, og Helga Björnsdóttir, kona hans, 33 ára að aldri. Gunnar hafði legið á pallinum, en hin þrjú höfðu setið á kassa aftan við húsið, konan í miðið, en karlmennirnir til hliðanna. Hafði Jónas heitinn, sem setið hafði hægra megin á bifreiðinni, fallið út af pallinum á greindum stað og var meðvitundarlaus, er að var komið. Hinn slasaði maður var strax borinn út fyrir veginn, og var síðan verið þar yfir honum, en jafnframt fór Gunnar Skarphéðinsson á næsta bæ, þar sem var sími, til að ná sambandi við Akureyri. Nokkrir erfiðleikar reyndust á að ná sambandi þangað, og er talið, að um ein klst. hafi liðið, frá því að slysið bar að, þar til lækni og lögreglu bar að. Eftir að þessir aðiljar voru komnir á vettvang, var hinn slasaði maður þegar fluttur á sjúkrahús Akureyrar, en hann komst aldrei til rænu og lézt þar daginn eftir.

Ákærði Kristján Nói Kristjánsson, sem gerst mátti vita um aðdraganda og atvik að greindri ferð ásamt Jónasi heitnum Frímannssyni, hefur skýrt þannig frá aðdraganda ferðarinnar og sjálfri ferðinni. Um það leyti er hann var að hætta vinnu um eftirmiðdag greindan dag, var Jónas Frímannsson, sem vann hjá honum og hafði unnið hjá honum um 10 ára bil við skipasmíðar, staddur hjá honum í bátaverkstæðinu, en hann hafði þó hætt vinnu um hádegi þann dag. Ákærði sagðist hafa vitað, að Jónas hafi átt kost á að kaupa bát af manni úti í Víkum á Árskógsströnd. Jónas bað nú ákærða að lána sér bílinn til að sækja nefndan bát. Alveg um þetta leyti komu þeir þarna að þeir ákærði Stefán Eiríkur Sigurðsson og Gunnar Skarphéðinsson, og sagðist Jónas þá fá Stefán til þess að keyra bílinn, en þeir ákærði Kristján Nói og Jónas höfðu hvorugir ökuréttindi. Þeir ákváðu síðan allir þessir fjórir að fara út á Árskógsströnd um kvöldið. Þegar heim kom, talaðist svo til með þeim Kristjáni Nóa og konu hans, Yrzu Kristjánsson, að hún væri með í nefndri ferð. Þegar átti að fara að halda af stað, kom í ljós, að kona Jónasar ætlaði einnig með, og kom hún þá einnig í bifreiðina, en ekki kvaðst ákærði hafa neitt um það vitað fyrr en þá.

Áður en lagt var af stað, var settur kassi á pall bifreiðarinnar fyrir fólkið, sem ekki komst í húsið, til að sitja á, og var breitt segl yfir, en kaðaltrossa bundin yfir bílpallinn framan við kassann, og voru kaðalstrengirnir þrír og voru hafðir með það miklum slaka, að fólkið hafði þá á knjám sér, þegar það sat á kassanum, nema Gunnar mun lítið hafa setið þar, heldur mun hann lengst af hafa setið á sjálfum pallinum. Á leiðinni út eftir tóku þau á sig krók til að koma við á Vindheimum á Þelamörk til að koma þangað hlut, og er talið, að það hafi tekið um ½ klst. Þegar komið var í námunda við Hörgá, var konu Kristjáns Nóa orðið kalt, og fór hún þá inn í húsið, en Helga kom þá upp á pallinn og sátu þau síðan þrjú á kassanum, eins og að framan greinir. Um þetta leyti eða nokkru

síðar, sagði ákærði, að Jónas heitinn og kona hans hafi talað um, að betra væri að snúa sér á kassanum þannig, að þau snéru bakinu í húsið, og var svo gert og snéru þau þannig, þegar slysið bar að, og í þeirri röð, sem áður greinir. Þegar þau sátu þannig, lá trossan eftir endilöngum kassanum fyrir aftan þau, og héldu þau sér í hana með því að halda með höndunum aftur með síðunum. Um það, er nú hefur verið frá greint, hefur fólkinu, sem var í bifreiðinni A 86 í greint sinn, yfirleitt borið saman, að því er máli virðist skipta og að því leyti, sem þau gátu um atvikin borið. Meðákærði Stefán Eiríkur hefur þó sagt, að aldrei hafi verið minnzt á Árskógsströnd, svo að hann heyrði, í sambandi við þetta, þegar farið var í ferðina, og að hann hafi ekki vitað um, hvar Víkur þessar væru, en kveðst helzt hafa haldið, að þær væru skammt utan við Hörgá, og einnig hefur hann haldið því fram, að aldrei hafi verið talað um við sig að sækja bát heldur einungis, að ætti að skoða hann.

Auk þess er að framan greinir, hefur ákærði Stefán Eiríkur skýrt þannig frá atvikum að því, er hann fór í greinda ferð. Síðari hluta greinds laugardags var hann staddur ásamt Gunnari Skarphéðinssyni, samstarfsmanni sínum, niðri við verkstæði Kristjáns Nóa Kristjánssonar á Oddeyrartanga. Hafi hann þá hitt þá Kristján Nóa og Jónas Frímannsson þar, og hafi þeir þá fært það í tal, að hann æki bifreiðinni fyrir þá út í Víkur, eins og þeir hafi orðað það, og kvaðst hann hafa lofað þessu, þar sem hann hafi ekki haft neitt að gera um kvöldið. Þá hefur ákærði borið, að þegar hann hafi komið að bifreiðinni um kvöldið, hafi verið búið að setja kassann á pallinn, og hafi hann þá óskað eftir, að fenginn væri kaðall fyrir fólkið til að halda sér í. Hann sagðist hafa tekið á kassanum og virtist hann vera vel stöðugur, enda hafi hann verið nokkuð þungur, þar sem hann var úr þykkum við. Ekkert hafði ákærði vitað, hvar eða hvenær fólkið hafði snúið sér við á kassanum, enda vissi hann ekkert um það fyrr en eftir slysið. Ekki vissi Stefán Eiríkur, hvort kassinn hefði verið festur, og mun svo ekki hafa verið. Gunnar Skarphéðinsson hefur um þessi atriði borið alveg eins og Stefán Eiríkur, en sagði enn fremur, að ekki hefði verið neitt stöðvað, þegar fólkið sneri sér á kassanum, og muni Stefán Eiríkur því ekkert hafa um það vitað.

Um akstur Stefáns Eiríks í greindri ferð hefur meðákærði Kristján Nói borið, að hann hafi ekið rólega, og sagðist hann álíta, að hraðinn hafi verið 30—35 km á klst., þegar slysið bar að. Þegar komið var út undir Hvamm, varð ákærða litið til hliðar og sá þá, að Jónas heitinn var að steypast út af pallinum. Svo að segja á sama augnabliki, sagði hann, að bifreiðin hefði verið stöðvuð, án þess að ökumanninum hefði verið gefið merki, og áleit, að hún hefði stöðvazt um 30 m frá slysstaðnum, en tók þó fram, að þetta væri aðeins ágizkun sín. Ákærði flýtti sér síðan að manninum, sem fallið hafði af bifreiðinni og lá nú yzt á veginum með höfuðið inn á veginum og

var nú sem dauður væri. Þá bar ákærði, að enginn slingur hafi komið á bifreiðina, þegar ekin var beygjan rétt sunnan við slysstaðinn, sbr. uppdráttinn, og ekki hafi bifreiðin heldur hossazt neitt, enda hafi vegurinn þarna verið vel sléttur. Einnig bar hann, að hann minnti, að Jónas heitinn hafi verið að fara í vasa sinn til að ná sér í eldspýtu eða cigarettu og sagðist því búast við, að hann hefði sleppt af kaðaltrossunni, en kvaðst þó ekki geta staðhæft, að hann hefði alveg sleppt af henni. Ekki varð ákærði áskynja neinnar annarrar orsakar til þess, að maðurinn féll, og varð þess ekki var, að bifreiðin hreyfðist þannig til, að það hefði getað verið orsök þess, að slysið varð, og ekki hafi kassinn, sem þau sátu á, hreyfzt alla leiðina. Ekki vissi ákærði til þess, að neinn, sem á bifreiðinni var, hafi verið undir áhrifum áfengis, og sjálfur kvaðst hann ekki hafa verið það. Ekki vissi ákærði annað en að bifreiðin hefði verið í lagi, og ekki sá hann neitt athugavert í fari Stefáns Eiríks.

Auk þess er að framan greinir, hefur Stefán Eiríkur borið eftirfarandi: Hann ók yfirleitt í þessari ferð á 30—35 km hraða miðað við klst. eftir ágizkun hans, og kvaðst hann eitt sinn á leiðinni frá slysstaðnum um kvöldið í bifreiðinni með bifreiðaeftirlitsmanninum hafa haft orð á því, að þá æki hann á svipuðum hraða og þegar slysið bar að, og hafi hraðinn þá reynzt vera 30—35 km. Þegar ákærði var kominn nálægt Hvammi, virtist honum sem eitthvað dytti niður hægra megin við bifreiðina og hemlaði hann þá samstundis, en þó ekki fullkomlega vegna fólksins á pallinum, til að athuga um þetta, en ekki varð hann þess áskynja, að honum væri gert neitt aðvart, en tók fram, að mikill hávaði hefði verið í bifreiðinni. Hann fór síðan strax út úr bifreiðinni og kom að Jónasi heitnum, þar sem hann lá á vegarkantinum, svo að segja samtímis Kristjáni Nóa. Ekki sagðist ákærði hafa orðið þess áskynja, að neinn slingur kæmi á bifreiðina, þegar hann ók beygjuna rétt sunnan við slysstaðinn eða á slysstaðnum, og sagðist myndi alveg hafa verið búinn að rétta bifreiðina af, þegar slysið varð, og ekki kvaðst hann heldur hafa verið að beygja fyrir neina ójöfnu á veginum, þegar slysið skeði, eða að hann yrði þess var, að neitt hreyfðist á pallinum, hvorki við slysstaðinn né annars staðar á leiðinni, þar til maðurinn datt á slysstaðnum. Ekki varð ákærði þess heldur var, að bifreiðin hossaðist meira á slysstaðnum en endranær. Þá sagði hann, að fólkið, sem sat á pallinum, hefði ekki minnzt á, að slæmt væri að vera þar, eða beðið hann að aka hægar. Ekki sagðist ákærði vita neitt um orsök þess, að maðurinn féll af bifreiðinni, aðra en þá, að fólkið, sem hjá honum var, hafi haft orð á því, að hann hafi ætlað að ná sér í cigarettu eða eldspýtu. Engin einkenni áfengisáhrifa sagðist ákærði hafa séð hjá Jónasi heitnum eða hinu fólkinu, sem hann var að flytja. Sjálfur kvaðst ákærði hafa verið vel fyrir kallaður við aksturinn í þetta skipti og ekki hafi hann vitað annað en að bifreiðin væri í góðu lagi.

Vitnið Gunnar Skarphéðinsson hefur borið, að hann hafi ekki vitað til, að þröngt væri um fólkið, sem sat á kassanum, og vissi ekki til, að kassinn hreyfðist neitt til á pallinum undir akstrinum. Einnig sagði vitnið, að bifreiðin hefði ekkert verið stöðvuð, þegar kassinn var færður og fólkið sneri sér á honum, og muni ökumaðurinn því ekkert hafa um það vitað. Hann sagði og, að ekið hefði verið vel alla leiðina, og telur, að hraðinn hafi aldrei farið yfir 40—50 km á klst. og síðast fyrir slysið, sagði vitnið, að hraðinn hafi ekki verið yfir 40 km á klst., og kvaðst hann álykta þetta um hraðann af því, hversu ökumaðurinn hafi verið fljótur að stöðva eftir slysið og að hann hafi aldrei fundið nein óþægindi af hraðanum og að enginn hafi minnzt á, að ekið væri of hratt, heldur hafi eitthvað verið haft orð á því gagnstæða. Ekki kvaðst vitni þetta hafa orðið þess vart, að slingur kæmi á bifreiðina á slysstaðnum eða við hann eða að bifreiðin hossaðist á þessu svæði. Ekki hafði vitnið haft auga með Jónasi heitnum síðast fyrir slysið, fyrr en hann varð þess áskynja, að Jónas var að detta af pallinum, og vissi ekkert ástæðu til þess af eigin raun, en sagði, að Kristján Nói hafi haft orð á því, að hann hafi þurft að fara í vasa sinn. Ekki sá vitnið ölvun eða að annað óvenjulegt væri í fari mannanna, sem á pallinum voru, eða ökumannsins. Vitnið áætlaði vegalengdina frá bifreiðinni, þar sem hún var stöðvuð, að hinum slasaða manni hafi verið um 20—30 m, og hemlaför, sem hann sá við bifreiðina, áleit hann að hefðu verið 3—4 m, en sagðist ekki hafa athugað þetta nákvæmlega.

Vitnið Yrza Kristjánsson hefur borið, að hún hafi fyrst setið á kassanum milli manns síns og Jónasar heitins og sagði, að rúmt hefði verið um þau og að kassinn hefði verið vel stöðugur og aldrei haggazt neitt. Ekki kveðst vitnið hafa orðið þess vart, að neitt varhugavert væri að sitja á kassanum. Við Hörgárbrú, sagði vitnið, að ökumaðurinn hefði stöðvað og hefði beðið fólkið að gæta sín og hefði vitnið þá þakkað honum fyrir hugulsemina og hafi hann ekið enn hægar eftir það. Vitnið sagði enn fremur, að á slysstaðnum hefði verið ekið mjög varlega og kvaðst viss um, að ekið hefði verið hægar en almennt sé hér í bænum, og varð þess ekki vör, að bifreiðin rótaðist neitt til eða hossaðist eða að nein breyting væri gerð á stefnunni. Þá sagði vitni þetta, að það hefði fundið áfengislykt af Jónasi heitnum, en sagðist ekki geta fullyrt, að hann hefði verið undir áhrifum áfengis, en ekki kvaðst vitnið geta ímyndað sér, að þótt Jónas hefði bragðað áfengi, þá hefði það getað valdið því, að hann dytti út af bifreiðinni. Loks sagði vitnið, að það hefði verið tilgangur ferðarinnar að sækja bát, sem Jónas heitinn hefði haft í huga að kaupa, ef Kristjáni Nóa litist á hann.

Vitnið Helga Björnsdóttir hefur skýrt svo frá, að hún hafi ekki orðið þess vör, að neitt væri þröngt fyrir þau að sitja á kassanum á pallinum eða að hún væri völt í sessi, og varð hún þess ekki vör, að kassinn hreyfðist, alla leiðina. Ekki sagðist vitnið geta um sagt,

hversu hart hefði verið ekið, og ekki sagðist vitnið hafa haft nein óþægindi af hraðanum, en sagði, að það hefði eins og einhvern veginn sezt í sig, að töluverð ferð hefði verið á bifreiðinni. Um atvik að sjálfu slysinu sagði vitnið, að það hefði orðið þess áskynja, að Jónas heitinn hefði sleppt þeirri hendinni, sem hann hélt sér með, af bandinu og hafi hallað sér svolítið aftur og rétt hendina upp og telur, að hann hafi ætlað að ná sér í cigarettu í brjóstvasa sínum, en í sama mund hafi hann steypzt út af bílnum. Þá bar vitnið, að því hefði ekki fundizt nauðsynlegt að halda sér í bandið, þótt hún gerði það, en sagði, að nokkru öðru máli hafi verið að gegna um þá, sem sátu til endanna. Ekki varð vitnið þess áskynja, að bifreiðin haggaðist neitt frekar á slysstaðnum en endranær, og varð þess ekki vör, að slingur kæmi á bifreiðina við slysstaðinn. Vitnið kveðst ekki hafa vitað annað en að Jónas heitinn hefði verið heill heilsu og allsgáður.

Snæbjörn Þorleifsson bifreiðaeftirlitsmaður fór á slysstaðinn strax um kvöldið, þegar slysið varð, og athugaði vettvang ásamt lögreglumanni héðan og skoðaði einnig bifreiðina og útbúnaðinn á palli hennar og hefur gefið um það vottorð. Einnig voru teknar ljósmyndir af slysstaðnum og af bifreiðinni og uppdráttur var gerður af slysstaðnum, og hefur þetta allt verið lagt fram við rannsókn málsins. Samkvæmt vottorðinu var lengdin á kassanum 1.25 m, breidd 0.42 m og hæð 0.50 m, en breidd á palli bifreiðarinnar er 2.12 m. Öll stjórntæki bifreiðarinnar reyndust fullkomlega í lagi. Við athugun reyndist útbúnaður á palli, eins og ákærðu höfðu lýst og tilgreint er hér að framan. Samkvæmt vitnaskýrslu bifreiðaeftirlitsmannsins var farið með sjúkrabifreiðina með öllu fólkinu, sem verið hafði á A 86 og eftir var, nema ökumanninn, um það bil er vitnið kom á staðinn, en það sá blóðblett á veginum, þar sem hinn slasaði maður hafði legið, og mældi vitnið frá honum að nyrðri enda hemlafara A 86 og reyndist það 20 m, en búið var þá að færa bifreiðina. Hemlaförin voru um einn meter á lengd, og voru þau sem næst um miðjan veginn. Ekki kvaðst vitnið hafa séð nein verksummerki á slysstaðnum, sem bent gæti til, að A 86 hefði verið ekið ógætilega síðast fyrir slysið. Ekki sá vitnið neitt athugavert í fari Stefáns Eiríks annað en það, að hann hefði verið nokkuð slappur eftir slysið, og sagði, að öruggt hefði verið, að hann hefði ekki verið búinn að neyta áfengis. Þurrt var um og bjart og gott veður. Lögreglumaður gerði uppdrátt af slysstaðnum, sbr. dskj. nr. 3 í rannsókninni. Samkvæmt honum er vegurinn á slysstaðnum um 4.10 m á breidd með halla ca 1:30. Um 15 m sunnan við slysstaðinn byrjar dálítil beygja á veginum, og um beygjuna slær vegurinn sér dálítið út, svo að beygjunnar virðist lítið gæta fyrir umferðina. Eftir vitnisburðunum og ljósmyndunum að dæma var vegurinn við slysstaðinn sæmilega sléttur.

Verður nú nánar vikið að sakargiftum á hendur hinum ákærðu,

og verður fyrst athugað um sakaratriði Stefáns Eiríks. Í 3. tölul. 7. gr. reglugerðar nr. 72/1937 segir, að þegar bifreiðarstjóri hefur leyft einhverjum að sitja eða standa á palli vörubifreiðar eða ofan á æki, skuli hann gæta sérstakrar varúðar. Svipaðs eðlis eru hin tilvitnuðu ákvæði 2. gr. umferðarlaga og 27. gr., 1. mgr., bifreiðalaga, það er, að bifreiðarstjóra beri að sýna fyllstu aðgæzlu og varúð við akstur. Um hraðann er það að segja, að báðir hinir ákærðu hafa áætlað hann 30—35 km á klst., og bæði Yrza Kristjánsson og Gunnar Skarphéðinsson hafa talið ekið mjög gætilega. Þá hefur allt fólkið, sem á pallinum var, borið, að kassinn hafi aldrei hreyfzt, og enginn varð þess var, að slingur kæmi á bifreiðina eða að hún hossaðist á eða við slysstaðinn eða að neitt það hafi verið við aksturinn, er gæti hafa valdið því sérstaklega, að maðurinn féll út af pallinum. Einnig er upplýst, að á og við slysstaðinn var vegurinn sæmilega sléttur. Þegar á þetta er litið og annað það, er fram hefur komið við rannsókn málsins, telur rétturinn, að ekki sé leitt í ljós, að ákærði Stefán Eiríkur hafi sýnt af sér ógætni við aksturinn í greint sinn, svo að varði við hina síðastgreindu lagastaði. Í 5. tölul. 7. gr. reglugerðar nr. 72/1937 segir, að þegar farþegar séu fluttir á vörubifreiðum, skuli vera traustur sætaumbúnaður með þeim hætti, sem nánar er lýst í greininni. Er þá fyrst að athuga, hvort alltaf sé skylda að hafa slíkan sætabúnað fyrir fólk, sem er flutt á palli vörubifreiðar, og ef svo er eigi, þá hvort það samt hafi verið skylt í þessu tilfelli. Samkvæmt orðalagi 3. tölul. greinarinnar er gert ráð fyrir því, að bifreiðarstjórar leyfi fólki að vera á palli vörubifreiðar eða jafnvel ofan á æki, og virðist það ekki varða neinum viðurlögum, nema ökumaðurinn gæti eigi nægilegrar varúðar. Samkvæmt 4. tölul. sömu greinar er heimilt að flytja hjálparmenn við vöruflutninga á palli vörubifreiðar, án þess að skilyrðum 5. tölul. sé fullnægt, ef traustar höldur séu á efri brún stýrishússins til að halda sér í, og sennilega gæti þetta átt við fleiri, ef líkt stæði á um þá og nægilegt rúm væri til að halda sér. Samkvæmt þessu eru nokkrar undantekningar frá því, að fullnægja þurfi 5. tölul. nefndrar greinar til að flytja megi fólk á palli vörubifreiðar, en ekki er þó vel skýrt, hvers konar frávik þetta séu. Samkvæmt eðli málsins virðist eðlilegast að líta svo á, að ákvæði 5. töluliðs eigi einkum við fólksflutninga í atvinnuskyni eða skipulagða flutninga, sem jafna má til þess. Samkvæmt framburðum beggja hinna ákærðu átti ekkert gjald að koma fyrir þessa ferð, hvorki aksturinn eða bifreiðarlánið, og hefur ekkert fram komið í rannsókninni, er bendi til þess gagnstæða, enda áttu hér í hlut nákunnugir menn. Samkvæmt því, sem nú er greint, ásamt því, að hér var um aðeins fáar manneskjur að ræða og að allt fólkið var á góðum aldri og ekkert óvenjulegt í fari þess, þá telur rétturinn, að ákærða Stefáni Eiríki hafi ekki borið lagaskylda til að hafa sætabúnað á bifreiðinni í greint sinn, eins og fyrir er mælt í 5. tölul. nefndrar reglugerðar, og ber því einnig að sýkna hann af því atriði

ákærunnar. Með tilvísun til þess, er nú hefur greint verið, og þess, sem að framan er sagt um útbúnaðinn á pallinum, telur rétturinn, að eigi sé sannað, að ákærði Stefán Eiríkur hafi sýnt af sér gáleysi, sem talið verði að hafi orsakað dauðaslys Jónasar heitins Frímannssonar, og ber þá einnig að sýkna hann af því ákæruatriði. Eftir þessa niðurstöðu ber einnig að sýkna ákærða af kröfunni um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði Kristján Nói Kristjánsson hefur verið ákærður samkvæmt framangreindu reglugerðarákvæði og 215. gr. alm. hegningarlaga sem eigandi bifreiðarinnar A 86. Með því að það, sem að framan er sagt um þessi ákæruatriði, á einnig við ákærða Kristján Nóa Kristjánsson, ber einnig að sýkna hann af þessu ákæruatriði og einnig 215. gr. alm. hegningarlaga. Þá ber og einnig að sýkna hann af kröfunni um greiðslu sakarkostnaðar. Samkvæmt framangreindri niðurstöðu ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan kostnað af máli þessu, þar á meðal þóknun verjenda hinna ákærðu, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 500 til hvors.

Fulltrúi bæjarfógeta á Akureyri, Sigurður M. Helgason, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Hinir ákærðu, Stefán Eiríkur Sigurðsson og Kristján Nói Kristjánsson, eiga að vera sýknir af öllum ákærum í máli þessu. Ríkissjóði ber að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 500.00 í talsmannslaun til Jónasar G. Rafnars hdl. og kr. 500.00 í talsmannslaun til Friðriks Magnússonar hdl.

Miðvikudaginn 22. júní 1955.

Nr. 59/1955. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Bæjargjaldkera Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 28. júní 1955.

Nr. 75/1953. Sigríður Einarsdóttir (Magnús Thorlacius)
gegn
Gísla Halldórssyni h/f
og
Gísla Halldórssyni (Gústaf A. Sveinsson)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Lárusson prófessor.

Búskipti hjóna. Krafa á hendur búinu.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfógeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 27. maí 1953. Krefst hún þess *aðallega*, að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar af nýju, en *til vara*, að kröfum gagnáfrýjanda Gísla Halldórssonar h/f í bú aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda Gísla Halldórssonar verði hrundið. Þá krefst aðaláfrýjandi þess einnig, að felld verði niður ómerking átalinna ummæla og að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða henni in solidum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu, útgefinni 10. júní 1953. Krefjast þeir þess *aðallega*, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur að öðru leyti en því, að vextir verði dæmdir frá 1. desember 1949 og að aðaláfrýjanda verði gert að greiða þeim málskostnað í héraði. *Til vara* krefjast þeir þess, að úrskurður skiptaráðanda verði staðfestur óbreyttur. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, hvernig sem málið fer.

Ómerkingarkröfu sína reisir aðaláfrýjandi á því, að skiptaráðandi hafi ekki í úrskurði sínum greint nægilega á milli einstakra liða í kröfu gagnáfrýjanda Gísla Halldórs-

sonar h/f á hendur búinu og ekki metið gildi þeirra hvers um sig. Þegar litið er til þess, að hér var um að tefla greiðslur svo þúsundum skipti, aðallega vegna heimilishalds aðaláfrýjanda Sigríðar Einarsdóttur og gagnáfrýjanda Gísla Halldórssonar um 10 ára bil, þá þykir skiptaráðandi hafa aðgreint kröfuliðina nægilega í hinum áfrýjaða úrskurði. Verður ómerkingarkrafan því ekki tekin til greina.

Þau málsaðiljarnir Gísli Halldórsson verkfræðingur og Sigríður Einarsdóttir gengu að eigast árið 1935. Gísli rak einkafyrirtæki á verkfræðisviði, sem aðalatvinna hans virðist hafa verið við bundin. Árið 1941 stofnaði hann ásamt eiginkonu sinni og þremur aðiljum öðrum hlutafélagið Gísli Halldórsson h/f. Hlutafé félagsins nam kr. 10.000.00. Var Gísli skráður eigandi hluta í því, að fjárhæð kr. 9600.00, eiginkona hans, þ. e. aðaláfrýjandi, eigandi hlutar, að fjárhæð kr. 100.00, og hinir þrír aðiljarnir eigendur að 100 króna hlut hver. Tók félagið við fyrri starfsemi Gísla Halldórssonar, en hann var sjálfur stjórnarformaður og framkvæmdastjóri félagsins.

Um mánaðamótin nóvember og desember 1949 slitu þau Gísli og Sigríður samvistir. Bú þeirra var tekið til opinberra skipta, og hófust þau með uppskrift á búinu hinn 9. október 1950. Hinn 14. nóvember s. á. fengu þau leyfisbréf til hjónaskilnaðar, og hinn 7. desember 1951 sömdu þau svo með sér, að skipti á búi þeirra skyldi miða við 1. desember 1949. Hafði þá verið ákveðið, sbr. dóm Hæstaréttar 19. nóvember 1951, að hlutabréf þau í félaginu Gísla Halldórssyni h/f, sem skráð voru á nafn Gísla Halldórssonar, kr. 9600.00, skyldu lögð honum út við skiptin upp í búshluta hans, en að bréf það, kr. 100.00, sem skráð var á nafn aðaláfrýjanda, skyldi koma í hennar hlut.

Eftir að búskipti hófust, afhenti Gísli Halldórsson skiptaráðanda ódagsetta skrá um skuldir búsins, miðað við 1. desember 1950. Er skuld búsins við Gísla Halldórsson h/f talin þar „skv. bókum fyrirtækisins" kr. 462.740.00. Síðar afhenti Gísli Halldórsson skiptaráðanda aðra skrá um skuldir búsins, dags. 22. desember 1950. Þar er talin í 3. tölulið „skuld við Gísla Halldórsson h/f kr. 364.660.00". Enn afhenti Gísli skiptaráðanda skuldaskrá, dags. 15. marz 1951, og er þá mið-

að við 31. desember 1950. Þar er skuld búsins við Gísla Halldórsson h/f talin kr. 177.651.40. Hinn 25. apríl 1951 var svo af hálfu Gísla Halldórssonar h/f lýst kröfu í búið, að fjárhæð kr. 176.452.66, en sú krafa var síðar lækkuð í kr. 147.472.45, eins og í úrskurði skiptaráðanda greinir.

Af hálfu aðaláfrýjanda, Sigríðar Einarsdóttur, er því haldið fram, að krafa þessi sé röng í heild sinni.

Vegna framangreinds samnings málsaðiljanna Gísla Halldórssonar og Sigríðar Einarsdóttur um, að búskiptin skuli miða við 1. desember 1949, þykir rétt að greina kröfu Gísla Halldórssonar h/f í búið í tvo aðalliði, eins og gert er í hinum áfrýjaða úrskurði, með þessum hætti:

1. Krafa, sem félagið telur sig hafa átt á hendur Gísla Halldórssyni hinn 1. desember 1949 ..... Kr. 81.081.71
2. Fjárhæð, sem félagið telur sig hafa greitt eftir 1. desember 1949 vegna þeirra Gísla Halldórssonar og Sigríðar Einarsdóttur, eða bús þeirra ..... — 66.390.74

Um 1. Gagnáfrýjandi Gísli Halldórsson h/f styður þenna kröfulið einkum við framlagðan viðskiptareikning Gísla Halldórssonar við félagið, og er því lýst, að reikningurinn sé tekinn eftir bókum þess. Hefst hann í ársbyrjun 1941 og nær fram yfir 1. desember 1949, en samkvæmt vottorði löggilts endurskoðanda á skuld Gísla Halldórssonar að nema þann dag áðurgreindri fjárhæð, kr. 81.081.71. Reikningur þessi ber það ljóslega með sér, að alla tíð frá stofnun félagsins og fram yfir 1. desember 1949 hefur Gísli Halldórsson notað félagið sem framfærslustofnun fyrir sig og fjölskyldu sína með sama eða svipuðum hætti og einkafyrirtæki sitt áður. Persónulegum fjárreiðum Gísla og fjárreiðum félagsins virðist alla tíð hafa verið blandað saman. Hefur Gísli tekið fé úr sjóði félagsins til persónulegra nota, þegar hann þurfti á að halda, en greitt félaginu öðru hvoru fjárhæðir, sem honum áskotnuðust. Þá hefur Gísli látið félagið greiða heimilisreikninga sína og önnur persónuleg útgjöld nefndan tíma, svo sem reikninga fyrir matvæli, ljós, hita, fatnað, lyf, sjúkrasamlagsgjöld, áskriftagjöld dagblaða, opinber gjöld o. s. frv.

Laun hefur Gísli fært sér til tekna á viðskiptareikningnum í árslok flest árin, en þó eru laun fyrir árin 1945 og 1946 ekki færð honum til tekna fyrr en í desember 1947, laun fyrir 1947 í desember 1948, að því er virðist, og laun fyrir 1948 í desember 1949, en ekki sést á reikningnum, að honum séu talin til tekna laun fyrir árið 1949, eða til 1. desember þess árs. Er reikningurinn bæði um þetta og fleira óglöggur, enda skortir fylgiskjöl með mörgum liðum hans.

Þegar þess er gætt, *að* félagið Gísli Halldórsson h/f var undir umráðum Gísla Halldórssonar, sem átti næstum öll hlutabréf í því, *að* Gísli notaði félagið sem einkafyrirtæki til að framfæra sig og fjölskyldu sína með framangreindum hætti og *að* persónulegum fjárreiðum Gísla og fjárreiðum félagsins var blandað saman, þá þykir ekki rétt að taka fjárhæð þessa til greina, þegar eignum málsaðiljanna Gísla Halldórssonar og Sigríðar Einarsdóttur er skipt milli þeirra.

Um 2. Þessi kröfuliður tekur yfir ýmsar greiðslur, sem Gísli Halldórsson telur Gísla Halldórsson h/f hafa innt af hendi, eftir að þau slitu samvistir, hann og aðaláfrýjandi, Sigríður. Fallast má á það, sem segir í forsendum hins áfrýjaða úrskurðar, að greiðslur þessar, að því leyti sem þær teljast sannaðar, séu þess eðlis, að búi þeirra aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda Gísla Halldórssonar beri að endurgreiða þær, þegar litið er til samnings nefndra málsaðilja um, að skipti búsins skuli miða við 1. desember 1949, og að Gísla var gert að greiða Sigríði og börnum þeirra meðlag frá þeim tíma. Þá má einnig telja með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar, að nægilega sé sannað, að félagið hafi innt greiðslur þessar af hendi, að undantekinni einni greiðslu, að fjárhæð kr. 1300.00, sem talin er hafa verið greidd Kjartani Karlssyni hinn 23. febrúar 1950. Hefur ekki verið lögð fram kvittun frá Kjartani þessum né sannað á annan hátt, að greiðslan hafi farið fram. Ber því að draga kr. 1300.00 frá fjárhæð þeirri, sem hér er til álita, og lækkar hún við það í kr. 65.090.74. Þá fjárhæð ber að taka til greina með 6% ársvöxtum frá 25. apríl 1951 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað

af málinu í héraði, en að gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjanda in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Málflytjendur aðilja hafa verið óþarflega harðorðir í garð gagnaðiljanna, og ber að átelja það, en ekki þykir næg ástæða til að ómerkja einstök ummæli.

Dómsorð:

Krafa gagnáfrýjanda Gísla Halldórssonar h/f í bú aðaláfrýjanda, Sigríður Einarsdóttur, og gagnáfrýjanda Gísla Halldórssonar skal tekin til greina við skipti búsins með kr. 65.090.74 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. apríl 1951 til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um greiðslu málskostnaðar í héraði á að vera óraskað. Gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjanda in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Reykjavíkur 16. maí 1953.

Í máli þessu, sem tekið var undir úrskurð 21. f. m., hefur sóknaraðili, Gísli Halldórsson h/f, hér í bæ, gert þær kröfur að fá greitt af óskiptu úr félagsbúi Sigríðar Einarsdóttur og Gísla Halldórssonar verkfræðings, hér í bæ, kr. 147.472.45 með 6% ársvöxtum frá 1. desember 1949 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, en bú þetta er undir opinberum skiptum.

Varnaraðili Gísli Halldórsson hefur samþykkt þessar kröfur á hendur félagsbúinu, en varnaraðili Sigríður Einarsdóttir, Bólstaðarhlíð 3, hér í bænum, hefur mótmælt þeim með öllu og krafizt málskostnaðar.

Mál þetta var flutt skriflega.

Varnaraðiljar í máli þessu, sem gengu í hjónaband á árinu 1935, slitu samvistir fyrst í desember 1949, að því er upplýst er fyrir skiptaréttinum. Hins vegar hófust opinber skipti á félagsbúi þeirra hjóna ekki fyrr en með uppskrift á búinu, er byrjaði þann 9. október 1950. Þegar í stað kom fram verulegur ágreiningur um skuldir búsins og ábyrgð á þeim. Innköllun var ekki gefin út til skuldheimtumanna, en hins vegar lagði Gísli Halldórsson fram skrá yfir skuldir búsins og þar á meðal þessa skuld, sem upphaflega var talin miklu hærri en gert er hér. Þegar mál þetta var þingfest hér fyrir réttinum 25. apríl 1951, gerði sóknaraðili kröfu til að fá greitt úr félagsbúinu kr. 176.452.66 auk vaxta og málskostnaðar, og var

sú krafa á hendur búinu miðuð við viðskipti Gísla Halldórssonar við hlutafélagið til 31. desember 1950. Á skiptafundi í félagsbúi þeirra hjóna, er haldinn var 7. desember 1951, komu aðiljar sér saman um að miða skiptin við 1. desember 1949, og varð við það sú breyting á kröfugerð sóknaraðilja, að krafan á félagsbúið sjálft lækkaði niður í kr. 147.472.45, og er það sú krafa, sem nú er gerð á hendur félagsbúinu, sbr. réttarskjal nr. 1257, auk vaxta og kostnaðar. Er krafa þessi sundurgreind í 3 liði, svo sem hér segir:

Inneign félagsins samkvæmt réttarskj. 1258	kr.	81.081.71
Inneign félagsins samkvæmt I. tölul. réttarskj. 1259 ..	—	44.225.74
Inneign félagsins samkvæmt II. tölul. réttarskj. 1259 ..	—	22.165.00
Samtals kr.		147.472.45

Krafan undir lið 1 er til orðin fyrir 1. desember 1949, þegar talið er, að aðiljar hafi slitið samvistir, en kröfurnar undir nr. 2 og 3 eru til orðnar eftir þann tíma.

Sóknaraðili skýrir svo frá, að Gísli Halldórsson verkfræðingur hafi verið formaður og framkvæmdastjóri firmans Gísla Halldórssonar h.f. frá því að það var stofnað snemma árs 1941. Hafi hann haft laun hjá félaginu og að öðru leyti haft við það ýmis viðskipti. Við þetta hafi hann smátt og smátt komizt í skuld við félagið, sem nemi þessari upphæð.

Kröfum sínum til stuðnings hefur hann lagt fram endurrit af viðskiptareikningi Gísla Halldórssonar við sig auk flestra fylgiskjala, og hefur Kolbeinn Jóhannsson endurskoðandi borið saman viðskiptareikning þenna við bækur félagsins og staðfest, að afrit hans væri rétt. Telur sóknaraðili, að með þessu sé fengin full sönnun fyrir skuldakröfu þessari, enda styðji hana og framburður Þórðar Bjarnasonar, sem haft hafi bókhaldið á árunum 1942—1947, og Þóris Hall, sem fært hafi bækurnar frá því í marz 1949, þar sem þeir hafi báðir lýst yfir því, að bækur firmans hafi verið nákvæmlega færðar og fullt samræmi í færslum þeirra. Þá hafi og varnaraðili Sigríður Einarsdóttir ekki treyst sér til fyrir rétti að mótmæla neinum sérstökum lið í reikningunum, en varnaraðili Gísli Halldórsson hafi talið þá rétta.

Af hálfu varnaraðilja Sigríðar Einarsdóttur er því haldið fram, að kröfur þessar hafi ekki við nein rök að styðjast. Skuld hafi aldrei stofnazt við sóknaraðilja, og aldrei hafi nokkrir peningar þaðan runnið til félagsbús þeirra hjóna. Hefur umboðsmaður varnaraðilja Sigríðar Einarsdóttur mótmælt hverjum einstökum kröfulið í máli þessu sem röngum og búinu óviðkomandi.

Viðskipti þau, sem talið er, að hér hafi átt sér stað, hefjast þegar við stofnun firmans Gísla Halldórssonar h.f., eða snemma árs 1941. Varnaraðili Gísli Halldórsson varð þá þegar framkvæmdastjóri

fyrirtækisins og hefur verið það síðan, að því er virðist. Viðskiptareikningurinn á réttarskj. nr. 3 á að sýna viðskipti varnaraðilja við sóknaraðilja árin 1941—1950 samkvæmt bókum fyrirtækisins, og er þetta yfirleitt staðfest af Kolbeini Jóhannssyni, löggiltum endurskoðanda, á réttarskjali nr. 2, þar sem jafnframt eru samandregin viðskipti hvers árs fyrir sig. Eigi verður því dregið í efa, að viðskiptareikningur sá, sem lagður hefur verið fram í máli þessu, sé í samræmi við bækur sóknaraðilja, og hið sama verður að telja um sundurliðun þá, sem fram kemur af réttarskj. nr. 1257, sbr. réttarskj. nr. 1258 og 1259. Vottorð Þórðar Bjarnasonar, sem vann við bókfærslu fyrir sóknaraðilja á árunum 1942—1947, sbr. réttarskj. nr. 1261, svo og vottorð Þóris Hall, sem hefur verið gjaldkeri og bókari firmans frá því í marz 1949, sbr. réttarskj. nr. 1267, benda til, að bókhaldið hafi verið í fullkomnu lagi og að eigi hafi verið fært á þenna viðskiptareikning annað en það, sem rétt gat talizt, enda stutt af hinum framlögðu fylgiskjölum. Af framtölum Gísla Halldórssonar til skatts kemur í ljós, að hann telur ætíð verulega skuld hjá sér við sóknaraðilja öll árin, frá því að félagið var stofnað. Viðskipti Gísla Halldórssonar við sóknaraðilja virðast hafa verið geysimikil á þessum árum, bæði innborganir til sóknaraðilja og úttekt, svo sem fram kemur meðal annars af réttarskjali nr. 2.

Eigi þykir fært að fara út í einstaka liði á hinum framlagða viðskiptareikningi, enda ekki ástæða til, þegar virt eru þau andmæli, sem kröfurnar hafa sætt.

Sóknaraðili hefur sundurliðað kröfu sína í 3 liði, sbr. réttarskjal nr. 1257, og þykir rétt að taka þá nánar til athugunar, en flokka þá þó aðeins í 2 flokka. Kemur í fyrri flokkinn skuld sú, sem til er orðin 1. desember 1949, og í síðari flokkinn endurgjaldskrafa sóknaraðilja á hendur félagsbúinu á greiðslum, sem fram hafa farið eftir þann tíma.

Eins og fram er komið í málinu, sömdu aðiljar með sér undir rekstri málsins, að skipti á félagsbúi þeirra hjóna skyldu miðast við 1. desember 1949, en samkvæmt útreikningi endurskoðandans Kolbeins Jóhannssonar, sbr. réttarskj. nr. 1258, nam skuld félagsins þá við sóknaraðilja kr. 81.081.71. Samkvæmt því, sem áður segir, þykir verða að taka þessa fjárhæð til greina við skipti á félagsbúinu, enda ekki ástæða til að ætla, að varnaraðili Gísli Halldórsson hafi á þeim tíma haft nokkurn hag af því að telja skuld sína við sóknaraðilja hærri en hún raunverulega var.

Um 2. og 3. kröfulið sóknaraðilja á réttarskjali nr. 1257 er það að segja, að þær kröfur verða til eftir samvistarslitin. En þó gildir það sama um þær og kröfur undir 1. liðnum, að telja verður af þar greindum ástæðum, að sóknaraðili hafi innt þær af hendi, og ber því aðeins að rannsaka það hér, hvort þær greiðslur eru inntar af hendi vegna félagsbús varnaraðilja og hægt sé að krefja það um endurgreiðslu.

Þessir kröfuliðir koma allir fram í réttarskjali nr. 1259, bls. 1 og 2 undir I og II. Þegar þessir liðir eru bornir saman við fylgiskjölin á réttarskjölum nr. 1228, 1230—1234, 1239—1242, 1244, 1246 og 1248—1253 og annað, sem fram er komið í málinu, þykir auðsætt, að allar þessar greiðslur hafi farið fram vegna félagsbúsins, og þykir því næg ástæða fram komin fyrir því að taka einnig þessa kröfuliði til greina við skipti á félagsbúinu.

Krafa sóknaraðilja á búið, kr. 147.472.45, verður því tekin til greina við búskipti þessi ásamt 6% ársvöxtum frá þeim tíma, er sóknaraðili gerði kröfuna í búið, eða frá 25. apríl 1951 til greiðsludags.

Í framhaldssókn sinni á réttarskjali nr. 1288 hefur umboðsmaður varnaraðilja Gísla Halldórssonar krafizt þess, að eftirtalin ummæli verði ómerkt í varnarskjalinu á réttarskj. nr. 1269 á bls. 1, þar sem segir, að Gísli Halldórsson hafi afhent sóknaraðilja kvittanirnar á réttarskj. 10—1256 „til þess að hafa fé út úr" Sigríði Einarsdóttur, og á bls. 25, þar sem segir, að Gísli Halldórsson noti sóknaraðilja „til þess að reyna að ná sér niðri á" frúnni „og hafa af henni fé".

Ummæli þau, sem tilfærð eru hér að framan innan gæsalappa, hafa ekki verið réttlætt, og þykir því verða að ómerkja þau samkvæmt kröfu umboðsmanns Gísla Halldórssonar.

Rétt þykir, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Því úrskurðast:

Framangreind ummæli eru ómerkt.

Krafa sóknaraðilja, Gísla Halldórssonar h.f., kr. 147.472.45 með 6% ársvöxtum frá 25. apríl 1951 til greiðsludags, skal tekin til greina við skipti á félagsbúi varnaraðilja, Gísla Halldórssonar og Sigríðar Einarsdóttur.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 26. september 1955.

Nr. 87/1955. **Trésmiðjan h/f**
gegn
Þorkeli Björgvinssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 20. maí 1955, er hingað barst 16. júní s. l., hefur sóknaraðili kært ákvæði um málskostnað í dómi bæjarþings Reykjavíkur 14. maí s.l. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að málskostnaður í nefndu bæjarþingsmáli honum til handa verði hækkaður og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja eftir mati dómsins.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Eftir atvikum þykir málskostnaður í héraði til handa sóknaraðilja hæfilega ákveðinn kr. 2000.00. Þá ber varnaraðilja og að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, kr. 300.00.

Dómsorð:

Varnaraðili, Þorkell Björgvinsson, greiði sóknaraðilja, Trésmiðjunni h/f, málskostnað í héraði, kr. 2000.00, og kærumálskostnað, kr. 300.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. maí 1955.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 12. þ. m., hefur Þorkell Björgvinsson, Selfossi, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, með stefnu, útgefinni 21. febrúar s.l., gegn Trésmiðjunni h/f, Brautarholti 30, hér í bæ, til greiðslu skaðabóta o. fl., samtals að fjárhæð kr. 76.246.26 ásamt 7% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati dómarans.

Stefnda hefur krafizt þess *aðallega*, að máli þessu verði vísað frá dómi, en *til vara* sýknu af kröfum stefnanda. Í báðum tilvikum krefst stefnda málskostnaðar.

Við munnlegan flutning um frávísunarkröfu, er fram fór 12. þ. m., krafðist stefnandi þess, að framkominni frávísunarkröfu yrði hrundið og honum dæmdur málskostnaður í þeim þætti málsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 8. nóvember 1948 hóf stefndi nám í húsgagnasmíði hjá stefndu. Var gerður skriflegur námssamningur, svo sem mælt er fyrir í lögum. Var samningur þessi undirritaður af stefnanda og Guðmundi Pálssyni f. h. stefndu 8. nóvember 1948, samþykktur af iðnaðarfulltrúum 10. október 1949, en staðfestur af lögreglustjóra 1. nóvember s. á. Samkvæmt greindum námssamningi skyldi námstími stefnanda vera á enda 8. nóvember 1952, en þar sem hann hafði lokið iðnskólanámi að mestu vorið 1948, styttist verklega námið um 4 mánuði, og mun því hafa verið lokið 8. júlí 1952. Stefnandi hefur skýrt svo frá, að kennsla sú, sem hann naut í hinu verklega námi, hafi verið alls ófullnægjandi og að námstímanum loknum hafi hann af þeim sökum ekki verið fær um að ganga undir próf í iðninni.

Stefndu reisa kröfu sína um frávísun á því, að samkvæmt 7. gr. nefnds námssamnings hafi gerðardómur átt að fjalla um mál þetta. Í 7. gr. námssamningsins segir, að „geti nemandinn ekki að afloknu námi staðizt próf og ekki fengið sveinsbréf, er votti, að hann sé orðinn fær í sinni grein, og orsökin til þess er sú, að lærimeistarinn hefur ekki látið sér fyllilega annt um kennslu hans, er lærimeistarinn skyldur að greiða nemandanum skaðabætur eftir mati gerðardóms þess, er fyrirskipaður er í 19. gr. laganna um iðnnám". Gildandi lög um iðnaðarnám eru nr. 46/1949 og öðluðust gildi hinn 1. janúar 1950. Samkvæmt 32. gr. þeirra taka þau einungis til námssamninga, sem gerðir eru eftir gildistöku þeirra, en námssamningar, sem gerðir hafa verið fyrir þann tíma, lúta eldri lögunum, sbr. 31. gr. Eins og fyrr segir, var samningur aðilja gerður 8. nóvember 1948 og lýtur því samkvæmt framansögðu ákvæðum eldri laganna, sem eru frá 1938, en í 19. gr. þeirra er ákvæði um gerðardóm, er fjalla skal um ágreining milli nemenda og lærimeistarans eins og þann, er um ræðir í þessu máli, nema málsaðiljar komi sér saman um annað. Engar sönnur hafa verið leiddar að því af stefnanda hálfu, að slíkt samkomulag hafi orðið með aðiljum máls þessa. Ber því að taka kröfu stefndu um frávísun til greina. Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnanda til að greiða stefndu málskostnað, er eftir öllum atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Þorkell Björgvinsson, greiði stefndu, Trésmiðjunni h/f, kr. 400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. september 1955.

Nr. 94/1955. **Kristján Bjarnason**

gegn

Guðmundi og Sigurði Eyjólfssonum og Arnþrúði Guðjónsdóttur f. h. dánarbús Eyjólfs Guðmundssonar.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísunarkrafa. Héraðsdómur ómerktur.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurgeir Jónsson, dómari samkvæmt umboðsskrá, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Með kæru 9. júlí 1955, sem hingað barst 12. s. m., hefur sóknaraðili kært til Hæstaréttar dóm aukadómþings Skaftafellssýslu, uppkveðinn 9. júlí 1955, en með honum var sök sóknaraðilja á hendur varnaraðiljum vísað frá dómi. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og varnaraðiljum verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðiljar krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og sóknaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað.

Fyrir héraðsdómi hefur sóknaraðili krafizt þess, að dæmd verði ógild yfirlandskiptagerð, kveðin upp hinn 10. maí 1952, á jörð hans, Hvoli II í Dyrhólahreppi í Skaftafellssýslu, og jörðinni Hvoli I í sama hreppi, og eru málsástæður hans, að hann hafi orðið mjög vanhluta við landskiptin.

Rétt er þeim, sem mishaldinn þykist vera við landskipti, að leita úrlausnar fyrir dómstólum á því, hvort löglega hafi verið að þeim farið, og standa ákvæði 3. tl. 1. gr. laga nr. 46/1941 því eigi í vegi, að sóknaraðili beri lögmæti yfirlandskiptanna undir dómstóla.

Varnaraðiljar halda því fram, að sóknaraðili hafi með tómlæti um vefengingu á yfirlandskiptunum spillt rétti sínum til að leita til dómstóla um ógildingu á þeim. Sóknaraðili

ritaði þegar 25. maí 1952 sýslumanni í Skaftafellssýslu bréf og krafðist þess, að dómkvaddir yrðu hæfir menn til að láta í té álitsgerð um yfirlandskiptin, og í bréfi til varnaraðilja 26. maí 1952 áskildi sóknaraðili sér rétt til að vefengja yfirlandskiptin. Í maí 1953 ítrekaði hann í bréfi til sýslumanns beiðni sína um dómkvaðningu kunnáttumanna. Á hann því eigi sök á því, að dómkvaðning fór eigi fram fyrr en 6. maí 1954, og hefur hann eigi glatað rétti af þeim sökum.

Varnaraðiljar staðhæfa, að sóknaraðili hafi með miklum skurðgrefti og öðrum framkvæmdum á landi því, sem honum var úthlutað við yfirlandskiptin, glatað rétti sínum til að bera lögmæti þeirra undir dómstóla. Eigi verður kannað til hlítar nema með aðstoð sérkunnáttumanna á vettvangi, hvort nefndar athafnir sóknaraðilja skjóta loku fyrir ný landskipti. Þar sem þetta réttarfarsatriði og svo efnisatriði málsins, ef til kemur, eru þannig löguð, að rétt var og nauðsyn, að kunnáttumenn væru nefndir til dómsetu með héraðsdómara samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919, en slík dómnefna hefur eigi farið fram, ber að ómerkja héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Kröfur um málskostnað verða eigi teknar til greina, en greiða ber úr ríkissjóði málflutningslaun talsmanns sóknaraðilja fyrir Hæstarétti, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanns, og málflutningslaun talsmanns varnaraðilja fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Kröfur um málskostnað eru eigi til greina teknar, en málflutningslaun talsmanns sóknaraðilja fyrir Hæstarétti, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanns, og málflutningslaun talsmanns varnaraðilja fyrir Hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 600.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukadómþings Skaftafellssýslu 9. júlí 1955.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 1. þ. m., er höfðað fyrir aukadómþingi Skaftafellssýslu af Kristjáni Bjarnasyni, bónda að Hvoli II í Dyrhólahreppi, gegn Guðmundi og Sigurði Eyjólfssonum, ábúendum Hvols I í sama hreppi, og Arnþrúði Guðjónsdóttur, sama stað, f. h. dánarbús Eyjólfs Guðmundssonar, eiganda Hvols I, með stefnu, útgefinni 6. maí 1955. Stefnandi hefur með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 19. apríl 1955, fengið gjafsókn í málinu, og stefndu hafa með bréfi Dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 16. júní 1955, fengið gjafvörn í málinu.

Kröfur stefnanda eru þær, að hrundið verði með dómi yfirlandskiptagerð milli jarðanna Hvols I og Hvols II frá 10. maí 1952 og að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða honum málskostnað, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast þess *aðallega*, að málinu verði vísað frá dómi, en *til vara*, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði, hvernig sem málið fer, dæmdur til að greiða þeim málskostnað eftir mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Málavextir eru þeir, að í september 1951 fóru fram skipti á landi Hvols í Dyrhólahreppi í Vestur-Skaftafellssýslu, sem var óskipt sameign stefnanda og Eyjólfs heitins Guðmundssonar. Landskiptum þessum var skotið til yfirlandskiptamanna, sem framkvæmdu yfirlandskipti með yfirlandskiptagerð, dagsettri 10. maí 1952. Stefnandi, sem ekki vildi una yfirlandskiptunum, byggir riftunarkröfu sína á því, að skipti þessi séu, jafnvel þótt þau kunni að vera lögleg að ytra formi, að efni til svo misheppnuð og í sumum atriðum jafnvel fráleit, að ekki verði við unað, þar eð þau halli stórlega á Hvol II í öllu tilliti. Ætla megi, að yfirlandskiptin hafi að nokkru verið byggð á röngum forsendum og án nægilega undirbyggðs grundvallar. Þessu til stuðnings hefur stefnandi m. a. bent á álitsgerð tveggja dómkvaddra manna, sem hann telur sanna, að yfirlandskiptin séu ranglát og sér mjög óhagkvæm að efni til.

Frávísunarkröfu sína byggja stefndu á því, að niðurstaða löglega framkvæmdra yfirlandskipta sé bindandi fyrir alla aðilja. Þau halda því fram, að þar sem engar athugasemdir hafi komið fram um ytra form landskiptanna, kvaðningu skiptamanna, hæfileika þeirra eða neitt annað en að landskiptin séu röng að efni til, þá séu þau bindandi, og verði úrlausn yfirlandskiptanna ekki haggað af dómstólum, enda sé hvergi gert ráð fyrir því í lögum, að yfirlandskiptum verði skotið undir úrlausn dómstóla eða hrundið með því móti. Halda þau því fram, að ef yfirlandskiptagjörð, sem sé löglega til stofnað og löglega framkvæmd, halli verulega á einhvern aðilja að efni til, þá geti dómstólar einungis dæmt skaðabætur, en ekki ógilt sjálf yfirlandskiptin. Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi í orði og með framkvæmdum sínum í samræmi við yfirlandskiptin, sam-

þykkt þau. Með vísan til þessa alls sé ljóst, að mál þetta heyri ekki undir dómstólana og verði því að vísa því frá dómi.

Stefnandi krefst þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið. Kröfu sína byggir hann í fyrsta lagi á því, að frávísunarkrafan sé of seint fram komin. Þá hefur hann talið, að hún styðjist ekki við lagaleg rök, heimilt sé að skjóta yfirlandskiptum til dómstólanna og fá úrlausn þeirra um þessi efni. Það væri sýknuástæða, en ekki frávísunar, ef ekki þætti í þessu máli grundvöllur til riftunar yfirlandskiptanna. Þá er á það bent af stefnanda, að yfirlandskiptin séu ekki tæmandi, í þeim séu eyður, sem fylla þurfi út í, og að yfirlandskiptamennirnir hafi ekki farið rétt að eða gætt réttra sjónarmiða við skiptin. Þá er því mótmælt, að stefnandi hafi í orði eða verki samþykkt yfirlandskiptin. Loks hefur stefnandi tekið fram, að þýðingarlaust hefði verið fyrir sig að beiðast endurskipta samkvæmt 3. tölulið 1. gr. landskiptalaga nr. 46/1941 vegna afstöðu skiptamanna í sambandi við mál þetta, enda sé ákvæði þetta aðeins heimild til að fara þessa leið, en engin skylda hvíli á aðiljum að nota hana.

Mál þetta er þingfest 25. maí s.l. Fékk umboðsmaður stefndu frest til 18. júní til samningar greinargerðar. Var málið þá fyrir tekið, en umboðsmaður stefndu óskaði eftir einnar viku framhaldsfresti í sama skyni, og var sá frestur veittur með samþykki umboðsmanns stefnanda. Í þinghaldi 26. júní lögðu stefndu fram greinargerð, og var frávísunarkrafan þar fram borin. Frávísunarkröfuna verður því að telja á réttum tíma fram komna, sbr. 1. mgr. 108. gr., sbr. 1. mgr. 106. gr. laga nr. 85/1936.

Aðalkrafa stefnanda í máli þessu, að yfirlandskiptunum verði riftað með dómi, er byggð á því, að þau séu röng að efni til, en ekki er haldið fram ólögmæti þeirra að formi til, og ekki eru nein gögn í máli þessu, er bendi til þess. Í 3. tölulið 1. gr. landskiptalaga nr. 46 frá 1941 segir svo: „Nú þykir einum eða fleiri aðiljum, að lögfest skipti séu óhagkvæm, og getur þá hver einstakur aðili krafizt endurskipta. Eigi skulu matsmenn taka slíka kröfu til greina, nema þeir telji, að úr megi bæta öðrum aðiljum að skaðlausu."

Stefnandi máls þessa hefur ekki notfært sér heimild þessa. Með landskiptalögunum eru settar reglur um, hvernig skuli skipta landi jarða, og er þar gert ráð fyrir, að með aðgerðum þeim, sem lögin fjalla um, fáist endanlegar úrlausnir á landskiptum. Enda þótt ákvæði laganna verði eigi talin útiloka, að landskipti verði borin undir dómstóla, verður þó að telja, að nota beri að fullu þá möguleika, sem landskiptalögin veita til breytinga á landskiptum að efni til, áður en mál verði borin undir dómstóla til úrlausnar kröfu um riftingu á landskiptum, sem ekki eru vefengd að formi til, en byggð á því einu, að niðurstöður séu efnislega rangar. Þegar þetta er virt, þykir ekki fært að leggja dóm á málið, og ber því að vísa því frá.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður, en málflutningslaun talsmanns stefnanda, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanns, og talsmanns stefndu, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður, en málflutningslaun talsmanns stefnanda, Sigurðar E. Ólasonar hæstaréttarlögmanns, og talsmanns stefndu, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3500.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Miðvikudaginn 28. september 1955.

Nr. 80/1955. **Ákæruvaldið** (Guttormur Erlendsson)
gegn
Ellert Haraldssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn áfengislögum og bifreiðalögum.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Fram er komið í málinu, að dómi þeim yfir ákærða frá 30. desember 1948, er í héraðsdómi getur, var eigi fullnægt fyrr en eftir 21. október 1953. Hefur sá dómur því ítrekunarverkun á brot það, sem ákærði er nú sóttur til sakar fyrir, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Brot ákærða varðar við 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. laga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941 og 2. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar málsins, þar á meðal málflutningslauna sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Ákærði, Ellert Haraldsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Guttorms Erlendssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 8. desember 1954.

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Ellert Haraldssyni, bónda að Eystri-Reyni í Innra-Akraneshreppi, með ákæruskjali, dags. 18. október þ. á., fyrir brot gegn 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

1948 30/12 Akranes: Dæmdur í 10 daga varðhald og sviptur ökuleyfi í 1 ár fyrir brot á 23. gr. bifreiðalaga.

Málsatvik eru þessi:

20. september s.l. fór ákærði í Grafarrétt í bifreið sinni M 159. Hafði hann með sér í réttina flösku af brennivíni og drakk nokkuð úr henni um daginn. Um kl. 6 um kvöldið fór hann úr réttinni og ók þá bifreiðinni M 159, og voru með honum sonur hans ungur og annar drengur til. Rétt hjá Heynesi mætti hann bifreiðaeftirlitsmanni Bergi Arnbjarnarsyni á Akranesi og yfirlögregluþjóni Stefáni Bjarnasyni á Akranesi, en bifreiðaeftirlitsmanninum hafði verið gert aðvart símleiðis, að hann mundi vera að aka bifreið sinni undir áhrifum áfengis. Stöðvuðu þeir bifreiðina, er ákærði ók, og töldu, að hann væri töluvert drukkinn, því að hann reikaði í spori og auk þess heyrðist á mæli hans. Viðurkenndi ákærði fyrir þeim, að hann væri undir áhrifum áfengis.

Samkvæmt framansögðu er það sannað með framburði vitna og játningu ákærða, að hann hefur ekið bifreið sinni undir áhrifum áfengis 20. september þ. á.

Með atferli sínu hefur ákærði brotið gegn 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga varðhald.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga ber að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.
Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Ellert Haraldsson, skal sæta varðhaldi í 15 daga.
Hann skal sviptur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa.
Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.
Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. september 1955.

Nr. 81/1955. **Ákæruvaldið** (Einar Ásmundsson)
gegn
Herði Ólafssyni (Þórólfur Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn bifreiðalögum. Svipting ökuleyfis.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu hefur ákæruvaldið einungis skotið til Hæstaréttar að því er varðar ökuleyfissviptingu ákærða.

Svo sem greinir í héraðsdómi, hefur ákærði játað, að hann hafi neytt áfengis, er hann var að starfi sínu við akstur bifreiðarinnar M 245 frá Reykjavík til Borgarness hinn 9. október 1954. Er þetta einnig stutt með vætti vitna. Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 ber því að svipta ákærða ökuleyfi, og þykir ökuleyfissviptingin hæfilega ákveðin 3 mánuðir.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Ólafsson, skal sviptur ökuleyfi 3 mánuði.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Ásmundssonar og Þórólfs Ólafssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 20. desember 1954.

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Herði Ólafssyni, bifreiðarstjóra í Borgarnesi, með ákæruskjali, útgefnu 25. nóvember 1954, fyrir brot gegn 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur sætt eftirtöldum ákærum og refsingum:

1948 6/10 Reykjavík. 50 kr. sekt fyrir ökuhraða.

1950 2/8 Reykjavík. 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Málavextir eru þessir:

Hinn 9. október þ. á. var löggæzlumaður Hörður Jóhannesson við löggæzlu á dansskemmtun á Brennistöðum. Er skemmtuninni lauk um kl. 2 um nóttina, fór löggæzlumaðurinn niður að Brautarholti og stöðvaði þar bifreiðar þær, er um veginn fóru. Þar á meðal stöðvaði hann bifreiðina M 245, er ákærði, Hörður Ólafsson, ók, og þar sem honum var eigi grunlaust um, að hann væri undir áhrifum áfengis, fór hann með hann til læknis í Borgarnesi, er tók sýnishorn af blóði hans. Eigi sá löggæzlumaðurinn á honum ölvunarmerki, en fann af honum áfengislykt.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að 9. október s.l. hafi hann ekið bifreiðinni M 245, er hann ekur fyrir Bifreiðastöð Kaupfélags Borgfirðinga í Borgarnesi, til Reykjavíkur og þaðan aftur til Borgarness. Segir hann, að á bakaleiðinni hafi verið með honum einn farþegi. Stanzaði hann þá á Brennistöðum í Borgarhreppi, en þar var dansskemmtun haldin þetta kvöld, um klukkutíma, en ók svo áfram til Borgarness. Á leiðinni þangað stöðvaði löggæzlumaður bifreið hans og bar á hann, að hann hefði neytt áfengis. Kveðst hann hafa neitað því, að hann væri undir áhrifum áfengis, en viðurkennt, að hann hefði neytt áfengis um daginn.

Segist hann hafa haft með sér, er hann fór frá Reykjavík, á sítrónflösku gin, blandað til helminga með Coca-Cola, og hafa neytt þess á leiðinni.

Samkvæmt rannsókn Bjarna Konráðssonar læknis fundust í blóði ákærða reducerandi efni, er samsvara 0.83‰ af alkóhóli.

Samkvæmt framansögðu hefur ákærði játað, að hann hafi neytt áfengis við akstur bifreiðarinnar M 245 frá Reykjavík til Borgarness 9. október 1954.

Með atferli sínu hefur ákærði brotið gegn 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1500 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, sé hún eigi greidd innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa.

Með tilliti til þess, að ákærði, samkvæmt vottorði læknis, hefur verið berklasjúklingur og þolir eigi að vinna almenna verkamannavinnu og að hann hefur fyrir konu og tveimur börnum að sjá, þykir eigi rétt að svipta hann bifreiðarstjóraréttindum samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Hörður Ólafsson, bifreiðarstjóri í Borgarnesi, greiði 1500.00 — eitt þúsund og fimm hundruð — króna sekt í ríkissjóð, og komi 15 — fimmtán — daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hann skal greiða allan kostnað sakarinnar.

Miðvikudaginn 28. september 1955.

Nr. 125/1954. **Huginn h/f** (Lárus Jóhannesson)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Vilhjálmur Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafa á hendur ríkissjóði um uppbætur á fiskverð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur fengið gjafsókn í máli þessu, hefur skotið því til Hæstaréttar með stefnu 29. júlí 1954. Krefst hann þess *aðallega*, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 215.531.42 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. október 1949 til

greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar á meðal þóknun til skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti. *Til vara* krefst áfrýjandi greiðslu á lægri fjárhæð úr hendi stefnda, þó eigi lægri fjárhæðar en kr. 87.011.73, ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og greinir í aðalkröfu.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms svo og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 8000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti. Málssóknarlaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 6000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, h/f Huginn, greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 8000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málssóknarlaun talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. maí 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. f. m., hefur Björgvin Bjarnason f. h. Hugins h/f, Ísafirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 18. júní 1953, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu verðuppbótar á saltfisk, að fjárhæð kr. 221.739.57 með 6% ársvöxtum frá 1. október 1949 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál, en stefnandi hefur fengið gjafsókn í því.

Í hinum munnlega málflutningi breytti stefnandi kröfum sínum þannig, að hann krafðist þess, að stefndi yrði *aðallega* dæmdur til að greiða kr. 215.531.42 með 6% ársvöxtum frá 1. október 1949 til greiðsludags. *Til vara* krefst stefnandi þess, að stefndi yrði dæmdur

til að greiða kr. 87.011.73 með 6% ársvöxtum frá 1. október 1949 til greiðsludags. Í báðum tilvikum hefur stefnandi krafizt málskostnaðar sér til handa, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Með lögum nr. 100 frá 1948 um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna tók ríkissjóður að sér að bæta saltfisksútflytjendum það, sem á það kynni að vanta, að þeir fengju kr. 2.25 fyrir hvert kílógramm af fullsöltuðum þorski 1. fl. Jafnframt var þar ákveðið, að saltfisksútflytjendur skyldu fá samsvarandi verð fyrir aðra flokka og fisktegundir. Með heimild í lögum þessum var sett reglugerð nr. 25 frá 15. febrúar 1949, þar sem svo var ákveðið, að ríkissjóður ábyrgðist saltfisksútflytjendum, að söluverð á söltuðum þorski I. fl. og 10% af söltuðum þorski II. fl. skyldi vera kr. 2.25 fyrir hvert kg. Þá ábyrgðist ríkissjóður, að söluverð á söltuðum þorski II. fl., það sem fram yfir væri umrædd 10%, sem áður getur, skyldi vera kr. 2.00 hvert kg. og að söluverð á söltuðum þorski III. fl. skyldi vera kr. 1.80 fyrir hvert kg.

Stefnandi var eigandi skipanna Hugins I., I.S. 91, og Hugins II., I.S. 92. Skýrir fyrirsvarsmaður félagsins svo frá, að í ársbyrjun 1949 hafi hann farið að rannsaka möguleika á því að senda skip félagsins á veiðar á fjarlæg mið. Hafi hann í því skyni farið erlendis að kynna sér reynslu annarra um þetta. Hafi það verið hugmynd sín að senda skipin til veiða á Grænlandsmið og láta þau salta þar þann fisk, er á þau veiddist. Hann hafi rætt við framkvæmdastjóra Sölusambands íslenzkra fiskframleiðenda um, hvort félagsskapur þessi gæti séð um sölu á fiskinum, en framkvæmdastjórinn hafði talið, að slíkt mundi ekki hægt, þar sem hann hefði engin skip, er gætu tekið á móti fiskinum á Grænlandsmiðum, en slíkt hafi verið nauðsynlegt. Þá hafi heldur ekki tekizt að fá lán hjá íslenzkum bönkum til útgerðar þessarar. Hafi það því orðið úr, að hann hafi gert samning við danskt fyrirtæki, Borealis Company A/S. Samkvæmt samningi þessum, sem dags. er 14. júní og 20. júní 1949, kaupir hið danska fyrirtæki af stefnanda og öðru félagi, sem fyrirsvarsmaður stefnanda veitti forstöðu, 1050/1450 smálestir af fullsöltuðum þorski, „1 & 2 samfængt", fyrir d. kr. 1000.00 eða £ 50-0-0 hverja smálest eftir vali seljanda. Fiskinn skyldi afhenda í fisktökuskip í Færeyingahöfn í Grænlandi í júlí- og ágústmánuði 1949. Þá skyldi kaupandi sjá um flutning á ýmsum nauðsynjum til seljanda og selja honum aðrar. Þann 25. júní 1949 lögðu síðan skip stefnanda ásamt tveimur öðrum skipum, sem fyrirsvarsmaður stefnanda hafði ráð á, af stað til Grænlands, og var nefndur fyrirsvarsmaður með í förinni. Er á miðin kom, reyndist afli miklu minni en ráð hafði verið fyrir gert. Var aflinn saltaður og fluttur um borð í skip hins danska fyrirtækis. Þá telur stefnandi, að hinum upphaflega samningi við umrætt fyrirtæki hafi verið

breytt á þá lund, að fyrirtækið skyldi greiða d. kr. 1.00 fyrir hvert kg. af fullsöltuðum þorski I. fl., d. kr. 0.85 fyrir hvert kg. af fullsöltuðum þorski II. fl. og d. kr. 0.70 fyrir hvert kg. af fullsöltuðum þorski III. fl. Er hin dönsku skip hafi farið frá Grænlandi fyrstu dagana í septembermánuði 1949, hafi þau verið búin að taka á móti frá skipum stefnanda 98.321 kg. af saltfiski I. fl., 88.065 kg. af saltfiski II. fl. og 54.297 kg. af saltfiski III. fl., allt miðað við fullsaltaðan fisk. Eftir þetta hafi veiðum verið haldið áfram nokkurn tíma, en síðan hafi skipunum verið siglt til Newfoundlands og þar hafi afli sá, sem í skipunum var, alls 40 smálestir, verið seldur fyrir Can. $ 140 hver smálest.

Þann 11. desember 1951 sneri stefnandi sér til Fiskábyrgðarnefndar og fór þess á leit, að honum yrði greidd verðuppbót á afla þann, sem veiddur var á nefnd skip við Grænland sumarið 1949 og að framan getur. Þann 9. janúar 1952 synjaði nefndin umsókn þessari og byggir synjun sína á því, að stefnandi hafi hafið útgerð sína við Grænland án þess að hafa samráð við nefndina og síðan ráðstafað fiskinum án heimildar hennar eða hlutaðeigandi stjórnvalda. Stefnandi sneri sér þá til Atvinnumálaráðuneytisins og fór þess á leit að fá verðuppbót þessa greidda, en þeirri umsókn var einnig neitað með bréfi ráðuneytisins, dags. 11. marz 1952.

Stefnandi telur, að samkvæmt skýlausum ákvæðum 3. mgr. laga nr. 100 frá 1948 eigi hann rétt á verðuppbót á greindan fisk. Með lagaákvæði þessu hafi ríkissjóður tekið á sig ábyrgð á, að saltfisksútflytjendur fengju ákveðið lágmarksverð fyrir fiskinn. Þar sem söluverð fisksins hafi ekki náð þessu lágmarksverði, beri stefnda að greiða mismuninn á þessum tveimur fjárhæðum. Hefur stefnandi á það bent, að engu máli skipti, hvar fiskurinn sé veiddur. Það hafi verið mjög þýðingarmikið á þessum tíma að reyna nýjar leiðir um veiðistaði, og af ríkisvaldsins hálfu hafi einmitt nokkrir aðiljar verið sérstaklega styrktir í því skyni. Ekki hafi verið um það samið að selja fiskinn í erlend skip, fyrr en útséð hafi verið um, að innlendir aðiljar gátu eða vildu ekki taka á móti honum á þeim stað, þar sem skipin urðu að losna við hann. Þetta hafi að vísu haft það í för með sér, að fiskurinn hafi ekki verið metinn á venjulegan hátt, enda ekki skylda að gera slíkt, þar sem honum hafi ekki verið skipað upp á Íslandi. Þetta atriði geti ekki haft nein áhrif á greiðsluskyldu stefnda, enda sé hér ekki um að ræða skilyrði, sem fram komi í lögunum. Þá hefur stefnandi bent á, að fiskur þessi hafi verið seldur ópakkaður, en gert sé ráð fyrir, að ábyrgðarverð ríkissjóðs miðist við pakkaðan fisk. Hins vegar hafi komið fram, að íslenzku fisktökuskipi, sem hafi verið við Grænland þetta sama sumar, hafi verið leyft að selja fisk sinn ópakkaðan, en af þeim sökum hafi ábyrgðarverðið verið lækkað um kr. 0.11 á hvert kg.

Aðalkröfu sína fær stefnandi þannig fram, að hann telur sig hafa

selt í hin dönsku fiskitökuskip 98.321 kg. af I. fl. saltfiski. Þá hafi hann selt í Newfoundland 40.000 kg. af I. fl. saltfiski. Söluverð á öllum þessum fiski hafi verið sem svarar til kr. 1.35 hvert kg. Samkvæmt ákvæðum 1. tl. 4. gr. reglug. nr. 25 frá 1949 beri einnig að telja með hér 10% af þeim II. fl. saltfiski, er hann hafi selt, eða alls 8806.5 kg. Samkvæmt þessu beri að reikna með, að hann hafi selt 147.127 kg. fyrir kr. 1.35 hvert kg. Verð það, sem stefndi hafi ábyrgzt í þessu sambandi, hafi verið kr. 2.25 hvert kg. Þar frá beri hins vegar að draga kr. 0.11 vegna þess, að fiskurinn hafi verið seldur ópakkaður, þannig að ábyrgðarverð stefnda hafi verið kr. 2.14 fyrir hvert kg. Mismuninn á söluverðinu og ábyrgðarverðinu beri stefnda að greiða, eða kr. 0.79 fyrir hvert kg. Nemur það samtals kr. 116.230.72, að því er þenna fisk varðar.

Þá telur stefnandi, að hann hafi selt í hin dönsku fisktökuskip alls 88.065 kg. af saltfiski II. fl. fyrir kr. 1.1475 hvert kg. Frá þessu fiskmagni beri að draga 10%, eða 8806.5 kg., sem í þessu sambandi teljist með I. fl. Hér eigi því aðeins að reikna með 79.258.5 kg., sem hafi selzt fyrir kr. 1.1475 hvert kg. Samkvæmt 2. tl. 4. gr. reglug. nr. 25 frá 1949 hafi stefndi ábyrgzt verð á þessum fiski kr. 2.00 fyrir hvert kg. Frá því verði beri að draga kr. 0.11, þar sem fiskurinn hafi verið seldur ópakkaður. Mismuninn á söluverðinu og ábyrgðarverðinu beri stefnda að greiða, eða alls kr. 0.7425 fyrir hvert kg. Nemur það alls kr. 58.849.44, að því er þenna fisk varðar.

Stefnandi kveðst hafa selt í hin dönsku fisktökuskip alls 54.297 kg. af III. fl. saltfiski og fengið greitt kr. 0.945 fyrir hvert kg. Samkvæmt 3. tl. 4. gr. reglug. nr. 25 frá 1949 hafi stefndi ábyrgzt, að seljendur fengju kr. 1.80 fyrir hvert kg. af þessum fiski. Frá því verði beri að draga kr. 0.11 vegna þess, að fiskur sá, sem hér um ræðir, hafi verið seldur ópakkaður. Mismuninn á söluverðinu og ábyrgðarverðinu beri stefnda að greiða, eða kr. 0.745 fyrir hvert kg. Nemur það samtals kr. 40.451.26, að því er þenna fisk varðar. Kemur þannig fram aðalkrafa stefnanda, kr. 215.531.42.

Varakröfu sína byggir stefnandi á því, að hið íslenzka fisktökuskip, sem hafi verið við Grænland þetta sama sumar, hafi selt saltfisk ópakkaðan fyrir kr. 1.83 hvert kg. og fengið greidda verðuppbót úr ríkissjóði, kr. 0.31 fyrir hvert kg. Saltfiskur sá, sem skip stefnanda hafi selt, hafi alls verið 280.683 kg. Ekki komi til mála, að honum beri lægri uppbót en þessum aðilja hafi verið greitt, eða alls kr. 87.011.73 fyrir það fiskmagn, sem hér um ræðir.

Stefndi telur hins vegar og byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi eigi ekki rétt á ábyrgðarverði því, sem gert er ráð fyrir í lögum nr. 100 frá 1948 og reglug. nr. 25 frá 1949, þar sem hann uppfylli á engan hátt skilyrði laganna.

Stefndi hefur bent á, að fyrrgreind ábyrgð ríkissjóðs á fiskverðinu hafi haft mjög mikil útgjöld í för með sér fyrir hann. Af þeim ástæðum hafi verið sett ýmis skilyrði fyrir því, að til greiðslu

kæmi. Ákvæði þessi hafi verið sett til þess að bæta hag bátaútvegsins. Hafi þá verið átt við útgerð frá Íslandi og fisk veiddan á miðum við Ísland. Við þetta hafi ábyrgðin verið miðuð, en ekki veiðar báta á fjarlægum miðum, sérstaklega þegar þess sé gætt, að fiskur sá, sem við Grænland veiðist, sé mun verri söluvara, en fiskur frá Íslandsmiðum. Af þessu sé ljóst, að engin skylda hvíli á ríkissjóði um að ábyrgjast lágmarksverð á fiski, sem veiddur hafi verið á Grænlandsmiðum. Þá hafi stefnandi firrt sig rétti til að njóta góðs af fyrrgreindum lagaákvæðum, þar sem hann hafi alls engin samráð haft við íslenzk stjórnarvöld um veiðileiðangur þenna og sölu aflans. Í bæði lögunum og reglugerðinni sé gert ráð fyrir margs konar afskiptum ríkisvaldsins af verkun og sölumeðferð þess fisks, sem ríkissjóður hafi tekið verðábyrgð á. Þannig sé það beint skilyrði samkvæmt 1. mgr. 11. gr. reglug. nr. 25 frá 1949, að saltfiskurinn þurfi að vera fullsaltaður, fullstaðinn, metinn af löggiltum matsmönnum og pakkaður í hessianstriga, til þess að ábyrgð ríkissjóðs komi til. Þessum skilyrðum hafi stefnandi ekki sinnt. Fiskurinn hafi alls ekki verið metinn, heldur seldur ómetinn og ópakkaður. Samkvæmt lögum nr. 11 frá 1940 megi ekki flytja út íslenzkar vörur nema með leyfi ríkisstjórnarinnar. Þetta leyfi hafi stefnandi ekki fengið. Þegar þetta sé virt og þess gætt, að gögn þau, sem stefnandi leggi nú fram fyrir aflamagni, gæðum aflans og söluverði, séu mjög ófullkomin, aðeins óstaðfestir reikningar eða frásögn fyrirsvarsmanna hans, þá sé ljóst, að ekki komi til mála, að stefnandi eigi rétt á að fá greiðslu úr ríkissjóði þannig, að verð það, sem hann telji sig hafa fengið, að viðbættu því, er hann krefji nú, nemi verði því, er ríkissjóður hafi ábyrgzt. Þetta sé sérstaklega ljóst þegar þess sé gætt, að stefnandi hafi komið málum sínum þannig fyrir, að ríkisvaldið hafi engan möguleika haft til að fylgjast með gerðum hans, bæði að því er varðaði verkun fisksins og sölu hans.

Að því er varðar fisk þann, sem seldur hafi verið úr hinu íslenzka fisktökuskipi, sem var á Grænlandsmiðum sama sumar, þá hefur stefndi talið, að útgerð stefnanda verði á engan hátt til þess leiðangurs jafnað. Þar hafi verið um að ræða tilraun, sem styrkt hafi verið af almannafé. Fengið hafi verið sérstakt leyfi til að selja þann fisk ópakkaðan, en hann hafi verið metinn á venjulegan hátt af íslenzkum matsmönnum og venjuleg útflutningsleyfi fengin.

Í lögum nr. 100 frá 1948, 3. gr., segir svo: „Ríkissjóður ábyrgist saltfisksútflytjendum það, sem á kann að vanta, að söluverð verði kr. 2.25 fyrir kg. fob., miðað við fullsaltaðan stórfisk (þorsk) 1. flokks, og skal verð annarra flokka og fisktegunda vera samsvarandi". Í 2. mgr. 4. gr. er tekið fram, að ríkisstjórninni sé heimilt að skipa fyrir um verkun á fiski, eftir því sem markaðshorfur segi til um. Þá segir í 1. mgr. 7. gr., að við samninga um sölu íslenzkra afurða

erlendis skuli þess gætt, að sem bezt heildarverð fáist fyrir þær, og að ríkisstjórninni sé heimilt að binda sölu einstakra vörutegunda nauðsynlegum skilyrðum, til þess að því verði verði náð. Þá segir í 9. gr. laganna, að ríkisstjórnin geti með reglugerð sett nánari fyrirmæli um allt, sem lýtur að framkvæmd þessara kafla laganna. Samkvæmt þessu var síðan sett reglugerð nr. 25 frá 1949, sem áður hefur verið getið. Í 11. gr. reglugerðarinnar segir, að ábyrgð sú, sem um ræðir í 4. gr. reglugerðarinnar, miðist við saltfisk, sem sé fullsaltaður, fullstaðinn, metinn af löggiltum matsmönnum og pakkaður í hessianstriga.

Með lögum nr. 11 frá 1940 var ríkisstjórninni heimilað að ákveða, að engar vörur megi bjóða til sölu, selja til útlanda eða flytja úr landi, nema að fengnu leyfi hennar. Með reglugerð nr. 109 frá 1948 var svo ákveðið, að engar íslenzkar afurðir væri heimilt að bjóða til sölu á erlendum markaði, selja eða flytja úr landi, nema að fengnu leyfi ríkisstjórnarinnar. Engar vörur mætti heldur flytja úr landi nema með leyfi hennar.

Við setningu laga nr. 100 frá 1948 var ljóst, að ákvæði þeirra, um að ríkissjóður ábyrgðist ákveðið verð á fiski, mundi baka ríkisstjórninni veruleg útgjöld. Var því eðlilegt, að ríkisstjórnin teldi sig þurfa að hafa nokkurt eftirlit með sölu fisksins.

Stefnandi aflaði sér engra leyfa í sambandi við sölu umrædds fisks, eins og áður getur, heldur seldi hann sjálfur erlendum aðiljum. Umræddur fiskur var aldrei fluttur til Íslands, og íslenzk stjórnarvöld höfðu engin afskipti af gæðamati hans, verkun eða sölu og höfðu ekkert tækifæri til að fylgjast með því, hvert verð fengist fyrir hann. Ekki verður talið, að það skipti máli, hvar fiskur sá, sem verð var ábyrgst á, væri veiddur, en þegar litið er til ákvæða laganna og tilgangs þeirra, þá verður að telja, að ríkissjóður hafi aðeins tekið ábyrgð á verði þess fisks, sem út væri fluttur frá Íslandi á lögmæltan hátt og samkvæmt þeim reglum, er þar giltu, þannig að íslenzk stjórnarvöld hefðu samþykkt verkunaraðferð þá, er höfð var, séð um gæðamat og vigtun og að endingu samþykkt sölu hans. Þar sem stefnandi hirti eigi um að gæta þessa, verður ekki talið, að hann geti krafið stefnda um, að hann greiði það, sem á kann að hafa vantað, að stefnandi fengi ábyrgðarverð samkvæmt lögum nr. 100 frá 1948 fyrir fisk sinn.

Með vísan til þessa verður þegar af þessari ástæðu að taka sýknukröfu stefnda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Lárusar Jóhannessonar hrl., þykja hæfilega ákveðin kr. 10.000.00 og greiðast úr ríkissjóði.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Björgvins Bjarnasonar f. h. Hugins h/f, í máli þessu.

Málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00, greiðast úr ríkissjóði.

Föstudaginn 30. september 1955.

Nr. 11/1955. **Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps f. h. hreppsins** (Ragnar Ólafsson)
gegn
Olíuverzlun Íslands h/f
(Einar B. Guðmundsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 27. desember 1954 skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. janúar 1955 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða útsvar, að fjárhæð kr. 4000.00, ásamt dráttarvöxtum, 1% á mánuði frá 15. október 1952 til greiðsludags, og svo málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Staðfesta má héraðsdóminn með skírskotun til forsendna hans.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps f. h.

hreppsins, greiði stefnda, Olíuverzlun Íslands h/f, kr. 1500.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. apríl 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. f. m., hefur Leifur Eiríksson f. h. hreppsnefndar Raufarhafnarhrepps höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. ágúst 1952, gegn Olíuverzlun Íslands h.f., hér í bænum. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefnda verði dæmd til að greiða útsvarsskuld að fjárhæð kr. 4000.00 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt lögum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að mati dómarans.

Stefnda hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa eftir mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að á árinu 1952 gerði stefnandi stefnda að greiða útsvar til hreppssjóðs Raufarhafnarhrepps að fjárhæð kr. 12.000.00. Stefnda kærði útsvarsálagningu þessa til skattayfirvaldanna, og með úrskurði ríkisskattanefndar, uppkveðnum 28. apríl 1953, var útsvarsfjárhæðin lækkuð í kr. 4000.00. Stefnda hefur alltaf mótmælt útsvarsskyldu sinni, og er mál þetta því höfðað.

Stefnandi skýrir svo frá og byggir kröfur sínar á því, að á Raufarhöfn sé olíugeymir, eign Síldarverksmiðja ríkisins. Stefnda og annað olíusölufélag hafi samið svo við geymiseiganda, að félögin hefðu geymi þenna á leigu og létu í hann brennsluolíu. Geymiseigandinn hafi síðan séð um sölu á olíunni. Stefnda hafi borið ábyrgð á olíunni í geyminum, tekið halla af rýrnun hennar og vátryggt hana. Geymiseigandi hafi hins vegar afhent olíu til einstakra viðskiptavina og fengið fyrir það ákveðna þóknun af hverri smálest olíu, sem hann hafi selt. Geymiseigandi hafi aðeins mátt selja gegn staðgreiðslu, en ef hann lánaði viðskiptamönnum söluverðið, þá hafi hann átt að bera ábyrgð á því gagnvart stefnda. Þá eigi stefnda benzíngeymi og benzíndælu á Raufarhöfn og selji mönnum þar benzín.

Þegar þetta sé virt, sé augljóst, að stefnda reki slíka vinnu á Raufarhöfn, að telja megi, að hún hafi þar heimilisfasta atvinnustofnun, sem leggja megi útsvar á samkvæmt ákvæðum a-liðs 2. mgr. 8. gr. útsvarslaganna nr. 66 frá 1945.

Af hálfu stefnda hefur því hins vegar verið haldið fram, að félagið selji Síldarverksmiðjum ríkisins á Raufarhöfn brennsluolíu fyrir verð, sem sé þannig reiknað, að gefinn sé ákveðinn afsláttur frá því útsöluverði á Raufarhöfn, sem ákveðið sé af verðlagsyfirvöldunum. Stefnda sjái um flutning olíunnar til Raufarhafnar og affermingu hennar þar. Síldarverksmiðjur ríkisins kaupi hins vegar olíuna og selji hana öðrum eða noti hana sjálfar. Stefnda sé það alveg óviðkomandi, hverjum þær selji og hvernig hinir einstöku kaupendur

greiði hana. Stefndi geri upp við Síldarverksmiðjurnar mánaðarlega, en þær hafi heimild til að skulda stefnda um hver mánaðamót fé, er samsvari því magni, sem sé í geyminum á hverjum tíma.

Að því er benzínsöluna varðar, þá telur stefnda, að félagið eigi þar að vísu benzíngeymi og benzíndælu, en leigi tæki þessi manni þeim, sem selji benzín þar á staðnum, en benzín þetta kaupi hann af stefnda.

Af þessu telur stefnda ljóst, að hún reki ekki neina atvinnustofnun á Raufarhöfn og beri ekki að greiða þar útsvar.

Síldarverksmiðjur ríkisins hafa haldið því fram, að þær hafi leigt stefnda og öðru olíusölufélagi olíugeymi á Raufarhöfn. Olíusölufélögin sjái um, að næg olía sé á staðnum og beri ábyrgð á henni að öllu leyti, þar á meðal rýrnun hennar, og sjái um, að hún sé vátryggð. Síldarverksmiðjur ríkisins afhendi hins vegar einstökum viðskiptamönnum olíu af geyminum. Olíuna skuli verksmiðjurnar afhenda gegn staðgreiðslu, en ef þær láni kaupendum söluverðið, beri þær ábyrgð á greiðslu þess. Sem þóknun fyrir geymisleigu, afhendingu og annað slíkt, fái Síldarverksmiðjurnar ákveðna þóknun af hverri smálest, sem þær afhendi. Söluverð hinnar afhentu olíu sé greitt olíufélögunum mánaðarlega.

Samkomulag Síldarverksmiðja ríkisins og olíusölufélaga þessara virðist hafa verið munnlegt. Þann 22. október 1952 virðist hafa verið gert um þetta skriflegt samkomulag, mjög á sömu lund og Síldarverksmiðjur ríkisins hafa talið hér að framan. Þó virðist þá þriðja olíufélagið hafa verið með í þessum samningum.

Af því, sem að framan er rakið, er ljóst, að samband stefndu og Síldarverksmiðja ríkisins á árinu 1951 hefur verið þannig í framkvæmd, að stefnda hefur flutt olíuna í geyminn og borið alla ábyrgð og áhættu af henni þar, en Síldarverksmiðjurnar afhent hana neytendum og þá borið ábyrgð á, að þeir greiddu hana. Fyrir þjónustu sína, þar með talin not geymisins, fengu Síldarverksmiðjurnar ákveðna þóknun, sem miðaðist við magn hinnar afhentu olíu. Af útsöluverðinu sjálfu virðast Síldarverksmiðjur ríkisins engin afskipti hafa haft.

Þegar litið er til viðskiptasambands stefndu og Síldarverksmiðja ríkisins, sem að framan hefur verið lýst, þá virðist af hendi verksmiðjanna hafa verið um hreina verzlunarumsýslu að ræða, þannig, að Síldarverksmiðjur ríkisins hafi komið fram sem umboðssali á vörum stefndu. Með vísan til þessa og þar sem stefnda átti engin tæki eða fasteignir á Raufarhöfn í sambandi við viðskipti þessi, verður ekki talið, að þessi rekstur stefndu hafi verið heimilisföst atvinnustofnun þar. Var stefnda því ekki útvarsskyld að því leyti á Raufarhöfn.

Framangreint útsvar hefur verið lagt ósundurliðað á olíu og benzínsölu stefndu á Raufarhöfn. Þar sem samkvæmt framansögðu eigi verður lagt útsvar á olíusöluna, verður því, þegar af þeirri ástæðu,

einnig að sýkna stefndu af útsvarsgreiðslunni, að því er benzínsöluna varðar.

Samkvæmt þessu ber að taka sýknukröfu stefndu til greina.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefnda, Olíuverzlun Íslands h.f., skal vera sýkn saka af kröfum stefnanda, Leifs Eiríkssonar f. h. hreppsnefndar Raufarhafnarhrepps, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 30. september 1955.

Nr. 73/1955. **Ársæll Jónasson f. h. Kjötbúðar Vesturbæjar**
gegn
Jóh. Karlssyni & Co.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ársæll Jónasson f. h. Kjötbúðar Vesturbæjar, sem eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Jóh. Karlssyni & Co., sem sótt hefur dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 150.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. september 1955.

Nr. 75/1955. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Sigurgeir Helgasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 30. september 1955.

Nr. 76/1955. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Sigurði Þ. Skjaldberg h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 30. september 1955.

Nr. 77/1955. **Guðmundur H. Þórðarson**
gegn
Einari Gunnari Einarssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur H. Þórðarson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Einari Gunnari Einarssyni, sem sótt hefur dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 150.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. október 1955.

Nr. 135/1954. **Johan Ellerup** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Bæjarfógetanum í Keflavík f. h. ríkissjóðs
(Vilhjálmur Jónsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Lögtaksmál. Innheimta tollgjalda og söluskatts.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. ágúst 1954 og gert þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: að hinn áfrýjaði úrskurður verði ómerktur, málinu vísað frá fógetaréttinum og stefnda dæmt að greiða

áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Fyrri varakrafa: að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og málskostnaður dæmdur samkvæmt aðalkröfu.

Önnur varakrafa: að úrskurður fógeta verði staðfestur með þeirri breytingu, að áfrýjandi verði sýknaður af greiðslu vaxta og aðiljum verði gert að greiða hvorum sinn kostnað af málinu.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gögn máls þessa sýna, að stefnda hlaut að hafa verið ljóst, að tollflokkun hans á ýmsum vörum var eigi rétt. Þegar af þessari ástæðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 5000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Johan Ellerup, greiði stefnda, bæjarfógetanum í Keflavík f. h. ríkissjóðs, kr. 5000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Keflavíkur 17. júlí 1954.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar eftir munnlegan málflutning þann 13. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, bæjarfógetinn í Keflavík f. h. ríkissjóðs, krafizt þess, að gert verði lögtak hjá gerðarþola, Johan Ellerup lyfsala, Suðurgötu 2, Keflavík, til tryggingar vangreiddum verðtolli, vörumagnstolli og söluskatti, samtals að fjárhæð kr. 64.499.67 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. júní 1953 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Gerðarþoli hefur *aðallega* krafizt þess, að synjað verði um framgang lögtaksins og gerðarbeiðanda gert að greiða honum málskostnað að mati fógetans. *Til vara* hefur gerðarþoli krafizt þess, að lögtak verði aðeins gert til tryggingar kr. 52.454.37 án vaxta og að gerðarbeiðanda verði gert að greiða málskostnað að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að síðara hluta ársins 1950, á árinu 1951 og fyrra hluta ársins 1952 keypti gerðarþoli allmikið af vörum, aðal-

lega lyfjavörum, frá útlöndum. Vörur þessar voru fluttar til Keflavíkur og tollafgreiddar þar. Hafður var sá háttur á afgreiðslu, að gerðarþoli útbjó aðflutningsskýrslur og síðar tollinnflutningsskýrslur, þar sem vörutegunda var getið og vörurnar flokkaðar samkvæmt tollskrá. Skýrslur þessar ásamt farmskírteinum og innkaupareikningum afhenti hann síðan bæjarfógetanum í Keflavík, sem hafði tollafgreiðsluna á hendi. Bæjarfógetinn lét síðan reikna út verðtoll, vörumagnstoll og söluskatt samkvæmt gögnum þessum. Gerðarþoli greiddi síðan gjöld þessi og fékk vörurnar afhentar. Í septembermánuði 1952 var hætt að tollafgreiða vörur í Keflavík, og eftir þann tíma mun tollstjórinn í Reykjavík hafa haft á hendi tollafgreiðslu á vörum þeim, sem til Keflavíkur skyldu fara. Gögn gerðarþola voru síðan send endurskoðunardeild Fjármálaráðuneytisins til endurskoðunar. Þar var talið, að um verulegar skekkjur á tollflokkun væri að ræða, að því er varðaði vörur þessar. Taldi endurskoðunardeildin, að á árinu 1951 hefði gerðarþoli vangreitt verðtoll að fjárhæð kr. 36.286.97, en hins vegar ofgreitt verðtoll á sama tíma að fjárhæð kr. 122.76. Þá hefði hann vangreitt vörumagnstoll á sama tíma, að fjárhæð kr. 863.46. Enn fremur hefði gerðarþoli vangreitt söluskatt, að fjárhæð kr. 3156.45, en ofgreitt söluskatt, að fjárhæð kr. 310.61. Þá taldi endurskoðunardeildin, að gerðarþoli hefði ekki afhent svonefnd B-skírteini vegna innflutnings vara þessara, að fjárhæð kr. 19.362.00. Bæri honum að skila skírteinum þessum eða greiða tryggingarfé vegna þeirra, að fjárhæð kr. 9681.00.

Athugasemdir endurskoðunardeildarinnar ásamt fylgiskjölum voru síðan sendar bæjarfógetanum í Keflavík. Með bréfi til gerðarþola, dags. 5. desember 1952, tilkynnti bæjarfógetinn gerðarþola um þetta og baðst álits hans um þessi atriði. Gerðarþoli virðist hafa mótmælt greiðsluskyldu sinni, að því er varðaði fjárhæðir þessar, en ekki hafa gert neinar sérstakar athugasemdir við útreikninga og tollflokkun endurskoðunardeildarinnar.

Að því er varðaði vörur þær, sem hér um ræðir og tollafgreiddar voru á árinu 1952, þá taldi endurskoðunardeild Fjármálaráðuneytisins, að verðtollur sá, sem gerðarþola bæri að greiða, væri vanreiknaður um kr. 22.506.30. Hins vegar hefði hann ofgreitt verðtoll, að fjárhæð kr. 1065.47. Vörumagnstollur, sem gerðarþola bæri að greiða, væri vanreiknaður um kr. 1598.29, en hins vegar hefði hann ofgreitt vörumagnstoll, að fjárhæð kr. 21.07. Söluskattur sá, sem gerðarþola bæri að greiða, væri vanreiknaður um kr. 1780.26, en hann hefði hins vegar ofgreitt kr. 83.66 í söluskatt. Þá taldi endurskoðunardeildin, að gerðarþoli hefði ekki afhent svonefnd B-skírteini vegna innflutnings vara þessara, samtals að fjárhæð kr. 15.034.00. Bæri honum að skila skírteinum þessum eða greiða tryggingarfé vegna þeirra, að fjárhæð kr. 7517.00. Athugasemdir þessar virðast ekki hafa borizt gerðarþola fyrr en í maímánuði 1953. Virðist hann hafa mótmælt greiðsluskyldu sinni, en ekki hafa gert neinar sér-

stakar athugasemdir um útreikninga og tollflokkun endurskoðunardeildarinnar.

Þann 3. marz 1953 kvað endurskoðunardeild Fjármálaráðuneytisins upp formlegan úrskurð um fjárheimtu þessa, að því er varðaði vörur, tollafgreiddar árið 1951. Þann 9. maí 1953 var hliðstæður úrskurður uppkveðinn af sama aðilja, að því er varðaði vörur, tollafgreiddar á árinu 1952. Var bæjarfógetanum í Keflavík falið að krefja gerðarþola um fé þetta. Var lögtaksmál þetta síðan fyrst tekið fyrir þann 12. júní 1953.

Í máli þessu telur gerðarbeiðandi, að gerðarþoli skuldi verðtoll frá árinu 1951, alls kr. 36.286.97, og sama toll frá árinu 1952, alls að fjárhæð kr. 22.506.30. Hins vegar hafi hann ofgreitt verðtoll, kr. 122.76, á árinu 1951 og kr. 1065.47 á árinu 1952. Hann skuldi því alls verðtoll kr. 57.605.04. Gerðarþoli skuldi einnig kr. 863.46 í vörumagnstoll frá árinu 1951 og kr. 1598.29 í sama toll frá árinu 1952. Hins vegar hafi hann ofgreitt vörumagnstoll með kr. 21.07 á árinu 1952. Skuldi hann þannig alls kr. 2440.68 í vörumagnstoll. Þá skuldi gerðarþoli kr. 3067.96 í söluskatt frá 1951, en hafi hins vegar ofgreitt kr. 310.61 í söluskatt á því ári. Enn fremur skuldi hann kr. 1780.26 í söluskatt frá árinu 1952, en hafi hins vegar ofgreitt söluskatt á því ári með kr. 83.66. Gerðarþoli skuldi því alls kr. 4453.95 í söluskatt. Krefst gerðarbeiðandi þess, að gert verði lögtak í eignum gerðarþola til tryggingar þessum fjárhæðum.

Kröfur sínar byggir gerðarbeiðandi á því, að orsök þess, að gerðarþoli greiddi of lága tolla og söluskatt í upphafi, er hann fékk vörurnar afgreiddar, hafi verið sú, að skýrslur þær, sem hann gaf tollyfirvöldunum, hafi verið rangar. Þetta hafi hins vegar ekki komið í ljós fyrr en við endurskoðun á plöggum þessum.

Að því er varðar verðtollinn og vörumagnstollinn, þá hafi fjármálaráðuneytið úrskurðað um hann, en sá úrskurður sé fullnaðarúrskurður samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 20. gr. laga nr. 62 frá 1939 um tollskrár o. fl., enda hafi gerðarþoli ekki mótmælt útreikningum Fjármálaráðuneytisins út af fyrir sig.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 5. gr. laga nr. 6 frá 1945 fari um lögvernd og gjalddaga aðflutningsgjalda eftir ákvæðum laga um tollheimtu og tolleftirlit. Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 27. gr. laga nr. 63 frá 1937 um tollheimtu og tolleftirlit falli aðflutningsgjöld í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flytur, hefur hafnað sig þar, sem gjöld á að greiða. Tollar þessir séu því fyrir löngu í gjalddaga fallnir. Í niðurlagsákvæði 29. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit sé tekið fram, að ef eigi náist til þeirrar vöru, sem aðflutningsgjald skal greiða af þá megi gera lögtak í öðrum eignum viðtakanda til tryggingar þeim.

Af framangreindu sé ljóst, að gerðarþoli skuldi toll af vörum, sem hann hafi fengið og ekki verði nú náð til, og sé því fullheimilt

að gera lögtak í öðrum eignum gerðarþola til tryggingar tollum þessum.

Kröfur sínar, að því er söluskattinn varðar, byggir gerðarbeiðandi á ákvæðum 21. gr. laga nr. 100 frá 1948 um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, sbr. lög nr. 116 frá 1949, lög nr. 18 frá 1950, lög nr. 24 frá 1950, lög nr. 112 frá 1950, lög nr. 107 frá 1951, lög nr. 106 frá 1952 og lög nr. 75 frá 1953 um framlengingu gildis ákvæða III. kafla fyrrgreindra laga. Af ástæðum þeim, sem greindi, þegar rætt var um verðtoll og vörumagnstoll, hafi gerðarþoli ekki greitt þann söluskatt, er honum bar að greiða. Söluskatturinn hafi fallið í gjalddaga um leið og varan var tollafgreidd, og hann njóti sömu réttarverndar og aðflutningsgjöld samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 21. gr. laga nr. 100 frá 1948. Sé því örugg lögtaksheimild fyrir hendi, að því er söluskattinn varðar.

Af hálfu gerðarbeiðanda hefur því verið ákveðið mótmælt, að lögtaksréttur fyrir kröfum þessum sé að nokkru niður fallinn vegna fyrningar þar sem umboðsmaður gerðarþola hafi lýst því yfir í greinargerð, að hann mundi ekki bera fyrningu fyrir sig.

Gerðarþoli skýrir svo frá, að hann hafi um langt skeið átt heima og rekið lyfsölu á Seyðisfirði. Er hann hafi pantað lyf og aðrar vörur frá útlöndum, hafi sá háttur verið á hafður, að hann hafi afhent skrifstofu bæjarfógetans þar farmskrár og innkaupareikninga yfir vörurnar. Vörurnar hafi síðan verið tollflokkaðar af starfsmönnum bæjarfógetans og öll skjöl síðan útbúin varðandi tollafgreiðsluna. Að því loknu kveðst gerðarþoli hafa undirritað skjölin og síðan greitt tollinn. Er hann hafi flutt til Keflavíkur, hafi hann viljað hafa sama hátt á þessu. Því hafi hins vegar verið neitað og þess krafizt, að hann sjálfur tollflokkaði vörurnar og afhenti skrifstofu bæjarfógetans síðan öll plögg varðandi vörurnar útfyllt og undirrituð. Þetta hafi hann neyðzt til að gera, enda þótt honum hafi verið ljóst, að hann var ekki fær um að inna þetta af hendi svo vel, sem þörf var á. Hann hafi síðan tollflokkað vörurnar eftir beztu samvizku og þekkingu. Síðan hafi tollurinn og söluskatturinn verið reiknaður út af bæjarfógetanum eða starfsmönnum hans. Kveðst gerðarþoli síðan hafa greitt gjöldin og fengið vörurnar afhentar. Þær hafi síðan verið seldar og þá lagt það verð til grundvallar, sem þannig var fram fengið. Hann hafi ekkert frekar um þetta heyrt fyrr en löngu síðar, og þá hafi verið búið að selja vörurnar, eins og áður getur.

Með vísan til þessa alls telur gerðarþoli, að hann eigi enga sök á þeim misfellum, sem kunni að hafa orðið á tollákvörðun og söluskattsákvörðun, að því er vörur þessar varðar. Þau mistök, sem orðið hafi, séu tollyfirvöldunum sjálfum að kenna og það sé ekki réttlátt, að hann eigi að bera hallann af því. Sérstaklega þegar þess sé gætt, að ef hann verði talinn eiga að greiða eitthvað til viðbótar

þeim tollum og söluskatti, sem hann hafi þegar greitt, þá verði hann að bera það tjón sjálfur, þar sem búið sé að selja vörur þær, sem hér um ræðir, og því útilokað að fá fé þetta aftur frá neytendunum, sem þó eigi í raun og veru að greiða það endanlega. Þegar þetta sé virt, þá sé ekki um raunverulega tolla- og söluskattskröfu að ræða, heldur almenna skuld, sem ekki njóti lögtaksréttar, og beri því að synja um framkvæmd lögtaksins.

Þá hefur gerðarþoli bent á, að hann hafi greitt þann toll, sem af honum var krafinn, og fengið fullnaðarkvittun tollyfirvaldanna. Hann hafi verið í góðri trú um, að hann þyrfti ekki að greiða frekara. Eins og áður getur, þá hvíli öll sökin af mistökunum á tollyfirvöldunum. Þegar þess sé gætt, verði honum ekki gert að greiða frekara fé en hann hafi þegar greitt.

Hefur gerðarþoli í þessu sambandi áskilið sér rétt til að heimta bætur úr hendi gerðarbeiðanda, verði framgangur lögtaks þessa leyfður að öllu eða nokkru leyti.

Varakröfu sína byggir gerðarþoli á því, að nokkuð af tollum þeim og söluskatti, sem hann sé nú krafinn um, sé það gamall, að lögtaksréttur sé niður fallinn fyrir fyrningu.

Eins og að framan hefur verið getið, hefur gerðarþoli viðurkennt, að tollflokkun hans hafi ekki verið nákvæm og að honum hafi verið ljóst, að verið gat, að hún væri ekki rétt. Mátti hann því, sem auk þessa hefur flutt inn vörur um langt skeið, búast við, að frekari athugun á þessum atriðum sýndi, að um skekkjur gæti verið að ræða og að hann yrði krafinn um frekari gjöld, eða endurgreitt í sumum tilvikum. Af gögnum málsins þykir mega ráða, að eftirlit og athugun tollyfirvaldanna í Keflavík hafi eigi verið svo ýtarleg sem skyldi, en það atriði út af fyrir sig þykir eigi geta leyst gerðarþola undan því að greiða rétta tolla og söluskatt. Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að kvittun sú, sem hann fékk fyrir toll- og söluskattsgreiðslunum í Keflavík, leysi hann undan greiðsluskyldunni.

Eins og að framan hefur verið rakið, liggur fyrir úrskurður Fjármálaráðuneytisins um, hverjir séu hinir réttu tollar og söluskattur, sem gerðarþola beri að greiða vegna vara þessara. Samkvæmt ákvæðum 29. gr. laga nr. 63 frá 1937 og ákvæði 2. mgr. 21. gr. laga nr. 100 frá 1948 njóta tollakröfur og söluskattur lögtaksréttar. Ekki verður séð, að það skipti hér nokkru máli, þótt gerðarþoli hafi nú selt vörur þær, er hér um ræðir, og virðist lögtaksréttur inn standa alveg óbreyttur þrátt fyrir það.

Verða því kröfur gerðarþola um, að synjað verði um framgang gerðarinnar, ekki á þessu reistar.

Verðtollur og vörumagnstollur:

Eins og áður getur, telur gerðarbeiðandi að gerðarþoli skuldi verðtoll, að fjárhæð kr. 36.286.96, frá árinu 1951, og verðtoll, að fjárhæð

kr. 22.506.30, frá árinu 1952, eða alls kr. 58.793.27. Hins vegar hafi hann á sama tíma ofgreitt verðtoll, að fjárhæð kr. 1188.23, sem koma eigi hér til frádráttar. Samkvæmt þessu krefur gerðarbeiðandi nú gerðarþola um verðtoll, að fjárhæð kr. 57.605.04.

Þá telur gerðarbeiðandi, að gerðarþoli skuldi einnig vörumagnstoll, að fjárhæð kr. 863.46, frá árinu 1951, og kr. 1598.29 frá árinu 1952, eða alls kr. 2461.75. Hins vegar hafi hann ofgreitt vörumagnstoll, að fjárhæð kr. 21.07, á árinu 1952, og eigi það fé að koma hér til frádráttar. Samkvæmt þessu krefur hann gerðarþola nú um kr. 2440.68 í vörumagnstoll.

Gerðarþoli hefur ekki mótmælt tollflokkun eða útreikningum gerðarbeiðanda út af fyrir sig. Hins vegar hefur hann talið, að lögtaksréttur sé fyrndur af nokkru af gjöldum þessum, eða alls kr. 11.141.56, og komi því ekki til greina, að leyft verði lögtak til tryggingar hærri fjárhæð en kr. 48.904.16.

Ekki verður talið, að yfirlýsing umboðsmanns gerðarþola í greinargerð um fyrningu lögtaksréttarins skipti hér máli. Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 27. gr. laga nr. 63/1937 féllu gjöld þessi í gjalddaga, þegar skip það, er vörurnar flutti, hafði hafnað sig þar, sem gjöld skyldi greiða. Samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 83 frá 1947 fyrnist lögtaksréttur á tveimur árum frá gjalddaga talið, en byrjun lögtaksgerðar slítur fyrningu. Lögtaksgerð þessi var fyrst tekin fyrir 12. júní 1953. Af gögnum málsins verður séð, að alls 16 vörusendingar, sem hér skipta máli, voru komnar hingað fyrir 12. júní 1951, og nemur verðtollur og vörumagnstollur af vörum þessum, sem gerðarbeiðandi krefst nú lögtaks fyrir, alls kr. 11.141.56. Lögtaksréttur, að því er þessar kröfur varðar, er fyrndur, og verður því ekki gert lögtak til tryggingar því fé. Samkvæmt þessu verður lögtak aðeins heimilað til tryggingar kr. 48.904.16, að því er þessa tolla varðar.

Söluskattur:

Eins og áður getur, telur gerðarbeiðandi, að gerðarþoli skuldi söluskatt frá árinu 1951, kr. 3067.96, og kr. 1780.26 frá árinu 1952, eða samtals kr. 4848.22. Hins vegar hafi gerðarþoli ofgreitt söluskatt á árinu 1951, kr. 310.61, og kr. 83.66 á árinu 1952, eða alls kr. 394.27. Fé þetta eigi að koma hér til frádráttar, og krefst hann því lögtaks hjá gerðarþola til tryggingar söluskatti, að fjárhæð kr. 4453.95.

Gerðarþoli hefur ekki mótmælt útreikningum gerðarbeiðanda út af fyrir sig. Hins vegar hefur hann talið, að lögtaksréttur sé fyrndur af nokkrum af kröfum þessum, eða kr. 903.74. Komi því ekki til, að leyft verði lögtak til tryggingar meira fé en kr. 3550.21, að því er söluskattinn varðar.

Ekki verður talið, að yfirlýsing umboðsmanns gerðarþola í greinargerð varðandi fyrningu lögtaksréttarins skipti hér máli. Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 21. gr. laga nr. 100 frá 1948 féll söluskattur þessi í gjalddaga um leið og varan var tollafgreidd. Samkvæmt

ákvæðum 1. gr. laga nr. 83 frá 1947 fyrnist lögtaksréttur á kröfum á tveimur árum frá gjalddaga talið, en byrjun lögtaksgerðar slítur fyrningu. Lögtaksgerð þessi hófst þann 12. júní 1953. Af gögnum málsins verður séð, að alls 15 vörusendingar, sem hér skipta máli, voru tollafgreiddar fyrir 12. júní 1951, og nemur söluskattur af vörum þessum, sem nú er krafið um, kr. 903.74. Lögtaksréttur, að því er þessar kröfur varðar, er því fyrndur, og verður ekki gert lögtak til tryggingar því fé. Samkvæmt þessu verður lögtak aðeins heimilað til tryggingar söluskatti, að fjárhæð kr. 3550.21.

Gerðarþoli hefur sérstaklega mótmælt því, að lögtak verði leyft til tryggingar vaxtakröfu gerðarbeiðanda. Bendir hann á í því sambandi, að í lögum séu engin ákvæði, er heimili að reikna vexti af vangreiddum tollum.

Í 29. gr. laga nr. 63 frá 1937 er að vísu ekki getið um, að vexti af tollkröfum skuli mega taka lögtaki. Hins vegar þykir eðlilegt að telja, að heimilt sé að reikna vexti af kröfum sem þessum og að vaxtakröfunni fylgi lögtaksréttur jafnt og aðalkröfunni. Gerðarbeiðandi hefur aðeins krafizt vaxta frá því, að gerð þessi hófst, og verður því lögtak leyft til tryggingar vaxtakröfunni.

Eftir öllum atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í máli þessu.

Málalok verða því þau, að leyft verður lögtak í eignum gerðarþola til tryggingar kr. 52.454.37 með 6% ársvöxtum frá 12. júní 1953 til greiðsludags.

Benedikt Sigurjónsson lögfræðingur hefur kveðið upp úrskurð þenna sem setufógeti í Keflavíkurkaupstað samkvæmt skipunarbréfi Dómsmálaráðuneytisins, útgefnu 8. janúar 1954, en með úrskurði, upp kveðnum 12. júní 1953, hafði hinn reglulegi fógeti, Alfreð Gíslason bæjarfógeti, vikið sæti í máli þessu.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal fram fara í eignum gerðarþola, Johans Ellerup, til tryggingar kr. 52.454.37 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. júní 1953 til greiðsludags.

Gerðin fari fram á ábyrgð gerðarbeiðanda, bæjarfógetans í Keflavík f. h. ríkissjóðs.

Þriðjudaginn 4. október 1955.

Nr. 153/1954. Ákæruvaldið (Kristján Guðlaugsson)
gegn
Oscar Steyaert (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, framkvæmt athugun á staðarákvörðun varðskipsins Óðins og m. a. markað á sjóuppdrátt stað dufls þess, sem sett var út utanvert við togara ákærða kl. 3.45 hinn 1. ágúst 1954. Reyndist staður dufls þessa 1.7—1.8 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms hefur ákærði gerzt sekur um ólöglegar botnvörpuveiðar í landhelgi, og varðar það brot hans við 1. sbr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952 og 1. gr. laga nr. 5/1951, sbr. enn fremur 1. gr. laga nr. 4/1924. Þar sem gullgildi íslenzkrar krónu hefur ekki breytzt eftir uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum verður ákærða dæmt að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Oscar Steyaert, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Krist-

jáns Guðlaugssonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 2. ágúst 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldinu höfðað gegn Oscar Steyaert, skipstjóra á belgiska togaranum Marie Elise 0250, til heimilis í Ostende í Belgíu, samkvæmt ákæruskjali, útgefnu af bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum í dag, fyrir meint brot á fiskveiðalöggjöfinni samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, með því að hann hafi verið að botnvörpuveiðum með togara sínum, Marie Elise, að morgni dags þann 1. þ. m. suðaustur af Mýrnatanga, um 1.8 sjómílur innan markalínunnar samkvæmt 1. gr. nefndrar reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948 um vísindalega vernd fiskimiða landgrunnsins.

Af hálfu ákæruvaldsins eru gerðar þær kröfur, að ákærði verði látinn sæta refsingu samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951, upptöku afla og veiðarfæra nefnds togara og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Oscar Steyert, er fæddur 10. apríl 1910 í Jabbeke í Belgíu, og hefur ekki, svo að kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt brot hér á landi.

Málsatvik eru þau, er hér skal greina.

Varðskipið Óðinn var statt út af Alviðruhömrum á austurleið um kl. 0245 hinn 1. ágúst 1954. Sást þá til togara framundan, sem sigldi norðlæga stefnu á hægri ferð, en sneri síðan í austlæga stefnu. Var farið á varðskipinu með fullri ferð að togaranum, sem þá sneri fyrst í suðlæga stefnu og stöðvaði kl. 0324. Klukkan 0335—0340 var komið að togaranum Marie Elise 0250, er ákærði er skipstjóri á, og var hann þá að innbyrða stjórnborðsvörpuna. Fóru annar stýrimaður og einn háseti um borð, er varðskipið hafði lagt upp að togaranum. Kl. 0345 var sett út dufl utan til við togarann á 67 m dýpi. Var þá stytzta fjarlægð í land samkvæmt ratsjá 2.4 sjómílur.

Var nú skipstjóri togarans sóttur um borð í togarann og fluttur um borð í varðskipið. Var honum þá tilkynnt, að hann hefði verið að ólöglegum veiðum innan fiskveiðitakmarkanna. Síðan var siglt að duflinu, og kl. 0420 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun ca 100 metrum sunnan við duflið:

Alviðruhamarsviti Kúðaós, sjómerki	> 27° 48'
Meðallandssandur, sjóm. Hjörleifshöfði og Kúðaós, sjómerki	> 87° 07' > 41° 02'

Dýpi var 68 m. Gefur þetta stað duflsins 1.8 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna.

Ákærða var boðið að gera staðarákvarðanir, en hann óskaði þess ekki og kvaðst ekki rengja mælingar varðskipsmanna.

Framanskráð málsatvik eru samkvæmt skýrslu skipstjórans á varðskipinu Óðni, sem er meðundirrituð af I. og II. stýrimanni. Þegar rannsókn málsins fór fram, var skipstjóri varðskipsins veikur og gat ekki mætt í dómnum. Hins vegar hafa I. og II. stýrimaður varðskipsins staðfest skýrslurnar fyrir dómi. Mælingar við duflið voru gerðar af I. stýrimanni og skipstjóra.

Ákærði hefur hér fyrir dómi játað skýrslu varðskipsmanna rétta og játað, að hann hefði fiskað með botnvörpu á skipi sínu, þar sem varðskipið kom að honum innan fiskveiðitakmarkanna að morgni dags 1. þ. m. Hins vegar tók ákærði fram, að hann hefði ekki verið viljandi innan fiskveiðitakmarkanna, en kenndi það því, að dýptarmælir hans hefði verið bilaður og því ekki sýnt rétt dýpi.

Með eigin játningu ákærða svo og skýrslum varðskipsmanna, sem staðfestar hafa verið fyrir dómi af stýrimönnum skipsins, verður að telja það sannað, að ákærði hafi árla að morgni dags 1. ágúst 1954 verið að veiðum með botnvörpu á skipi sínu, Marie Elise 0250, um 1.8 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna, eins og þau eru ákveðin í reglugerð nr. 21/1952, og hefur ákærði því með þessu framferði sínu brotið gegn ákvæðum 1. gr. reglugerðar nr. 21 19. marz 1952, og ber því að refsa honum samkvæmt 5. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, sbr. 1. gr. laga nr. 81/1952, 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951.

Samkvæmt mælibréfi skipsins, sem sýnt var í dómnum, var brúttó rúmlestastærð þess 149.35, og samkvæmt símskeyti frá Landsbanka Íslands, dags. í dag, var gullgengi íslenzkrar krónu þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum.

Með hliðsjón af þessu þykir refsing hins ákærða hæfilega ákveðin kr. 10.000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í togaranum Marie Elise 0250, skal upptækur ger og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómur þessi er kveðinn upp af Torfa Jóhannssyni bæjarfógeta og meðdómsmönnunum Páli Þorbjörnssyni skipstjóra og Þorsteini Jónssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Ákærði, Oscar Steyert, greiði 10.000.00 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi tveggja mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögra vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í skipinu Marie Elise 0250, skulu upptæk og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. október 1955.

Nr. 165/1954. **Helgi Benediktsson**

gegn

G. A. Sveinssyni f. h. A. E. Sörensens.

Útivist. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, G. A. Sveinssyni f. h. A. E. Sörensens, sem sótt hefur dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 700.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. október 1955.

Nr. 151/1953. **Högni Gunnarsson** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

Sigrúnu Edwald (Magnús Thorlacius).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Krafa um búskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. október 1953. Krefst hann þess, að hinum áfrýj-

aða úrskurði verði hrundið, lagt verði fyrir skiptaráðanda að taka bú málsaðilja til skipta og stefnda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða úrskurði, hafði áfrýjandi ekki uppi fjárkröfur þær á hendur stefnda, sem greinir í máli þessu, er efni var til, þegar gengið var frá skilnaði aðilja að borði og sæng á árinu 1948 og síðar lögskilnaði þeirra í júnímánuði 1951. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Það athugast, að héraðsdómari hefur ekki tekið framkomna frávísunarkröfu sérstaklega til úrlausnar, sbr. 108. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Högni Gunnarsson, greiði stefnda, Sigrúnu Edwald, kr. 2000.000 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Ísafjarðar 1. ágúst 1953.

Ár 1953, laugardaginn 1. ágúst, var í skiptarétti Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp úrskurður í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 1. júní s.l.

Mál þetta var þingfest 2. nóvember 1951. Af hálfu sóknaraðilja, Högna Gunnarssonar forstjóra, Leifsgötu 8, Reykjavík, hafa verið gerðar þær réttarkröfur, að bú hans og fyrrverandi eiginkonu hans, Sigrúnar Edwald, Aðalstræti 16, Ísafirði, nú til heimilis Hnúkagötu 58, Reykjavík, verði tekið til skipta og að búi aðilja verði skipt þannig, að Högni fái í sinn hluta ½ hluta í firmanu Verzlun J. S. Edwalds, aðallega eins og firmað stóð, er hann lét af stjórn þess, eða til vara eins og verðmæti firmans reyndist við sölu, að Högni fái allt andvirði hlutabréfs í h/f Huginn, eins og það reyndist við sölu, að hann fái í sinn hlut helming allra þeirra verðmæta, sem fyrir fundust í búi aðilja við samvistarslit og ekki voru talin séreign eigin-

konu í kaupmála. Þá krefst Högni afhendingar til sín á nokkrum munum, sem voru séreign hans: orgelharmonium, nótnasafni, bókasafni og skrifborði, en muni þessa kom hann með í búið við giftingu þeirra hjóna.

Einnig gerir hann kröfu til þess, að sér verði afhentur úr búinu silfurbúinn taktstokkur, slifsisnæla úr gulli og bókamerki, er voru gjafir til hans, og enn fremur steinhringur úr gulli.

Þá krefst Högni greiðslu af eignarhluta Sigrúnar á mismun framfærsluþunga aðilja í hjónabandinu. Loks krefst sóknaraðili málskostnaðar eftir mati réttarins.

Af hálfu varnaraðilja, Sigrúnar Edwald, eru gerðar þær réttarkröfur aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, og til vara, að hún verði algerlega sýknuð af öllum kröfum sóknaraðilja. Þá krefst hún málskostnaðar eftir mati réttarins.

Sáttaumleitun reyndist árangurslaus.

Málavextir eru þessir:

Þann 5. apríl 1941 gengu þau Högni Gunnarsson og Sigrún Edwald í hjónaband, en þau höfðu búið saman frá því á árinu 1937. Áður en þau stofnuðu til hjúskapar, gerðu þau með sér kaupmála, dags. 5. apríl 1941. Samkvæmt honum var fjárhagur þeirra algerlega aðskilinn. Séreign Sigrúnar var samkvæmt kaupmálanum Verzlun J. S. Edwalds, Ísafirði, ásamt vörubirgðum, útistandandi skuldum, skrifstofugögnum og yfirleitt öllu, sem firmanu tilheyrði, nafngreindar húseignir á Ísafirði og víðar, hlutabréf í þremur fyrirtækjum, innanstokksmunir og fleira.

Skuldir, sem hvíldu á þessum eignum, skyldu vera Högna óviðkomandi. Séreign Högna var hlutabréf í Huginn h/f, Ísafirði, kr. 1000.00 að nafnverði. Skuldir, er á Högna hvíldu, og skuldbindingar, sem hann hefði tekizt á hendur, skyldu vera konu hans óviðkomandi. Samkvæmt kaupmálanum skyldi allt það, sem hvort þeirra um sig legði í búið eða eignaðist, meðan þau væru í hjónabandi, vera séreign þess, er það eignaðist.

Sama dag og kaupmálinn var gerður, undirrituðu aðiljar svonefndan samfélagssamning, rskj. nr. 2. Samkvæmt honum skyldi Högni leggja kr. 10.000.00 í firmað Verzlun J. S. Edwalds. Eftir það skyldi nettóeign verzlunarinnar álitin kr. 50.000.00 og eignarhluti Högna ⅕. Tap og gróði skyldu skiptast milli eigendanna eftir hlutföllum 1 á móti 4.

Í 8. gr. samningsins segir, að leita skuli konungsstaðfestingar á 6. og 7. grein hans, sem fjölluðu um það, að ekki mætti gera fjárnám, lögtak eða kyrrsetningu í eignarhluta hvors um sig til tryggingar kröfum, sem ekki snertu sameignina, og um rekstur verzlunarinnar, ef að höndum bæri andlát Högna, gjaldþrot eða fjárræðissviptingu. Leita skyldi staðfestingar á samningnum og honum þinglýst, en hann fékkst ekki staðfestur, og þinglýsing fór ekki fram.

Högni starfaði við verzlun J. S. Edwalds frá 17. maí 1941 til ársins 1948, er þau Högni og Sigrún skildu að borði og sæng. Í marzmánuði 1948 æskti Högni skilnaðar að borði og sæng. Við sáttaumleitanir hjá bæjarfógeta 12. maí 1948 samþykkti Högni að greiða Sigrúnu kr. 2000.00 mánaðarlegan lífeyri frá 1. apríl að telja, meðan stæði á skilnaðinum. Þá varð samkomulag milli þeirra hjóna um það, að um fjárskipti milli þeirra skyldi fara eftir kaupmálanum frá 5. apríl 1941, en samkvæmt honum átti Högni 1000 kr. hlutabréf í h/f Huginn, að öðru leyti voru eignirnar séreign Sigrúnar.

Hjónin skildu að lögum 5. júní 1951.

Sóknaraðili byggir aðalkröfu sína á því, að ekki hafi verið endanlega gengið frá fjárskiptum á búi þeirra Sigrúnar við skilnað að borði og sæng. Hann heldur því fram, að hann hafi verið eigandi að ⅙ hluta í Verzlun J. S. Edwalds, en Sigrún hafi nú selt verzlunina án þess að gera nokkur skil til sín á andvirðinu.

Aðiljar eru sammála um, að Högni hafi tekið víxillán, að fjárhæð kr. 10.000.00, og lagt það í verzlunina. Sigrún fullyrðir, að þessi víxill hafi síðar verið greiddur af verzluninni. Sóknaraðili staðhæfir hins vegar, að víxill þessi hafi aldrei verið færður inn í víxilreikning Verzlunar J. S. Edwalds, enda hafi hann greitt víxilinn af eigin fé, er hann átti útistandandi, og svo af launum sínum hjá Verzlun J. S. Edwalds, og hafi greiðslan þá verið færð honum til skuldar í launareikning verzlunarinnar, en sá reikningur bar nafn Sigrúnar. Þá heldur sóknaraðili því fram, að andvirði hlutabréfs hans í h/f Huginn hafi á sínum tíma við sölu runnið til Verzlunar J. S. Edwalds. Telur hann sig því eiga kröfu til að fá andvirðið greitt. Varnaraðili rökstyður frávísunarkröfu sína með því, að krafa sóknaraðilja um skipti sé of seint fram komin, þar sem gengið hafi verið frá fjárskiptum milli þeirra hjónanna 12. maí 1948. En samkvæmt lögum um stofnun og slit hjúskapar nr. 39/1921 á fjárskiptum að vera lokið, þegar skilnaður að borði og sæng fer fram. Ef annar aðilinn þykist hafa orðið hart úti við fjárskiptin, skulu mótmælakröfur vera fram komnar innan hálfs árs, frá því að skilnaður að borði og sæng fór fram.

Sóknaraðili hefur mótmælt frávísunarkröfunni.

Aðalkrafa sóknaraðilja er um það, að hann fái í sinn hlut ⅙ af firmanu Verzlun J. S. Edwalds. Samkvæmt kaupmálanum var verzlunin séreign Sigrúnar. Kröfu sína byggir sóknaraðili á samfélagssamningi rskj. 2, en ekki hjúskap þeirra. Þykir krafa þessi og aðrar kröfur sóknaraðilja ekki þess eðlis, að valda ætti frávísun.

Verður frávísunarkrafa varnaraðilja því ekki tekin til greina.

Varnaraðili hefur krafizt sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja. Byggir hann kröfur sínar aðallega á því, að allar fjárkröfur, sem Högni kynni að hafa átt á hendur Sigrúnu Edwald, áður en þau slitu samvistum, hafi fallið niður með skilnaðargerðinni frá 12. maí

1948. Þá telur varnaraðili einnig, að samfélagssamningurinn, rskj. 2, hafi verið ógildur, þar sem hann hafi farið í bága við kaupmálann og ekki fengizt staðfestur.

Varnaraðili heldur því fram, að það sjáist ekki á bókum Verzlunar J. S. Edwalds eða heimilisreikningi Sigrúnar, að andvirði hlutabréfs Högna í h/f Huginn hafi runnið til verzlunarinnar.

Þá mótmælir Sigrún því sérstaklega, að Högni fái í sinn hlut helming allra þeirra verðmæta, sem voru í búinu við samvistarslitin og ekki voru talin séreign hennar. Telur varnaraðilinn hag Verzlunar J. S. Edwalds hafa verið mjög lélegan, er Högni lét af stjórn verzlunarinnar, enda hafi hann raunverulega verið búinn að sóa verulegum hluta af séreign hennar og ekki getað við brottför sína staðið skil á öllum þeim verðmætum, sem talin voru séreign hennar í kaupmálanum.

Vegna kröfu Högna um afhendingu á orgelharmoníum og nótnasafni, hefur varnaraðili lagt fram í réttinum staðfest afrit af gjafabréfi Högna, þar sem hann gefur Gunnari syni sínum þessa muni. Sigrún hefur einnig haldið því fram, að Högni hafi gefið syni sínum bókasafnið og skrifborð það, er hann gerir kröfu til í máli þessu.

Þá mótmælir Sigrún kröfu Högna um steinhring og slifsisnælu og telur hann hafa gefið sér muni þessa, áður en þau giftust.

Taktstokkinn og bókamerkið segir Sigrún enn vera þar, sem Högni skildi það eftir, og geti hann vitjað þessara muna, þegar honum þóknist, gegn kvittun.

Loks mótmælir varnaraðili kröfu sóknaraðilja um greiðslu á mismun á framfærsluþunga aðilja í hjónabandinu. Telur hún, að börn sín af fyrra hjónabandi hafi verið framfærð af búinu, þar til þau voru komin af ómagaaldri, enda hafi Högna borið skýlaus lagaskylda til að annast framfærslu þeirra.

Það er upplýst í málinu, að sóknaraðili gerði engar fjárkröfur á hendur varnaraðilja, þegar hann sótti um skilnað að borði og sæng og lögskilnað. Við sáttaumleitun 12. maí 1948 varð samkomulag milli hjónanna um það, að um fjármál þeirra skyldi fara eftir kaupmála þeirra frá 5. apríl 1941. Telja verður, að sóknaraðili hafi með samkomulagi þessu firrt sig rétti til að gera síðar fjárkröfu í bú þeirra eða úr hendi Sigrúnar, og verða kröfur hans því ekki teknar til greina. Ber því að sýkna Sigrúnu Edwald af öllum kröfum Högna í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregizt nokkuð vegna sérstakra embættisanna dómarans við undirbúning manntalsþings og þingferðir.

Því úrskurðast:

Frávísunarkrafa varnaraðilja, Sigrúnar Edwald, verður ekki

tekin til greina. Krafa sóknaraðilja, Högna Gunnarssonar, um skipti á búi Sigrúnar Edwald verður ekki tekin til greina.
Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 7. október 1955.

Nr. 48/1954. **Ísafoldarprentsmiðja h/f** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Fjölsvinnsútgáfunni (Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um greiðsluskyldu útgefanda ritverks samkvæmt útgáfusamningi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1954, gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Varakrafa: Að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda fjárhæð sölulauna vegna þeirra áskrifenda Alfræðibókarinnar, sem stefndi sanni eða geri sennilegt, að hefðu staðið við áskriftir sínar, ef bókin hefði byrjað að koma út haustið 1949, þó eigi yfir kr. 217.299.00, að um málskostnað í héraði verði eigi dæmt í þessum þætti málsins, en stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6000.00.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ísafoldarprentsmiðja h/f, greiði stefnda, Fjölsvinnsútgáfunni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. apríl 1954.

Mál þetta, sem var dómtekið 18. f. m., hafa þeir Árni Friðriksson mag. scient., Höfn á Seltjarnarnesi, og Jónas læknir Sveinsson, Bergstaðastræti 67, höfðað á bæjarþinginu f. h. Fjölsvinnsútgáfunnar, hér í bæ, með stefnu, útgefinni 12. febrúar 1952, gegn Ísafoldarprentsmiðju h/f, hér í bænum, til viðurkenningar á greiðsluskyldu stefndu á þóknun, að fjárhæð kr. 346.800.00, til áskriftasafnara að Alfræðibókinni, ásamt áföllnum og áfallandi vöxtum og öðrum kostnaði. Einnig krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu í þessu máli.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Að ósk aðilja samþykkti dómari, að málinu yrði skipt og það fyrst flutt að því er varðar greiðsluskyldu stefnda, og fór sá málflutningur fram 18. f. m., eins og fyrr var sagt.

Af hálfu stefnanda var þess þá krafizt, að viðurkennt yrði með dómi, að stefnda beri skylda til að greiða sölulaun til áskriftasafnara Alfræðibókarinnar, sem stefnandi verður að greiða, allt að kr. 217.229.00, auk kostnaðar. Einnig krafðist hann málskostnaðar í þessum hluta málsins.

Af stefnda hálfu var enn krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Með samningi, dagsettum 16. febrúar 1948, yfirtók stefndi útgáfu Alfræðibókar, sem stefnandi hafði hafið undirbúning að. Meðal samningsatriða var það, að stefndi tók að sér að greiða skuld stefnanda við Búnaðarbankann vegna útgáfu þessarar bókar, en skuldin mun hafa numið meiru en kr. 600.000.00. Þá tók stefndi og að sér að greiða áskriftasöfnurum 1/10 hluta söluverðs bókanna, þó því aðeins og að svo miklu leyti sem áskrifendur stæðu við áskriftir sínar. Loks skyldi stefndi greiða skuld stefnanda við Jónas Sveinsson samkvæmt endurskoðuðum rekstrarreikningi (mun hafa átt að vera efnahagsreikningi) 12. febrúar 1948, svo fremi hagnaður yrði af útgáfunni og síðan skyldu eigendur stefnanda fá 10% af hreinum hagnaði af útgáfu verksins. Stefndi lét síðan halda áfram vinnu við útgáfuna undir stjórn fimm manna ritnefndar þar til 1. marz 1949. Þá ritaði stefndi ritstjóra verksins á þessa leið:

„Þar sem ekki hefur tekizt að fá innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir pappír og bókbandsefni til Alfræðibókarinnar og óhjákvæmilegur dráttur hlýtur því enn að verða á prentun verksins, neyðist Ísafoldarprentsmiðja h/f að fela yður að fækka nú þegar, þar til öðru vísi verður ákveðið, starfsliði við Alfræðibókina, svo sem frekast er hægt."

Upp úr því virðist vinnu hafa verið hætt og stefndi hætt við útgáfuna a. m. k. um sinn.

Þegar samningar tókust með aðiljum máls þessa, hafði stefnandi látið ýmsa menn safna áskriftum að Alfræðibókinni. Samkvæmt efnahagsreikningi þeim, er fyrr getur, nam þóknun til þeirra allt að kr. 346.800.00, en ógreiddar þeim voru þá samkvæmt sömu heimild kr. 217.229.00. Sumir þessara manna hafa þegar krafið stefnanda um þóknun sína og fengið hann dæmdan til greiðslu hennar. Hafa dómstólar talið hana í gjalddaga fallna, þegar litið er til þess, hve langur dráttur hefur orðið á útgáfu bókarinnar. Stefnandi lítur svo á, að sú ráðstöfun stefnda, að hætta við útgáfuna, valdi því, að eigi sé unnt að sannreyna, hvort og að hve miklu leyti áskrifendur muni standa við áskriftir sínar og því sé stefnda skylt að greiða þann hluta ógreiddrar þóknunar, sem stefnandi verður að greiða, svo og þann kostnað allan, sem því er samfara. Einnig telur stefnandi, að stefndi hafi beinlínis viðurkennt greiðsluskyldu sína við kaupin á útgáfuréttinum, er hann greiddi skuldir stefnanda, sem m. a. stöfuðu af því, að hann hafði greitt nærri 130 þúsund krónur sem þóknun til áskriftasafnara, svo sem fram komi í fyrrnefndum reikningi.

Stefndi styður sýknukröfu sína við það m. a., að þegar samningar aðilja voru gerðir, hafi engin lögvarin krafa verið til á hendur áskrifendum um að kaupa Alfræðibókina, en það hafi stafað af vanefndum stefnanda gagnvart áskrifendum á árunum 1945 til 1948. Stefnandi hafi í boðsbréfi, birtu 26. nóvember 1944, er öll áskriftasöfnun byggðist á, lofað því, að fyrsta bindi bókarinnar skyldi koma út veturinn 1945—1946 og síðan 2—3 bindi árlega. Þessi loforð hafi stefnandi vanefnt, og hafi þar með fallið niður allar skuldbindingar áskrifenda um að taka við bókinni. Þetta hafi sér verið ljóst, er samningurinn frá 16. febrúar 1948 var gerður, en hins vegar hafi mátt vænta þess, að einhverjir áskrifenda héldu fast við áskriftir sínar um skyldu fram, hefðu síðari útgáfufyrirætlanir staðizt, og kveðst hafa talið sjálfsagt að greiða sölulaun af þeim bókum, er þannig seldust. Þá telur stefndi, að stefnandi hafi við samningsgerðina gefið sér upplýsingar um efnismagn bókarinnar, vinnubrögð við undirbúning hennar, öflun pappírs, bókbandsefnis og kostnað af verkinu, en þetta allt, svo og pappírsskortur, hafi valdið því, að stefndi neyddist til að hætta við útgáfuna og beri stefnandi sjálfur því sök á þeirri ráðstöfun.

Af framansögðu er það ljóst, að stefnandi var bundinn við að

greiða áskriftasöfnurum sölulaun, a. m. k. að svo miklu leyti sem áskrifendur stóðu við loforð sín. Samningsákvæði aðilja um greiðslu sölulauna hefur því bersýnilega verið gert í því skyni að firra stefnanda þeirri ábyrgð framvegis. Þegar stefndi tókst á herðar þessa skyldu, var honum kunnugt um það, hvernig reikningar stóðu með stefnanda og áskriftasöfnurum, eins og sjá má af vísan til reikningsins 12/2 1948 í samningi aðilja. Í þeim samningi tók stefndi að sér að greiða án frekari umsvifa og að því er virðist athugasemdalaust rúmlega þriðjung heildarsölulaunanna. Eigi er sýnt fram á, að nokkur þau atvik, sem stefnanda megi gefa sök á, hafi valdið stöðvun stefnda á útgáfu bókarinnar, heldur virðist þar hafa mestu ráðið skortur á prentpappír og að nokkru það, hversu dýrt verkið var þá orðið. Í þessu sambandi er þess og að minnast, að stefnda lét halda áfram verkinu í heilt ár eftir samningsgerðina, einnig eftir að viðskiptanefndin hafði synjað um leyfi til innflutnings á prentpappír í bókina í ágústmánuði 1948. En af stöðvun útgáfunnar leiddi það, að eigi var unnt að kanna, svo að öruggt væri, hverjir áskrifenda myndu standa við loforð sín um kaup á bókinni og þá jafnframt hversu mikil sölulaun bæru áskriftasöfnurum.

Þegar metið er það, sem hér hefur verið rakið um skipti aðilja, þykir rétt að skýra svo samning þeirra, að því er varðar greiðslu sölulaunanna, að stefnda sé skylt að endurgreiða stefnanda þann hluta launanna, sem stefnandi kemst ekki hjá að greiða áskriftasöfnurum að bókinni, þó ekki yfir þá fjárhæð, sem söfnurum voru ógreidd, þegar samningur aðilja var gerður, þ. e. kr. 217.229.00 auk óhjákvæmilegs kostnaðar.

Eftir atvikum þykir rétt að fresta ákvörðun um málskostnaðargreiðslu í þessum þætti málsins, þar til væntanlegur dómur gengur um fjárhæð endurgreiðslna.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn. Embættisannir hafa valdið nokkrum drætti á uppsögn hans.

Dómsorð:

Stefnda, Ísafoldarprentsmiðja h/f, er skylt að endurgreiða stefnanda, Fjölvinnsútgáfunni, sölulaun til áskriftarsafnara að Alfræðibókinni, að því leyti sem stefnandi verður að greiða þau, allt að kr. 217.229.00 auk óhjákvæmilegs kostnaðar.

Þriðjudaginn 11. október 1955.

Nr. 130/1955. Ákæruvaldið (Sigurður E. Ólason)
gegn
Bergsteini Theodór Þórarinssyni
(Benedikt Sigurjónsson)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómssátt í opinberu máli felld úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Þann 26. apríl 1955 var tekin til meðferðar í sakadómi Vestmannaeyja kæra manns, Ásgeirs Gunnarssonar að nafni, á hendur kærða vegna líkamsárásar á götu þann 25. s. m.

Í skýrslu til lögreglu kvaðst Ásgeir hafa hlotið mikinn áverka af andlitshöggi, er kærði hefði veitt honum. Væri vinstri kinn sín hellubólgin, þrjár tennur lausar í vinstra kjálka og mikill verkur í vinstri kinn. Kærði hefði líka rifið jakka sinn. Ásgeir lýsti því jafnframt fyrir lögreglu, að hann sætti sig við, að málið félli niður, ef kærði gyldi honum kr. 1000.00 í bætur. Fyrir dómi tjáðist kærði eigi muna eftir árás sinni á Ásgeir, enda hafi hann, þ. e. kærði, verið mjög drukkinn, er árásin varð, en bauðst til að greiða sekt og 1000 króna skaðabætur til að sleppa við málssókn. Dómarinn heimfærði brot kærða undir 21. gr. áfengislaga nr. 58/1954 og gerði kærða að greiða 100 króna sekt til Menningarsjóðs. Þessa sekt og skaðabæturnar greiddi kærði þann 8. júní 1955.

Þann 1. júní 1955 gaf Jón Sigtryggsson tannlæknir eftirfarandi vottorð um áverka þá, er Ásgeir hlaut: „Ásgeir Gunnarsson hlaut brot á neðra kjálka v. megin við öftustu jaxla. Jafnframt brotnaði jaxl í efra góm, og jaxl er í brotlínu neðra góms, er þarf að taka síðar. Annars lega brotsins góð, og bit gott".

Með tilvísun til þessa vottorðs hefur dómsmálaráðherra í bréfi 25. júlí 1955 samkvæmt 3. mgr. 112. gr. laga nr. 27/1951 kært til Hæstaréttar til ónýtingar framangreinda ákvörðun héraðsdómarans í Vestmannaeyjum á dómþingi þann 26. apríl 1955 um að lúka málinu með dómssátt. Telur ráðherr-

ann, að málalokin verði „að teljast fjarstæð, þar eð hér virðist vera um að ræða brot gegn 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940".

Með því að á það má fallast, að samkvæmt gögnum þeim, sem nú liggja fyrir, megi telja dómssáttina fráleita, ber samkvæmt 3. mgr. 112. gr. laga nr. 27/1951 að fella hana úr gildi.

Kostnað af kærumáli þessu ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Dómssátt sú, sem kærði, Bergsteinn Theodór Þórarinsson, gekkst undir fyrir sakadómi Vestmannaeyja þann 26. apríl 1955, er úr gildi felld.

Allur kostnaður af kærumáli þessu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Sigurðar E. Ólasonar og Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 600.00 til hvors.

Sátt í sakadómi Vestmannaeyja 26. apríl 1955.

Mætti þá í réttinum ákærði, Bergsteinn Theodór Þórarinsson sjómaður, skipverji á v/b Birni riddara, Ve 127, til heimilis að Gjábakka, hér, fæddur 1. nóvember 1933 í Vestmannaeyjum.

Áminntur um sannsögli.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 27/1951.

Mætti kveðst hafa tekið að neyta áfengis um kl. 1500 í gær.

Áfengi þetta fékk mætti frá Áfengisverzlun ríkisins gegnum póstafgreiðsluna hér. Aðspurður segir mætti, að hann muni ekkert eftir, hvað átti sér stað eða hvað hann gerði frá því kl. 1700. Kveðst mætti hafa orðið svona drukkinn, og man það síðast, að hann fór kl. 1700 frá Friðarhafnarskýlinu, og var Pétur Sigurðsson, Faxastíg 41, þá með honum, en þeir höfðu verið saman í allan gærdag.

Aðspurður, hvort mætti kannist við þá Ásgeir Gunnarsson og Steindór Árnason, kveðst hann ekki gera það. Hann kveðst heldur ekki muna eftir að hafa barið þá.

Mætta var nú kynnt skýrslan í vaktbókinni og kærurnar á réttarskjölum nr. 1 og 2, og kveðst hann ekkert geta um þær sagt, þar sem hann man ekkert eftir því, sem þar er sagt.

Mætta var sérstaklega kynnt krafa Ásgeirs Gunnarssonar, og

kvaðst hann reiðubúinn að greiða honum 1000 kr. í bætur gegn því, að Ásgeir láti málið þar með falla niður.

Mætti kvaðst einnig reiðubúinn að greiða Steindóri Arasyni fullar bætur vegna árásarinnar á hann gegn því, að hann taki aftur kæru sína á hendur mætta. Þar sem ekki liggur fyrir ákveðin krafa frá Steindóri, verður að fresta afgreiðslu málsins, að því er hann varðar.

Mætti samþykkir að greiða kr. 100.00 sekt til Menningarsjóðs til þess að komast hjá málssókn út af broti hans, sem varðar við 21. gr. áfengislaga nr. 58/1954, og greiðist sektin innan 7 daga, og komi ella fyrir 2 daga varðhald. Þá greiði mætti 10 kr. í málskostnað fyrir sama tíma.

Sátt þessi er aðfararhæf.

Sáttin hefur ítrekunaráhrif.

Þriðjudaginn 18. október 1955.

Nr. 42/1954. **Vesturnes h/f** (Ragnar Ólafsson)
gegn
Faxaborg h/f (Theodór B. Líndal)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Einar B. Guðmundsson hrl.

Skaðabótamál. Skip veldur spjöllum á öðru skipi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. apríl 1954 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 66.596.96 ásamt 6% ársvöxtum frá 5. febrúar 1952 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Hann krefst og sjóveðréttar í v/b Faxaborg, RE 126, fyrir fjárhæðum þeim, sem dæmdar verða.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi þann 19. ágúst 1954 og áfrýjað málinu með stefnu 30. s. m. Hann krefst þess *aðallega*, að hann verði sýknaður og aðaláfrýjanda verði

dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en *til vara*, að dæmd fjárhæð í héraði verði lækkuð og hvorum aðilja gert að bera sinn kostnað af málinu.

Svo sem í héraðsdómi greinir, var v/b Blakknes, BA 119, bundið norðan við fremstu bryggjuna á Grandagarði í Reykjavíkurhöfn hinn 23. eða 24. desember 1954. Hinn 25. s. m. var v/b Faxaborg, RE 126, bundin utan á v/b Blakknes. Var festi úr v/b Faxaborg yfir í v/b Blakknes bæði að framan og aftan og auk þess festi úr v/b Faxaborg upp í bryggju að framan. Lágu skipin síðan þannig bundin fram til 5. janúar 1952, en kl. 3 aðfaranótt þess dags gerði æðiveður af suðaustri. Slitnaði þá festi sú, sem v/b Faxaborg var að framan bundin með í v/b Blakknes. Tók v/b Faxaborg að velta og berjast í stjórnborðssíðu v/b Blakkness. Um kl. 4 komu tveir menn um borð í v/b Blakknes, en spjöllum á því skipi varð eigi afstýrt. Brotnaði öldustokkur þess, skjólborð, skjólborðsstoðir, þröm og efsti byrðingsplanki.

Forráðamenn v/b Faxaborgar lögðu henni utan við v/b Blakknes og gengu frá festum hennar yfir í v/b Blakknes. Önnur þessara festa slitnaði í veðri því, sem þá var, og hlutust spjöllin á v/b Blakknesi af þeim sökum. Er eigi sennilegt, að spjöllin hefðu orðið, ef festar v/b Faxaborgar hefðu verið nægilega traustar. Að svo vöxnu máli verður að gera eiganda v/b Faxaborgar að greiða eiganda v/b Blakkness skaðabætur.

Aðaláfrýjandi hefur gert fyrir Hæstarétti kröfu til þeirrar fjárhæðar, sem greinir í kröfuliðum, merktum 1—4 í héraðsdómi, en fellt niður kröfulið nr. 5.

1. Viðgerð sú á v/b Blakknesi, er gagnáfrýjanda ber að bæta, nam ..... kr. 26.000.00
2. Aðaláfrýjandi greiddi skipstjóra á v/b Blakknesi, stýrimanni og tveimur vélstjórum kaup í 27 daga, meðan á viðgerð stóð. Eðlilegt var, að aðaláfrýjandi héldi mönnum þessum í þjónustu sinni. Á gagnáfrýjandi því að bæta honum fjárútlát af þeim sökum ..... — 14.420.16
3. Gagnáfrýjanda ber að greiða orlofsfé af mannakaupinu ..... — 576.80

4. Aðaláfrýjandi hefur lagt fram ýmis gögn, er hann telur sanna, að tjón hans af rekstrarstöðvun skipsins hafi numið kr. 25.600.00. Ætla má, að hann hafi beðið tjón af þessum sökum, og þykir hæfilegt með hliðsjón af gögnum málsins að gera gagnáfrýjanda að bæta honum það með — 10.000.00

Samtals kr. 50.996.96

Ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 5. febrúar 1952 til greiðsludags og samtals kr. 7500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og hefur aðaláfrýjandi sjóveð í v/b Faxaborg, RE 126, fyrir nefndum fjárhæðum.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Faxaborg h/f, greiði aðaláfrýjanda, Vesturnesi h/f, kr. 50.996.96 ásamt 6% ársvöxtum frá 5. febrúar 1952 til greiðsludags og samtals kr. 7500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Hefur aðaláfrýjandi sjóveð í v/b Faxaborg til tryggingar nefndum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 2. apríl 1954.

Mál þetta, sem var dómtekið 18. f. m., hefur Vesturnes h/f, Patreksfirði, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 21. febrúar 1952, gegn Faxaborg h/f, hér í bæ, til greiðslu á kr. 67.796.96 með 6% ársvöxtum frá 5. febrúar 1952 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Einnig krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði með dómi sjóveðréttur hans í v/b Faxaborg, RE 126, fyrir dómkröfunum.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara lækkunar á kröfum stefnanda.

Málavextir eru þessir:

Hinn 23. eða 24. desember 1951 kom v/b Blakknes, BA 119, eign stefnanda, hingað til Reykjavíkur og var þá bundinn norðan við fremstu bryggjuna á Grandagarði hér í höfninni. Einum eða tveimur dögum síðar var v/b Faxaborg, RE 126, bundin utan á Blakknes.

Eigi var leitað samþykkis hafnaryfirvalda til legu skipanna á þessum stað, og af hálfu stefnda var eigi leitað leyfis hjá stefnanda til að leggja Faxaborg utan á Blakknes. Varðmenn voru í hvorugu skipanna, en skipstjórar beggja skipa hafa skýrt svo frá, að litið hafi verið eftir þeim daglega. Að morgni 5. janúar 1952 gerði aftakaveður af SA, og slitnaði þá „springur", sem Faxaborg var bundin með að framan í Blakknes. Tók Faxaborg að velta og berjast við stjórnborðssíðu Blakkness. Við þetta brotnaði Blakknes nokkuð, svo sem öldustokkur, skjólborð, skjólborðsstoðir, þröm og efsti byrðingsplanki. Einnig urðu nokkrar skemmdir á bakborðssíðu Faxaborgar, en þær virðast hafa verið minni en á Blakknesi. Þegar þetta gerðist, var hafinn undirbúningur þess, að Blakknes færi á togveiðar hinn 12. janúar. Í stað þess fór það til viðgerðar, er hófst 14. janúar og var lokið 20. febrúar 1952. Stefnandi telur stefnda skylt að bæta það tjón, sem stafaði af atburði þessum, enda hafi skemmdir á skipinu stafað af því, að eigi hafi verið nægilega vel gengið frá festingu Faxaborgar. Hefur stefnandi sundurliðað stefnukröfuna svo:

1.	Viðgerðarkostnaður	kr.	26.000.00
2.	Kaup skipstjóra, stýrimanns og tveggja vélstjóra	—	14.420.16
3.	Orlofsfé af fjárhæðinni samkvæmt 2. lið	—	576.80
4.	Rekstrarstöðvun skipsins í 32 daga	—	25.600.00
5.	Aðstoð við að bjarga Faxaborg frá skemmdum og binda hana örugglega 5. jan. 1952	—	1.200.00
		Alls kr.	67.796.96

Aðalkrafa stefnda er byggð á því, að hér hafi verið um óviðráðanleg atvik (vis major) að ræða, og geti hann því ekki borið ábyrgð á tjóni því, sem af hlauzt. Sýnt sé, að veðrið hafi verið eindæma vont, en Faxaborg hafi verið sæmilega bundin, bæði í bryggjuna og við Blakknes. Varakrafan er öðrum þræði byggð á því, að báðir aðiljar eigi sök á því, að festar Faxaborgar dugðu ekki til að standast veðrið.

Viðurkennt er í málinu, að hvorugt skipanna hafði leyfi hafnaryfirvalda til legu á þessum stað. Stefnandi gerði ekki athugasemdir við það, að Faxaborg var lagt utan á Blakknes og látin liggja þar þessa daga, og fyrr var því lýst, að daglegt eftirlit var haft með báðum skipum og landfestum þeirra. Þessar staðreyndir þykja valda því, að hvor aðilji verði talinn bera jafna ábyrgð á því tjóni, er af atviki þessu hlauzt, og verður stefnda því gert að bæta tjón stefnanda að hálfu. Stefndi hefur áskilið sér rétt til að krefja stefnanda síðar um bætur fyrir tjón það, er varð á Faxaborg við þetta tækifæri.

Að hinu leytinu er varakrafa stefnanda byggð á andmælum gegn kröfuliðum stefnanda og fjárhæð þeirra. Verða þeir því athugaðir hver um sig.

Um 1. Stefnandi hefur lagt fram reikning um viðgerðarkostnað-

inn, að fjárhæð kr. 27.505.15. Sýnt þykir, að viðgerðin stafar öll af skemmdum þeim, er skipið varð fyrir 5. janúar 1952, nema hreinsun á botni og botnmálning, en óvefengt er, að sá hluti af viðgerðinni hafi kostað um 1200.00 krónur. Samkvæmt þessu verður kröfuliður stefnanda tekinn til greina óbreyttur og stefnda gert að greiða af honum kr. 13.000.00.

Um 2 og 3. Stefndi hefur vefengt, að þörf hafi verið að hafa svo marga menn (4) fastráðna á skipið, meðan á viðgerð stóð, svo og kaupi því, sem stefnandi reiknar þeim. Því var áður lýst, að yfir stóð undirbúningur til togveiða, er hefjast skyldu 12. janúar. Hluti slíks undirbúnings var að sjálfsögðu útvegun yfirmanna á skipið, og eðlileg og nauðsynleg ráðstöfun þykir það hafa verið hjá stefnanda að halda mönnum þessum í sinni þjónustu, meðan á viðgerð stóð, til þess að eiga ekki á hættu að standa uppi án slíkra starfsmanna, þegar veiðar gætu hafizt. Kaup mannanna, það er stefnandi reiknar þeim, var tímakaup, kr. 16.69 um tímann, og 8 stunda vinna á dag í 27 virka daga. Er það eigi hærra en vera ber eftir kaup- og kjarasamningi F.F.S.Í. og L.Í.Ú. frá 28. desember 1950 og samkomulagi sömu aðilja frá 13. júní 1951. Verða þessir kröfuliðir því teknir til greina óbreyttir og stefnda gert að greiða helming þeirra, kr. 7210.08 + 288.40, eða kr. 7498.48.

Um 4. Stefnandi hefur rökstutt þenna kröfulið með því, að hann hafi átt þess kost að láta Blakknes annast flutninga á olíu, benzíni og öðrum vörum, einkum til Kópaskers og Raufarhafnar. Telur hann, að á því tímabili, sem viðgerðin stóð yfir, hefði Blakknes getað flutt svo mikið magn af þessum varningi, að flutningsgjöld hefðu numið um kr. 124.000.00, en gjöld við rekstur skipsins á sama tíma um kr. 59.000.00. Samt hafi hann stillt kröfu sinni svo í hóf, sem raun er á.

Stefndi hefur mjög vefengt, að skipið hefði á þeim tíma árs, sem hér ræðir um, getað farið svo margar ferðir, sem stefnandi gerir ráð fyrir, eða flutt svo mikið magn, enda ósýnt, að svo mikil hafi verið þörf slíkra flutninga. Þá hefur hann einnig eindregið mótmælt því, að rekstrarútgjöld hefðu ekki orðið miklum mun hærri en stefnandi vill vera láta, og hefur stefndi bent á ýmsar tegundir slíkra gjalda, sem ótalin eru í yfirliti stefnanda. Þá sé þess og að gæta, að kröfugerð stefnanda samkvæmt 2. og 3. kröfulið hér að framan samrýmist ekki kröfugerð hans eftir þessum lið.

Eigi þykir unnt að telja af þeim gögnum, sem fram hafa komið um þessi atriði, að öruggt sé, að stefnandi hafi misst rekstrarhagnað þann tíma, sem viðgerð á skipi hans stóð yfir, og verður því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda samkvæmt þessum lið.

Um 5. Gegn eindregnum andmælum stefnda verður þessi liður ekki tekinn til greina, enda eigi rökstuddur á neinn hátt.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 13.000.00 + 7498.48, eða alls kr. 20.498.48, með

vöxtum eins og krafizt var svo og málskostnað, er ákveðst kr. 2600.00, og á stefnandi sjóveðrétt í v/b Faxaborg, RE 126, til tryggingar þeim fjárhæðum.

Í dóminum áttu sæti Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Jónas Jónasson og Þorgrímur Sigurðsson, skipstjórar.

Dómsorð:

Stefndi, Faxaborg h/f, greiði stefnanda, Vesturnesi h/f, kr. 20.498.48 með 6% ársvöxtum frá 5. febrúar 1952 til greiðsludags og kr. 2600.00 í málskostnað, og á stefnandi sjóveðrétt í v/b Faxaborg, RE 126, til tryggingar fjárhæðunum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 18. október 1955.

Nr. 157/1954. **Þórhallur Þorgeirsson**
(Guðmundur Ásmundsson)
gegn
Dánarbúi Magnúsar Kjartanssonar og Sveini Magnússyni (Jón N. Sigurðsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Endurgreiðsla ofgreidds viðgerðarkostnaðar á bifreið.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. september 1954. Málsaðilinn Magnús Kjartansson hefur látizt, meðan á áfrýjun málsins stóð, en dánarbú hans komið í hans stað.

Áfrýjandi krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 7299.51 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 974.14 frá 9. október 1952 til 29. s. m., af kr. 5795.89 frá 29. október 1952 til 9. apríl 1953 og af kr. 7299.51 frá síðastnefndum degi til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi keypti í september 1952 notaða fólksflutningabifreið, R 3127. Kom hann bifreiðinni til málningar og viðgerðar á verkstæði stefndu í Hafnarfirði. Var þar unnið að framkvæmd verks þessa á tímabilinu 15. september til 4. október 1952 og aftur 27. og 28. október sama ár. Hinn 9. október 1952 greiddi áfrýjandi stefndu í reikning sinn vegna verksins kr. 5000.00. Þegar hann tók við bifreiðinni hinn 29. október 1952, var honum afhentur heildarreikningur um viðgerð og málningu, að fjárhæð kr. 9821.75, þar af kr. 1268.18 fyrir efni og kr. 8553.57 fyrir vinnu. Greiddi áfrýjandi stefndu þá eftirstöðvar reikningsins, kr. 4821.75, en gerði jafnframt þann fyrirvara, að farið yrði yfir alla vinnulista aftur og kostnaðarreikningurinn leiðréttur, ef skekkja fyndist. Hefur stefndi Sveinn kannazt við, að áfrýjandi hafi slegið þenna varnagla, er hann galt eftirstöðvarnar.

Áfrýjandi kveðst ekki hafa fengið sundurliðun á viðgerðarkostnaðinum frá stefndu fyrr en seint í febrúar 1953 þrátt fyrir eftirgangsmuni, en af hálfu stefndu er því haldið fram, að áfrýjanda hafi verið afhentir sundurliðaðir reikningar í janúar nefnt ár. Kveðst áfrýjandi hafa komizt að raun um við athugun á reikningum þessum og vinnulýsingum, að sumt af þeirri vinnu, sem þar er talin, hafi ekki verið unnin, og að vinnan við aðra liði væri talin svo mikil, að fjarri væri öllum sanni.

Samkvæmt beiðni áfrýjanda voru hinn 5. marz 1953 dómkvaddir tveir kunnáttumenn til að meta hæfilegt gjald fyrir vinnu þá, sem stefndu létu í té, með tilliti til þeirra galla, sem kynnu að finnast á verkinu. Matsmenn tilkynntu stefndu með símskeyti hinn 6. marz s. á., að þeir mundu hefja matsstörfin á verkstæði h/f Ræsis í Reykjavík hinn 7. marz 1953, kl. 13.30. Barst stefndu skeytið síðdegis hinn 6. marz, en ekki mættu þeir né létu mæta við matið.

Samkvæmt matsgerð, dags. 14. marz 1953, komust matsmennirnir að þessari niðurstöðu:

Þeir telja hæfilegt gjald fyrir vinnu þá, er stefndu framkvæmdu ..... kr. 4299.30

Frá þessari fjárhæð, telja þeir, að beri að draga:

a. Vinnukostnað við að rétta dældir á hurðum	kr. 881.62		
b. Kostnað vegna endurbóta á verkinu	— 660.00	—	1541.62
Mismunur, sem matsmenn telja, að stefndu beri fyrir vinnu		kr.	2757.68

Áfrýjandi hefur lagt niðurstöðu framangreindrar matsgerðar til grundvallar, og er kröfugerð hans á þessa leið:

1. Frá heildargreiðslunni til stefndu, kr. 9821.75, hefur hann dregið áðurgreinda fjárhæð samkvæmt matsgerðinni, kr. 2757.68, og greiðslu fyrir efni samkvæmt reikningi stefndu, kr. 1268.18, en þann lið reikningsins vefengir hann ekki. Kemur þá fram fjárhæð sú, sem hann krefst endurgreiðslu á		kr.	5795.89
2. Áfrýjandi telur, að bæta verði úr göllum á verkinu og að hann muni af þeim sökum missa afnot bifreiðarinnar í 11 daga. Krefst hann bóta fyrir þann afnotamissi, kr. 55.00 á dag, þ. e. alls		—	605.00
3. Loks gerir áfrýjandi kröfu til að fá matskostnað		—	898.62
Kemur þá fram stefnukrafan		kr.	7299.51

Stefndu telja, að áfrýjandi eigi ekki rétt til endurgreiðslu þegar af þeirri ástæðu, að hann hafi ekki hreyft neinum athugasemdum, frá því að hann tók við bifreiðinni 29. október 1952 og fram í marz 1953. Eins og fyrr greinir, gerði áfrýjandi fyrirvara um endurgreiðslu, þegar hann galt eftirstöðvarnar, kr. 4821.75, hinn 29. október 1952, og ekki verður talið, að hann hafi látið dragast úr hófi fram að krefjast endurgreiðslu, eftir að hann fékk í hendur sundurliðaða reikninga frá stefndu. Þykir hann því ekki hafa með tómlæti firrt sig rétti til að krefjast endurgreiðslu á nefndri fjárhæð, kr.

4821.75, eða hluta hennar, ef efni standa til þess að öðru leyti.

Þá hafa stefndu talið matsgerðina ógilda, með því að þeim hafi ekki verið gefinn kostur á með nægum fyrirvara að gæta réttar síns við hana. Eins og fyrr greinir, fengu stefndu vitneskju um það síðdegis á föstudag 6. marz, að matsgerðin ætti að hefjast kl. 13.30 næsta dag. Var þeim því innan handar að mæta við matsgerðina eða koma boðum til matsmanna um að fresta gerðinni, ef forföll meinuðu þeim að koma á matsstað, en í máli þessu hafa þeir ekki greint nein slík forföll. Auk þess gátu þeir komið að athugasemdum, áður en matsgerð lauk. Verður þessari mótbáru því ekki heldur sinnt. Og þar sem ekki verður séð, að framkvæmd matsgerðarinnar hafi að öðru leyti verið gölluð, og stefndu hafa ekki látið fram fara yfirmat, ber að hafa hliðsjón af matsgerðinni við úrlausn máls þessa.

Verða þá hinir einstöku kröfuliðir áfrýjanda teknir til athugunar.

Um 1. kröfulið.

Eins og áður greinir, hafa stefndu reiknað sér fyrir vinnu við viðgerð og málningu bifreiðarinnar kr. 8553.57. Matsmennirnir meta hins vegar heildarvinnulaunin kr. 4299.30. Frá þeirri fjárhæð hafa þeir svo í fyrsta lagi dregið kr. 881.62, áætlaðan kostnað af viðgerð á hurðum bifreiðarinnar, sem þeir telja hafa dældazt í meðförum stefndu á verkstæðinu. Matsmennirnir fullyrða, að málningin á bifreiðinni sýni, að dældir þessar hafi ekki orðið til, eftir að bifreiðin fór af verkstæði stefndu, og ber að leggja það til grundvallar. Eitt vitni hefur borið, að dældirnar hafi ekki verið á hurðunum, þegar áfrýjandi keypti bifreiðina í september 1952. Þrátt fyrir þetta þykir varhugavert að telja sannað gegn ákveðnum mótmælum stefndu, að þeir eða starfsmenn þeirra eigi sök á þessum göllum, og kemur umræddur matsliður því ekki til frádráttar. Í öðru lagi hafa matsmenn dregið frá áætlaðan kostnað, kr. 660.00, við að endurmála bifreiðina eða hluta hennar, vegna þess að stefndu létu hjá líða að framkvæma tilteknar viðgerðir, sem lýst er í matsgerðinni, en fram hefðu átt að fara, áður en málað var, þar á meðal að rétta fyrr-

nefndar dældir á hurðum bifreiðarinnar. Ber að leggja álit matsmannanna til grundvallar um þetta, og lækkar þá framangreind matsfjárhæð úr kr. 4299.30 í kr. 3639.30. Í rekstri málsins hafa matsmennirnir lýst því, að sökum óska áfrýjanda um breytingar á verkinu, meðan það stóð yfir, megi bæta 11 vinnustundum við stundafjölda þann, sem þeir höfðu talið hæfilegan í matsgerðinni. Hækkar síðastgreind fjárhæð af þeim sökum um kr. 292.60 í kr. 3931.90. Þykir rétt að leggja matsgerðina þannig breytta til grundvallar um þenna kröfulið. Ber stefndu samkvæmt því að endurgreiða áfrýjanda kr. 8553.57 að frádregnum kr. 3931.90, þ. e. kr. 4621.67.

Um 2. kröfulið.

Með því að gallar voru á verki stefndu, sem bæta þurfti úr, á áfrýjandi rétt á bótum fyrir afnotamissi bifreiðarinnar, meðan það verk er framkvæmt, og þykir hæfilegt að dæma honum kr. 300.00 úr hendi stefndu af þessum sökum. Vaxta af þessum kröfulið hefur áfrýjandi krafizt frá 9. apríl 1953.

Um 3. kröfulið.

Tekið verður tillit til matskostnaðar þess, sem áfrýjandi gerir hér kröfu til, þegar ákvörðun er tekin um málskostnað, sbr. 5. tölulið 175. gr. laga nr. 85/1936.

Niðurstaða málsins verður samkvæmt framansögðu sú, að stefndu verður in solidum dæmt að greiða áfrýjanda kr. 4621.67 og kr. 300.00, þ. e. samtals kr. 4921.67, með 6% ársvöxtum af kr. 4621.67 frá 29. október 1952 til 9. apríl 1953 og af kr. 4921.67 frá 9. apríl 1953 til greiðsludags. Svo ber stefndu og in solidum að greiða áfrýjanda málskostnað, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 6500.00.

Dómsorð:

Stefndu, dánarbú Magnúsar Kjartanssonar og Sveinn Magnússon, greiði in solidum áfrýjanda, Þórhalli Þorgeirssyni, kr. 4921.67 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 4621.67 frá 29. október 1952 til 9. apríl 1953 og af kr. 4921.67

frá 9. apríl 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 6500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 15. júní 1954.

Ár 1954, þriðjudaginn 15. júní, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, sem dómsformanni og meðdómendum Vilhjálmi Sveinssyni bifvélavirkjameistara og Sveini L. Bjarnasyni bifvélavirkjameistara uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 29. maí s.l.

Hinn reglulegi dómari tók samkvæmt 200. gr., 3. tölulið, laga nr. 85/1936 tvo fagmenn til að dæma með sér í málinu.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 9. apríl 1953, af Þórhalli Þorgeirssyni bankaritara, Grettisgötu 56, Reykjavík, gegn eigendum Málningarstofunnar, Lækjargötu 32, Hafnarfirði, þeim Magnúsi Kjartanssyni málarameistara, Öldugötu 13, og Sveini Magnússyni málarameistara, Lækjargötu 18, báðum hér í bæ, til að greiða in solidum fjárkröfu, að upphæð kr. 7299.51 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 974.14 frá 9. október 1952 til 29. október 1952, af kr. 5795.89 frá þeim degi til 9. apríl sama ár og af kr. 7299.51 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins. Við munnlegan flutning málsins bar stefnandinn fram varakröfu um endurgreiðslu lægri fjárhæðar eftir mati réttarins auk málskostnaðar, eins og áður.

Af hálfu stefndu er krafizt sýknu af öllum kröfum stefnandans og málskostnaðar úr hendi hans.

Málavextir eru þessir:

Stefnandinn, Þórhallur Þorgeirsson, var eigandi bifreiðarinnar R 3127, sem er Buick-fólksflutningsbifreið. Kom stefnandinn bifreið þessari til viðgerðar hjá Málningarstofunni, Lækjargötu 32, sem er einkaeign stefndu, og fór viðgerð fram þar á tímabilinu 15. september til 4. október og enn fremur dagana 27. og 28. október 1952.

Kostnaður við viðgerð þessa varð samkvæmt ósundurliðuðum reikningi Málningarstofunnar kr. 9821.75, og greiddi stefnandinn af því kr. 5000.00 þann 9. október, en afganginn, kr. 4821.75, þann 29. október 1952. Segir stefnandinn, að sér hafi þótt reikningurinn ískyggilega hár og greiðslan því bundin því skilyrði, að lagður yrði fram við fyrstu hentugleika sundurliðaður reikningur um viðgerðarkostnaðinn og skyldi þá endurgreitt það, sem stefnandi kynni að reynast hafa ofgreitt. Stefndi Sveinn Magnússon viðurkennir að hafa lofað stefnandanum að fara yfir alla vinnulista aftur og leiðrétta kostnaðarreikninginn, ef einhver skekkja fyndist. Í janúar 1953 kveðst stefndi Sveinn hafa síðan afhent stefnandanum sundur-

liðun á allri vinnu og jafnframt verið búinn að yfirfara alla útreikninga og sannfæra sig um, að þeir væru réttir, og neitaði hann allri endurgreiðslu. Hins vegar telur stefnandinn sig ekki hafa fengið sundurliðunina á viðgerðarkostnaðinum fyrr en seint í febrúar, en við athugun komizt að þeirri niðurstöðu, að hvorttveggja væri, að sumt af þeirri vinnu, sem talin er í sundurliðuninni, mundi ekki hafa verið unnin, og að vinna við aðra liði væri talin svo mikil, að fjarri væri öllum sanni.

Þar sem stefndi neitaði allri endurgreiðslu á viðgerðarkostnaðinum, lét stefnandi borgardómarann í Reykjavík dómkveðja tvo hæfa og óvilhalla menn til þess að skoða umrædda bifreið og segja álit sitt á eftirtöldum atriðum:

1. Hvort unnin hafi verið af Málningarstofunni öll sú vinna við bifreiðina, sem talin er í sundurliðuninni.

2. Hver sé hæfilegur stundafjöldi við einstaka þætti þeirrar viðgerðar, sem matsmennirnir telja, að fram hafi farið í Málningarstofunni.

3. Hvert sé hæfilegt gjald fyrir þá vinnu, sem Málningarstofan hefur látið í té, m. a. með tilliti til þeirra galla, sem kynnu að finnast á verkinu.

Til þess að framkvæma þetta mat voru dómkvaddir tveir fagmenn, þeir Eymundur A. Friðlaugsson verkstjóri og Hafsteinn Jónsson málari, báðir til heimilis í Reykjavík, og hófu þeir verk sitt 7. marz 1953, en luku við matsgerðina 14. sama mánaðar, og er hún dagsett þann dag.

Samkvæmt mati þessu er talið hæfilegt endurgjald fyrir vinnu við þá viðgerð, sem Málningarstofan lét í té, kr. 2757.68, reiknað á fagmannskaupi. Hins vegar telur stefnandinn ljóst á sundurliðun Málningarstofunnar, að nokkuð af viðgerðinni hafi verið unnið af svokölluðum gervimönnum, sem taki lægra kaup. Reikninga Málningarstofunnar fyrir efni til viðgerðarinnar, kr. 1231.24 auk 3% söluskatts, eða samtals kr. 1268.18, vefengir stefnandinn ekki.

Í matsgerðinni er talið, að bifreiðin þurfi þá viðgerðar við, bæði vegna þess að hún hafi verið skemmd í viðgerðinni hjá Málningarstofunni og einnig hafi Málningarstofan ekki framkvæmt ýmsar aðgerðir, sem sjálfsagt hefði verið að ljúka, áður en bifreiðin var sprautuð. Telur stefnandinn eftir áætlun fagmanna, að bifreiðin muni þurfa að vera á verkstæði 11 daga af þeim sökum.

Stefnukröfu sína sundurliðar stefnandinn á þessa leið:

1.	Mismunur á greiddum viðgerðarkostnaði, kr. 9821.75, og því, sem stefndi telur sig geta sætt sig við, kr. 2757.68 + kr. 1268.18, eða samtals kr. 4025.86	kr. 5795.89
2.	Afnotamissir bifreiðarinnar í 11 daga á kr. 55/00.....	— 605.00
3.	Matskostnaður	— 898.62
		Samtals kr. 7299.51

Stefnandinn heldur fram, að hann eigi rétt á endurgreiðslu úr hendi stefndu vegna þess, að hinn ósundurliðaði kostnaðarreikningur Málningarstofunnar hafi verið greiddur á röngum forsendum. Í fyrsta lagi vegna þess, að hann hafi áskilið sér slíkan rétt við framkvæmdastjóra Málningarstofunnar, stefnda Svein Magnússon, um leið og viðgerðarreikningurinn var greiddur. Í öðru lagi vegna þess, að telja verði sannað, að hann hafi verið beittur svikum í sambandi við kröfu Málningarstofunnar um greiðslu á viðgerðarkostnaðinum.

Rökstuðning fyrir kröfum sínum reisir stefnandinn aðallega á matsgerð þeirra Hafsteins Jónssonar og Eymundar A. Friðlaugssonar, sem framlögð er í málinu.

Af hálfu stefndu er mótmælt öllum kröfum stefnanda og krafizt algjörrar sýknu, og er það stutt ýmsum rökum, sem nánar skal rakið.

Ástæðan til þess, að viðgerðin hafi orðið svo kostnaðarsöm, segja stefndu sé sú, að bifreiðin hafi verið máluð að nokkru leyti oft, því að eftir að búið var að fullvinna málningu á sumum hlutum bifreiðarinnar, hafi stefnandinn látið skipta um lit nokkrum sinnum. Það er viðurkennt, að kostnaður við að sprauta fimm manna bifreið sé um það bil 3—4 þús. kr., ef ekkert sé gert frekara, og kveðst stefndi Sveinn Magnússon hafa sagt Þórhalli það, áður en verkið fór fram, en hann hafi ekki verið búinn að líta á umrædda bifreið þá.

Hins vegar neitar Sveinn að hafa nefnt þessa upphæð sem heildarviðgerðarkostnað á umræddri bifreið, enda hefði verkið við hana orðið margfalt meira, eins og sundurliðun viðgerðarreikninga, sem lagðir eru fram í málinu, sýni, en þar sé gerð fullkomin grein fyrir öllum viðgerðarkostnaðarliðum.

Þá er fyrrgreindri matsgerð mótmælt af hálfu stefndu, þar sem hún sé bæði mjög ófullkomin og í verulegum atriðum beinlínis röng og fái ekki staðizt vegna galla á formi og efni.

Til frekara rökstuðnings þessu er bent á, að símskeyti matsmanna um, að gerðin skuli fram fara 7. marz kl. 13.30, hafi eigi borizt stefndu fyrr en að kvöldi þess 6. s. m. og þeir þá ekki getað látið mæta fyrir sig með svo stuttum fyrirvara, og afleiðing þessa virðist, að matsmenn hefðu fengið alrangar upplýsingar um það verk, sem þeir voru kvaddir til að meta.

Þá er því haldið fram, að ekkert sé að marka, sem segir í matsgerðinni um skemmdir, viðgerð eða útlit bifreiðarinnar, er hún kom af Málningarstofunni, því að bifreiðin hafi verið búin að vera í notkun í tæpa sex mánuði, er matið fór fram, og verið geymd úti allan tímann.

Þá hafa sex af þeim mönnum, sem unnu að viðgerð bifreiðarinnar hjá Málningarstofunni á sínum tíma, verið leiddir sem vitni í máli þessu og framburður þeirra eiðfestur eða tekinn sem eiðfestur væri.

Höfðu þeir allir unnið meira og minna að þessu verki, og er framburður þeirra í samræmi við það, sem stefndu hafa haldið fram í málinu og framlagða sundurliðun viðgerðarkostnaðarins og vinnureikninga.

Það er jafnframt upplýst með framburði vitnanna, að stefnandinn hafi verið tíður gestur á Málningarstofunni, meðan unnið var þar við bifreiðina, og hafi fylgzt með því verki og lagt áherzlu á, að það yrði vel af hendi leyst.

Dómurinn verður að fallast á, að matsgerð þeirra Hafsteins Jónssonar og Eymundar A. Friðlaugssonar verði eigi notuð sem sönnunargagn í þessu máli gegn stefndu, fyrst og fremst vegna þess formgalla, að þeim hefur eigi verið gefinn kostur á með nægum fyrirvara að mæta þar og gæta hagsmuna sinna og ekki verið bætt úr þeim ágalla, þó að sérstakt tilefni væri gefið til þess af hálfu stefndu, áður en matsgerðinni var lokið. Auk þess fær matsgerðin ekki staðizt í verulegum atriðum.

Verður því ekki tekið tillit til matsgerðar þessarar í málinu. Á hinn bóginn má telja tilgangslítið að láta nú fram fara nýtt mat eða yfirmat, þegar svo langt er um liðið, frá því að bifreiðin kom frá Málningarstofunni.

Á það má fallast, sem stefnandinn heldur fram, að viðgerðarkostnaðurinn á umræddri bifreið hefur verið mikill, en fyrir því hefur verið gerð fullnægjandi grein af hálfu stefndu.

Enda þótt stefnandinn virðist hafa fylgzt með verkinu, meðan á því stóð, og þannig haft aðstöðu til að gera sér grein fyrir, hvernig það var af hendi leyst, greiddi hann samt strax að því loknu upp í kostnaðinn, án þess að gera sínar athugasemdir fyrr en mörgum mánuðum síðar.

Rétt þykir að benda á, að óþarflega margir menn hafa verið settir til að vinna við sumt af viðgerðinni, og hefur það eðlilega orðið til að gera verkið dýrara en ella, en það virðist hafa verið gert eftir ósk stefnanda til að flýta verkinu, enda hefur hann ekki gert neinar athugasemdir í þessa átt, hvorki meðan viðgerðin fór fram né í þessu máli.

Með vísun til þess, sem rakið hefur verið hér að framan, telur dómurinn, að stefnandinn hafi ekki fært fram fullnægjandi sönnunargögn fyrir kröfu sinni og ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnandans í þessu máli, bæði aðalkröfu og varakröfu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að gera stefnanda að greiða stefndu málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 1000.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Magnús Kjartansson og Sveinn Magnússon vegna Málningarstofunnar, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnandans, Þórhalls Þorgeirssonar, í þessu máli.

Stefnandinn greiði stefndu málskostnað með kr. 1000.00 innan

fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. október 1955.

Nr. 29/1955. **Ástríður Guðjónsdóttir**
og
Margrét Helgadóttir (Magnús Thorlacius)
gegn
Ingólfi Gíslasyni (Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Synjun um brottnám girðingar með fógetagerð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. febrúar 1955, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. janúar s. á. Krefjast þær þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma innsetningargerðina. Svo krefjast þær og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Ástríður Guðjónsdóttir og Margrét Helgadóttir, greiði stefnda, Ingólfi Gíslasyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 25. ágúst 1954.

Ár 1954, miðvikudaginn 25. ágúst, var í fógetarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldinn var í skrifstofu embættisins í Hafnarfirði af fulltrúa sýslumanns, Birni Sveinbjörnssyni, uppkveðinn úrskurður í fógetamálinu: Margrét Helgadóttir og Ástríður Guðjónsdóttir gegn Ingólfi Gíslasyni.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 18. þ. m., hafa gerðarbeiðendur, þær Margrét Helgadóttir og Ástríður Guðjónsdóttir, til heimilis Bergþórugötu 9 í Reykjavík, krafizt þess, að numin verði brott með beinni fógetagerð girðing, sem gerðarþoli, Ingólfur Gíslason bóndi í Fitjakoti í Kjalarneshreppi, hefur girt yfir veg af þjóðvegi heim að húsi gerðarbeiðenda, sem stendur á landspildu í Fitjakotslandi. Gerðarbeiðendur hafa og krafizt málskostnaðar að skaðlausu.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar og krafizt málskostnaðar að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að árið 1941 keyptu gerðarbeiðendur geymsluhús ásamt einum hektara lands umhverfis í melhallanum norðaustur af vesturtúninu í Fitjakoti. Afsalið er dagsett 30. september 1941 og er þar fram tekið, að aka megi af þjóðvegi heim að landi þessu, en engin nánari ákvæði er þar að finna um, hvar aka megi. Gerðarbeiðendur hafa síðan notað hús þetta sem sumarbústað, og er landið umhverfis afgirt. Fyrsta sumarið, sem þær voru þar, telja þær, að farið hafi verið eftir afleggjaranum, sem liggur heim að Fitjakoti, og síðan fram hjá fjósinu þar, þegar farið var heim að sumarbústaðnum, en síðan hafi verið farið frá þjóðvegi að norðvesturhorni landspildunnar, síðan niður með henni að vestanverðu og inn um hliðið, sem er á girðingunni umhverfis hana, rétt við suðvesturhornið. Er því haldið fram, að þarna hafi verið borin möl ofan í gamla troðninga og þannig gerður akvegur. Telja gerðarbeiðendur, að þarna hafi áður verið gamall hreppavegur.

Gerðarþoli keypti jörðina Fitjakot árið 1946. Hann kveðst þá hafa girt meðfram þjóðveginum og segir hvergi hafa verið hlið á þeirri girðingu nema á afleggjaranum heim að Fitjakoti. Kveðst hann þá hafa vísað gerðarbeiðendum á að fara leiðina hjá fjósinu í Fitjakoti. Árið 1950 kveðst hann hafa girt að nýju og þá úr norðvesturhorni landspildunnar, sem sumarbústaðurinn stendur á. Ekki setti hann hlið á girðingu þessa við hornið, en kveðst þó hafa gefið gerðarbeiðendum leyfi til að setja þar hlið með því skilyrði, að þess yrði gætt, að hafa hliðið ávallt vel lokað, til að skepnur kæmust þar ekki út. Í vor eða sumar girti hann að nýju og girti þá fyrir hlið þetta, enda heldur hann því fram, að hliðið hafi þrásinnis verið skilið eftir opið, svo að skepnur hafi sloppið þar í gegn sér til mikils tjóns. Er það þessi girðing í hliðinu, sem gerðarbeiðendur krefjast, að numin verði brott.

Gerðarþoli hefur algerlega neitað því, að nokkur hreppavegur hafi verið þar, sem gerðarbeiðendur hafa farið meðfram vesturhlið landspildunnar. Hann segir, að gerðarbeiðendur hafi aldrei sér vitanlega gert neinar vegabætur þar, en hafi þær verið gerðar, hafi það verið í óleyfi sínu.

Gerðarbeiðendur hafa neitað því, að gerðarþoli hafi sett upp nokkra girðingu meðfram þjóðvegi árið 1947, og enn fremur því, að nokkur skilyrði hafi verið sett af hálfu gerðarþola fyrir því, að hlið yrði sett á girðinguna 1950. Gerðarbeiðendur hafa leitt mörg vitni að því, að þær hafi alltaf nema fyrsta sumarið, eftir að þær komu í sumarbústaðinn, farið leiðina frá þjóðvegi framhjá norðvesturhorni landspildunnar niður með henni að vestanverðu, þegar farið var heim að sumarbústaðnum. Segja gerðarbeiðendur, að aðrar leiðir hafi verið ófærar, þegar blautt var um.

Lagður hefur verið fram í máli þessu uppdráttur af Fitjakotslandi og hefur gerðarþoli markað umrædda landspildu inn á uppdráttinn með ritblýi. Gerðarbeiðendur hafa að vísu mótmælt áteikningum gerðarþola á uppdráttinn, en þó virðist mega nota hann til glöggvunar. Samkvæmt uppdrættinum snýr norðurhlið umræddrar landspildu af þjóðveginum, og er þar stytzt leið frá þjóðvegi að henni.

Eins og nú hefur verið lýst, hefur mál þetta einkum snúizt um það, hvort gerðarbeiðendur ættu rétt til umferðar frá norðausturhorni landspildunnar yfir land gerðarþola og meðfram henni að vestanverðu að hliði, sem þar er. Verður að telja, að úrlausn þessa ágreinings heyri ekki undir fógetaréttinn. Hins vegar verður það að teljast skilyrði fyrir því, að gerð sú, sem hér um ræðir, geti náð fram að ganga, að þessi umferðarréttur sé glöggur. Ekki verður heldur talið sannað, að neinn hreppavegur hafi verið áður, þar sem gerðarbeiðendur halda fram, að þeir hafi farið.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að synja um framgang gerðarinnar.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ekki ná fram að ganga.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 19. október 1955.

Nr. 36/1954. **Ólafur Pétursson** (Guttormur Erlendsson)
gegn
Sigurði Guðmundssyni (Ragnar Ólafsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Meiðyrðamál. Krafa um miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. marz 1954. Hann gerir þessar dómkröfur:

1. Að gagnáfrýjanda verði dæmd refsing fyrir ummæli þau, sem rakin eru í héraðsdómi, og ummælin dæmd ómerk.

2. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum hæfilega fjárhæð til birtingar dóms þessa í opinberu blaði.

3. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 75.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. maí 1949 til greiðsludags.

4. Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi og áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 30. apríl 1954. Hann krefst sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Eins og í héraðsdómi greinir, var aðaláfrýjandi hinn 31. maí 1947 dæmdur af Bergens Lagsogns Lagmannsrett til þess að sæta 20 ára hegningarvinnu fyrir ýmis afbrot, er hann hafði framið á árunum 1941 og 1942 í þjónustu þýzka hersins gegn norskum borgurum og norskum hagsmunum. Endurrit þess dóms hefur verið lagt fram í máli þessu, en hins vegar eigi hin norsku málsgögn. Aðaláfrýjandi er talinn hafa gengið Þjóðverjum á hönd í aprílmánuði 1941, er hann undirritaði þagnarheit í viðurvist þýzku leyniþjónustumannanna Klein, Havernick, er notaði dulnefnið Hervik, og Helmuth Jaspersen, er notaði dulnefnið Lund.

Í nefndum dómi er skýrt frá því, sem nú verður rakið:

Í maímánuði 1941 var aðaláfrýjandi á námsskeiði hjá Þjóðverjum í Oslo og lærði notkun senditækja og dulmálslykla. Í maí eða júnímánuði s. á. var uppi ráðagerð um það að senda aðaláfrýjanda um England til Íslands í erindum Þjóðverja. Var hann því látinn leita félagsskapar við þjóðholla Norðmenn, sem fara vildu til Englands, og einnig var honum komið í kynni við nafngreindan mann, sem honum skildist eiga að fara þangað í erindum Þjóðverja. Aðaláfrýjandi tók í þessu skyni þátt í kaupum á vélbátnum Hernie, sem hinn 5. júlí 1941 var siglt frá Bergen áleiðis til Englands. Aðaláfrýjandi fór þó eigi för þessa, enda hafði verið horfið frá því ráði að senda hann til Íslands.

Síðar segir svo í óvefengdri þýðingu af dóminum:

„Um það leyti, er ákærði (þ. e. aðaláfrýjandi) vann að því að koma mótorbátnum Hernie til Englands, bjó hann í herbergi hjá fjölskyldunni Bonnevie í Professor Keysersgate og hafði aðgang að íbúð fjölskyldunnar. Hann nefndi Englandsferðina við son húsráðenda, Rolf Bonnevie, sem lét í ljós ósk um að verða með. Ákærði lét „Lund" (Helmuth Jaspersen) vita um þetta, og enn fremur sagði hann honum, að móðir Bonnevies, sem hafði komizt á snoðir um fyrirætlanir sonar síns, væri þeim mótfallin.

Nokkru síðar fékk ákærði veður af, að Rolf Bonnevie hefði tekizt á hendur ferð til Harðangurs í „ólöglegum" erindagerðum, og tilkynnti hann „Lund" (Helmuth Jespersen) þetta. Hinn síðarnefndi fól honum að rannsaka, hvaða sambönd Bonnevie hefði. Til notkunar við njósnir um ferðir Bonnevies lánaði hann „Lund" ljósmynd af honum, sem hann fékk lánaða í íbúð Bonnevies og sem „Lund" lét taka eftirmynd af.

Frá júní—júlí 1941 gaf hann Abwehr upplýsingar um allt það, er hann varð vísari um Rolf Bonnevie. M. a. með því að útvega Bonnevie sprengiefni og kort yfir þýzkar virkisstöðvar, sem Abwehr lét hann fá í þessu augnamiði, tókst honum að ávinna sér traust Bonnevies og komast með í hina „ólöglegu" starfsemi hans. Þannig fékk hann upplýsingar um ýmsa menn, sem Bonnevie hafði samband við. Þessar upplýsingar lét hann ganga til Abwehrs, og hinir

norsku útsendarar Abwehrs héldu uppi njósnum um allt þetta fólk. Á þessu gekk um það bil árlangt.

24. júní 1942 fékk ákærði tilkynningu frá Abwehr um að halda sig heima við næstu daga, þar sem eitthvað mundi ske. Næsta dag framkvæmdi þýzka öryggislögreglan fjölmargar handtökur í sambandi við málið, og fleiri handtökur fylgdu á eftir. Alls voru handteknir um 40 manns í þessu máli og öðru, sem Þjóðverjar stunduðu í sambandi við það. Meðal hinna handteknu var Bonnevie og tveir aðrir, Tunes og Ness, sem ákærði hafði haft samband við.

Af hinum handteknu dó einn í höndum þýzku öryggislögreglunnar í Veiten í Bergen, og 8, meðal þeirra Bonnevie, dóu í fangabúðum í Þýzkalandi. Margir voru í fangelsi í Þýzkalandi og 1 í Noregi, unz Þjóðverjar gáfust upp 1945. Hinir sátu í fangelsi frá 1 mánuði til 2ja ára. Fangelsun Bonnevies, Tunes og Ness var bein afleiðing þeirra upplýsinga, sem ákærði gaf Þjóðverjum. Hinir voru fangelsaðir sumpart vegna ábendinga ákærða, sumpart vegna ábendinga annarra útsendara og sumpart voru þeir handteknir vegna upplýsinga, sem Þjóðverjum tókst að afla sér, meðan á þessum framkvæmdum stóð, og þannig að nokkru leyti vegna starfsemi ákærða m. a.

Í september 1941 fór ákærði til Odda til að heimsækja fjölskyldu unnustu sinnar. Áður en hann fór, hafði „Hervik" falið honum að rannsaka, hvort nokkur „ólögleg" starfsemi ætti sér stað í Harðangri. Þjóðverjar greiddu ferðakostnaðinn. Í heimboði einu komst hann á snoðir um, að vopnabirgðir mundu faldar í Odda . . . Ákærði sendi tilkynningu til Abwehrs um vopnabirgðirnar og sagði, hver hefði gefið honum upplýsingarnar.

Um jólaleytið 1941 fór hann á ný til Odda til að heimsækja fjölskyldu unnustu sinnar, en jafnframt hafði Abwehr falið honum að leita upplýsinga. Einnig í þetta sinn greiddi Abwehr ferðakostnaðinn. Að þessu sinni komst ákærði á snoðir um, að leynileg útvarpsstöð mundi vera í Odda, og tilkynnti hann Abwehr þetta. Annaðhvort í þetta sinn eða í fyrra skiptið frétti hann, að fallhlífar hefðu komið niður í héraðinu, og tilkynnti hann það einnig. Upplýsingar ákærða

leiddu til þess, að margt manna var handtekið af þýzku öryggislögreglunni í Odda hinn 19/2 1942, þeirra á meðal Per Lægreid og tveir bræðurnir Saugstad. Annar hinna síðarnefndu var látinn laus eftir einn mánuð, hinn, er nokkuð var áliðið sumars. Lægreid sat í haldi til stríðsloka.

Í páskafríinu 1941 fékk ákærði veður af, að Hans Ekornes væri kunnugur eða hefði samband við Lægreid. Þetta tilkynnti hann Abwehr.

Ekornes og 22 aðrir voru handteknir við Álasund, er þeir voru í þann veginn að fara til Englands. Ekornes var skotinn í Þrándheimi hinn 7/10 1942. 18 hinna voru skotnir á Grini 30/4 1942. Það er hins vegar ekki álitið sannað, að það hafi leitt af upplýsingum ákærða, að Ekornes, sem Þjóðverjarnir í Þrándheimi höfðu haft mál gegn áður, var handtekinn, né heldur, að hann var skotinn, né heldur að handtaka hinna 22ja sem og að 18 þeirra voru skotnir, hafi leitt af upplýsingum ákærða.

Þeir, sem voru handteknir í Odda, voru fluttir til Falstad, þar sem Ekornes sat, og þar voru þeir yfirheyrðir um Oddamálið. Ekornes sömuleiðis."

Eigi þykir ástæða til að rekja frekar sakaratriði samkvæmt hinum norska dómi, en í sambandi við ákvörðun refsingar aðaláfrýjanda segir m. a. svo í forsendum dómsins í framangreindri þýðingu:

„Þá veldur það þyngdum dómi, að glæpir þeir, sem um fjallar í þessu máli, eru meðal slíkra af verstu tegund, að ákærði vann að því með alúð að leysa af hendi þau verkefni, sem Þjóðverjar fengu honum, og að þáttur ákærða í „Bonnevie-málinu" (nr. 5 að framan) hófst með því, að hann af eigin hvötum gerði Þjóðverjum aðvart um ferðir Bonnevies til Harðangurs, og þar sem hann ávann sér traust Bonnevies með því, að þykjast vera þátttakandi í hinni „ólöglegu" starfsemi og tilkynnti þó Þjóðverjum jafnharðan um sambönd hans, en þetta var í mesta máta níðingslegt og gefur tilefni til hinna ströngustu gagnverkana." Í dóminum er hins vegar meðal annars talið til málsbóta: „Ennfremur er tekið tillit til þess, að hann var hlutfallslega ungur, er hann gekk í þýzka þjónustu, sem og að um það leyti var það ekki svo al-

mennt vitað, hvers konar meðulum og aðferðum þýzka öryggislögreglan (det tyske sipo) beitti né hvernig hún fór með hina pólitísku fanga sína, að hægt sé að gera ráð fyrir, að ákærði hafi vitað um það, hverju hann hefur og neitað."

Þegar virt eru afbrot þau, sem telja verður aðaláfrýjanda sekan um samkvæmt hinum norska dómi, aðferðir hans við framkvæmd þeirra og afleiðingar þeirra, þá þykja eigi næg efni til að refsa fyrir ummæli þau, sem mál þetta er af risið og skilmerkilega eru rakin í héraðsdómi, enda verður eigi talið, að þau hafi verið höfð uppi að tilefnislausu, sbr. 237. gr. laga nr. 19/1940. Af sömu ástæðum verður krafa aðaláfrýjanda um ómerkingu ummælanna eigi tekin til greina að öðru en þessu:

1. Orðið „morðingjanum", sbr. I. lið héraðsdóms, ber að ómerkja.

2. Eins og að framan greinir, er því lýst í hinum norska dómi, að af handteknum mönnum, sem þar er getið, hafi níu menn látizt í höndum þýzku lögreglunnar og í þýzkum fangabúðum. Hins vegar er ósannað talið, að handtaka 22 manna við Álasund og síðan líflát 19 þeirra, hafi hlotizt af atferli aðaláfrýjanda, enda þótt hann hefði áður gefið þýzkum stjórnvöldum skýrslu um einn þeirra. Þykir því ofmælt, að aðaláfrýjandi hafi á þriðja tug mannslífa á samvizkunni, sbr. niðurlag I. liðs og niðurlag III. liðs, a, í héraðsdómi, og ber að ómerkja þau ummæli að því leyti.

Engin efni eru til að sinna kröfu aðaláfrýjanda um fé til birtingar dóms þessa né kröfu hans um fébætur úr hendi gagnáfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00.

Dómsorð:

Framangreind ummæli eiga að vera ómerk.

Aðaláfrýjandi, Ólafur Pétursson, greiði gagnáfrýjanda, Sigurði Guðmundssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. desember 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. þ. m., hefur Ólafur Pétursson, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan með stefnu, útgefinni 16. maí 1949, gegn Sigurði Guðmundssyni ritstjóra, Fálkagötu 1, hér í bænum, vegna ummæla í greinum, sem birtust í dagblaðinu Þjóðviljanum, hér í bænum, dagana 27. marz, 6. apríl, 13. apríl, 28. apríl og 29. apríl 1949, en stefndi var ábyrgðarmaður þessa blaðs.

Hin umstefndu ummæli eru þessi:

I. Í 69. tlbl., sem kom út þann 27. marz 1949, í óundirritaðri grein með fyrirsögninni: „Burt með leppstjórnina", þessi ummæli:
„Lið þetta er m. a. skipulagt og þjálfað af morðingjanum Ólafi Péturssyni, sem ríkisstjórnin leysti úr 20 ára tukthúsi í Noregi, þar sem hann hafði á samvizkunni á þriðja tug mannslífa".

II. Í 77. tlbl., sem út kom þann 6. apríl 1949, í óundirritaðri grein með fyrirsögninni: „Nokkur dæmi um framkvæmd hins vestræna lýðræðis", þessi ummæli:

a. „Hershöfðinginn er fenginn beint frá Gestapo. „Íslenzki böðullinn" var hann kallaður í Noregi . . ."

b. „Dæmdur glæpamaður fluttur frá Noregi til að gæta laga og réttar á Íslandi".

III. Í 83. tlbl., sem kom út 13. apríl 1949, í óundirritaðri grein með fyrirsögninni: „Dæmdur glæpamaður, nazistinn Ólafur Pétursson, krefst 75 þús. kr. skaðabóta af Þjóðviljanum, sem minnt hafði á fortíð hans að gefnu tilefni", þessi ummæli:

a. „Þjóðviljinn hefur skýrt frá þátttöku nazistans Ólafs Péturssonar í hvítliðasveitum Heimdallarskrílsins, mannsins, sem norskur dómstóll dæmdi í 20 ára hegningarvinnu fyrir að vera valdur að dauða á þriðja tugs norskra ættjarðarvina . . ."

b. „. . . íslenzka njósnaranum, sem hefur mörg norsk mannslíf á samvizkunni . . ."

IV. Í 91. tlbl., sem út kom 28. apríl 1949, í grein undirritaðri með dulnefninu „Suðurnesjamaður" með fyrirsögninni: „Hurfu til upphafs síns", þessi ummæli:
„Jafnvel dæmdur glæpamaður eins og Ólafur Pétursson gerir sig gildan og stefnir Þjóðviljanum fyrir ummæli, sem hafa þann eina galla að vera allt of væg um hin óskiljanlegu illvirki þessa manns".

V. Í 92. tlbl., sem út kom 29. apríl 1949, í grein undirritaðri með dulnefninu „Xy" með fyrirsögninni: „Glæpamaður í gróðahug", þessi ummæli:

a. „Stórglæpamaður nokkur, sem í einu nágrannalandi okkar var sekur fundinn um dauða fjölda ungra frelsisvina . . ."

b. „. . . sem hefur sagt satt um blóðferil hans".

Stefnandi, sem telur ummæli þessi stórlega meiðandi og móðgandi

fyrir sig, hefur gert þær dómkröfur, *að* stefndi verði dæmdur til þyngstu refsingar, sem lög leyfa fyrir þau, *að* meiðyrðin verði dæmd dauð og ómerk, *að* stefndi verði dæmdur til að greiða honum hæfilega fjárhæð til að standast kostnað af birtingu dómsins í opinberu blaði, *að* stefndi verði dæmdur til að greiða honum bætur fyrir fjártjón og miska að fjárhæð kr. 75.000.00 með 6% ársvöxtum frá 9. apríl 1949 til greiðsludags og *að* stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi eða að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans.

Dómur í máli þessu var upphaflega kveðinn upp á bæjarþingi Reykjavíkur þann 5. desember 1950. Dómi þeim var áfrýjað til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 7. október 1953, var hinn áfrýjaði dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að öll hin umstefndu ummæli, sem séu ósönn, séu mjög meiðandi og móðgandi fyrir sig.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að hin umstefndu ummæli séu sönn og því refsilaust að hafa þau um stefnda. Á árunum 1941 og 1942 hafi stefnandi dvalið í Noregi og verið í þjónustu þýzkra hernámsyfirvalda þar. Í starfi sínu hafi hann ljóstrað upp um störf margra norska manna, sem unnu í svonefndri mótspyrnuhreyfingu, og þannig orsakað handtöku þeirra, fangelsisvist og í sumum tilvikum líflát. Fyrir þessi störf sín hafi stefnandi af norskum dómstóli verið dæmdur í 20 ára hegningarvinnu. Fyrrgreind starfsemi stefnanda hafi verið sérstaklega illkynjuð og réttlæti fyllilega ummælin. Honum hafi verið sleppt úr haldi í Noregi fyrir atbeina íslenzkra stjórnarvalda, en það hafi mælzt illa fyrir í Noregi.

Af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram, að fyrrgreindur refsidómur væri ólögmætur og rangur.

Í málinu er fram komið, að þann 31. maí 1947 var stefnandi dæmdur af Bergens Lagsogns Lagmannsrett í 20 ára hegningarvinnu fyrir brot á norskum hegningarlagaákvæðum, en áður hafði sami dómstóll úrskurðað, að heimilt væri að dæma mál stefnanda af norskum dómstólum. Í refsimáli þessu taldi dómurinn sannað, að stefnandi hefði starfað í þjónustu þýzkra hernámsyfirvalda á árunum 1941 og 1942 og með atferli sínu ljóstrað upp um starfsemi margra félaga svonefndrar mótspyrnuhreyfingar. Þessar uppljóstranir stefnanda hafi haft í för með sér handtökur manna þessara. Hafi sumir þeirra hlotið langa fangelsisvist, en aðrir beðið bana. Stefnandi áfrýjaði ekki dómi þessum. Af hálfu íslenzkra stjórnarvalda voru gerðar tilraunir til að fá stefnanda framseldan, en hann er íslenzkur ríkisborgari. Þann 8. ágúst 1947 var stefnanda síðan vísað úr Noregi af norskum stjórnarvöldum. Fór hann síðan hingað

til lands og hefur dvalizt hér síðan. Ekki hefur hér á landi verið höfðað mál á hendur stefnanda vegna framangreinds atferlis hans.

Því er ómótmælt í málinu, að stefnda hafi verið kunnur dómur þessi, áður en greinar þær, sem að framan getur, birtust. Þar sem dómur þessi er kveðinn upp af löglegum dómstóli í ríki með hliðstæða réttarskipun þeirri, sem hér er, verður stefnda ekki metið það til sakar, þótt hann skýrði frá efni hans.

Verða hér á eftir athuguð hin einstöku ummæli, sem stefnt er fyrir.

Um I.

Að því er varðar setningarhlutann: „Lið . . . Ólafi Péturssyni", þá má fallast á, að þessi ummæli séu mjög meiðandi og móðgandi fyrir stefnanda, og þar sem þau hafa ekki verið réttlætt, ber að refsa stefnda fyrir þau. Þykja ummælin varða við ákvæði 235. gr. hinna almennu hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna þykir einnig verða að ómerkja ummæli þessi.

Að því er varðar setningarhlutann: „sem ríkisstjórnin . . . í Noregi", þá er hér um að ræða frásögn úr fyrrgreindum dómi og atriði í sambandi við hann. Ummæli þessi eru sett fram á ótilhlýðilegan hátt, og þar sem ekki verður séð, að stefnandi hafi gefið tilefni til, að þau yrðu notuð, þykir birting þeirra varða við ákvæði 237. gr. hegningarlaganna, og verður að refsa stefnda fyrir þau.

Þá þykir einnig samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna bera að ómerkja brigzlyrði þessi.

Telja verður að setningarhlutinn: „þar sem hann . . . mannslífa" sé meiðandi og móðgandi fyrir stefnanda, og þar sem ummæli þessi eru ósönnuð, verður að telja, að notkun þeirra varði við ákvæði 235. gr. hegningarlaganna, og ber að refsa stefnda fyrir þau.

Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna ber að ómerkja þau.

Um II a.

Að því er varðar setninguna: „hershöfðinginn . . . Gestapo", þá er ljóst, að ummæli þessi eru notuð til ófrægingar stefnanda, og þar sem þau eru ekki réttlætt, verða þau talin varða við ákvæði 234. gr. hegningarlaganna, og stefnda því refsað fyrir þau.

Þá ber einnig að ómerkja ummæli þessi samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna.

Að því er síðari setninguna varðar: „Íslenzki . . . Noregi", þá virðist hér vera skýrt frá ummælum, sem höfð voru um stefnanda í því landi. Þar sem stefnandi virðist ekki hafa gefið stefnda tilefni til að nota ummæli þessi, þykir samkvæmt ákvæðum 237. gr. hegningarlaganna verða að refsa stefnda fyrir þau.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna ber ennfremur að ómerkja brigzlyrði þessi.

Um II b.

Fyrri hluti setningar þessarar er í samræmi við fyrrgreindan dóm, en þar sem stefnandi hefur ekki gefið tilefni til að nota þau, varða þau við ákvæði 237. gr. hegningarlaganna, og ber að refsa stefnda fyrir þau. Síðari hluti setningarinnar virðist hins vegar settur fram til að óvirða stefnanda, og þar sem þau ummæli hafa ekki verið réttlætt, verður að telja þau varða við ákvæði 234. gr. hegningarlaganna, og ber að refsa stefnda fyrir þau.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna þykir bera að ómerkja ummæli þessi.

Um III a.

Telja verður, að setningarhlutinn: „Þjóðviljinn . . . Heimdallarskrílsins", sé móðgandi fyrir stefnanda, og þar sem ummæli þessi hafa ekki verið réttlætt, þykja þau varða við ákvæði 234. gr. hegningarlaganna, og ber að refsa stefnda fyrir þau.

Að því er varðar setningarhlutann: „mannsins . . . hegningarvinnu", þá er hér um að ræða frásögn um fyrrgreindan dóm. Ummæli þessi eru hins vegar sett fram á ótilhlýðilegan hátt og án þess að séð verði, að stefnandi hafi gefið tilefni til, að þau væru notuð. Þykir birting þeirra varða við ákvæði 237. gr. hegningarlaganna, og ber að refsa stefnda fyrir þau.

Telja verður, að setningarhlutinn: „fyrir að vera . . . ættjarðarvina", sé meiðandi og móðgandi fyrir stefnanda, og þar sem ummæli þessi eru ósönnuð, verður að telja, að notkun þeirra varði við ákvæði 235. gr. hegningarlaganna, og ber að refsa stefnda fyrir þau.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna ber að ómerkja öll ummælin í þessum lið.

Um III b.

Ummæli þessi eiga stoð í fyrrgreindum dómi, en þar sem þau eru sett fram á ótilhlýðilegan hátt og án tilefnis frá stefnanda, verður að telja, að birting þeirra varði við ákvæði 237. gr. hegningarlaganna, og ber að refsa stefnda fyrir þau.

Þá ber einnig samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna að ómerkja brigzlyrði þessi.

Um IV.

Með vísan til þess, sem greinir um III b hér að framan, þykir fyrri hluti ummæla þessara varða við ákvæði 237. gr. hegningarlaganna, og ber að refsa stefnda fyrir brigzl þau, sem í þeim felast. Að því er síðari hlutann varðar, þá þykir notkun þeirra ummæla varða við ákvæði 235. gr. hegningarlaganna, og verður stefnda því einnig refsað fyrir þau.

Ummæli þessi og brigzlyrði verður að ómerkja samkvæmt ákvæðum 241. gr. hegningarlaganna.

Um V a.

Með vísan til þess, sem greinir um III b hér að framan, þykja ummæli þessi varða við ákvæði 237. gr. hegningarlaganna, og ber að refsa stefnda fyrir þau. Þá ber einnig samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna að ómerkja brigzlyrði þessi.

Um V b.

Fallast má á, að ummæli þessi séu verulega meiðandi og móðgandi fyrir stefnanda, og þar sem þau hafa ekki verið réttlætt, ber að refsa stefnanda fyrir notkun þeirra. Þykja ummælin varða við ákvæði 235. gr. hegningarlaganna.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 241. gr. hegningarlaganna þykir verða að ómerkja ummæli þessi.

Hér að framan hafa hin umstefndu ummæli verið rakin. Þegar allt er virt, er hér skiptir máli, þykir refsing stefnda hæfilega ákveðin 1000 króna sekt í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 10 daga varðhald, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 241. gr. hegningarlaganna ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda fé til að standast kostnað af birtingu dóms þessa í opinberu blaði eða riti. Þykir það fé hæfilega ákveðið kr. 100.00.

Að því er varðar skaðabótakröfu stefnanda, þá hefur hann bent á, að í blaði því, sem hin umstefndu ummæli birtust í, hafi birzt fjöldi greina, sem séu til þess fallnar að valda honum tjóni, þannig að segja megi, að um ofsókn á hendur honum sé að ræða.

Af stefnda hálfu hefur skaðabótakröfunni algerlega verið mótmælt og þess krafizt, að stefnanda verði refsað fyrir tilefnislausa kröfugerð að þessu leyti.

Það er ósannað, að ummæli þessi hafi valdið stefnanda fjártjóni, og koma því bætur að því leyti ekki til greina. Þegar virt eru atvik öll að máli þessu, efni og forsaga ummælanna, þá þykir stefnandi heldur ekki eiga rétt á miskabótum úr hendi stefnda vegna þeirra. Hins vegar eru engin efni til að taka til greina refsikröfu stefnda.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndi, Sigurður Guðmundsson, greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð, en sæti 10 daga varðhaldi, verði sektin ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Stefndi greiði stefnanda, Ólafi Péturssyni, kr. 100.00 til að standast kostnað af birtingu dóms þessa í opinberu blaði eða

riti og kr. 500.00 í málskostnað, en sé að öðru leyti sýkn af kröfum hans í máli þessu.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. október 1955.

Nr. 147/1955. **V. Árnason & Co. h/f**
gegn
Vigfúsi Friðjónssyni & Co. h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Krafa um frest í víxilmáli.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur hinn 28. september þ. á. skotið til Hæstaréttar úrskurði, kveðnum upp á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 22. september þ. á., í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, umbeðinn frestur veittur og honum dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja. Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Sóknaraðili hefur haldið því fram í aðalmálinu, að hann hafi samþykkt víxil þann, sem í málinu greinir, til greiðslu á andvirði vöru, sem reynzt hafi gölluð, og hafi varnaraðili fallizt á að lækka víxilfjárhæðina af þeim sökum, en þessu hefur varnaraðili neitað. Framangreind varnarástæða sóknaraðilja kemst ekki að í víxilmáli, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð og dæma varnaraðilja kærumálskostnað úr hendi sóknaraðilja, er ákveðst kr. 600.00.

Víta ber tilefnislausa kæru máls þessa.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, V. Árnason & Co. h/f, greiði varnaraðilja,

Vigfúsi Friðjónssyni & Co. h/f, kærumálskostnað kr. 600.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 22. september 1955.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 15. þ. m., hefur V. Friðjónsson & Co. h/f, Siglufirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 27. ágúst s.l. gegn V. Árnason & Co. h/f, hér í bæ, og þeim Steingrími Þórissyni, Skaptahlíð 36, Kristni Bergþórssyni, Skaptahlíð 46 og Jónasi Magnússyni, Barðavog 38, öllum hér í bænum, til greiðslu in solidum á víxli, að fjárhæð kr. 79.169.07 ásamt 7% ársvöxtum frá gjalddaga víxilsins 10. febrúar 1955 til greiðsludags, ⅛% fjárhæðarinnar í þóknun og kr. 116.00 í afsagnarkostnað og málskostnaðar.

Stefndi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt víxli, útgefnum 20. júlí 1954 af stefnda Steingrími og ábektum af honum og stefndu Kristni og Jónasi, en samþykktum af stefnda V. Árnason & Co. h/f, hér í bænum, hinn 10. febrúar 1955. Umræddur víxill var afsagður 12. febrúar s.l. sökum greiðslufalls.

Stefndu kveða málavexti þá, að stefndi, V. Árnason & Co. h/f, hafi keypt gólfteppi af stefnanda og samþykkt víxil fyrir, og sé það víxill sá, sem krafið er um greiðslu á í máli þessu. Er vörurnar hafi svo verið teknar upp, hafi þær ekki reynzt í samræmi við faktúru. Hafi 35 gólfteppi verið minni en tilgreint var, en einnig hafi tvö teppi verið gölluð. Er því haldið fram af hálfu stefndu, að hin umstefnda skuldi eigi af framangreindum sökum að lækka um kr. 12.018.00, enda hafi stefnandi samþykkt þá lækkun. Þá er því einnig mótmælt af hálfu stefndu, að dæmdir verði hærri vextir en 6% ársvextir. Af hálfu stefnanda hefur málsástæðum þessum og staðhæfingum verið mótmælt.

Mál þetta var þingfest 1. september s.l. Í því þinghaldi fékk lögmaður stefndu frest til 8. þ. m. til að rita greinargerð, en þann dag kom fram greinargerð af hálfu stefndu. Í því þinghaldi fengu lögmenn aðilja sameiginlega frest til gagnaöflunar til 15. s. m., en þá óskaði lögmaður stefndu eftir 4 vikna framhaldsfresti í sama skyni. Af hálfu stefnanda var frekari fresti mótmælt.

Eins og að framan greinir, hafa umboðsmenn aðilja haft viku frest til gagnaöflunar undir rekstri málsins. Þykir því eigi unnt að veita hinn umbeðna frest gegn andmælum af hálfu stefnanda.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Miðvikudaginn 19. október 1955.

Nr. 148/1955. **Ákæruvaldið**
gegn
Fróða Kristni Ellerup og
Jóhönnu Kristínu Sigurjónsdóttur.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Synjað um að fella dómssátt úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Kærða, Jóhanna Kristín Sigurjónsdóttir, bauðst hinn 14. apríl 1955 fyrir sakadómi Reykjavíkur til þess að greiða sekt fyrir það, að hún hinn 1. s. m. ók bifreiðinni R 6334 um götur Reykjavíkur, án þess að hún hefði ökuréttindi. Fulltrúi sakadómara, Stefán Guðjohnsen, heimfærði brot hennar undir 1. mgr. 20. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og gerði henni með dómssátt að greiða 200 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánast skyldi 4 daga varðhaldi, ef hún greiddist eigi.

Á sama dómþingi bauðst kærði, Fróði Kristinn Ellerup, að greiða sekt fyrir það, að hann hefði afhent kærðu, Jóhönnu, nefnda bifreið til aksturs, þótt hann vissi, að hún hefði eigi ökuréttindi. Fulltrúi sakadómara heimfærði brot hans undir 1. mgr. 22. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og gerði honum að greiða 200 króna sekt til ríkissjóðs, en til vara að sæta 4 daga varðhaldi.

Með bréfi 3. október 1955 hefur Dómsmálaráðuneytið með skírskotun til 8. mgr. 112. gr. laga nr. 27/1951 kært til Hæstaréttar til ónýtingar framangreinda ákvörðun héraðsdómara um að lúka máli hinna kærðu með dómssátt. Segir í bréfi Dómsmálaráðuneytisins, „að mál nefnds Fróða Kristins og Jóhönnu Kristínar hefðu átt að ganga til dóms“ og að málalokin verði „að teljast fjarstæð, eftir að upplýst er, að hún hefur eftir hvatningum hans vísvitandi borið rangt fyrir dómi.“

Það er í ljós leitt í máli þessu, að kærða, Jóhanna Kristín, ók hinn 1. apríl 1955 bifreiðinni R 6334, án þess að hún

hefði ökuréttindi, og að kærði, Fróði Kristinn, afhenti henni bifreiðina til þess aksturs. Dómssátt sú, sem héraðsdómari gerði við hin kærðu fyrir þessi brot, verður eigi talin fjarstæð, og fær það eigi breytt þessari niðurstöðu, þótt ákæruvaldið telji nú, að hin kærðu hafi drýgt fleiri brot, sem standi í sambandi við brot þau, sem dómssáttin tók yfir. Verður krafa Dómsmálaráðuneytisins því eigi tekin til greina.

Dómsorð:

Dómssátt sú, sem kærði, Fróði Kristinn Ellerup, og kærða, Jóhanna Kristín Sigurjónsdóttir, undirgengust fyrir sakadómi Reykjavíkur hinn 14. apríl 1955, er eigi úr gildi felld.

Sátt í sakadómi Reykjavíkur 14. apríl 1955.

Ár 1955, fimmtudaginn 14. apríl kl. 14.10, var sakadómur Reykjavíkur settur í skrifstofu sakadómara og haldinn af fulltrúa hans, Stefáni Guðjohnsen, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Rannsókn í tilefni af kæru um brot gegn bifreiðalögum.

Dómarinn leggur fram ofangreinda kæru, dskj. nr. 1, svo hljóðandi: ± ±

I. fyrir dómi er mættur kærði Fróði Kristinn Ellerup, nemi, Flókagötu 37, f. 17/2 1935, Seyðisfirði.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 27/1951.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt. Hann vissi, að Jóhanna hafði ekki ökuréttindi.

Hann samþykkir að greiða kr. 200.00 í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málssókn út af brotinu, sem varðar við 22. gr. 1. mgr. bifreiðalaga.

Sektin greiðist fyrir 22. apríl, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 4 daga.

Málskostnaður, kr. 2.00, greiðist strax.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

II. Fyrir dómi er mætt kærða Jóhanna Kristín Sigurjónsdóttir, hárgr.dama, Höfðaborg 43, f. 31/5 1935, Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 27/1951.

Kærða játar, að efni kærunnar sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt.

Hún samþykkir að greiða kr. 200.00 í sekt til ríkissjóðs til að

sleppa við málssókn út af brotinu, sem varðar við 20. gr. 1. mgr. og 27. gr. 1. mgr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Sektin greiðist fyrir 1. maí 1955, en ella sæti kærða í hennar stað varðhaldi í 4 daga.

Málskostnaður, kr. 2.00, greiðist strax.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.

Föstudaginn 21. október 1955.

Nr. 141/1955. **Ásmundur Guðmundsson**
gegn
Geirþrúði Bjarnadóttur,
Benedikt Gíslasyni,
Jóni Kjartanssyni,
dánarbúi Guðmundar Sigurðssonar
og Jóni Steingrímssyni sýslumanni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur með kæru 23. f. m., sem hingað barst 3. þ. m., skotið til Hæstaréttar úrskurði, upp kveðnum í aukarétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hinn 11. f. m., þar sem hrundið var kröfu sóknaraðilja um, að hinn reglulegi dómari víki sæti í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljunum Geirþrúði Bjarnadóttur, Benedikt Gíslasyni, Jóni Kjartanssyni og dánarbúi Guðmundar Sigurðssonar. Gerir sóknaraðili *aðallega* þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og úrskurðar að nýju, en *til vara,* að greindum úrskurði verði breytt þannig, að héraðsdómaranum, Jóni Steingrímsssyni

sýslumanni, verði gert að víkja sæti í framangreindu máli. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja að mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar hafa eigi gert neinar kröfur í kærumáli þessu.

Í hinum kærða úrskurði greinir eigi varnaraðilja málsins. Eigi er þar heldur lýst málsatvikum né málsástæðum, en þess var brýn nauðsyn, þar sem krafa sóknaraðilja um, að hinn reglulegi dómari viki sæti, var reist á afstöðu hans til málsatvika. Héraðsdómari hefur því eigi gætt ákvæða 2. mgr. 190. gr. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara megingalla á úrskurðinum þykir verða að ómerkja hann og vísa málinu heim í hérað.

Þar sem varnaraðiljar hafa eigi krafizt málskostnaðar, verður hann eigi dæmdur.

Það athugast, að endurrit úr aukaþingbók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu af máli þessu er mjög ófullkomið.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað.

Úrskurður aukaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 11. september 1955.

Hrl. Gústaf A. Sveinsson, umboðsmaður stefnanda, Ásmundar Guðmundssonar, hefur borið fram kröfu um, að hinn reglulegi dómari, Jón Steingrímsson sýslumaður, víki sæti í málinu.

Kröfu sína rökstyður hann með því, að sýslumaðurinn hafi vanrækt að taka á skrá yfir ættarjarðir í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu jörðina Helgavatn. Enn fremur með því, að ef til vill verði honum stefnt sem vitni í málinu.

Samkvæmt afriti, er liggur við sýslumannsembættið, af skýrslu um ættaróðöl og ættarjarðir í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, er sýslumaður sendi Búnaðarfélagi Íslands 17/8 1945, er þetta um Helgavatn: „Eigandi og ábúandi var Guðmundur Sigurðsson. Hafði ætt hans átt jörðina í full 100 ár. Vorið 1945 seldi Guðmundur jörðina konu Benedikts Gíslasonar frá Hofteigi, og tók Benedikt við ábúð á henni. Eigi mun við sölu þessa hafa verið gætt ákvæða um ættarjarðir."

Þar sem með þessu er hnekkt ummælum umboðsmanns stefnanda

um vanrækslu dómara í því að taka Helgavatn á skrá yfir ættarjarðir, og með því að hann hefur eigi sýnt fram á, hver nauðsyn honum er að leiða dómarann sem vitni í málinu, verður krafa hans um, að hinn reglulegi dómari víki sæti í málinu, eigi tekin til greina.

Því úrskurðast:

Krafa um, að hinn reglulegi dómari, Jón Steingrímsson sýslumaður, víki sæti í máli þessu, verður eigi tekin til greina.

Þriðjudaginn 25. október 1955.

Nr. 93/1955. **Skipaútgerð ríkisins** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Hafnarsjóði Vestmannaeyja
(Gunnar Þorsteinsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Lögtaksmál. Innheimta hafnargjalda.

Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júlí 1955 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði um lögtaksgerð og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í 20. gr. hafnarreglugerðar fyrir Vestmannaeyjar nr. 79/1950, sem stoð hefur í 9. gr. laga nr. 29/1946 um hafnargerðir og lendingarbætur, segir, að öll aðkomuskip, sem fara inn á Innrihöfn, skuli, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald, „eins og hér segir". Af þessu upphafsákvæði greinarinnar, sem þannig vísar til stafliða a—c síðar í greininni, má örugglega ráða, að átt er

við Innrihöfnina með orðunum „til hafnarinnar" í staflið a, „frá höfninni" í staflið b og „um höfnina" í staflið c. Er því stefnda rétt að heimta gjald samkvæmt stafliðum a og b nefndrar greinar af aðkomuskipum, sem koma inn á Innrihöfn. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnda, Hafnarsjóði Vestmannaeyja, málskostnað í Hæstarétti, kr. 3000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Vestmannaeyja 2. júní 1955.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 25. f. m., hefur gerðarbeiðandi, Jón Hjaltason hdl. f. h. Hafnarsjóðs Vestmannaeyja, krafizt þess, að lögtak verði látið fram fara hjá gerðarþola í máli þessu, Skipaútgerð ríkisins, Reykjavík, til tryggingar ógreiddum skipagjöldum til Hafnarsjóðs Vestmannaeyja, að upphæð kr. 40.168.90, auk 1% dráttarvaxta á mánuði frá 1. janúar 1955 til greiðsludags og alls kostnaðar.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi gerðarinnar.

Aðiljar hafa hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt 20. gr. hafnarreglugerðar fyrir Vestmannaeyjar nr. 79 27. apríl 1950 skulu öll aðkomuskip, sem fara inn á Innrihöfnina, greiða hafnsögugjöld samkvæmt nánari reglum, sem þar er lýst. Hafnargjöldin voru hækkuð um 100% með reglugerð nr. 62 frá 9. apríl 1953. Skip gerðarþola hafa árum saman haft viðkomu í Vestmannaeyjum, og hefur gerðarþoli greitt hafnsögugjöld og önnur skipagjöld fyrir skip sín samkvæmt nefndum reglugerðum fram til 15. september 1954. Með bréfi til gerðarbeiðanda, dags. 3. desember 1953, mótmælti gerðarþoli nefndri hækkun á hafnsögugjaldinu og fór fram á það, að gerðarbeiðandi endurgreiddi sér kr. 24.683.20, sem gerðarþoli taldi sig hafa ofgreitt í hafnsögugjöld fram til 30. september 1953. Gerðarbeiðandi synjaði þessari málaleitun með bréfi til gerðarþola, dags. 19. janúar 1954. Þann 16. október 1954 tilkynnti afgreiðslumaður gerðarþola hér gerðarbeiðanda, að gerðarþoli hefði lagt svo fyrir, að engin gjöld skyldu greidd til gerðarbeiðanda fyrir skip gerðarþola, meðan deilan um hafnsögugjaldið væri óleyst. Þar sem gerðarþoli þannig hefur ekki greitt nein gjöld

af skipum sínum til gerðarbeiðanda frá 15. september 1954, þótt þau hafi hér áfram viðkomu á ferðum sínum, hefur gerðarbeiðandi krafizt þess, að gjöld þessi verði innheimt með lögtaki.

Mótmæli sín gegn gerð þessari byggir gerðarþoli á því, að hafnsögugjöld þau, sem honum sé gert að greiða fyrir skip sín til Vestmannaeyjarhafnar, séu ranglega reiknuð eftir stafliðum a og b 20. gr. hafnarreglugerðar fyrir Vestmannaeyjahöfn nr. 79/1950, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 62/1953, í stað þess að þau beri að reikna eftir staflið c nefndrar greinar. Gerðarþoli telur sig hafa ofgreitt gerðarbeiðanda kr. 82.339.80 vegna hafnsögugjalda fyrir skip sín á tímabilinu 1. apríl 1953 til 29. september 1954. Krafa gerðarbeiðanda er að upphæð kr. 40.168.90, og kveður gerðarþoli gerðarbeiðanda því skulda sér mismuninn, eða kr. 42.170.90. Gerðarþoli kveður skip sín venjulega taka hafnsögumann á Ytrihöfninni, og beri því að reikna hafnsögugjöldin eftir staflið c 20. gr. reglugerðar nr. 79/1950, sem mælir fyrir um gjald fyrir hafnsögu innan hafnar, í stað þess að hafnsögugjöldin hafa verið reiknuð eftir stafliðum a og b, eins og að framan segir. Stafliðir a og b kveða á um hafnsögugjöld fyrir leiðsögu til hafnarinnar og frá henni, og verða hafnsögugjöldin miklu hærri, séu þau reiknuð eftir þessum stafliðum í stað stafliðs c.

Gerðarþoli hefur lagt fram í málinu afrit af bréfi vita- og hafnarmálastjóra hr. Emils Jónssonar til Samgöngumálaráðuneytisins, dags. 5. febrúar 1954, þar sem vitamálastjóri lætur það álit í ljós, að umrædd hafnsögugjöld beri að reikna eftir staflið c 20. gr. nefndrar reglugerðar, þar eð skip gerðarþola taki venjulega hafnsögumann á Ytrihöfn innan takmarkalínu hafnarinnar, sem er bein lína úr Klettsnefi í Sigurðar-Rönku. Þá heldur gerðarþoli því fram, að gjaldskrárnar fyrir hafnsögugjöld hjá Vestmannaeyja- og Reykjavíkurhöfn, séu svo til samhljóða, og eigi framkvæmd þeirra því að vera eins, en í Reykjavík kveður gerðarþoli hafnsögugjöldin alltaf vera reiknuð eftir staflið c 41. gr. hafnarreglugerðar fyrir Reykjavíkurhöfn nr. 47 8. apríl 1949, en sú grein er hliðstæð 20. gr. hafnarreglugerðar fyrir Vestmannaeyjahöfn nr. 79 27. apríl 1950.

Gerðarbeiðandi heldur því hins vegar fram, að orðalagið „til hafnarinnar" og „frá höfninni" í 20. gr. reglugerðar nr. 79/1950 hafi alltaf verið skilið svo sem þar stæði „til Innrihafnarinnar" og „frá Innrihöfninni". Kveður gerðarbeiðandi hafnsögugjöldin jafnan hafa verið reiknuð þannig, frá því að reglugerð um hafnsögugjöld var fyrst sett árið 1926. Gerðarbeiðandi hefur lagt fram vottorð frá skipaafgreiðslu Gunnars Ólafssonar & Co. og Tómasar M. Guðjónssonar, þar sem það er staðfest, að hafnsögugjöld af skipum þeim, er skipaafgreiðslur þessar hafa afgreitt, hafi ávallt verið reiknuð eins og stafliðir a og b 20. gr. núverandi hafnarreglugerðar segja til um. Þá hefur gerðarbeiðandi haldið því fram, að þar sem í upphafi 20. gr. reglugerðar nr. 79/1950 segir: „Öll aðkomuskip, sem

fara inn á Innrihöfn, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald ...", verði það leitt, að þar sem talað er um „höfnina" í 20. gr. reglugerðarinnar, sé eingöngu átt við Innrihöfnina. Gerðarbeiðandi hefur enn fremur mótmælt því, að hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurhöfn nr. 47/1949 og hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjahöfn nr. 79/1950 séu öldungis hliðstæðar og beri því að skýrast eins. Bendir gerðarbeiðandi á, að orðalag 41. gr. reglugerðar nr. 47/1949, sem er hliðstæð 20. gr. reglugerðar nr. 79/1950, sé annað en í 20. gr. reglugerðar nr. 79/1950, og verði greinar þessar því ekki skýrðar eins. Gerðarbeiðandi kveðst og á sömu forsendum mótmæla áliti því frá vita- og hafnarmálastjóra, sem lagt hefur verið fram í málinu. Þá hefur gerðarbeiðandi bent á, að gerðarþoli hafi alltaf greitt hafnsögugjöld fyrir skip sín til gerðarbeiðanda athugasemdalaust og ekki mótmælt því, hversu þau hafa verið reiknuð, fyrr en nokkru eftir umrædda 100% hækkun þeirra. Loks er því haldið fram af gerðarbeiðanda, að væru hafnsögugjöldin innheimt eftir staflið c 20. gr. og reglugerðar nr. 79/1950, eins og krafizt er af gerðarþola, myndu hafnsögugjöldin raunverulega verða 22% lægri nú en þau voru fyrir umræddda hækkun, reiknuð eftir stafliðum a og b 20. gr., og telur gerðarbeiðandi óhugsandi, að staðfesting ráðuneytisins á tilmælum hafnarnefndar Vestmannaeyja um 100% hækkun hafnsögugjalda geti í framkvæmd verkað sem 22% lækkun á gjöldunum.

Samkvæmt 1. gr. hafnarreglugerðar fyrir Vestmannaeyjahöfn nr. 79 frá 27. apríl 1950 skiptist Vestmannaeyjahöfn í Innrihöfn, Ytrihöfn og Hafnarlegu. Innrihöfn er svæðið innan skjólgarðanna á Hringskeri og Hörgseyri. Ytrihöfn takmarkast af Heimaey, Heimakletti, Yztakletti og Klettsnefi og línu frá því í Sigurðar-Rönku, sem er örnefni rétt við Urðavita. Hafnarlegan er austan og norðan Heimaeyjar. Hafnarreglugerð var fyrst sett fyrir Vestmannaeyjahöfn með reglugerð nr. 104 frá 11. desember 1920. Í þeirri reglugerð voru engin ákvæði um hafnsögugjöld. Með reglugerð nr. 70 30. ágúst 1926 voru fyrst sett ákvæði um hafnsögugjöld, sbr. 18. gr., en þar segir í staflið a: „að öll aðkomuskip, sem fara inn á Innrihöfn, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald." Með augl. nr. 6 6. janúar 1950 var orðalagi 18. gr. reglugerðar nr. 70/1926 breytt og greinin orðuð eins og 20. gr. núgildandi reglugerðar nr. 79/1950. Rétturinn lítur svo á, að a-liður 18. gr. reglugerðar nr. 70/1926 verði ekki skilin á annan veg en þann, að með orðalaginu „til hafnarinnar og frá", sé eingöngu átt við Innrihöfnina, enda er í b-lið sömu greinar tekið sérstaklega fram, að skip, sem þurfi aðstoð hafnsögumanns á Ytrihöfn, Hafnarlegu og annars staðar kringum Eyjarnar, skuli greiða helmingi minna gjald en undir staflið a, og þannig var reglugerðin framkvæmd, meðan hún var í gildi. Í 20. gr. núgildandi hafnarreglugerðar nr. 79/1950, sem kemur í stað 18. gr. reglugerðar nr. 70/1926, er sama

orðalag á upphafi 20. gr. og var á 18. gr., en í a-lið 20. gr. reglugerðar nr. 79/1950 eru ákvæði um gjald „fyrir leiðsögu til hafnarinnar", en í b-lið ákvæði um hafnsögugjald „fyrir leiðsögu frá höfninni". Hins vegar er ekki tekið upp í 20. gr. reglugerðar nr. 79/1950 ákvæði b-liðs 18. gr. reglugerðar nr. 70/1926 um hafnsögugjald fyrir aðstoð veitta skipum á Ytrihöfn. Að áliti réttarins verður ekki séð, að tilætlunin hafi verið sú með setningu reglugerðar nr. 79/1950 að breyta grundvelli þeim, sem reglurnar um hafnsögugjöld fyrir leiðsögu til og frá höfninni hafa hingað til byggzt á. Rétturinn lítur því svo á, að með hliðsjón af orðalagi 18. gr. reglugerðar nr. 70/1926 og því, hvernig ákvæði greinarinnar voru túlkuð, meðan hún var í gildi, svo og að öðru leyti með hliðsjón af því, sem fram er komið í málinu, verði að skýra 20. gr. reglugerðar nr. 79/1950 á þá lund, að með orðalaginu „leiðsaga til hafnarinnar", „leiðsaga frá höfninni" og „leiðsaga um höfnina" sé átt við leiðsögu til, frá og um Innrihöfnina, og sé gerðarbeiðanda því heimilt að reikna hafnsögugjöld fyrir aðkomuskip, sem koma inn á Innrihöfn, samkvæmt a- og b-liðum 20. gr. nefndrar reglugerðar. Þá lítur rétturinn svo á, að hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjahöfn nr. 79/1950 og hafnarreglugerð fyrir Reykjavíkurhöfn verði ekki skýrðar og framkvæmdar á sama hátt, þegar af þeirri ástæðu, að þær eru ekki samhljóða. Samkvæmt framanrituðu þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 1500.00 kr. í málskostnað.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, Skipaútgerð ríkisins, Reykjavík, greiði gerðarbeiðanda, Jóni Hjaltasyni hdl., f. h. Hafnarsjóðs Vestmannaeyja, kr. 1500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 25. október 1955.

Nr. 199/1954. **Sæmundur Þórðarson** (Magnús Thorlacius)
gegn
Baldvin Einarssyni (Einar B. Guðmundsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bætur vegna bifreiðarslyss. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. desember 1954. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 95.710.00 með 6% ársvöxtum frá 9. apríl 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst aðaláfrýjandi þess og, að viðurkenndur verði lögveðréttur hans í bifreiðinni R 136 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. desember 1954. Krefst hann *aðallega* sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti, en *til vara,* að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi hljóp skyndilega út á Bankastræti utan gangbrautar á milli bifreiða, sem stóðu þar kyrrar. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdómara má fallast á, að aðaláfrýjandi eigi meginsök á slysi því, sem í málinu greinir.

Eins og atvikum var háttað, gafst gagnáfrýjanda mjög lítill tími til viðbragða, en þegar litið er til hemlafara þeirra, sem sáust eftir bifreið gagnáfrýjanda, þykir hins vegar ekki í ljós leitt, að gagnáfrýjandi hefði eigi getað afstýrt slysinu að einhverju leyti, ef hann hefði sýnt fulla aðgæzlu, sbr. 1. málsgr. 34. gr. laga nr. 23/1941. Samkvæmt því verður gagnáfrýjanda dæmt að greiða aðaláfrýjanda hluta þess tjóns, sem hlauzt af slysi þessu. Þykir einnig mega stað-

festa þá ákvörðun héraðsdómara, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda af þessum sökum ⅕ hluta tjónsins.

Af hálfu aðaláfrýjanda er því lýst, að hann uni úrlausn héraðsdómara um fjárhæð kröfuliða 1—6, og verður henni því eigi haggað. Hins vegar krefst hann hækkunar á þjáningabótum í kr. 12.000.00.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram vottorð Hjalta Þórarinssonar læknis, dags. 18. þ. m., en hann skoðaði aðaláfrýjanda sama dag. Lýsti aðaláfrýjandi því fyrir lækninum, að hann fái enn verk í vinstra ökla við gang og þreytist greinilega fyrr í vinstra fæti en þeim hægri við vinnu sína, sem er bifreiðarakstur. Samkvæmt rannsókn læknisins eru ýmsar hreyfingar í vinstra fæti aðaláfrýjanda enn aflminni og takmarkaðri en í þeim hægri, og í lok vottorðsins segir svo: „Það, sem finnst við rannsókn á vinstra fæti, getur því vel samræmzt kvörtunum mannsins og einnig getur það háð honum við akstur venjulegrar bifreiðar".

Þegar litið er til þessa svo og þess, er greinir í héraðsdómi um þenna þátt málsins, þykja þjáningabæturnar hæfilega ákveðnar kr. 10.000.00, og ber gagnáfrýjanda samkvæmt framansögðu að greiða ⅕ hluta þeirra.

Úrslit málsins verða því þau, að gagnáfrýjanda verður dæmt að greiða aðaláfrýjanda samtals kr. 18.742.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, svo og kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Á aðaláfrýjandi lögveð í bifreiðinni R 136 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Baldvin Einarsson, greiði aðaláfrýjanda, Sæmundi Þórðarsyni, kr. 18.742.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. apríl 1951 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Á aðaláfrýjandi lögveð í bifreiðinni R 136 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hrd.

Þegar slys það varð, sem í málinu greinir, var gagnáfrýjandi að aka upp Bankastræti í Reykjavík og var kominn um 40 metra upp strætið, er slysið bar að höndum. Bankastræti er allbratt, og færi var þurrt, en þrátt fyrir það rann bifreið gagnáfrýjanda 3—3½ metra vegalengd, eftir að hann beitti hemlum. Rakst hún á aðaláfrýjanda af allmiklu afli, svo að hann hlaut meiðsl þau, sem í héraðsdómi greinir. Tel ég þetta næga sönnun þess, að gagnáfrýjandi hafi ekið of hratt eftir aðstæðum og ef til vill ekki beitt hemlum sem skyldi. Var því um sök að ræða hjá gagnáfrýjanda, enda bar honum að gæta sérstakrar varúðar, þar sem bifreiðaröð var sunnanvert á götunni, sem er ein af fjölförnustu götum Reykjavíkur. Ég er hins vegar sammála meiri hluta dómenda um, að aðaláfrýjandi hafi sýnt stórfellda ógætni, er hann hljóp a. m. k. við fót á milli bifreiða út á akbrautina án þess að gæta að umferðinni, og eigi því meginsök á slysinu. Tel ég rétt að skipta sök þannig, að aðaláfrýjandi beri ⅔ hluta tjónsins, en gagnáfrýjandi ⅓.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um fjárhæð einstakra kröfuliða.

Niðurstaða mín verður því sú, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda ⅓ af kr. 93.710.00, þ. e. kr. 31.236.67 auk vaxta, eins og greinir í dómi meiri hlutans.

Um málskostnað og um lögveð í bifreiðinni R 136 er ég sammála meiri hluta dómenda.

Dómsorð mitt verður því á þessa leið:

Gagnáfrýjandi, Baldvin Einarsson, greiði aðaláfrýjanda, Sæmundi Þórðarsyni, kr. 31.236.67 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. apríl 1951 til greiðsludags og kr. 5000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Aðaláfrýjandi á lögveð í bifreiðinni R 136 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. október 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. þ. m., hefur Sæmundur Þórðarson bifreiðarstjóri, Shellvegi 2, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 12. marz 1953, gegn Baldvin Einarssyni forstjóra, Flókagötu 19, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta vegna

bifreiðarslyss, að fjárhæð kr. 185.600.00 með 6% ársvöxtum frá 9. apríl 1951 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Þá hefur stefnandi krafizt þess, að viðurkenndur verði lögveðréttur hans í bifreiðinni R 136 til tryggingar kröfum hans.

Stefnandi hefur stefnt Almennum tryggingum h/f, hér í bænum, til réttargæzlu í málinu, en bifreiðin R 136 var vátryggð hjá því félagi. Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæzlustefndu og þær hafa engar kröfur gert.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa. *Til vara* hefur stefndi krafizt lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að hinn 9. apríl 1951 varð stefnandi fyrir bifreiðinni R 136, hér í Bankastræti, og hlaut mikil meiðsl.

Stefnandi hefur skýrt svo frá málsatvikum, að hinn 9. apríl 1951 um kl. 11.55 hafi hann verið á leið niður syðri gangstétt Bankastrætis hér í bænum og hafa ætlað niður á Lækjartorg og taka sér þar far með strætisvagni. Er hann hafi verið kominn yfir Skólastræti, hafi hann séð, að umferðavitaljósin stöðvuðu umferð úr Bankastræti, og hafi þá hugsað sem svo, að bezt væri að fara strax yfir götuna, því að umferðin mundi vera leyfð úr Bankastræti, er hann kæmi á gatnamótin. Hann hafi því farið út á götuna á milli bifreiða, sem stóðu kyrrar á syðra helmingi götunnar, og hlaupið við fót yfir götuna. Allt í einu hafi hann orðið var við R 136 vinstra megin við sig á leið upp götuna, og hafi bifreiðin þá verið rétt komin að honum. Hafi hann ekki getað forðað sér, rétt út vinstri höndina, en í því hafi bifreiðin rekizt á hann og fellt hann á götuna. Hlaut stefnandi þarna mikil meiðsl.

Stefndi hefur skýrt svo frá atvikum, að í umrætt sinn hafi hann ekið bifreið sinni, R 136, sem er fólksflutningabifreið af svonefndri Standard-gerð, norður Lækjargötu og beygt til hægri upp Bankastræti. Hafi hann ekið hægt upp brekkuna, eða með 15—18 km hraða miðað við klst., og verið við nyrðri götubrún. Hraðamælir bifreiðarinnar hafi verið óvirkur, en hreyfill hennar hafi verið í 2. ganghraðastigi. Allt í einu hafi hann séð mann koma á harða hlaupum milli bifreiða þeirra, sem stóðu kyrrar á syðra helmingi götunnar, og hafi hann stefnt á bifreiðina. Kveðst stefndi eigi hafa séð til ferða mannsins, fyrr en hann var kominn yfir miðja götuna. Hafi hann þegar hemlað, en áður bifreiðin stöðvaðist alveg, hafi maðurinn, sem síðar hafi reynzt vera stefnandi, rekizt á hægra framhorn hennar og skollið á götuna. Við áreksturinn hafi gler í hægra framljóskeri bifreiðarinnar brotnað.

Er slys þetta varð, stóð bifreiðin R 4737 á syðri helmingi Bankastrætis og beið ökumaður hennar þess, að umferð yrði leyfð úr Bankastræti. Hefur ökumaður bifreiðarinnar borið fyrir dómi, að

stefnandi hafi farið fyrir framan bifreið hans út á Bankastræti. Hafi stefnandi hlaupið við fót og með nokkrum hraða beint út á götuna, þó beygt heldur niður götuna. Ekki hafi stefnandi neitt virzt gæta að umferðinni. Í sömu svifum hafi R 136 verið ekið upp Bankastræti á nokkurri ferð, þó ekki með meiri hraða en löglegt sé. Stefnandi hafi ekkert dregið úr hraðanum, sem á honum var, né vikið til hliðar, og muni hann ekki hafa veitt R 136 athygli, fyrr en hún var rétt komin að honum, og fyrr muni ökumaður R 136 ekki hafa séð stefnanda. Ökumaður R 136 hafi þá hemlað, en árekstur inn þá orðið. Hafi stefnandi virzt berast einn til tvo metra með bifreiðinni, áður en hún stöðvaðist, en þá hafi hann kastazt að henni og fallið á götuna um 1 til 2 metrum fyrir framan bifreiðina. Vitni þetta hefur talið, að ökumaður R 136 hafi heldur aukið hraðann, eftir að hann beygði upp Bankastræti, og að það telji, að góður og gætinn ökumaður hefði átt að geta stöðvað bifreiðina, áður en slysið varð.

Maður, er sat hægra megin í framsæti bifreiðar þeirrar, er stóð næst fyrir aftan R 4737, hefur skýrt svo frá, að hann hafi séð stefnanda hlaupa hiklaust út á götuna, unz hann varð fyrir R 136. Maður þessi telur, að R 136 hafi verið ekið vel á vinstra götuhelmingi og hefur gizkað á, að hraði hennar hafi verið um 15—20 km miðað við klst.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að stefndi eigi alla sök á slysi þessu. Ljóst sé, að stefndi hafi ekið óforsvaranlega hratt í umrætt sinn og að hann muni hafa aukið hraðann, er hann ók upp brekkuna, sem er allbrött þarna, en auðvelt eigi að vera að stöðva bifreiðar þarna vegna hallans. Þá muni stefndi ekki hafa verið með hugann við aksturinn og umferðina, eins og honum þó bar, því að annars hlyti hann að hafa séð stefnanda það fljótt, að árekstri hefði orðið forðað. Loks hefur stefnandi talið, að bifreið stefnda hafi ekki verið í fullkomnu lagi, bæði hafi hraðamælir hennar verið bilaður og hemlar ekki jafnir.

Stefndi byggir hins vegar sýknukröfu sína á því, að honum verði á engan hátt gefin sök á slysi þessu. Hann hafi ekið mjög hægt og gætilega. Bifreið hans hafi verið alveg í lagi.

Stefnandi sjálfur eigi hins vegar alla sök á hvernig fór. Hann hafi hlaupið út á götuna á milli bifreiðanna og ekkert hirt um umferðina. Hafi hann hlaupið á R 136 þannig, að slysinu hafi ekki orðið forðað. Komi því ekki til, að hann geti krafið stefnda um bætur vegna slyss þessa.

Löggæzlumenn komu á vettvang þegar eftir slysið. Var gerður uppdráttur af staðháttum. Lögreglumaður einn, er þarna kom að og athugaði bifreiðina, telur, að óhreinindi hafi verið strokin af hægra horni framvara hennar og að þar muni bifreiðin hafa lent á vinstra fæti mannsins. Samkvæmt uppdrætti, sem gerður var, virð-

ast hemlaför eftir framhjól hafa verið 3 til 3.5 m á lengd, far eftir vinstra afturhjól rúmir tveir metrar, en ekkert far sést eftir hægra afturhjól.

Bifreiðin var skoðuð og reynd af bifreiðaeftirlitsmanni strax eftir slysið. Reyndist útbúnaður hennar í lagi, að öðru leyti en því, að hraðamælir var óvirkur. Er bifreiðinni var ekið á sléttum malarvegi með um 20 til 25 km hraða miðað við klst., var hægt að stöðva hana á fjögurra metra vegarlengd, ef fullu átaki var beitt á fóthemla. Hemlar stöðvuðu eigi hægra afturhjól svo vel sem hin hjólin. Þó var galli þessi eigi það mikill, að bifreiðin snérist til, þótt fullhemlað væri. Í bifreiðinni var stýri hægra megin.

Af hálfu ákæruvaldsins var mál höfðað gegn stefnda vegna slyss þessa. Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 26. október 1951, var stefndi sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins.

Af atvikum öllum er ljóst, að stefnandi hefur sýnt verulega ógætni með því að hlaupa út á götuna á milli bifreiða þeirra, sem stóðu á syðra vegarhelmingi. Þá virðist hann ekkert hafa gætt að umferðinni, er hann kom út á götuna fram hjá bifreiðunum og hafði óhindraða útsýn. Þegar þetta allt er virt, verður að telja, að hann eigi meginsök á hvernig fór.

Af atvikum er ljóst, að stefndi hefði mátt sjá til ferða stefnanda, strax og hann kom út á milli bifreiðanna, sem stóðu á syðra götuhelmingi, og bar honum þá að hemla þegar í stað. Þegar litið er til þess, hve stefndi og sjónarvottar telja hraða bifreiðarinnar lítinn og að hún var á leið upp brekku og hins vegar lengda hemlafaranna, þá virðist mega ætla, að stefndi hafi eigi beitt hemlunum sem skyldi. Þegar þetta er virt, verður ekki talið, að stefndi hafi sannað, að slysinu hefði ekki orðið afstýrt, ef hann hefði sýnt fulla aðgæzlu og varkárni og bifreiðin verið í fullkomnu lagi. Með vísan til þess verður að telja, að stefndi beri nokkra ábyrgð á því, hvernig fór.

Eftir atvikum þykir rétt að telja stefnda eiga ⅕ hluta sakar, og ber honum að bæta tjón það, sem stefnandi beið af slysi þessu, að þeim hluta.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Lækniskostnaður	kr.	150.00
2. Lækniskostnaður	—	3.000.00
3. Röntgenskoðun	—	75.00
4. Skór og ilstoðir	—	475.00
5. Örorkumat	—	200.00
6. Örorkubætur	—	167.700.00
7. Þjáningabætur	—	12.000.00
	kr.	183.600.00

Um 1: Þessi kröfuliður hefur engum andmælum sætt, og verður hann því tekinn til greina að öllu leyti.

Um 2. Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið. Í málinu er framkomið, að hér er um að ræða greiðslu til Gríms Magnússonar læknis, sem mun vera sérfræðingur í tauga- og geðsjúkdómum, en stefnandi leitaði til hans eftir slysið. Lögð hefur verið fram kvittun fyrir greiðslu þessari, og þar sem ekki verður annað séð en umrædd læknishjálp hafi verið í sambandi við slys þetta, verður að taka þenna kröfulið til greina.

Um 3. Þessi kröfuliður hefur engum andmælum sætt, og verður hann því tekinn til greina.

Um 4. Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið á þeim grundvelli, að skór þessir og ilskór séu slysinu óviðkomandi. Í málinu sé fram komið, að stefnandi hafi haft ilsig fyrir slysið, og þörf hans til hluta þessara sé því ekki afleiðing slyssins.

Af gögnum málsins er ljóst, að ilsig stefnanda versnaði mjög, meðan meiðsl hans voru ekki fullgróin. Af reikningum þeim, sem eru fyrir þenna kröfulið, sést, að stefnandi hefur í janúarmánuði 1952 fengið sérstaka skó smíðaða, og er tekið fram, að það sé vegna slyss. Þá fékk stefnandi ilstoðir í júnímánuði s.l., en ekki er þar tekið fram, að stefnanda sé þeirra þörf vegna slyssins. Með hliðsjón af þessu þykir rétt að taka hér til greina kostnað af fyrrgreindum skóm, kr. 285.00, en að öðru leyti þykir ekki unnt að taka þenna lið til greina.

Um 5. Þessi liður hefur engum andmælum sætt, og verður hann því tekinn til greina að öllu leyti.

Um 6. Við slysið hlaut stefnandi fótbrot á vinstra fæti, mar á vinstri mjöðm og einnig hruflaðist hann á vinstri hendi. Þá hlaut hann slæmt taugaáfall. Hann var strax fluttur á sjúkrahús eftir slysið, og var þar gert að meiðslum hans. Fótbrotið hafðist ekki vel við, og stefnandi fékk lungnabólgu, meðan hann lá á sjúkrahúsinu. Þann 20. maí 1951 var framkvæmd skurðaðgerð á fæti stefnanda og brotið sprengt. Af sjúkrahúsinu fór stefnandi þann 27. október 1951. Meðan stefnandi var á sjúkrahúsinu og þar á eftir, var hann til lækninga hjá taugalækni vegna taugaáfalls þess, er hann hlaut. Þann 3. júlí 1952 var stefnandi rannsakaður af Bjarna Jónssyni lækni, og segir svo í vottorði hans, sem dags. er 13. s. m.: „Við skoðun þ. 3. 7. '52 sést 17 cm langt vel gróið ör framan á vinstra legg, dálítill bjúgur á legg og ökla, engin eymsli. Engin stytting á fætinum. Hreyfingar í hné og mjöðm eðlilegar. Hreyfingar í ökla: hjarahreyfingar 115°/80°, rétthreyfing (supinatio) ⅓, ranghverfing (pronatio) ⅔.

Sjl. gengur stinghaltur og notar tvo stafi. Hann getur gengið staflaus, en er þá haltari. Hann hefur mjög mikið ilsig, og treðst fóturinn niður að innanverðu við gang (valgusstilling).

Röntgenskoðun þ. 4. 7. '52 sýnir gamalt brot á fæti, sköflungur hefur brotnað 14 cm ofan öklaliðs, en dálkur 3 cm neðan. Brotið er vel gróið á báðum beinum, og er stilling ágæt. Málmspöng liggur yfir brotið á sköflung, og er hún fest með fjórum skrúfum. Dálítil úrkölkun er í beinum neðan brotsins og kringum öklalið."

Þann 3. október 1952 var stefnandi skoðaður af Þórarni Sveinssyni lækni, er mat örorku hans. Segir svo í vottorði læknis þessa, sem dags. er 15. s. m.:

„Stór og vörpulegur maður í góðum holdum. Greinilegt er, að hann er mjög óstyrkur á taugum, kemur það fram við samræður og einnig í hreyfingum. Púls er mjög hraður í fyrstu, en lagast, er líður á skoðunina. Við höfuð og bol er ekki hægt að greina nokkur missmíði. Púlsinn taldist að jafnaði 110 á mínútu, á meðan á skoðuninni stóð. Hjartahljóð voru hrein, og blóðþrýstingurinn mældist 145/75.

V. ganglimur: Ekki er mælanleg stytting á fætinum. Greinilegur og mikill bati hefur orðið, frá því er Bjarni læknir Jónsson skoðaði slasaða þ. 3/7 '52, því að nú má kalla eðlilega hreyfingu í öklaliðnum. Aðeins vottar þó fyrir, nú við skoðun, að stase sé neðst á fótleggnum og um öklaliðinn. Við þuklun á brotstaðnum, sem er samkvæmt röntgenmyndun 12—14 cm ofan öklaliðsins, finnst fyrir stallmyndun utan til á sperrileggnum og eins lateralt á sköflungnum. Röntgenmynd frá 4/7 '52 sýnir góða kalkmyndun á brotstaðnum, og sést málmþynna með 4 skrúfum halda sköflungnum saman. Dálítið beinstykki liggur á brotstaðnum og hefur dregizt lítið eitt út til hliðar. Það hefur valdið því, að beinsambreyskjan (callus) hefur orðið verulega fyrirferðarmeiri á staðnum, og er sennilegt, að það eigi sinn þátt í stase þeim, sem er á leggnum neðan brotstaðarins. Sperrileggurinn hefur gróið saman nærri því á misvíxl, og er efra brotið utar en það neðra. Beinsambreyskja (callus) sést á brotstaðnum.

Dálítið er dregið úr kálfavöðvunum uppi á fætinum, borið saman við hægri fót. Hreyfing er eðlileg í hnéliðnum. Reflexar eru eðlilegir.

Við athugun á fótum sést, að slasaði hefur gífurlega mikil ilsig á báðum fótum og mikinn snúning út á við um öklaliðamótin. Einkum ber á þessu á vinstra fætinum. Vísast til vottorðs Bjarna Jónssonar læknis varðandi þenna sjúkleika, þar sem hann getur þess, að slasaði hafi „alla tíð verið þungt um gang og þolað illa stöður, sem nokkru nemi". Læknirinn telur í vottorðinu, að ilsigið og ranghverfing fótarins hafi aukizt við slysið. Hefur hann skýrt það atriði í viðtali við undirritaðan. Hann telur, að starfsleysi vöðvanna hafi skapað rýrnun á þeim og þessi rangsmíði á fætinum þannig aukizt, þegar slasaði fór á ný að ganga á fótinn.

Framan á vinstra fótleggnum á brotstaðnum er ör, 17 cm langt.

Slasaði gengur nú við staf og hlífir fætinum mjög, þegar hann gengur.

Ályktun: Um er að ræða slæmt fótbrot, sem orðið hefur að spengja saman. Jafnframt þessu hefur slasaði verið haldinn slæmri taugatruflun. Útlit er þó fyrir, að bati sé að verða á henni að verulegu marki.

Örorka vegna slyssins telst hæfilega metin:

Fyrir 7 mán.	fyrst	eftir	slysið	.....	100%	örorka
— 1 —	þar á	eftir	.....	85%	—
— 2 —	— -	—	.....	75%	—
— 2 —	— -	—	.....	60%	—
— 2 —	— -	—	.....	50%	—
— 2 —	— -	—	.....	40%	—
— 2 —	— -	—	.....	35%	—

Úr því 25% örorka um 6 mánaða skeið með tilliti til þess, að vöðvar vinstri fótar þurfa all-langan tíma til að æfast upp að nýju. Því næst 20% í aðra 6 mánuði. Úr því 15% varanleg örorka. Er þá tekið tillit til brotsins sjálfs svo og taugaslensins. Hins vegar er gert ráð fyrir, að þá hafi vinstri fóturinn náð svipuðu útliti á ilinni og fyrir slysið".

Kröfu sína samkvæmt þessum lið fær stefnandi þannig fram, að hann hefur lagt til grundvallar kaup bifreiðarstjóra hjá Bifreiðarstjórafélaginu Hreyfli, kr. 125.46 á dag, og talið 360 vinnudaga á ári. Sérfróður maður um tryggingamál hefur síðan reiknað út tjón stefnanda, miðað við þetta kaup og örorkumat Þórarins Sveinssonar, og fær þá út, að tjónið nemi kr. 167.700.00, miðað við 9. apríl 1953.

Stefndi hefur algerlega mótmælt þessum lið. Hefur hann krafizt þess, að miðað verði við þær tekjur, sem stefnandi hafi sjálfur talið sig hafa.

Stefnandi er bifreiðarstjóri að atvinnu. Samkvæmt skattaframtölum stefnanda námu atvinnutekjur hans árið 1948 kr. 27.015.00, en skattayfirvöldin áætluðu, að tekjur hans hefðu verið kr. 5000.00 hærri. Stefnandi taldi, að atvinnutekjur hans árið 1949 hefðu numið kr. 11.585.00, en skattayfirvöldin áætluðu, að tekjur hans hefðu verið kr. 15.000.00 hærri. Stefnandi taldi, að brúttótekjur hans af bifreiðarakstri árið 1950 hefðu numið kr. 41.285.00, en að kostnaður af bifreið hefði numið kr. 14.571.00. Skattayfirvöldin áætluðu tekjur hans kr. 5000.00 hærri. Stefnandi taldi, að atvinnutekjur hans af bifreiðarakstri árið 1951 hefðu numið kr. 10.000.00, en kostnaður hans af bifreið alls kr. 10.070.00. Skattayfirvöldin áætluðu, að tekjurnar hefðu verið kr. 5000.00 hærri. Á árinu 1952 taldi stefnandi, að tekjur hans af bifreiðarakstri hefðu numið kr. 48.000.00, en kostnaður af bifreiðinni kr. 41.670.00, en þar með eru talin laun ökumanns nokkurn tíma, kr. 20.000.00.

Stefnandi var 29 ára að aldri, er slysið varð, ókvæntur og ómagalaus. Hann virðist hafa verið heilsuhraustur að öðru leyti en því, sem áður hefur verið getið um ilsig það, er hann þjáðist af.

Þegar þetta allt er virt, sem að framan hefur verið rakið, svo og annað það, sem hér skiptir máli, þá þykir hæfilegt að áætla tjón stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 80.000.00.

Um 7. Hér að framan hefur verið lýst meiðslum þeim, sem stefnandi hlaut, og afleiðingum þeirra. Með vísan til þessa og annars þess, sem hér skiptir máli, þykir hæfilegt að taka þenna lið til greina með kr. 7500.00.

Samkvæmt þessu telst heildartjón stefnanda af slysi þessu alls kr. 91.210.00 (150.00 + 3000.00 + 75.00 + 285.00 + 200.00 + 80.000.00 + 7500.00).

Eins og að framan hefur verið getið, á stefndi sök á slysi þessu að ⅛ hluta og er fébótaskyldur að því leyti. Ber stefnda því að greiða stefnanda kr. 18.242.00 í skaðabætur með vöxtum svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 34. gr. bifreiðalaganna nr. 23 frá 1941 ber að taka til greina kröfu stefnanda um lögveð í bifreiðinni R 136 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Baldvin Einarsson, greiði stefnanda, Sæmundi Þórðarsyni, kr. 18.242.00 með 6% ársvöxtum frá 9. apríl 1951 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað, og á stefnandi lögveð í bifreiðinni R 136 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. október 1955.

Nr. 97/1955. **Ragnar Blöndal h/f,**
Nærfataverksmiðjan Lilla h/f
og Gunnar Hall
gegn
Högna Jónssyni og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Líndal prófessor.

Málflutningsfrestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Er mál þetta skyldi flutt munnlega fyrir Hæstarétti 24. þ. m., óskaði umboðsmaður aðaláfrýjanda eftir fresti til að leggja fram ný sakargögn. Gagnáfrýjandi mótmælti frestbeiðni þessari.

Ekki hefur verið sýnt fram á af hendi aðaláfrýjenda, að umrædd sakargögn séu þess eðlis, að efni sé til að fresta flutningi máls þessa, sem er víxilmál. Frestbeiðninni verður því ekki sinnt.

Ályktarorð:

Framangreindur frestur verður ekki veittur.

Miðvikudaginn 26. október 1955.

Nr. 47/1954. **Sigurmundur Runólfsson** (Sigurður E. Ólason)
gegn
Dánarbúi Georgs Gíslasonar
(Gunnar Þorsteinsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Líndal prófessor.

Synjað um uppboð til sameignarslita á húseign.

Dómur Hæstaréttar.

Torfi Jóhannsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Georg Gíslason andaðist eftir uppsögu hins áfrýjaða úrskurðar, og hefur dánarbú hans tekið við aðild málsins.

Áfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi hinn 10. apríl 1954 og áfrýjað málinu sama dag. Hann krefst dóms um uppboð til sameignarslita á húseigninni nr. 25 við Vestmannabraut og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur eigi leitt sönnur að því með matsgerð eða á annan hátt, að húseigninni nr. 25 við Vestmannabraut verði eigi á viðunandi hátt skipt með aðiljum. Verða kröfur hans í málinu því eigi til greina teknar, og ber að staðfesta úrskurð uppboðsréttar.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Meðferð máls þessa í héraði var mjög andstæð ákvæðum IX. kafla laga nr. 85/1936, sbr. 223. gr. þeirra. Munnlegur eða skriflegur málflutningur var eigi ákveðinn. Frestur til gagnaöflunar var eigi veittur samkvæmt 110. og 111. gr. nefndra laga. Áfrýjandi ritaði auk greinargerðar samkvæmt

105. gr. tvær aðiljaskýrslur, er hann staðfesti þó eigi fyrir dómi. Stefndi ritaði auk greinargerðar samkvæmt 106. gr. framhaldsgreinargerð. Að svo búnu lýstu aðiljar yfir, að þeir teldu frekari flutning málsins óþarfan, og tók dómarinn málið þannig reifað til dóms. Verður að víta þessa málsmeðferð, en eigi þykir næg ástæða til ómerkingar.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurmundur Runólfsson, greiði stefnda, dánarbúi Georgs Gíslasonar, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsdóms Vestmannaeyja 17. marz 1954.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 12. þ. m., hefur Sigurmundur Runólfsson, Vestmannabraut 25, hér í bænum, krafizt þess, að uppboðsauglýsing verði gefin út þess efnis, að húseignin Vestmannabraut 25, eign hans og uppboðsþola Georgs Gíslasonar, sem einnig býr þar, verði seld á opinberu uppboði til slita á sameigninni.

Uppboðsþoli, Georg Gíslason, hefur mótmælt því, að uppboðsbeiðnin verði tekin til greina og að uppboðið fari fram, og hefur þetta atriði verið tekið til úrskurðar.

Báðir málsaðiljar hafa hvor fyrir sig krafizt málskostnaðar úr hendi hins.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Með afsali, dagsettu 20. júní 1936, selur uppboðsbeiðandi, Sigurmundur Runólfsson, frú Guðfinnu Kristjánsdóttur ½ — hálfa — húseign sína nr. 25 við Vestmannabraut í Vestmannaeyjum með öllu múr- og naglföstu, sem eigninni fylgir og fylgja ber, og ásamt tilheyrandi lóðarréttindum og mannvirkjum á lóðinni, allt að hálfu.

Frú Guðfinna er nú látin, en eftirlifandi eiginmaður hennar, Georg Gíslason, hefur fengið leyfi til setu í óskiptu búi.

Í bréfi til uppboðshaldara, dags. 22. janúar s.l., fór gerðarbeiðandi þess á leit, að umrædd húseign nr. 25 við Vestmannabraut yrði auglýst til uppboðssölu til sameignarslita og vísaði til Jónsbókar kaupab. kap. 20 og krafðist þess jafnframt, að sér yrði heimilað að ganga inn í hæsta boð, enda höfðu báðir aðiljar áskilið sér forkaupsrétt, þá er salan fór fram. Færði hann sem ástæður: 1) að gerðarþoli hafi veðsett húsið að sér forspurðum, 2) að hann hafi haldið fyrir sér geymsluherbergi í kjallara, 3) að hann hafi aldrei haft forgang um viðhald hússins að utan, og loks 4) að hann hafi

sýnt sér ýmis konar yfirgang. Kveður gerðarbeiðandi sér eigi unnt að búa við sambýli við gerðarþola framvegis í sameign þeirra, og með því að húsið sé byggt sem einbýlishús, sé það óskiptanlegt, enda verði skipting á húsinu engin framtíðarlausn á erfiðleikunum í sambýlinu við gerðarþola.

Gerðarþoli hefur krafizt þess, að synjað verði um, að uppboð þetta verði auglýst. Færir hann þau rök fyrir kröfu sinni, að hvergi sé heimild til þess að krefjast uppboðssölu á skiptanlegri sameign, en það telur hann eignina Vestmannabraut 25 vera. Mótmælir gerðarþoli því sérstaklega, að eignin sé byggð sem einbýlishús. Enn fremur hefur gerðarþoli mótmælt þeim ástæðum, sem gerðarbeiðandi hefur fært fyrir uppboðsbeiðninni, og fært ástæður fyrir þeim mótmælum sínum.

Telur gerðarþoli, að hann hafi frá upphafi verið eigandi neðri hæðar hússins, en gerðarbeiðandi efri hæðar þess, en samkomulag hafi verið um skiptingu geymsluherbergja í kjallara og herbergis í risi. Hafi afnotum á húsinu verið greinilega skipt frá byrjun og sú skipting haldizt í 18 ár.

Gerðarbeiðandi hefur hins vegar lagt áherzlu á, að samkvæmt afsalinu hafi hálf húseignin verið seld og sé húseignin því óskipt sameign sín og gerðarþola.

Samkvæmt afsali er afsalað ½ húsinu Vestmannabraut 25 með tilheyrandi að hálfu. Verður ekki séð, að fullkomin eignaskipting hafi farið fram, enda þótt afnotaskipti virðist greinilega hafa verið gerð, enda virðist samkvæmt uppdrætti af húsinu, sem lagður hefur verið fram í málinu, auðvelt að gera þau. Samkvæmt nefndum uppdrætti eru í húsinu tvær íbúðir, sín á hvorri hæð, og er herbergjaskipun eins í báðum. Á uppdrættinum sést ekki herbergi það í risbæð, sem aðiljar geta um, en afnotaskipti á því og geymslu í kjallara virðast framkvæmanleg.

Eftir því sem fyrir liggur, verður að telja, að húseignin Vestmannabraut 25 sé óskipt sameign gerðarbeiðanda og gerðarþola.

Samkvæmt Jónsbók kaupab. 20 getur sameigandi krafizt slita á sameign, hvenær sem er, en þó hlýtur þessi réttur að vera takmörkunum háður, og hlýtur aðferðin við sameignarslit að vera mismunandi eftir því, hvort sameignin er skiptanleg eða ekki. Sé eignin skiptanleg, virðist ákvæði Jónsbókar kaupab. 20 ekki eiga við. Samkvæmt upplýsingum þeim, er fram hafa komið, og uppdrætti þeim, er fyrir liggur, verður að telja auðvelt að skipta eigninni, enda benda 18 ára afnotaskipti á það sama.

Aðrar ástæður, sem gerðarbeiðandi hefur fært fyrir uppboðsbeiðni sinni, eru engar þess eðlis, að leiði til uppboðssölu til sameignarslita, enda hefur þeim og verið mótmælt af gerðarþola, og þykir eigi þörf að rekja þær nánar.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða máls þessa sú, að synja ber um útgáfu auglýsingar til uppboðs til sameignarslita,

enda verður að líta svo á, að hér sé um nauðungaruppboð að ræða og fari um uppboðsbeiðni þessa eftir 13. gr. laga nr. 57/1949, en uppboðsheimild virðist ekki vera fyrir hendi.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að gerðarbeiðandinn greiði gerðarþola 150 kr. í málskostnað.

Ályktarorð:

Synja ber um útgáfu hinnar umbeðnu auglýsingar til sameignarslita.

Gerðarbeiðandi, Sigurmundur Runólfsson, greiði gerðarþola, Georg Gíslasyni, kr. 150.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. október 1955.

Nr. 114/1954. **Sigurður Bjarnason** (Ragnar Ólafsson)
gegn
Ragnari Gíslasyni (Jón N. Sigurðsson)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Lindal prófessor.

Ómerking.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu var áfrýjað með stefnu 16. júlí 1954 og gagnáfrýjað með stefnu 8. september 1954, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 16. ágúst 1954.

Meðferð máls þessa í héraði hefur verið mjög andstæð lögum nr. 85/1936. Sátta hefur eigi verið leitað í gagnsök. Málið var fyrst flutt munnlega 29. marz 1953 og tekið til dóms þá. Síðan gerðist ekkert í málinu fyrr en 22. september s. á. Var málið þá tekið upp aftur. Lagði umboðsmaður gagnáfrýjanda þá fram fjögur skjöl, og var málið því næst flutt munnlega af nýju og tekið til dóms þann dag. Enn var ekkert aðhafzt í málinu fyrr en 9. marz 1954. Málið

var þá tekið upp öðru sinni. Umboðsmaður gagnáfrýjanda lagði fram kaupskrá og reikninga, og umboðsmaður aðaláfrýjanda lagði fram rekstrarreikning. Var málið síðan flutt munnlega þriðja sinni og tekið til dóms. Dómur var samt eigi kveðinn upp fyrr en 17. apríl 1954.

Það er í ljós leitt hér fyrir dómi, að reikningar þeir, sem lagðir hafa verið til grundvallar héraðsdómi, eru skakkir. Þessi galli, vöntun á sáttaumleitun og dráttur á dómsuppsögu veldur því, að ómerkja ber héraðsdóminn og málsmeðferð frá 27. maí 1952, er sátta skyldi leita í gagnsök, og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Kröfur um málskostnað hafa eigi verið gerðar, og ber því hvor aðilja sinn kostnað af málinu.

Víta verður óhæfilegan drátt á máli þessu í héraði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá 27. maí 1952 eru ómerkt, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Hvor aðilja ber sinn kostnað af málinu.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 17. apríl 1954.

Ár 1954, laugardaginn 17. apríl, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar, af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, kveðinn upp dómur í ofangreindu máli, sem dómtekið var 29. (sic) marz s.l.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 4. október 1951, af Ragnari Gíslasyni, Suðurgötu 71, hér í bæ, gegn Sigurði Bjarnasyni bifreiðarstjóra, Selvogsgötu 16 a, hér, til greiðslu á inneign allt að kr. 70.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1950 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda, Sigurðar Bjarnasonar, var krafizt algerrar sýknu og greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnandans. Við munnlegan flutning máls þessa lækkaði stefnandinn kröfu sína niður í kr. 34.883.42 auk vaxta og málskostnaðar eins og í stefnukröfu.

Með gagnstefnu, útgefinni 28. apríl 1952, bar aðalstefndi fram þá gagnkröfu í málinu, að aðalstefnandinn, Ragnar Gíslason, yrði dæmdur til greiðslu á vangreiddum vinnulaunum að fjárhæð kr. 13.515.27 með 6% ársvöxtum frá gagnstefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu gagnstefnda er krafizt sýknu í gagnsökinni og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi gagnstefnanda.

Málavextir eru eins og hér greinir, og verður aðalsökin rakin fyrst, en síðan vikið að gagnsökinni.

I. *Aðalsök.*

Í marzmánuði 1945 keypti Ragnar Gíslason, aðalstefnandi í máli þessu, 5 tonna vöruflutningabifreið af Dodge-gerð, smíðaár 1943. Stundaði hann síðan akstur á bifreið þessari fram yfir áramót 1946. Nokkru síðar gerðu þeir aðalstefnandi og aðalstefndi, Sigurður Bjarnason, með sér félag um rekstur bifreiðarinnar, enda keypti aðalstefndi hluta af bílnum. Upphaflega virðist aðalstefndi hafa ætlað að greiða helming bifreiðarinnar með kr. 22.000.00, en hann greiddi aldrei meira en kr. 11.000.00 og eignaðist því aðeins ¼ hluta í henni. Aðalstefndi hafði síðan með höndum akstur bifreiðarinnar á tímabilinu frá 2. febrúar 1946 til 21. maí 1950, er henni var lagt upp. Bifreið þessi bar upphaflega skrásetningarmerkið G 502, síðan R 4188 og síðan G 1458, sem hún hefur nú. Fyrstu árin mun bifreiðin hafa haft óstöðuga vinnu, en úr því hafði rætzt hin síðari árin. Aðalstefndi gerði engin skil við aðalstefnandann, sem taldi sig eiga orðið inni hjá honum, þar sem hann taldi, að ágóðinn hefði átt að skiptast eftir eignarhluta hvors í bifreiðinni. Telur aðalstefnandinn sig hafa krafið aðalstefnda oft um uppgjör, en árangurslaust, og hann hafi því neyðzt til að höfða mál þetta.

Aðalstefndi hefur lagt fram í málinu rekstrarreikning bifreiðarinnar yfir öll árin, gerðan af löggiltum endurskoðanda. Heldur aðalstefndi því fram, að hann hafi átt að hafa mánaðarkaup, en alls ekki samið um, að honum bæri aðeins hluti af ágóða eftir eign sinni í bifreiðinni. Þegar reiknað er með mánaðarkaupi, sýnir fyrrgreint reikningsyfirlit niðurstöðu yfir allt tímabilið kr. 3.183.49 nettótekjur.

Aðalstefnandinn hefur samþykkt framlagt reikningsyfirlit hins löggilta endurskoðanda að öðru leyti en útreikningi á kaupi aðalstefnda, og hefur ágreiningurinn í málinu snúizt um það, hvað aðalstefnda bæri í kaup fyrir akstur bifreiðarinnar umrætt tímabil. Það er ekki sannað, að samið hafi verið milli aðilja um kaupið í upphafi né heldur síðar, og það er ekki heldur upplýst um neina fasta venju um kaupgreiðslu við slíka vinnu. Hins vegar verður ekki fallizt á, að sanngjarnt sé að greiða mánaðarkaup, þegar um er að ræða svo óstöðuga og stopula vinnu, enda ekki fordæmi fyrir því, þegar eins stendur á og hér.

Í slíkum tilfellum þykir réttast, að greitt sé tímakaup, enda í samræmi við það, sem afgreiðslustjóri Vörubílstöðvar Hafnarfjarðar telur, að hér muni tíðkast.

Í málinu er lagður fram útreikningur á því, hvað kaup aðalstefnda ætti að vera samkvæmt þessu. Verður útkoman eftir allt tímabilið kr. 61.609.79.

Þar sem brúttótekjur bifreiðarinnar nema alls kr. 170.415.63 og

kostnaður, annar en kaup, er kr. 68.573.15, verður nettó ágóði kr. 40.232.69, en þar af fjórði hluti aðalstefnda kr. 10.058.17, og kemur þá út kr. 30.174.52, sem ber að dæma aðalstefnandanum í sinn hlut.

Það þykir rétt, að vextir falli niður, og málskostnaður verður ákveðinn í einu lagi fyrir aðalsök og gagnsök.

II. *Gagnsök.*

Málsatvik eru þau, að gagnstefnandi telur sig hafa á árunum 1946—1950 unnið ýmis störf í þágu gagnstefnda, bæði við bifreiðina G 502 og eins fyrir gagnstefnda persónulega. Nemur vinna sú, er hann reiknar sér við bifreiðina, kr. 11.437.31, en önnur vinna í þágu gagnstefnda, kr. 2077.96, sem gagnstefnandinn segir, að hafi verið unnin í júní 1947.

Gagnstefndi hefur mótmælt fyrri upphæðinni sem órökstuddri og ekki nægilega sundurliðaðri, en hinni síðari sem fyrndri.

Gagnstefnandi hefur lagt fram sundurliðun um vinnustundafjölda og við hvað hefur verið unnið hverju sinni við bifreiðina árin 1946—1949, að upphæð kr. 3437.31, sem þannig hefur verið nægilega rökstutt og verður tekið til greina. Hins vegar er upphæðin daglegt viðhald í fjögur ár, 2000.00 kr., ósundurliðuð og órökstudd og verður ekki gegn mótmælum gagnstefnda tekin til greina.

Um aðra vinnu í þágu gagnstefnda verður að fallast á, að hún sé fyrnd og verði eigi höfð uppi í máli þessu, þar sem hún eigi er af sömu rót runnin og aðalstefnukrafan.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaðan sú, að aðalstefnanda verða tildæmdar kr. 30.174.52 að frádregnum kr. 3437.32, eða kr. 26.737.21.

Þá ber að taka til greina kröfu aðalstefnanda um tildæmdan málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 1000.00. Málskostnaður í gagnsök fellur niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Sigurður Bjarnason, greiði stefnandanum, Ragnari Gíslasyni, kr. 26.737.21 og 1000.00 kr. í málskostnað, hvort tveggja innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. október 1955.

Nr. 99/1953. **Högni Gunnarsson**
gegn
Sigrúnu Edwald.

Mál hafið.

Dómur Hæstaréttar.

Af hálfu áfrýjanda er þess krafizt, að mál þetta verði hafið.

Stefndi krefst ómaksbóta úr hendi áfrýjanda.

Stefndi hefur 11 sinnum sótt dómþing í máli þessu, og þykja ómaksbætur honum til handa hæfilega ákveðnar kr. 800.00.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Högni Gunnarsson, greiði stefnda, Sigrúnu Edwald, ómaksbætur kr. 800.00 að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 31. október 1955.

Nr. 103/1955. **Þorbergur Kjartansson**
gegn
Lenu Pálsson.

Útivist.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorbergur Kjartansson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 1. nóvember 1955.

Nr. 56/1955. **Ákæruvaldið** (Þórólfur Ólafsson)
gegn
Einari Árnasyni (Sveinbjörn Jónsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnson, Jónatan Hallvarðson og Þórður Eyjólfsson, Ármann Snævarr prófessor og Einar Arnalds borgardómari.

Manndráp af gáleysi. Brot gegn bifreiðalögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Það verður að telja mikið gáleysi af manni þeim, er varð fyrir bifreið ákærða, að aka á ljóslausu reiðhjóli á Njarðargötunni, eftir að myrkt var orðið. Hins vegar sýna verksummerki á bifreið ákærða og aðrar aðstæður við slysið, að hann hefur ekið óhæfilega hratt, eins og á stóð, og ekki gætt nægrar varkárni og aðgæzlu í akstri og stjórn bifreiðarinnar. Varðar þetta ákærða samkvæmt lagaboðum þeim, er í héraðsdómi greinir, refsingu, sem þykir hæfilega ákveðin 4000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 25 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Þá þykir rétt að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttinda.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Árnason, greiði 4000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 25 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Þórólfs Ólafssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. marz 1955.

Ár 1955, miðvikudaginn 2. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins, kveðinn upp dómur í málinu nr. 993/1955: Ákæruvaldið gegn Einari Árnasyni, sem tekið var til dóms hinn 21. febrúar sama ár.

Mál þetta er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Einari Árnasyni lögfræðingi, Túngötu 33, hér í bæ, fyrir að hafa um klukkan 17.30 mánudaginn 29. nóvember síðastliðinn ekið bifreiðinni 226 - Z - 1147 austur Njarðargötu í Reykjavík með ólöglegum hraða og ógætilega með þeim afleiðingum, að skammt fyrir austan Tívolí við nefnda götu rakst bifreiðin á reiðhjól, sem Gústaf Albert Jónsson frá Fagurhólsmýri í Öræfum var á, svo að hann kastaðist upp á þak bifreiðarinnar, skall síðan á götuna og hlaut svo mikla áverka af, að hann andaðist skömmu síðar. Í ákæruskjalinu er ákærði talinn hafa brotið 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1., 2., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 svo og 1. mgr. 28. gr. og 46. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930. Kröfur í ákæruskjali eru þær, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. desember 1926 í Reykjavík. Á árunum 1950—1953 hefur hann verið sektaður fjórum sinnum, frá 30—150 kr. í hvert sinn, fyrir brot gegn bifreiðalögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Hinn 29. nóvember 1954, laust eftir klukkan hálf-sex síðdegis, varð umferðarslys á Njarðargötu hér í bæ, nokkuð norðaustan við skemmtisvæði Tívolí. Varð Gústaf Albert Jónsson frá Fagurhólsmýri í Öræfum, 21 árs, til heimilis á Grettisgötu 50, hér í bæ, sem var á ferð á reiðhjóli norðaustur götuna, fyrir sex manna fólksbifreiðinni 226 - Z - 1147, sem ákærði ók einnig norðaustur götuna, og beið bana af.

Nánari atvik slyssins verða nú rakin samkvæmt skýrslum ákærða og vitna og eftir öðrum gögnum málsins.

Gústaf heitinn hafði unnið hjá Flugfélagi Íslands h/f á Reykjavíkurflugvelli og var í þetta sinn að fara þaðan frá vinnu. Vitnið Anna Sigríður Björgúlfsdóttir, sem hafði unnið alllengi í sama skála á flugvellinum og hann, skýrir svo frá, að hann hafi hætt vinnu þenna dag kl. 17.31 og þá strax lagt af stað áleiðis til bæjarins. Telur vitnið sennilegt, að klukkan hafi ekki verið yfir 17.35, þegar slysið varð. Í sama mund og Gústaf heitinn fór frá vinnustaðnum, sótti vitnið Jón Ágúst Guðbjörnsson rafvirki Önnu á vinnustaðinn í bifreið, og óku þau sem leið liggur út af vinnusvæðinu yfir á Njarðargötu, en síðan suður á Reykjavíkurveg og vestur í bæ. Þegar þau voru rétt komin að Njarðargötunni, óku þau fram úr Gústaf heitnum, sem þar var á ferð á reiðhjóli, og ber þeim saman um, að hann hafi hjólað hægt mjög utarlega á vinstra vegjaðri. Vitnið Jón Ágúst kveðst hafa ekið með lægri ljósunum á bifreið sinni og ekki hafa séð hjólreiðamanninn, fyrr en komið var mjög nálægt honum, og gizkar á, að bilið milli þeirra hafi þá verið 3 metrar. Eigi sá vitnið nein ljós á reiðhjólinu, en býst við, að það hefði tekið eftir ljósi eða ljósum á því, hefðu þau einhver verið. Svonefnt kattarauga, rautt ljós aftan á reiðhjólinu, sá vitnið ekki. Vitnið Anna Sigríður Björgúlfsdóttir sá ekki til ferða hjólreiðamannsins, fyrr en bifreiðin var „eiginlega alveg komin að honum", og vitnið er öruggt um, að reiðhjólið var ljóslaust bæði að aftan og framan og kattarauga sá það ekki á því. Þetta vitni sá, að Gústaf heitinn stjórnaði reiðhjólinu með báðum höndum, og það heldur sig muna það rétt, að hann hafi haft brúnan pakka, sem hann fékk heiman að frá sér sama dag, og að hann hafi haldið um band, sem var um pakkann, og einnig um stýrið.

Frá því að þessi vitni misstu sjónar af Gústaf heitnum, leið mjög stutt stund fram að slysinu, og er augljóst, að hann hefur á henni hjólað norðaustur Njarðargötuna, framhjá Tívolí og út á óbyggða svæðið. Þenna dag hafði ákærði verið við vinnu sína í skrifstofu í skemmu Landleiða h/f við Reykjavíkurveg. Þegar hann ók þaðan, að vinnu lokinni, rétt áður en slysið varð, var hann að öllu leyti vel fyrir kallaður, hann var vanur bifreiðarstjórn og einnig bifreið þeirri, sem hann ók í þetta sinn, sem var eign föðurbróður hans, búsetts í London. Bifreiðin er ný, og við skoðun bifreiðaeftirlitsmanna á henni strax eftir slysið reyndust hemlar hennar, stýrisbúnaður og flauta vera í fullkomnu lagi. Við hlið ákærða í akstrinum sat Gísli Sveinsson, eftirlitsmaður hjá Landleiðum h/f, þaulvanur bifreiðarstjóri. Sat hann hægra megin í bifreiðinni, því að stýri hennar er vinstra megin. Ákærði ók bifreiðinni eins og leið liggur frá skemmu Landleiða h/f yfir á Njarðargötuna og síðan austur hana og gizkar á, að ökuhraðinn hafi verið 35 km, miðað við klukkustund. Hann kveðst ekki hafa verið að flýta sér, enda enga ástæðu hafa haft til þess. Vegurinn var malborinn og rakur, beinn, sléttur og sæmilega breiður, myrkur var komið, en veður

gott. Þegar ákærði var rétt kominn á Njarðargötu af Reykjavíkurvegi, mætti hann bifreið, sem kom austan götuna, og í tilefni af því skipti hann á lægri ljósin á sinni bifreið og ók þannig áfram og með þau ljós var bifreiðin fram að slysinu, sem varð örskömmu síðar. Ákærði ók áfram á vinstra vegarhelmingi án þess að verða fyrir nokkurri truflun í akstrinum þar til allt í einu, að hann sá þúst fyrir framan bifreiðina, og alveg í sömu svifum varð slysið. Hann gerði sér ekki grein fyrir því, fyrr en hann hafði numið staðar, að maður á reiðhjóli hafði orðið fyrir bifreiðinni. Ákærði gerir sér ekki ljóst, hvort hann hemlaði um leið og árekstur inn varð, og hann hefur ekki getað lýst árekstrinum nánar en það, að hann hafi gerzt alveg í sömu svifum og hann sá í ljósgeislanum bifreiðarinnar þústina, sem hlýtur að hafa verið hjólreiðamaðurinn. Þegar ákærði hafði stöðvað bifreiðina og farið út úr henni, lá hjólreiðamaðurinn á bakinu meðvitundarlaus við vinstri hlið hennar, langsum eftir götunni, og sneri höfuð hans í sömu átt og farartækin höfðu ekið. Reiðhjólið lá á móts við vinstra afturhjól bifreiðarinnar. Ákærði sá enga áverka á hjólreiðamanninum, sem var klæddur brúnum buxum og gráleitri kuldaúlpu, kraup niður að honum og hlustaði eftir hjartslætti hans og heyrðist hann vera eðlilegur. Í þessu bar að austur götuna bifreiðina R 4717 frá Norðurleið h/f, sem vitnið Skarphéðinn Dalmann Eyþórsson ók, og hjá honum í framsæti sat vitnið Pétur Guðmundsson bifreiðarstjóri. Ákærði bað Skarphéðin að ná í sjúkrabifreið og lögreglu og ók Skarphéðinn strax af stað í þessu skyni, eftir að hann og Pétur höfðu farið andartak úr bifreiðinni og séð hinn slasaða mann. Þeir óku á verkstæði Norðurleiðar h/f þarna í grennd og símuðu eftir sjúkrabifreið og lögreglu, og var klukkan 17.40, þegar hringt var á lögreglustöðina. Lögreglan og sjúkrabifreið kom strax á slysstaðinn, og flutti bifreiðin hinn slasaða, sem fram að því hafði legið óhreyfður á götunni, á Landsspítalann, og var hann samkvæmt vottorði Rannsóknarstofu Háskólans dáinn, þegar þangað kom.

Bifreið sína hreyfði ákærði ekki á slysstað, fyrr en lögreglan hafði lokið athugunum sínum á vettvangi og bifreiðaeftirlitsmaður skoðað hana.

Vitnið Gísli Sveinsson, sem áður var nefndur, hefur skýrt frá slysinu mjög á sömu lund og ákærði og hefur tekið fram, að vegna tíu ára reynslu í bifreiðaakstri til mannflutninga fylgist það alltaf vel með akstri bifreiða, sem það sé í, enda þótt aðrir aki. Vitnið gáði ekki á hraðamæli bifreiðarinnar, í því er slysið gerðist, og treystir sér ekki til að nefna neinn hraða í tölum, en því virtist hraðinn vera eðlilegur, eins og á stóð, og alls ekki mikill. Í því sambandi skýrði vitnið frá því, að þegar ákærði var rétt að koma inn á Njarðargötuna, hafi hann mætt bifreið og þá hægt ferðina mjög mikið og skipt í fyrsta gír, og megi af þessu ráða, að hraðinn hafi ekki getað verið orðinn mikill, þegar að slysstaðnum kom. Þegar

ákærði mætti bifreið skömmu fyrir slysið, skipti hann á lægri ljós bifreiðarinnar, sem hann ók, og þannig voru ljósin frá því og fram að slysinu, en eigi er það fyllilega ljóst af prófum málsins, hvort vitnið á við það, að ákærði hafi lækkað ljósin, þegar hann mætti hinni síðastnefndu bifreið eða einhverri annarri. Vitnið varð ekki vart við hjólreiðamanninn fyrr en alveg um leið og slysið varð. Það heyrði árekstrarhöggið og sá um leið eitthvað í loftinu, sem skall á framrúðu bifreiðarinnar vinstra megin. Vitnið fann, að ákærði hemlaði um leið og slysið varð, og því fannst bifreiðin stöðvast svo til strax, eða að minnsta kosti gerði vitnið sér ekki grein fyrir öðru. Strax og bifreiðin hafði numið staðar, fór vitnið út úr henni, og lýsir það ástandi hins slasaða á sama hátt og ákærði. Vitnið telur ekki koma til mála, að hjól bifreiðarinnar hafi farið yfir hinn slasaða, enda fann það ekki til þess, að hún færi yfir neina ójöfnu. Á móts við vinstri afturhurð bifreiðarinnar lá reiðhjólið og rétt aftan við það, á móts við vinstra afturhorn bifreiðarinnar, lá bláleit handtaska. Úti í vegskurðinum til vinstri, á móts við afturenda bifreiðarinnar, lá pakki með árituðu nafni Gústafs heitins.

Vitnin Skarphéðinn Dalmann Eyþórsson og Pétur Guðmundsson hafa ekkert getað borið um ökuhraða ákærða né hvernig slysið varð, nema hvað hið fyrrnefnda vitni telur, að 80—100 metrar hafi verið milli bifreiðanna, þegar það veitti því athygli, að eitthvað skyggði skyndilega á framljós bifreiðar ákærða og það sá eitthvað kastast upp framan við bifreiðina og falla til jarðar vinstra megin við hana. Jafnframt sá vitnið reiðhjóli bregða fyrir í ljósum bifreiðarinnar og gat þess þá við Pétur, að þarna mundi hafa orðið slys, sennilega ekið aftan á mann á reiðhjóli.

Baldur Kristjánsson lögregluþjónn, sem kom á slysstaðinn, hefur vottað, að reiðhjól Gústafs heitins hafi verið algjörlega ljóslaust. Bifreiðaeftirlitsmaðurinn, sem skoðaði bifreið ákærða strax eftir slysið, hefur vottað, að þessir hlutar bifreiðarinnar hafi skemmzt við áreksturinn: Vinstra framljósker, vinstra afturbretti, framrúða mölbrotin vinstra megin og dæld ofan við framrúðuna á þakinu. Reiðhjólið stórskemmdist við áreksturinn, einkum að aftan, og benda skemmdirnar að áliti rannsóknarlögreglunnar eindregið til þess, að höggið hafi komið beint aftan á það, en engin merki sáust til þess, að það hefði orðið undir hjólum bifreiðarinnar.

Rannsóknarlögreglan kom á slysstaðinn, áður en farartækin voru færð úr stað eftir slysið, rannsakaði vettvang, mældi hann og ljósmyndaði bifreiðina. Segir svo í umsögn hennar um þessi efni, að gatan hafi verið alveg holulaus og yfirborð hennar fast, eftir því sem gerist um malbornar götur. Lausamöl var þó á jöðrum hennar, en svo virtist sem bifreið ákærða hefði verið ekið innan við lausu mölina og eðlilega eftir vinstri götuhelmingi, miðað við þá leið, sem ákærði ók. Eftir skemmdunum á bifreiðinni að dæma, virðist

rannsóknarlögreglunni mega ályktа, að bifreiðin hafi ekið aftan á hjólreiðamanninn, hann kastazt upp fyrir vélarhúsþak bifreiðarinnar og skollið á framrúðuna vinstra megin. Rúðan var úr seigu gleri, brotnaði mikið, datt þó ekki úr, en bungaði inn. Fyrir aftan gluggakarminn var dæld í bifreiðaþakinu og virðist ekki ósennilegt, að hnakki mannsins hafi skollið þar á og fengið af því aðalhöggið.

Athugun rannsóknarlögreglunnar á reiðhjólinu staðfesti eindregið, að það hefði verið ljóslaust. Mjólkurflaska fannst í grasinu við vegskurðinn beint á móts við þann stað, sem pakki hjólreiðamannsins fannst á, og er talið líklegt, að flaskan hafi henzt þetta við slysið. Þegar rannsóknarlögreglan lét lýsa upp götuna aftan við bifreiðina, fundust glerbrot úr vinstra framljóskeri bifreiðarinnar ásamt smærri glerbrotum úr framrúðu hennar á svæði, sem náði 21.25 metra aftur fyrir hana. Tveggja metra hemlaför mældust aftan við bifreiðina, en þegar þau voru mæld, hafði bifreiðum og reiðhjólum verið ekið að bifreiðinni, og kann sú umferð að hafa afmáð lengri hemlaför hennar. Glersallinn aftan við bifreiðina gæti bent til þess, að hún hefði runnið talsverðan spöl, um 20 metra, eftir áreksturinn, en mjög varhugavert telst að ganga út frá, að svo hafi verið, bæði vegna skýrslna ákærða og Gísla Sveinssonar og afstöðu hins slasaða, reiðhjólsins og farangurs hans til bifreiðarinnar, þegar hún hafði stöðvazt. Í þessu efni kemur það bæði til, að bifreiðin hefur eitthvað runnið áfram eftir áreksturinn, og svo hitt, að glersallinn kann að hafa feykzt aftur fyrir bifreiðina bæði af þeim vindi, sem kann að hafa verið, og súg þeim, sem ökuhraðinn olli.

Réttarkrufning á líki Gústafs heitins leiddi í ljós mikil lemstur, og virðist banameinið hafa verið lost eftir blóðmissi, sennilega heilahristingur ásamt blæðingu inn í bæði lungu, þannig að blóð hefur komizt inn í lungnaberkjurnar og það valdið köfnun.

Samkvæmt framansögðu ber að leggja skýrslu ákærða sjálfs og vitnisins Gísla Sveinssonar til grundvallar um sjálfan áreksturinn, og er þess þá jafnframt að gæta, að sannað er, að reiðhjólið var ljóslaust og hjólreiðamaðurinn dökkklæddur.

Ákærði átti að hækka ljósin á bifreið sinni, þegar hann var kominn framhjá bifreiðinni, sem hann mætti næst á undan slysinu, því að þá var R 4717 enn svo langt framundan, að eigi var ástæða til að hafa lægri ljósin hennar vegna. Má þá vera, að ákærði hefði komið auga á hjólreiðamanninn og slys eigi orðið. Úr því að ákærði gerði þetta ekki, heldur ók áfram með lágu ljósunum, bar honum að aka svo hægt, að hann gæti stöðvað þegar í stað, ef tilefni gæfust til, og athuga gaumgæfilega, hvað framundan væri. Enda þótt ljósleysi reiðhjólsins sé mikilvæg orsök slyssins, á ákærði þó einnig sök á því með ógætni í nýnefndum atriðum. Hefur hann því með óvarkárni orðið meðvaldur að dauða Gústafs heitins og þannig gerzt brotlegur við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Enn fremur hefur hann gerzt brotlegur við þau ákvæði bifreiðalaga, umferðarlaga og lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sem í ákæru eru talin.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 60 daga varðhald, og samkvæmt 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaganna ber að svipta hann bifreiðastjóraréttindum í 2 ár.

Loks ber að dæma hann til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, hdl. Jóns Bjarnasonar, kr. 800.00.

Dóm þenna kveður upp Valdimar Stefánsson sakadómari.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Árnason, sæti varðhaldi í 60 daga.

Ákærði er sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 2 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hdl. Jóns Bjarnasonar, kr. 800.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. nóvember 1955.

Nr. 118/1954. **Samband íslenzkra samvinnufélaga** (Vilhjálmur Jónsson)

gegn

Eigendum og vátryggjendum e/s Manfreds (Egill Sigurgeirsson)

og

Kaupfélagi Hellissands (Ragnar Jónsson)

og

Eigendur og vátryggjendur e/s Manfreds

gegn

Sambandi íslenzkra samvinnufélaga

og

Kaupfélagi Hellissands.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Skaðabætur fyrir spjöll á skipi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 15. júlí 1954

og skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. s. m. Krefst hann þess *aðallega*, að hann verði sýknaður og gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins, en *til vara*, að honum verði dæmt að greiða gagnáfrýjendum n. kr. 1750.00 og s. kr. 1378.75 og hvor aðilja verði látinn bera sinn kostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 16. ágúst 1954 að fengnu áfrýjunarleyfi 11. s. m.

Krefjast þeir þess *aðallega*, að aðaláfrýjandi, en *til vara* stefndi, Kaupfélag Hellissands, verði dæmdur til að greiða þeim annaðhvort s. kr. 8091.00 eða n. kr. 3500.00 + s. kr. 3281.00 auk 6% ársvaxta frá 1. maí 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms um sýknu sína og að gagnáfrýjendum verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í 26. gr. farmsamningsins um e/s Manfred frá 30. maí 1950 segir, að farmsendandi skuli annast affermingu, skipinu að kostnaðarlausu, . . . og skuli skipið einungis leggja til vindur og afl til að knýja þær. Samkvæmt þessu ber aðaláfrýjandi ábyrgð á spjöllum þeim, sem urðu við affermingunа. Með þessari athugasemd ber að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00, en eigi þykir ástæða til að taka kröfu stefnda um málskostnað til greina.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Samband íslenzkra samvinnufélaga, greiði gagnáfrýjendum, eigendum og vátryggjendum e/s Manfreds, Werkebäcken Ångfartygs Aktiebolag og Försäkringsaktiebolaget Ocean, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Gagnáfrýjendur eiga að vera sýknir af kröfu stefnda, Kaupfélags Hellissands, um málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 26. janúar 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. þ. m., hafa eigendur og vátryggjendur e/s Manfred, Werkebäcken Ångfartygs Aktiebolag og Försäkringsaktiebolaget Ocean í Svíþjóð, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, dags. 14. júní f. á., *aðallega* gegn Sambandi íslenzkra samvinnufélaga vegna skipadeildar sambandsins, hér í bæ, og *til vara* gegn Kaupfélagi Hellissands, Hellissandi, til greiðslu skuldar, að fjárhæð sænskar kr. 8091.00 auk 6% ársvaxta frá 1. maí 1951 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Til vara hafa stefnendur krafizt þess, að stefndu verði á þann hátt, er að framan greinir, dæmdir til að greiða norskar kr. 3500.00 + sænskar kr. 3281.00 auk vaxta og málskostnaðar.

Stefndu hafa *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra eftir mati dómsins. *Til vara* hafa þeir krafizt þess, að varastefndi, Kaupfélag Hellissands, verði aðeins dæmt til greiðslu á n. kr. 3500.00 og málskostnaður verði látinn falla niður. Loks hafa stefndu *til þrautavara* gert þá kröfu, að aðeins annarhvor þeirra verði dæmdur til að greiða stefnendum hæfilega fjárhæð eftir mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að með farmsamningi, dags. 30. maí 1950, milli umboðsmanns eigenda e/s Manfred og aðalstefnda, Sambands ísl. samvinnufélaga, tók farmflytjandi að sér að flytja með skipinu kolafarm frá Stettin til þriggja öruggra staða við Breiðafjörð, og voru þessar hafnir tilteknar: Sandur (Hellissandur), Ólafsvík og Flatey. Dagana 19.—21. júní 1951 var e/s Manfred statt á Hellissandi, og fór þá daga fram afferming á nokkrum hluta kolafarmsins. Viðtakandi á staðnum var varastefndi, Kaupfélag Hellissands, og sá hann um affermingunа. Meðan á affermingu stóð, lá e/s Manfred á opnu hafi út af Hellissandi og var nokkur hreyfing á sjó. Segir í vottorði veðurstofunnar í Reykjavík um sjólag á Hellissandi fyrrgreinda daga, að þar hafi ýmist verið gráð eða sjólítið. Við affermingunа var notaður stálprammi (innrásarprammi) til þess að flytja vörurnar á í land, og var hann til skiptis bundinn við stjórnborðs eða bakborðshlið skipsins, en vegna ölduhreyfinga slóst pramminn iðulega í skipshliðarnar og olli nokkrum skemmdum á þeim. Kveða stefnendur, að skipstjóri e/s Manfred hafi bent þeim, er að affermingunni unnu, á hættu þá, sem afferming í slíku veðri hefði í för með sér, og hafi þeir þá útvegað nokkra gamla hjólbarða, er settir hafi verið utan á stálprammann, en það hafi ekki dugað til að varna skemmdum. Nokkur athugun á skemmdunum fór

fram, meðan skipið var statt við Hellissand, og liggur fyrir í málinu endurrit af lýsingu á skemmdunum, dags. 21. júní 1950, og undirrituð af skipstjóra og verkstjóra varastefnda við affermingunа. Hinn 9. júlí 1950, er skipið var statt í Haugasundi í Noregi, framkvæmdi fulltrúi vátryggjenda skoðun og mat á skemmdunum. Viðstaddir skoðunina voru umboðsmaður aðalstefnda og skipstjóri e/s Manfred vegna skipseiganda. Allir þeir, sem við skoðunina voru, voru sammála um það, hverjar skemmdir höfðu orðið á skipinu við Hellissand, og mat fulltrúi vátryggjenda viðgerðarkostnaðinn n. kr. 3500.00, ef viðgerð færi fram í Noregi hjá „et middelstort verksted". Viðgerð var hins vegar ekki framkvæmd í Noregi, heldur kveða stefnendur hana hafa farið fram í Hälsingborg í Svíþjóð 16.—30. marz 1951, og hafi viðgerðarkostnaðurinn numið s. kr. 4810.00.

Stefnendur reisa kröfur sínar á því, að tvímælalaust beri aðalstefndi eða varastefndi ábyrgð á umræddum skemmdum á e/s Manfred og tjóni því, sem af þeim leiddi. Skemmdirnar séu að kenna vanrækslu starfsmanna stefndu, þeirra er að affermingunni unnu, og stefndu hafi ráðið því, að hún var framkvæmd undir þeim óhagstæðu aðstæðum, er raun varð á. Þá hafi affermingin verið í þeirra þágu og þeir hafi lagt til tæki það, sem skemmdunum olli. Hafa stefnendur sundurliðað kröfu sína svo:

1. Viðgerðarkostnaður	s. kr.	4810.00
2. Kostnaður við mat í Haugasundi	-	—	355.50
3. Mannakaup, vistir o. fl. meðan á viðgerð stóð	-	—	2686.50
4. Símakostnaður	-	—	168.00
5. Til Bureau Veritas	-	—	71.00
	Samtals s. kr.		8091.00

Aðalstefndi hefur haldið því fram, að svo hafi verið um samið milli hans og viðtakenda kolanna á fyrrgreindum höfnum, þar á meðal varastefnda, að þeir skyldu veita kolunum viðtöku við skipshlið, og hefur það ekki verið vefengt. Í samræmi við það samkomulag hafi varastefndi annazt affermingu kolanna á Hellissandi að öllu leyti, lagt til menn og tæki. Telur aðalstefndi því og reisir á því sýknukröfu sína, að honum sé uppskipunin á Hellissandi algerlega óviðkomandi.

Varastefndi reisir sýknukröfu sína á því, að þeir, sem að affermingunni unnu, hafi ekki átt neina sök á umræddum skemmdum. Telur hann, að sjógangur muni hafa verið fullmikill til þess að láta uppskipun fara fram, og hafi skipstjóra e/s Manfred borið að gæta þess, að að henni væri ekki unnið, ef það stofnaði skipinu í hættu. Þetta hafi skipstjórinn ekki gert, og beri hann (varastefndi) því ekki ábyrgð á því, hvernig fór.

Svo sem áður er sagt, annaðist varastefndi uppskipun kolanna á

Hellissandi og lagði til stálpramma þann, er notaður var við hana. Varastefndi gat ráðið því, í hvernig veðri uppskipunin fór fram, og stefndu höfðu hagsmuna að gæta í því, að henni væri hraðað, þar sem farmsendara bar samkvæmt farmsamningnum að greiða £65-0-0 fyrir hvern dag fram yfir biðdaga (demurrage). Starfsmenn varastefnda, þeir er að uppskipuninni unnu, höfðu sérstaka aðstöðu til að fylgjast með því, hvernig stálpramminn slóst við hliðar skipsins, er ferming í hann fór fram. Þeir gerðu þó ekki fullnægjandi ráðstafanir til þess að pramminn væri þannig útbúinn, að slíkt ylli ekki skemmdum á skipinu, þrátt fyrir ábendingar skipstjórans í þá átt, sem ekki er vefengt, að hafi átt sér stað. Verður því að telja, að umræddar skemmdir séu að kenna vangæzlu nefndra starfsmanna varastefnda.

Í 15. lið áðurgreinds farmsamnings segir, að farmsendari skuli taka við farmi við skipshlið án kostnaðar og áhættu (risk) fyrir skipið. Ber aðalstefndi því sem aðili að farmsamningnum ábyrgð gagnvart stefnendum á umræddum skemmdum og er bótaskyldur gagnvart þeim um tjón það, er af skemmdunum hlauzt.

Verða nú einstakir kröfuliðir stefnanda teknir til athugunar:

Um 1. Aðalstefndi hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum. Telur hann, að viðgerðarkostnaðurinn hafi orðið mun hærri, vegna þess að viðgerðin hafi ekki farið fram, fyrr en um 9 mánuðum eftir að tjónið varð, og á þeirri hækkun geti hann ekki borið ábyrgð. Þá hafi honum ekki verið gefinn kostur á að fylgjast með viðgerðinni. Loks muni viðgerðin hafa tekið til fleira en skemmda þeirra, er urðu á skipinu við Hellissand.

Þar sem umrædd viðgerð dróst, svo sem raun varð á, og aðalstefnda var ekki gefinn kostur á að fylgjast með henni, þykir vegna framangreindra mótmæla rétt að leggja fyrrgreint mat í Noregi til grundvallar viðgerðarkostnaðinum, og verður því varakrafa stefnenda um greiðslu á n. kr. 3500.00 tekin til greina, að því er varðar þenna lið.

Um 2. Kostnaðurinn undir þessum lið var nauðsynlegur vegna matsins í Noregi. Ber því að taka hann til greina, enda hefur aðalstefndi ekki mótmælt honum sérstaklega.

Um 3. Aðalstefndi hefur vefengt, að viðgerðin hafi tekið svo langan tíma sem stefnendur halda fram, og mótmælt þessum lið sem of háum.

Af verklýsingu um viðgerðina, sem fyrir liggur í málinu, virðist ljóst, að viðgerðin hefur ekki í neinum verulegum atriðum tekið til annars en skemmda þeirra, sem aðiljar eru sammála um, að orðið hafi á skipinu við Hellissand. Viðgerðin virðist ekki hafa tekið óeðlilega langan tíma, og þar sem stefnendur hafa lagt fram sundurliðaðan reikning yfir kostnað þann, er liður þessi fjallar um, verða framangreind mótmæli aðalstefnda ekki tekin til greina.

Um 4. Telja verður kostnað þenna aðalstefnda óviðkomandi, og

gegn mótmælum hans verður þessi kröfuliður því ekki tekinn til greina.

Um 5. Rétt þykir að taka þenna kröfulið til greina.

Samkvæmt framansögðu verða því úrslit málsins þau, að aðalstefndi verður dæmdur til að greiða stefnendum n. kr. 3500.00 + s. kr. 3113.00 með vöxtum eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Eftir þessum úrslitum gagnvart aðalstefnda ber að sýkna varastefnda af kröfum stefnenda, en rétt þykir, að málskostnaður, að því er hann varðar, falli niður.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum dr. Þorsteini Þorsteinssyni og Jónasi Jónassyni skipstjóra.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Samband íslenzkra samvinnufélaga, greiði stefnendum, Werkebäcken Ångfartygs Aktiebolag og Försäkringsaktiebolaget Ocean, n. kr. 3500.00 + s. kr. 3113.00 með 6% ársvöxtum frá 1. maí 1951 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Varastefndi, Kaupfélag Hellissands, á að vera sýkn af kröfum stefnenda, og falli málskostnaður, að því er hann varðar, niður.

Miðvikudaginn 2. nóvember 1955.

Nr. 97/1955. **Ragnar Blöndal h/f,**
Nærfataverksmiðjan Lilla h/f og
Gunnar Hall (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Högna Jónssyni (sjálfur)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um málskostnað í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur, sem hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júlí þ. á., gera þær dómkröfur, að héraðs-

dómur verði staðfestur að öðru en því, að hverjum aðilja um sig verði dæmt að bera kostnað sinn af málinu í héraði. Þeir krefjast málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefur skotið málinu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 31. ágúst þ. á., gerir þær dómkröfur, að héraðsdómur verði staðfestur að öðru en því, að sér verði dæmdur málskostnaður í héraði samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjenda in solidum að mati dómsins.

Þar sem eigi þykja efni til að breyta ákvæði héraðsdóms um málskostnað, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma aðaláfrýjendur in solidum til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Ragnar Blöndal h/f, Nærfataverksmiðjan Lilla h/f og Gunnar Hall, greiði in solidum gagnáfrýjanda, Högna Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. júlí 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., hefur Högni Jónsson héraðsdómslögmaður, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 31. maí þ. á., gegn Ragnari Blöndal h.f., Nærfataverksmiðjunni Lillu h.f. og Gunnari Hall framkvæmdastjóra, Víðimel 64, öllum hér í bænum, til greiðslu víxils að fjárhæð kr. 100.000.00, útgefins 2. desember f. á. af stefnanda Gunnari og samþykkts af stefnda Ragnari Blöndal h.f. til greiðslu í Iðnaðarbanka Íslands h.f. 28. febrúar þ. á., en á víxli þessum, sem afsagður var 2. marz s.l., eru útgefandi og stefndi Nærfataverksmiðjan Lilla h.f. ábekingar.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir til að greiða in solidum fjárhæð víxilsins, kr. 100.000.00, með 7% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags, ½% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 356.00 í stimpilgjald og afsagnarkostnað og málskostnað samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndu hafa krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 60.000.00.

Stefndu reisa kröfur sínar á því, að umræddur víxill sé kominn til með þeim hætti, að stefndi Ragnar Blöndal h.f. hafi fengið fé að láni gegn okurvöxtum hjá nafngreindum lögfræðingi hér í bænum. Síðar hafi lögfræðingur þessi samið um 40% eftirgjöf á öllum kröfum, sem hann átti á stefnda Ragnar Blöndal h.f., en meðal þeirra krafna hafi umræddur víxill verið. Hafi stefnanda verið um hvorttveggja þessara atriða kunnugt, er hann fékk víxilinn framseldan.

Með bréfi, dags. 4. f. m., kærði lögmaður stefndu til sakadómarans í Reykjavík út af framansögðu, en ekki hefur verið lagt fram í málinu neitt endurrit af réttarrannsókn vegna þeirrar kæru.

Stefnandi hefur mótmælt því, að varnir stefndu séu þess efnis, að þeim verði komið að í víxilmáli. Einnig hefur hann mótmælt, að honum hafi verið kunnugt um, að víxilskuldin hafi orðið til í sambandi við lánveitingu gegn okurvöxtum, svo og því, að hann hafi haft vitneskju um eftirgjöf lögfræðings á kröfum sínum á hendur stefnda Ragnari Blöndal h.f., er hann eignaðist víxilinn, enda muni þeir samningar ekki hafa verið gerðir fyrr en síðar.

Stefnandi reisir kröfur sínar alfarið á víxli þeim, sem fyrr greinir, og lagður hefur verið fram í málinu. Sætir málið því meðferð samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936. Varnir stefndu eru ekki þess eðlis, að þeim verði gegn andmælum stefnanda komið að í málinu samkvæmt 208. gr. nefndra laga. Verða kröfur stefnanda því teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 6100.00.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Ragnar Blöndal h.f., Nærfataverksmiðjan Lilla h.f. og Gunnar Hall, greiði stefnanda, Högna Jónssyni, einn fyrir alla og allir fyrir einn kr. 100.000.00 með 7% ársvöxtum frá 28. febrúar 1955 til greiðsludags, ½% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 356.00 í afsagnar- og stimpilgjald og kr. 6100.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. nóvember 1955.

Nr. 89/1955. **Þórður Guðmundsson** (Ragnar Jónsson)
gegn
Byggingarsamvinnufélagi starfsmanna ríkisstofnana (Ragnar Ólafsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson, Theodór B. Líndal prófessor og Einar B. Guðmundsson hrl.

Nauðungaruppboð. Greiðslutilboð. Kvaðir samkvæmt lögum um byggingarsamvinnufélög.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson borgarfógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1955 og krafizt þess, að synjað verði uppboðs og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með leigusamningi, dags. 17. febrúar og 21. marz 1950, tók áfrýjandi og annar nafngreindur maður á leigu lóðina nr. 8 við Engihlíð í Reykjavík til að reisa þar íbúðarhús. Áfrýjandi ákvað að gerast félagi í hinu stefnda félagi um íbúð sína á neðri hæð húss þess, sem reist var á nefndri lóð, og hinn 19. október 1951 gaf hann út tvö tryggingarbréf, að fjárhæð kr. 10.000.00 og kr. 150.000.00. Tjáðist hann í bréfum þessum vera félagi í hinu stefnda félagi og lýsti því, að hann hafi á vegum þess fengið nefnd lán með ríkisábyrgð samkvæmt II. kafla laga nr. 44/1946 „til byggingar íbúðar minnar Engihlíð 8, sem er í IV. byggingarflokki félagsins". Til tryggingar höfuðstóli nefndra lána, vöxtum af þeim og kostnaði veðsetti áfrýjandi ríkissjóði Íslands, sem ábyrgð tók á lánum byggingarsamvinnufélagsins lögum samkvæmt, og samhliða honum stefnda með 1. veðrétti íbúð sína, helm-

ing hússins nr. 8 við Engihlíð, þ. e. „neðri hæð með tilheyrandi", þar með talin samkvæmt veðbókarvottorði hálf kjallaraíbúð hússins. Í bréfinu var m. a. ákvæði um, að taka mætti hina veðsettu eign fjárnámi samkvæmt 15. gr. laga nr. 29/1885 eða selja hana á nauðungaruppboði samkvæmt 39. gr. laga nr. 95/1947, sbr. 3. gr. laga nr. 18/1887, ef vanskil yrðu á lánunum og ákvæðum tryggingarbréfanna. Áfrýjandi lenti í vanskilum, og var í fógetarétti Reykjavíkur hinn 23. nóvember 1954 gert fjárnám í íbúð áfrýjanda fyrir afborgunum og vöxtum, sem þá voru í gjalddaga fallin, kr. 56.923.61. En með beiðni, dags. 29. nóvember 1954, var þess af hendi stefnda krafizt, að íbúð áfrýjanda í nefndu húsi yrði seld á nauðungaruppboði til fullnustu skuldar við stefnda, að eftirstöðvum kr. 153.041.08 auk vaxta og kostnaðar. Var eignin síðan auglýst til uppboðs á venjulegan hátt.

Stefndi telur, að skuldin samkvæmt tryggingarbréfunum sé öll fallin í gjalddaga vegna vanskila. Hefur þessu eigi verið andmælt af hendi áfrýjanda. Hefur hann á dómþingi 2. apríl 1955 og í munnlegum málflutningi í uppboðsdómi hinn 10. júní 1955 boðið fram fulla greiðslu á eftirstöðvum samkvæmt nefndum tryggingarbréfum ásamt áföllnum vöxtum og öðrum kostnaði, þar á meðal innheimtulaunum samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands og fjárnámskostnaði, gegn því, að hann fái tryggingarbréfin afhent og kvittuð með þeim hætti, að unnt sé að afmá úr veðmálaregistri allar kvaðir á eigninni, Engihlíð 8, er í nefndu registri eru skráðar með heimild í þeim bréfum. Stefndi vill taka við greiðslu gegn því að afhenda áfrýjanda tryggingarbréfin kvittuð til aflýsingar og yfirlýsingu um, að rétt sé að afmá úr veðmálaregistri kvaðir á íbúð hans, Engihlíð 8, sem ritaðar eru samkvæmt tryggingarbréfunum, þó svo, að sú kvöð sé áfram skráð í registrinu, að eignin sé háð ákvæðum laga um byggingarsamvinnufélög. Tjáist stefndi eigi hafa heimild til að afmá þá kvöð og leysa eign áfrýjanda úr tengslum við byggingarsamvinnufélagið.

Úrlausnarefni samkvæmt framanskráðu er því, hvort áfrýjandi hafi boðið fram löglega greiðslu, sem afstýrt fái uppboði á eign hans.

Af því, sem að framan er rakið, er ljóst, að áfrýjandi hefur gerzt félagi í hinu stefnda félagi, sem stofnað var og starfaði samkvæmt II. kafla laga nr. 44/1946, er fjallar um byggingarsamvinnufélög. Hann hefur hagnýtt sér hlunnindi, sem lögin veita þeim, er félagar gerast í byggingarsamvinnufélagi, þá er hann reisti íbúð sína í húsinu nr. 8 við Engihlíð. Hann má því eigi skjóta sér undan þeim kvöðum, sem lögin leggja á félaga.

Eru eftirgreindar kvaðir einkum athugaefni:

1) Félagar í byggingarsamvinnufélagi bera samábyrgð á lánum í sama lánaflokki samkvæmt 15. gr. C laga nr. 44/1946, sbr. nú 15. gr. laga nr. 36/1952.
2) Félagi verður um íbúð sína að hlíta ákvæðum 20. gr. laga nr. 44/1946 um forkaupsrétt félagsstjórnar og leigu á henni. Hann má eigi selja íbúð sína yfir tiltekið hámarksverð né leigja hana hærra verði en félagsstjórn ákveður, sbr. nú 20. gr. laga nr. 36/1952.
3) Félag getur samkvæmt 21. gr. laga nr. 44/1946 heimt úr hendi félaga þann hluta söluverðs íbúðar, sem er umfram hámarksverð, sbr. nú 21. gr. laga nr. 36/1952.
4) Nú neytir félagsstjórn eigi forkaupsréttar samkvæmt 20. gr. laga nr. 44/1946, og er félaga þá rétt samkvæmt 22. gr. að selja eign sína hverjum þeim manni, er félagsstjórn samþykkir, en kaupandi verður þá að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja látins félaga, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eign hans, enda gerist þau löglegir félagar, sbr. nú 22. gr. laga nr. 36/1952.

Ákvæði þau, sem rakin voru, sýna, að byggingarsamvinnufélagi er veittur víðtækur réttur yfir eignum þeim, sem undir slíkt félag eru felldar. Það fær eigi samrýmzt þessum ákvæðum laganna að leysa megi eign, sem löglega er komin undir ákvæði II. kafla laga nr. 44/1946, nú II. kafla laga nr. 36/1952, undan valdi byggingarsamvinnufélags, þá er lán, sem fengin hafa verið til eignarinnar með atbeina félagsins, eru að fullu greidd. Eru og eigi í lögunum sérákvæði, sem heimila slíka meðferð. Brestur stefnda þannig

heimild til að láta afmá úr veðmálabókum þá kvöð, að eignarhluti áfrýjanda í húseigninni nr. 8 við Engihlíð sé háð ákvæðum laga um byggingarsamvinnufélög. Var greiðslutilboð áfrýjanda, það er að framan getur, því eigi löglegt, og ber að staðfesta úrskurð uppboðshaldara um nauðungaruppboð á nefndri eign að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Uppboðshaldari hefur eigi rökstutt niðurstöðu sína um, að greiðslutilboð áfrýjanda sé eigi fullnægandi, en eigi þykir alveg næg ástæða til að ómerkja úrskurðinn af þeim sökum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þórður Guðmundsson, greiði stefnda, Byggingarsamvinnufélagi starfsmanna ríkisstofnana, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 21. júní 1955.

Með beiðni, dags. 29. nóvember 1954, krafðist uppboðsbeiðandi, Eggert Kristjánsson hdl., þess, að hluti Þórðar Guðmundssonar, Grenimel 20, hér í bænum, í húseigninni nr. 8 við Engihlíð, hér í bæ, yrði auglýstur og seldur á nauðungaruppboði til fullnægju skuldar við Byggingarsamvinnufélag starfsmanna ríkisstofnana, samtals að eftirstöðvum kr. 153.041.08 auk vaxta og kostnaðar. Var eign þessi því næst auglýst í Lögbirtingablaðinu á venjulegan hátt, en er uppboð þetta skyldi fram fara 15. marz síðast liðinn, var mætt af hálfu eiganda eignarinnar, og varð þá samkomulag um að fresta uppboðinu til 28. sama mánaðar, en þá var því enn þá frestað til 2. apríl 1955, og var þá boðin fram greiðsla með vissum skilyrðum, sem uppboðsbeiðandi gat ekki gengið að. Hófst þá málflutningur um ágreining þenna, og að loknum munnlegum málflutningi var atriðið tekið undir úrskurð þann 10. þ. m.

Þann 23. nóvember 1954 var í fógetarétti Reykjavíkur gert fjárnám í hluta uppboðsþola, Þórðar Guðmundssonar, í húseigninni nr. 8 við Engihlíð, hér í bænum, fyrir gjaldföllnum afborgunum og vöxtum af lánum, upphaflega að fjárhæð kr. 160.000.00, er gerðarþoli hafði fengið hjá Byggingarsamvinnufélagi starfsmanna ríkisstofnana samkvæmt 2 tryggingarbréfum, útgefnum 19. október 1951. Nam hin gjaldfallna fjárhæð samtals kr. 56.923.61. Fjárnámsgerð þessari

hefur ekki verið áfrýjað til Hæstaréttar, og stendur hún því óhögguð sem grundvöllur fyrir uppboði þessu.

Í áminnstri uppboðsbeiðni er krafizt nauðungaruppboðs á hluta Þórðar í Engihlíð 8 til fullnægju þeirrar fjárhæðar, er í fjárnámsgerð greinir, svo og til fullnægju eftirstöðva skulda samkvæmt umgetnum tryggingarbréfum. Telur uppboðsbeiðandi, að vegna vanskila á greiðslu afborgana og vaxta af lánum þessum, þá séu þau öll fallin í gjalddaga og því réttilega kræf.

Eins og fyrr getur, hefur varnaraðili boðið fram fulla greiðslu á skuldum sínum við Byggingarsamvinnufélagið ásamt vöxtum og öllum kostnaði gegn því að fá skuldabréfin afhent og kvittuð, þó aðeins með þeim hætti, að unnt sé að afmá úr veðmálaregistrinu allar kvaðir á eigninni, Engihlíð nr. 8, er í registrinu eru skráðar með heimild í þeim bréfum. Telur hann, að hér sé um fullnægjandi greiðslutilboð að ræða, sem hljóti að varna því, að nauðungaruppboð fari fram á eigninni.

Sóknaraðili hefur samþykkt að taka við hinni framboðnu greiðslu og afhenda varnaraðilja tryggingarbréfin kvittuð til aflýsingar og með yfirlýsingum um, að heimilt sé að afmá úr veðmálaregistrinu allar kvaðir á eigninni, Engihlíð 8, er skráðar eru með heimild í þeim bréfum, aðrar en þær, að eignin sé háð ákvæðum laga um byggingarsamvinnufélög. Telur hann sig skorta heimild til að láta afmá þá kvöð. Eignarhluti varnaraðilja sé byggður samkvæmt lögum um byggingarsamvinnufélög, og sé hér umrædd kvöð sett samkvæmt þeim lögum.

Í tryggingarbréfum þeim, er varnaraðili gaf út til sóknaraðilja þann 19. október 1951 er svo fram tekið, að hann hafi fengið á vegum téðs félags eftirtalin lán með ríkisábyrgð samkvæmt II. kafla laga nr. 44/1946 til byggingar íbúðar sinnar Engihlíð 8. Með því að undirgangast þetta ákvæði hefur varnaraðili heimfært þessa umræddu eign sína undir ákvæði laga um byggingarsamvinnufélög og þar með takmarkað ráðstöfunarrétt sinn á henni. Um brottfall slíkrar kvaðar segir ekkert í lögum um byggingarsamvinnufélög og heyrir það ekki undir uppboðsréttinn, svo sem mál þetta liggur hér fyrir, að úrskurða um það atriði. Það er á valdi skráningarstjóra og almennu dómstólanna að skera úr þessu tilviki.

Það verður því ekki fallizt á, að varnaraðili hafi komið fram með löglegt greiðslutilboð, þar sem greiðslan er bundin því skilyrði, að umrædd kvöð verði afmáð. Þykir því verða að leyfa framgang þessa nauðungaruppboðs á ábyrgð uppboðsbeiðanda.

Ekki þykir ástæða til að úrskurða sérstakan málskostnað í máli þessu, þar sem uppboðsbeiðandi hefur gert kröfu til innheimtulauna, og þykir því mega láta málskostnað um þetta atriði falla niður.

Því úrskurðast:

Hið umrædda nauðungaruppboð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 7. nóvember 1955.

Nr. 129/1954. **Hjálmar Þorgilsson** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Hreppsnefnd Hofshrepps f. h. hreppsins

(Einar B. Guðmundsson)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Máli vísað frá héraðsdómi vegna vanreifunar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 29. júlí 1954 og áfrýjað málinu með stefnu 5. ágúst s. á. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 940.00 með 5% ársvöxtum frá 20. nóvember 1950 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Áfrýjandi, sem hefur fengið gjafsókn fyrir báðum dómum, krefst þess og, að kveðið verði á um málssóknarlaun til handa umboðsmanni sínum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Mál þetta var mjög vanreifað í héraði af hendi áfrýjanda, sem þar var sækjandi málsins. Samkvæmt fundargerð hreppsnefndar Hofshrepps 1. ágúst 1943 hafa á fundi nefndarinnar þann dag verið lögð fram tvö bréf áfrýjanda, dags. 16. og 26. júlí s. á., „þar sem farið er fram á, að hreppsnefndin hlutist til um, að sauðfé, sem gengur úr Deildardalsafrétti niður í slægjuland eyðijarðarinnar Stafns í Deildardal, verði rekið til afréttar eftir þörfum „nú í sumar"". Í bréfi sýslu-

manns Skagafjarðarsýslu 3. september 1947 til hreppstjórans í Hofshreppi er frá því skýrt, að áfrýjandi hafi hinn 9. ágúst s. á. ritað fjallskilastjóra Deildardalsafréttar varðandi kostnað, er áfrýjandi hafi haft af „að reka ágangsfé til afréttar". Þá er þess getið í fundargerð hreppsnefndar frá 15. marz 1948, að lagt hafi verið fram bréf áfrýjanda, dags. 9. s. m., þar sem hann fari fram á „skaðabætur vegna ágangs afréttarpenings í búfjárhaga jarðarinnar Stafns í Deildardal á s.l. sumri". Þessi bréf áfrýjanda eða endurrit þeirra hafa eigi verið lögð fram í málinu.

Í 12. gr. fjallskilareglugerðar fyrir Skagafjarðarsýslu nr. 89/1935 segir svo: „Ef sauðfé gengur úr afrétti á sumrum í búfjárhaga, getur sá, er fyrir ágangi verður, gert hreppsnefndinni þar í hreppi aðvart um það. Skipar hún þá fyrir um smölun þess og rekstur til afréttar". Eigi hafa verið flutt fram gögn um það, hvort áfrýjandi hafi neytt þessa ákvæðis, að öðru en því, sem getið er í framangreindri fundargerð hreppsnefndar frá 1. ágúst 1943. Þá er eigi í ljós leitt, hversu mikið hafi kveðið að ágangi afréttarfjár í landi áfrýjanda einstök skipti eða almennt, hverjum usla slíkur ágangur hafi valdið né hversu mikla vinnu áfrýjandi hafi lagt fram til vörzlu heimahaga sinna. Þessi atvik þurfti áfrýjandi að leiða í ljós eða þau þeirra, er hann vildi reisa málssókn sína á.

Málflutningur af hendi áfrýjanda í héraði var reikull og óljós. Eins og áður er rakið, er áfrýjandi í framangreindum bréfum sínum talinn hafa ýmist gert kröfu um greiðslu vegna kostnaðar af vörzlu lands síns eða um skaðabætur vegna ágangs afréttarpenings. Í reikningi til stefnda 1. september 1950 eru taldar skaðabætur fyrir ágang búfjár frá afrétti á Stafnsland árin 1943—1946, kr. 100.00 á ári, og árið 1947, kr. 115.00, eða samtals kr. 515.00. Í sáttakæru og stefnu er þessi kröfuliður skýrgreindur á sama hátt, og í greinargerð áfrýjanda í héraði er rætt um nefnda fjárhæð sem uslabætur. Umboðsmaður áfrýjanda í héraði lýsir því hins vegar í sóknarskjali sínu, að fjárhæðarinnar sé krafizt sem þóknunar til handa áfrýjanda fyrir að verja land sitt „fyrir ágangi afréttarpenings". Reisir umboðsmaðurinn sókn

sína þannig á öðru málsefni en gert hafði verið í sáttakæru, stefnu og greinargerð.

Vegna þeirra ágalla á reifun og flutningi málsins af hendi áfrýjanda, sem nú hafa verið taldir, þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00. Málflutningslaun lögmanns áfrýjanda hér fyrir dómi, kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Það athugast, að héraðsdómari hefur látið undan falla að kveða í dómi sínum á um málflutningslaun úr ríkissjóði til handa umboðsmönnum málsaðilja, sem báðir höfðu gjafsókn í héraði, sbr. 3. tölulið 173. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Hjálmar Þorgilsson, greiði stefnda, hreppsnefnd Hofshrepps f. h. hreppsins, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00. Málflutningslaun umboðsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Sveinbjörns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1500.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Skagafjarðarsýslu 27. febrúar 1954.

Mál þetta, sem var þingfest 4. febrúar 1953 samkvæmt samkomulagi aðilja, en án útgáfu nýrrar stefnu, er höfðað af Hjálmari Þorgilssyni, Kambi í Hofshreppi, gegn hreppsnefnd Hofshrepps innan Skagafjarðarsýslu, og tekið til dóms 18. þ. m.

Áður hafði sakarefnið verið lagt til sátta fyrir sáttanefnd Hofshrepps og síðan þingfest á aukadómþingi Skagafjarðarsýslu 24. maí 1951 samkvæmt útgefinni og birtri stefnu, skjöl framlögð og málið reifað og flutt. Á því sama þingi kvað dómarinn upp úrskurð um, að hann viki sæti í málinu ex officio, þar sem hann hefði fjallað um það og tekið afstöðu til þess á sýslufundi, en deiluefninu hafði verið skotið til sýslunefndar Skagafjarðarsýslu.

Í stað hins reglulega dómara, er vék sæti, var Guðbrandur Ísberg sýslumaður, Blönduósi, skipaður setudómari til að fara með og dæma málið. Um svipað leyti var aðiljum veitt gjafsókn og gjafvörn í málinu. Varð þá allmikið hlé á flutningi málsins af hendi aðilja, en loks var það tekið fyrir af nýju 4. febr. 1953. Báru aðiljar þá fram sameiginlega þá ósk, að málið yrði hafið þá þegar vegna smá formgalla, er erfitt væri að leiðrétta, en sem kynni að leiða til frávísunar málsins eða ómerkingar. Jafnframt var þess óskað af sömu aðiljum, að málið yrði þegar í stað tekið fyrir af nýju. Var orðið við óskum aðilja, málið hafið, en síðan þingfest af nýju, og voru öll skjöl málsins lögð fram, þau er áður höfðu verið fram lögð, þar á meðal sáttakæra og stefna, en nú fengu þau önnur númer en þau höfðu áður haft.

Sækjandi málsins, Hjálmar Þorgilsson, gerir þær dómkröfur, að hreppsnefnd Hofshrepps verði dæmd til að greiða honum skaðabætur fyrir ágang afréttarpenings að sumarlagi á jörð hans Stafn í Deildardal, 100 krónur á ári árin 1943—1946 og 115 krónur fyrir árið 1947, samtals kr. 515.00, og að auki ferðakostnað, kr. 300.00. Enn fremur krefst hann útlagðs málskostnaðar, kr. 371.65, samkvæmt framlögðum reikningum og málflutningslauna eftir mati dómarans.

Kröfur sínar byggir sækjandi og málflutningsmaður hans, sem er lögfræðingur, á 12. gr. reglugerðar um fjallskil fyrir Skagafjarðarsýslu frá 1935 (nr. 89 í B-deild Stjórnartíðinda frá því ári).

Sækjandi telur, að samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, sem leggi hreppsnefnd þá skyldu á herðar að sjá um og kosta rekstur afréttarfjár úr búfjárhögum að ¾, hafi hann átt kröfu til þess, að fjallskilasjóður eða sveitarsjóður greiddi honum ¾ kostnaðar við rekstur sauðfjár, sem runnið hafi af afrétt niður í búfjárhaga jarðar hans, Stafns í Deildardal. Kveðst hann hafa krafizt rekstrar ágangsfjár 16. júlí 1943, í bréfi til oddvita Hofshrepps, en ekki fengið svar fyrr en 5. ágúst sama ár, og þá neitandi. Hins vegar hafi hann fengið greiddar skaðabætur fyrir ágang á árinu 1948 og þar með hafi hreppsnefnd Hofshrepps viðurkennt réttmæti slíkrar kröfu.

Af hendi verjanda er því haldið fram, að jörðin Stafn hafi verið í eyði síðan 1925, en á eyðijörð sé ekki um búfjárhaga að ræða og enda þótt að svo væri, þá sé hér um mjög gamalt reglugerðarákvæði að ræða, frá þeim tíma er fráfærur tíðkuðust, og þá verið sett af nauðsyn vegna gæzlu búsmala í heimahögum, enda verið miðað við tímatakmarkið „viku fyrir göngur", en þá hafi verið venja að sleppa kvíám. Þessi sérstaka þörf vörzlu heimahaga vegna búsmala um nytjatíma hans hafi fallið niður, er hætt var að færa frá á árunum 1920—30. Þá er því mótmælt, að peningur sá, er sækjandi talar um að hafi valdið honum tjóni, hafi verið fé, gengið af fjalli, heldur muni þar hafa verið um að ræða heimafé frá Kambi, sem alls ekki hafi verið rekið á fjall, eða eitthvað af kindum þaðan, sem kunni

að hafa verið reknar, en slæðzt heim aftur, og þá ef til vill aðeins fáar kindur, sem alls ekki hafi getað talizt „ágangur", og því engin ástæða til að reka. Í annan stað sé svo alls ekki krafizt greiðslu fyrir rekstur afréttarfjár, enda hvorki færðar fram sannanir né líkur fyrir því, að hann hafi átt sér stað, heldur sé krafizt „skaðabóta" fyrir ágang afréttarfjár á „búfjárhaga", án þess að sýnt sé fram á, að um nokkurt tjón hafi verið að ræða, ekki sízt þar sem öll áhöfn sækjanda á jörðinni hafi árin 1943—1944 verið 5 geldar ær og 2—3 hross, en síðari árin, 1945—1947, alls engin samkvæmt fyrirliggjandi vottorði hreppstjóra. Greiðslan, kr. 100.00, til sækjanda á árinu 1948 hafi alls ekki verið „skaðabætur" heldur greidd honum fyrir rekstur stóðhrossa, sem þá hafi gengið af fjalli, og hafi sú greiðsla því ekkert fordæmi skapað.

Loks telur verjandi, að verulegur hluti jarðarinnar Stafns hafi verið lagður undir jörðina Kamb og sé því ábúandi Kambs réttur aðili í máli þessu, en ekki sækjandi, og krefst sýknu í málinu einnig á þeim forsendum.

Fyrir hönd verjanda er krafizt sýknu í málinu og hæfilegra málflutningslauna honum til handa úr hendi sækjanda eftir mati dómarans.

Í máli þessu þykir eigi verða komizt hjá því að gera sér ljósa þá alkunnu staðreynd, að sú meginregla hefur gilt hér á landi allt frá landnámstíð, að landráðandi yrði sjálfur að verja land sitt fyrir ágangi búfjár og gæti því aðeins gert kröfu til bóta fyrir beitarspjöll eða beit, að fénaður gangi yfir gildan löggarð eða granni væri ekki vítalaus af rekstri fjár síns í haga. Gagnstæð regla gildir víðast hvar erlendis, þar sem búfénaður er geymdur í girtum högum. Íslenzka reglan helgast af því, að í ógirtum heimahögum og ógirtum afréttum, þaðan sem fénaður getur jafnvel flækzt héraða á milli, er ekki unnt án stöðugrar hjásetu, jafnvel allt árið, að verja sig vítum af ágangi búfjár á annarra lönd, ef sú regla gilti, að jafnan skyldi bæta þann ágang, en slík varzla væri svo erfið í vöfum og kostnaðarsöm, að vafasamt er, að nokkur maður mundi treystast til að halda búfé við slíka aðstöðu. Þetta hafa íslenzkir bændur séð. Þeir hafa skilið, að ágangur búfjár innan þeirra takmarka, sem að ofan greinir, verður að þolast bótalaust, ef komast á hjá stöðugu nágrannastríði og málaferlum. Þess vegna hafa og ákvæði svokallaðrar réttarbótar frá 1294, þar sem segir, að krefjast megi bóta fyrir ágang á tún og engi, verið dauður bókstafur öldum saman í huga hins íslenzka búanda, sennilega þegar frá upphafi, af því að þau fóru í bág við skilyrði þau til búskapar, sem landið hafði upp á að bjóða. Slíkan dauðan bókstaf er víðar að finna í íslenzkum lögum, svo sem t. d. lögum um lausamenn frá 1907.

Telja verður upplýst í máli þessu, að sækjandi hafi greitt öll opinber gjöld og haldið uppi lögskilum af jörðinni Stafni og jörðin verið í hans umsjá öll þau ár, er bótakrafa hans nær til, en svo mundi

ekki hafa verið, ef hún hefði verið byggð öðrum til ábúðar eða nytja. Verður því ekki talið, að sækjanda skorti aðild í málinu, þannig að eitt nægi til að sýkna verjanda. Telja verður og upplýst, að jörðin Stafn hefur verið í eyði síðan 1925, þann veg að hvorki hefur verið á jörðinni fólk né áhöfn, og verður því á það að fallast, að jörðin sé eyðijörð og hafi verið það um alllangt skeið. Allt land skiptist í heimalönd og afréttir, með afréttum má og telja þær skákir heimalanda, sem notaðar eru sem afréttir samkvæmt sérstökum samningi eða af því að landið liggur að afrétt, óvarið og ónytjað. Stafn verður ekki talin vera slíkt afréttar-heimaland, þar sem hann ómótmælt er talinn hafa verið nytjaður að staðaldri til slægna að einhverju leyti. En heimalönd eru samkvæmt almennri málvenju tún og engi jarða og búfjárhagi. Það virðist því ekki geta orkað tvímælis, að búfjárhagi hafi verið á eyðijörðinni Stafni, jafnt fyrir það, þó að ekki væri að staðaldri beitt í hann nema 5 ám og 2—3 hrossum, sem var áhöfn sækjanda samkvæmt framtalsvottorði hreppstjóra, og þar sem því að öðrum þræði skýtur upp í málflutningi sækjanda, og þó einkum í málflutningi lögfræðings hans, að það, sem hann kallar bótakröfu, sé í raun og veru krafa um þóknun fyrir rekstur ágangsfjár samkvæmt 12. grein fjallskilareglugerðarinnar, þá virðist ekkert hafa verið því til fyrirstöðu, að slík krafa hefði komið til álita, ef þess hefði verið gætt að afla öruggra og handhægra sannana fyrir því, að slík þjónusta hefði átt sér stað af fullri þörf og eftir að hreppsnefnd hefði haft nægilegt svigrúm til að afla upplýsinga og ráða ráðum sínum. Slíkar sannanir liggja ekki fyrir í málinu, og gegn andmælum verjanda verður því slík krafa ekki tekin til greina.

Þá kemur til álita krafa sækjanda um bætur fyrir ágang, eins og hún er sett fram af honum sjálfum. Sú krafa byggist alls ekki á 12. grein fjallskilareglugerðarinnar, sem aðeins ræðir um þátttöku í kostnaði við rekstur ágangsfjár til afréttar. Varðandi þá kröfu vísast til þess, sem hér að framan segir um hina almennu meginreglu um vörzlu búpenings hér á landi. Til viðbótar kemur svo það, að til þess að um tjónbætur — skaðabætur — geti verið að ræða, verður tjón að hafa átt sér stað. Sækjandi hefur ekki reynt að sanna, að hann hafi beðið afurðatjón á skepnum sínum, 5 ám og 2—3 hrossum, vegna ágangs afréttarpenings á búfjárhaga Stafns, sem taldir eru hafa verið allmiklir að víðáttu. Og sækjandi hefur ekki heldur reynt að færa rök fyrir því eða sanna, að tekjur hans af slægjusölu hafi rýrnað vegna ágangs afréttarpenings á engi jarðarinnar né að aðstaða hans sjálfs til heyöflunar þar hafi breytzt til hins verra af sömu orsök. Verður því að líta svo á, að jafnvel þó ákvæði réttarbótarinnar frá 1294 væru talin vera í fullu gildi, skorti samt sem áður allar raunhæfar forsendur fyrir skaðabótakröfum sækjanda í máli þessu. Er því eigi unnt að taka þær til greina né heldur kostnaðarkröfur hans eða málsvarnarlaunakröfu,

og ber því að sýkna verjanda málsins, hreppsnefnd Hofshrepps, af öllum kröfum sækjanda í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum þykir ekki verða komizt hjá að dæma sækjanda til að greiða nokkurn málskostnað, sem eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Dómsorð:

Hreppsnefnd Hofshrepps á að vera sýkn af kröfum sækjanda í máli þessu.

Sækjandi málsins, Hjálmar Þorgilsson, Kambi, greiði hreppsnefnd Hofshrepps kr. 500.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. nóvember 1955.

Nr. 25/1955. **Ákæruvaldið** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Guðna Þórðarsyni (Kristján Guðlaugsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ákæra um brot á ákvæðum iðnlöggjafar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Í ákæruskjali, dags. 3. júní 1954, er ákærða gefið að sök, að hann hafi stundað ljósmyndagerð í atvinnuskyni nokkur undanfarin ár án þess að hafa atvinnuréttindi sem ljósmyndari. Í málinu hefur verið leitt í ljós, að ákærði tók að sér árið 1952 eftir beiðni framkvæmdastjóra Iðnsýningarinnar, sem haldin var í Reykjavík nefnt ár, að stækka nokkrar ljósmyndir, sem hafa átti á veggjum sýningarhússins. Vann hann verk þetta að nokkru leyti einn og að nokkru leyti ásamt öðrum nafngreindum manni. Fyrir starf þetta tók ákærði greiðslu, og eru reikningar hans fyrir það dagsettir í september 1952. Enn fremur kveðst ákærði hafa tekið ljósmyndir fyrir allmarga fleiri aðilja gegn gjaldi, en þar sem ekkert hefur verið frekar grennslast eftir því í prófum málsins, hvenær þetta hafi átt sér stað né um nánari

atvik að því, kemur ekki til álita að meta ákærða það til sakar.

Með ákvæðum 2. málsgr. 2. gr. og 1. töluliðs 3. málsgr. 15. gr. laga nr. 105/1936 um breytingu á lögum nr. 18/1927 er lögð refsing við því að reka iðnað án þess að fullnægja skilyrðum laganna um iðnréttindi. Verk það, sem ákærði vann fyrir Iðnsýninguna, þykir út af fyrir sig ekki nægja til að telja hann hafa rekið iðnað í merkingu nefndra lagagreina. Og þar sem ekki er leitt í ljós, að ákærði hafi lagt stund á ljósmyndagerð með þeim hætti, að talið verði til iðnrekstrar, ber að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja á ríkissjóð greiðslu alls sakarkostnaðar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00, og laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1700.00.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Þórðarson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda málsins í Hæstarétti, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00, og málflutningslaun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kl. 1700.00.

Sératkvæði hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Mál þetta er mjög vanprófað í héraði. Eigi sést, að reikningar þeir, sem lagðir hafa verið fram í málinu, hafi verið bornir undir ákærða né hann spurður að því, hvernig fjárhæð þeirra var skipt milli hans og Hjálmars Bárðarsonar. Þá hafa forstöðumenn Iðnsýningarinnar 1952 eigi verið kvaddir vættis í málinu til að spyrja þá um skipti þeirra við ákærða.

Loks hefur ákærði ekki verið spurður rækilega um tilkostnað hans við ljósmyndagerð fyrir Iðnsýningu þessa, sem þó var ástæða til.

Ákærði hefur kannazt við að hafa tekið ljósmyndir fyrir allmarga aðilja og að hafa haft nokkrar tekjur af því, en eigi hefur þetta verið rannsakað nánar.

Þá hefur vitnið Sigurður Guðmundsson skýrt frá því, að það hafi haft spurnir af, að ákærði hafi tekið myndir fyrir Samband ísl. samvinnufélaga, en eigi sést, að ákærði hafi verið um þetta spurður né það rannsakað á annan hátt. Loks hefði þurft að afla gagna um, hversu miklu tekjur ákærða af ljósmyndastarfi hans hafi numið eftir 13. maí 1951, að því er næst verður komizt.

Vegna þessara megingalla á rannsókn máls þessa í héraði þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar rannsóknar og dómsálagningar af nýju.

Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að dæma á hendur ríkissjóði, þar með talin greiðsla málflutningslauna sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar rannsóknar og dómsálagningar af nýju.

Allan kostnað af áfrýjun málsins ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Kristjáns Guðlaugssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Þar sem meiri hluti dómenda Hæstaréttar fellst ekki á ómerkingu héraðsdóms, mun ég samkvæmt ákvæðum 47. gr. laga um Hæstarétt, nr. 112/1935, greiða atkvæði um efni málsins.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. desember 1954.

Ár 1954, fimmtudaginn 16. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af Stefáni Guðjohnsen,

fulltrúa sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 5868/1954: Ákæruvaldið gegn Guðna Þórðarsyni, sem þingfest var og dómtekið 15. október s.l.

Málið er höfðað gegn ákærða, Guðna Þórðarsyni blaðamanni, til heimilis að Barmahlíð 17, hér í bæ, með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 3. júní 1954, þar sem gegn ákærða er höfðað opinbert mál fyrir brot á lögum um iðju og iðnað nr. 18 frá 1927, 14. gr., 2. mgr., sbr. 13. gr., sbr. 1. gr. og 2. gr. laga nr. 105/1936, sbr. 27. gr. laga nr. 18/1927, sbr. 15. gr. laga nr 105/1936. Þykir ákærði hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að stunda ljósmyndagerð í atvinnuskyni nokkur undanfarin ár án þess að hafa iðnréttindi sem ljósmyndari, sérstaklega árið 1952, er hann bjó til og seldi „Iðnsýningunni 1952" ljósmyndir fyrir rúmlega kr. 29.000.00 og bjó til í félagi með Hjálmari R. Bárðarsyni skipaverkfræðingi og seldi sömu sýningu ljósmyndir fyrir svipaða upphæð.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur í Hvítanesi í Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu, 24. maí 1923.

Hann hefur ekki sætt ákæru né refsingu fyrr, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi Ljósmyndarafélags Íslands, dagsettu 8. maí 1953, er kært yfir því til sakadómara, að tveir menn, ákærði í máli þessu og Hjálmar Bárðarson skipaverkfræðingur, virðist stunda ljósmyndun og ljósmyndagerð almennt gegn greiðslu, þannig að telja verði starfsemi þeirra sem atvinnu.

Í kærubréfi er sérstök athygli vakin á því, að ofangreindir menn hafi tekið að sér mikla vinnu við ljósmyndagerð fyrir iðnsýningu, sem haldin var í Reykjavík haustið 1952, og haft miklar tekjur af.

Í máli ákærða hófst svo rannsókn 13. maí 1953 í sakadómi Reykjavíkur. Fyrir dóminn kom sem vitni Sigurður Guðmundsson ljósmyndari, formaður Ljósmyndarafélags Íslands. Hann staðfesti framan greint kærubréf og undirskrift sína undir það. Vitnið segir, að ákærði hafi ekki iðnréttindi í ljósmyndun, en hafi þó stundað mikið ljósmyndatöku undanfarin ár. Vitnið kveðst vita til þess, að ákærði hafi haft mikla vinnu við ljósmyndun fyrir Iðnsýninguna 1952. Vitnið segir, að myndir ákærða hafi verið illa unnar frá faglegu sjónarmiði. Það kveðst hafa heyrt, að ákærði hafi stundað ljósmyndun fyrir Samband íslenzkra samvinnufélaga svo og fréttaljósmyndir fyrir blöð, en Ljósmyndarafélagið hafi þó látið hið síðastnefnda afskiptalaust. Vitnið lagði þá fram ljósprentuð eftirrit reikninga frá ákærða til Iðnsýningarinnar fyrir ljósmyndir. Sumir reikningarnir eru sameiginlega frá ákærða og Hjálmari Bárðarsyni. Vitnið telur, að ákærði hafi með framangreindri ljósmyndun og ljósmyndagerð framið skýlaust brot á iðnlöggjöfinni.

Framangreindir reikningar eru 8 að tölu, dagsettir í maí og sept-

ember 1952. Þeir sýna, að ákærði hefur framleitt og selt Iðnsýningunni 1952 ljósmyndir einn og einnig í félagi við Hjálmar Bárðarson, og eru það kr. 43.190.00, sem ákærði þannig fékk greiddar frá Iðnsýningunni. Upphæðin er ranglega talin kr. 29.000.00 í ákæruskjali.

Ákærði skýrir svo frá fyrir dómi, að ekki hafi hann lært ljósmyndun og sé því ekki faglærður ljósmyndari. Ákærði kveðst undanfarin ár hafa stundað ljósmyndun í tómstundum og oft fyrir greiðslu. Hann kveðst hafa tekið ljósmyndir fyrir allmarga aðilja, m. a. Iðnsýninguna 1952. Ákærði tók þó fram, að hann hefði bent forstjóra Iðnsýningarinnar á að leita til faglærðs ljósmyndara, er hann leitaði til ákærða, en lét tilleiðast að taka verkið að sér, þegar í ljós kom, að fagljósmyndarar höfðu ekki þær myndir né myndastærð, sem óskað var eftir. Tekjur kveðst ákærði hafa haft nokkrar af þessari tómstundavinnu sinni, sem þó ekki yfirleitt hafi farið fram úr tilkostnaði.

Ákærði taldi, að sér væri þessi starfsemi heimil að lögum. Ákærði óskaði bókað, að formaður Ljósmyndarafélagsins hafi í mörg ár vitað um starfsemi ákærða, en ekki hreyft kæru fyrr en nú, og taldi hann, að það, að hann væri nú kærður, væri ofsókn gegn sér af pólitískum toga spunnin. Aldrei kveðst ákærði hafa auglýst sig sem ljósmyndara né sótzt eftir vinnu við ljósmyndun.

Ákærða var skipaður verjandi í málinu, Kristján Guðlaugsson hrl., að eigin ósk.

Í varnarskjali er krafizt sýknu til handa ákærða. Því er hreyft þar, að starfsemi ákærða sé tómstundavinna og verði að teljast heimilisiðnaður. Hún falli því ekki undir II. kafla laga nr. 18 frá 1927 með breytingu laga nr. 105/1936.

Dómurinn getur þó ekki á þetta fallizt. Dómurinn lítur svo á, að ljósmyndun og ljósmyndagerð ákærða undanfarin ár, sem hann hefur stundað í allstórum stíl fyrir borgun og virzt hafa alldrjúgar tekjur af, einkum frá Iðnsýningunni 1952, falli af greindum ástæðum undir lagaákvæði þau, er í ákæruskjali greinir, og hafi ákærði því með starfsemi sinni, sem líta verður á, að sé stunduð í atvinnuskyni, farið inn á svið faglærðra manna í lögverndaðri iðngrein.

Með framangreindri starfsemi sinni lítur því dómurinn svo á, að ákærði hafi gerzt brotlegur við lagaákvæði, sem réttilega eru tilgreind í ákæruskjali.

Refsing ákærða ákveðst samkvæmt 27. gr. laga nr. 18/1927 sbr. 15. gr. laga nr. 105/1936, og þykir hún með hliðsjón af alldrjúgum tekjum ákærða af starfseminni hæfilega ákveðin 2000 kr. í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 7 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., kr. 700.00.

Dómsuppkvaðning hefur dregizt lítillega vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Þórðarson, greiði 2000 kr. í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., kr. 700.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 9. nóvember 1955.

Nr. 26/1955. **Ákæruvaldið** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn
Hjálmari Rögnvaldi Bárðarsyni
(Kristján Guðlaugsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Ákæra um brot á ákvæðum iðnlöggjafar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Í ákæruskjali, dags. 3. júní 1954, er ákærða gefið að sök, að hann hafi stundað ljósmyndagerð í atvinnuskyni nokkur undanfarin ár án þess að hafa iðnréttindi sem ljósmyndari. Í málinu hefur verið leitt í ljós, að ákærði tók að sér árið 1952 ásamt öðrum nafngreindum manni eftir beiðni framkvæmdastjóra Iðnsýningarinnar, sem haldin var í Reykjavík nefnt ár, að stækka nokkrar ljósmyndir, sem hafa átti á veggjum sýningarhússins. Fyrir starf þetta tók ákærði greiðslu, og eru reikningar hans fyrir það dagsettir í september 1952. Þá hefur ákærði lýst því, að hann hafi stundum látið í té myndir gegn gjaldi, ef leitað væri eftir þeim, sérstaklega tiltekinni opinberri stofnun, en þar sem ekkert hefur verið frekar grennslast eftir því í prófum málsins, hvenær þetta hafi átt sér stað né um nánari atvik að því, kemur ekki til álita að meta ákærða það til sakar.

Með ákvæðum 2. málsgr. 2. gr. og 1. töluliðs 3. málsgr. 15. gr. laga nr. 105/1936 um breytingu á lögum nr. 18/1927 er lögð refsing við því að reka iðnað án þess að fullnægja skilyrðum laganna um iðnréttindi. Verk það, sem ákærði vann fyrir Iðnsýninguna, þykir ekki út af fyrir sig nægja til að telja hann hafa rekið iðnað í merkingu nefndra lagagreina. Og með því að ekki er leitt í ljós, að ákærði hafi lagt stund á ljósmyndagerð með þeim hætti, að talið verði til iðnrekstrar, ber að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja á ríkissjóð greiðslu alls sakarkostnaðar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun sækjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00, og laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1700.00.

Það athugast, að í héraðsdóminum er ranglega sagt, að í ákæruskjali sé ákærði talinn hafa fengið greiddar kr. 29.000.00 frá Iðnsýningunni.

Dómsorð:

Ákærði, Hjálmar Rögnvaldur Bárðarson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun sækjanda málsins í Hæstarétti, Gústafs A. Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00, og málflutningslaun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Kristjáns Guðlaugssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1700.00.

Sératkvæði hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Mál þetta er mjög vanprófað í héraði. Eigi sést, að reikningar þeir, sem lagðir hafa verið fram í málinu og varða ákærða, hafi verið bornir undir hann né hann spurður að því, hvernig fjárhæð þeirra var skipt milli hans og Guðna Þórðarsonar. Þá hafa forstöðumenn Iðnsýningarinnar 1952

eigi verið kvaddir vættis í málinu til að spyrja þá um skipti þeirra við ákærða. Loks hefur ákærði ekki verið spurður rækilega um tilkostnað hans við ljósmyndagerð fyrir Iðnsýningu þessa, sem þó var ástæða til.

Í prófum málsins hefur ákærði kannast við að hafa tekið myndir af Þjóðleikhúsinu og sýningum þar gegn endurgjaldi, en eigi hefur verið rannsakað, hvenær myndatökur þessar hafa átt sér stað né hversu mikið endurgjald ákærði hefur fengið fyrir þær. Þá hefur ákærði játað að láta stundum myndir í té gegn gjaldi, ef leitað er eftir þeim, að því er virðist til annarra aðilja en nú hafa verið nefndir. En héraðsdómari hefur látið algerlega undir höfuð leggjast að spyrja ákærða frekar um þetta og leita síðan skýrslna þeirra aðilja, sem hlut hafa átt að máli. Loks hefði þurft að afla gagna um, hversu miklu tekjur ákærða af ljósmyndastarfi hans hafi numið eftir 13. maí 1951, að því er næst verður komizt.

Vegna þessara megingalla á rannsókn máls þessa í héraði þykir verða að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar rannsóknar og dómsálagningar af nýju.

Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar ber að dæma á hendur ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar rannsóknar og dómsálagningar af nýju.

Allan kostnað af áfrýjun málsins ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gústafs A. Sveinssonar og Kristjáns Guðlaugssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Þar sem meiri hluti dómenda Hæstaréttar fellst ekki á ómerkingu héraðsdóms, mun ég samkvæmt ákvæðum 47. gr. laga um Hæstarétt, nr. 112/1935, greiða atkvæði um efni málsins.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. desember 1954.

Ár 1954, þriðjudaginn 14. desember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Stefáni Guðjohnsen, fulltrúa sakadómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 5861/1954: Ákæruvaldið gegn Hjálmari Bárðarsyni, sem þingfest var og dómtekið 15. október s.l.

Mál þetta er höfðað af hálfu ákæruvaldsins með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 3. júní 1954, gegn ákærða, Hjálmari Bárðarsyni skipaverkfræðingi, til heimilis að Grenimel 30, hér í bæ, fyrir brot á lögum um iðju og iðnað nr. 18/1927, 14. gr., 2. mgr., sbr. 13. gr., sbr. 1. gr. og 2. gr. laga nr. 105/1936, sbr. 27. gr. laga nr. 18/1927, sbr. 15. gr. laga nr. 105/1936. Þykir ákærði hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að stunda ljósmyndagerð í atvinnuskyni nokkur undanfarin ár án þess að hafa iðnréttindi sem atvinnuljósmyndari, sérstaklega árið 1952, er hann bjó til og seldi í félagi með Guðna Þórðarsyni blaðamanni „Iðnsýningunni 1952" ljósmyndir fyrir rúmlega kr. 29.000.00.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur á Ísafirði 8. júní 1918. Hann hefur ekki fyrr sætt kæru né refsingu, svo að vitað sé.

Málavextir eru þessir:

Með kærubréfi Ljósmyndarafélags Íslands er kært yfir því til sakadómara, að tveir menn, ákærði í máli þessu og Guðni Þórðarson blaðamaður, virðist stunda ljósmyndun og ljósmyndagerð almennt gegn greiðslu, þannig að telja verði starfsemi þeirra atvinnu. Bréf þetta er dagsett 8. maí 1953.

Í greindu kærubréfi er vakin sérstök athygli á því, að greindir menn hafi tekið að sér mikla vinnu við ljósmyndagerð fyrir Iðnsýninguna, sem haldin var í Reykjavík 1952 um haustið, og haft af miklar tekjur.

Í máli þessu hófst svo dómsrannsókn fyrir sakadómi Reykjavíkur 13. maí 1953. Fyrir dóminn kom sem vitni Sigurður Guðmundsson ljósmyndari, formaður Ljósmyndarafélags Íslands. Hann staðfesti framangreint kærubréf og undirskrift sína undir það. Vitnið segir, að ákærði hafi ekki iðnréttindi sem ljósmyndari að íslenzkum lögum. Vitnið kveðst þó vita til, að ákærði hafi stundað ljósmyndun fyrir ýmsa aðilja, m. a. „illustreruð" blöð, sem vitnið þó segir, að fagfélag hans hafi látið afskiptalaust. Vitnið segir og, að ákærði hafi haft mikla vinnu við ljósmyndun og framleiðslu mynda fyrir Iðnsýninguna 1952. Segir vitnið, að myndir ákærða þar hafi verið illa unnar frá faglegu sjónarmiði. Vitnið lagði þá og fram ljósprentuð eftirrit reikninga, sem ákærði ásamt Guðna Þórðarsyni hafði gert til Iðnsýningarinnar. Vitnið álítur því, að ákærði hafi með framangreindri

ljósmyndun og ljósmyndagerð framið skýlaust brot gegn lögum um iðju og iðnað.

Framangreindir reikningar eru 8 að tölu, dagsettir í maí og september 1952. Þeir sýna, að hlutur ákærða af heildarupphæð reikninganna er kr. 14.885.00, sem ákærði hefur fengið greiddan frá Iðnsýningunni fyrir ljósmyndun og ljósmyndagerð. Upphæð greidd ákærða frá Iðnsýningunni er ranglega talin kr. 29.000.00 í ákæruskjali.

Fyrir dómi skýrði ákærði svo frá, að hann hafi ekki réttindi í ljósmyndun hér á landi, en kveðst hafa tekið námskeið í ljósmyndagerð við verkfræðingaháskólann í Kaupmannahöfn á námsárum sínum, án prófs í því, og verið m. a. ljósmyndari við „Mandens Blad" í Kaupmannahöfn án athugasemda frá dönskum ljósmyndurum. Ákærði kveðst undanfarin ár hafa tekið ljósmyndir í fristundum, segist hafa tekið þátt í alþjóðaljósmyndasýningum og því ljósmyndað alls konar „motiv". Hann viðurkennir að hafa gert ljósmyndir fyrir Iðnsýninguna og tekið greiðslu fyrir það verk. Hann kveðst einnig nokkrum sinnum hafa tekið myndir af Þjóðleikhúsinu og sýningum þess og selt Þjóðleikhúsinu þær, að beiðni þjóðleikhússtjóra. Í sambandi við vinnuna fyrir Iðnsýninguna kveðst mætti hafa mælzt til þess, að fagljósmyndurum yrði boðið að taka það verk að sér. Hann kveðst hafa fært þetta í tal við framkvæmdastjóra sýningarinnar. Ákærði segir síðan, að þetta hafi verið gert, en hann hafi svo komizt að því, að þeir gátu ekki látið í té þá ljósmyndastærð, sem óskað var eftir, og því var aftur snúið sér til ákærða og áðurgreinds Guðna Þórðarsonar blaðamanns, og tóku þeir þá verkið að sér. Ekki kveðst ákærði nokkurn tíma hafa auglýst sig sem ljósmyndara og kveðst stöðugt stunda ljósmyndun einn, en eingöngu þó sem áhugamaður, en þó, eins og áður segir, af og til láta myndir af hendi gegn borgun, sé fram á það farið við hann. Um tekjur sínar af ljósmyndun segir ákærði, að þær fari engan veginn fram úr tilkostnaði. Í sambandi við ljósmyndagerð fyrir Iðnsýninguna tekur ákærði sérstaklega fram, að hann hafi ekki tekið myndir á sýningunni fyrir stjórn hennar, heldur úr myndum, aðallega „motivum" úr iðnaði, sem hann átti í fórum sínum, til sýningar.

Verjandi ákærða, Kristján Guðlaugsson hrl., hefur í varnarskjali krafizt sýknu ákærða til handa, telur, að hér sé um tómstundavinnu og hreina áhugamennsku að ræða og falli því starfsemin ekki undir II. kafla laga nr. 18/1927, sbr. breytingu laga nr. 105/1936, þar sem hér sé nánast um heimilisiðnað að ræða.

Dómurinn getur ekki fallizt á þessi sjónarmið. Dómurinn lítur svo á, að ljósmyndun og ljósmyndagerð ákærða undanfarin ár, sem hann virðist stunda í allstórum stíl fyrir borgun og virzt hafa alldrjúgar tekjur af, einkum frá Iðnsýningunni 1952, falli af greindum ástæðum undir lagaákvæði þau, er réttilega eru greind í ákæru-

skjali, og hafi ákærði því með starfsemi þessari, sem líta verður svo á, að sé stunduð í atvinnuskyni, farið inn á svið faglærðra manna í lögverndaðri iðngrein og gerzt með því brotlegur við ákvæði þau, er í ákæruskjali greinir.

Refsing ákærða ákveðst samkvæmt 27. gr. laga nr. 18/1927, sbr. 15. gr. laga nr. 105/1936, og þykir hún með hliðsjón af þó nokkrum tekjum af starfseminni hæfilega ákveðin 2000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., kr. 700.00.

Dómsuppsaga hefur dregizt nokkuð vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Hjálmar Rögnvaldur Bárðarson, greiði 2000 kr. í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Guðlaugssonar hrl., kr. 700.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 11. nóvember 1955.

Nr. 141/1954. **Kol & Salt h/f** (Einar B. Guðmundsson)
gegn
Valgeiri Jónssyni (Sveinbjörn Jónsson)
og
Valgeir Jónsson
gegn
Kol & Salt h/f og
Hafnarsjóði Reykjavíkur
(Einar B. Guðmundsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. ágúst 1954 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur fengið gagnáfrýjunarleyfi 4. október 1954 og gagnáfrýjað málinu með stefnu 11. okt. 1954. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda og stefnda, Hafnarsjóði Reykjavíkur, verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 6743.05 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. maí 1953 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00, en eigi er ástæða til að taka kröfu stefnda um málskostnað til greina.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Kol & Salt h/f, greiði gagnáfrýjanda, Valgeiri Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Gagnáfrýjandi á að vera sýkn af kröfu stefnda, Hafnarsjóðs Reykjavíkur, um málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júní 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. f. m., hefur Valgeir Jónsson bifreiðarstjóri, Kirkjuvegi 30, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 6. maí 1953, gegn Ásgeiri Jónssyni forstjóra, Hólavallagötu 3, f. h. Kol og Salt h/f og Valgeiri Björnssyni hafnarstjóra, Laufásvegi 67, f. h. Reykjavíkurhafnar, báðum hér í bæ, sameiginlega til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 8574.66 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. maí 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa að mati dómarans. Til vara er stefnukröfunni mótmælt sem of hárri.

Málavextir eru þessir:

Síðla dags hinn 30. desember 1952 ók stefnandi bifreið sinni, Ö 33, sem er leigubifreið, frá Togaraafgreiðslunni við austanverða Reykjavíkurhöfn sem leið liggur vestur með höfninni áleiðis að hafnsögubátnum, en hann átti að flytja tvo farþega bifreiðarinnar um borð í togara, sem lá á ytri höfninni. Dimmt var orðið, enda klukkan um 6 e. h. Er stefnandi ók eftir hafnarbakkanum fyrir framan kolakranann, sá hann, að trekt hékk niður úr krananum við efri takmörk hafnarbakkans og var verið að renna kolum úr trektinni á vörubifreið. Skip lá við hafnarbakkann fyrir framan kolakranann. Áður en stefnandi kom að trektinni, kveðst hann hafa numið staðar, en er hann hafði athugað aðstæður nánar, kveðst hann hafa haldið áfram, þar eð hann áleit, að verið væri að nota kranann til vinnu við kolabing, en ekki við að afferma skipið, því að hann sá enga hreyfingu á krananum í þá átt. Stefnandi sá, að maður stóð hjá bifreið þeirri, sem verið var að ferma, og virtist stjórna hleðslunni. Stefnandi kveður mann þenna ekki hafa gefið sér nein aðvörunarmerki eða vísbendingu um, hvað færi þarna fram. Stefnandi ók síðan áfram og ók vel sjávarmegin við trektina. Er hann kom á móts við trektina, féll kolademba yfir bifreiðina. Greip kolakranans var þá

að koma upp úr skipinu, og hrundi úr henni nokkurt magn af kolum, er hún kom yfir hafnarbakkann. Ók stefnandi í skyndi undan hruni þessu, stöðvaði bifreiðina og fór út úr henni til að athuga þetta nánar. Sá hann nú, að vinstri framrúða bifreiðarinnar var brotin og brestur í þeirri hægri, vélarhlíf, þak, hurð farangursgeymslu, hægra frambretti og vinstra afturbretti höfðu beyglazt. Þá voru og minni dældir hingað og þangað á þessum stöðum. Er atburður þessi gerðist, kveður stefnandi, að myrkur hafi verið og staðurinn illa upplýstur, en hvorki rigning né snjókoma. Stefnandi kveðst engin aðvörunarmerki hafa séð þarna, en kveðst áður, að degi til, hafa tekið eftir skiltum á krananum, þar sem varað er við að fara undir krann á meðan hann vinnur. Stefnandi átti nú tal við menn, sem unnu við kranann, en hélt síðan áfram ferð sinni.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að svæði það, sem hann ók um, er fyrrnefndur atburður gerðist, lúti yfirráðum beggja stefndu, þegar verið er að vinna á því, eins og í umrætt skipti. En öryggisútbúnaði og varúðarráðstöfunum hinna stefndu sé áfátt, og beri þeir því solidariska ábyrgð á öllu tjóni því, sem stefnandi varð fyrir.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því, að svæði það, sem um ræðir, sé vinnusvæði, eins og allir hafnarbakkar og bryggjur, og þeir, sem um slík svæði ferðist án þess að vera þar að vinnu, geri það á eigin áhættu og ábyrgð. Þá er því og haldið fram af hálfu stefndu, að allur öryggisútbúnaður á staðnum hafi verið í fullkomnu lagi, er fyrrnefndur atburður gerðist. Tjónið hafi orðið fyrir vítavert gáleysi stefnanda sjálfs, og hann verði því að bera tjón sitt sjálfur.

Menn, sem unnu við kolakranann í umrætt skipti, hafa skýrt svo frá, að kraninn hafi verið upplýstur með þremur 500 kerta perum. Var ein á sleða þeim, sem greipin er á, önnur lýsti upp bifreiðina, sem verið var að ferma, og ein pera á bita yfir hafnarbakkanum, og lýsti hún niður. Önnur vinnuljós eða aðvörunarmerki munu ekki vera á krananum á þessum stað. Þá mun kraninn einnig hafa staðið nálægt götuljósi. Sömu menn hafa einnig skýrt frá því, að yfirleitt skipti menn þeir, sem vinna við kranann, sér ekki af umferðinni um hafnarbakkann, þegar kolakraninn vinni.

Kröfur sínar í málinu hefur stefnandi sundurliðað þannig:

1. Vinstri framrúða samkvæmt reikningi	kr.	611.05
2. Ísetning á sömu rúðu	—	100.00
3. Bifreiðakostnaður milli Keflavíkur og Reykjavíkur vegna rannsóknar	—	132.00
4. Áætlaður viðgerðarkostnaður samkvæmt mati ..	—	6231.61
5. Vinnutjón, áætlað 10 dagar á kr. 150/—	—	1500.00
Samtals	kr.	8574.66

Um 1., 2. og 3. lið. Af hálfu stefnda eru þessir liðir viðurkenndir.

Um 4. lið. Stefnandi hefur lækkað upphæð þessa í kr. 5000.00, og er sú upphæð viðurkennd af hálfu stefndu.

Um 5. lið. Aðiljar hafa orðið ásáttir um að leggja 6 daga vinnutap til grundvallar fjárhæð þessa kröfuliðs, en greinir á um, hve vinnutap nemi miklu á dag. Hafa stefndu viljað miða við kr. 90.00 á dag, og þykir það hæfilegt. Verður þessi liður því tekinn til greina með kr. 540.00.

Stefnda Reykjavíkurhöfn er að vísu eigandi lóðar þeirrar, er kolakraninn stendur á. Hins vegar hefur meðstefnda, Kol og Salt h/f, lóð þessa á leigu og er eigandi kolakranans. Hefur það full umráð yfir þessu hvorttveggja, þótt armur kolakranans nái út fyrir takmörk leigulóðarinnar. Telja verður, að stefnda Reykjavíkurhöfn hafi mátt treysta því, að Kol og Salt h/f hefði allan öryggisútbúnað í sambandi við notkun kranans í lagi og hún hafi því ekki, eins og á stóð, haft aðstöðu til að gera sjálf sérstakar varúðarráðstafanir. Skortur á fullnægjandi öryggisútbúnaði verður því ekki talinn vera á ábyrgð Reykjavíkurhafnar. Ber því að sýkna hana af kröfum stefnanda í málinu, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður, að því er hana varðar.

Dómarinn hefur farið á vettvang og athugað staðhætti. Aðvörunarmerki, ca 1 m × ½ m á stærð, hangir á örmum kranans í um tveggja mannhæða hæð og er á þessa leið: „Farið varlega þegar hegrinn vinnur". Merki þessi munu sjást ógreinilega, er dimma tekur. Hafnargarðarnir þarna eru að vísu ekki ætlaðir til aksturs bifreiða að óþörfu, en hins vegar mun slíkur akstur tíðkast þar. Þar sem ljóst er, að hætta getur stafað af krananum, þegar hann vinnur að fermingu eða affermingu skipa, ber að tálma umferð, er svo stóð á. Stefnda Kol og Salt h/f sem eigandi og umráðamaður þessa tækis gætti þessa ekki, og verður það því talið bótaskylt gagnvart stefnanda.

Á slíkum stöðum sem hafnargörðum ber að sýna sérstaka aðgæzlu við bifreiðaakstur, því einatt má búast við ýmsum hættum og hindrunum. Stefnanda var kunnugt um aðvörunarmerki á krananum og honum var ljóst, að kraninn var í notkun. Bar honum því að ganga úr skugga um, að engin hætta væri á ferðum, áður en hann ók áfram. Hefur hann því ekki sýnt næga aðgæzlu og þykir því rétt, að hann beri ½ tjónsins sjálfur.

Stefnda Kol og Salt h/f ber því að greiða stefnanda kr. 3191.53 ásamt málskostnaði, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 950.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefnda Reykjavíkurhöfn skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Valgeirs Jónssonar, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Stefnda Kol og Salt h/f greiði stefnanda kr. 3191.53 ásamt

6% ársvöxtum frá 7. maí 1953 til greiðsludags og kr. 950.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. nóvember 1955.

Nr. 99/1955. **Steingrímur Árnason** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Ísi h/f (Ólafur Þorgrímsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Innsetningarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júlí 1955. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma innsetningargerð. Hann krefst og, að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Verðmæti hluta þeirra, sem stefndi lagði til smíðar á vélinni, hefur eigi verið í ljós leitt. Brestur því gögn til að dæma, hvor aðilja sé eigandi hennar, og ber samkvæmt þessu að staðfesta úrskurð fógeta að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Steingrímur Árnason, greiði stefnda, Ísi h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Kópavogs 13. júní 1955.

Ár 1955, mánudaginn 13. júní, var í fógetarétti Kópavogskaupstaðar, sem settur var í skrifstofu setts bæjarfógeta í Hafnarfirði af Birni Sveinbjörnssyni, fulltrúa hans, uppkveðinn úrskurður í innsetningarmálinu: Steingrímur Árnason gegn Ísi h/f.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 9. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Steingrímur Árnason framkvæmdastjóri, með beiðni, dagsettri 31. f. m., krafizt þess, að ein bindivél, sem hann taldi sig eiga, yrði með fógetavaldi tekin úr vörzlum Árna Böðvarssonar útgerðarmanns vegna Íss h/f í Kópavogskaupstað, þar sem vörzlumaður hefði neitað að afhenda vélina af frjálsum vilja.

Gerðarþoli, Árni Böðvarsson útgerðarmaður, framkvæmdastjóri fyrir hönd Íss h/f, hefur mótmælt framgangi gerðarinnar. Báðir aðiljar hafa krafizt málskostnaðar að mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að í októbermánuði 1952 leigði gerðarþoli, Ís h/f, gerðarbeiðanda, Steingrími Árnasyni, hraðfrystihús í Kópavogi með ýmsum öðrum byggingum og tækjum, en ekki liggja fyrir í máli þessu frekari upplýsingar um leigumála þenna. Á árinu 1953 fékk gerðarbeiðandi Þorstein Erlingsson, vélsmið í Skipasundi 31 í Reykjavík, til að smíða fyrir sig bindivél til pökkunar á harðfiski. Telur hann, að bindivél þessi hafi verið fyrir sig persónulega og rekstri hraðfrystihússins óviðkomandi. Vél þessa kveðst hann hafa fengið afhenta í ágúst 1953 og greitt Þorsteini hana að fullu hinn 18. þess mánaðar með kr. 16.800.00. Hefur hann lagt fram reikning eða kvittun fyrir þessari upphæð frá Þorsteini og stendur þar: „An 1 stk. bindivél". Enn fremur er þar tilgreint fyrrnefnt verð og að vélin sé að fullu greidd. Gerðarþoli heldur því fram, að mestallt efni það, sem notað var í vél þessa, hafi verið eign Íss h/f, enda hafi bindivélin verið smíðuð með það fyrir augum að nota hana við rekstur hraðfrystihússins, en ekki fyrir gerðarbeiðanda persónulega. Hafi mest af efni því, sem notað var í vélina, verið hlutir, sem Ís h/f átti. Hafi meðal annars verið notaðar í hana sturtur og grind úr vörubíl, sem Ís h/f átti, og mótor, sem var eign félagsins. Telur hann ástæðuna til þess, að notað var efni, sem gerðarþoli átti, þá, að með því móti yrði vélin ódýrari. Það er viðurkennt af gerðarbeiðanda, að sturtur, grindin og fleira úr bílnum muni hafa verið eign Íss h/f, enda er það upplýst með framburði Þorsteins Erlingssonar, og hann hefur enn fremur viðurkennt, að gerðarþoli kunni að hafa átt mótorinn. Hann kveðst hins vegar hafa kostað viðgerð á mótor þessum svo mikla, að nema mundi verði hans. Enn fremur hefur hann haldið því fram, að hann telji viðskipti Íss h/f og Þorsteins um efni í vélina sér óviðkomandi og hafa talið efni innifalið í kaupverðinu, eins og reikningurinn ber með sér.

Ekki er upplýst í máli þessu, hversu mikils virði hlutir þeir, sem gerðarþoli lagði til í vélina, hafi verið, en af gögnum málsins virðist

þó mega ráða, að þar sé um að ræða verulegan hluta af verði vélarinnar. Þá verður og ekki talið, eins og á stóð, að gerðarbeiðandi hafi mátt ganga út frá því sem gefnu, að gerðarþola hefði verið greitt efni það, er hann fékk í vélina. Verður því að telja líkur fram komnar fyrir því, að umrædd bindivél sé sameign aðilja, og þykir því réttur gerðarbeiðanda til umræddrar bindivélar ekki nógu glöggur til að taka megi vélina úr vörzlum gerðarþola og fá hana gerðarbeiðanda.

Samkvæmt þessu ber að synja um framgang gerðarinnar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna gerð skal ekki fram fara.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 14. nóvember 1955.

Nr. 127/1954. **Jón J. Barðason** (Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs (Tómas Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp úrskurðinn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júlí 1954 og krefst þess, að synjað verði lögtaks og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Staðfesta ber úrskurð fógeta með skírskotun til forsendna hans.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Jón J. Barðason, greiði stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1800.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 15. júní 1954.

Gerðarþola, Jóni J. Barðasyni, Njálsgötu 87, hér í bæ, var gert að greiða útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ár 1953 kr. 3500.00. Þar eð hann hefur eigi greitt útsvar þetta, hefur borgarstjórinn í Reykjavík f.h. bæjarsjóðs og á hans ábyrgð krafizt þess, að lögtak verði látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar ofangreindri útsvarsskuld.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar þar eð hann telur, að hann hafi eigi verið útsvarsskyldur hér umrætt tímabil og að útsvarið hafi því ranglega verið á hann lagt hér.

Kveðst gerðarþoli hafa átt heima hér í bæ frá bernsku og þangað til hann fluttist héðan úr bænum í Kópavogshrepp 26. júní 1952. Kveðst hann hafa átt heima þar í hreppnum óslitið síðan. Hann kveðst hafa rekið hér í bænum tóbaksverzlun frá því árið 1946 þar til í októbermánuði 1953, að hann seldi verzlunina, en nokkru síðar kveðst hann hafa stofnað hér í bæ innflutningsverzlun, er hann hafi rekið hér óslitið síðan, enda hún verið á firmaskrá hér allan tímann. Kveðst gerðarþoli hafa unnið einn að fyrirtækjum sínum hér í bæ, þ. e. enga launþega haft í sínu brauði. Hann kveðst ekki hafa verið skráður á manntal hér haustið 1952, enda muni kona hans hafa tilkynnt manntalsskrifstofunni brottflutning þeirra hjóna í Kópavogshrepp sumarið 1952, sem að framan greinir, og hann kveðst enga skattskýrslu hafa fengið hér til framtals um áramót 1952—53. Þó hafi verið lagt á hann hér í bæ veltuútsvar fyrir 1953 vegna tóbaksverzlunar hans hér.

Gerðarþoli kveðst hafa talið lögheimili sitt í Kópavogshreppi, frá því er hann fluttist þangað, og hafa greitt þar öll opinber gjöld, og þar kveðst hann hafa talið fram til skatts tekjur sínar á árinu 1952, enda hafi honum verið gert að greiða þar í hreppi fullt útsvar fyrir ár 1953, er hann hafi að fullu greitt. Hefur hann lagt fram í málinu vottorð hreppstjóra Kópavogshrepps um dvöl sína þar í hreppnum, sem að framan greinir.

Gerðarbeiðandi hefur haldið fast við kröfu sína um lögtak, og hafa aðiljar lagt atriðið undir úrskurð réttarins.

Samkvæmt framanskráðu er það upplýst í máli þessu, að gerðarþoli flytzt héðan úr bænum í Kópavogshrepp sumarið 1952 og að hann hefur átt heima þar í hreppi óslitið síðan, enda talið lögheimili sitt þar og talið þar fram til skatts. Hins vegar hefur gerðarþoli rekið hér tóbaksverzlun frá því árið 1946 og þangað til í októbermánuði 1953, og nokkru síðar stofnaði hann hér innflutningsverzlun, er hann starfrækir enn hér í bæ. Að fyrirtækjum sínum hér kveðst gerðarþoli hafa starfað einn, þ. e. ekki hafa haft neina launþega í brauði sínu. Það er ljóst, að þegar gerðarþoli fluttist héðan úr bænum í Kópavogshrepp sumarið 1952, var slitið heimilisfesti hans hér, en hann öðlaðist heimilisfesti í Kópavogshreppi. Hann hefur því ekki samkvæmt hinni almennu reglu í 8. gr. útsvarslaganna nr. 66/1945 verið útsvarsskyldur hér í bæ á umræddum tíma. En í undantekningarákvæði fyrrnefndrar greinar útsvarslaganna er heimilt, ef viss skilyrði eru fyrir hendi, að leggja á gjaldþega á fleiri stöðum en einum. Um þetta segir í nefndri lagagrein á þessa leið: „Þó má leggja á gjaldþegn á fleiri stöðum en einum: a. Ef hann hefur heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, víðar en í einni sveit, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans".

Nú er það upplýst í máli þessu, að verzlun gerðarþola hér í bæ er á umræddum tíma skráð í firmaskrá hér í bæ sem heimilisföst hér, og virðist því auðsætt, að hún fellur undir undantekningarákvæði útsvarslaganna, þau er að framan greinir, engu síður en hér væri um útibú að ræða.

Rétturinn lítur svo á, að gerðarþoli hafi vegna atvinnurekstrar síns hér verið útsvarsskyldur hér umrætt tímabil samkvæmt framangreindu ákvæði 8. gr. útsvarslaganna, og að útsvarið hafi því réttilega verið á hann lagt hér.

Samkvæmt þessu þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Mánudaginn 14. nóvember 1955.

Nr. 124/1954. **H/f Björgvin**
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Mál hafið. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Á dómþingi 11. þ. m. var þess krafizt af hálfu áfrýjanda, sem fengið hefur gjafsókn hér fyrir dómi, að mál þetta yrði hafið og talsmanni hans fyrir Hæstarétti dæmd málflutningslaun úr ríkissjóði.

Stefndi, sem sótti dómþing, krafðist ómaksbóta.

Samkvæmt þessu verður mál þetta hafið og stefnda dæmdar ómaksbætur úr hendi áfrýjanda, kr. 1000.00.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti ákveðast kr. 1000.00.

Dómsorð:

Mál þetta er hafið.

Áfrýjandi, Björgvin h/f, greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 1000.00 í ómaksbætur.

Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Lárusar Jóhannessonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. nóvember 1955.

Nr. 158/1953. **Ásbjörn Guðmundsson** (Gunnar Jónsson hdl.)
gegn
Einari Árnasyni (Gunnar Þorsteinsson)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Ómerking máls vegna vanreifunar og ólögmætrar málsmeðferðar.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1953, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu af sinni hálfu til Hæstaréttar með stefnu 30. október 1953, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 2800.00 eða aðra lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar ásamt 6% ársvöxtum frá 29. maí 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt stefnu til héraðsdóms 4. janúar 1952 krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda í máli þessu um skaðabætur vegna tjóns, er hann telur sig hafa hlotið af því, að starfi aðaláfrýjanda við miðstöðvarlögn í húsi gagnáfrýjanda hafi verið mjög ábótavant. Hafði gagnáfrýjandi uppi í héraði svonefndar aðal- og varakröfur, sem hvorar um sig byggðust á gerólíkum sjónarmiðum, og krafðist hann því raunverulega annars tveggja, bóta samkvæmt aðalkröfu eða varakröfu. Ekki verður séð, að aðalkrafan hafi verið sundurliðuð fyrr en við munnlegan flutning málsins 1. október 1952, en þá var hún sundurliðuð á þenna veg:

1. Aukinn hitunarkostnaður ..... kr. 1500.00
2. Húsaleigutjón í 8 mánuði ..... — 2000.00
3. Matskostnaður ..... — 950.00

4. Skemmdir á málningu ..... — 2000.00
5. Dýrari efniskaup og vinna við að bæta við miðstöðvarofna ..... — 690.58
6. Leiga fyrir miðstöðvarofna ..... — 350.00

Samtals kr. 7490.58

Við hinn munnlega málflutning lækkaði umboðsmaður gagnáfrýjanda kröfu þessa um kr. 100.00, en ekki verður séð, hvaða liður eða liðir voru lækkaðir. Kröfuliðir 1—2 og 4—6 voru og mjög vanreifaðir.

Varakröfu sína í héraði sundurliðaði gagnáfrýjandi hins vegar þannig í samræmi við mat dómkvaddra manna:

1. Andvirði viðbótarofna ..... kr. 1452.00
2. Vinna við að tengja ofna samkvæmt 1. lið — 309.40
3. Einangrunarefni ..... — 300.00
4. Vinna við einangrun ..... — 496.22
5. „Ófyrirséð o. fl.“ ..... — 242.38

Samtals kr. 2800.00

Héraðsdómur tekur afstöðu til hinna einstöku liða í framangreindri aðalkröfu gagnáfrýjanda, en lætur ódæmda aðra liði varakröfunnar en 4. lið, sem tekinn er til greina. Hins vegar dæmir héraðsdómur aðaláfrýjanda til að greiða kr. 111.60 vegna kostnaðar af að lagfæra öfugan halla á ofnum. Hvorki verður þó séð, hvenær krafa þessi hefur verið höfð uppi né að sátta hafi verið leitað um hana. Loks dæmir héraðsdómur aðaláfrýjanda til að greiða ósundurgreindar bætur vegna framkvæmdar á verkinu og dráttar, kr. 1200.00.

Fyrir Hæstarétti krefst gagnáfrýjandi nú sömu fjárhæðar og greindi í varakröfu í héraði, en sundurliðar hana þannig:

1. Vinna við að koma fyrir viðbótarofnum kr. 309.40
2. Vinna við einangrun ..... — 496.22
3. Kostnaður við réttingu á ofni ..... — 111.60
4. Bætur vegna óhæfilegs dráttar á framkvæmd verksins ..... — 1200.00
5. Einangrunarefni ..... — 300.00
6. Bætur vegna dýrari efniskaupa ..... — 382.78

Kröfur samkvæmt 1. og 5. lið eru þær sömu og héraðs-

dómur lét ódæmdar. Ekki sést, að leitað hafi verið sátta um kröfu samkvæmt 3. lið, krafa samkvæmt 6. lið er jafn vanreifuð og var um 5. lið aðalkröfu í héraði og í 4. lið er tekin sú bótafjárhæð, sem héraðsdómur dæmdi ósundurgreint og án fullnægjandi rökstuðnings.

Eins og ljóst er af framanskráðu, eru miklir annmarkar á meðferð máls þessa. Kröfur af hendi gagnáfrýjanda eru mjög vanreifaðar, kröfugerð óljós og reikul, héraðsdómur hefur látið ódæmda marga kröfuliði, ekki leitað sátta um einn og rökstuðningur fyrir niðurstöðu er ófullnægjandi. Vegna þessara megingalla ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum verður gagnáfrýjanda dæmt að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi, Einar Árnason, greiði aðaláfrýjanda, Ásbirni Guðmundssyni, kr. 3500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 28. febrúar 1953.

Ár 1953, laugardaginn 28. febrúar, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar, sem haldið var í réttarsal embættisins af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, sem dómsformanni, ásamt meðdómendum Snæbirni Bjarnasyni vélfræðing og Árna Gíslasyni vélsmið, uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 9. febrúar s.l.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 4. janúar 1952, af Einari Árnasyni bókara, Hólabraut 12, á hendur Ásbirni Guðmundssyni pípulagningarmeistara, Hringbraut 15, Hafnarfirði, aðallega til greiðslu á kr. 7490.58 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. maí 1951 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., en til vara krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 2800.00 með 6% ársvöxtum frá 29. maí 1951 til greiðsludags og málskostnað eins og í aðalkröfu, og enn fremur, hvor krafan sem tekin verði til greina, verði stefndur dæmdur til greiðslu matskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi.

Af hálfu stefnda var krafizt algerrar sýknu og að honum verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Sáttaumleitun í málinu varð árangurslaus.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi máls þessa, Einar Árnason, hefur reist hér íbúðarhús á lóðinni Hólabraut 12, hér í bæ. Seinni hluta árs 1949 var byggingu þess þar komið, að stefnandinn samdi við stefnda í máli þessu, Ásbjörn Guðmundsson, um að leggja miðstöð og allar tilheyrandi pípulagnir í hús þetta. Samningar milli aðilja um verkið voru munnlegir. Eftir því sem upplýst er í málinu, virðist hér hafa verið um að ræða venjulega ákvæðisvinnu, þannig að stefndi legði til vinnuna og útvegaði allt efni og fengi greiðslu fyrir vinnuna samkvæmt fagtaxta sínum og efni eftir reikningi. Stefndi byrjaði á verki þessu í nóvember 1949 og hélt svo áfram þar til í febrúar 1950, en virðist lítið sem ekkert hafa unnið að þessu verki eftir það, og lauk hann því ekki né heldur skilaði því af sér í fullkomnu standi. Stefnandinn varð sjálfur að ljúka því, sem ógert var, enda fengust ekki fagmenn til að ganga inn í ófullgert verk, sem talið var á annars vegum.

Á þessu tímabili var oft erfitt um útvegun efnis til slíkra lagna, og þurfti stundum lengi að bíða eftir, að það fengist í verzlunum. Virðist þetta hafa háð verkinu, enda þótt augljóst sé, að það hafi sætt svo óhæfilegum seinagangi, að ekki getur stafað nema að nokkru leyti af efnisskorti.

Enda reis upp ágreiningur út af verkinu, og varð endirinn sá, að stefnandinn hóf málssókn þessa. Hefur stefnandinn haldið fram, að komið hafi í ljós ýmsir gallar á verkinu auk hins óhæfilega dráttar og þess, sem ógert var, og hefur hann uppi í málinu bótakröfur fyrir allt þetta á hendur stefnda, og er aðalkrafa hans þannig sundurliðuð:

1.	Aukinn upphitunarkostnaður	kr. 1500.00
2.	Húsaleigutap 8 mánuði, 250/— pr. mánuð	— 2000.00
3.	Matskostnaður	— 950.00
4.	Skemmdir á málningu	— 2000.00
5.	Dýrari efniskaup og vinna, 73 element 9/46	— 690.58
6.	Leiga fyrir miðstöðvarofna	— 350.00
		Samtals kr. 7490.58

Stefnandinn hefur haldið því fram, að miðstöðvarlögnin skilaði ófullnægandi hita og neðri hæð hitnaði betur en efri hæðin. Þá hefur hann fullyrt að blettir á nokkrum stöðum, þar sem málning hefur flagnað af vegna bleytu, stafaði frá leka á miðstöðvarlögninni. Þá hefur stefnandinn einnig haldið fram, að stefndi hafi með óhæfilegum drætti á framkvæmd verksins og einkum þó með að ljúka aldrei verkinu bakað honum mikil óþægindi og aukinn kostnað og bent í því sambandi meðal annars á, að hann hafi orðið af húsa-

leigu í að minnsta kosti 8 mánuði og á þessu tímabili hafi verð á efni hækkað stórkostlega og það orðið honum til tjóns.

Gegn þessu hefur stefndi haldið fram, að hann hafi aðeins tekið að sér að útvega það efni, sem fáanlegt var á hverjum tíma, en alkunnugt hafi verið, að pípur og annað til miðstöðvarlagna hafi á þessu tímabili aðeins fengizt með höppum og glöppum og af því stafi allur dráttur, sem varð á verkinu. Enn fremur heldur stefndi fram, að engir gallar hafi verið á verkinu, sem honum beri að bæta. Að lokum telur stefndi, að hann hafi lokið verkinu, að svo miklu leyti sem mögulegt var vegna efnisskorts, hann hafi skilað af sér verkinu, öll tæki verið tengd, en aðeins verið eftir að spenna ofna, þegar þeir fengjust, en samkvæmt taxta pípulagningarmanna sé öll ofnaspenna utan ákvæðisvinnu. Stefndi mótmælir því, að stefnandinn hafi orðið fyrir nokkru tjóni né eigi nokkra kröfu á stefnda í sambandi við umrætt verk.

Í málinu hafa farið fram tvær mats- og skoðunargerðir til athugunar á miðstöðvarlögninni og frágangi á verki stefnda, hin fyrri 25. janúar 1951 og hin síðari 11. desember 1952. Hafa þær leitt í ljós um ágreiningsatriði málsins það, sem hér skal rakið.

Stærð miðstöðvarketilsins er talin hæfileg, en hins vegar vanti miðstöðvarofna að stærð 13.2 m^2. Ekkert sé athugavert við pípulagnir, nema einangrun vanti á pípum og hitavatnsgeymi í kyndiklefa, og er vinna við það metin kr. 496.22.

Þá hefur einnig komið í ljós, að öfugur halli er á tveimur ofnum, sem talið er hafa þau áhrif, að ófullnægjandi lofttæming á sér stað og að vatnsrennsli verði ekki nægilegt til að hita ofnana. Kostnaður við að lagfæra þetta hefur reynzt kr. 111.60.

Dómurinn verður að fallast á, að ofnaspenna falli ekki undir ákvæðisvinnu samkvæmt reglum pípulagningarmanna, og verður stefnda ekki gert að bera þann kostnað. Hins vegar ber stefnda bæði að annast einangrun á kyndiklefa og laga hallann á ofnunum, og verður kostnaður við hvorttveggja framansagðar kr. 607.82.

Um það atriði, hvort betur hitnaði niðri eða uppi, töldu matsmenn sig ekki geta borið nema með ýtarlegri rannsókn en fyrir hendi var. Bletti þá, sem stefnandinn taldi, að málning hefði skemmzt á vegna leka frá pípulögn, töldu matsmenn orðna þurra og ekki hægt að skera úr, hvort stafað hefði frá leka, nema brjóta upp pípulögn á tilsvarandi stöðum, en ekki hefur þótt fært að ráðast í það. Í sambandi við blettina vill dómurinn taka fram eftir athugun á staðnum, að hann telur miklar líkur fyrir því, að umræddir blettir stafi einmitt frá leka á pípulögn, sem nú er hætt að leka, því að ekki hefur verið hægt að benda á aðra sennilega skýringu á þessum blettum.

Um einstaka liði í aðalkröfu stefnandans skal þetta tekið fram.

Í málinu hafa ekki verið lögð fram fullnægjandi gögn fyrir upphæðum liðanna: 1. liður, aukinn upphitunarkostnaður, 2. liður, húsa-

leigutap, 4. liður, skemmdir á málningu, og 5. liður, dýrari efniskaup, en hins vegar getur dómurinn fallizt á, að stefndi hafi með framkvæmd á verki sínu og drætti bakað stefnandanum aukinn kostnað í þessum atriðum.

En um 6. lið, leiga fyrir miðstöðvarofna, eru engin gögn fyrir hendi.

Dómurinn telur, að auk þess sem stefnda beri að greiða stefnandanum kostnað vegna framkominna galla, samkvæmt því sem áður hefur verið rakið, kr. 607.82, beri stefnda einnig að bæta stefnandanum annað tjón, sem hann hefur bakað stefnandanum samkvæmt framansögðu, og þykja þær bætur hæfilega metnar kr. 1200.00.

Þá ber stefnda og að greiða stefnandanum matskostnað, sem orðið hefur í málinu, kr. 1050.00, og málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 675.00.

Að öðru leyti verða kröfur stefnandans, bæði aðalkröfur og varakröfur, ekki teknar til greina.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Ásbjörn Guðmundsson, greiði stefnandanum, Einari Árnasyni, kr. 1807.82 og matskostnað, kr. 1050.00, svo og málskostnað, kr. 675.00, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. nóvember 1955.

Nr. 98/1955. **Ragnar Blöndal h/f** (Ólafur Þorgrímsson)
gegn
Guðmundi Kristjánssyni (Baldvin Jónsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um málskostnað í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júlí þ. á., gerir þá dómkröfu, að málskostnaðarákvæði héraðsdóms verði fellt úr gildi og að hvorum aðilja um sig verði dæmt að bera kostnað sinn af málinu í héraði. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem hefur skotið málinu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 31. ágúst þ. á., gerir þær dómkröfur, að héraðsdómur verði staðfestur að öðru en því, að dæmdur málskostnaður í héraði verði hækkaður. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda að mati dómsins.

Þar sem eigi þykja efni til að breyta ákvæði héraðsdóms um málskostnað, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Ragnar Blöndal h/f, greiði gagnáfrýjanda, Guðmundi Kristjánssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. júlí 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. f. m., hefur Guðmundur Kristjánsson kaupmaður, Vesturgötu 35, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26. apríl þ. á., gegn Ragnari Blöndal h.f. til greiðslu víxils, að fjárhæð kr. 40.000.00, útgefins 15. september f. á. af Gunnari Hall, Víðimel 64, og samþykkts af stefnda til greiðslu í Iðnaðarbanka Íslands h.f. 15. desember f. á., en víxil þenna hefur útgefandi framselt eyðuframsali.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 40.000.00, með 7% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags, ½% fjárhæðarinnar í þóknun og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu gegn greiðslu á kr. 24.000.00.

Stefndi reisir kröfur sínar á því, að umræddur víxill sé til kominn með þeim hætti, að stefndi hafi fengið fé að láni gegn okurvöxtum hjá nafngreindum lögfræðingi hér í bænum. Síðar hafi lögfræðingur þessi samið um 40% eftirgjöf á öllum kröfum, sem hann ætti á stefnda, en meðal þeirra krafna hafi nefndur víxill verið. Hafi stefnanda verið um hvorttveggja þessara atriða kunnugt, er hann fékk víxilinn framseldan.

Með bréfi, dags. 23. maí s.l., kærði lögmaður stefnda til sakadómarans í Reykjavík út af framansögðu, en ekki hefur verið lagt fram í málinu neitt endurrit af réttarrannsókn vegna þeirrar kæru.

Stefnandi hefur mótmælt því, að varnir stefnda séu þess efnis, að þeim verði komið að í víxilmáli. Einnig hefur hann andmælt því, að honum sé kunnugt um, að víxilskuldin sé orðin til í sambandi við lánveitingu gegn okurvöxtum til stefnda svo og því, að hann hafi haft vitneskju um eftirgjöf lögfræðingsins á kröfum sínum á hendur stefnda, er hann eignaðist víxilinn, enda muni þeir samningar ekki hafa verið gerðir fyrr en síðar.

Stefnandi reisir kröfur sínar alfarið á víxli þeim, sem fyrr greinir og lagður hefur verið fram í málinu. Sætir málið meðferð samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936. Varnir stefnda eru ekki þess eðlis, að þeim verði gegn andmælum stefnanda komið að í málinu samkvæmt 208. gr. nefndra laga. Verða kröfur stefnanda því teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 3300.00.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Ragnar Blöndal h.f., greiði stefnanda, Guðmundi Kristjánssyni, kr. 40.000.00 með 7% ársvöxtum frá 15. desember 1954 til greiðsludags, ½% fjárhæðarinnar í þóknun og kr. 3300.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. nóvember 1955.

Nr. 65/1955. **Ákæruvaldið** (Egill Sigurgeirsson)
gegn
Ásgeiri Valdimar Ólafssyni
(Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn húsaleigulögum.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi. Verður á það að fallast með skírskotun til raka héraðsdóms, að ákærði hafi gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, sem þar greinir, og

þykir refsing hans hæfilega ákveðin sekt kr. 1000.00, og komi varðhald 6 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Um kröfu Haralds Jónssonar um endurgreiðslu á ofgreiddri húsaleigu skal þetta tekið fram:

Í 13. gr. laga nr. 39/1943 var svo ákveðið, að leigusamningur væri ógildur, að því er fjárhæð snerti, ef samið hafði verið um hærri leigu en þau lög heimiluðu, og það, sem leigutaki hefði ofgreitt samkvæmt slíkum samningi, afturkræft. Ákvæði þetta var í gildi til 14. maí 1953, sbr. 3. tölulið 7. gr. laga nr. 56/1950, um breytingu á framangreindum lögum, og lög nr. 30/1952, um hámark húsaleigu o. fl. Samkvæmt áðurnefndri 13. gr. laga nr. 39/1943 var því húsaleiga sú, sem Haraldur Jónsson hafði ofgreitt ákærða fyrir tímabilið 14. maí 1951 til 14. maí 1953, samtals kr. 7800.00, afturkræft. Hins vegar er ekki í lögum nr. 30/1952 ákvæði samsvarandi 13. gr. laga nr. 39/1943. Og eigi á krafa um endurgreiðslu ofgreiddrar húsaleigu fyrir tímabilið 14. maí 1953 til 14. maí 1954 stoð í öðrum lögum né almennum lagarökum, enda greiddi leigutakinn, Haraldur, leiguna án nokkurs fyrirvara. Verður krafa hans um endurgreiðslu ofgreiddrar húsaleigu fyrir þetta tímabil því eigi tekin til greina.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ásgeir Valdimar Ólafsson, greiði 1000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði Haraldi Jónssyni kr. 7800.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. maí 1954 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. marz 1955.

Ár 1955, þriðjudaginn 29. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1231/1955: Ákæruvaldið gegn Ásgeiri Valdimar Ólafssyni, sem tekið var til dóms 22. þ. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 17. f. m., er opinbert mál höfðað gegn ákærða, Ásgeiri Valdimar Ólafssyni heildsala, Vonarstræti 12 hér í bæ, fyrir að taka of háa húsaleigu eftir þriggja herbergja íbúð, er Haraldur Jónsson hafði á leigu í húsinu Vonarstræti 12 á tímabilinu 14. maí 1951 til 14. maí 1954, en brot þetta telst varða við 1. gr. sbr. 4. gr. bráðabirgðalaga um hámark húsaleigu o. fl. nr. 61/1951 og 1. gr. sbr. 5. gr. laga um sama efni nr. 30/1952.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til endurgreiðslu á oftekinni húsaleigu, sbr. 145. gr. laga nr. 27/1951, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 11. apríl 1891 í Lindarbæ í Ásahreppi í Rangárvallasýslu, og hefur, svo að kunnugt sé, hvorki sætt ákæru né refsingu.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og því, sem á annan hátt er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Á annan áratug fram til 14. maí 1954 leigði ákærði í máli þessu, Ásgeir Valdimar Ólafsson, Haraldi Jónssyni trésmið, nú til heimilis á Hverfisgötu 16 A hér í bæ, íbúð í húsi sínu að Vonarstræti 12 hér í bæ. Hin leigða íbúð var 3 herbergi og eldhús á hæð hússins, en auk þess hafði leigutaki aðgang að W. C., baði, geymslu og þvottahúsi í kjallara og þurrklofti í risi. Skriflegur leigusamningur var ekki gerður um húsnæðið. Lengi greiddi Haraldur ákærða fyrir húsnæðið kr. 150.00 í grunnleigu á mánuði auk vísitöluálags, en frá 14. maí 1951 hækkaði leigan í kr. 700.00 á mánuði og var það til loka leigutímans 14. maí 1954. Leiga fyrir seinni hluta maímánaðar 1951 og fyrri hluta maímánaðar 1954 var kr. 350.00 fyrir hvorn hluta mánaðar. Haraldur stóð í skilum með leigugreiðslurnar, og gaf ákærði honum jafnan kvittanir fyrir þeim.

Hinn 4. marz f. á. mat húsaleigunefnd leigu eftir fyrrnefnt húsnæði og taldi hún hæfilega leigu vera kr. 375.00 á mánuði. Þetta mat staðfesti yfirhúsaleigunefnd 14. desember f. á.

Ákærði hefur borið það, að Haraldur hafi af fúsum vilja fallizt á að greiða og greitt hina umsömdu húsaleigu. Þá kveðst ákærði hafa hækkað leiguna frá 14. maí 1951, þegar Haraldur hafi, jafnframt því

sem hann bjó í íbúðinni, verið farinn að reka þar bókaútgáfu og gert það út leigutímann. Hafi erill og fyrirhöfn hlotizt af bókaútgáfu þessari fyrir ákærða og henni hafi einnig fylgt mikill umgangur fólks um leiguíbúðina.

Haraldur Jónsson kveðst hafa gefið út 3 handbækur fyrir trésmiði á árunum 1952—1954 og selt þær á vinnustöðum trésmiða. Einhverjir kaupendur bókanna muni þó hafa fengið þær heima hjá honum, þar sem hann geymdi upplögin, en ákærði hafi aldrei kvartað undan því.

Það er upplýst í málinu, að húsnæði það, sem ákærði leigði Haraldi Jónssyni, var íbúðarhúsnæði, sem Haraldur bjó í allan leigutímann. Verður ekki talið, að fyrrgreind geymsla og sala bóka í húsnæðinu hafi breytt tegund húsnæðisins að þessu leyti. Húsaleigan, sem Haraldur greiddi ákærða fyrir allan leigutímann, nam samtals kr. 25.200.00, en samkvæmt mati húsaleigunefndar var hæfileg leiga samtals kr. 13.500.00. Ofgreidd húsaleiga Haralds til ákærða nemur því samtals kr. 11.700.00.

Ákærði hefur með framangreindu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 1. gr. sbr. 4. gr. bráðabirgðalaga nr. 61 5. maí 1951 um hámark húsaleigu o. fl. og gegn 1. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 30 4. febrúar 1952 um sama efni. Þykir refsing ákærða, sem játað hefur greiðlega brot sitt, hæfilega ákveðin 4000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Haraldur Jónsson hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að endurgreiða honum hina ofgreiddu húsaleigu, kr. 11.700.00, ásamt 6% ársvöxtum frá dagsetningu kæru hans, 6. maí f. á. Ákærði hefur ekki getað fallizt á endurgreiðslukröfu þessa. Hefur hann bent á, að Haraldur hafi fengið kr. 400.00 á mánuði í húsaleigustyrk hjá Reykjavíkurbæ á tímabilinu 14. maí 1951 til 14. maí 1954 og því aldrei greitt sjálfur meira í húsaleigu en kr. 300.00 á mánuði þenna tíma.

Það er áður rakið, að Haraldur Jónsson var leigutaki umræddS húsnæðis og greiddi leigusala, ákærða, kr. 11.700.00 hærri fjárhæð samtals í leigu en honum var skylt samkvæmt mati húsaleigunefndar. Skiptir hér ekki máli, hjá hverjum Haraldur aflaði fjár til greiðslu leigunnar eða hvort hann fékk það að láni eða með öðrum hætti. Tjón Haralds af atferli ákærða nemur fjárhæð hinnar ofgreiddu húsaleigu, kr. 11.700.00, og ber að dæma ákærða til að endurgreiða honum þessa fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 6. maí 1954 til greiðsludags, sbr. 145. gr. laga nr. 27 5. maí 1951.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í málinu, Ragnars Ólafssonar hrl., kr. 700.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ásgeir Valdimar Ólafsson, greiði 4000 króna sekt til

ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði Haraldi Jónssyni kr. 11.700.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs sækjanda og verjanda síns í málinu, Ragnars Ólafssonar hrl., kr. 700.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1955.

Nr. 64/1955. **Ákæruvaldið** (Gunnar J. Möller)
gegn
John Robert Bore (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Brot gegn fiskveiðalöggjöf.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Páll Þorbjörnsson og Þorsteinn Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, framkvæmt athugun á mælingum varðskipsins og markað á sjóuppdrátt stað togara ákærða samkvæmt þeim mælingum. Reyndist togarinn hafa verið um 0.8 sm innan fiskveiðimarkanna kl. 10.37, um 0.8 sm innan fiskveiðimarkanna kl. 10.52, um 0.9 sm innan fiskveiðimarkanna kl. 10.55 og um 0.1—0.2 sm innan sömu marka kl. 11.05.

Skipstjórinn á varðskipinu og annar og þriðji stýrimaður á því bera það vætti, að þeir hafi kl. 11.02 séð einhverju lyft inn fyrir borðstokk togarans, og telja þeir, að það hafi verið poki og belgur vörpunnar. Fyrsti stýrimaður ber, að hann hafi séð einhverju lyft innbyrðis á togaranum, og telur hann víst, að það hafi verið net. Þessi framburður yfirmanna varðskipsins bendir eindregið til þess, að ákærði hafi verið að veiðum innan fiskveiðimarkanna.

Ákærði, sem verið hafði að veiðum, kveðst hafa tekið að innbyrða vörpu sína kl. 11.30 eftir brezkum tíma, þ. e. kl. 10.30 eftir íslenzkum tíma, og hafi hann lokið því kl. 11.40. Annar vélstjóri á togaranum ber, að togað hafi verið til kl. 11.45, en þá hafi verið byrjað að draga inn vörpuna, og hafi það verk tekið 10 til 15 mínútur. Samkvæmt þessum framburði ákærða og annars vélstjóra á togaranum hefur togarinn verið að veiðum á þeim tíma, er hann samkvæmt mælingum varðskipsins hlaut að vera innan fiskveiðimarkanna.

Að öllu athuguðu þykir nægilega sannað, að ákærði hafi gerzt brotlegur við lagaákvæði þau, sem vitnað er til í hinum áfrýjaða dómi.

Með þessum athugasemdum og með tilvísun til þess, að gullgengi íslenzkrar krónu hefur eigi breytzt frá uppsögu héraðsdóms, þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum verður ákærða dæmt að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar er fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, John Robert Bore, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars J. Möllers og Lárusar Fjeldsteds, kr. 2500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 31. marz 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn John Robert Bore, skipstjóra á enska togaranum Churchill, GY 585, til heimilis í Grimsby, með ákæruskjali, útgefnu

af Dómsmálaráðuneytinu í dag, fyrir meint brot á fiskveiðalöggjöfinni samkvæmt 1. gr. laga nr. 5/1920, samanber 1. gr. laga nr. 82/1952, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á nefndum togara fyrir hádegi þriðjudaginn 29. marz 1955 út af Ingólfshöfða innan markalínu samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 21 frá 1952, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 81/1952. Af hálfu ákæruvaldsins eru þær kröfur gerðar, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951, afli og veiðarfæri togarans Churchills, GY 585, verði gerður upptækur og ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, John Robert Bore, er fæddur 17. febrúar 1900 í Grimsby og hefur, svo að kunnugt sé, sætt eftirfarandi refsingum hér á landi:

Í Reykjavík.

1931 14/3 Dómur. 1000 kr. sekt fyrir brot á landhelgislögum. Með dómi Hæstaréttar 11. nóvember 1931 var sektin lækkuð niður í 700 kr.

1932 6/9 Sátt. 500 kr. sekt fyrir að draga áfengi undan innsiglun.

1941 18/11 Dómur. 500 kr. sekt fyrir brot á 1. sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 167/1940.

Í Barðastrandasýslu.

1931 22/11 Dómur. 500 kr. sekt fyrir ólöglegan útbúnað veiðarfæra.

1950 20/6 Dómur. 3000 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 5/1920.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Þriðjudaginn 29. þ. m. var varðskipið Þór á eftirlitsferð vestur með landi, innan Tvískerja. Sást þá togari, er varðskipsmenn töldu grunsamlega nærri landi.

Kl. 10.37 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfðaviti
Salthöfði △ $> 25^\circ\ 46'$
Rákartindur △ $> 96^\circ\ 17'$

og um leið mældist hornið milli Ingólfshöfðavita og togarans $25^\circ\ 46'$. Fjarlægðin til togarans mældist um leið 8.3 sjómílur, sem gefur 0.8 sjómílur fyrir innan fiskveiðitakmörkin.

Kl. 10.52 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfðaviti
Salthöfði △ $> 42^\circ\ 47'$
Rákartindur △ $> 85^\circ\ 10'$

og um leið mældist hornið milli Ingólfshöfða og togarans $32^\circ\ 15'$ Fjarlægðin til togarans mældist um leið 6.3 sjómílur.

Kl. 10.55 er gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Lómagnúpur (kantur) $\neq$ Salthöfða
Ingólfshöfðaviti $> 47^\circ\ 38'$

og um leið mældist hornið milli Ingólfshöfðavitans og togarans $36^\circ\ 21'$. Fjarlægðin til togarans mældist um leið 5.6 sjómílur. Þá sást togarinn halda út frá landi í suðlæga átt.

Kl. 11.02 sást togarinn taka eitthvað inn á stjórnborðshlið, og töldu varðskipsmenn það pokann og belginn á vörpunni. Var þá sett upp stöðvunarmerki.

Kl. 11.05 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Ingólfshöfðaviti $>$ 55° 32′
Salthöfði △ $>$ 50° 07′
Rákartindur △

og um leið mældist hornið milli Ingólfshöfðavita og togarans 61° 25′. Fjarlægðin til togarans mældist um 3.6 sjómílur.

Kl. 11.11 skotið lausu skoti, en togarinn sinnti því ekki.

Kl. 11.26 var Þór við hlið togarans GY 585, Churchill, er var með stjórnborðsvörpu í sjó, var þá kallað til hans að stanza og vinda inn vörpu sína, en hann sinnti því ekki og hélt áfram út frá landi. Kl. 11.24, þegar Þór kom að togaranum, var togarinn að taka togvírana í blökkina að aftan, því að hann var að enda við að slaka úr vírunum.

Kl. 11.38 byrjaði togarinn að vinda inn vörpu sína, samtímis var bátur settur út og skipstjórinn sóttur. Þegar varðskipsmenn komu um borð í togarann, var lifandi fiskur á þilfari, þorskur og ýsa úr fyrra togi. Þá miðaðist Ingólfshöfði r/v 314°, fjarlægð 5.5 sjómílur.

Skipstjóra togarans var bent á, að hann hefði gert sig sekan um fiskveiðar innan fiskveiðitakmarkanna, en hann neitaði algerlega þeirri ásökun. Nokkru síðar, eða kl. 13.11, héldu svo bæði skipin áleiðis til Vestmannaeyja og komu þangað kl. 00.28 hinn 30. þ. m.

Veður var V—5, sjór V—2, skýjað, en gott skyggni.

Ofanritað frásögn er í samræmi við skýrslu skipherrans á varðskipinu Þór, sem skipherrann, fyrsti, annar og þriðji stýrimaður varðskipsins hafa staðfest fyrir réttinum. Kváðu þeir, að allar hornamælingar, sem varðskipið lét framkvæma þetta sinn, væru gerðar með tveimur sextöntum samtímis. Fyrsta mælingin var gerð af skipherranum og fyrsta stýrimanni, en síðari mælingarnar voru aðallega gerðar af öðrum og þriðja stýrimanni, en undir umsjá skipherra og fyrsta stýrimanns. Fjarlægðarmælingarnar voru gerðar með tveimur ratsjám, er bar saman, og lásu skipherra og fyrsti stýrimaður af þeim. Ratsjátækin voru sett í skipið fyrir um mánuði, og var önnur ratsjáin Kelvin-Hughes tegund, en hin var Decca-ratsjá.

Ákærði hefur fyrir réttinum algerlega neitað að hafa verið að fiskveiðum innan fiskveiðitakmarkanna í umrætt sinn. Skýrir hann svo frá, að kl. 09.30 e. h., að enskum tíma, hafi hann byrjað að toga, er hann var staddur í 7 mílna fjarlægð SSA frá Ingólfshöfða, og togaði hann í NNV, þangað til hann var í 4¾ mílna fjarlægð frá Ingólfshöfða. Þá kveðst hann hafa breytt um stefnu og togað í A til N milli tveggja belgískra togara, er voru í hér um bil tveggja skipslengda fjarlægð, sitt hvoru megin við hann. Kl. 10.15 kveðst hann hafa snúið þannig, að skip hans snéri í VNV, og þegar Ing-

ólfshöfði var NVaN og í fjögra og hálfs mílna fjarlægð frá skipinu, þá hafi hann byrjað að taka upp vörpuna. Var kl. þá 11.30 e. h. Var hann svo 10 mínútur að taka upp alla vörpuna, og var því lokið kl. 11.40. Síðan lá hann kyrr, þangað til kl. var 12.25 e. h., enda hafði varpan rifnað lítið eitt. Var þá töluverður vindur, og skipið 4¾ mílu undan Ingólfshöfða. Byrjaði hann þá að toga aftur og togaði í SSA til S. Kveðst hann þá hafa fengið vitneskju um, að varðskip var að nálgast og kom það von bráðar til hans, og hafi skip sitt þá verið statt í 5.2 sjómílna fjarlægð frá Ingólfshöfða, sem var í NNV.

Hann kvað allar mælingar sínar gerðar með ratsjá skipsins, sem sé Decca-ratsjá 45, og einnig hafi hann notað áttavita skipsins.

Eins og fyrr segir, hafa stýrimenn varðskipsins gefið réttarskýrslu í málinu. Fyrsti stýrimaður kveðst hafa séð með berum augum, þegar kl. var 11.02, að togarinn tók eitthvað innbyrðis, og þegar hann horfði á hann í kíki, kvaðst hann hafa talið sig vissan um, að togarinn var að draga upp net. Annar stýrimaður kveðst einnig hafa séð á sama tíma, að togarinn tók eitthvað innbyrðis, sem hann áleit vera poka og belg vörpunnar. Kvaðst hann hafa séð þetta í kíki. Þriðji stýrimaður kvaðst einnig hafa séð á sama tíma í kíki, að togarinn tók eitthvað innbyrðis, sem hann taldi vera poka og belg vörpunnar.

Auk þess báru tveir aðrir skipsmenn varðskipsins vitnisburð í málinu. Bátsmaðurinn kvaðst hafa farið um borð í togarann og séð lifandi fisk á þilfari togarans, aðallega þorsk og ýsu, og veitti hann því sérstaka athygli, að fiskurinn spriklaði. Hásetinn Pétur Stefánsson kveðst hafa verið á brúnni á varðskipinu, þegar það sigldi að togaranum, og kveðst hafa séð með berum augum, að pokinn hékk uppi. Einnig kveðst hann hafa séð þetta í sjónauka. Hann kveðst hafa farið um borð í togarann og séð á þilfari aðallega þorsk og ýsu og hafa veitt því athygli, að fiskurinn var lifandi og spriklaði.

Vitnisburði þessa hafa þeir staðfest með eiði, og einnig staðfestu stýrimenn varðskipsins skýrslur sínar með eiði.

Báðir vélstjórar togarans voru leiddir sem vitni. Fyrsti vélstjóri kveðst ekki hafa verið á verði um morguninn og gat ekkert um það borið, hvort eða hvernig var togað um morguninn. Annar vélstjóri togarans kvaðst hafa verið á verði frá kl. 7½ eftir enskum tíma til kl. 12½. Sagði hann, að byrjað hefði verið að toga kl. 09.45 um morguninn og togað, þar til klukkan var 11.45. Var þá byrjað að draga inn vörpuna, og gerði hann ráð fyrir, að það hefði tekið um 10—15 mínútur. Síðan var búizt til að kasta vörpunni aftur, og var kastað um það bil, sem hann fór af verði, eða um kl. 12.20 eftir enskum tíma.

Ef athugaðar eru staðarmælingar ákærða, kemur í ljós, að þær sýna, að togarinn hefur verið nokkuð nær landi en ákærði telur sjálfur. Í réttinum, að ákærða viðstöddum, var staður togarans færður út á sjókort samkvæmt mælingum ákærða kl. 11.30 eftir

enskum tíma, og reyndist staðurinn vera á fiskveiðitakmörkunum, ef miðað er við yztu mörk Ingólfshöfða, en innan, ef miðað er við vitann, en sjálfur taldi ákærði sig þá vera vel utan við fiskveiðitakmörkin. Tímaákvörðunum ákærða ber ekki saman við upplýsingar annars vélstjóra togarans, en athyglisvert er, að samkvæmt tímaákvörðunum vélstjórans hefur togarinn einmitt verið að ljúka við að draga inn vörpuna, er skipsmenn varðskipsins töldu sig sjá, að verið var að draga inn poka og vörpu togarans. Ekkert hefur komið fram, er gefi ástæðu til að ætla, að varhugavert sé að treysta mælingum varðskipsins, sem framkvæmdar voru af æfðum mönnum og með öruggum tækjum. Verður að telja sannað með eiðfestum framburðum stýrimanna varðskipsins, að skipið hafi verið statt á þeim stöðum og á þeim tíma, sem í skýrslu varðskipsins segir, en samkvæmt skýrslu vélstjóra togarans var ákærði að toga á þeim tíma, og er það einnig stutt með framburðum skipsmanna varðskipsins. Einnig kemur fram í skýrslu ákærða, að hann telur, að ekki hafi verið búið að draga inn vörpuna á þeim tíma, er varðskipið framkvæmdi fyrstu staðarákvörðun sína. Samkvæmt þessu má telja upplýst, að ákærði hafi verið að togveiðum undan Ingólfshöfða 0.8 sjómílur innan fiskveiðitakmarkanna að morgni þess 29. þ. m. Hefur ákærði því gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 1. gr. laga nr. 82/1952, og unnið til refsingar samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. lög nr. 5/1951.

Togarinn Churchill, GY 585, er að stærð 612.75 rúmlestir brúttó. Gullgengi íslenzkrar krónu er nú þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 738.95 seðlakrónum. Með tilliti til þessa þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 74.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, er ákærði skal greiða innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 7 mánuði.

Allur afli og veiðarfæri um borð í togaranum Churchill skal upptækur ger, og andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, John Robert Bore, greiði kr. 74.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands og sæti ella varðhaldi í 7 mánuði.

Afli og veiðarfæri um borð í togaranum Churchill, GY 585, skal gerður upptækur, og renni andvirðið í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 25. nóvember 1955.

Nr. 12/1954. **Haukar h/f** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Sæfinni h/f (Einar B. Guðmundsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theodór B. Líndal prófessor.

Dráttaraðstoð skips.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 4. febrúar 1954, og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 120.000.00 eða aðra lægri fjárhæð eftir mati dómsins auk 6% ársvaxta frá 10. september 1953 til greiðsludags. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar. Loks krefst hann þess, að honum verði dæmdur sjóveðréttur í v/s Sæfinni, EA 9, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til raka héraðsdóms má á það fallast, að hjálp sú, sem skip áfrýjanda veitti skipi stefnda, verði ekki talin björgun í merkingu 229. gr. siglingalaga nr. 56/1914. Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi lýst því, að aflatjón hans vegna aðstoðarinnar hafi numið kr. 6000.00—8000.00, og er því ekki andmælt af hálfu stefnda. Með tilliti til þessa og annarra atvika þykir þóknun áfrýjanda fyrir aðstoðina hæfilega ákveðin kr. 12.000.00 með vöxtum eins og krafizt er.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals kr. 4500.00. Þá ber og að dæma áfrýjanda sjóveð í v/s Sæfinni til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Dómsorð:

Stefndi, Sæfinnur h/f, greiði áfrýjanda, Haukum h/f,

kr. 12.000.00 með 6% ársvöxtum frá 10. september 1953 til greiðsludags og samtals kr. 4500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Áfrýjandi á sjóveð í v/s Sæfinni, EA 9, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akureyrar 16. nóvember 1953.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 15. september s.l. af Jóni Guðmundssyni f. h. Hauka h.f., Ólafsfirði, á hendur Gísla Kristjánssyni f. h. Sæfinns h.f., Akureyri, eiganda vélskipsins Sæfinns, EA 9.

Stefnendur gera þær aðalkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða þeim kr. 120 þúsund í björgunarlaun auk 6% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags. Til vara hefur hann krafizt, að honum verði tildæmd þóknun fyrir dráttaraðstoð við v/s Sæfinn eftir mati dómsins auk 6% ársvaxta. Í báðum tilfellum er krafizt málskostnaðar og viðurkenningar sjóveðréttar fyrir dæmdum kröfum í v/s Sæfinni.

Stefndi hefur krafizt sýknu af aðalkröfu stefnanda og málskostnaðarkröfu hans og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Til vara hefur hann krafizt stórfelldrar lækkunar á kröfu stefnanda og málskostnaðar sem áður greinir.

Stefáni Árnasyni, umboðsmanni Almennra trygginga h.f. á Akureyri, vátryggjanda v/s Sæfinns, hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu f. h. vátryggingarfélagsins, en hann hefur ekki látið mæta, enda eru engar kröfur á hendur honum gerðar.

Málavextir eru þessir: Föstudaginn 20. marz 1953 kl. 06.00 fór v/s Sæfinnur frá Grindavík og fór að draga þorskanet sín á Sandvík sunnan Reykjaness. Þegar búið var að draga eina trossuna, var aftur lagt á 15—18 faðma dýpi. Meðan verið var að leggja netin, fór eitt þeirra í skrúfuna, og festist það svo, að vélin stöðvaðist fyrst alveg, og var vélin þá tekin úr sambandi og netið skorið frá og reynt að ná því úr skrúfunni, en það tókst ekki. Var smákúpplað að til að athuga, hvort vélin þyldi netið. Síðan var reynt að setja skrúfuna ýmist í skurð eða áfram, en skrúfa skipsins var skiptanleg. Telur I. vélstjóri, sem frá þessu hefur einkum skýrt, að þá hafi gangur vélarinnar liðkazt og þá hafi skipið virzt fara að vinna og fjarlægjast landið, þótt hægt færi, eins og hann orðaði það. Skipstjórinn á v/s Sæfinni hefur borið, að kl. hafi verið um 08.00, er netið fór í skrúfuna, og tekið hafi um 10 mínútur að losa það.

Þenna sama morgun sigldi v/s Haukur I., ÓF 5, frá Ólafsfirði, suður fyrir Reykjanes og fór að netjum sínum á Sandvík, sem voru

utar en net v/s Sæfinns. Eftir að netið var komið í skrúfuna hjá Sæfinni, kölluðu þeir til skipstjórans á v/s Hauki I. og báðu um drátt norður fyrir Reykjanes. Fór v/s Haukur Sæfinni þegar til hjálpar, og áttu þeir þá ódregnar 2 trossur. Samkvæmt skýrslu skipstjórans á v/s Hauki I. var kl. um 10.30, þegar drátturinn hófst. Skipstjórinn á v/s Hauki I. hefur skýrt svo frá, að þeim hafi gengið vel að nálgast v/s Sæfinn, og notuðu þeir dráttartaug frá því skipi og höfðu skipverjar Sæfinns hana tilbúna til að láta hana rekjast út, þegar búið var að festa hana í v/s Hauk I. Var síðan haldið norður fyrir Reykjanes, en er komið var út af Stórusandvík, hafði skipstjórinn á v/s Sæfinni samband við skipstjórann á Hauki I. og óskaði eftir, að þeir slepptu dráttartauginni, og var það gert. Var kl. þá um 13.30 að sögn skipstjórans á v/s Hauki. Allan tímann meðan á drættinum stóð, var vél Sæfinns keyrð. Nú voru segl sett upp á Sæfinni og siglt norður að Stafnesi, en þá voru seglin tekin saman, enda sagði skipstjórinn, að þá hefði verið komið logn. Var síðan keyrt inn fyrir Garðskaga og lagzt við Gerðahólma kl. 18.00. Var lífbáturinn þá settur út og farið að skera netið úr skrúfunni, og var því lokið kl. 21.00. V/s Haukur I. snéri við, þegar drættinum lauk, til að vitja um net sín, en snéri aftur við Reykjanes, en samkvæmt dagbók skipsins hafði veður og sjór aukizt, og fór inn fyrir Skaga og vitjaði eigi um netin, sem eftir voru, fyrr en daginn eftir.

Skal nú vikið nokkuð nánar að því, sem fram hefur komið við sjópróf og vitnaleiðslur í málinu. Samkvæmt framlögðu endurriti úr dagbók v/s Hauks I. gat Sæfinnur aðeins haldið sér við rétt framan við brotið, og hefur skipstjórinn á Hauki I. sagt, að hann efist um, að sú vegalengd hafi verið meira en 50 faðmar, og áætlaði dýpið 15 faðma. Þeir tveir af skipshöfn Hauks I., er mætt hafa í málinu, hafa hins vegar ekki getað borið neitt um þessa vegalengd annað en það, að annar þeirra sagði, að Sæfinnur hefði verið nokkuð nær landi. Skipstjórinn á Hauki I. telur, að verið hafi stinningskaldi og mikill sjór, þar til komið var norður fyrir Reykjanes, en þá hafi sjórinn minnkað. Þá sagði sami skipstjóri, að Sæfinnur hafi aðeins getað haldið sér við, eins og vindur var þá, en ekki meira, og taldi útilokað, að Sæfinnur hefði komizt fyrir Reykjanes af eigin ramleik með vélarorku sinni, og einnig áleit hann, að tæplega hefði verið hægt fyrir hann, þegar tekið væri tillit til allra aðstæðna, að bjarga sér á seglum. Þá telur hann, að aðstæður til að liggja á Sandvík fyrir akkerum hafi verið mjög slæm vegna þess, að botninn sé grjót og klöpp, og ef skipið hefði rekið upp þarna, þá hefði það verið lífsháski fyrir mennina.

Auk þess, er að framan greinir, hefur skipstjórinn á v/s Sæfinni borið, að þeir hafi verið á um ¾ mílna ferð, er Haukur I. tók þá í drátt, og sjór hafi verið töluverður og brim við land og hafi landtaka verið ómöguleg, eins og veðri og sjó var háttað. Einnig hefur hann sagt, að þeir hafi verið á 12 faðma dýpi, er skrúfan var aftur

sett í samband, og hafi þá skipið haldið aðeins upp í vindinn og hafi þeir verið á um 20 faðma dýpi, er Haukur hóf dráttinn. Þá sagði hann, að á meðan v/s Haukur I. hafi dregið þá, hafi veður haldizt óbreytt, en þó hægt heldur. Hann heldur, að þeir hefðu komizt fyrir Reykjanes með hjálp vélarinnar einni saman, en það hefði tekið langan tíma.

I. vélstjóri á v/s Sæfinni álítur, að þeir hafi verið í um 400 faðma fjarlægð frá landi, er Haukur I. hóf dráttinn, og að brotið hafi um 30 faðma frá landi. Þá sagði vitni þetta, að fyrst eftir að sett hafði verið á fulla ferð, eftir að netið hafði verið skorið sundur, hafi því hvorki virzt skipið fjarlægjast landið eða nálgast það, og hafi þannig gengið í 15—20 mínútur, þar til þeir fóru að skipta skrúfunni ýmist áfram eða á skurð, eins og áður var að vikið. Ekki kvaðst vitnið geta um sagt, hvort v/s Sæfinnur hefði verið fjær landi eða nær, þegar v/s Haukur I. tók hann í drátt, heldur en þegar netið fór í skrúfuna, og gat ekkert sagt um ganghraða v/s Sæfinns, er hann var tekinn í drátt. Einnig hefur vitni þetta borið, að það hafi gert sér grein fyrir, að Sæfinnur myndi komast fyrir Reykjanes eða til Vestmannaeyja, strax og skipið fór að vinna á, en þá hafi v/s Haukur I. verið á leiðinni til þeirra. Vitnið áleit vafasamt, að Sæfinnur hefði getað legið fyrir akkerum á Sandvík.

Samkvæmt vottorði Veðurstofunnar á dskj. nr. 9 var veður þenna dag við Reykjanesvita kl. 08.00 SA, vindhæð 6, rigning, skyggni 3.0—3.2 km og talsverður sjór. Kl. 11.00 var vindurinn SV 4 og sjór óbreyttur, en kl. 17.00 og kl. 23.00 SSV 4 og dálítill sjór, en síðan fór veður og sjór batnandi.

Það er upplýst, að v/s Sæfinnur, EA 9, er 102 brúttó smálestir að stærð. Samkvæmt matsgerð, er fram fór á skipinu undir rekstri málsins, er skipið nokkuð gamalt, byggt úr harðviði, en var í allgóðu ástandi, vélin einnig við aldur, en af góðri tegund og talin hafa reynzt vel. Búnaður og siglingatæki voru talin vera í góðu lagi. Samkvæmt matinu var skipið með vél og búnaði talið vera að verðmæti kr. 540 þús. Kaskótrygging skipsins var kr. 450 þús. og interessutrygging kr. 112.500.00, og samkvæmt yfirlýsingu framkvæmdastjóra stefnda var farangur skipverja v/s Sæfinns vátryggður fyrir kr. 70 þús. og verðmæti veiðarfæra mat hann á kr. 37.000.00 og afla skipsins á kr. 4600.00. Samkvæmt yfirlýsingu stefnanda var v/s Haukur vátryggður alls fyrir eina milljón króna og farangur skipverja fyrir kr. 50 þús. og veiðarfæri fyrir kr. 75—80 þús.

Stefnandi telur, að með hliðsjón af því, að v/s Sæfinnur hafi verið staddur inni á Sandvík með net flækt í skrúfuna, sem eigi verður losað á staðnum í SV stormi, sem stóð á land, og mikið brim við ströndina og vaxandi sjór og skipið statt skammt frá brotinu, hafi hér verið um björgun að ræða úr yfirvofandi háska. Hann telur, að litlar líkur séu til, að skipið hefði komizt fyrir Reykjanes af eigin

ramleik og að skipið hefði ekki getað legið við akkeri á víkinni, eins og botninum og veðri var háttað.

Stefndu hafa eindregið mótmælt því, að hér hafi verið um björgun að ræða í skilningi siglingalaganna, einkum með þeim röksemdum, að skipið hafði verið komið af 12 faðma dýpi, er skrúfan hafi verið sett í samband, á 20 faðma dýpi, þegar v/s Haukur hafi tekið hann í drátt, að skipið hafi gengið ¾ úr mílu móti vindi og kviku og hafi haft seglaútbúnað í fyllsta lagi. Þá telur hann, að v/s Sæfinnur hefði tiltölulega auðveldlega getað siglt ekki krappan beitivind með hjálp vélarinnar útsuður til Vestmannaeyja. Einnig hefði hann getað lagzt við akkeri á víkinni og hreinsað skrúfuna alveg.

Varðandi varakröfuna hefur stefndi sagt, að hann hafi ekki mótmælt því, að um aðstoð hefði verið að ræða af hálfu stefnanda, en tók fram, að umboðsmaður Almennra trygginga h.f. á Akureyri hefði lagt inn kr. 7500.00 á nafn stefnanda hjá Landsbanka Íslands á Akureyri sem fullnaðargreiðslu fyrir aðstoðina, og hafi þessi greiðsla því jafnan verið til boða síðan, og hefur málskostnaðarkröfunni sérstaklega verið mótmælt með tilliti til þessa.

Rétturinn lítur svo á, að samkvæmt þeirri skýrslu skipstjórans á v/s Sæfinni, að skipið hafi gengið um ¾ úr mílu móti sjó og vindi, og þar sem skipið einnig hafði nokkur segl til að hjálpa sér með, ef í nauðir rak, og veður fór ekki versnandi samkvæmt vottorði Veðurstofunnar, þá verði að ætla, að v/s Sæfinnur hefði komizt fyrir Reykjanes, og þegar jafnframt er tekið tillit til annars, sem upplýst er í málinu, telur rétturinn, að hér hafi eigi verið að ræða um björgun í merkingu 229. gr. siglingalaganna. Ber þá að taka afstöðu til varakröfu stefnanda um þóknun fyrir dráttaraðstoð. Eins og áður greinir, er talið að dráttur skipsins hafi staðið um 3 klst., talið er, að v/s Haukur hafi verið hjá v/s Sæfinni um 15—20 mín. áður en dráttur hófst, og hann var tiltölulega skammt undan, þegar leitað var aðstoðar hans. Telja verður, að fyrir hafi farizt hjá Hauksmönnum að draga netin þenna dag vegna aðstoðarinnar við v/s Sæfinn, og má því reikna með, að þeir hafi misst af einni lögn og þá um leið af nokkrum afla, en engar upplýsingar liggja fyrir um afla skipa á þessum slóðum þenna dag. Þá telja eigendur v/s Hauks sig hafa orðið fyrir nokkru tjóni vegna þess, að fiskurinn í netjunum hafi orðið 2ja nátta og við það fallið í verði um 10 aura á kg, miðað við einnar nætur fisk. Ekki er upplýst, að neinar skemmdir hafi orðið á skipinu eða dráttartaugum hjá skipi stefnanda, enda er upplýst, að skip stefnda lagði til dráttartaugina. Með hliðsjón af þessu og verðmæti v/s Hauks og annarra hagsmuna, sem í húfi voru, þykir hæfilegt að dæma stefnanda kr. 8 þús. fyrir dráttaraðstoð ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað. Þá þykir samkvæmt 4. tölulið 236. gr. siglingalaganna eiga að viðurkenna sjóveðrétt stefnanda fyrir öllum dæmdum kröfum í v/s Sæfinni, EA 9.

Dóminn kváðu upp Sigurður M. Helgason, fulltrúi hjá bæjarfógeta Akureyrar, og meðdómendurnir Benedikt Steingrímsson og Gísli Eyland, fyrrverandi skipstjórar.

Dómsorð:

Stefndi, Gísli Kristjánsson f. h. Sæfinns h.f., Akureyri, greiði stefnanda, Haukar h.f., Ólafsfirði, kr. 8000.00 með 6% ársvöxtum frá 15. september 1953 til greiðsludags og kr. 1000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Sjóveðréttur stefnanda er viðurkenndur í v/s Sæfinni, EA 9, fyrir öllum dæmdum upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 25. nóvember 1955.

Nr. 159/1955. **Jörundur Jörundsson,**
Steingrímur Sigvaldason og
Jón Sigurðsson
gegn
Keili h/f.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Málskostnaður í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 22. október 1955, sem hingað barst 1. nóvember s. á., hafa sóknaraðiljar kært til Hæstaréttar málskostnaðarákvæði dóms sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur, sem upp var kveðinn 17. október 1955 í máli varnaraðilja gegn sóknaraðiljum. Krefjast sóknaraðiljar þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir héraðsdómi og svo kostnað af kærumáli þessu eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst þess, að málskostnaðarákvæði héraðsdóms verði staðfest og sóknaraðiljum verði dæmt að greiða honum in solidum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Eftir atvikum þykir rétt að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma sóknaraðilja

til að greiða in solidum varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 500.00.

Dómsorð:

Hið kærða málskostnaðarákvæði á að vera óraskað.

Sóknaraðiljar, Jörundur Jörundsson, Steingrímur Sigvaldason og Jón Sigurðsson, greiði in solidum varnaraðilja, Keili h/f, kærumálskostnað, kr. 500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 17. október 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. f. m., hefur Keilir h/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 10. febrúar 1954, gegn eigendum v/s Ottós, EA 105, þeim Jörundi Jörundssyni, Hrísey, Steingrími Sigurðssyni, Borgum, Akureyri, og Jóni Sigurðssyni, Sigtúni 51, hér í bænum, til greiðslu skuldar in solidum, að fjárhæð kr. 5555.98 auk 6% ársvaxta frá 1. janúar 1954 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Að ósk lögmanna aðilja og eftir ákvörðun dómsins var málið flutt munnlega fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur.

Stefndu hafa krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavexti kveður stefnandi þá, að á síðari hluta árs 1952 og í janúar 1953 hafi hann framkvæmt nokkrar viðgerðir, aðallega á vél áðurnefnds skips. Viðgerðirnar hafi verið framkvæmdar eftir beiðni þáverandi skipstjóra skipsins, Jóns Franklíns, utan heimahafnar þess og verið nauðsynlegar til þess að skipið kæmist leiðar sinnar. Skipstjórinn hafi því samkvæmt stöðu sinni haft umboð til að biðja um viðgerðirnar. Er hin umstefnda skuld eftirstöðvar viðgerðarkostnaðarins.

Sýknukröfuna reisa stefndu í fyrsta lagi á því, að þeir séu ekki aðiljar málsins. Þeir hafi með kaupsamningi, dags. 12. maí 1952, selt Jóni Franklín v/s Ottó. Hann hafi þá þegar tekið við skipinu og haft umráð þess og útgerð með höndum þar til 16. janúar 1954, en þá hafi þeir með innsetningargerð fengið aftur vörzlu skipsins og umráð, þar sem kaupandi hafi ekki getað staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt kaupsamningnum. Telja stefndu, að þeim séu algerlega óviðkomandi ráðstafanir kaupanda varðandi skipið, meðan hann hafði vörzlur þess og umráð sem slíkur, og jafnvel þó að hann hafi jafnframt verið skipstjóri þess.

Stefndu gáfu kaupanda aldrei afsal fyrir skipinu. Voru þeir því þrátt fyrir kaupsamninginn um það áfram raunverulegir eigendur þess. Hefur því krafa stefndu um sýknu vegna aðildarskorts ekki við rök að styðjast.

Í öðru lagi reisa stefndu sýknukröfu sína á því, að hin umstefnda skuld sé fallin niður vegna fyrningar. Skuldin sé stofnuð með samningum, er skipstjóri hafi gert samkvæmt stöðuumboði sínu. Slíkar skuldbindingar ábyrgist útgerðarmaður eða skipseigandi aðeins með skipi og farmgjaldi, en ekki persónulega, sbr. 12. gr. siglingalaganna, og þegar málið var höfðað, hafi sjóveðréttur fyrir kröfunni verið fyrndur og krafan þannig úr gildi fallin.

Af gögnum málsins kemur fram, að síðasta viðgerðin var framkvæmd 27. janúar 1953, og mun viðgerðarkostnaðurinn þegar hafa verið gjaldkræfur. Aðrar viðgerðir, sem krafan byggist á, höfðu farið fram á árinu 1952. Stefna í máli þessu var ekki birt fyrr en 11. og 15. febrúar 1954, en sjóveðréttur fyrir viðgerðarkostnaðinum var þá fyrndur, sbr. 6. tölulið 251. gr. siglingalaganna. Og þar sem stefndu ábyrgðust kröfuna aðeins með skipi og farmgjaldi, en ekki persónulega, féll hún úr gildi gagnvart þeim um leið og sjóveðréttur fyrir henni fyrntist.

Samkvæmt framansögðu ber að taka til greina sýknukröfu stefndu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendunum Jónasi Jónassyni og Hannesi Pálssyni, skipstjórum.

Vegna veikinda formanns dómsins um hálfs mánaðar skeið hefur dómur í máli þessu eigi orðið kveðinn upp fyrr.

Dómsorð:

Stefndu, Jörundur Jörundsson, Steingrímur Sigvaldason og Jón Sigurðsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Keilis h/f, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 28. nóvember 1955.

Nr. 77/1954. **Axel Halldórsson,**
Bergsteinn Jónasson,
Jón G. Scheving,
Gísli Gíslason,
Hallberg Halldórsson,
Stefán Árnason,
Ágúst Bjarnason,
Eiríkur Jónsson,
Lárus Ársælsson og
Gunnar Sigurmundsson (Sigurður E. Ólason)
gegn
Póst- og símamálastjórninni
(Sveinbjörn Jónsson)
og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Líndal prófessor.

Um gildi og eðli ábyrgðar.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur, sem hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. maí 1954, gera þær dómkröfur, *aðallega* að þeir verði algerlega sýknaðir, en *til vara*, að þeir verði aðeins dæmdir til greiðslu á kr. 2500.00 in solidum. Til þrautavara krefjast þeir þess, að staðfest verði það ákvæði héraðsdóms, að þeim verði dæmt að greiða kr. 25.000.00 pro rata. Þeir krefjast aðallega málskostnaðar fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar, en til vara, að hvor aðilja beri sjálfur kostnað sinn af málinu.

Gagnáfrýjandi, sem hefur áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 15. júní 1954, gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjendur verði in solidum, en til vara pro rata, dæmdir til að greiða honum kr. 25.000.00 auk 6% ársvaxta frá 20. júní

1952 til greiðsludags. Til þrautavara krefst hann þess, að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmdir til greiðslu á kr. 2500.00 auk vaxta, eins og áður greinir. Hann krefst málskostnaðar fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar.

Hér fyrir dómi hafa aðaláfrýjendur krafizt sýknu á þeim grundvelli, að gagnáfrýjanda hafi verið kunnugt um, er hann veitti ábyrgðarskjali því viðtöku, sem greinir í héraðsdómi, að Magnús Thorberg póstafgreiðslumaður væri fjárþrota. En þegar af þeirri ástæðu, að þetta er með öllu ósannað, verður sýknukrafan ekki tekin til greina.

Samkvæmt upphafi áðurgreinds ábyrgðarskjals taka aðaláfrýjendur, 10 að tölu, skýrum orðum að sér ábyrgð á „kr. 25.000.00 — tuttugu og fimm þúsund krónum“ — af póstfé því, sem fyrrnefndum póstafgreiðslumanni yrði trúað fyrir. Ábyrgjast þeir því alls þá fjárhæð. Síðari hluta skjalsins þykir hins vegar verða að skýra svo, að ábyrgð hvers einstaks sé pro rata þannig, að hver aðaláfrýjenda ábyrgist þá fjárhæð, sem tilgreind er í niðurlagi þess, kr. 2500.00. Er þetta eðlilegust skýring á ábyrgðarskjalinu, þar sem niðurlagsákvæði þess verður að öðrum kosti ekki samræmt því, sem segir í upphafi skjalsins.

Ber því að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að aðaláfrýjendur greiði hver um sig gagnáfrýjanda kr. 2500.00 auk 6% ársvaxta frá 20. júní 1952 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Axel Halldórsson, Bergsteinn Jónasson, Jón G. Scheving, Gísli Gíslason, Hallberg Halldórsson, Stefán Árnason, Ágúst Bjarnason, Eiríkur Jónsson, Lárus Ársælsson og Gunnar Sigurmundsson, greiði hver um sig gagnáfrýjanda, póst- og símamálastjórninni, kr. 2500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. júní 1952 til greiðsludags.

Aðaláfrýjendur greiði in solidum gagnáfrýjanda máls-

kostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 5000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 18. marz 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 11. þ. m., er að undangenginni árangurslausri sáttaumleitan fyrir sáttanefnd höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Guðmundi Hlíðdal póst- og símamálastjóra f. h. póst- og símamálastjórnarinnar með stefnu, útgefinni 24. júní 1952, birtri s. d., á hendur Axel Halldórssyni heildsala, Kirkjuvegi 67, Bergsteini Jónassyni hafnarverði, Strandvegi 42, Jóni G. Scheving bankaritara, Hásteinsvegi 37, Gísla Gíslasyni stórkaupmanni, Heimagötu 15, Hallbergi Halldórssyni kaupmanni, Steinstöðum, Stefáni Árnasyni yfirlögregluþjóni, Heiðavegi 38, Ágústi Bjarnasyni fógetaritara, Sólvangi, Lárusi Ársælssyni forstjóra, Kirkjuvegi 43, Eiríki Jónssyni kaupmanni, Hásteinsvegi 43, og Gunnari Sigurmundssyni prentsmiðjustjóra, Brimhólabraut 24, öllum í Vestmannaeyjum, til greiðslu in solidum á ódagsettri ábyrgðarskuldbindingu.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur *aðallega*, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 25.000.00 með 6% ársvöxtum frá 20. júní 1952 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., en *til vara*, að stefndu verði dæmdir til að greiða hina umstefndu fjárhæð, kr. 25.000.00, að hluta (pro rata) og vexti og málskostnað eins og greinir í aðalkröfu og *til þrautavara*, að hinir stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða kr. 2500.00 með vöxtum og málskostnaði eins og greinir í aðalkröfu.

Stefndu hafa mætt í málinu og gert þær réttarkröfur *aðallega*, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, en *til vara* að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða stefnanda in solidum kr. 2500.00, og *til þrautavara*, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða kr. 25.000.00 pro rata. Svo krefjast þeir þess, að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati réttarins, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Hinn 1. ágúst 1946 tók Magnús Thorberg við forstöðu póstafgreiðslunnar í Vestmannaeyjum. Var hann í fyrstunni sendur þangað af póst- og símamálastjóranum vegna veikinda póstafgreiðslumanns. Veturinn eftir lézt póstafgreiðslumaðurinn, og hélt Magnús áfram starfinu, án þess að hann fengi formlega skipun. Gekk svo fram um nokkur ár.

Fljótt virðist hafa borið á því, eftir að Magnús Thorberg tók við, að rekstri póstafgreiðslunnar var áfátt. Óreiða var í bókhaldi og varðveizla póstfjár á annan veg en vera átti. Meðal annars viðurkenndi Magnús Thorberg við sakamálarannsókn, er síðar fór fram, að á árinu 1949 hafi sér orðið kunnugt um, að hann var kominn í

60 þús. kr. sjóðþurð vegna innheimts póstfjár, og er endurskoðendur póstmálastjórnarinnar komu til Eyja til sjóðtalningar og eftirlits, hafi hann fengið fé þetta að láni hjá kunningjum sínum og lagt í sjóð póstafgreiðslunnar. Er endurskoðendurnir voru farnir, kveðst hann hafa tekið féð aftur úr sjóðnum og afhent það til viðkomenda.

Við endurskoðun, sem póst- og símamálastjórnin lét fara fram 15. nóvember 1950, kom í ljós sjóðþurrð, að fjárhæð kr. 46.701.55. Sjóðþurrð þessa greiddi Magnús Thorberg til póstsjóðs hinn 23. sama mánaðar. Upplýsingar hans um féð, er hann notaði í þessu skyni, hafa verið á reiki. Fyrir sakadómi viðurkenndi hann að hafa varið fé póstsjóðs til þess að greiða sjóðþurðina. Við vitnaleiðslu í Reykjavík, sem fór fram í sambandi við mál þetta, kvaðst hann hafa aflað sér fjár til þess að greiða sjóðþurðina með því að selja innbú og með 25 þús. króna víxillántöku. Er uppvíst varð um sjóðþurðina, mun hafa komið til orða að láta hann hætta starfinu. Póst- og símamálastjóri var erlendis um þetta leyti, og kom því í hlut Egils Sandholts póstritara að fjalla um mál Magnúsar. Er sjóðþurðin hafði verið greidd, að því er virðist að formi til, átti hann viðtal við Magnús, og spurðist þá Magnús fyrir um, hvort hann fengi að halda póstafgreiðslustarfinu áfram. Kvaðst Egill Sandholt hafa svarað, að hann gæti ekki sagt um það að svo stöddu, en gat þess jafnframt, að það mundi verða nokkur styrkur fyrir hann, ef hann gæti lagt fram einhverja tryggingu fyrir því fé, er honum væri trúað fyrir, t. d. ábyrgð nokkurra þekktra manna. Magnús sagði, að sér mundi það auðvelt, og lofaði að senda trygginguna bráðlega. Að sögn Magnúsar var rætt um, að tryggingin skyldi nema kr. 50.000.00.

Magnús virðist ekki hafa strax hafizt handa um útvegun ábyrgðarmanna, og liggja ekki fyrir upplýsingar um, hvað því kann að hafa valdið. En ári síðar, haustið 1951, samdi Magnús tvær ábyrgðaryfirlýsingar og fékk 20 menn í Eyjum til þess að skrifa undir, 10 menn undir hvora. Undirskriftirnar virðast hafa farið fram í október og nóvember 1951. Flestir skrifuðu undir á pósthúsinu og hver í sínu lagi, og voru ekki aðrir viðstaddir en Magnús einn. Ábyrgðaryfirlýsingarnar voru orði til orðs samhljóða og hljóðuðu þannig:

„Við undirritaðir 10 menn tökum að okkur, sem sjálfskuldarábyrgðarmenn, ábyrgð á þeim kr. 25.000.00 tuttugu og fimm þúsund krónum og 00/100, sem póstafgreiðslumanni Magnúsi Thorberg hefur verið gjört að skyldu að setja sem tryggingu fyrir póstfé því, sem honum verður trúað fyrir, þannig að við skuldbindum okkur til, einn fyrir alla og allir fyrir einn, að greiða póstsjóði skaðlaust allt að nefndri upphæð kr. 2500.00 tvö þúsund og fimm hundruð krónur 00/100, ef téður póstafgreiðslumaður eigi stendur í skilum".

Allir hinir stefndu rituðu undir aðra ábyrgðaryfirlýsinguna. Síðan

rituðu tveir vitundarvottar nöfn sín á skjalið, án þess þó að vera viðstaddir, er stefndu rituðu nöfn sín.

Magnús Thorberg sendi ábyrgðaryfirlýsingarnar til póstmálastjórnarinnar, er undirskriftir höfðu farið fram. Veitti Egill Sandholt póstritari þeim viðtöku og kvaðst hafa skilið þær þannig, að þeir, sem undir þær rituðu, tækju á sig solidariska ábyrgð á kr. 25.000.00. Ekki kveðst hann hafa tekið eftir því, að ábyrgðaryfirlýsingarnar væru sjálfri sér ósamhljóða. Á þessum tíma kvað hann póststjórnina hafa verið grunlausa um, að Magnús væri þegar kominn í sjóðþurð. En í ársbyrjun 1952 fór Magnús að senda póststjórninni upp í pósttekjur ávísanir frá einstaklingum og fyrirtækjum, sem ekki fengust greiddar, og einnig fór að bera á seinlæti í innheimtu og skilum á póstkröfusendingum. Varð þetta til þess, að póststjórnin sendi Odd Bjarnason til Vestmannaeyja 31. marz 1952 til þess að athuga rekstur póstafgreiðslunnar. Komst hann brátt að raun um, að um stórfellda sjóðþurrð var að ræða. Var Magnúsi þá vikið úr starfinu, fyrst um stundarsakir, en síðan endanlega hinn 29. apríl 1952. Var þá þegar komið í ljós, að sjóðþurð hans nam rúmlega 360 þús. króna. Sakamálarannsókn var síðan látin fara fram, og urðu niðurstöður hennar á sömu lund. Bú Magnúsar var tekið til gjaldþrotameðferðar haustið 1952, og er skiptum ekki lokið.

Er upplýst varð um sjóðþurðina, reyndi Magnús Thorberg að útvega fé til þess að greiða hana upp. Að sögn Magnúsar, sem ekki hefur verið vefengd sérstaklega af hinum stefndu, buðust þá allir þeir, sem rituðu undir ábyrgðaryfirlýsingarnar, til þess að leggja fram kr. 2500.00 hver, eða samtals kr. 50.000.00, gegn því að tryggt yrði, að Magnús slyppi við refsingu. Slík trygging fékkst ekki, enda hrökk þessi fjárhæð skammt upp í sjóðþurrðina og Magnúsi tókst ekki að afla þess fjár, sem á vantaði. Neituðu hinir stefndu þá að greiða. Varð það til þess, að mál þetta var höfðað. Kröfur stefnanda eru byggðar á framangreindri ábyrgðaryfirlýsingu, bæði aðalkrafa, varakrafa og þrautavarakrafa, og miðaðar við það, hvaða skilning er tiltækilegt að leggja í ábyrgðaryfirlýsinguna.

Sýknukrafa hinna stefndu er byggð á því, að þeir hafi verið blekktir af Magnúsi Thorberg til þess að undirrita ábyrgðaryfirlýsinguna. Hafa þeir allir borið við aðiljayfirheyrslu, að á þeim tíma, sem undirskriftirnar fóru fram, hafi þeir haldið, að allt væri með felldu um fjárreiður Magnúsar, en hins vegar sé komið á daginn, að Magnús hafi þá verið kominn í stórfellda sjóðþurrð. Telja þeir, að bæði Magnúsi og stefnanda muni hafa verið þetta kunnugt eða átt að vera það kunnugt, og sé því ábyrgðarskuldbindingin ógild með öllu. Svo hafa þeir og talið, að ábyrgðaryfirlýsingin hafi aðeins verið málamyndagerningur, og segja þeir svo allir, að Magnús hafi tekið það skýrt fram, er þeir undirrituðu nöfn sín, að ábyrgðin væri aðeins pro forma og til útborgunar kæmi ekki. Að lokum hafa

stefndu talið, að ábyrgðarskuldbindingin væri ekki gjaldkræf, þar sem stefnandinn hefði ekki reynt að fá skuld sína hjá Magnúsi.

Magnús Thorberg hefur við vitnayfirheyrslu í málinu haldið því fram, að hann hafi ekki skuldað póstsjóði neitt, er ábyrgðaryfirlýsingin var gefin út, en ekki er vert að leggja mikið upp úr slíkri staðhæfingu. Ljóst virðist af gögnum málsins, að Magnús var kominn í stórfellda sjóðþurð, er ábyrgðaryfirlýsingin var undirrituð, og einnig virðist ljóst, að honum hefur hlotið eða að minnsta kosti mátt vera það kunnugt. Aftur á móti er ósannað gegn mótmælum stefnanda, að póstmálastjórninni hafi verið kunnugt um sjóðþurrð Magnúsar á þeim tíma, er hún fékk ábyrgðaryfirlýsinguna í hendur. Varnarástæður byggðar á svikum af hálfu Magnúsar eða á brostnum forsendum stoða því ekki, þar sem enginn fyrirvari er gerður í þá átt í ábyrgðarskuldbindingunni. Sama er að segja um þá varnarástæðu stefndu, að ábyrgðaryfirlýsingin hafi verið málamyndagerningur. Við afhendingu ábyrgðaryfirlýsingarinnar til stefnanda glataðist hugsanlegur réttur hinna stefndu til þess að fá ábyrgðarskuldbindinguna fellda úr gildi af þessum sökum. Þegar af þessari ástæðu verður sýknukrafa hinna stefndu ekki tekin til greina. Sú varnarástæða hinna stefndu, að ábyrgðin sé ekki gjaldkræf, verður ekki heldur talin eiga rétt á sér, þar sem hér er um sjálfskuldarábyrgð að ræða og sjóðþurð Magnúsar fyllilega upplýst bæði með athugunum endurskoðenda og með sakamálsrannsókn.

Eins og fyrr er getið og ábyrgðaryfirlýsingin ber með sér, er hún ekki sjálfri sér samkvæm að því er ábyrgðarfjárhæðina snertir. Í upphafinu segir, að undirritaðir, þ. e. a. s. hinir stefndu, taki á sig solidariska ábyrgð á kr. 25.000.00, en í niðurlaginu segir, að þeir taki á sig solidariska ábyrgð á kr. 2500.00. Aðiljar eru mjög ósammála um, hvaða fjárhæð eigi að leggja til grundvallar. Eins og þegar er fram tekið, kveðst Egill Sandholt póstritari hafa skilið ábyrgðaryfirlýsinguna þannig, að ábyrgðin væri solidarisk og að fjárhæð kr. 25.000.00. Þenna skilning, telur stefnandi, að leggja beri til grundvallar. Magnús Thorberg hefur gefið upplýsingar um þetta atriði, fyrst með vottorði og síðan með vitnaskýrslu. Í vottorðinu hélt hann því fram, að ábyrgðin hefði átt að nema kr. 25.000.00 og verið solidarisk og öllum hinum stefndu hafi verið þetta vel ljóst. Lægri upphæðina, kr. 2500.00, kvað hann vera misritun. Í vitnaskýrslu sinni taldi hann hins vegar, að ábyrgðin hefði átt að vera pro rata og hver hinna stefndu skyldi greiða kr. 2500.00 og af þeirri ástæðu væri sú tala tilgreind í niðurlagi ábyrgðaryfirlýsingarinnar. Við aðiljayfirheyrslu í málinu voru hinir stefndu ekki sammála um upphæð ábyrgðarinnar. Bergsteinn Jónasson, Lárus Ársælsson og Gísli Gíslason kváðust hafa skilið ábyrgðarskuldbindinguna þannig, að hver ábyrgðarmaður tæki á sig sjálfskuldarábyrgð á kr. 2500.00, þannig að ábyrgðarskuldbindingin í heild næmi kr. 25.000.00, ef 10 menn skrifuðu undir. Gunnar Sigurmundsson kvað Magnús Thor-

berg ekki hafa minnzt á ábyrgðarfjárhæð, heldur aðeins rétt sér skjalið til undirskriftar. Kvaðst Gunnar hafa lesið skjalið yfir, og hafi sér skilizt, að þeir, sem undirrituðu, tækju á sig solidariska ábyrgð á kr. 2500.00 ásamt hinum ábyrgðarmönnunum og hafi sér fundizt upphæðin það lítil, að áhættulítið væri að skrifa undir. Tók hann jafnframt fram, að hann mundi ekki hafa skrifað undir óhikað, ef hann hefði talið, að hann tæki á sig ábyrgð á kr. 25.000.00 með undirskrift sinni. Axel Halldórsson kvað Magnús ekki hafa minnzt á ákveðna upphæð, er hann fékk honum skjalið til undirskriftar. Sjálfur kveðst hann hafa lesið það yfir lauslega, áður en hann hafi skrifað undir, og hafi ekki gert sér grein fyrir ósamræmi í skjalinu né hve háa fjárhæð hann væri að ábyrgjast, því hann hafi ekki tekið skjalið alvarlega. Hallberg Halldórsson kvaðst ekki heldur minnast þess, að Magnús hafi nefnt nokkra ábyrgðarfjárhæð, er hann beiddi hann að undirrita skjalið. Kvaðst hann hafa lesið skjalið yfir, og er hann sá ákveðna fjárhæð tilgreinda, kvaðst hann hafa færzt undan að skrifa undir skjalið. Magnús hafi þá sagt, að þetta væri aðeins málamyndagerningur, og kvaðst Hallberg hafa tekið það trúanlegt og skrifað undir. Ekki kvaðst hann hafa gert sér grein fyrir, hvora töluna í skjalinu hann áleit að leggja bæri til grundvallar, er hann undirritaði. Ágúst Bjarnason kvaðst hafa skilið ábyrgðaryfirlýsinguna þannig, að þeir, sem undirrituðu hana, tækju á sig solidariska ábyrgð á kr. 2500.00, en hvort hann veitti hærri tölunni athygli, er hann undirritaði skjalið, kvaðst hann ekki þora að segja um. Stefán Árnason kveður Magnús hafa sagt við sig, er hann undirritaði skjalið, og lagt á það mikla áherzlu, að aldrei kæmi til neinna útborgana fyrir ábyrgðarmennina, og ef svo ólíklega skyldi vilja til, væri ábyrgð hvers einstaks ábyrgðarmanns í hæsta lagi kr. 250.00. Kvaðst hann hafa lesið skjalið yfir, áður en hann undirritaði, en aðeins mjög óvandlega, því hann hafi gert ráð fyrir, að það væri rétt, sem Magnús sagði. Jón G. Scheving kvað Magnús hafa sagt við sig, að 10 menn mundu skrifa undir skjalið, og væri ábyrgð þeirra allra samtals kr. 2500.00. Hann kvaðst hafa lesið skjalið yfir með hangandi hendi og hefði hann ekki veitt því athygli, að í skjalinu stæði einnig, að ábyrgðin væri kr. 25.000.00. Eiríkur Jónsson kvað Magnús hafa lesið skjalið í flaustri, áður en hann undirritaði, en sjálfur kvaðst hann ekki hafa lesið það. Kvað hann sér hafa skilizt á Magnúsi, að ábyrgðarskuldbindingin næmi kr. 2500.00, eða 250 kr. á mann, ef 10 manns mundu rita undir.

Af því, sem fyrir liggur í málinu, virðist mega ráða, að ábyrgð hinna stefndu var veitt í því skyni að tryggja Magnúsi Thorberg stöðuna. Mátti þeim vera ljóst, að ábyrgð á kr. 2500.00, eða kr. 250.00 á mann, eins og sumir telja, kom að litlu haldi sem trygging fyrir fjárhaldi, er veltur á mörgum milljónum á hverju ári. Þykir því verða að líta svo á, að ábyrgðarfjárhæðin hafi átt að nema kr. 25.000.00, enda er ekki sjáanlegt, að stefndu hafi hreyft mótmælum

gegn fjárhæðinni fyrr en í máli þessu. Samkvæmt framburði Magnúsar Thorbergs og aðiljaframburði sumra hinna stefndu var tilætlunin, að ábyrgðin væri einstakleg, en ekki solidarisk, og virðist sennilegt, að ósamræmið í ábyrgðaryfirlýsingunni, að því er ábyrgðarfjárhæðina varðar, eigi til þess rót sína að rekja. Og þar eð ábyrgðaryfirlýsingin, eins og frá henni var gengið, gaf stefnanda ekki ástæðu til að ætla, að hann fengi solidariska ábyrgð fyrir hærri fjárhæðinni, sem tilgreind er í skjalinu, þykir rétt að líta svo á, að ábyrgðin sé að hluta (pro rata). Niðurstaða málsins verður því sú, að hver hinna stefndu verður dæmdur til að greiða kr. 2500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. júní 1952 til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinir stefndu, Axel Halldórsson, Bergsteinn Jónasson, Jón G. Scheving, Gísli Gíslason, Hallberg Halldórsson, Stefán Árnason, Ágúst Bjarnason, Eiríkur Jónsson, Lárus Ársælsson og Gunnar Sigurmundsson, greiði hver fyrir sig stefnandanum, Guðmundi Hlíðdal f. h. póst- og símamálastjórnarinnar, kr. 2500.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 20. júní 1952 til greiðsludags.

Málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 29. nóvember 1955.

Nr. 128/1955. **Borgarstjórinn í Reykjavík f.h. bæjarsjóðs**
(Tómas Jónsson)
gegn
Sambandi íslenzkra samvinnufélaga
(Vilhjálmur Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. september þ. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði

úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak hjá stefnda til tryggingar útsvarsskuld fyrir útsvarsárið 1953, *aðallega* að fjárhæð kr. 898.300.30, *til vara* kr. 697.860.30, *enn til vara* kr. 617.453.30 og *til þrautavara* kr. 417.013.30 auk dráttarvaxta lögum samkvæmt og kostnaðar af lögtaksgerð. Þá krefst áfrýjandi *aðallega* málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda, en *til vara*, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Stefndi í máli þessu er samvinnusamband samkvæmt VI. kafla laga um samvinnufélög nr. 46/1937. Gilda því um útsvarsskyldu hans ákvæði 2. töluliðs II 6. gr. laga um útsvör nr. 66/1945, en þar segir svo um samvinnufélög: „Þau greiða útsvar af arði síðasta útsvarsárs, sem leiðir af skiptum við utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar".

Samkvæmt 3. tölulið 4. gr. útsvarslaganna greiða kaupmenn í Reykjavík veltuútsvar. Ákvæði 2. töluliðs II 6. gr. útsvarslaganna vísar til reglna þeirra, er gilda um útsvar á kaupmenn á staðnum. Ber því að leggja veltuútsvar á samvinnufélag í Reykjavík á skipti þess við utanfélagsmenn auk tekjuútsvars á arð af þeim viðskiptum. En útsvar má hvorki beint né óbeint leggja á eign samvinnufélags né skipti þess við félagsmenn. Tekju- og veltuútsvar má því alls eigi fara fram úr hreinum arði samvinnufélags af skiptum þess við utanfélagsmenn.

Samkvæmt framtali stefnda og úrskurði Ríkisskattanefndar nam arður stefnda af skiptum við utanfélagsmenn útsvarsárið 1953 kr. 327.243.69. Ríkisskattanefnd gerði stefnda hins vegar að greiða Reykjavíkurkaupstað fyrir nefnt útsvarsár kr. 1.200.000.00 í útsvar, er sundurliðast þannig:

1. Tekjuútsvar af arði af skiptum utanfélagsmanna ..... kr. 30.170.00
2. Veltuútsvar af sömu viðskiptum .... — 966.382.00

3. Eignarútsvar ..... — 200.440.00
4. Hækkun ..... — 2.008.00

Samtals kr. 1.200.000.00

Með tilvísun til þess, sem áður er rakið, hefur eignarútsvarið enga stoð í lögum, en veltuútsvarið hefur eigi verið ákveðið innan réttra marka. Samkvæmt þessu og þar sem stefndi hefur greitt tekjuútsvarið að fullu, svo sem greinir í úrskurði fógeta, ber að synja um framkvæmd lögtaksgerðar.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og hér fyrir dómi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 26. ágúst 1955.

Gerðarþola, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, var gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir árið 1954 kr. 1.600.000.00. Með skuldajöfnuði hefur gerðarþoli greitt upp í útsvar þetta kr. 301.699.70, og standa þá eftir ógreiddar kr. 1.298.300.30. Þar eð gerðarþoli hefur neitað að greiða upphæð þessa, gerði borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs upphaflega þá kröfu, að lögtak yrði látið fara fram í eignum gerðarþola til tryggingar framangreindri útsvarsskuld, kr. 1.298.300.30, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði og að honum yrði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarþola samkvæmt taxta Lögmannafélagsins.

Útsvar þetta kærði gerðarþoli á sínum tíma til lækkunar til niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur, yfirskattanefndar og Ríkisskattanefndar. Niðurjöfnunarnefnd og yfirskattanefnd tóku ekki til greina lækkunarkröfur gerðarþola, en meðan á rekstri málsins stóð fyrir fógetaréttinum, lækkaði Ríkisskattanefnd útsvarið um kr. 400.000.00. Hefur gerðarbeiðandi í samræmi við það lækkað *aðalkröfu* sína í kr. 898.300.30. *Til vara* hefur gerðarbeiðandi gert þá kröfu, að leyft verði lögtak fyrir kr. 617.453.30. Er þá dregið frá aðalkröfunni veltuútsvar af sölu innlendra afurða, eins og það er ákveðið í úrskurði Ríkisskattanefndar, en til *þrautavara* hefur hann krafizt, að leyft verði lögtak fyrir kr. 417.013.30, og er þá enn fremur dregið frá aðalkröfunni eignarútsvar gerðarþola, eins og það er ákveðið í úrskurði Ríkisskattanefndar.

Gerðarþoli hefur mótmælt útsvarskröfum gerðarbeiðanda, bæði aðalkröfu hans og varakröfu, og gert þá kröfu í málinu, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og að honum verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda að mati réttarins.

Mótmæli sín og kröfur reisir gerðarþoli aðallega á því, að hann telur, að óheimilt sé og andstætt lögum að leggja á gerðarþola annað útsvar en tekjuútsvar, og hefur hann í því efni skírskotað til 6. gr. A, II, 2. tölul. útsvarslaganna nr. 66/1945, svo og 38. gr., 2. tölul., laga nr. 36/1921, um samvinnufélög, og greinargerðar fyrir frumvarpi til þeirra laga og umræðna um það á Alþingi, og enn fremur til 1. gr., 3. tölul., laga nr. 50 frá 28. nóv. 1919.

Hefur gerðarþoli haldið því fram í málinu, að hinar almennu reglur útsvarslaganna um útsvarsálagningu (sbr. 4. gr. útsvarslaganna) og útsvarsskyldu, taki ekki til samvinnufélaga, en um þau gildi sérregla samkvæmt 6. gr. A, II, 2. tölul. útsvarslaganna, en það ákvæði er svohljóðandi:

> „Samvinnufélög. Þau greiða útsvar af arði síðasta útsvarsárs, sem leiðir af skiptum við utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar".

Heldur gerðarþoli því fram, að orðið „arður" í þessu tilgreinda ákvæði geti ekki þýtt annað en ágóði. Hér sé því um heimild að ræða til að leggja á samvinnufélög tekjuútsvar, en enga heimild sé að finna fyrir frekari útsvarsálagningu á samvinnufélög, hvorki eignaútsvar né veltuútsvar. Þessa skoðun sína styður gerðarþoli með því, að framangreint lagaákvæði hafi fyrst verið leitt í lög í 38. gr., 2. tölul., laga nr. 36/1921, um samvinnufélög, en ákvæðið síðan verið tekið upp óbreytt í síðari útsvarslög og sé nú óbreytt í 6. gr. A, II, 2. tölul. gildandi útsvarslaga. Hins vegar hafi, áður en nefnd lög um samvinnufélög voru sett, gilt um útsvarsskyldu samvinnufélaga ákvæði í 1. gr., 3. tölul., laga nr. 50/1919, en það ákvæði hljóðar svo:

> „Á kaupfélög og pöntunarfélög má leggja aukaútsvar, ef þau hafa leyst borgarabréf og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild félagsins".

Telur gerðarþoli það ljóst af hljóðan orðanna í framangreindum lagaákvæðum, að ekki sé heimilt að leggja á hann eignarútsvar né veltuútsvar, enda komi það berlega fram í greinargerðinni fyrir frumvarpinu til áðurnefndra laga um samvinnufélög, að umrætt ákvæði 38. gr. laganna hafi verið til þess sett að afnema heimild sveitarfélaganna til að leggja á samvinnufélög annað en tekjuútsvar. Og að enn augljósari verði sá tilgangur löggjafans, er þetta ákvæði nefndra laga sé borið saman við ákvæði 1. gr., 3. tölul., laga nr. 50/1919, um útsvarsálagningu á kaupfélög og pöntunarfélög, sem tilfært er hér að framan.

Auk þess, sem nú hefur verið sagt, hefur gerðarþoli reist kröfu

sína um synjun á hinni umbeðnu lögtaksgerð á öðrum varnarástæðum, þar sem ýmist eru vefengdir útsvarsstofnarnir, sem lagt hefur verið á, eða og upphæðir þeirra, eins og niðurjöfnunarnefnd hefur ákveðið þær. En frá þessum varnarástæðum hefur gerðarþoli fallið við munnlegan flutning málsins, þar eð hann telur, að Ríkisskattanefnd hafi að nokkru tekið þær ástæður til greina. Þó hefur gerðarþoli haldið fast við þá varnarástæðu, að hann telur óheimilt að leggja á veltuútsvar á umboðssölu gerðarþola á nokkrum innlendum afurðum, svo sem sláturafurðum alls konar, kjöti o. fl. og fiski, þar eð gerðarþoli taki aðeins 1½—2% í umboðslaun fyrir sölu þeirra og aðeins í fáum tilfellum 3%. Ef heimilt væri að leggja veltuútsvar á gerðarþola yfirleitt, þá kæmi þó aldrei til mála að leggja veltuútsvar á þessa sölu, heldur aðeins í hæsta máta á umboðslaun gerðarþola af sölunni.

Gerðarbeiðandi hefur mótmælt kröfu gerðarþola um, að synjað verði um framgang lögtaksgerðarinnar og þeim skilningi hans á áðurgreindum lagaákvæðum, er útsvör varða, og þá einkum 6. gr. A, II, 2. tölul. útsvarslaganna, að samkvæmt þeim sé óheimilt að leggja á gerðarþola eignarútsvar og svonefnt veltuútsvar. Telur gerðarbeiðandi, að hin tilfærðu lagaákvæði breyti eigi þeirri meginreglu útsvarslaganna, að leggja beri útsvör á eftir efnum og ástæðum, — að þau breyti t. d., að því er eignaútsvör snertir, alls ekki ákvæðunum í 1. tölul. 4. gr. útsvarslaganna um, að hafa beri hliðsjón af eignum aðilja við álagningu útsvars, og að þegar af þeirri ástæðu fái andmæli gerðarþola gegn réttmæti eignaútsvarsins ekki staðizt. Hið sama gildi og um veltuútsvarið, að andmæli gerðarþola gegn því fái heldur ekki staðizt. Veltuútsvar það, sem um sé að ræða, sé lagt á viðskiptaveltu gerðarþola við *utanfélagsmenn* árið 1953, og að það sé réttmætur gjaldstofn til útsvarsálagningar með sama hætti og sams konar viðskiptavelta sé útsvarsskyld hjá öðrum. Ákvæðin í 6. gr. A, II, 2. tölul. útsvarslaganna eigi að tryggja það, og það eitt, að útsvar sé ekki lagt á tekjur samvinnufélaga af skiptum við félagsmenn, enda hnigi öll rök fyrir þessari lagasetningu í þá átt, að með nefndum ákvæðum sé verið að koma í veg fyrir ósanngjarna tvísköttun, þar eð félagsmenn í samvinnufélögum hljóti að sjálfsögðu að greiða persónulega útsvör af hagnaði sínum af viðskiptum við félögin. Hinu hafi jafnan verið haldið fram, að réttmætt væri og sjálfsagt, að samvinnufélög greiddu útsvör af viðskiptum við utanfélagsmenn eftir sömu reglum og aðrir, er reka sams konar viðskipti á hverjum stað. Væri því fráleitt að skýra ákvæði 6. gr. A, II, 2. tölul. útsvarslaganna á þann veg, að þau banni útvarsálagningu á eignir samvinnufélaga eða viðskipti (veltuútsvar) við utanfélagsmenn. Telur gerðarbeiðandi, að þessi skoðun hans sé enn fremur studd af margra ára venju um land allt, þar á meðal langri venju gerðarþola sjálfs hér í Reykjavík og sjálfsagt víðar, enda hafi gerðarþoli jafnan greitt fyrirvaralaust útsvör sín

til bæjarsjóðs Reykjavíkur þar til 1953. Hafi hann um greiðslu útsvars þess árs gert fyrirvara bréflega, en ekki hafi þó til neinna aðgerða komið út af því. Til stuðnings þeirri skoðun sinni, að heimilt sé að leggja veltuútsvar á viðskipti samvinnufélaga við utanfélagsmenn, hefur gerðarþoli enn fremur skírskotað til hæstaréttardóms 12. febrúar 1954 í málinu nr. 27/1951, og jafnframt hefur hann haldið því fram, að heimildin til að leggja á gerðarþola eignaútsvar sé nærri því enn ríkari og ótvíræðari.

Hvað viðvíkur mótmælum gerðarþola gegn útreikningum niðurjöfnunarnefndar á umræddu veltuútsvari á þeim forsendum, að nefndin miði við hærri veltu en heimilt sé, telur gerðarbeiðandi sýnilegt, að niðurjöfnunarnefnd hafi álitið óhætt, að minnsta kosti miðað við ársskýrslu gerðarþola, sem þá hafi nýlega verið lögð fyrir aðalfund Sambands ísl. samvinnufélaga, að áætla útsvarið nokkuð ríflega, miðað við endanlegt útsvar félagsins 1953, enda ljóst af framlögðum skjölum, að nefndin hafi talið upplýsingar gerðarþola, einkum um skiptingu viðskipta milli félagsmanna og utanfélagsmanna, engan veginn fullnægjandi, sem reyndar hafi ekki verið óeðlilegt, ef og þegar gerðarþoli telji, að sú skipting skipti engu máli við skattaálagningu. Hins vegar sé munurinn á lækkunarkröfum gerðarþola á veltuútsvari og lækkun Ríkisskattanefndar hvergi nærri svo mikill, að til mála geti komið að tala yfirleitt um ólöglega álagningu af þeim sökum, jafnvel þó gengið væri út frá því, að gerðarþoli hefði efnislega rétt fyrir sér í öllum atriðum. Annars sé úrskurður Ríkisskattanefndar um þetta atriði fullnaðarúrskurður og hið sama gildi um úrskurð nefndarinnar um eignaútsvarið, sem hún hafi ákveðið kr. 200.000.00 fyrir ár 1954.

Aðiljar hafa lagt atriðið undir úrskurð réttarins.

Það, sem til álita kemur í máli þessu, er: a) hvort heimilt sé að lögum að leggja á samvinnufélög, og þá einnig á gerðarþola, veltuútsvar og eignaútsvar, og ef svo er: b) hvort útsvar það, sem hér ræðir um, hafi verið lagt á löglega eða rétta útsvarsstofna.

Meginregluna um álagningu útsvars er að finna í 4. gr. útsvarslaganna nr. 66/1945, en hún er á þá leið, að útsvar skuli leggja á eftir efnum og ástæðum og að hafa beri hliðsjón af eignum gjaldenda og öðrum ástæðum við ákvörðun útsvarsupphæðarinnar. Með þessu lagaákvæði hafa skattayfirvöldin talið, að veitt hafi verið heimild til að leggja á kaupsýslufyrirtæki svonefnt veltuútsvar, enda er útsvar af veltu samkvæmt hæstaréttardómi frá 23. september 1952 talið hafa stoð í 3. mgr. 4. gr. útsvarslaganna, þar sem svo segir, að taka skuli til greina við álagningu útsvars á gjaldþegn sérhvað það „er telja má máli skipta um gjaldþol hans og með sanngirni má til greina taka til hækkunar útsvars hans eða lækkunar".

Er þá að athuga, hvort samvinnufélög, og þá einnig gerðarþoli, hafi að lögum öðlazt þá sérstöðu, að áðurnefnd meginregla útsvars-

laganna um álagningu útsvara taki ekki til þeirra, en um álagningu á þau gildi aðrar reglur.

Í 38. gr., 2. tölul., laga nr. 36/1921, um samvinnufélög, segir svo um gjöld þau, er samvinnufélögum beri að greiða til sveitar- og bæjarsjóða: „Útsvar af arði, sem leiðir af skiptum við utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn á staðnum . . .". Ákvæði þetta var síðan tekið óbreytt að efni til upp í síðari útsvarslög, og er það nú að finna í 6. gr. A, II, 2. tölul. gildandi útsvarslaga, en þar segir, sem að framan greinir: „Samvinnufélög. Þau greiða útsvar af arði síðasta útsvarsárs, sem leiðir af skiptum við utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar". Hefur gerðarþoli, sem áður getur, haldið því fram, að þetta ákvæði útsvarslaganna sé algerlega tæmandi um útsvarsskyldu samvinnufélaga og eftir því einu beri að fara um álagningu útsvars á samvinnufélög og þá einnig gerðarþola, en hins vegar eigi hin almennu ákvæði útsvarslaganna um að leggja á eftir efnum og ástæðum ekki við samvinnufélög. Gerðarbeiðandi hefur hins vegar haldið því fram, að margnefnt ákvæði 6. gr. A, II, 2. tölul. útsvarslaganna eigi að tryggja það, og það eitt, að ekki sé lagt á tekjur samvinnufélaga af skiptum við félagsmenn og koma þannig í veg fyrir ósanngjarna tvísköttun, en hinu hafi jafnan verið haldið fram, að réttmætt væri og sjálfsagt, að samvinnufélög greiddu útsvör af viðskiptum við utanfélagsmenn eftir sömu reglum og aðrir, er reka sams konar viðskipti á hverjum stað.

Á þessi sjónarmið gerðarbeiðanda getur rétturinn ekki fallizt. Orðalag 6. gr. A, II, 2. tölul. útsvarslaganna er svo ótvírætt, að ákvæðið verður ekki að áliti réttarins skýrt á annan veg en eftir hljóðan orðanna, en þar er einungis talað um útsvar af arði, en ekki af eignum eða veltu. Sú skoðun, að löggjafinn hafi með ákvæði þessu viljað undanþiggja samvinnufélög eigna- og veltuútsvari, á að áliti réttarins ríka stoð í ákvæði 38. gr., 3. tölul. laga nr. 36/1921, um samvinnufélög, sem tilfært er hér að framan, og einnig má ráða það af greinargerðinni fyrir frumvarpinu til þessara laga svo og umræðunum um það, er fram fóru á Alþingi. Enn fremur styður þessa skoðun að áliti réttarins ákvæði 1. gr., 3. mgr., laga nr. 50/1919, borið saman við ákvæði 6. gr. A, II, 2. tölul. útsvarslaganna, þar eð samkvæmt fyrra ákvæðinu er heimilt að leggja á kaupfélög og pöntunarfélög eftir „árlegri veltu og arði", eins og það er orðað, en í síðara ákvæðinu er fellt niður orðið „velta", en aðeins talað um útsvar af arði. En með „arði" hlýtur samkvæmt venjulegri merkingu þess orðs og íslenzkri málvenju að vera átt við *ágóða*. Verður því að líta svo á, að útsvar það, sem hér ræðir um, sé ranglega á gerðarþola lagt, að því leyti er tekur til eigna- og veltuútsvarsins samkvæmt sundurliðun niðurjöfnunarnefndar, sem lögð hefur verið fram í málinu.

Af þessari niðurstöðu réttarins leiðir, að b-liður hér að framan

kemur ekki til álita réttarins. Og þar eð tekjuútsvar gerðarþola, sem hér ræðir um, nemur samkvæmt sundurliðun niðurjöfnunarnefndar kr. 30.170.00, en gerðarþoli hefur samkvæmt framlögðum útsvarsseðli greitt þá upphæð og enda meira, þá þykir verða að synja um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað fyrir réttinum falla niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á eigi fram að ganga. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 2. desember 1955.

Nr. 51/1954. **Vélaverzlunin G. J. Fossberg h/f** (Árni Stefánsson hdl.)

gegn

Miðstöðinni h/f (Ágúst Fjeldsted hdl.)

og gagnsök.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Lausafjárkaup. Krafa um riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. apríl 1954 og hefur hann uppi þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að gagnáfrýjanda verði dæmt að endurgreiða kr. 40.627.92 með 6% ársvöxtum frá 13. marz 1951 til greiðsludags, *að* skila aftur víxli þeim, að fjárhæð kr. 67.255.30, sem aðaláfrýjandi samþykkti til greiðslu 7. júní 1951, og *að* greiða skaðabætur fyrir misstan söluhagnað, kr. 50.000.00 eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins, allt gegn afhendingu á vörum þeim, er í málinu getur.

Varakröfur: Að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 44.663.61 eða kr. 34.954.13, sem komi til frádráttar framangreindri víxilkröfu, ásamt 6% ársvöxtum frá 13. marz 1951 til greiðsludags.

Þá krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem hefur skotið málinu til Hæstaréttar af sinni hálfu með stefnu 31. maí 1954, hefur uppi þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að hann verði dæmdur sýkn af öllum kröfum aðaláfrýjanda og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

1. varakrafa: Að honum verði einungis dæmt að greiða hæfilegan afslátt af kaupverði vöru þeirrar, er í málinu greinir, þó ekki yfir kr. 10.000.00, og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í Hæstarétti.

2. varakrafa: Að dómkröfur aðaláfrýjanda verði lækkaðar verulega, ef dæmd verður riftun á framangreindum kaupum, og hvor aðilja verði þá látinn bera kostnað sinn af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný sakargögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti, en þau skipta engu um úrslit málsins.

Samkvæmt rökum þeim, sem greind eru í héraðsdómi, ber að staðfesta hann, enda kemur ekki til álita sú krafa aðaláfrýjanda, að dæmdur afsláttur komi til frádráttar framangreindri víxilfjárhæð, þegar af þeirri ástæðu, að krafa þessi er ekki höfð uppi fyrr en í Hæstarétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Hvor aðilja ber kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 15. marz 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur Vélaverzlun G. J. Fossberg, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 23. maí 1951, gegn Miðstöðinni h.f., hér í bænum.

Hefur stefnandi *aðallega* gert þær dómkröfur, að stefnda verði dæmd til *að* greiða kr. 40.627.92 með 6% ársvöxtum frá 13. marz 1951 til greiðsludags, *að* stefnda verði dæmd til að skila víxli að fjárhæð kr. 67.255.20, útgefnum af Stilli h.f., hér í bænum, 7. marz

1951 og samþykktum af stefnanda til greiðslu í Útvegsbankanum, hér í bænum, 7. júní 1951, *að* stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda misstan söluhagnað, að fjárhæð kr. 50.000.00, eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins og *að* stefnda verði dæmd til að greiða málskostnað að mati dómsins, allt gegn því, að stefnandi skili stefndu síðargreindum vörum.

Til *vara* hefur stefnandi krafizt þess, að stefnda verði dæmd til að greiða hæfilegan afslátt af verði síðargreindra vara.

Stefnda hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar sér til handa. Til *vara* hefur stefnda krafizt lækkunar á kröfum stefnanda.

Með sakaukastefnu, útgefinni 21. marz 1952, stefndi stefnda Stilli h.f., hér í bænum, inn í mál þetta og gerði þær kröfur, að sakaukastefndi verði talinn ábyrgur fyrir sölu á vörum þeim, sem mál þetta snýst um, og dæmdur til að greiða stefnukröfuna.

Sakaukastefndi krafðist sýknu af kröfum stefnanda í sakaukamálinu og málskostnaðar sér til handa.

Stefnandi gerði þær dómkröfur, að sakaukamálinu yrði vísað frá dómi.

Þann 25. júní 1952 varð að samkomulagi með aðiljum að hefja sakaukamálið, og kemur það því ekki hér til.

Málsatvik eru þau, að þann 9. maí 1950 kom hingað til lands allmikið magn af skrúfboltum og róm. Vörur þessar mun Stillir h. f. hafa látið kaupa á Ítalíu, en með sérstökum samningi hafði stefnda tekið að sér að greiða þær, bæði kaupverð og kostnað allan. Fyrir þetta skyldi stefnda fá að leggja 8% á verð vörunnar, en gert var ráð fyrir, að Stillir h.f. legði 34% á verðið. Vörur þessar voru geymdar í vöruafgreiðslu Eimskipafélags Íslands h.f., hér í bænum. Þann 13. september 1950 fékk Stillir h.f. léða 10 kassa með vörum þessum, að því er virðist án þess að greiða verð þeirra. Var sumt af vörunum úr kössum þessum notað af Stilli h.f., en sumt var geymt þar. Um mánaðamótin febrúar og marz 1951 bauð forstjóri Stillis h.f. stefnanda að kaupa vörur þessar allar eða hluta þeirra. Í því sambandi afhenti hann forráðamönnum skrá yfir vörurnar, þar sem getið var verðs þeirra í ítölskum lírum, stærðar skrúfboltanna og rónna og þyngd þeirra. Er forráðamenn stefnanda höfðu skoðað sýnishorn af skrúfboltum, varð að samkomulagi, að stefnandi keypti nokkurn hluta varanna. Var vörunum skipt samkvæmt fyrrgreindri skrá. Þann 7. marz 1951 gaf Stillir h.f. út svohljóðandi yfirlýsingu:

„Hér með viðurkenni ég undirritaður að hafa tekið á móti víxli samþykktum af Vélaverzlun G. J. Fossberg að upphæð kr. 67.255.20 (sextíu og sjö þúsund tvö hundruð fimmtíu og fimm krónum og 20/100), sem greiðslu á hennar hluta af sendingu á boltum og róm frá Ítalíu. Sendingin, sem er að upphæð Ít. Lírur 3.923.419.— skiptist þannig:

Vélaverzlun G. J. Fossberg fær alla boltana og rærnar nema meiri hlutann af 5/16" boltunum, sem eru 75 m.m. eða lengri og 5/8" boltana. Enn fremur fær h/f Stillir allt það, sem er merkt „assorted" og „galletti" (nánara samkvæmt lista). Samkvæmt þessu verður hluti Vélaverzlunar G. J. Fossberg Ít. Lírur 2.995.777.—, en hluti h/f Stillis Ít. Lírur 927.642.—. Enn fremur greiðir Vélaverzlunin tolla, flutningsgjald, vátryggingu og annan kostnað viðvíkjandi innflutningi vörunnar að sínum hluta. Auk þess greiði hún til Miðstöðvarinnar h/f 8% þóknun og vexti ca 3%".

Þann 13. marz 1951 var síðan endanlega gengið frá viðskiptum þessum. Greiddi stefnandi þá til stefnda verð vara þessara að sínum hluta með kr. 40.627.92 í reiðufé og kr. 67.255.20 með víxli, er stefnandi samþykkti, en Stillir h.f. gaf út. Var gjalddagi víxils þessa 7. júní 1951. Stefnandi tók síðan sinn hluta varanna í sínar vörzlur þann 14. s. m., þar á meðal nokkurt magn, sem var geymt hjá Stilli h.f. Fljótlega eftir þetta virðast forráðamenn stefnanda hafa kvartað yfir því við stefnda, að vörurnar væru eigi slíkar að gæðum, sem þeir hefðu búizt við.

Þann 17. júlí 1952 fékk stefnandi dómkvadda tvo sérfróða menn til að skoða vörur þessar. Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu manna, sem dagsett er 14. október 1952, töldu þeir, að matsverð varanna miðað við útlit væri 67.6% af kaupverði, en verð þeirra miðað við söluhæfi 58.6% af kaupverði.

Forstjóri stefnanda hefur skýrt svo frá, að það hafi verið framkvæmdastjóri Stillis h.f., sem hafi boðið vörur þessar til sölu. Hann hafi skýrt svo frá, að hann hefði keypt vörur þessar á Ítalíu, og væru þær af birgðum, sem ameríski herinn hefði skilið þar eftir. Vörurnar væru framleiddar í Ameríku og skrúfurnar með svonefndum „NF" og „NC" skrúfugangi. Í sendingunni væru skrúfboltar, rær og spenniskífur, aðallega ætlaðar til bifreiðaviðgerða. Vörurnar væru nýjar og óskemmdar, en hefðu legið á afgreiðslu Eimskipafélags Íslands h.f., hér í bænum, í um 10 mánaða skeið. Ef úr kaupum yrði, þyrfti Stillir h.f. að fá nokkurn hluta af vörum þessum til eigin nota. Jafnframt þessu hafi hann afhent forstjóranum skrá yfir vörurnar, þar sem getið var stærðar hinna einstöku hluta, þunga og verðs, en gerðar eigi getið.

Forstjórinn kveðst hafa talið verð vara þessara of hátt, en nokkru seinna hafi hann farið ásamt framkvæmdastjóra Stillis og öðrum manni frá stefnanda til að skoða vörur þessar, þar sem þær voru geymdar hjá Eimskipafélagi Íslands h.f. Er þangað kom, hafi komið í ljós, að stór hlaði af öðrum vörum lokaði vörur þessar inni, þannig að eigi varð að þeim komizt. Hafi því ekki orðið af skoðun. Síðan hafi þeir farið inn í vörugeymslu Stillis h.f., en framkvæmdastjórinn hafi tjáð þeim, að hann hafi fengið lánaða nokkra kassa með skrúfboltum og þá gætu þeir skoðað. Er þangað hafi verið komið, hafi þeim verið sýndir skrúfboltar, er hafi verið í pappakössum og

raðað í hillur. Muni það hafa verið innihald 2 til 3 venjulegra trékassa, sem svona vörur séu venjulega fluttar í. Hafi framkvæmdastjórinn tjáð þeim, að skrúfboltar þessir væru með svonefndum „NF" skrúfugangi, og hafi þeir ekkert athugað um það frekar, en forstjórinn kveðst aðeins hafa skoðað lítið magn og aðeins af einni gerð.

Síðan hafi orðið að samkomulagi, að stefnandi keypti meginhlutann af vörum þessum með þeim kjörum, sem að framan er getið. Þann 13. marz 1951 hafi síðan verið gengið frá þessum viðskiptum við stefnda. Hafi stefnandi greitt kr. 67.255.20 með víxli, sem stefnandi hafi samþykkt.

Samdægurs kveðst forstjóri stefnanda hafa farið með framkvæmdastjóra Stillis h.f. í afgreiðslu Eimskipafélags Íslands h.f. og litið á vörurnar og þá séð, að sumir umbúðakassarnir voru brotnir og það, sem af vörum sást, ryðgað og illa útlítandi. Sama dag eða næsta dag á eftir hafi vörurnar síðan verið teknar, það, sem stefnandi hafi átt að fá, hafi verið flutt í vörugeymslu stefnanda, en nokkuð til Stillis h.f. Þar hafi síðan verið teknar þær vörur, sem stefnandi átti að fá, en þangað höfðu verið fluttar. Við athugun á vörunum næsta dag hafi komið í ljós ýmsir gallar á þeim, og hafi það verið tilkynnt stefndu næsta dag. Síðan hafi verið reynt að semja um mál þetta, en án árangurs.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að vörurnar hafi alls ekki svarað til þeirrar lýsingar, sem gefin hafi verið á þeim. Meginhluti skrúfboltanna hafi verið með brezkum „BSF" skrúfugangi, en slíkar gerðir séu mjög lítið notaðar hér og því lítt seljanlegar. Þá hafi verið þarna svonefndar „maskínuskrúfur", boltar með „undirsinkuðum" haus og flugvélaboltar. Ekki hafi verið neitt um það getið, að þessar gerðir væru þarna með, og þær hafi ekki verið í sýnishornum þeim, sem skoðuð hafi verið. Þessar vörur séu óseljanlegar. Þá hafi rær og spenniskífur verið að mestu af ónothæfum gerðum. Meginhluti varanna hafi verið ónothæfur til bifreiðaviðgerða. Enn fremur hafi mestallar vörurnar verið ryðgaðar og skemmdar af þeim sökum. Hefur stefnandi þessu til stuðnings vísað til álits hinna dómkvöddu manna um vörurnar. Telur stefnandi, að af þessu sé ljóst, að verulegur galli sé á vörum þessum, sem gefi honum heimild til að rifta kaupunum og krefjast kaupverðsins og skaðabóta úr hendi stefnda.

Varakröfu sína byggir stefnandi á því, að þótt svo kunni að verða litið á, að gallar á vörunum séu eigi það verulegir að veiti heimild til riftunar á kaupunum, þá séu þær þó það verulega gallaðar, að hann eigi heimtingu á afslætti af kaupverði þeirra, og hefur í því sambandi vísað til matsgerða hinna dómkvöddu manna.

Framkvæmdastjóri Stillis h.f., sem hafði með hendi sölu á vörum þessum, hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekki sagt framkvæmdastjóra stefnanda, að skrúfboltarnir væru með „NF" og „NC" skrúfu-

gangi, enda verið sjálfum ókunnugt um það. Hann hafi einungis tekið fram, að búast mætti við, að vörurnar væru nokkuð misjafnar að gæðum, þar sem þær væru frá innrásarher Bandamanna í Ítalíu. Hann kveður sig minna, að hann hafi farið og skoðað vörurnar með forstjóra stefnanda, þar sem þær voru hjá Eimskipafélagi Íslands h.f., og skoðað þær í mörgum kössum. Þann 13. september 1950 hafi hann fengið lánaða 10 kassa af skrúfboltum hjá Eimskipafélagi Íslands h.f. Vörur þessar hafi verið fluttar í geymslur Stillis h.f., er hafi notað nokkuð af þeim. Nokkuð hafi verið sett upp í hillur og sumt hafi verið laust í kössum á geymslugólfinu. Þannig hafi þetta verið, er þeir forstjóri stefnanda og samstarfsmaður hans komu að skoða þetta sem sýnishorn af vörunum. Þeir hafi skoðað þetta gaumgæfilega og engum athugasemdum hreyft við því. Að þessu loknu hafi verið gengið frá samningum um kaupin og ákveðið, hvað stefnandi ætlaði að taka og hvað falla skyldi í hlut Stillis h.f. Er stefnandi tók vörurnar, hafi sumu verið ekið í geymslur Stillis h.f. Þar hafi síðan verið tekið til, hvað stefnandi skyldi fá af því, en stefnandi skyldi meðal annars fá og fékk nokkuð af þeim vörum, sem fluttar höfðu verið til Stillis h.f. áður, og fyrr getur. Engar athugasemdir hafi komið fram um gæði eða gerð varanna á þessum tíma, og líklega hafi ekki verið talað um það við hann fyrr en um 10 dögum síðar.

Í hinum munnlega málflutningi hafði stefnda ekki uppi kröfur byggðar á því, að málinu væri ranglega beint gegn henni.

Sýknukröfu sína byggði stefnda á því, að vörur þær, sem stefnandi keypti, hafi ekki verið gallaðar og á engan hátt öðru vísi eða verri en stefnandi hafi mátt reikna með. Áður en til kaupanna kom, hafi forráðamönnum stefnanda verið afhent skrá um vörurnar, þar sem fram kom nokkur lýsing á vörunum, magn og stærð einstakra hluta, og verð. Þá hafi forráðamönnum stefnanda verið kynnt, hvaðan vörurnar væru runnar. Hins vegar hafi þeim ekkert verið tjáð um, til hvers þær væru nothæfar né hvers konar skrúfugangur væri á skrúfboltunum. Forráðamönnum stefnanda hafi staðið til boða að skoða vörurnar, bæði þar sem þær voru geymdar í vörugeymslu Eimskipafélags Íslands h.f. og sýnishorn af þeim hjá Stilli h.f. Það hljóti að vera stefndu óviðkomandi, þótt forráðamenn stefnanda hafi ekki hirt um að leggja á sig neina fyrirhöfn við að skoða vörurnar hjá Eimskipafélagi Íslands h.f. Forráðamenn stefnanda hafi skoðað sýnishorn hjá Stilli h.f. Þeim hafi verið ljóst, að sýnishorn þessi sýndu aðeins, hvernig nokkur hluti varanna var, til dæmis hafi þar ekki verið neinar rær eða spenniskífur. Skrúfbolta hafi þeir skoðað og getað athugað gerð skrúfugangs þeirra. Hvort forráðamenn stefnanda hafi unnið þetta verk forsvaranlega, sé stefndu hins vegar óviðkomandi. Í þessu sambandi hefur af stefndu hálfu verið á það bent, að stefnandi reki sérverzlun með vörur sem þessar og forráðamenn stefnanda hafi sérstaklega góða þekkingu á vörum

sem þessum og reynslu í verzlun með þær. Af stefndu hálfu hefur því verið sérstaklega mótmælt, að vörur þessar hafi verið skemmdar af ryði. Hins vegar hafi forráðamönnum stefnanda verið ljóst, að nokkuð var á þær fallið, sem kallað er. Hefur af stefndu hálfu sérstaklega verið mótmælt gildi skoðunargerðar hinna dómkvöddu manna og á það bent, að skoðun hafi farið fram, eftir að vörurnar hafi um langt skeið verið í vörzlum stefnanda og í lélegri geymslu.

Enn hefur af stefndu hálfu því verið hreyft, að kvartanir hafi komið of seint fram frá stefnanda.

Varakröfu sína byggir stefnda á því, að þótt svo kunni að verða litið á, að einhverjir gallar séu á vörunum, þá séu þeir ekki það verulegir, að gefi heimild til riftunar, heldur aðeins til afsláttar á kaupverðinu.

Ingibrekt Jónsson, sem er starfsmaður stefnanda og í stjórn hlutafélagsins, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið með þeim forstjóra stefnanda og framkvæmdastjóra Stillis h.f. til að skoða umræddar vörur, þar sem þær voru geymdar hjá Eimskipafélagi Íslands h.f. Ekkert hafi orðið úr skoðun þar, þar sem ekki hafi verið hægt að komast að vörunum. Þá hafi hann farið ásamt fyrrgreindum mönnum í vörugeymslu Stillis h.f. og skoðað þar skrúfbolta þá, sem þar hafi verið. Þeir boltar, sem hann hafi skoðað, hafi verið í litlum pappakössum og muni það hafa verið tvær gerðir. Ekkert hafi hann athugað um, hvernig skrúfugangurinn væri á boltum þessum, enda hafi framkvæmdastjóri stefnanda verið búinn að að segja honum, að skrúfboltarnir væru með „NF" og „NC" skrúfugangi. Hann hafi séð þarna eitthvað af öðrum boltategundum, en verið sagt, að Stillir h.f. mundi taka þá í sinn hlut. Maður þessi hefur talið, að vörur þessar hafi verið óskemmdar af ryði, en þó nokkuð verið farið að falla á þær, eins og oft vilji verða um járnvörur, sem liggi lengi. Maður þessi kveðst hafa tekið á móti þeim hluta varanna, sem stefnandi fékk af þeim hluta þeirra, sem var í vörzlum Stillis h.f., og hafi þær vörur yfirleitt verið verri en sýnishorn þau, er það hafi skoðað. Þá hafi það einnig tekið eftir því, að a. m. k. nokkuð af skrúfboltunum hafi verið með svonefndum „BSF" skrúfugangi.

Tveir starfsmenn Stillis h.f. hafa skýrt svo frá fyrir dómi, að umræddum sýnishornum, sem þeir hafi skoðað forstjóri stefnanda og samstarfsmaður hans, hafi verið raðað í hillur verzlunarhúsnæðis Stillis h.f. Hafi sumt af boltunum verið í pappaöskjum, en sumt laust í trékössum. Það, sem ekki hafi komizt í hillurnar, hafi verið í kössum á gólfinu þar fyrir framan. Hafa vitni þessi fullyrt, að hér hafi verið um að ræða hluta varanna úr þeim kössum, sem Stillir fékk lánaða af afgreiðslu Eimskipafélags Íslands h.f. um haustið 1950.

Framkvæmdastjóri stefndu hefur viðurkennt, að það muni hafa verið mjög fljótlega eftir að kaup þessi gerðust, að forstjóri stefnanda hafi komið á hans fund og kvartað yfir göllum á vörunum.

Hefur hann eigi viljað mótmæla því, að verið gæti, að kvörtun hafi komið fram strax daginn eftir að gengið var endanlega frá viðskiptum þessum.

Hinir dómkvöddu matsmenn töldu, að matsverð vara þessara í heild, miðað við útlit og vörugildi, væri 67.6% af verðmæti ógallaðrar vöru. Hins vegar töldu þeir, að miðað við söluhæfi væri verðmæti þeirra aðeins 58.6% af kaupverði varanna.

Matsmennirnir segja, að geymsla sú, sem vörurnar voru í, hafi verið óupphituð, en rakalaus. Taldi annar þeirra, að sá hluti varanna, sem ekki væri varður með feiti, skemmdist við langa geymslu í slíku húsnæði. Hinn taldi, að vörurnar gætu geymzt þarna lengi án þess að skemmast.

Á skrá þeirri, sem framkvæmdastjóri Stillis h.f. afhenti forstjóra stefnanda fyrir kaupin, kemur fram bæði lengd og gildleiki skrúfboltanna. Því hefur ekki verið haldið fram, að skrá þessi hafi verið röng að þessu leyti, og getur stefnandi því engar kröfur byggt á þeim atriðum. Ósannað er gegn andmælum stefndu, að stefnanda hafi verið lofað, að skrúfboltarnir hefðu einhverja sérstaka gerð skrúfugangs eða væru sérstaklega ætlaðir til bifreiðaviðgerða. Því hefur ekki verið sérstaklega mótmælt, að skrúfboltar þeir, sem forsvarsmenn stefnanda skoðuðu í geymslu Stillis h.f. sem sýnishorn fyrir kaupin, hafi verið með svonefndum „BSF" skrúfugangi, að minnsta kosti nokkuð af þeim, enda er það stutt ýmsum rökum. Með vísan til þessa og ákvæða 47. gr. lausafjárkaupalaga nr. 39 frá 1922 getur stefndi því ekki haft uppi neinar kröfur af því efni, að verulegur hluti skrúfboltanna var með svonefndum „BSF" skrúfugangi. Hinir dómkvöddu matsmenn hafa talið, að meðal skrúfboltanna hafi verið 27 kg af svonefndum „maskínuskrúfum", 28 kg af svonefndum flugvélaboltum og 15 kg af skrúfboltum með svonefndum „undirsinkuðum" haus, en vörur þessar telja þeir óseljanlegar hér á landi. Því er ómótmælt, að í sýnishornum þeim, er forráðamenn stefnanda gátu skoðað í geymslum Stillis h.f., hafi ekki verið neinir slíkir skrúfboltar. Þykir því mega fallast á, að stefndi hafi ekki mátt vænta slíkra skrúfbolta meðal varanna. Hins vegar er hér um að ræða óverulegan hluta af öllum þeim skrúfboltum, sem stefnandi keypti, bæði að því er varðar magn og verð. Að því er varðar rær, þá keypti stefnandi þær án þess að hafa séð nokkurt sýnishorn af þeim. Hinir dómkvöddu matsmenn hafa talið, að nokkur hluti af þeim væri lítt seljanleg vara hér á landi og sumt óseljanlegt. Á skrá þeirri, sem forráðamenn stefnanda höfðu undir höndum fyrir kaupin, kemur fram stærð rónna og þungi, en um lítið magn er hvorugs getið, en greint, að þar sé um ýmiss konar rær að ræða. Frekari upplýsinga um þenna hluta varanna virðast forráðamenn stefnanda ekki hafa fengið.

Þegar litið er til þeirra upplýsinga, sem forráðamenn stefnanda fengu um vörur þessar, meðal annars þess, að hér væri um að ræða

afgangsvörur frá herliði, sem dvalið hefði á Ítalíu, mátti þeim vera ljóst, að búast mátti við, að vörur þessar væru ekki af beztu gæðum. Kemur hér líka til, að forráðamenn stefnanda, sem með kaupin höfðu að gera, verða að teljast hafa sérþekkingu á vörum sem þessum og hafa auk þess viðurkennt, að er þeir keyptu slíkar afgangsvörur frá herliði því, er dvaldi hér á landi í síðustu heimsstyrjöld, þá hafi þeir gefið fyrir þær verð, sem svaraði til 50 til 70% af verksmiðjuverði varanna. Að því er varðar það atriði, að hinir dómkvöddu matsmenn telja verulegar skemmdir á vörunum af ryði, þá athugast, að forráðamönnum stefnanda var kunnugt um, að vörurnar höfðu þegar legið alllengi á vörugeymslu hér í bænum og máttu því búast við, að verið gæti, að til skemmda af ryði gæti komið. Með hliðsjón af þessu og því, hve langur tími leið frá því, að stefnandi tók vörurnar í sínar vörzlur og þar til skoðun á þeim fór fram, þá þykir ekki unnt að leggja skoðunargerð hinna dómkvöddu manna til grundvallar að þessu leyti. Þegar allt þetta er virt og gætt þeirra tækifæra, sem stefnandi hafði til að láta skoða vörurnar, áður en kaup voru gerð, verður ekki talið, að slíkir gallar hafi verið á vörum þessum, að þeir gefi stefnanda heimild til að rifta kaupunum, enda algerlega ósannað, að seljandi vörunnar hafi haft nein svik í frammi.

Hins vegar þykir mega fallast á, að vörurnar hafi verið að nokkru lélegri vara og verr seljanleg en stefnandi mátti búast við, þegar litið er til upplýsinga þeirra, sem stefnanda höfðu verið gefnar um vöruna og verð hennar. Þykir stefnandi því eiga rétt á nokkrum afslætti af verði þeirra af þessum sökum, enda verður að telja sannað, að kvartað hafi verið nægilega fljótt yfir göllum á þeim. Þegar litið er til atvika allra, sem að framan hafa verið rakin, þykir sá afsláttur hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Samkvæmt þessu verður stefnda dæmd til að greiða stefnanda kr. 10.000.00 með 6% ársvöxtum, sem reiknast frá 13. marz 1951.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefnda greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2700.00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Jóhanni Ólafssyni forstjóra og Jóhannesi Zoëga verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefnda, Miðstöðin h.f., greiði stefnanda, Vélaverzlun G. J. Fossberg h.f., kr. 10.000.00 með 6% ársvöxtum frá 13. marz 1951 til greiðsludags og kr. 2700.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. desember 1955.

Nr. 117/1954. **Olíufélagið h/f** (Vilhjálmur Jónsson)
gegn
Bæjarstjóranum á Sauðárkróki f. h. bæjarsjóðs (Ragnar Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Sigurðsson, bæjarfógeti á Sauðárkróki, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1954 og krafizt þess, að synjað verði lögtaks og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna úrskurðarins ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Olíufélagið h/f, greiði stefnda, bæjarstjóranum á Sauðárkróki f. h. bæjarsjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Sauðárkróks 19. júní 1954.

Við niðurjöfnun útsvara hér í kaupstaðnum 1953 lagði niðurjöfnunarnefnd Sauðárkrókskaupstaðar útsvar á Olíufélagið h/f á Íslandi, útibúið á Sauðárkróki, að upphæð kr. 18.125.00. Hefur bæjarstjórinn á Sauðárkróki f. h. bæjarsjóðs Sauðárkróks krafizt lögtaks í eignum Olíufélagsins h/f til tryggingar og lúkningar á ofangreindu útsvari ásamt 6% ársvöxtum frá 1. desember 1953 auk kostnaðar af gerð þessari.

Umboðsmaður Olíufélagsins h/f hefur hins vegar í upphafi máls þessa krafizt þess, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og honum verði tildæmdur lögtakskostnaður að mati fógetadómsins. En í fógetadóminum 10. þessa mán. hefur hann breytt kröfu sinni þannig: Krafizt þess *aðallega*, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu gerðar. *Til vara*, að aðeins verði leyfður framgangur hennar fyrir kr. 6644.00 og *til þrautavara*, að aðeins verði leyfður framgangur gerðarinnar fyrir kr. 16.283.00, en í öllu falli verði gerðarþola tildæmdur málskostnaður eftir mati fógetans.

Útsölu á vörum frá birgðastöð gerðarþola hér í bænum hafa Vörubifreiðastjórafélag Skagfirðinga og Kaupfélag Skagfirðinga á Sauðárkróki haft á hendi. Hefur gerðarþoli haldið því fram, að viðskiptum hans við þessa aðilja sé þannig háttað, að ekki verði talið, að hann reki heimilisfasta atvinnustofnun hér í kaupstaðnum með þeim viðskiptum og hann sé því ekki útsvarsskyldur hér. Þessu til stuðnings hefur gerðarþoli haldið því fram, að viðskiptum hans við Vörubifreiðastjórafélagið sé þannig varið, að það kaupi benzín af honum við hámarksútsöluverði, er verðlagsyfirvöldin ákveða á hverjum tíma, að frádregnum þeim sölulaunum, sem ákveðin eru af sömu aðiljum, en smurningsolíu kaupi félagið af honum við hámarksútsöluverði, að frádreginni ákveðinni afsláttarþóknun.

Það er upplýst, að gerðarþoli á hér í kaupstaðnum erfðafestuland, 1895 fermetra að flatarmáli. Á því hefur hann byggt olíu- og benzíngeyma ásamt afgreiðsluskúr, og eru mannvirki þessi afgirt birgðastöð hans við höfn kaupstaðarins. Auk þessa á gerðarþoli benzíngeymi með dælu, er Vörubifreiðastjórafélag Skagafjarðar notar við afgreiðslu á benzíni frá birgðastöðinni við höfnina, og gasolíugeymi, er Kaupfélag Skagfirðinga notar við afgreiðslu á gasolíu frá framangreindri birgðastöð gerðarþola. Þá hefur gerðarþoli einnig hér tankbifreið, sem er í förum frá Sauðárkróki alla tíma ársins og flytur olíu frá birgðastöðinni til framannefndra útsölumanna og auk þess út úr kaupstaðnum víðs vegar, bæði innan og utan Skagafjarðarsýslu. Af samningi gerðarþola við Vörubifreiðastjórafélag Skagafjarðar, sbr. dskj. nr. 4, má sjá, á hvern hátt sölu olíu- og benzínbirgðanna frá framangreindri birgðastöð gerðarþola er háttað. Vörubifreiðastjórafélagið er „útsölumaður" og hefur í því skyni „að láni" benzíngeyminn og dæluna, sem að framan er getið, við afgreiðslustöð sína, uppsett þar félaginu að kostnaðarlausu. Útsölumanni er óheimilt að auglýsa á útsölustaðnum fyrir aðrar verzlanir, sem selja vörur í samkeppni við gerðarþola, og eignina, sem nefnd tæki eru sett upp á, má útsölumaður ekki nota til þess að selja aðrar vörur frá fyrirtækjum eða einstaklingum, sem eru keppendur gerðarþola. Vörubifreiðastjórafélagið er skuldbundið til að kaupa hjá gerðarþola allt það benzín og smurningsolíur, sem það kann að nota sjálft og getur selt, á meðan það hefur benzíntækin að láni. Gerðarþoli ákveður sjálfur útsöluverðið á þeim vörum, sem hann afhendir

þessum útsölumanni sínum, og má engan afslátt gefa frá því útsöluverði eða því verði, sem gerðarþoli á hvaða tíma sem er ákveður á benzíni. Greiðir gerðarþoli útsölumanni ákveðin „ómakslaun (sölulaun)" fyrir hvern seldan lítra af benzíni, og skulu þau reiknuð út strax, og benzínið skuldfært með nettoverði.

Um útsöluna, sem Kaupfélag Skagfirðinga annast á vörum frá birgðastöð gerðarþola hér í kaupstaðnum, er enginn samningur milli þessara aðilja fyrir hendi. En gerðarþoli hefur, sbr. dskj. nr. 3, lýst þeim viðskiptum þannig, að hann eigi birgðatank fyrir benzín í vörzlum kaupfélagsins og annist kaupfélagið um útkeyrslu á benzíni til hinna ýmsu sölustaða í héraðinu gegn þóknun. Gerðarþoli skuldfærir viðkomandi aðilja, er fá benzín frá þessum tank, beint í viðskiptareikning þeirra hjá sér og annast um innheimtuna. Benzínbirgðir þær, sem eru á hverjum tíma á tanknum, á gerðarþoli og einnig birgðir þær af gasolíu, sem eru á gasolíutanknum á hverjum tíma.

Gerðarþoli hefur haldið því fram, að viðskiptasamband hans við framangreindar útsölustofnanir sé alveg hliðstætt sambandi heildsala við smásala og því verði eigi litið svo á, að hann reki sjálfstæða atvinnustofnun á Sauðárkróki í þeirri merkingu, sem átt er við í 8. gr. laga nr. 66/1945.

Á þenna skilning gerðarþola þykir þó ekki auðið að fallast, með því að gerðarþoli ákveður sjálfur útsöluverðið á öllum vörum frá birgðastöð sinni á Sauðárkróki, en sá háttur mun ekki eiga sér stað um vörusölu heildsala og smásala, að hinn síðarnefndi sé háður slíkum fyrirmælum. Auk þessa ber einnig að líta á það, að gerðarþoli á miklar eignir og tæki, sem notuð eru við sölu hans á olíum og benzíni, sem hann flytur í eigin nafni og fyrir eigin reikning hingað í birgðastöð sína og varðveitir þar, unz útsala og dreifing vörunnar í ýmsar áttir fer fram. Virðist það ekki skipta máli, þótt svo eigi að heita, að þeir, sem útsöluna annast gegn ákveðinni þóknun frá gerðarþola, séu eigendur vörunnar frá því að hún er látin í afgreiðslutæki gerðarþola, sem eru í vörzlum útsalanna. Verður því að telja, að gerðarþoli reki hér verzlun með framangreindar vörur frá birgðastöð sinni og útsölum, sem er útsvarsskyld eins og aðrar smásöluverzlanir í kaupstaðnum. Af þessu leiðir, að kröfur gerðarþola verða ekki teknar til greina, og á því hið umbeðna lögtak að ná fram að ganga samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð. Þá ber gerðarþola að greiða áfallinn kostnað af gerðinni kr. 276.00.

Því úrskurðast:

Hið umbeðna lögtak skal fara fram fyrir kr. 18.125.00 ásamt 6% vöxtum frá 1. desember 1953 og áföllnum kostnaði af gerðinni, 276.00 krónum.

Fimmtudaginn 8. desember 1955.

Nr. 83/1955. **Samkomuhús Vestmannaeyja h/f**
(Páll S. Pálsson hdl.)
gegn
Kristni Stefánssyni stórtemplar f. h. stúkunnar Báru nr. 2 í Vestmannaeyjum
(Gunnar Þorsteinsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Krafa um riftun leigusamnings. Endurgreiðslukrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. júní 1955 og gert þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að hann verði sýknaður og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Fyrri varakrafa: Að honum verði eigi dæmt að greiða hærri fjárhæð en kr. 9100.00 án vaxta og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Önnur varakrafa: Að honum verði dæmt að greiða lægri fjárhæð en dæmd er í héraði án vaxta og hvorum aðilja verði dæmt að bera sinn kostnað af málinu.

Stefndi gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að héraðsdómurinn verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Varakrafa: Að ákvæði héraðsdóms um samningsriftun verði staðfest og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum fjárhæð, er eigi sé undir kr. 20.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. október 1953 til greiðsludags, og svo málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi telur stúkuna Báru nr. 2 eigi hafa fengið þau afnot

af samkomuhúsi áfrýjanda, sem áskilin voru í samingi þeim, er í héraðsdómi greinir. Krefst hann því riftunar á nefndum samningi um afnot stúkunnar af húsinu og greiðslu fjárhæðar, er svari til fyrirfram greiddrar leigu, kr. 9100.00, með álagi, sem sé miðað við verðhækkun samkomuhússins fram til 6. september 1950, en hann bindur kröfu sína um riftun því skilyrði, að honum verði endurgreidd leigan með svo miklu álagi, að dæmd fjárhæð nemi a. m. k. kr. 20.000.00 ásamt vöxtum. Nú finnst hvorki í lögum né lagarökum heimild til að dæma slíkt álag, og verður því þegar af þeirri ástæðu að taka kröfu áfrýjanda um sýknu í málinu til greina.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Samkomuhús Vestmannaeyja h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Kristins Stefánssonar stórtemplars f. h. stúkunnar Báru nr. 2 í Vestmannaeyjum, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 30. marz 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 18. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Kristni Stefánssyni stórtemplar vegna stúkunnar Báru nr. 2 í Vestmannaeyjum með stefnu, útgefinni 27. október 1953, birtri s. d., á hendur stjórn Samkomuhúss Vestmannaeyja h.f. fyrir hönd félagsins, þeim Magnúsi Bergssyni bakarameistara, Heimagötu 4, Katrínu Árnadóttur húsfrú, Ásgarði, Jóhanni Friðfinnssyni skrifstofumanni, Oddgeirshólum, Sveini Ársælssyni útgerðarmanni, Vestmannabraut 86, og Stefáni Árnasyni yfirlögregluþjóni, Heiðaveg 38, öllum í Vestmannaeyjum, til endurgreiðslu á fjárframlagi til byggingar Samkomuhúss Vestmannaeyja að viðbættu álagi.

Fyrir réttinum gerði stefnandi þær kröfur, að hið stefnda félag verði dæmt til að greiða honum kr. 60.700.00 eða aðra fjárhæð að

mati dómsins auk 6% ársvaxta frá 8. maí 1951 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt framlögðum reikningi, sem nemur kr. 11.632.66.

Stefnda mætti í málinu og gerði þær réttarkröfur, að það yrði algerlega sýknað af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að því yrði gert að greiða lægri fjárhæð en í stefnu greinir eftir ákvörðun dómara og stefnda yrði tildæmdur málskostnaður eftir mati dómara.

Á árinu 1936 ákvað Sjálfstæðisflokkurinn í Vestmannaeyjum að gangast fyrir byggingu samkomuhúss í bænum og stofna til hlutafélags í því skyni. Varð að samkomulagi, að stúkan Bára nr. 2 skyldi selja hinu væntanlega hlutafélagi húseign sína við Vestmannabraut ásamt lóðarréttindum. Húsið skyldi síðan rifið og stórhýsi reist á lóðinni og fengi stúkan viss afnot af hinu nýja húsi fyrir starfsemi sína. Kaup- og leigusamningur í þessa átt var svo undirritaður af húsnefnd stúkunnar annars vegar og húsbyggingarnefnd sjálfstæðismanna hins vegar hinn 6. október 1936. Nokkru síðar var hlutafélagið stofnað, er sjá skyldi um byggingu hússins og annast rekstur þess. Var það Samkomuhús Vestmannaeyja h.f., stefnda í máli þessu. Stjórn hlutafélagsins staðfesti síðan samninginn með undirskrift sinni hinn 17. nóvember 1936, og 12. janúar 1937 var samningurinn staðfestur af Stórstúku Íslands, I.O.G.T., og undirritaður af stórtemplar.

Í samningi þessum er ákveðið, að stúkan Bára nr. 2 selji hús sitt fyrir kr. 9100.00, og er verðið byggt á virðingargerð, sem framkvæmd var hinn 12. september 1936 af tveimur virðingarmönnum, öðrum tilnefndum af stúkunni, en hinum af húsbyggingarnefnd sjálfstæðismanna. Söluverðið skyldi greiðast sem fyrirfram greidd leiga fyrir afnot hússins, og skyldi Stórstúka Íslands, I.O.G.T., í Reykjavík fá 3. veðrétt í Samkomuhúsinu til tryggingar hinu framlagða fé. Um afnot stúkunnar af húsinu segir svo í samningnum, að stúkan Bára nr. 2 fái umráðarétt yfir fundarsal, er taki 150 manns í sæti, ásamt hliðarherbergi og afnot af forstofu til starfsemi sinnar og annarra goodtemplarastúkna í Vestmannaeyjum samkvæmt þar um gerðum samningi milli stúkunnar og stjórnar hlutafélagsins ákveðna daga í viku, mest 4 daga, endurgjaldslaust að öðru leyti en því, að stúkan greiði ljós, hita og ræstingu fyrir þá daga, enda greiði hlutafélagið enga vexti af hinu framlagða fé. Þá er tekið fram í samningnum, að fari svo, að goodtemplarastúkur leggist niður í Vestmannaeyjum um lengri eða skemmri tíma og ný stúka verði síðar stofnuð, þá skuli hún njóta sömu réttinda og fyrr er sagt. Ef eigur þeirra renna til Stórstúku Íslands, þá skal að nýju semja um notkun húsnæðisins í þágu Goodtemplararegluninar, en fé það, sem stúkan Bára hefur lagt fram til húsbyggingarinnar, skal þó aldrei afturkræft. Að lokum er tekið fram, að réttur stúkunnar skuli vera óskertur, ef hlutafélagið skyldi selja eignina eða láta hana af hendi öðru vísi en á nauðungaruppboði.

Samkomuhúsinu var síðan komið upp, og var byggingu þess lokið um áramótin 1937—1938. Var það vígt hinn 23. janúar 1938. Meginhluti hússins er stór samkomusalur með leiksviði í suðurenda, en svölum (balkon) í norðurenda. Við hlið salsins að vestan, en í hærri gólfhæð, er annar salur minni, sem stúkunni er ætlaður til afnota. Hann var vígður sem fundarsalur stúkunnar hinn 12. desember 1937. Salurinn rúmar um 150 manns í sæti og opnast að norðaustan fram í allstóran gang á efri hæð. Komið var upp lítilli forstofu gluggalausri fyrir framan dyr salsins, og voru vængjahurðir fyrir, en eftir nokkur ár voru þær teknar burtu. Að sögn stefnda var forstofunni komið upp eingöngu í þágu stúkunnar. Undir svölunum í samkomusalnum (stóra salnum) eru tvær geymslukompur, sitt hvoru megin við tröppurnar. Kompa þessi er um mannhæð undir loft, 4 metrar á lengd og 2 metrar á breidd, og er gengið inn í hana úr miðjum tröppunum. Eru þar dyr og hurð fyrir.

Er samkomuhúsið var byggt, voru 2 stúkur starfandi í Vestmannaeyjum, stúkan Bára, stefnandi máls þessa, og stúkan Sunna nr. 204. Auk þess voru þar starfandi barnastúkur. Hinn 13. janúar 1938 hélt húsnefnd stúknanna og nokkrir menn af hálfu stjórnar Samkomuhússins fund með sér um fundahöld stúknanna í húsinu. Varð samkomulag um tillögur, sem síðar virðast hafa verið staðfestar af stúkunum annars vegar og stjórn Samkomuhússins hins vegar. Samkvæmt þeim skyldu stúkurnar halda fundi sína á sunnudögum kl. 4 e. h. og kl. 8½ e. h., þó þannig, að síðari fundurinn skyldi vera sameiginlegur skemmtifundur fyrir báðar stúkurnar annanhvern sunnudag, en áskilið, að hinn sunnudaginn stæðu fundir helzt ekki lengur en til kl. 9½—10 að kvöldi vegna kaffiveitinga í húsinu. Önnur fundarhöld eldri stúknanna skyldu vera kl. 8½ á þriðjudögum. Um barnastúkurnar var svo ákveðið, að þær skyldu fá tvö skemmtikvöld í mánuði, eitt sunnudagskvöld og eitt laugardagskvöld, eða eitt sameiginlegt kvöld, ef það yrði framkvæmanlegt, og þá í stóra salnum. Í sama skipti varð samkomulag um, að stúkurnar fengju afnot af vestri geymslukompunni undir svölunum, og skyldi hvor stúka fá lykil að kompunni.

Lögð hefur verið fram útskrift úr fundargerðarbók stúkunnar Báru. Ber hún með sér, að stúkan hefur haldið fundi sína í fundarsalnum (litla salnum) í samkomuhúsinu, frá því að húsið var fullbyggt og fram á árið 1946. Vígði stúkan salinn, eins og fyrr er getið, og voru stofnskrár stúknanna festar upp á veggina. Fljótt virðist hafa borið á nokkurri óánægju í samskiptum forstöðumanna stúkunnar við umsjónarmenn hússins. Í fundargerðum frá 1942 er rætt um óþægilega framkomu húsvarðar gagnvart umboðsmönnum stúkunnar, kalda aðkomu, er fundi skyldi halda, og síðast en ekki sízt, að samkomuhúsið léti nota fundarsal stúkunnar á þann veg, er ekki gæti samrýmzt anda reglunnar, þar sem vínveitingar væru hafðar þar um hönd. Haft var á orði að taka niður stofnskrár stúknanna,

og virðist það hafa verið gert nokkru síðar. Margir voru þeirrar skoðunar, að aðstaðan til starfrækslu stúkunnar í Samkomuhúsinu væri það bágborin, að það stæði stúkunni mjög fyrir þrifum. Á fundi hinn 3. maí 1942 var rætt um, að koma þyrfti upp nýrri forstofu við fundarsalinn ásamt geymsluherbergi fyrir muni stúknanna. Síra Jes A. Gíslason, er var einn þeirra, er undirritaði samninginn af hálfu stúkunnar Báru, tók þátt í umræðunum og kvaðst líta svo á, að með forstofuna yrði að fara samningaleið, en öðru máli væri að gegna um hliðarherbergið, til þess ætti stúkan samningsbundinn rétt. Á fundi þessum var samþykkt að fela húsnefnd stúkunnar að fara þess á leit við stjórn Samkomuhússins, að hún athugi möguleika á, að gerð yrði forstofa, sérstakur inngangur að fundarsal stúkunnar. Þessari málaleitan var synjað að sögn síra Jes A. Gíslasonar, en ekki virðist hún hafa verið tekin fyrir á stjórnarfundi í hinu stefnda félagi.

Á árinu 1943 kom til umræðu á fundum stúkunnar, að samningunum við stefnda yrði riftað vegna vanefnda, en frekar virðist ekki hafa verið að gert að sinni. En hinn 31. október 1945 skrifaði stúkan stjórn Samkomuhússins og fór fram á að fá endurgreitt framlag sitt til hússins með álagi, er miðað væri við verðhækkun hússins. Í bréfinu segir, að stúkulífinu hafi hnignað og ein af mörgum ástæðum, er til þess lægju, væri ekki hvað sízt húsnæðið, sem stúkurnar ættu við að búa, því að í stúkusalnum færu eigi svo sjaldan fram þess konar samkomur, sem væru algerlega ósamrýmanlegar aðalhugsjón bindindismálsins. Væri því orðið aðkallandi að breyta um húsnæði og koma sér upp nýju félagshúsi, þar sem stúkurnar gætu rekið starf sitt öllum óháðar og án nokkurra árekstra við óviðkomandi menn. Erindi þetta tók stjórn Samkomuhússins fyrir á fundi hinn 12. marz 1946 og bauðst til að greiða út framlag stúkunnar með nafnverði, það er að segja kr. 9100.00. Var stúkunni tilkynnt þetta með bréfi, dags. 15. apríl 1946. Stúkan hafnaði þessu tilboði.

Haustið 1946 taldi stúkan sér ekki lengur fært að halda fundi í Samkomuhúsinu og fékk til afnota fundarsal í skrifstofuhúsi Helga Benediktssonar við Strandveg. Þar virðist stúkan hafa haldið fundi sína fram á vor 1947. Vorið 1947 voru fundir stúkunnar haldnir í húsi K.F.U.M. & K. Þar voru fundir stúkunnar haldnir um skeið. Fyrri hluta ársins 1949 voru fundir haldnir í gagnfræðaskólanum og síðan aftur í K.F.U.M. & K. Haustið 1949 reyndi æðsti templar stúkunnar að komast að samkomulagi við umsjónarmann Samkomuhússins um afnot af fundarsalnum, en samkomulag náðist ekki um fundarhald á þeim tímum, er æðsti templar taldi henta stúkunni. Starfaði stúkan svo áfram í K.F.U.M. & K. og síðan í gagnfræðaskólanum, og þar hélt hún fundi sína fram á vor 1951. Upp úr því hélt stúkan fundi sína um tíma í Samkomuhúsinu, en svo lögðust fundir niður, og hefur stúkan ekki starfað um skeið.

Upplýsingar um hina stúkuna, stúkuna Sunnu nr. 204, eru af

skornum skammti í málinu. Endurrit úr fundargerðabók hennar liggur ekki fyrir. En samkvæmt fundargerðabók stúkunnar Báru komu þegar á árinu 1942 fram óánægjuraddir frá Sunnu yfir húsnæðinu. Og af fundargerðum sameiginlegra funda, sem stúkurnar héldu á árunum 1943—1945, verður eigi annað ráðið en að báðar stúkurnar hafi verið sammála um, að aðstaðan til stúkustarfseminnar í Samkomuhúsinu væri óviðunandi. Frá því um haustið 1946 og til jafnlengdar 1947 virðist stúkan hafa haldið fundi sína í skrifstofuhúsi Helga Benediktssonar við Strandveg og í félagi með stúkunni Báru. Haustið 1947 sendi stúkan stjórn Samkomuhússins bréf og fór fram á að eiga viðtal við stjórnina um húsnæði fyrir starfsemi stúkunnar á komandi vetri. Stjórnin tók erindi þetta fyrir á fundi hinn 18. október 1947 og síðan aftur hinn 24. s. m., og var þá mætt nefnd frá stúkunni. Í fundargerð stjórnar Samkomuhússins segir, að rætt hafi verið á ýmsa vegu um málið, en síðan hafi verið samþykkt að lýsa yfir, að stjórnin væri því á engan hátt mótfallin, að stúkan fengi umbeðið húsnæði, en þar sem stjórnin annaðist ekki um útlán á húsinu, heldur tveir umsjónarmenn, þá vísaði hún nefndinni til þeirra, og skyldi nefndin semja við þá um húsnæðið, ef húsið væri ekki þegar leigt. Formaður stjórnarinnar lét bóka, að hann skrifaði undir samþykkt þessa með fyrirvara. Svo virðist, sem samkomulag hafi komizt á og stúkan fengið afnot af fundarsalnum á þriðjudagskvöldum veturinn 1947—1948. Næsta vetur hélt stúkan fundi sína í húsinu á sömu kvöldum, og á fundi hinn 31. ágúst 1949 ákvað stjórn Samkomuhússins, að fyrra samkomulag um fundartíma skyldi vera í gildi veturinn 1949—1950. Eftir þetta virðist stúkan hafa starfað reglulega í húsinu, og er ekki annað upplýst en samskipti hennar við umsjónarmenn hússins hafi verið góð og án árekstra.

Er stjórn Samkomuhússins hafði synjað tilmælum stúkunnar um endurgreiðslu á hinu framlagða fé með álagi, eins og fyrr segir, virðist stúkan hafa farið að íhuga nánar, hvort tök væru á að rifta samningnum, enda var þá aftur hafinn undirbúningur að byggingu stórhýsis fyrir starfsemi stúkunnar. Haustið 1946 lét stúkan semja skýrslu eða álitsgerð um vanefndir Samkomuhússins á samningnum, og var skýrslan undirrituð 28. nóvember 1946 af Snæbirni Bjarnasyni og Davíð Árnasyni f. h. stúkunnar. Verður minnzt á hana nánar síðar. Nokkrum árum seinna, eða hinn 18. ágúst 1950, voru að tilhlutun stúkunnar Báru dómkvaddir tveir menn til þess að meta til peningaverðs, annars vegar verðmæti Samkomuhússins á þeim tíma, er byggingu þess var lokið, en hins vegar verðgildi þess ásamt tilheyrandi lóð á þeim tíma, er matið færi fram. Matsmennirnir luku mati sínu 6. september 1950, og var niðurstaða þeirra á þá leið, að verðmæti hússins nýbyggðs ásamt lóðarréttindum hefði numið kr. 228.335.00, en verðmæti þess í september 1950 ásamt lóðarréttindum næmi kr. 1.530.235.00. Samkvæmt þessu hafi verðgildi hússins 6.7 faldast frá því það var byggt og fram í september 1950. Á grund-

velli matsins fór stúkan fram á að fá framlag sitt endurgreitt 6.7 faldað, eða með kr. 9100.00 × 6.7 = kr. 60.970.00. Tilmælum þessum var synjað, og höfðaði stúkan þá mál með stefnu, útgefinni 8. maí 1951. Á næsta ári var málið hafið, enda stóðu þá yfir samkomulagsumleitanir og voru horfur á, að til sátta myndi draga. Samkomulag náðist þó ekki, og höfðaði svo stúkan málið, sem hér liggur fyrir, og hefur gert þær réttarkröfur, sem fyrr eru greindar. Kröfupphæðin er byggð á, að verðmæti framlagsins hafi hækkað sem svarar hækkuðu verðgildi hússins í samræmi við það, sem áðurgreint mat segir til um.

Stefnandi telur, að hið stefnda félag hafi vanefnt samningsskyldur sínar svo verulega, að heimilt sé að rifta samningnum og krefjast endurgreiðslu á hinu framlagða fé. Vanefndir hins stefnda félags kveður stefnandi þessar:

1. Sérstök forstofa við fundarsalinn hafi aldrei verið byggð.
2. Sérstakt hliðarherbergi hafi stúkan aldrei fengið til umráða.
3. Stúkunum hefði verið meinuð umsamin afnot af fundarsalnum.
4. Opinberar vínveitingar hefðu farið fram í fundarsal stúkunnar.

Í skýrslu þeirra Snæbjarnar Bjarnasonar og Davíðs Árnasonar frá 28. nóvember 1946 er gerð grein fyrir þessum vanefndum og þess getið m. a., að munir stúkunnar hafi verið á flækingi um húsið og talsvert af þeim glatazt algerlega. Snæbjörn Bjarnason var látinn, er mál þetta hófst, en Davíð Árnason gaf vitnaskýrslu í málinu og kvað skýrslu þeirra Snæbjarnar rétta. Kvað hann geymslukompuna, sem stúkan fékk til afnota, hafa verið algerlega ófullnægjandi. Auk þess hafi Samkomuhúsið notað hana sjálft til geymslu. Kvaðst hann sjálfur hafa komizt að raun um það fyrir nokkrum árum, er menn frá Stórstúkunni komu hingað til eftirlits. Voru þá geymdir þar ölkassar, sem húsinu tilheyrðu, sumir með óuppteknum, en aðrir með uppteknum flöskum. Muni stúkunnar kvað hann hafa glatazt eða komizt á flæking vegna geymsluleysis. Sjálfur kvaðst hann hafa séð bekk, er stúkan átti, um borð í mótorbát, en ókunnugt var honum um, hvernig hann hafði borizt þangað. Einnig kvaðst hann hafa fengið vitneskju um, að púlt, sem stúkan átti, voru í óhirðu í kjallara úti í bæ, og tók hann sig þá til og lét flytja þau í betri geymslu. Aðgang að fundarsal hefði stúkan ekki fengið nema með höppum og glöppum á árinu 1945, og að lokum hafi stúkan orðið að hrekjast burt úr húsinu. Hann kveðst minnast þess, að stúkan fór fram á að fá afnot hússins ákveðna daga, en þeim tilmælum hafi ekki verið sinnt. Sérstaklega minntist hann þess, að stúkan óskaði eftir afnotum af fundarsalnum kl. 4 e. h. á sunnudögum, en Samkomuhúsið hafi synjað henni um afnot salsins á þeim tíma.

Síra Jes A. Gíslason var æðsti templar í stúkunni Báru um 20 ára skeið og var einn þeirra, er undirritaði samninginn af hálfu stúkunnar við hið stefnda félag. Gaf hann réttarskýrslu í málinu og

sagði, að það hefði verið tilætlun stúkunnar að fá sérherbergi við hlið fundarsalsins, er notað yrði við starfsemi hennar, bæði til að yfirheyra þá, er gengu í stúkuna, og einnig til þess að geyma púlt og merki. Hann kvaðst ekki minnast þess að hafa séð teikningu af húsinu, áður en það var byggt, en stúkan hafi farið fram á að fá sérstaka forstofu og hliðarherbergi, sérstaklega hliðarherbergi, en fengið hvorugt. Í stað þess hafi stúkan fengið geymslukompuna undir svölunum, en hún hafi verið óhentug og erfitt að flytja þangað púlt og aðra muni stúkunnar. Eftir að húsið var komið upp, kvað hann stúkuna hafa farið fram á, að byggður yrði sérinngangur suður úr fundarsalnum og jafnframt yrði komið þar upp hliðarherbergi. Þessum tilmælum hafi Samkomuhúsið ekki sinnt, og kvaðst hann líta svo á, að fjárskortur hafi valdið, en ekki hitt, að stjórn Samkomuhússins hafi ætlað sér að svíkja samninginn. Meðan hann starfaði í stúkunni, kvað hann stúkuna hafa fengið afnot af fundarsalnum á tilskildum tímum í viku hverri, en hins vegar hafi forráðamönnum stúkunnar gramizt, að þann tíma, sem stúkan notaði ekki salinn, hafi salurinn oft verið notaður á þann veg, er ósamrýmanlegt var anda stúkunnar. Hafi oft verið kvartað undan þessu við stjórn Samkomuhússins, en það hafi engan árangur borið.

Magnús Guðmundsson, Vesturhúsum, var einn þeirra, er undirritaði samninginn af hálfu stúkunnar. Gaf hann réttarskýrslu í málinu, en var farinn að tapa minni, enda kominn á níræðisaldur. Kvaðst hann telja, að skýrsla þeirra Snæbjarnar Bjarnasonar og Davíðs Árnasonar um vanefndir Samkomuhússins væri rétt í aðalatriðum. Kvaðst hann halda, að margt færi á annan veg í Samkomuhúsinu en til hefði verið ætlazt. Sérstaklega tók hann fram, að vín væri þar haft um hönd á þann hátt, að ekki gæti samrýmzt starfsemi stúkunnar. Minntist hann þess að hafa fundið sterka vínlykt í húsinu, er stúkan hélt þar fundi sína.

Þorsteinn Þ. Víglundsson skólastjóri var æðsti templar í stúkunni Báru frá 1949 til 1951, og hefur hann gefið réttarskýrslu í málinu. Lýsti hann aðstæðunum í Samkomuhúsinu, er fundir stúkunnar voru haldnir þar. Við inntökuathafnir varð að taka á móti nýjum félagsmönnum í ganginum fyrir framan fundarsalinn, en þar var stöðugur straumur fólks, bæði bíógesta og annarra, svo að þeir, sem fyrir inntökuathöfnum stóðu, urðu oft að hrekjast úr einu horninu í annað með athafnir sínar. Svo hafi fundarsalurinn stundum verið óþveginn, er fundir áttu að hefjast, og ölblettir víða um gólfið, og eitt sinn kvaðst hann minnast þess, að pollur var á gólfinu, er álitið var, að væri vínpollur. Þá kvaðst hann hafa komizt að því, að í geymslukompunni, sem stúkunni var ætluð, hafi verið geymt ýmiss konar skran, sem hann áleit, að tilheyrði Samkomuhúsinu. Er hann mætti í réttinum hinn 30. nóvember s.l., kvaðst hann nýkominn úr samkomuhúsinu og hefði komið í geymslukompuna og væri þaðan sömu sögu að segja. Kompan hefði verið opin, og

munir stúkunnar hefðu verið þar innan um alls konar skran, gamalt hljóðfæri, borðræfla, skápa o. fl. Þá skýrði hann svo frá, að er hann gerðist æðsti templar í stúkunni, hafi hann farið fram á að fá afnot af fundarsalnum að kvöldlagi einhvern dag vikunnar utan laugardaga eða sunnudaga, sem voru ónotandi fyrir fundi vegna fólksstraums og ónæðis á fundartímum. Þessum tilmælum var synjað, og varð hann því að útvega stúkunni annað húsnæði.

Af hálfu hins stefnda félags gáfu 2 menn úr stjórn þess réttarskýrslu í málinu, svo og fyrrverandi stjórnarformaður og núverandi umsjónarmaður hússins, Ársæll Sveinsson, er var formaður félagsstjórnarinnar frá byrjun og fram á árið 1951. Skýrði hann svo frá, að er húsið var reist, hafi verið haft samráð við fyrirsvarsmenn stúkunnar um fyrirkomulag húsnæðisins, er stúkan skyldi fá til umráða. Hafi fyrirsvarsmenn stúkunnar á sínum tíma talið fundarsalinn, litlu forstofuna og geymslukompuna fullnægjandi fyrir starfsemi stúkunnar. Samkomulagið milli hússtjórnar og stúkunnar hafi verið ágætt fyrstu árin, en síðan urðu stjórnarskipti í stúkunni og fór nýja stjórnin von bráðar að koma fram með ýmsar umkvartanir, sem þó aðallega beindust í þá átt, að vín væri haft um hönd í fundarsal stúkunnar. Hins vegar kvaðst hann ekki minnast þess, að nein kvörtun hafi borizt stjórninni, er gengi í þá átt, að stúkan fengi ekki aðgang að fundarsalnum, enda væri það alrangt, að stúkunni hefðu verið meinuð afnot af húsinu, þannig að í bága færi við samninginn. Ekki kvaðst hann minnast þess, að félaginu hefði nokkru sinni borizt skrifleg tilmæli um aðra forstofu við fundarsalinn í stað þeirrar, er til var. Hann viðurkenndi, að vínveitingar hefðu farið fram í fundarsal stúkunnar, en aldrei af hálfu Samkomuhússins, heldur einungis af hálfu þeirra, er fengu húsið til afnota og höfðu fengið vínveitingaleyfi frá því opinbera. Stefán Árnason yfirlögregluþjónn, er verið hefur í stjórn Samkomuhússins svo að segja allan tímann frá stofnun félagsins og er nú æðsti templar í stúkunni Sunnu, kvað forráðamönnum stúknanna hafa verið gefinn kostur á að fylgjast með smíði hússins og haft við þá samráð um fyrirkomulag, t. d. litlu forstofuna fyrir framan fundarsalinn. Umkvartanir út af vanefndum hafi sér vitanlega ekki borizt, að undanskilinni skýrslu Snæbjarnar Bjarnasonar og Davíðs Árnasonar, sem áður er rætt um, og kvaðst hann efast um, að menn þessir hafi haft umboð frá stúku sinni til þess að setja þær umkvartanir fram. Þá kvað hann það ósatt, að stúkunum hefði nokkru sinni verið meinaður aðgangur að húsinu til fundarhalda. Hann kvað aldrei hafa komið til orða að hafa sérstaka forstofu inn í fundarsal stúkunnar. Sveinn Ársælsson var framkvæmdarstjóri Samkomuhússins frá 1939 til 1946. Kvaðst hann aldrei hafa orðið var við neinar umkvartanir frá stúkunum um vanefndir á samningi þeirra við hið stefnda félag. Hann sagði, að stundum hefðu vínveitingar átt sér stað í húsinu á vegum félaga eða annarra, er héldu

skemmtanir í húsinu, en aldrei á vegum Samkomuhússins. Meðan hann vissi til, kvað hann stúkurnar einar hafa haft lykla að geymslukompunni hægra megin við uppganginn á balkon, og stundum hafi þær einnig haft afnot af geymslukompunni vinstra megin. Hann kvaðst ekki vita til, að neinir munir stúknanna hefðu verið fluttir burtu úr húsinu af forráðamönnum Samkomuhússins, hins vegar vissi hann til, að stúkumennirnir sjálfir fluttu burt stór og þung púlt, sem stúkurnar höfðu komið fyrir undir leiksviðinu í Samkomuhúsinu. Höfðu púltin legið þar ónotuð um hríð, þar eð stúkunum þóttu þau of þung í vöfum, og höfðu fengið afnot af veitingaborðum hússins í þeirra stað. Óli Ísfeld, núverandi forstöðumaður hússins, kvaðst hafa starfað við húsið frá byrjun, og vissi hann ekki til, að stúkunum hefði verið meinaður aðgangur að húsinu til fundarhalda, en hins vegar hefði stundum þurft að komast að samkomulagi við stúkurnar um afnot hússins. Hann kvað stúkurnar jafnan hafa verið óánægðar yfir hinu og þessu hjá Samkomuhúsinu og einnig hafi Samkomuhúsið verið óánægt yfir umgengni stúknanna að sumu leyti og fleiru. Hins vegar kveðst hann ekki muna eftir neinum ákveðnum umkvörtunum frá stúkunum út af neinu sérstöku. Hann kvað Samkomuhúsið sjálft aldrei hafa haft vínveitingar í húsinu og aldrei sótt um vínveitingaleyfi. Hann kvað stúkurnar hafa aðgang að súðarkompu hægra megin við uppganginn í balkon, en þessa kompu notaði nú húsið einnig. Stæði kompan opin, vegna þess að stúkurnar hefðu eyðilagt lásinn og ekki hirt um að gera við hann. Í tilefni þessara síðustu upplýsinga var lagt fram bréf frá stjórn hins stefnda félags, er bar það með sér, að hún hefði lagt svo fyrir, meðan á máli þessu stóð, að nýr lás skyldi settur fyrir kompuna og húsið skyldi framvegis engin afnot hafa af henni.

Aðrar aðilja- eða vitnaleiðslur en þær, er nú hafa verið raktar, liggja ekki fyrir í málinu.

Eins og áður er fram tekið, mælir samningurinn svo fyrir, að stúkan fái umráðarétt yfir fundarsal ásamt hliðarherbergi og afnot af forstofu á þann veg, sem fyrr getur. Með ákvæði þessu er ætlazt til, að stúkunni sé veittur kostur á að haga starfsemi sinni í húsinu í samræmi við lög og venjur reglunnar, eins og viðsemjendum hennar mátti vera ljóst. Að lögum Reglunnar, bæði þeim er áður giltu og enn eru í gildi, skal leynd hvíla yfir vissum þáttum í starfi hennar og ekki til þess ætlazt, að þeim, sem utan Reglunnar standa, sé gefinn kostur á að fylgjast með því, sem gerist á fundum hennar. Sumar athafnir Reglunnar skulu fara fram í tveimur herbergjum, svo sem inntaka nýrra félaga. Hinu stefnda félagi var því skylt samkvæmt samningnum að láta stúkunni í té bæði fundarsal og forstofu og auk þess herbergi, sem var innangengt í úr fundarsal eða úr einangraðri forstofu. Fundarsalurinn í húsinu fullnægir ákvæðum samningsins og sömuleiðis litla forstofan, að því er virðist, en hliðarherbergi er hins vegar ekki til að dreifa, þar sem geymslu-

kompan undir svölunum fullnægir alls ekki þeim kröfum, sem gera verður til hliðarherbergis. Samningurinn hefur því verið vanefndur af hálfu hins stefnda félags að þessu leyti. Hefur þetta leitt til þess, að sum starfsemi stúkunnar, er leynt skal fara, hefur orðið að fara fram í gangi hússins, þar sem meira og minna af óviðkomandi fólki hefur verið á ferli.

Þeirri skoðun hefur verið hreyft af hálfu stefnanda, að orð samningsins: „veiti stúkunni Báru umráðarétt yfir fundarsal . . . ásamt hliðarherbergi" beri að skilja ein sér og án þeirra takmarkana, sem felast síðar í setningunni í orðunum: „ákveðna daga í viku hverri, mest 4 daga . . .", er eigi aðeins við afnot af forstofu. Af þessu mundi leiða, að afnot af fundarsalnum væri hinu stefnda félagi óheimil nema með samþykki stúkunnar. Í framkvæmdinni hefur þetta hins vegar verið á annan veg, og hefur Samkomuhúsið farið með umráð fundarsalsins og leigt hann út án þess að leita samþykkis stúkunnar og án samráðs við hana. Af fundargerðum stúkunnar verður eigi annað ráðið en að þeir, er undirrita samninginn af hálfu stúkunnar, hafi talið, að stefnda hefði rétt til að nota salinn í eigin þágu utan fundartíma stúknanna. Þenna skilning verður að telja réttan, en þó bundið því skilyrði, að húsið léti í té viðunandi geymslu undir húsgögn og muni stúknanna, er flytja þurfti burtu úr fundarsalnum að fundarhöldum þeirra loknum. Jafnframt bar forráðamönnum hússins að taka tillit til þess, að salurinn var heimkynni stúkunnar og vígður undir starfsemi hennar og sú notkun salsins, er var í algerri andstöðu við meginstefnumið Reglunnar, gat því ekki talizt tilhlýðileg. Allmikið hefur vantað á, að þessa tvenns hafi verið gætt af hinu stefnda félagi. Geymslan, sem stúkunni var fengin, var ófullnægjandi, svo að stúkan varð að leggja niður þau húsgögn, sem ætluð voru til notkunar á fundum hennar, og hið stefnda félag hefur látið viðgangast eða látið óátalið, þótt opinberar vínveitingar færu fram í fundarsal stúkunnar. Hvorttveggja þetta þykir bera að telja til vanefnda á samningsskyldum hins stefnda félags.

Gögn þau, sem að framan eru rakin, leiða ekki í ljós gegn mótmælum stefnda, að stúkunni hafi beinlínis verið meinuð tilskilin afnot af fundarsalnum.

Hið stefnda félag hefur haldið því fram, eins og að er vikið hér að framan, að forráðamenn stúkunnar hafi kynnt sér teikningu hússins og fylgzt með byggingu þess og samþykkt og látið sér vel líka það húsnæði, er hún fékk til afnota. Í öðru lagi hefur stefnda talið, að stúkan hafi með aðgerðarleysi í mörg ár samþykkt húsnæðið og svipt sig með því rétti, er hún kynni að hafa átt til að krefjast rýmra húsnæðis eða hreyfa kröfum út af vanefndum af þessum sökum. Þessu hvorutveggja er ákveðið andmælt af stefnanda og það staðhæft, að forráðamenn stúkunnar hafi alls ekki samþykkt húsnæðið, meðan á byggingu hússins stóð, né verið veittur kostur á að kynna sér fyrirkomulag hússins, áður en bygging

þess var hafin. Gögn hafa ekki komið fram, er hnekki þessari staðhæfingu. Svo hefur og stefnandi staðhæft, að eftir að húsið var komið upp, hafi forráðamenn stúkunnar oftlega kvartað yfir hinu ófullnægjandi húsnæði og farið fram á, að úr yrði bætt, en sannanir fyrir þessu eru ekki aðrar en það, sem fram kemur í fundargerðum stúkunnar og réttarskýrslu síra Jes A. Gíslasonar. En málum er svo háttað, að auk stúkunnar Báru nr. 2 var Stórstúka Íslands aðili að samningnum, og breytingar á samningnum voru því háðar samþykki hennar, en það samþykki liggur ekki fyrir. Auk þess verður að líta svo á, að stefnandi hafi ekki, eins og atvikum var háttað, glatað rétti, sem studdist við ótvíræð ákvæði samningsins, með því einu að hafast ekki að eða hreyfa ekki andmælum. Verður því ekki fallizt á, að ákvæði samningsins um húsnæði handa stúkunni hafi breytzt eða fallið niður fyrir aðgerðir eða aðgerðaleysi hennar.

Í samningnum er rætt um þann möguleika, að stúkurnar kynnu að leggjast niður og eigur þeirra renna til Stórstúku Íslands. Í því sambandi er tekið fram, að fé það, sem stúkan Bára hefur lagt fram til húsbyggingarinnar, skuli þó aldrei afturkræft. Ákvæði þetta þykir bera að skilja þannig, að það sé bundið því skilyrði, að hið stefnda félag uppfylli samninginn frá sinni hálfu, og útiloki því ekki endurheimtu framlagsins, ef um verulegar vanefndir sé að ræða, sem heimila riftun samningsins.

Vanefndir stefnda á samningsskyldum sínum, sem hér að framan hafa verið raktar, verður að telja verulegar, og þar sem hið stefnda félag hefur ekki boðizt til að bæta úr því, sem áfátt er, heldur fullyrt, að það hafi uppfyllt samninginn að öllu leyti, þá þykir bera að líta svo á, að riftun samningsins sé heimil og hið framlagða fé endurkræft. Vegna mikillar lækkunar á verðgildi peninga virðist stefndi eiga rétt á að fá framlag sitt endurgreitt með álagi, er sé miðað við verðhækkun hússins, eins og krafizt er. Eins og áður er getið, telur stefnandi, að verðmæti hússins hafi 6.7 faldazt, frá því að það var byggt og fram í september 1950, og er þá áðurgreind virðingargerð lögð til grundvallar. En í matsverði hússins í september 1950 eru innifaldir viðaukar og endurbætur, sem framkvæmdar voru á árunum 1939—1946 og nema að fjárhæð kr. 119.500.00 fyrir utan fyrningu. Virðist réttara, að þeir liðir falli út í þessu sambandi, og leiðir það til þess, að verðmæti hússins hefur ekki 6.7 faldazt heldur 6.2 faldazt. Verður hið stefnda félag því dæmt til að greiða kr. 9100.00 × 6.2, eða kr. 56.420.00, ásamt 6% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu hinn 27. október 1953 til greiðsludags. Lengra aftur í tímann verða vextir ekki tildæmdir, m. a. vegna þess, að svo virðist sem stúkan Sunna hafi fengið afnot af fundarsal stúkunnar í skjóli samningsins, þar til málið var höfðað.

Rétt þykir, að hið stefnda félag greiði stefnanda kr. 10.000.00 í málskostnað og er þar með talinn kostnaður við matsgerð.

Er málið var tekið í dóm, veiktist dómarinn af inflúensu, og hefur uppsögn dómsins dregizt af þeim sökum.

Dómsorð:

Stefndu, Magnús Bergsson, Katrín Árnadóttir, Jóhann Friðriksson, Sveinn Ársælsson og Stefán Árnason f. h. Samkomuhúss Vestmannaeyja h.f., greiði stefnandanum, Kristni Stefánssyni stórtemplar f. h. stúkunnar Báru nr. 2, kr. 56.420.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. október 1953 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. desember 1955.

Nr. 175/1955. **Ákæruvaldið**
gegn
Guðmundi Ámundasyni Björnssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Krafa um að héraðsdómari víki sæti í opinberu máli.

Dómur Hæstaréttar.

Ingi Ingimundarson, fulltrúi sakadómara í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Ákærði, Guðmundur Ámundason Björnsson, hefur með kæru 27. október s.l., er hingað barst 1. þ. m., skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar, að því er ætla má í því skyni að fá hann felldan úr gildi, og hefur dómsmálaráðherra veitt honum hinn 22. nóvember þ. á. heimild til kærunnar samkvæmt 171. gr. laga nr. 27/1951.

Hæstarétti hafa ekki borizt greinargerðir í kærumáli þessu, hvorki frá ákærða né héraðsdómaranum.

Í ákæruskjali er ákærða gefið það að sök, að hann hafi ekið bifreið undir áhrifum áfengis um götur Reykjavíkur aðfaranótt 24. ágúst þ. á. Í prófum málsins hefur ákærði játað á sig afdráttarlaust verknað þenna, og er játningin studd öðrum

styrkum sönnunargögnum, en ekkert fram komið, er geri hana efasama. Þar sem svo stóð á, átti héraðsdómari samkvæmt 4. málsgr. 80. gr. laga nr. 27/1951 að synja ákærða um skipun verjanda, en hins vegar samkvæmt niðurlagsákvæði 81. gr. sömu laga að veita honum kost á, ef hann æskti þess, að ráða á sinn kostnað löghæfan mann, er dómari samþykkti, til að halda uppi vörnum. En með því að dómari skipaði ákærða verjanda, verður við það að sitja, þar sem þeirri ákvörðun verður samkvæmt 5. tölulið 170. gr. nefndra laga ekki breytt í æðra dómi.

Þó að héraðsdómari benti ákærða á, að skipun verjanda mundi baka honum kostnað, hefur hann ekki með því farið út fyrir takmörk leyfilegrar leiðbeiningarheimildar, enda var honum skylt samkvæmt 4. málsgr. 80. gr. laga nr. 27/1951 að taka á þessu stigi málsins afstöðu til sönnunaratriða þess í sambandi við ákvörðun um skipun verjanda. Verður samkvæmt þessu ekki talið, að héraðsdómarinn hafi gert sig óhæfan til að fara með málið og kveða upp dóm í því, og ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 27. október 1955.

Mál það, sem hér liggur fyrir að úrskurða í, er með ákæruskjali sakadómarans í Reykjavík, dagsettu 4. október s.l., höfðað gegn ákærða, Guðmundi Ámundasyni Björnssyni, fyrir meinta ölvun við bifreiðarakstur hinn 24. ágúst s.l.

Ákærða var birt ákæruskjal í máli þessu hinn 7. október s.l. með áritun um þingfestingardag hinn 22. þ. m.

Aðspurður óskaði ákærði eftir Sigurgeiri Sigurjónssyni hrl. sem verjanda í málinu. Dómarinn benti ákærða á það, að hann væri einungis ákærður fyrir þá háttsemi, er hann hefur játað á sig að hafa framið, sem auk þess væri studd öðrum gögnum málsins, og vakti athygli hans á því, að færi svo, að dómur félli á hann, yrði honum væntanlega gert að greiða verjandanum málskostnað, og er ákærði spurði, hve mikill hann væri, var honum sagt, að hann væri venjulega 400—600 krónur.

Við þingfestingu málsins hinn 22. þ. m. mætti Sigurgeir Sigurjónsson hrl., skipaður verjandi ákærða, og lagði fram bréf, þar sem þess er krafizt, að dómarinn víki sæti í máli þessu. Kveður

verjandinn skjólstæðing sinn hafa tjáð sér, að við birtingu ákæruskjalsins hafi dómarinn spurt, hvort hann óskaði eftir verjanda í málinu, en bætt því við um leið, að ef hann gerði það, þá yrði það aðeins til að baka honum aukakostnað af málinu, er nema mundi 500—600 krónum. Með þessu telur verjandinn, að dómarinn hafi á ótvíræðan hátt fyllilega gefið í skyn álit sitt um dómsniðurstöðu málsins og þar með gert sig óhæfan til þess að fara frekar með málið og dæma í því.

Samkvæmt því, sem áður er rakið um orðaskipti dómarans við ákærða, er ljóst, að með slíkum leiðbeiningum, sem telja verður sjálfsagðar og eðlilegar, er líkt stendur á, hefur dómarinn á engan hátt tjáð sig þannig um úrslit máls þessa, að það gerði hann óhæfan til að fara áfram með málið. Brestur því algerlega grundvöll fyrir því, að framangreind krafa verjandans verði tekin til greina.

Ályktarorð:

Framangreind krafa um, að fulltrúi sakadómara, Ingi Ingimundarson, víki sæti í máli þessu, er ekki tekin til greina.

Fimmtudaginn 8. desember 1955.

Nr. 20/1955. **Ólafur Magnússon** (Jón Þorsteinsson hdl.)
gegn
Guðrúnu Ólafsson (Ragnar Jónsson).

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Grunnleigusamningur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1955. Krefst hann þess, að hann verði dæmdur sýkn af kröfum stefndu og að henni verði gert að greiða honum málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með grunnleigusamningnum frá 14. maí 1934 var lóð sú,

sem í málinu greinir, leigð áfrýjanda „til ótakmarkaðs tíma, svo lengi sem hann eða þeir, er í hans stað koma, fullnægja skyldum sínum samkvæmt samningnum". Í samningnum er árslega af lóðinni ákveðin „6 — sex — prósent af fasteignaverði hennar, eftir því sem hún er metin samkvæmt opinberu fasteignamati á hverjum tíma".

Þegar samningurinn var gerður, voru í gildi lög um fasteignamat nr. 22/1915. Samkvæmt 1. gr. þeirra og viðbótarlögum nr. 56/1917 skyldu allar jarðeignir, lóðir og hús á landinu metnar til peningaverðs 10. hvert ár af eiðsvörnum matsmönnum, þó svo, að fyrsta mat færi fram árin 1916—1918 og því næst 1930 og svo hvert ár, er ártalið stendur á tug. Þá segir í 2. gr. laga nr. 22/1915, að hverja fasteign skuli meta eins og hún mundi sanngjarnlega seld eftir gæðum hennar.

Lög nr. 22 /1915 voru úr gildi numin með lögum um fasteignamat nr. 3/1938. Í síðarnefndu lögunum voru framangreind ákvæði látin haldast óbreytt að efni til, þ. e. að fasteignamat skal fara fram á 10 ára fresti og að hver fasteign skal metin sanngjörnu söluverði.

Með lögum nr. 63/1945 voru gerðar breytingar á lögum nr. 3/1938 og þau síðan gefin út af nýju sem lög nr. 70/1945. Var nú ákveðið, að fasteignamat skuli aðeins fara fram 25. hvert ár og að næsta aðalmati skuli lokið fyrir 1. janúar 1965. Þá er sagt, að breytist verðgildi peninga að verulegu leyti á milli þess, að aðalmat fer fram, megi með lögum ákveða breytingu á matsverði allra fasteigna í landinu í samræmi við það.

Það er alkunna, að verðgildi peninga hefur raskazt mjög á undanförnum árum og að núgildandi fasteignamat er fjarri því að vera í samræmi við það ákvæði laga, sem gilt hefur alla tíð síðan 1915, sbr. nú 2. gr. laga nr. 70/1945, að fasteign hver skuli metin sanngjörnu söluverði. Með lögum nr. 33/1955, um samræmingu á mati fasteigna, er ákveðið, að skipa skuli sérstaka landsnefnd til að framkvæma endurskoðun fasteignamatsins. Skal landsnefndin flokka allar fasteignir, miðað í stórum dráttum við þá breytingu, sem orðið hefur síðan aðalmat fór fram á verðgildi fasteigna,

eftir því hvar þær eru. Að því búnu ákveður landsnefndin, hvað sé hæfileg hækkun eða lækkun á matsverði fasteignaflokkanna. Enga fasteign má þó hækka meira en um 400%, eftir að matið hefur verið samræmt samkvæmt 3. gr. laganna. Af hámarksákvæði þessu leiðir, að matsverð fasteigna skal nú ekki lengur miðast við sanngjarnt söluverð þeirra.

Framangreindar breytingar, sem gerðar hafa verið á lögum um fasteignamat, eftir að grunnleigusamningurinn var gerður, bæði um lengd matstímabilsins og sjálfan matsgrundvöllinn, eru svo veigamiklar, að telja verður forsendur fyrir leigugjaldsákvæði samningsins brostnar. Og þar sem samningurinn í heild er óuppsegjanlegur af hendi leigusala, þykir hann eiga rétt til að fá leigugjaldið metið sérstöku mati dómkvaddra manna, er gildi um 10 ár í senn, þ. e. jafnlangt tímabil og liðið hefði milli fasteignamata samkvæmt lögum þeim, er í gildi voru, þegar samningurinn var gerður. Hinir dómkvöddu matsmenn hafa lýst því, eftir að héraðsdómur gekk í máli þessu, að mat þeirra á upphæð leigugjaldsins hefði ekki orðið lægra, þó að lagt hefði verið fyrir þá að meta leiguna til 10 ára, og stefnda hefur viljað una matinu. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ólafur Magnússon, greiði stefndu, Guðrúnu Ólafsson, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Samkvæmt leigumálanum frá 14. maí 1934 ber áfrýjanda að greiða í leigu eftir byggingarlóð þá, sem í máli þessu greinir, 6% af fasteignamati hennar, og auk þess skal hann

standa straum af öllum sköttum og gjöldum, sem lögð eru á lóðina sem gjaldstofn í opinberar þarfir.

Stefndi telur sig eigi lengur bundinn við ákvæði leigumálans um fjárhæð leigunnar, heldur eigi hann rétt til þess, að hún sé ákveðin með mati. Samkvæmt lögum nr. 22/1915, sem í gildi voru, þá er leigumálinn var gerður, hafi átt að miða fasteignamat við söluverð fasteigna og hafi það átt að fara fram á tíu ára fresti, en með 1. gr. laga nr. 70/1945 sé svo mælt, að næsta mati skuli lokið 1965 og að breyting á verðgildi peninga skuli eigi hafa áhrif á fasteignamatið, nema sérstök lög komi til. Telur stefndi, að ákvæði nefndra laga um óbreytt fasteignamat og verðfall peninga leiði til þess, að honum sé rétt að ganga frá ákvæðum nefnds leigumála um ákvörðun leigu eftir lóð þá, sem í málinu getur.

Auk laga þeirra, sem stefndi vitnar til, hafa nú verið sett lög nr. 33/1955 um samræmingu á fasteignamati. Hér er rétt að greina eftirtalin ákvæði þeirra laga: Samkvæmt 1. gr. skal á árinu 1955 fara fram endurskoðun á fasteignamatinu 1942 og svo á aukafasteignamati, sem gert hefur verið síðan. Í 3. gr. laganna er m. a. mælt, að meta skuli meiri háttar umbætur á útmældum lóðum, sem eigi hafa verið metnar aukafasteignamati, og skal metið eftir sömu reglu og fylgt var við gildandi fasteignamat. Samkvæmt 6. gr. sömu laga skal skipa fasteignum í landinu í flokka, og skal miða flokkunina í stórum dráttum við þá breytingu, sem orðið hefur, síðan aðalmat fór fram, á verðgildi fasteigna, eftir því hvar þær eru. Mat fasteigna má þó eigi hækka meira en um 400%, eftir að matið hefur verið samræmt eftir 3. gr.

Er þá athugaefni, hvort stefnda sé rétt að rifta ákvæði leigumálans frá 14. maí 1934 um, að leiga eftir lóðina skuli vera 6% af fasteignamati hennar, og heimta leigu eftir hana samkvæmt mati dómkvaddra manna. Ákvæði leigumálans um að leigan skuli vera 6% af fasteignamati lóðarinnar voru sett af fyrirsvarsmanni leigusala, er stefndi leiðir rétt sinn frá. Fyrirsvarsmanni leigusala mátti vera ljóst, þá er leigumálinn var gerður, að breytingar gætu orðið á lögum um fasteignamat og að hvorki hann né áfrýjandi mættu nokkru um það ráða. Þrátt fyrir þetta setti fyrirsvarsmaður leigusala í

samninginn ákvæði um, að leigan skyldi vera ákveðinn hundraðshluti af fasteignamatinu. Ef fasteignamat hefði hækkað, hefði stefndi notið góðs af því, og áfrýjandi verið bundinn við hækkunina samkvæmt leigumála. Lagarök eru því til þess, að stefndi beri áhættuna af því, er lög um fasteignamat breytast honum til óhags. Nú er málum háttað þannig, að óhagur stefnda stafar af því, að lög hafa eigi látið fasteignamat hækka að sama skapi og peningar hafa fallið í verði. En það er meginregla, að menn verða að standa við gerða samninga, þótt gagngreiðslur, sem þeir hafa áskilið sér, rýrni vegna verðfalls peninga. Regla þessi hefur stoð í sterkum lagarökum, enda mundu tíð frávik frá henni án atbeina lögjafarvaldsins leiða til óvissu í viðskiptum, truflunar og jafnvel öngþveitis, svo sem reynsla erlendis eftir fyrri heimsstyrjöld sýndi. Nefnd regla er og berum og ótvíræðum orðum lögfest í 8. gr. laga nr. 22/1950 um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl. Frávik frá reglunni eru t. d. hugsanleg, þá er maður verður að afla vöru til efnda á samningi með mjög auknum tilkostnaði, er eigi var fyrirsjáanlegur við samningsgerð. En jafnvel þótt 8. gr. laga nr. 22/1950 væri eigi talin standa í vegi slíku fráviki, þá er eigi slíkum ófyrirsjáanlegum tilkostnaði af hendi stefnda til að dreifa í máli þessu. Að svo vöxnu máli eru eigi efni til að víkja frá reglunni í máli því, er hér liggur fyrir, og heimila stefnda að ganga frá gerðum samningum. Hér er og á það að líta, að fasteignamat á lóð stefnda hækkar, láti að líkum, samkvæmt 6. gr. laga nr. 33/1955, og hækkar þá einnig eftirgjald eftir hana í samræmi við leigumálann.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, ber að taka kröfu áfrýjanda um sýknu til greina.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00.

Dómsorð mitt verður því:

Áfrýjandi, Ólafur Magnússon, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Guðrúnar Ólafsson, í máli þessu.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað bæði í héraði og

fyrir Hæstarétti, samtals kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 19. nóvember 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. m., hefur stefnandi, frú Guðrún Ólafsson, Túngötu 6, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 22. f. m., á hendur Ólafi Magnússyni sundkennara, Laxagötu 6, Akureyri, og gerir þær kröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða eftirstöðvar af lóðargjaldi, kr. 182.00, og málskostnað að skaðlausu, þar með matskostnað.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að dæmd upphæð verði aðeins kr. 62.00 og málskostnaður falli niður.

Stefnandi skýrir þannig frá málavöxtum, að með leigusamningi, dags. 14. maí 1934, hafi firmað Ragnar Ólafsson, Akureyri, selt stefnda á leigu byggingarlóðina nr. 6 við Laxagötu, hér í bæ, 400 fermetra að stærð, til ótakmarkaðs tíma. Í leigu eftir lóðina skyldi leigutaki greiða 6 af hundraði af fasteignamatsverði hennar árlega. Fasteignamatsverð hennar var þá kr. 1600.00 og ársleigan því kr. 96.00. Við fasteignamatið, sem gekk í gildi 1942, var lóðin metin kr. 1300.00, og lækkaði leigan þá í kr. 78.00. Samkvæmt lögum þeim, sem í gildi voru, frá því að lóð þessi var seld á leigu og fram til ársins 1945, skyldi aðalmat fasteigna fara fram á 10 ára fresti, þegar ártalið stæði á tug, og samkvæmt beinum orðum og anda þeirra laga átti fasteignamatið að gefa til kynna raunverulegt verðmæti eignanna á hverjum tíma. Árið 1945 er hins vegar lögákveðið samkvæmt lögum nr. 70 frá 12. apríl það ár, að fasteignamat skuli aðeins fara fram á 25 ára fresti sem og hitt, að verðgildisbreyting peninga skuli ekki tekin til greina nema sérstök lög komi til, og þannig hefur þetta verið í framkvæmd síðan 1945, að öll millimöt eru miðuð við peningagildi 1930—1940, en hlutfall milli verðgildis peninga þá og nú er ca 1:10.

Til þess að leiðrétta hina ósanngjarnlega lágu lóðarleigu kveðst stefnandi hafa látið dómkvadda menn meta leiguna eftir lóð stefnda. Mátu þeir, að hæfileg ársleiga væri kr. 260.00, þ. e. 20 af hundraði af gildandi fasteignamati. Þrátt fyrir matsgerð þessa hefur stefndi ekki fengizt til að greiða þá upphæð í leigu fyrir árið 1954, sem féll í gjalddaga 1. október s.l., heldur hefur hann aðeins greitt kr. 78.00 eins og undanfarin ár. Kveðst stefnandi því knúin til að höfða mál þetta um dómkröfur þær, sem að framan greinir, enda er hún nú einkaeigandi lóðarinnar.

Stefndi heldur því hins vegar fram og byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi geti ekki krafizt leigugjalds umfram það, sem samningurinn greinir, og ekki verði leigupphæðinni haggað, þótt nú líði 25 ár milli þess sem fasteignamat fer fram, enda hafi leigu-

sali ráðið skilmálum og orðalagi leigusamningsins. Þá er stefnukröfunni mótmælt af þeim sökum, að sé um heimild að ræða til hækkunar á lóðarleigunni, þá beri að reikna hækkunina út á öðrum grundvelli en gert hefur verið og framkomið mat sé þýðingarlaust. Þá hafi fasteignaskattur til bæjarsjóðs samkvæmt 4. gr. leigusamningsins fimmfaldast við gildistöku laga nr. 29/1952, og nemur hækkunin á ári hverju kr. 120.00. Byggir hann varakröfuna á því, að kr. 120.00 verði dregnar frá stefnukröfunni, enda hafi stefndi ekki getað búizt við því, þegar samningurinn var gerður, að þurfa sjálfur að standa undir slíkri skatthækkun, hafi það verið forsenda fyrir gildi leigusamningsins, að öll lög að honum lútandi stæðu óbreytt, frá því að samningurinn var gerður.

Samningur sá, sem hér um ræðir, er með þeim hætti, að leigutaki hefur heimild til að selja og veðsetja rétt sinn samkvæmt honum og hann er óuppsegjanlegur af hendi leigusala, meðan leigutaki efnir samningsskyldur sínar. Þegar samningur þessi var gerður, var leigugjaldið eðlileg greiðsla fyrir þau verðmæti, sem leigusali lét leigutaka í té, og eftir atvikum hófleg, miðað við aðra sams konar samninga á þeim tíma. Má og örugglega gera ráð fyrir, að leigutaka hafi verið það ljóst, er samningurinn var gerður, að til slíks var ætlazt. Síðan hefur verðgildi peninga raskazt stórlega, svo sem kunnugt er, en fasteignamat helzt hins vegar óbreytt og verður það a. m. k. til ársins 1965 samkvæmt lögum nr. 70/1945, nema löggjafinn geri þar á aðra skipan. Er verðmæti það, sem leigutaki lætur nú leigusala í té fyrir leiguréttinn, því raunverulega einungis brot af því verðmæti, sem áskilið var, er samningurinn var gerður. Þar sem samningurinn er óuppsegjanlegur af hendi leigusala, þykja ákvæði hans um leigugjaldið ekki eiga að binda leigusala samkvæmt almennum reglum um brostnar forsendur.

Stefndi hefur haldið því fram, að væri svo, að um hækkun leigunnar væri að ræða, ætti hún að ákveðast með þeim hætti, að metið yrði sanngjarnt söluverð lóðarinnar og leigugjaldið ætti þá að miðast við 6 hundraðshluta af þeirri upphæð. Ekki verður séð, að máli skipti, þótt matinu hafi verið hagað þannig, að metin var hæfileg lóðarleiga, og þykir mega leggja mat þetta til grundvallar um hið umkrafða leigugjald fyrir yfirstandandi ár. Varakrafa stefnda um lækkun stefnukröfunnar vegna hækkaðs fasteignaskatts til bæjarsjóðs þykir ekki á rökum byggð og verður ekki tekin til greina.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 182.00, en með hliðsjón af öllum atvikum þykir málskostnaður mega falla niður.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Magnússon, greiði stefnanda, Guðrúnu Ólafsson, kr. 182.00.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. desember 1955.

Nr. 171/1955. **Ásmundur Guðmundsson**
gegn
Geirþrúði Bjarnadóttur,
Benedikt Gíslasyni,
Jóni Kjartanssyni,
Dánarbúi Guðmundar Sigurðssonar og
Jóni Steingrímssyni sýslumanni.

Dómendur:
hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Ármann Snævarr prófessor.

Kærumál. Krafa um að héraðsdómari víki sæti.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Steingrímsson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili, sem fékk vitneskju um úrskurð héraðsdóms hinn 5. nóvember s.l., hefur skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 11. s. m. Hann krefst þess, að héraðsdómaranum verði gert að víkja sæti og varnaraðiljum dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Af hendi varnaraðilja hafa eigi komið fram kröfur né greinargerðir.

Eigi er í ljós leitt, að héraðsdómari hafi í embætti sínu fjallað um málsefni með þeim hætti, að hann megi eigi af þeim sökum fara með dómsmál það, sem hér er um að tefla. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Þar sem varnaraðiljar hafa eigi krafizt kærumálskostnaðar, verður hann eigi dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður aukaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 1. nóvember 1955.

Mál þetta er höfðað af Ásmundi Guðmundssyni að Reykjalundi gegn frú Geirþrúði Bjarnadóttur, Mjóstræti 8, Reykjavík, Benedikt Gíslasyni frá Hofteigi, sama staðar, Jóni Kjartanssyni framkvæmdastjóra, Vatnsstíg 11, Reykjavík, skiftaráðandanum í Reykjavík f. h. dánarbús foreldra hans, Guðmundar Sigurðssonar og Önnu Ásmundsdóttur, og systrum hans, Jófríði Guðmundsdóttur, Hjallavegi 27, Reykjavík, Guðrúnu Guðmundsdóttur, Austurstræti 16, Reykjavík, Rut Guðmundsdóttur, Sunnubraut 22, Akranesi, og Þórdísi Guðmundsdóttur, Vífilsstöðum, og loks Hafsteini Hjartarsyni, Snorrabraut 33 í Reykjavík f. h. ófjárráða sonar síns, Tómasar Reynis Hafsteinssonar, s. st.

Stefnandi telur, að er faðir hans, Guðmundur Sigurðsson, bóndi á Helgavatni, seldi 6/5 1945 jörðina Helgavatn stefndu Geirþrúði Bjarnadóttur, hafi þess eigi verið gætt, að jörðin var ættarjörð samkvæmt lögum um ættaróðöl og erfðaábúð, nr. 116 30/12 1943, og krefst hann, að sú sala á jörðinni og þær sölur á henni, er síðar hafa farið fram, verði ógiltar. Hefur hann lagt fram vottorð frá Þjóðskjalasafninu um, að ættmenn hans hafi búið óslitið á Helgavatni frá því árið 1832.

Hrl. Gústaf A. Sveinsson, umboðsmaður stefnanda, hefur í réttarhaldi í málinu 9/9 s.l. borið fram kröfu um, að hinn reglulegi dómari, Jón Steingrímsson sýslumaður, viki sæti í málinu. Rökstyður hann kröfu sína með því, að sýslumaðurinn hafi vanrækt að taka á skrá yfir ættarjarðir í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu jörðina Helgavatn. Enn fremur með því, að ef til vill verði honum stefnt sem vitni í málinu.

Samkvæmt afriti, er liggur við sýslumannsembættið, af skýrslu um ættaróðöl og ættarjarðir í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, er sýslumaður sendi Búnaðarfélagi Íslands 17/8 1945, er þetta skráð um Helgavatn: „Eigandi og ábúandi var Guðmundur Sigurðsson. Hafði ætt hans átt jörðina í full 100 ár. Vorið 1945 seldi Guðmundur jörðina konu Benedikts Gíslasonar frá Hofteigi, og tók Benedikt við ábúð á henni. Eigi mun við sölu þessa hafa verið gætt ákvæða um ættarjarðir."

Þar sem með þessu er hnekkt ummælum umboðsmannsins um vanrækslu dómarans á því að taka Helgavatn á skrá yfir ættarjarðir, og með því að hann hefur eigi sýnt fram á, hver nauðsyn er að leiða dómarann sem vitni í málinu, verður krafa hans um, að hinn reglulegi dómari víki sæti í málinu, eigi tekin til greina.

Því úrskurðast:
Krafan um, að hinn reglulegi dómari, Jón Steingrímsson, víki sæti í máli þessu, verður eigi tekin til greina.

Miðvikudaginn 14. desember 1955.

Nr. 11/1954. **Fjármálaráðherra og vegagerð ríkisins f. h. ríkissjóðs** (Benedikt Sigurjónsson)
gegn
Stefaníu Jóhannesdóttur f. h. sína og dóttur sinnar, Guðrúnar Hrannar Ólafsdóttur
(Sveinbjörn Jónsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Dánarbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. febrúar 1954. Krefst hann lækkunar á dómkröfum gagnáfrýjanda, að hver aðilja verði látinn bera kostnað sinn af málinu í héraði og gagnáfrýjendum dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu af sinni hálfu með stefnu 10. febrúar 1954. Krefjast þeir þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 194.829.03 eða aðra lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar auk 6% ársvaxta frá 15. júní 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt rökum þeim, er greinir í héraðsdómi, ber að staðfesta ákvæði hans um, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjendum tjón þeirra að hálfu.

Dánarbætur til gagnáfrýjanda Stefaníu og bætur fyrir röskun á stöðu hennar og högum þykja samkvæmt gögnum málsins hæfilega ákveðnar kr. 120.000.00, en frá þeirri fjárhæð dragast kr. 9076.50, sem gagnáfrýjandinn Stefanía hefur fengið í ekkjubætur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Bætur til dóttur Stefaníu, Guðrúnar Hrannar, fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu hennar og högum þykja eftir atvikum hæfilega ákveðnar kr. 25.000.00.

Þriðji kröfuliður gagnáfrýjanda, útfararkostnaður, kr. 4829.03, er viðurkenndur tölulega og verður því lagður til grundvallar.

Samkvæmt framanskráðu verður aðaláfrýjanda dæmt að greiða gagnáfrýjendum helming af kr. 110.923.50 + kr. 25.000.00 + kr. 4829.03, þ. e. kr. 70.376.27 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra og vegagerð ríkisins f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Stefaníu Jóhannesdóttur f. h. sína og dóttur sinnar, Guðrúnar Hrannar Ólafsdóttur, kr. 70.367.27 með 6% ársvöxtum frá 15. júní 1953 til greiðsludags og samtals kr. 15.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Akureyrar 13. nóvember 1953.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 6. þ. m., hefur stefnandi, Stefanía Jóhannesdóttir, húsfreyja, Garðshorni, Glæsibæjarhreppi, höfðað fyrir bæjarþinginu vegna sín og ólögráða dóttur sinnar, Guðrúnar Hrannar Ólafsdóttur, með stefnu, útgefinni 15. júní s.l., á hendur stefndu, vegamálastjóra f. h. vegagerðar ríkissjóðs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, og gerir þá kröfu, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða fébætur fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum, að upphæð kr. 194.829.93, vegna andláts Ólafs bónda Tómassonar að Garðshorni, sem fórst þann 5. september 1952 af slysförum. Hún krefst og 6% ársvaxta af upphæðinni frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaðar úr hendi stefndu eftir reikningi eða mati dómara.

Af hendi stefnda, vegamálastjóra f. h. vegagerðar ríkissjóðs, er krafizt lækkunar á kröfu stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður. Af hendi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er krafizt sýknu og málskostnaðar. Til vara er þess krafizt, að tjóninu verði skipt milli málsaðilja í hlutfalli við sök.

Stefnandi gerir þannig grein fyrir máli sínu: Þann 5. september 1952 varð Ólafur Tómasson, eiginmaður stefnanda Stefaníu og faðir Guðrúnar Hrannar, fyrir bifreiðinni A 710 á veginum í Kræki-

ingahlíð nálægt akbrautinni heim að Garðshorni og beið bana af. Bifreiðin A 710 var eign vegagerðar ríkissjóðs. Telur stefnandi, að vegagerðin sem eigandi bifreiðarinnar og ríkissjóður sem ábyrgur aðili fyrir öllum fjárskyldum vegagerðarinnar beri fulla bótaábyrgð á tjóni því og miska, er þær mæðgur, stefnandi Stefanía og Guðrún Hrönn, urðu fyrir við andlát Ólafs Tómassonar.

Stefndi vegamálastjóri f. h. vegagerðar ríkissjóðs byggir lækkunarkröfu sína á því, að Ólafur hafi sjálfur átt með ógætni sinni verulega sök á slysinu og því sé réttmætt, að tjóninu verði skipt, sbr. 3. mgr. 34. gr. laga nr. 23/1941. Einnig hafi ökumaður A 710 gert allt, sem í hans valdi stóð, til þess að forða slysi. Þá sé tjón stefnanda talið of hátt í stefnukröfunni og ekki nægilega rökstutt.

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, byggir sýknukröfu sína á því, að ríkissjóður sé ekki eigandi bifreiðarinnar A 710, heldur vegagerð ríkissjóðs. Beri því að sýkna ríkissjóð sökum aðildarskorts. Í annan stað er því mótmælt, að ökumaður A 710 hafi bakað eiganda bifreiðarinnar skaðabótaskyldu með háttsemi sinni. Einnig er kröfum stefnanda mótmælt sem of háum.

Slys það, er leiddi Ólaf Tómasson til bana, bar til með þeim hætti, að hann var að koma frá Akureyri í bifreið, en staðnæmdist á veginum í Kræklingahlíð í nánd við akbraut, er liggur heim að Garðshorni. Bifreiðin nam staðar á hægri vegarkanti. Fór Ólafur úr bifreiðinni hægra megin, gekk fram fyrir hana og skáhallt yfir veginn í stefnu að hliði, er var fyrir akbrautinni heim að Garðshorni og hann hugðist opna. Þegar hann var kominn nokkuð út á veginn, sem þarna var 7 m breiður, ók jeppabifreiðin A 710 framhjá, og varð árekstur milli Ólafs og bifreiðarinnar. Kastaðist Ólafur á veginn við áreksturinn og missti meðvitund. Var hann síðan fluttur á sjúkrahús á Akureyri og lézt þar næsta dag án þess að fá meðvitund aftur eftir slysið. Dánarorsök var talin höfuðkúpubrot og heilamar. Höfðað var mál af hendi ákæruvaldsins á hendur ökumanni A 710, og var hann dæmdur í 2500 króna sekt og sviptur ökuleyfi eitt ár fyrir að hafa orðið meðvaldur af gáleysi að slysi því, er hér ræðir um. Dómi þessum hefur ekki verið áfrýjað. Af rannsókn málsins verður ráðið, að ökumaður A 710 ók með 30—35 km hraða. Hann gaf ekki hljóðmerki, er hann ók framhjá bifreiðinni, er Ólafur hafði verið í, og hann veitti Ólafi ekki athygli, fyrr en örskammt var milli þeirra. Hann hemlaði strax og sveigði til vinstri, en áreksturinn varð á samri stund. Ólafur virðist hafa hlaupið við fót eða gengið hratt frá hægri hlið bifreiðarinnar, er hann hafði verið í, og stefnt skáhallt yfir veginn, án þess að gefa gætur að umferð ökutækja, og sýnist hafa lent á hægri hlið A 710 framarlega. Ökumaðurinn í bifreið Ólafs kallaði til hans og reyndi að gera honum aðvart um, að bifreiðin væri að koma, en hann heyrði það ekki eða veitti því ekki athygli. Af þessu er nægilega ljóst, að Ólafur hefur sjálfur átt hlut að því með ógætni sinni að slys varð

af. Hins vegar þykir einnig sýnt, að ökumaður A 710 hafi ekki viðhaft nægа varúð við akstur bifreiðarinnar, þar sem hann gaf ekki gætur að því, sem gerðist við kyrrstæða bifreiðina, og gaf ekki hljóðmerki, er hann nálgaðist hana. Virðist að athuguðum málavöxtum rétt, að sökinni verði skipt þannig, að sá aðili, sem bótaábyrgð ber á tjóni af völdum bifreiðarinnar, bæti helming þess.

Um sýknukröfu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna aðildarskorts er það að segja, að vegagerð ríkissjóðs, sem er eigandi bifreiðarinnar A 710, er ríkisstofnun, sem stjórnað er af til þess skipuðum embættismanni og annast brúa- og vegagerðir og viðhald þjóðvegakerfisins, allt fyrir fé, sem til þess er veitt úr ríkissjóði í fjárlögum ár hvert. Telst því ekki vafi á því, að ríkissjóður er ábyrgur fyrir öllum fjárskuldbindingum vegagerðarinnar og skaðabótaverkum samkvæmt almennum reglum. Sýknuástæða þessi verður því ekki tekin til greina. Sýknukrafa fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, sem byggð er á því, að ökumaður A 710 hafi ekki bakað bifreiðareiganda bótaskyldu, kemur ekki til álita, sbr. 46. gr. laga nr. 85/1936 og það, sem að framan greinir. Samkvæmt þessu ber að dæma stefndu annan fyrir báða og báða fyrir annan til þess að bæta tjón stefnanda að helmingi.

Stefnandi sundurliðar bótakröfu sína þannig:

1.	Krafa Stefaníu Jóhannesdóttur, dánarbætur og bætur fyrir röskun á högum og stöðu	kr. 160.000.00
2.	Krafa Guðrúnar Hrannar, bætur fyrir missi framfæranda og fyrir röskun á stöðu og högum	— 30.000.00
3.	Útfararkostnaður	— 4.829.03
		Alls kr. 194.829.03

Tryggingafræðingur hefur reiknað út með líkindatölum, hvað telja megi hæfilegar bætur til stefnanda fyrir missi fyrirvinnu og framfæranda, og eru reikningar hans byggðir á skattframtölum Ólafs heitins Tómassonar nokkur síðustu árin. Telur hann lágmarksbætur til stefnanda Stefaníu kr. 145.094.00, og eru þá ekki taldar með áætlaðar tekjur, er farið hefðu til framfærslu barns hennar. Upphæðin er miðuð við slysdag, en ekki tekið tillit til opinberra gjalda. Að viðbættum 4% ársvöxtum til útgáfudags stefnu nemur upphæðin sem næst kr. 149.400.00. Til viðbótar þeirri upphæð krefst stefnandi kr. 10.600.00 í bætur fyrir röskun á stöðu og högum, sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga. Ólafur heitinn Tómasson var 51 árs að aldri, er hann lézt, en stefnandi 4 árum yngri.

Með hliðsjón af mati tryggingafræðingsins og með tilliti til þess, að dæmdar bætur verða ekki taldar stefnanda tekjur við álagning tekjuskatts og útsvars, þykir tjón samkvæmt 1. lið stefnukröfunnar hæfilega metið kr. 140.000.00. Þar frá ber að draga bætur, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt, kr. 9078.00, enda er ekki

um endurkröfurétt á því fé að ræða, þar eð stefndu í máli þessu eiga ekki hugræna sök á tjóninu.

Tryggingafræðingurinn telur lágmarksbætur til Guðrúnar Hrannar kr. 18.400.00 miðað við slysdag, og er sú upphæð miðuð við meðlag það, sem feðrum óskilgetinna barna er gert að greiða þeim til 16 ára aldurs, en Guðrún Hrönn var 7 ára, er faðir hennar lézt. Tryggingafræðingurinn telur, að til greina geti komið hærri upphæð fyrir hvert ár og auk þess gæti verið, að telpan hefði getað vænzt einhvers stuðnings frá föður sínum eftir 16 ára aldur, t. d. vegna skólagöngu. Með hliðsjón af þessu krefzt stefnandi kr. 24.000.00 dánarbóta henni til handa og auk þess 6000 kr. bóta fyrir röskun á stöðu og högum. Samkvæmt lögum nýtur hún barnalífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, frá því að faðir hennar lézt og til 16 ára aldurs. Með vísun til þessa og með hliðsjón af öðrum atvikum, er til greina koma, telst fjártjón hennar fyrir missi framfæranda og röskun á stöðu og högum hæfilega metin kr. 18.000.00.

Upphæð 3. liðs stefnukröfunnar hefur ekki sætt andmælum og verður lögð til grundvallar í málinu.

Málalok verða samkvæmt þessu þau, að tjón stefnanda telst hafa numið kr. 130.922.00, kr. 18.000.00 og kr. 4829.03, eða samtals kr. 153.751.03. Verða stefndu dæmdir in solidum til að greiða helming þeirrar upphæðar, kr. 76.875.52, ásamt vöxtum eins og krafizt er í stefnu og kr. 8500.00 í málskostnað.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, vegamálastjóri f. h. vegagerðar ríkissjóðs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði in solidum stefnanda, Stefaníu Jóhannesdóttur, hennar vegna og ólögráða dóttur hennar, Guðrúnar Hrannar Ólafsdóttur, kr. 76.875.52 auk 6% ársvaxta frá 15. júní 1953 til greiðsludags og kr. 8500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. desember 1955.

Nr. 67/1955. **Elín Jónsdóttir** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn
Skipaútgerð ríkisins (Ingólfur Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Dánarbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1955. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 164.785.00 eða lægri fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum af kr. 264.785.00 frá 17. september 1948 til 14. maí 1952, af kr. 258.785.00 frá 14. maí 1952 til 4. júní 1952, af kr. 252.785.00 frá 4. júní 1952 til 20. febrúar 1954 og af kr. 164.785.00 frá 20. febrúar 1954 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og hvorum aðilja verði dæmt að bera kostnað sinn af málinu hér fyrir dómi.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu hér fyrir dómi.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 31. marz 1955.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., hefur Elín Jónsdóttir, Ránargötu 12, hér í bæ, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, útgefinni 27. febrúar 1954, gegn Skipaútgerð ríkisins, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 164.785.00, auk 6% ársvaxta af kr. 264.785.00 frá 17. september 1948 til 14. maí 1952,

6% ársvaxta af kr. 258.785.00 frá þeim degi til 4. júní s. á., 6% ársvaxta af kr. 252.785.00 frá þeim degi til 20. febrúar 1954 og 6% ársvaxta af kr. 164.785.00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnda hefur *aðallega* krafizt sýknu af kröfum stefnandi, þar sem heildarbætur til hennar geti ekki verið hærri en kr. 45.000.00, en hún hafi þegar fengið greidda hærri fjárhæð. Þá hefur stefnda krafizt málskostnaðar úr hendi stefnandi að mati dómarans. Hefur stefnda í þessu sambandi áskilið sér rétt til að endurkrefja stefnandi um það, sem henni kynni að hafa verið ofgreitt. *Til vara* hefur stefnda krafizt lækkunar á kröfum stefnandi og að málskostnaður verði látinn niður falla eða fari að mati dómarans.

Málsatvik eru þau, að þann 17. september 1948 varð sprenging í olíuflutningaskipinu Þyrli, eign stefnda, þar sem það lá í Hvalfirði. Við sprengingu þessa fórust þrír menn, og var einn þeirra Jón Bjarnason, eiginmaður stefnandi, en hann var háseti á skipinu.

Stefnda hefur í þessu máli ekki andmælt fébótaskyldu sinni á tjóni því, sem orðið hafi af slysi þessu, og er hér einungis deilt um bótafjárhæð.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1. Dánarbætur ..... kr. 223.785.00
2. Bætur fyrir röskun á stöðu og högum ..... — 50.000.00

Kr. 273.785.00

Frá þessari fjárhæð telur stefnandi að draga beri kr. 9000.00, er hún hafi fengið greitt frá Tryggingastofnun ríkisins skömmu eftir slysið, kr. 6000.00, er stefnda hafi greitt 14. maí 1952, kr. 6000.00, er stefnda hafi greitt 4. júní s. á., og kr. 88.000.00, er stefnda hafi greitt 20. febrúar 1954. Kemur þannig fram stefnukrafa hennar, kr. 164.785.00.

Um 1. Stefnandi var 45 ára að aldri, er slysið varð, en eiginmaður hennar, Jón Bjarnason, var þá 48 ára að aldri. Þau áttu ekki börn. Stefnandi hefur fengið sérfróðan mann um tryggingarmál til að reikna út tjón það, sem hún hafi beðið af fráfalli manns hennar. Í reikningum sínum hefur hinn sérfróði maður lagt til grundvallar tekjur Jóns heitins næstu árin fyrir slysið og haft hliðsjón af þeim kaupgjaldsbreytingum, sem síðan hafa orðið. Hefur hann talið, að stefnandi hefði borið helmingur verðmætis tekna Jóns heitins og reiknað tjón hennar samkvæmt því, miðað við 4% ársvexti og dánarlíkur samkvæmt íslenzkri reynslu. Samkvæmt þessu telur hann, að heildarverðmæti tjóns stefnandi nemi kr. 223.785.00. Hefur stefnandi lagt þetta til grundvallar í málinu.

Stefnda hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum og bent á, að í útreikningum tryggingarfræðingsins sé ekki reiknað með neinu atvinnuleysi og ekki heldur með því, að ætla megi, að tekjur manna rýrni, þegar aldur færist yfir þá. Þá sé þar ekki tekið neitt

tillit til opinberra gjalda, sem Jón heitinn mundi hafa orðið að greiða, ef hann hefði lifað.

Samkvæmt skattaframtölum Jóns heitins námu vinnutekjur hans árið 1945 kr. 37.761.00, árið 1946 kr. 18.987.00 og árið 1947 kr. 24.270.00. Hann virðist hafa stundað sjómennsku, og ekki er annað fram komið en að hann hafi verið heilsuhraustur.

Þegar það hefur verið virt, sem hér að framan hefur verið rakið, svo og annað það, er hér skiptir máli, þykir hæfilegt að meta tjón stefnandi samkvæmt þessum lið kr. 100.000.00, og er þá hliðsjón af því höfð, að ársvextir nú munu vera almennt hærri en 4%.

Um 2. Stefnda hefur mótmælt þessum lið sem allt of háum. Hér að framan hefur verið lýst högum stefnandi og öðru því, er hér skiptir máli. Þegar það allt er virt, þykir hæfilegt að taka kröfu þessa til greina með kr. 20.000.00.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnandi, það er hér skiptir máli, nema alls kr. 120.000.00. Frá þessari upphæð ber að draga þær kr. 109.000.00, sem stefnandi hefur þegar fengið greiddar, og ber stefnda því að greiða stefnandi alls kr. 11.000.00.

Að því er vexti varðar, þá þykir verða að dæma stefnda til að greiða stefnandi 6% ársvexti af kr. 111.000.00 frá 17. september 1948 til 14. maí 1952, 6% ársvexti af kr. 105.000.00 frá þeim degi til 4. júní s. á., 6% ársvexti af kr. 99.000.00 frá þeim degi til 20. febrúar 1954 og 6% ársvexti af kr. 11.000.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Að því er málskostnað varðar, þá hefur stefnandi krafizt þess, að við ákvörðun hans verði hliðsjón af því höfð, að stefnda hafi ekki greitt neitt til stefnandi, fyrr en eftir að málið hafi verið afhent lögmanni til innheimtu.

Með vísan til þessa og úrslita málsins þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn kr. 8000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnunum Jónasi Jónassyni skipstjóra og Þorsteini Loftssyni vélfræðiráðunaut.

Dómsorð:

Stefnda, Skipaútgerð ríkisins, greiði stefnandi, Elínu Jónsdóttur, kr. 11.000.00 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 111.000.00 frá 17. september 1948 til 14. maí 1952, 6% ársvöxtum af kr. 105.000.00 frá þeim degi til 4. júní s. á., 6% ársvöxtum af kr. 99.000.00 frá þeim degi til 20. febrúar 1954, og 6% ársvöxtum af kr. 11.000.00 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 8000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. desember 1955.

Nr. 196/1954. **Gunnar Steingrímsson** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn
Herði Runólfssyni (Magnús Thorlacius)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Húsaleiga.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. desember 1954 og krafizt þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 22.000.00 með 6% ársvöxtum frá 21. janúar 1953 til greiðsludags og að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda. Aðaláfrýjandi krefst og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 23. desember 1954 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum aðaláfrýjanda, en aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 28.290.00 með 6% ársvöxtum frá 16. júní 1952 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi hefur eigi leitt sönnur að því, að hann hafi flutzt burt úr hinu leigða húsnæði að beiðni gagnáfrýjanda. Staðhæfing aðaláfrýjanda hér fyrir dómi, að gagnáfrýjandi hafi vanefnt leigumálann, er of seint fram komin og verður þegar af þeirri ástæðu eigi tekin til greina. Samkvæmt þessu á gagnáfrýjandi rétt til efndabóta úr hendi aðaláfrýjanda.

Samkvæmt leigumála var leigan fyrir leigutímabilið 1/6 1951—1/6 1956 kr.1000.00 á mánuði og því alls ..... kr. 60.000.00

1. Aðaláfrýjandi greiddi við undirritun leigumála ..... kr. 30.000.00
2. Gagnáfrýjandi nýtir húsnæðið frá 14/5 1952—1/6 1956,

og metur húsaleigunefnd leigu eftir það kr. 600.00 á mánuði. Þessi leiga í 48½ mánuð kemur til frádráttar kröfum gagnáfrýjanda, þ. e. ..... — 29.100.00

— 59.100.00

Mismunur kr. 900.00

sem ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda ásamt 6% ársvöxtum frá 17. marz 1953 til greiðsludags.

Samkvæmt þessu er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 4000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Gunnar Steingrímsson, greiði gagnáfrýjanda, Herði Runólfssyni, kr. 900.00 með 6% ársvöxtum frá 17. marz 1953 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. nóvember 1954.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., hefur Gunnar Steingrímsson, Hlíðarvegi 35, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu að undangenginni árangurslausri sáttatilraun með stefnu, útgefinni 21. janúar 1953, gegn Herði Runólfssyni, Hólsvegi 16, hér í bæ, til greiðslu á kr. 22.000.00 með 6% ársvöxtum frá 15. júní 1951 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda í aðalsök og málskostnaðar eftir mati dómarans.

Með stefnu, útgefinni 17. marz 1953, höfðaði aðalstefndi gagnsök gegn aðalstefnanda og gerir þær dómkröfur í gagnsök, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 29.445.23 með 6% ársvöxtum frá 16. júní 1952 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu af kröfum gagnstefnanda í gagnsök og málskostnaðar eftir mati dómarans.

Málsatvik eru þessi:

Með samningi, dags. 15. júní 1951, tók aðalstefndi í máli þessu á

leigu af gagnstefnanda verzlunarhúsnæði í kjallara hússins nr. 16 við Hólsveg, hér í bæ, í því skyni að reka þar m. a. kjötverzlun. Var svo um samið, að leigutíminn skyldi vera fimm ár, frá 1. júní 1951 til 1. júní 1956. Leiga fyrir húsnæðið var ákveðin kr. 1000.00 á mánuði, eða kr. 60.000.00 fyrir allt leigutímabilið. Leigan skyldi greidd þannig, að við undirskrift samningsins voru greiddar kr. 30.000.00, sem var fyrirframgreiðsla fyrir hálfan leigutímann, eða tvö og hálft ár, en að þeim tíma liðnum skyldi leigan greidd mánaðarlega, kr. 1000.00 á mánuði hverjum út leigutímann. Hinn 1. febrúar 1952 rýmdi aðalstefnandi húsnæðið og flutti burt.

Hefur aðalstefnandi skýrt svo frá, að í janúar 1952 hafi orðið að samkomulagi með honum og gagnstefnanda að slíta leigumálanum frá 1. febrúar s. á. að telja, þar sem gagnstefnandi hafi um þær mundir haft í huga að selja húsnæðið. Skyldi hann rýma húsnæðið fyrir 1. febrúar s. á., enda hafi gagnstefnandi skuldbundið sig til að endurgreiða þær kr. 22.000.00, sem þá stóðu eftir af hinni fyrirframgreiddu leigu, um leið og hann, þ. e. aðalstefnandi, skilaði lyklum að húsnæðinu, er hann flutti burt. Gagnstefnandi hafi hvorki þá né síðar minnzt á það, að hann, þ. e. aðalstefnandi, tæki þátt í kostnaði við breytingar á húsnæðinu, er gagnstefnandi hafi þá byrjað framkvæmdir á. En hins vegar hafi gagnstefnandi sett þá kröfu fram síðar, er aðalstefnandi byrjaði að krefja hann um endurgreiðslu hinnar ofgreiddu leigu. Enn fremur hefur aðalstefnandi skýrt svo frá, að haustið 1951 hafi hann farið þess á leit við gagnstefnanda, að hann leyfði honum að framleigja nokkuð af verzlunarhúsnæðinu Sigvalda nokkrum Þorsteinssyni bóksala, sem nú er látinn. Kveðst hann hafa farið þess á leit vegna þess, að verzlunin, sem fram til þessa hafði gengið vel, hafi rýrnað mjög, eftir að honum þá um haustið hafði af borgarlækni verið bannað að reka kjötverzlun í húsnæðinu, nema tilteknar umbætur væru á því gerðar, en þann kostnað, sem því mundi óhjákvæmilega hafa orðið samfara, hafi gagnstefnandi ekki treyst sér til að leggja í. Neitaði gagnstefnandi um leyfi til að framleigja húsnæðið.

Gagnstefnandi hefur hins vegar skýrt svo frá, að hann hafi aldrei farið þess á leit við aðalstefnanda, að hann rýmdi húsnæðið vegna væntanlegrar sölu á því, enda hafi sér þá fyrst komið til hugar að selja húsnæðið, er aðalstefnandi var fluttur úr því. Enn fremur hefur gagnstefnandi skýrt svo frá, að engin fyrirstaða hafi verið á því af sinni hálfu, að endurbætur þær á húsnæðinu, er heilbrigðisyfirvöldin gerðu að skilyrði fyrir rekstri kjötverzlunar í því, yrðu gerðar. Hins vegar hafi aðalstefnandi haft lítinn hug á þeim endurbótum, er hér var komið. Gagnstefnandi heldur því fram, að hann hafi einungis tekið við öðrum lyklanna að húsnæðinu, er aðalstefnandi fluttist burt 1. febrúar, en hinum lyklinum hafi aðalstefnandi haldið áfram. Kveðst gagnstefnandi einungis hafa tekið við lyklin-

um til að geta sýnt væntanlegum kaupendum húsnæðið. Gagnstefnandi kveðst ekki hafa byrjað að framkvæma neinar breytingar á húsnæðinu fyrr en um páska vorið 1952.

Aðalsök:

Í aðalsök hefur aðalstefnandi byggt dómkröfur sínar á því, að brottflutningur hans úr húsnæðinu hafi einungis átt sér stað fyrir þrábeiðni aðalstefnda og í þágu hans.

Aðalstefndi hefur hins vegar byggt sýknukröfu sína í aðalsök á því, að um ólöglega riftun leigumálans hafi verið að ræða af hálfu aðalstefnanda, þar sem hann hafi flutt burt úr húsnæðinu algerlega að tilefnislausu, þegar einungis tæpt ár var liðið af hinum umsamda leigutíma.

Gegn eindregnum andmælum aðalstefnda verður að telja ósannað, að aðalstefnandi hafi flutzt úr húsnæðinu að beiðni hans. Aðalstefnandi hefur því með þessu atferli sínu rofið leigumálann á ólögmætan hátt. Enn fremur verður að telja, að sú staðhæfing aðalstefnanda, að aðalstefndi hafi tekið húsnæðið til sinna nota þegar 1. febrúar 1952, sé ósönnuð, þar sem aðalstefndi hefur eindregið fullyrt, að það hafi ekki orðið fyrr en um páska þá um vorið, eða nánar tiltekið um miðjan apríl.

Með tilliti til alls þessa verður að telja, að aðalstefnanda beri að greiða fulla leigu fyrir tímabilið frá 1. febrúar 1952—15. apríl s. á., og kemur sú upphæð til frádráttar stefnukröfunni, kr. 22.000.00, þannig að eftir verða kr. 20.500.00 (svo).

Lyktir aðalsakar verða því þær, að aðalstefnda verður gert að endurgreiða aðalstefnanda kr. 20.500.00 af hinni fyrirfram greiddu leigu ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 2050.00.

Gagnsök.

Dómkröfur sínar í gagnsök styðja báðir aðiljar sömu rökum og kröfur sínar í aðalsök. Gagnstefnandi skírskotar til þess, að um samningsrof sé að ræða hjá gagnstefnda og beri honum því að bæta sér allt það tjón, er af því hafi leitt fyrir hann.

Gagnstefndi heldur því hins vegar fram, að hafi gagnstefnandi orðið fyrir tjóni vegna samningsslitanna, er þeir hafi komið sér saman um, verði hann að bera það tjón sjálfur.

Eins og þegar er rakið hér að framan, verður að telja, að um ólögmæt samningsrof sé að ræða hjá gagnstefnda. En af því leiðir, að honum ber að bæta gagnstefnanda allt það tjón, sem sannað má telja, að hann hafi beðið af þessum sökum.

Er þá næst að athuga nánar dómkröfur gagnstefnanda. Hann lét dómkveðja tvo sérfróða menn til að meta það tjón, sem hann taldi sig hafa beðið, og byggir hann dómkröfur sínar í gagnsök m. a.

á því mati auk matsgerðar húsaleigunefndar á því, hvað telja beri hæfilega leigu fyrir húsnæðið, eftir að því var breytt í íbúðarhúsnæði.

Gagnstefnandi sundurliðar kröfur sínar í gagnsök í stórum dráttum þannig:

1. Húsaleiga 1/6 1951—14/5 1952, kr. 1000.00 á mánuði. Hér frá dregst fyrirfram greidda leigan fyrir tímabilið 1/6 1951—1/2 1952 svo og leiga fyrir tímabilið 1/2 1952—15/4 1952, sem tekin var til greina í aðalsök. Eftir stendur þá samkvæmt þessum lið leiga fyrir tímabilið 15/4—15/5 1952 ..... kr. 1.000.00
2. Leigutjón 14/5 1952—1/6 1956, kr. 400.00 á mánuði, eða samtals ..... — 19.200.00
3. Kostnaður við að koma húsnæðinu í það ástand, er það var í, er gagnstefnandi tók við því ..... — 15.797.00
4. Kostnaður við að breyta húsnæðinu úr verzlunarhúsnæði í íbúð ..... — 11.693.00
5. Hitunarkostnaður 1/6 1951—15/4 1952 ..... — 1.155.23

Um 1. og 2.

Sannað er með yfirlýsingu gagnstefnanda sjálfs fyrir dóminum, að hann hófst handa um breytingar á húsnæðinu í sína þágu um miðjan apríl 1952.

Fallizt verður á það með gagnstefnanda, að hann eigi rétt á bótum samkvæmt þessum liðum, en þó þykir ekki fært að taka þá til greina að öllu leyti, enda verður ekki talið, að sannað sé eða sennilegt gert, að gagnstefnandi hafi beðið allt það tjón, er þar er krafizt bóta á. Að þessu athuguðu og með hliðsjón af því, að ósannað er, að gagnstefnandi hafi gert ákveðnar tilraunir til að leigja húsnæðið óbreytt, eftir að aðalstefnandi flutti úr því, þykir eftir öllum atvikum rétt, að liðir þessir verði teknir til greina með kr. 10.000.00.

Um 3.

Ekki verður fallizt á það með gagnstefnanda, að gagnstefnda beri að greiða kostnað við að koma húsnæðinu í það horf, sem það var í, er gagnstefndi tók við því. Þessi liður, sem mótmælt hefur verið, verður því ekki tekinn til greina.

Um 4.

Um þenna lið er sama að segja og næsta lið á undan. Telja verður, að gagnstefnandi eigi sjálfur að bera kostnað af breytingum á húsnæðinu í íbúðarhúsnæði. Þessi liður, sem mótmælt hefur verið, verður því ekki tekinn til greina.

Um 5.

Gagnstefndi hefur lagt fram kvittaða reikninga fyrir greiðslu

á hitunarkostnaði, samtals að upphæð kr. 632.11, en auk þess hefur gagnstefnandi viðurkennt, að gagnstefndi hafi greitt fyrir hita kr. 300.00, sem ekki er til kvittun fyrir. Sannað er því, að samtals hefur gagnstefndi greitt upp í þenna lið kr. 932.11. Og þar sem gagnstefnandi hefur ekki fært nægjanleg rök að því, að gagnstefnda beri að greiða hærri upphæð samkvæmt þessum lið, verður þessi liður, sem mótmælt hefur verið, ekki tekinn til greina.

Með vísan til alls þessa, er að framan er rakið, verður gagnstefnda gert að greiða gagnstefnanda skaðabætur, að fjárhæð kr. 10.000.00 ásamt 6% ársvöxtum af þeirri upphæð frá gagnstefnudegi til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1250.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði aðalstefndi, Hörður Runólfsson, aðalstefnanda, Gunnari Steingrímssyni, kr. 20.500.00 með 6% ársvöxtum frá 21. janúar 1953 til greiðsludags og kr. 2500.00 í málskostnað.

Í gagnsök greiði gagnstefndi, Gunnar Steingrímsson, gagnstefnda, Herði Runólfssyni, skaðabætur, að fjárhæð kr. 10.000.00 ásamt 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 17. marz 1953 til greiðsludags og kr. 1250.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. desember 1955.

Nr. 161/1955. **Vilhjálmur Ingólfsson**
gegn
Sigurði Berndsen og til réttargæzlu
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs,
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs,
Herði Ólafssyni hdl.,
Byggingafélaginu Stoð h/f,
Byggingarsamvinnufélagi starfsmanna
Strætisvagna Reykjavíkur og
Borgarfógetanum í Reykjavík, Kristjáni
Kristjánssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Vilhjálmur Ingólfsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 19. desember 1955.

Nr. 161/1955. **Ásbjörn Magnússon**
gegn
Dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ásbjörn Magnússon, er eigi sækir dómþing í

máli þessu, greiði kr. 200 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 19. desember 1955.

Nr. 150/1955. **Málmiðjan h/f**
gegn
Ásmundi Guðmundssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Málmiðjan h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 200 kr. útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Ásmundi Guðmundssyni, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 150.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. desember 1955.

Nr. 138/1955. **Sigurður A. Jónsson f. h. Vörumarkaðarins h/f**
gegn
Erl. Blandon & Co.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigurður A. Jónsson f. h. Vörumarkaðarins h.f., er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 19. desember 1955.

Nr. 152/1955. **Málmiðjan h/f,**
Magnús Helgason og
Ewald Berndsen
gegn
Ásmundi Guðmundssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Málmiðjan h/f, Magnús Helgason og Ewald Berndsen, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.